

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

12. bindi

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698-1720

MÁR JÓNSSON og SKÚLI S. ÓLAFSSON

tóku saman



REYKJAVÍK 2006
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 12

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698-1720

MÁR JÓNSSON og SKÚLI S. ÓLAFSSON
tóku saman

REYKJAVÍK 2006

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Pröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846-1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sálnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar 1639-1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2006

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentumsjón: Prentsmiðjan Hjá OSS

Bókband: Bókavirkið ehf.

ISBN 9979-54-701-4

Efnisyfirlit

Formáli	15
Inngangur	17
Jón Vídalín.....	18
Prestastefnur og dómar	22
Handrit og frágangur texta	38
Ritaskrá	45
 Prestastefnur Jóns biskups Vídalíns	 49
 <i>Anno</i> 1698 á Þingvelli	
Lestur konungsbréfs	51
Barngetnaður séra Sigurðar Eyjólfssonar og Þórunnar Bjarnadóttur fyrir en heilögu hjónabandi heyrir	51
Hjónaskilnaður sökum hórdómsbrots Þorbjarnar Einarssonar	51
Upphaldi séra Péturs Ámundasonar	52
Hjónaskilnaður sökum hórdómsbrots Halldórs Sumarliðasonar ...	53
Margrét Árnadóttir vænist Eggert Sæmundssyni til legorðsverknaðar	53
Aflausn Guðmundar Guðmundssonar fyrir smánaryrði við yfivaldið	54
Hjónaskilnaður sökum hórdómsbrots Ingileifar Bjarnadóttur	55
Misklíð Gísla Einarssonar og séra Halldórs Eiríkssonar um prestsskyldur	55
Fyrirspurn séra Odds Eyjólfssonar um Borgarkirkju undir Eyjafjöllum, afhendingu Kálfhóltsstaðar og hneykslunarbreytni í söfnuðum	55
 <i>Anno</i> 1699 á Þingvelli.....	 57
Lestur konungsbréfa	57
Málsvörn Eggerts Sæmundssonar og aflausn Margrétar Árnadóttur	57
Röng <i>sacramentis</i> meðhöndlun séra Jóns Torfasonar.....	58

Aflausn Þóru Þorleifsdóttur sem eignaðist barn framhjá manni sínum	63
Nauðþurftir séra Péturs Ámundasonar	63
<i>Anno 1699 á Breiðabólstað í Fljótshlíð</i>	
Enn um ranga <i>sacramentis</i> meðhöndlun séra Jóns Torfasonar	64
Hónaskilnaður sökum hórdómsbrots Filippusar Jónssonar	68
Hjónaskilnaður sökum hórdómsbrots Magnúsar Þórðarsonar	68
Hjónaskilnaður Jóns Péturssonar og Margrétar Hallsdóttur	68
<i>Anno 1700 að Þingvelli</i>	
Lestur konungsbréfa	69
Misgrunuð feðrun á barni Vilborgar Guðmundsdóttur	70
Greiðsla fyrir hús sem vantar á Vindási í Kjós	73
Leigur eftir kúgildi Reykhólakirkju	73
Efnabrestur séra Péturs Ámundasonar	73
<i>Anno 1701 að Þingvelli</i>	
Lestur konungsbréfa	74
Óskikkanleg hegðun séra Gissurar Bjarnasonar	75
Sóknargjöld til kirkjunnar í Innri-Njarðvík og þjónusta við sóknarmenn	81
Hórdómur Þóru Þorleifsdóttur með Arnþóri Tómassyni	83
Kirkjulömb í Grunnavík	83
Heilsubrestur séra Ketils Halldórssonar	83
Vanefni og þörf séra Ásgeirs Einarssonar	84
Uppheldi séra Péturs Ámundasonar	84
Óvirðingarorð Sigurðar Magnússonar við kennimenn	85
<i>Anno 1702 að Þingvelli</i>	
Lesin tilskipun um bænadaga	86
Egtaskaparefni Jóns Snorrasonar og Guðrúnar Guðmundsdóttur ...	86
Preststíundir búðsetu- og lausamanna í Helgafells og Bjarnarhafna kirkjusóknum	86
Fiskatíundir af trosfiski í Vestmannaeyjum	87
Brotaviður og annað sem tilféll Reynivallakirkju	88
Kirkjukúgildi að Hvammi í Kjós	88
Uppheldi séra Péturs Ámundasonar	88
Vanefni og þörf séra Ketils Halldórssonar	89

<i>Anno 1703 að Þingvelli</i>	
Ágreiningur um afhendingu á Breiðabólstað í Fljótshlíð	90
Nauðsynjar séra Magnúsar Þorvarðssonar	91
Séra Stefán Hallkelsson pantsetur skip í eigu Staðarkirkju í Grindavík	91
Biskup og amtmann greinir á um aðild hins síðarnefnda að dómum Saurlifnaðarverk Dýrfinnu Magnúsdóttur og Tómasar Helgasonar	95 96
<i>Anno 1704 að Þingvelli</i>	
Enn um saurlifnaðarverk Dýrfinnu Magnúsdóttur og Tómasar Helgasonar	97
Tillag séra Árna Ketilssonar af kirkjum á Austfjörðum	100
Nauðsynjar séra Péturs Ámundasonar	100
Uppheldi séra Magnúsar Þorvarðssonar	100
<i>Anno 1705 að Þingvelli</i>	
Tilskipun um leiguliða og landsdrottna	101
Konungsbréf um tillag kirkna til fátækra presta	102
Misverknaður séra Gunnars Pálssonar á móti Þorvaldi Lafrantssyni	104
<i>Anno 1706 að Þingvelli</i>	
Lagaþræta séra Benedikts Jónssonar og séra Sigurðar Högnasonar prófasts	105
Ákæra séra Benedikts	105
Andsvar séra Sigurðar	106
<i>Anno 1707 að Þingvelli</i>	
Lestur konungsbréfa	108
Forföll séra Eiríks Árnasonar og séra Eiríks Sölvasonar	108
<i>Anno 1708 að Þingvelli</i>	
Konungsbréf um séra Ólaf Eiríksson	110
Póstar úr skipunarbréfi Odds Sigurðssonar sem fulltrúa stiftamtmanns	111
Enn um forföll séra Eiríks Árnasonar og séra Eiríks Sölvasonar ...	111
Um mállega kirkjunnar að Snóksdal	112
Fjarvistir presta sem eiga að koma til prestastefnu á Þingvöllum ...	113
Fyrirspurn fulltrúa stiftamtmanns um landsins tilstand eftir Stórubólu ¹¹³	
Umboð stiftamtmanns og amtmanns til fulltrúa sinna á Íslandi	114
Póstar úr skipunarbréfi Páls Beyers sem fulltrúa amtmanns	114

<i>Anno 1709 að Þingvelli</i>	
Vandræðamaðurinn Sigurður Gottskálksson úr Vestmannaeyjum ...	115
Ólögleg greftrun í Kollsvík í Rauðasandshreppi	116
Trúlofunarmál séra Runólfs Hendrikssonar og Guðríðar Eyjólfsdóttur	117
Neitun séra Halldórs Pálssonar að veita Jóni Ólafssyni	
heimuglega aflausn	119
Legkaup eftir kristinrétti	121
Uppgefnir prestar njóti uppheldis af kirkjum í öðrum fjórðungi ...	121
Deila séra Eiríks Sölvasonar og séra Eiríks Árnasonar	121
Fjarvistir presta sem eiga að koma til prestastefnu.....	122
Fyrirspurn fulltrúa stiftamtmanns um tilstand kennimanna	122
Bréf fulltrúa stiftamtmanns og amtmanns um vanrækslu prófaste	
í hjúskaparmálum	122
 <i>Anno 1710 að Þingvelli</i>	
Hórdómur Þórðar Þorkelssonar og Valgerðar Þormóðsdóttur	124
Samningur um preststekjur af hálfri Stokkseyri	125
Hjónaskilnaður Jóns Péturssonar og Helgu Jónsdóttur	126
Enn um greftrun í Kollsvík	127
Hórdómur Helgu Skeggjadóttur framhjá Eiríki Péturssyni	127
Barnsfaðernislýsing Þuríðar Magnúsdóttur uppá Jón Sigvaldason	128
Hjónaskilnaður Péturs Þorsteinssonar og Hallfríðar Björnsdóttur ...	129
Forföll séra Halldórs Pálssonar að koma til Þingvalla	129
Trúlofunarmál séra Runólfs Hendrikssonar og Guðríðar Eyjólfsdóttur	130
Ágreiningur um reka fyrir Melslandi í Staðarsveit.....	130
Um vínbrest vegna stopulla skipasiglinga frá Danmörku	131
Tilmæli biskups um fyrirbætur vegna ófriðar.....	132
Lesnar tilskipanir konungs um barnalærdóm og líferni presta	132
Þriðja hórdómsbrot Sigurðar Þorvaldssonar	132
Málsvörn prófaste gegn fullyrðingum fulltrúanna árið áður	133
Svar Odds Sigurðssonar	134
 <i>Anno 1711 að Þingvöllum</i>	
Aðgjörðir séra Ólafs Péturssonar í kennimannlegu embætti	135
Kirkjugarðsröskun og uppgröftur mannabeina í Staðarhólskirkjugarði	136
Séra Vigfús Jóhannsson útdeilir vínið fyrir en brauðið	137
Þrjóska og vanrækt Gísla Ólafssonar á sínum sálhjálparefnum ...	141
Preststekjur af hálfri Stokkseyri	141
Óskikkanlegt bréf séra Halldórs Pálssonar til Jóns Ólafssonar	142

Drykkjuskapur og óskikkanlegt framferði séra Halldórs Pálssonar	144
Hjónabandsmál Jóns Stefánssonar og Þóru Markúsdóttur	144
Póstur úr bréfi stiftamtamanns til fulltrúa síns Odds Sigurðssonar ...	145
Fyrirspurn Odds um tilstandið í landinu	145
Svar séra Þórðar Jónssonar við ásökunum fulltrúanna	
um vanrækslu prófata	146
Trúlofunarmál séra Runólfs Hendrikssonar og Guðríðar Eyjólfsdóttur	147

Anno 1712 að Þingvelli

Barnsfaðernislýsing Þorbjargar Árnadóttur uppá séra Þórð Gíslason	
og kristileg fríheit Ingjalds Steinssonar	154
Barnsfaðernislýsing Jódísar Jónsdóttur uppá séra Þórð Gíslason	
og játning Sigurðar Þórissonar	156
Trúlofunarmál Jóhanns Mátssonar og Gunnhildar Andrésdóttur ...	160
Óforsvaranlegt framferði séra Snorra Jónssonar	162
Kristín Ásmundsdóttur kona séra Jóns Gíslasonar elur barn fjórum	
mánuðum og einum degi eftir festingu	165
Preststekjur af Stokkseyri	165
Vítaverð embættisfærsla séra Jóns Sigmundssonar	166
Vanræksla þriggja presta sem færðust undan því að dæma í máli	
séra Jóns Sigmundssonar	168
Enn um uppgröft beina að Staðarhóli	172
Ítrekuð forföll séra Halldórs Pálssonar	172
Málefni Jódísar Jónsdóttur	173
Tilskipun um vottorð til undirbúnings giftingar	173
Tilskipun um presta sem misst hafa embætti fyrir vanrækslu	174
Tilkynning landfógeta um uppgraftarmálið á Staðarhóli	175

Anno 1713 að Þingvelli

Trúlofunarmál Bjarna Ásgeirssonar og Ingibjargar Sturlaugsdóttur	176
Hjónaskilnaður sökum hórdómsbrots Ingibjargar Sæmundsdóttur	177
Hjónaskilnaður sökum hórdómsbrots Árna Ólafssonar	178
Stóryrði séra Einars Ólafssonar við Einar Guðmundsson	179
Trúlofunarmál Árna Magnússonar og Ólufar Sigurðardóttur	181
Guðmundur Sigurðsson ríður undan heilagri þjónustugjörð á jóladag	183
Deila séra Guðmundar Magnússonar og séra Einars Bjarna-	
sonar prófata	184
<i>Synodus generalis</i> hefjist 10. júlí eða næsta rúmhelgan dag þar á eftir	184

Beinauppgraftarmálið að Staðarhóli	184
Frestun á máli séra Halldórs Pálssonar í Selárdal	185
<i>Anno 1714 að Þingvelli</i>	
Fæði og tekjur séra Vigfúsar Jóhannssonar	187
Hjúskaparbrot og barneign Stefáns Gíslasonar	195
Hjónaskilnaður sökum hórdómsbrots Þórðar Guðmundssonar	196
Forsómun séra Torfa Halldórssonar að skíra barn	196
Enn um forföll séra Halldórs Pálssonar	196
Sættir takast um egtaskaparmál séra Runólfs Hendrikssonar og Guðríðar Eyjólfsdóttur	198
<i>Anno 1715 að Þingvöllum</i>	
Um fjármuni sem dæmdir voru af séra Vigfúsi Jóhannssyni á síðustu prestastefnu.....	204
Ítrekaðar sættir séra Þórðar Jónssonar og séra Gissurar Bjarnasonar Trúlofunarskilnaður Bjarna Ásgeirssonar og Ingibjargar Sturlaugsdóttur	204
Barnsfaðernislýsing Þorgerðar Erlendsdóttur uppá Jón Ingimundarson	207
Pvermóðska og forföll séra Jóns Sigmundssonar	210
<i>Anno 1716 að Þingvöllum</i>	
Bréfaskipti um málssókn biskups gegn Oddi Sigurðssyni	214
Málefni séra Jóns Sigmundssonar og óeining dómenda.....	218
Aflausn Guðrúnar Jónsdóttur sem ekki hefur tekist að feðra barn sitt	224
Árás séra Halldórs Pálssonar á Teit Arason sýslumann	225
<i>Anno 1717 að Þingvöllum</i>	
Bréf Odds Sigurðssonar um eigið annríki	229
Hjónaskilnaður sökum hórdómsbrots Hólmfasts Jónssonar	229
Sóknarmenn segjast munu þiggja prestsþjónustu af séra Jóni Sigmundssyni.....	230
Fyrirgefningarbeiðni séra Snorra Jónssonar vegna ótilbærilegrar hegðunar	231
Séra Daði Halldórsson gefur frá sér Steinsholt sökum óhreysti og elliburða	232
Prestar sem ekki mæta á prestastefnu skuli sektaðir	232

Þorvaldur Þorsteinsson biður séra Björn Þórðarson fyrirgefningar á óviðurkvæmilegum orðum	232
<i>Anno 1718 að Þingvöllum</i>	
Oddur Sigurðsson neitar að vera við setningu prestastefnunnar ...	233
Opinber aflausn Ingibjargar Sæmundsdóttur fyrir föðurlaust barn	234
Sátt séra Halldórs Brynjólfssonar og séra Vigfúsar Jóhannssonar ...	236
Hórdómsbrot Sigmundar Þórðarsonar framhjá Agnesi Sigurðardóttur	236
Hjónabandsmáli Bjarna Arasonar og Signýjar Indriðadóttur vísað heim í hérað	237
<i>Anno 1719 að Þingvöllum</i>	
Enn um hórdómsbrot Sigmundar Þórðarsonar	239
Afhending Breiðabólstaðar í Fljótshlíð	240
Neitun séra Árna Jónssonar að leyfa Þorsteini Pálssyni að ganga til altaris	240
<i>Anno 1720 að Þingvöllum</i>	
Bréf Peters Rabens stiftamtmanns til biskups	245
Hjónaskilnaður Sigmundar Þórðarsonar og Agnesar Sigurðardóttur	246
Trúlofunarmál Ólufar Jónsdóttur og Jóns Þorgeirssonar sem eignaðist barn með frænku hennar	248
Vínrestur Stóruvallakirkju á Landi	248
<i>Anno 1721 að Þingvöllum</i>	
Bréfaskipti um skipan prestastefnu að nýjum biskupi ókomnum ...	250
Trúlofunarskilnaður Árna Oddssonar og Guðnýjar Björnsdóttur vegna veikinda hans	251
Trúlofunarskilnaður Jóns Þorgeirssonar og Ólufar Jónsdóttur	253
Konungsbréf um uppheldi Sigríðar Jónsdóttur biskupsekkju af sex jörðum Skálholtsdómkirkju	253
Viðauki	255
Áminningarbréf til séra Gissurs Bjarnasonar 12. apríl 1699	257
Bréf prófastinum séra Oddi Eyjólfssyni tilskrifað 16. maí 1699 um prestastefnu á Breiðabólstað í Fljótshlíð	258

Bréf til séra Odds 13. júní 1699 um vitnatekt í sama máli	259
Skikkunarseðill til prestanna í Rangárvallasýslu 7. júlí 1699 um embættisgjörð á Breiðabólstað um <i>suspensionis</i> tíma	
séra Jóns Torfasonar	261
Bréf prófastinum séra Þorleifi Árnasyni tilskrifað 23. október 1699 um prestastefnudóm genginn að Skál á Síðu	261
<i>Resolutio</i> biskupsins haustið 1702 uppá héraðs <i>process</i> prófastsins séra Páls Björnssonar	263
Bréf biskupsins til séra Stefáns Hallkelssonar 24. desember 1702 að hann haldi sig frá kennimannlegri þjónustu	264
Tilskikkað séra Sigurði Eyjólfsyni sama dag að hann fremji prestlega þjónustu í Staðarkirkjusókn í Grindavík	264
Bréf biskupsins til prófastsins séra Ólafs Péturssonar sama dag að hann haldi löglega <i>inquisition</i> um málefni séra Stefáns	265
Forboð biskupsins til Staðarkirkju sóknarmanna 24. desember 1702 að þeir greiði séra Stefáni prestsskyldur venjulegar eður þiggi hans þjónustu	265
Sama dag tilskrifað herra amtmanninum Christian Müller	266
Bréf biskupsins til amtmanns Christians Müller 24. febrúar 1703 um héraðs <i>acta</i> prófastsins í Barðastrandarsýslu	266
Bréf biskupsins 4. apríl 1703 til prófastsins séra Ólafs Péturssonar um Sighvat Halldórsson og mál séra Stefáns Hallkelssonar	268
Andsvar uppá nokkra pósta af héraðs <i>actis</i> prófastsins séra Ólafs Péturssonar sem framfóru að Njarðvík 31. maí 1703	270
Vitnisburður Árna Magnússonar 11. júlí 1711 um framferði séra Halldórs Pálssonar í Otrardalskirkju 17. september 1710 ...	271
Vitnisburður Páls Jónssonar Vídalíns 6. nóvember 1710 um sama atburð	273
Vitnisburður séra Vigfúsar Jóhannssonar 28. janúar 1711 um sama atburð	274
Síðari vitnisburður Árna 11. júlí 1711	275
Fyrirgefningarbón séra Halldórs Pálssonar í Otrardal 18. september 1710	276
Sedill séra Jóns Sigmundssonar útgefinn Rannveigu Sigurðardóttur 5. október 1710	277
Bréf Sigurðar Daðasonar (föður Rannveigar) til prófastsins séra Einars Bjarnasonar 27. október 1710	277
Skrif prófastsins hér uppá 2. nóvember 1710	277

Bréf séra Einars Bjarnasonar til séra Jóns Sigmundssonar 2. nóvember 1710	278
Bréf sýslumanninum Ólafi Einarssyni tilskrifað af prófastinum 7. nóvember 1710	278
Bréf prófasts skrifað séra Jóni Sigmundssyni með Sigurði Daðasyni 7. janúar 1711	279
Bréf séra Jóns Sigmundssonar hér uppá 10. janúar 1711	280
Skikkun biskupsins til prófastsins séra Einars Bjarnasonar 7. október 1711 að halda prestastefnu um mál séra Jóns Sigmundssonar	282
Stefna prófastsins Einars Bjarnasonar til séra Jóns Sigmundssonar 18. maí 1712	282
Bréf biskups sent á Snæfugsstaða prestastefnu 20. júní 1712	282
<i>Citatia</i> biskupsins 6. ágúst 1712 til prófastsins séra Ólafs Stefánssonar til <i>synodum generalem</i> 1713	285
<i>Citatia</i> sama dag til prestanna í Múlasýslu er gengu fyrirskrifaðan dóm	285
<i>Citatia</i> biskupsins sama dag til Árna Magnússonar og Ólufar Sigurðardóttur	286
<i>Citatia</i> biskupsins sama dag til prestanna í Skaftafellssýslu til <i>synodum generalem</i> 1713	286
Stefna biskupsins til séra Halldórs Pálssonar 22. september 1712...	287
Skikkun biskupsins til séra Jóhanns Þórðarsonar 14. október 1712 að hann haldi prestastefnu um mál séra Jóns Halldórssonar og Magnúsar Magnússonar	287
Bréf biskupsins til prófastsins séra Jóhanns Þórðarsonar 19. október 1712	288
<i>Citatia</i> til prófastsins séra Þórðar Jónssonar 5. júní 1713	289
Bréf sama dag til prófastsins séra Hannesar Halldórssonar	289
<i>Citatia</i> sama dag til prófastsins séra Jóns Halldórssonar	289
Umboð biskupsins 29. apríl 1714 til skólameistarans Þorleifs Arasonar að birta <i>synodals</i> dóminn 1713.....	290
<i>Citatia</i> biskupsins 29. apríl 1714 til prófastsins séra Magnúsar Magnússonar	290
Forboð til séra Jóns Sigmundssonar að þéna klaustrinu að Þykkvabæ <i>anno</i> 1714	290
Forboð til sömu kirkju sóknarmanna sama dag að þiggja af séra Jóni nokkra prestlega þjónustu	291

Skikkun biskupsins 5. apríl 1715 til þriggja presta í Ísafjarðarsýslu að þeir skuli mæta nær sem prófasturinn séra Eiríkur Þorsteinsson þeim ávísar að dæma með sér á millum sýslumannsins Teits Arasonar og séra Halldórs Pálssonar	291
Skikkun biskupsins um prestastefnu í Barðastrandarsýslu 5. ágúst 1715	292
Bréf biskups til prófastsins séra Einars Bjarnasonar 1. nóvember 1715	292
Aðvörun biskups til Drangavottanna 1716	293
Registur	295

Formáli

JÓN VÍDALÍN fæddist í Görðum á Álftanesi 21. mars 1666, sama ár og *Passíusálmar* sálmaskáldsins ástkæra séra Hallgríms Péturssonar komu út í fyrsta skipti. Jón Vídalín var engin meðaljón, eins og ævi-starf hans ber merki um, heldur var hann í hópi þeirra einstaklinga sem telja verður til gáfumanna, brautryðjenda og jafnvel snillinga. Jón Vídalín nam við Skálholtsskóla; sóttist honum námið vel enda var hann námfús, vel gefinn og mikill latínumaður. Jón lauk náminu á aðeins þremur árum og varð stúdent aðeins 16 ára gamall. Hann var líklega besta latínuskáld Íslendinga að Arngrími bróður sínum undanskildum, en Arngrímur starfaði sem kennari í Danmörku og dó ungur. Jón þurfti snemma að byrja að vinna fyrir sér. Hann kostaði kapps um að kynnast lífsháttum þjóðarinnar sem frekast var unnt, kjörum hennar og kringumstæðum og jafnframt menningu og málfari sem tíðkaðist í hinum ýmsu landshlutum. Árið 1687 hélt Jón til háskólanáms í Kaupmannahöfn, þaðan sem hann lauk prófi í guðfræði með góðum vitnisburði.

Garðar á Álftanesi eru sögufrægur staður og hefur getum verið að því leitt að þar hafi verið landnámsjörð. Garðakirkju er getið í elsta kirkjutali Skálholtsumdæmis og bendir margt til þess að Garðar séu einn elsti kirkjustaður landsins. Garðakirkja var helguð Pétri postula, sem styður það einnig að hún hafi verið stofnsett á dögum frumkristni á Íslandi. Árið 1696 veitti konungur Jóni Vídalín prestsembætti að Görðum. Hann var síðan vígður til biskups í Skálholti í nóvember 1697. Húslestrabók Jóns Vídalíns, *Vídalínspostilla*, var til á nánast hverju heimili í hartnær 200 ár og átti hann því áreiðanlega stóran þátt í að móta trúarviðhorf þjóðarinnar með kjarnyrtum predikunum sínum. *Vídalínspostilla* hefur verið gefin út 15 sinnum, síðast árið 1995.

Garðasókn hefur haldið merki Jóns Vídalíns á lofti með ýmsum hætti, meðal annars með Vídalínshátíðum sem hafa verið nokkrar á undanförunum árum. Árið 1995 var kirkja vígð í Garðabæ og er hún kennd við Jón Vídalín

og nefnd Vídalínskirkja. Það er Garðasókn heiður að fá tækifæri til þess að minnst þessa merka Garðbæings með því eiga aðild að útgáfu prestastefnudóma Jóns Vídalíns nú þegar 40 ár eru liðin frá vígslu Garðakirkju í Görðum á Álftanesi og 340 ár frá fæðingu Jóns.

Matthías Guðm. Pétursson
Formaður sóknarnefndar Garðasóknar

Inngangur

Eldurinn verður ekki með eldi slökktur, heldur með vatni. Svo er það engin lækning óréttarins að gjalda illu illt, heldur að leita valdstéttarinnar, hverja Guð hefur sett hinum frómu til forsvars en ranglátum til hegningar...

Jón Vídalín 1720¹

Ívitund íslenskrar þjóðar tengist nafn Jóns biskups Vídalíns víðlesinni hús-postillu hans, sem kom út í tveimur bindum árin 1718 og 1720. Predikanir hans þar eru innblásnar af andagift og ríkulega prýddar þeim mælsku-brögðum sem einkenndu samtíma hans. Strangur siðaboðskapur var eitt af aðalsmerkjum Jóns og framsetning og innihald postillunnar sýna að megin-markmið hans var að halda við þeirri sístæðu siðbót sem evangelísk-lúthersk kirkja hefur kennt sig við frá upphafi. Barátta Jóns laut samt ekki að sjálfri trúarsannfæringu þess hóps sem ritið var ætlað, því hann miðar greinilega við að fólk hafi almennt trúað boðskap Biblíunnar og öðrum textum sem liggja til grundvallar predikunum hans. Fólk er fremur hvatt til að ástunda réttlæti og dyggðugt lífverni, sem að mati Jón skorti nokkuð á í samtíðinni. Sé litið til þeirrar stöðu er ritið hafði sem húslestrarbók fram á síðustu öld má segja að þar sé leitast við að leggja siðferðislegan grunn að lífi þegnanna og skerpa á þeirri guðfræði sem höfundur aðhylltist.² Í prestastefnudómum úr biskupstíð meistara Jóns, sem hér birtast á prenti, gefst færi á að kynnast því hvernig hann hrinti þessum hugðarefnum sínum í framkvæmd. Í inngangi verður fjallað um biskup sjálfan, en sjónum einkum beint að dómunum sem hann lét ganga með prestum sínum og próföstum. Leitast er við að varpa ljósi á það hvaða vitnisburð dómarnir veita um kirkjuna og stjórn hennar um aldamótin 1700 og fyrstu tvo áratugi 18. aldar, að því ógleymdu sem þeir segja okkur um viðhorf alþýðu og hversdagsleika íslensks samfélags á þessum tíma.

1 Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*. Útgefendur Gunnar Kristjánsson og Mörður Árnason. Reykjavík 1995, bls. 624.

2 Gunnar Kristjánsson, „Vídalínspostilla og höfundur hennar.“ Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*, bls. lxxiv; Skúli S. Ólafsson, „Jón Vídalín og hans postil.“ *Luthersk påskpredikan i Norden. 2. Traditioner och regioner*. Kaupmannahöfn 2001, bls. 300-309.

Jón Vídalín

Jón Þorkelsson Vídalín fæddist að Görðum á Álftanesi 21. mars 1666 og tilheyrði íslenskri yfirstétt; var með öðrum orðum borinn til valda. Í kjölfar þess að konungsvald efldist við siðaskipti um miðja 16. öld breyttust kjör veraldlegra og andlegra ráðamanna mjög. Ný stétt embættismanna varð til, sem reyndar hélt fyrri ítökum sínum en starfaði nú í skjóli konungs. Einstaklingar úr þessum röðum voru oftast ekki tengdir ættarböndum og bjuggu við miklu betri kjör en aðrir landsmenn. Þeir urðu sýslumenn og sátu um bestu prestaköllin, en hlutu jafnframt embætti prófesta og biskupa. Jón Vídalín er verðugur fulltrúi þess hóps. Séra Þorkell Arngrímsson, faðir hans, var sonur Arngríms lærða Jónssonar og menntaðist í Danmörku og Hollandi. Margrét móðir Jóns var af ágætum sunnlenskum prestaættum, dóttir séra Þorsteins Jónssonar í Holti undir Eyjafjöllum og Solveigar Ísleifsdóttur frá Saurbæ á Kjalarnesi.¹

Jón fór ungur í Skálholtsskóla og dvaldist að námi loknu í nokkur ár hjá helstu kennimönnum þess tíma. Haustið 1687 hélt hann að hætti heldri pílta til frekara náms við háskólann í Kaupmannahöfn. Þar kynntist hann nýjum straumum í guðfræði og hlaut góðan vitnisburð. Á þessum árum sótti heittrúarstefna eða píetismi mjög í sig veðrið í Danmörku. Samkvæmt hinum nýju hugmyndum átti kirkjan að skerpa á boðun sinni og örva sóknarborn til dádæða og góðra verka.² Jón var metnaðargjarn og ákafur í athöfnum sínum. Að loknu guðfræðinámi árið 1689 gekk hann í danska sjóherinn og gerði sér vonir um skjótan frama. Honum hugnaðist ekki að snúa aftur til Íslands og sá þar engin tækifæri fyrir sig. Hann komst þó fljótt að raun um að stríðshlutverkið hæfði honum ekki og fyrir þrábeiðni Margrétar móður hans var hann leystur undan herþjónustu. Til Íslands kom Jón sumarið 1692 og gekk í þjónustu Þórðar biskups Þorlákssonar í Skálholti, fyrst til að kenna börnum hans en síðan sem kennari við dómkirkjuskólann og dómkirkjuprestur. Þórður hafði mikið álit á Jóni og fól honum ýmis verkefni önnur.

Jón sóttist eftir því að fá Garða á Álftanesi, fæðingarstað sinn. Að séra Brynjólfi Jónssyni látnum árið 1694 veitti Christian Müller amtmaður séra Ólafi Péturssyni brauðið, en Jón fékk veitingu konungs fyrir því og hafði betur.

1 Greinargott yfirlit yfir ævi Jóns og ættartölu er að finna hjá Gunnari Kristjánssyni, „Vídálínspostilla og höfundur hennar“, bls. xvii-xxxviii; sjá einnig Jón Halldórsson, *Biskupasögur I*. Reykjavík 1903-1910, bls. 348-383. Um embættismenn á Íslandi, sjá sjá Loft Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar. Kristni á Íslandi III*. Reykjavík 2000, bls. 51-54; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge – ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*. Stokkhólmi 1985.

2 Skúli S. Ólafsson, „Jón Vídalín og hans postil“, bls. 292-295.

Jón reisti bú að Görðum með móður sinni vorið 1696. Hann var þó oft í Skálholti sem fyrr, enda Þórður biskup farinn að heilsu. Þann 9. mars 1697 skipaði amtmaður Jón sem *officialis* eða staðgengil Þórðar, sem hafði áður lýst því í bréfi til konungs að hann vildi fá Jón fyrir eftirmann. Þórður andaðist viku síðar og hélt Jón utan með fyrstu skipum til Kaupmannahafnar í þeim tilgangi að tryggja sér biskupsembættið. Keppinautur hans var séra Þórður Jónsson og hugmyndir voru líka uppi um að veita dönskum manni embættið. Jón hrepti hnossið og virðist sem Árni Magnússon hafi lagt honum lið, en fékk síðar send handrit úr Skálholti í staðinn.¹ Jón var vígður til biskups 1. maí 1698, aðeins 32 ára gamall, og fékk jafnframt magistersnafnbót frá Hafnarháskóla, sem upp frá því var tengd nafni hans í opinberum gögnum, þar á meðal í prestastefnudómunum. Í tilefni dagsins orti Þórður Jónsson heillaóskakvæði til Jóns, sem svo kvæntist Sigríði systur hans 17. september 1699. Þau voru börn Jóns Vigfússonar biskups að Hólum, auðug og vel ættuð eins og Jón. Sigríður og Jón eignuðust tvær dætur; önnur fæddist andvana og hin lést tveggja ára í Stórubólu árið 1707.²

Hinn nýskipaði biskup kom í tæka tíð til að halda prestastefnu á Pingvöllum, sem hófst 4. júlí 1698. Hann lét lesa veitingarbréf sitt frá konungi fyrir embættinu, en síðan var tekið til við venjubundin dómstörf og var það fyrsta verk Jóns að svipta séra Sigurð Eyjólfsson að Arnarbæli embætti fyrir að eignast barn með konu sinni of skömmum tíma eftir giftingu (sjá hér á bls. 51). Öll ár sín í embætti gætti Jón þess af stakri samviskusemi að halda prestastefnu í tengslum við alþingi á Pingvöllum. Fóru þær fram í kirkjunni (bls. 194, 234). Aðeins einu sinni kallaði hann saman presta utan alþingistíma, sem var á Breiðabólstað í Fljótshlíð haustið 1699 (bls. 64). Honum hefur þótt miklu skipta að komast til botns í vanrækslu séra Jóns Torfasonar á heilögu sakramenti. Fyrstu árin voru átakalítil miðað við það sem síðar varð. Sumarið 1701 beitti Jón sér þó gegn sendiför Lárusar Gottrups lögmanns á konungsfund, því honum þótti maðurinn vera ófær um að skýra rétt frá ástandi landsins. Á síðasta degi prestastefnunnar, 16. júlí, skrifuðu Jón og sextán prestar konungi gegn ferðinni og fólu Árna Magnússyni að túlka málstað sinn í Kaupmannahöfn.³

1 Már Jónsson, *Árni Magnússon. Ævisaga*. Reykjavík 1998, bls. 168-169; sami höfundur, „Vinur vina sinna. Árni Magnússon leggur á ráðin og falsar bréf.“ *Bókahnútur brugðinn Ólöfu Benediktsdóttur fimmtugri*. Reykjavík 1997, bls. 57-60. Þá hugmynd að senda danskan biskup rekur Jón Halldórsson í *Biskupasögum* I, bls. 351-352; sbr. Pál Eggert Ólason og Þorkel Jóhannesson, *Tímabilið 1701-1770. Saga Íslendinga* VI. Reykjavík 1943, bls. 23-24. Umsókn Jóns um embættið er hjá Arne Møller, *Jón Vídalín og hans postil*. Kaupmannahöfn 1929, bls. 32.

2 Gunnar Kristjánsson, „Vidalínspostilla og höfundur hennar“, bls. xxiii.

3 Már Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 180-181.

Málsins gætti þó ekki á sjálfri prestastefnunni. Árangur ferðar Gottrups var skipun svonefndrar jarðabókarnefndar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem báðir voru miklir vinir Jóns. Dvaldist Árni í Skálholti þá vetur sem hann var á landinu og þeir biskup gerðu sér far um að vera á sömu stöðum yfir sumartímann. Þannig voru þeir samtímis í Vestmannaeyjum í maí 1704, að Jón vísiteraði fyrstur biskupa frá Oddi Einarssyni, og hittust á Vestfjörðum síðla sumars 1710. Þar heyrdðu þeir harmagrát drukkens prófastsins, séra Halldórs Pálssonar (bls. 271-276).¹

Biskup átti eftir að fá önnur og ríkari tilefni til að þykkjast við á embættistíma sínum. Er þar einkum um að kenna samskiptum hans við Odd Sigurðsson, sem varð honum þungur ljár í þúfu. Oddur var af höfðingjaættum og kom til landsins sumarið 1707 sem varalögmaður og sérstakur saksóknari konungs í nokkrum gömlum en örðugum dómsmálum. Vorið eftir skipaði Gyldenlöve stiftamtmaður hann fulltrúa sinn á Íslandi, sinn fullmektugan eins og það var nefnt. Fulltrúi amtmanns var Páll Beyer landfógeti og voru þeir Oddur nú valdamestu menn í landinu. Eftir byrjunarörðugleika á alþingi 1708 tókst með þeim gott samstarf. Nokkur atriði úr erindisbréfum þeirra voru lesin upp á prestastefnu og sat Oddur í forsæti með Jóni (bls. 111, 114-115).² Ekki áttu Oddur og Jón skap saman. Allt fór þó vel fram sumarið 1708 og Oddur spurðist fyrir um stöðu mála meðal presta eftir Stórubólu (bls. 113-114). Fyrirspurnina endurtók hann árið eftir (bls. 122), en varpaði í beinu framhaldi sprengju inn á samkomuna, ásamt Beyer, með harkalegri gagnrýni á ónafngreinda prófasta fyrir ótilgreind afglöp í meðferð hjónabandsmála (bls. 122-123). Prófastar og biskup tóku þessu illa og hlaust af „ófriður mikill“, eins og Jón Aðils orðar það.³ Helsta skotmark Odds var séra Þórður Jónsson á Staðarstað, mágur biskups. Á prestastefnu 1710 vörðust prófastar og Oddur svaraði fullum hálsi, en séra Þórður varðist sérstaklega árið eftir (bls. 133-134, 146).

Undir lok prestastefnunnar 1711 var málefni tekið til dóms sem Oddur var viðriðinn og gat því ekki setið dóminn, heldur skipaði hann Gottrup lögmann í sinn stað, greinilega gegn vilja biskups, en bætti síðan um betur með því að fullyrða að biskup væri aðili að málinu líka og gæti ekki dæmt heldur. Gottrup gerði sér lítið fyrir og stöðvaði réttarhaldið (bls. 147-153). Sumarið 1712 reið Oddur ekki til alþingis og Jón dæmdi einn á prestastefnu. Óvenju mörg mál

1 Már Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 206 og 272-274.

2 Jón Jónsson Aðils, *Oddur Sigurðsson lögmaður (1682-1741). Æfi- og aldarlýsing*. Bessastöð-um 1902, bls. 34-44; sjá einnig Gunnar Kristjánsson, „Vídalínspostilla og höfundur hennar“, bls. xxviii-xxx. Fleiri atriði úr erindisbréfum fulltrúanna voru lesin á alþingi, sjá *Alþingisbækur* IX, bls. 487-492.

3 Jón Jónsson Aðils, *Oddur Sigurðsson lögmaður*, bls. 57.

voru til umfjöllunar og meðal ákvarðana biskups og presta hans var að svipta séra Jón Sigmundsson á Pykkvabæjarklaustri embætti, einkum fyrir að vísa Rannveigu Sigurðardóttur frá altarisgöngu vegna gruns um að hún hefði fætt barn á laun (bls. 167-168). Oddi var gróflega misboðið. Þeir Beyer hittust á Leirá í byrjun september og kærðu Jón fyrir konungi, en lýstu jafnframt stuðningi við séra Jón Sigmundsson, sem þjónaði kallinu áfram. Ágreiningur var um fleiri mál og kvarta þeir Oddur og Jón sárlega hvor undan öðrum í bréfum til konungs og annarra um haustið.¹ Sumarið eftir komu þeir sér saman um nýjan upphafsdag prestastefnunnar (bls. 184), en um annað ekki. Oddur og Beyer hnepptu Þórð Þórðarson ráðsmann í Skálholti í varðhald að beiðni Gottrups og beitti biskup öllum brögðum til að fá hann lausan, sem tókst á endanum. Oddur og fylgisveinar hans fullyrtu að Jón hefði verið dauðadrukinn og til þarflausra vandræða dag hvern á þinginu; í eitt skiptið jafnvel gubbað á handleg Odds. Mótbárur Jóns reyndust léttvægar og mun því eitthvað vera til í ásökunum þessum, þótt margt kunni að vera ýkjur. Séra Jón Halldórsson í Hítardal, góðvinur biskups, fór þannig fínt í sakirnar í vitnisburði sínum og hafði aldrei séð biskup „í sínum embættis útréttingum af drykkjuskap svo hindraðan að hann hafi þær ekki kristilega og rögg samlega þess vegna framkvæmt.“ Í byrjun september var biskup á yfirreið á Snæfellsnesi og sótti Odd heim að Narfeyri á Skógarströnd til að skoða kirkjuna. Sjónarvottum bar ekki saman um atburðarás, en báðir voru drukknir og lyktir urðu að Oddur sló til Jóns svo að honum lá við falli.²

Málarekstur hlaust af þessum sviptingum og voru vitnisburðir teknir á báða bóga, en ekki verður það rakið hér. Deilunnar gætti lítilllega á prestastefnu ársins 1716 vegna vitnisburða sem Oddur hafði tekið að biskupi fjarstöddum að Dröngum á Skógarströnd (bls. 214-218, 293-294). Aldrei kom til endanlegs úrskurðar.³ Oddur neitaði að sitja prestastefnu sumarið 1718 (bls. 234), en fáeinum vikum síðar kom Niels Fuhrmann, nýr amtmaður, til landsins og hafði jafnframt verið skipaður fulltrúi stiftamtmanns í stað Odds, sem ekki naut trausts í Kaupmannahöfn lengur. Veldistíma hans var lokið. Jón Vídalín, fyrir sitt leyti, átti ekki langt eftir ólifað. Hann hélt síðast prestastefnu sumarið 1720. Að henni lokinni fór hann heim í Skálholt til að ganga frá handritum og öðrum

1 Jón Jónsson Aðils, *Oddur Sigurðsson lögmaður*, bls. 61-65; Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Tímabilið 1701-1770*, bls. 101-103. Vitnisburður séra Jóns er í bréfabók hans í ÞÍ. Skjalasafn prófasta. Mýrasýsla BC/1. Bréfabók 1683-1693 og 1701-1720, bls. 486.

2 Jón Jónsson Aðils, *Oddur Sigurðsson lögmaður*, bls. 89-114. Bréf og vitnisburðir um þessi dæmalausni atvik eru prentuð hjá Arne Møller, *Jón Vídalín og hans postil*, bls. 387-406.

3 Jón Jónsson Aðils, *Oddur Sigurðsson lögmaður*, bls. 114-131; Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Tímabilið 1701-1770*, bls. 105-109; sbr. *Alþingisbækur* X, bls. 341-348 og víðar.

pappírum Árna Magnússonar til flutnings yfir hafið, en fylgdi þeim síðan um borð í freigátuna Söeridderen, skip hins nýja stiftamtmanns, Peders Rabens, í Hafnarfirði. Þar var Jón 29. júlí og afhenti Raben tillögur sem lutu að umbótum í fiskveiðum, verslun og iðnaði.¹ Jón fór svo aftur í Skálholt en frétti skömmu síðar af andláti séra Þórðar mágs síns. Sigríður kona Jóns var hjá bróður sínum er hann lést 21. ágúst. Eitt síðasta verk Jóns í Skálholti, 25. ágúst, var að skrifa Raben um öxi nokkra sem hann taldi að gæti verið Rimmugýgur Skarphéðins. Öxin fylgdi bréfinu og biskup lagði til að Árni Magnússon yrði spurður um gripinn.² Daginn eftir ferðaðist Jón að heiman. Við Sleðaás norður af Þingvöllum kenndi hann verkjar, en komst í sæluhús skammt þar frá. Veikindin ágerðust og að morgni föstudagsins 30. ágúst gaf Jón upp öndina. Deginum fyrr treysti hann sér ekki til að taka við heilögu sakramenti en bað séra Ólaf Gíslason um að vera ókvíðinn, „því miskunarfaðmur guðs stæði nú alltið útbreiddur á móti sér og hans náðardyr opnar fyrir sinni sálu“, eins og séra Jón Halldórsson hefur orð hans, að vænta má, eftir viðstöddum. Sigríður hafði frétt af veikindum Jóns og reið til hans, en kom í sæluhúsið kvöldið eftir að hann lést og „féll í svo þunga sorg, að vini og vandamenn hennar uggaði, það hún kynni hana að standast eður fá af lifað.“ Lík Jóns var flutt í Skálholt og grafið þar í kirkjunni 6. september.³

Prestastefnur og dómar

Pegar Jón Vídalín boðaði til sinnar fyrstu prestastefnu árið 1698 voru tæpir sex áratugir liðnir frá því Brynjólfur Sveinsson ákvað við upphaf embættisferils síns sem biskup árið 1639 að slíkar stefnur skyldi halda ár hvert í tengslum við alþingi.⁴ Í kjölfar þeirrar ákvörðunar lagði Brynjólfur grundvöllinn að farsælum ferli sínum sem kirkjuleiðtoga, en með því að koma á reglulegum prestastefnum tryggði hann kirkjustjórninni dómsvald í málefnum kirkjunnar, en líka í siðferðis- og hjúskaparmálum. Dómar á prestastefnu höfðu fordæmisgildi, en jafnframt voru þar felldir úrskurðir í almennum málaflokkum. Mál sem lögð voru fram fyrir stefnuna komu gjarnan úr prófastsdæmunum, þar sem

¹ Már Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 293; Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Tímabilið 1701-1770*, bls. 27.

² Þf. Skjalasafn stiftamtmanns III-51. Bréf Skálholtsbiskups til stiftamtmanns 1706-1720: 25. ágúst 1720.

³ Jón Halldórsson, *Biskupasögur I*, bls. 373-374; Gunnar Kristjánsson, „Vídalínspostilla og höfundur hennar“, bls. xxxiv-xxxv.

⁴ *Guðs dýrð og sálnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639-1674*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2005, bls. 47.

héraðsprestastefnur höfðu farið fram að frumkvæði prófesta. Einnig voru mál lögð beint fyrir dómstólinn. Brynjólfi tókst að tryggja kirkjunni þessi völd enda þótt siðferðisbrot hefðu formlega verið tekin undan valdi hennar með Stórádómi árið 1564.¹ Einnig var kveðið á um það í helstu kirkjulögum þessa tíma að kirkjan ætti að einskorða sig við boðun og huggun, en ekki hafa bein afskipti af refsimálum. Þer þar einkum að nefna kirkjuordinansíuna frá 1537 og þá norsku ordinansíu frá 1607.² Kirkjan hafði því meira frelsi á Íslandi en lög-gjafinn virtist gera ráð fyrir, sem líklegast stafaði af fjarlægðinni frá Kaupmannahöfn. Þá naut Brynjólfur Sveinsson mikillar virðingar og var honum treyst af hálfu konungs til forystu á þessum sviðum.

Prestastefnur voru þekktar og viðurkenndar sem opinbert stjórnþæki kirkjunnar fyrir siðbreytingu og næstu áratugi eftir hana, þótt ekki hafi þær verið haldnar fyrr með sama hætti og eftir ákvörðun Brynjólfs. Þær má raunar rekja aftur til árdaga kristinna safnaða og í fornkirkjunni kvöddu biskupar og aðrir kirkjuleiðtogar gjarnan saman hóp klerka til ráðgjafar í mikilvægum efnum. Má nefna stóru kirkjuþingin á 4.-6. öld auk fjölda smærri þinga víðsvegar um hinn kristna heim.³ Á Norðurlöndum fóru prestastefnur á miðöldum fram við dómkirkjur og nýttu biskupar þær meðal annars til eftirlits með prestum.⁴ Heimildir eru um slíkar stefnur hérlandis fyrir siðaskipti en ekkert bendir til að þær hafi verið haldnar árlega. Í kristinrétti Árna biskups Þorlákssonar frá 1275 segir í umfjöllun um tífundargjörð að biskup láti lýsa á prestastefnu með hvaða hætti skuli að henni staðið og „skal henni lukt vera hið síðasta fyrir jól.“⁵ Að þessu frátöldu er hvergi minnst á prestastefnur í lögum og tilskipunum.

Jón Vídalín byggði því á þeirri hefð er Brynjólfur hafði skapað þegar hann kallaði saman tólf presta og prófesta sér til ráðgjafar á Þingvöllum við upphaf biskupsþjónustu sinnar. Á einum stað segist Jón dæma „með þeim sem lög-málið skikkar að þeirra meðdómendur vera skuli“ (bls. 140). Lögmál þetta er

¹ Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870*. Reykjavík 1993, bls. 194-204.

² Ordinansía Kristjáns þriðja frá 1537 er í *Íslensku fornbréfasafni* X, bls. 95-257, en sú norska í *Lovsamling for Island I*, bls. 151-170. Um samanburð á stöðu kirkjunnar í evangelískum og rómverskum sið á árnýöld, sjá Hjalta Hugason, „Hverju breytti siðbreytingin? Tilraun til endurmats í tilefni páfakomu.“ *Kirkjuritið* 55 (1989), bls. 71-99.

³ Sjá *Postulasöguna* 15.1-29 og 16.4 og Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar. Saga og mótun kristinna trúarjátninga og yfirlit yfir helstu kirkjudeildir kristinnar. Játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar með skýringum*. Reykjavík 1991, bls. 57-94.

⁴ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til refomationstid XVII*. Reykjavík 1972, d. 630-643 (Synode).

⁵ *Járnsíða og kristinréttur Árna Þorlákssonar*. Útgefendur Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson. Reykjavík 2005, bls. 160; sbr. *Íslenskt fornbréfasafn I*, bls. 366 og 422; II, bls. 541 og víðar.

væntanlega sá siður sem hvergi var skráður. Það var fyrst í erindisbréfi til biskupa 1. júlí 1746 sem fyrir-mæli voru gefin um prestastefnur. Þar segir að prestastefnu skuli halda á Flugumýri fyrir Hólastifti þegar best hentar, en í Skálholtsumdæmi skuli hún haldin á Þingvöllum á venjubundnum tíma. Er þá miðað við tímann fyrir upphaf alþingis rétt eins og verið hafði frá dögum Brynjólfs, og segir jafnframt í bréfinu að á prestastefnum skuli ræða öll þau málefni sem heyra undir hið andlega svið.¹ Á Norðurlöndum var svipuð hefð við lýði. Í Svíþjóð fóru héraðsþing fram í prófastsdæmunum (sockenstämma) og í Danmörku voru haldnir reglulegir prestafundir (landemøde). Þá kölluðu biskupar oft saman prestadóm á vísitasíum sínum.²

Gögnin sem birtast á þessari bók bera vott um þrengra svigrúm íslenskrar kirkju frá því sem verið hafði í tíð Brynjólfs. Jón Vídalín og ráðgjafaping hans höfðu ekki lengur vald til þess að fella einir og óstuddir dóma í málum sem komu fyrir prestastefnu. Með einveldi konungs árið 1662 minnkaði sjálfstæði kirkjunnar. Þótt þeirra breytinga yrði ekki þegar vart á fyrirkomulagi presta-stefnunnar urðu þáttaskil við lok biskupstíðar Brynjólfs árið 1674, að konungur tilnefndi eftirmann hans án þess að leyfa prestum í biskupsdæminu að hafa áhrif á valið, eins og tíðkast hafði.³ Í erindisbréfi Christians Müllers amtmanns árið 1688 segir síðan að hann eigi að vera viðstaddur dómstörf í landinu, jafnt á sviði veraldlegs réttar og andlegs réttar. Þar með var horfið frá því fyrirkomulagi sem Brynjólfur Sveinsson hafði komið á þar sem biskup einn stýrði fundum stefnunnar. Þetta gat skapað nokkurn vanda, því nú var mikið undir því komið að tveir æðstu embættismenn konungs, andlegur og veraldlegur, gætu náð samkomulagi.⁴ Fjandskapur Jóns og Odds Sigurðssonar olli fyrir vikið verulegum vandkvæðum, svo sem þegar er getið.

1 *Lovsamling for Island* II, bls. 656-657; sbr. Björn Karel Þórólfsson, „Inngangur.“ *Biskups-skjalasafn. Skrár Þjóðskjalasafns* III. Reykjavík 1956, bls. 38; Már Jónsson, „Inngangur.“ *Guðs dýrð og sálnanna velferð*, bls. 27. Um prestastefnur í Hólastifti, sjá *Prestastefnudóma og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar*. Útgefendur Bjarni Vilhjálmsson og Júníus Kristins-son. Reykjavík 1983.

2 Árið 1713 var ákveðið að upphafsdagurinn yrði 10. júlí eða næsti rúmhelgi dagur, sjá hér á bls. 184. Um Danmörku og Svíþjóð, sjá Björn Furuhausen, *Berusade bönder och bråkiga båtsmän. Social kontroll vid sockenstämmor och ting under 1700-talet*. Stokkhólm 1996; Troels Dahlerup, „Den kirkelige disciplin i Danmark 1536-ca.1610.“ *Reformationens konsolidering i de nordiska länderna 1540-1610*. Ósló 1990, bls. 390-408; Olle Larson, *Biskopen visiterar. Den kyrkliga överhetens möte med lokalsamhället 1650-1760*. Malmö 1999.

3 Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 121.

4 *Lovsamling for Island* I, bls. 477-478; Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 42-51.

Þá voru aðstæður í byrjun 18. aldar erfiðar, því náttúruhamfarir, plágur og erfið veðurskilyrði hjuggu stór skörð í raðir landsmanna. Réttarfar í landinu var almennt í ólestri, eins og fram kemur í skýrslu Árna Magnússonar og Páls Vídalíns til konungs árið 1702, og virðast dönsk yfirvöld hafa verið áhugalaus um að ráða bót á nokkrum hlut á Íslandi.¹ Sú ringulreið sem illt ástandið skapaði gerði kirkjunni ekki auðveldara um vik að stýra málum sínum, en kirkjustjórnin sýndi engu að síður einlægan vilja til að viðhalda skilvirkri stjórnsýslu þrátt fyrir allt. Metnaðarfullur biskupinn hefur haft ríka löngun til þess að beita áhrifum sínum og vinna að framgangi þess réttlætis sem hann kallaði eftir í predikunum.²

Við lestur dómanna má þó sjá að árangurinn gat oltið á ýmsu og oft reyndust hindranirnar óyfistíganlegar. Málarekstur í tengslum við meint embættisglöp séra Jóns Sigmundssonar í Pykkvabæ sýnir þetta betur en flest önnur mál. Deilan hófst árið 1712 þegar biskup áminnti prestinn fyrir að neita að taka konu eina úr sókninni, Rannveigu Sigurðardóttur, til altaris, og var enn ekki til lykta leidd þegar biskup féll frá. Hvað eftir annað reyndi Jón biskup að koma nafna sínum úr embætti, en án árangurs. Á prestastefnu 1717 lagði séra Jón Sigmundsson fram varnarskjal þar sem hann færði rök fyrir því að hann mætti þjóna kalli sínu í trássi við ítrekuð tilmæli biskups. Þar sagðist hann ekki vera löglega stefndur (*citeraður*) til prestastefnu sökum þess að veraldlegt vald hefði ekki lagt blessun sína yfir stefnu biskups:

Að standa lög og þola dóm (til hvers ég er *citeraður*) mótmæli ég ekki, ég meina af þeim sem um málið með réttu á að dæma... Þessa skikkun veit ég engan hér í landi mega undir sinn dóm taka án kónglegrar fullmagtar. Hvernig er ég þá löglega *citeraður* fyrir *synodum* eður nokkurn þann þar inni sem ekki kann þá fullmegt að framvísa, þar sú háyfirvalds skikkun er mitt forsvar og afbötun? (222)

Hér má sjá hvernig presturinn nýtti sér vandræðaganginn sem innbyrðis ósætti konunglegra embættismanna skapaði. Sökum þess að Oddur mætti ekki til stefnunnar og undirritaði því hvorki úrskurð biskups né stefnuna til dómsins lét séra Jón Sigmundsson sér í léttu rúmi liggja þótt prestastefna undir forystu biskups hefði dæmt hann frá kalli og kjól. Sóknarbörn hans sóttu áfram til hans prestsþjónustu og hann naut allra tekna af kallinu eftir sem áður (bls. 229-231, 277-283).

1 Már Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 213-214.

2 Gunnar Kristjánsson, „Vidalínspostilla og höfundur hennar“, bls. lxiii-lxix; Skúli S. Ólafsson, „Jón Vídalín og hans postil“, bls. 300-309.

Í öðrum tilvikum má skynja sterk tök kirkjunnar bæði á leikum og lærðum. Dæmi um það er eitt af fyrstu málunum sem komu fyrir biskup. Tildrögin voru að séra Jón Torfason, kapellán á Breiðabólstað í Fljótshlíð, gleymdi að helga brauðið þegar hann hugðist veita „deyjandi konuskepnu“ hinsta sakramenti og gaf henni þar að auki ekki tækifæri til syndajátningar. Yfirheyrslur sýna að viðstaddir óttuðust um sálarheill konunnar sökum þess að ekki hafði verið staðið rétt að ritúalinu. Séra Oddur Eyjólfsson prófastur og sjálfur kapelláninn sýndu skilyrðislausu hollustu við kirkjulegt yfirvald, en sá fyrrnefndi lýsti yfir því að hann hlyti samvisku sinnar vegna að láta biskupi í té gögn í málinu þótt honum væri á móti skapi að koma hinum unga aðstoðarpresti í vandræði. Þarna má líka greina góða samvinnu milli veraldlegs valds og andlegs þar sem sýslumenn stýrðu að boði biskups ákveðnum þáttum rannsóknarinnar og ber ekki á öðru en að sú vinna hafi verið unnin af fullum heilindum (bls. 58-79).

Þótt kirkjan hefði ekki lengur formlegt vald til að stýra andlegum málum hafði hún enn af þeim margvísleg afskipti. Hjónabandið hafði ekki stöðu sakramentis og átti samkvæmt Marteini Lúther að heyra undir veraldlegan rétt. Engu að síður féllu jafnt upphaf hjúskaparins og endalok hans, ef svo bar undir, undir verksvið kirkjunnar.¹ Eins hlaut það að vera hlutverk biskups í stjórnkerfi konungs að hafa stjórn á prestum og líta eftir kirkjueignum. Trúmál voru vitaskuld meginhlutverk kirkjunnar og enda þótt hún hefði ekki refsingar í siðferðismálum á sinni könnu byggðu gildi samfélagsins á trúarlegum grunni. Fyrir vikið komu slík mál til kasta kirkjustjórnarinnar. Allir þessir málaflokkar koma fyrir í dómum Jóns Vídalíns og eru tilvikin samtals 182 talsins, svo sem sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Flokkun prestastefnudóma 1698-1720

	Fjöldi	%
Embætti presta	65	36
Kirkjur og kirkjujarðir	18	10
Hjúskapur	35	19
Siðferði	24	13
Trúmál	15	8
Fyrirspurnir og tilkynningar ...	25	14
Samtals	182	100

Tveir flokkar eru hér stærstir; annars vegar mál sem varða embætti presta og hins vegar vandræði er lúta að hjúskap. Til þess að unnt sé að glöggva sig á

1 Hanne Marie Johanssen, *Separasjon og skilsmisse i Norge 1536-1909*. Björgvin 1996, bls. 81-97.

Þessum tölum er vert að bera þær saman við fyrirkomulagið á dögum Brynjólfs Sveinssonar, sem sést í töflu 2.

Tafla 2. Flokkun prestastefnudóma 1639-1674

	Fjöldi	%
Embætti presta	40	16
Kirkjur og kirkjujarðir	38	15
Hjúskapur	29	11
Siðferði	45	18
Trúmál	26	10
Tilkynningar	16	6
Stefnumótun	55	21
Annað	7	3
Samtals	256	100

Algengasti flokkurinn á embættisárum Brynjólfs Sveinssonar var ekki lengur til staðar í tíð Jóns. Hér er átt við það sem kalla má stefnumótun eða með öðrum orðum ákvarðanir um almenn málefni sem vísa til framtíðar. Gott dæmi er Vælugerðisdómur frá 1645, þegar staðfest var að kennimenn ættu einir að sitja í dómi er tæki ákvörðun um embættisglöp presta.¹ Í tíð Jóns Vídalíns hafði prestastefna ekki lengur vald til að taka svo almennar ákvarðanir og þurfti hún að einskorða sig við einstök vandamál sem upp komu og kröfðust úrlausnar. Þá ríkti nokkur óvissa um hlunnindi kirkna á embættistíma Brynjólfs, en hann vann ötullega að því að tryggja hagsmuni kirkjunnar og skýra óvissuþætti sem birtust í kjölfar siðaskiptanna. Þetta kann að skýra þann fjölda mála sem tengist kirkjum og kirkjujörðum í tíð hans. Prestastefnan undir stjórn Jóns fjallaði fremur um mál er tengdust embættum presta. Þeir dómur skiptust eins og sést í töflu 3.

Tafla 3. Dómar um embætti presta 1698-1720

	Fjöldi	%
Ágreiningur við prest	8	12
Embættisverk.....	37	57
Prestslaun	17	26
Annað	3	5
Samtals	65	100

¹ *Guðs dýrð og sálnanna velferð*, bls. 74-77; Björn Karel Þórólfsson, „Vælugerðisdómur Brynjólfs biskups.“ *Nordæla. Afmæliskeðja til prófessors, dr. phil. & litt. jur. Sigurðar Nordals*. Reykjavík 1956, bls. 40-54; Már Jónsson, „Inngangur.“ *Guðs dýrð og sálnanna velferð*, bls. 32.

Sjálf embættisverkin eru algengust. Þar ber helst að nefna vafamál um sakramentið og spurningar um það hvort fólk ætti að taka opinbera aflausn fyrir afbrot sín, en þau tilvik voru ríkur hluti af embættisskyldum presta.¹ Í Norsku lögum frá 1687 er listi yfir þá sem ekki máttu neyta altaris sakramentis nema að undangenginni opinberri aflausn. Eru þar einkum nefnd siðferðisbrot og vanvirðing við Guðs orð og kirkjuna. Altarisgöngur fóru fram að jafnaði tvisvar til þrisvar á ári en áður þurftu menn að hafa játað syndir sínar fyrir prestinum. Menn urðu að vera sáttir við náungann áður en þeir gengu til altaris, enda var friðarkveðjan undanfari þess. Leynileg eða heimugleg aflausn nægði ef syndirnar þóttu ekki alvarlegar, en að öðrum kosti þurfti að taka opinbera aflausn í kirkju að söfnuðinum viðstöddum. Annars fengu menn ekki að ganga til altaris eða voru með öðrum orðum settir út af sakramentinu. Þeir máttu reyndar eftir sem áður sækja guðsþjónustu og eiga samneyti við annað fólk. Prestum var meira að segja falið að hvetja þá í sífellu til þess að gangast undir aflausnina.²

Bannsetning var löngum eitt af algengustu vopnum kirkjunnar og títt notuð á miðöldum. Í lútherskri kirkju var þess vandlega gætt að prestar misnotuðu ekki þetta vald. Útsetning frá sakramenti var hluti af þeim skyldum sem þeir báru gagnvart kirkjustjórninni og því samfélagi sem hún lagði grunn að.³ Það gat varðað embættismissi ef prestur gætti ekki að sér, til dæmis ef hann tók sóknar barn annars prests til altaris án þess að upplýsingar lægju fyrir um það hvort það væri heimilt. Prestar þurftu því að fara varlega. Séra Sigurður Jónsson prófastur í Ísafjarðarsýslu spurði til að mynda árið 1702 hvort veita mætti Guðrúnu Jónsdóttur sakramentið, en hún hafði verið vænd um hórdóm. Svarið var á þá leið að aðeins skyldi taka opinbera aflausn fyrir sakir sem staðfestar væru, því „öngvum beri að haldast frá *sakramentinu* í efasökum“ (bls. 86).

Loks var aðgátar þörf þegar kom að sjálfu aflausnarforminu. Á prestastefnu 1699 áminnti Jón Vídalín séra Sigurð Jónsson prófast í Holti í Önuðarfirði

1 Björk Ingimundardóttir, „Sett út af sakramentinu.“ *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Reykjavík 2001, bls. 140-151. Um altaris sakramentið, sjá Lars Eckerdal, *Skriftermål som nattvårdsberedelse. Allmänt skriftermål i svenska kyrkans gudstjänstliv från 1811 års till 1942 års kyrkohandbok*. Lund 1970, bls. 11-14; Kristján Valur Ingólfsson, „Látið sættast við Guð. Skriftir og aflausn í evangelískri kirkju.“ *Orðið* 24 (1990), bls. 14-16; Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð. Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð*. Reykjavík 1996, bls. 197; Gunnar F. Guðmundsson, „Iðrun og yfirlát.“ *Líndæla. Sigurður Línal sjötugur 2. júlí*. Reykjavík 2001, bls. 213-224.

2 *Norsku lög* 2:9:8; sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* X, bls. 148-149.

3 Tarald Rasmussen, „Utkastet til en egen norsk kirkeordinans fra 1604.“ *Reformationens konsolidering i de nordiska länderna 1540-1610*. Ósló 1990, bls. 68. Um bannfæringu á miðöldum, sjá Láru Magnúsardóttur, „Agameðöl kirkjunnar fyrir siðaskipti: bannfæringar.“ *Íslenska sögugífið* 28.-31. maí 1997. *Ráðstefnurnir*. Reykjavík 1998, bls. 210-220.

fyrir að sleppa Margréti Árnadóttur of auðveldlega í opinberri aflausn hennar, þar sem hvergi kom fram í lestri hans yfir henni að hún hefði borið bónda einn í sókninni röngum sökum í barneignarmáli (bls. 58). Ekki mátti heldur kasta til höndunum við útteilinguna. Séra Vigfús Jóhannsson var kallaður fyrir dóm árið 1711 vegna þess að við altarisgöngu í Hvalsneskirkju hafði hann veitt altarisgestum vínið á undan brauðinu. Fyrir um sumarið hafði hann tekið opinbera aflausn fyrir þessa yfirsjón, en nú skyldi tekin um það ákvörðun hvort frekari aðgerða væri þörf. Biskup lét nægja að dæma séra Vigfús til vægrar fjársektar til viðbótar aflausninni og lagði ekki á hann frekari refsingu, „þar hann er kunnur að góðri hegðan og skikkanlegu líferni“ (bls. 137-140).¹

Tæplega fimmtungur prestastefnumála í tíð Jóns fjallar um hjúskap.² Skýrt var kveðið á um það í kirkjuordinansíunni frá 1537 að kirkjan ætti aðeins að láta sig varða samviskur þess fólks sem bjó í hjúskap og gæta „almenns friðar og kyrrleika“ í þeim efnum. Þetta var áréttað í norsku ordinansíunni og í Norsku lögum.³ Í svonefndum Rípargreinum frá 1542 og hjónabandsartíkulum Friðriks konungs annars frá 1587 eru þó rýmri ákvæði um þátt kirkjunnar í skilnaðarmálum. Í þessum lögum voru jafnframt tíundaðar reglur um leyfilegar ástæður til hjónaskilnaðar sem byggðar voru á kenningum Lúthers. Þrjár skilnaðarástæður töldust gildar eða hórdómur, fjarvistir og getuleysi.⁴ Hér voru línurnar því nokkuð óskýrar, en svo virðist sem menn hafi túlkað orðalagið um samvisku hjóna svo rúmt að með því hafi kirkjunni verið veitt bein aðild að skilnuðum. Í bréfi fulltrúanna Odds og Beyers árið 1709 kvarta þeir undan eftirlátssemi prófasta gagnvart fólki sem drýgði hór. Að þeirra mati þurftu menn sjaldnast að taka afleiðingum slíkra gjörða og sóknarprestar létu undir höfuð leggja að yfirheyrta hina grunuðu. Fóru þeir fram á að prestar hæfu tafarlaust afskipti af slíkum málum og könnuðu hvort maki hins hórseka vildi ekki slíta hjónabandinu. Óskaði makinn eftir skilnaði bæri þeim að tilkynna það prófasti hið fyrsta. Prófasti skyldi þá rannsaka málið frá grunni og fela sýslumönnum eða héraðsdómurum að annast yfirheyrslur. Að því loknu ættu prófastur og biskup ásamt fulltrúum veraldlegs valds að dæma í málinu (bls. 122-123). Þrátt fyrir ákúrrur hinna veraldlegu valdhafa fjalla allmargir dómar um hjónabandið, eins og fram kemur í töflu 4.

1 Málið kom til kasta konungs sem staðfesti dóm biskups, sjá *Lovsamling for Island* I, bls. 689.

2 Um lútherskan skilning á hjónabandinu, sjá Björn Björnsson, „Um hjúskaparmál að lútherskum sið.“ *Lúther og íslenskt þjóðlíf*. Reykjavík 1989, bls. 141-152; Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Ágrip af kristnum hjónabandskilningi.“ *Skírnir* 172:2 (1998), bls. 307-338.

3 *Lovsamling for Island* I, bls. 751-752.

4 *Lovsamling for Island* I, bls. 113-124 og 152; *Íslenskt fornbréfasafn* X, bls. 731-732.

Tafla 4. Dómar um hjúskap 1698-1720

	Fjöldi	%
Hórdómur	25	71
Fjarvist	2	6
Trúlofun	5	14
Hjúskapartálmar	1	3
Annað	2	6
Samtals	35	100

Flest þessara tilvika vörðudu hórdómsbrot. Var að jafnaði eitt slíkt tilvik á ári í tíð Jóns Vídalíns og gott betur. Þá samþykkti prestastefna skilnað í fimmtán tilvikum. Í sumum tilvikum blönduðust tveir þessara þátta í skilnaðarmálum. Árið 1710 var lesinn upp héraðsdómur frá Egilsstöðum „um mál Helgu Skeggjadóttur sem hórast hefur framhjá manni sínum Eiríki Péturssyni, hver hana hefur yfirgefið í hálf tveim árum.“ Enga orsök hafði Helga gefið bónda sínum fyrir fjarvistunum og hafði lifað „hneykslunarlaust í svo margt ár án hjúskaparbrots“, eins og sóknarprestur og sóknarbörn vottuðu. Eiríkur féllst ekki á afsökunarbeiðni Helgu og vildi ekki taka við henni aftur. Dómstóllinn taldi aftur á móti að vegna langra fjarvista hefði Eiríkur fyrirgert rétti sínum til skilnaðar (bls. 127-128). Af öðrum þáttum má nefna það þegar fólk vildi slíta trúlofun eftir að lýst hafði verið með parinu í kirkju. Reglur um slit trúlofunar voru rýmri en gildi um hjúskap. Til að mynda mátti rifta trúlofun ef ljóst var að einstaklingur hafði verið beittur nauðung eða væntanlegur maki hafði brotið af sér. Hið sama átti við ef í ljós kom að annar aðilinn var haldinn alvarlegum sjúkdómi.¹

Þriðji algengasti málaflokkurinn fellur undir liðinn siðferðismál. Þar er fyrst og fremst átt við mál sem lúta að heiðri fólks og kynlífi utan hjúskapar, svo sem sést í töflu 5.

Tafla 5. Dómar um siðferði 1698-1720

	Fjöldi	%
Barneignarbrot	6	25
Ljúgvitni	4	17
Smánaryrði	12	50
Annað	2	8
Samtals	24	100

¹ *Lovsamling for Island I*, bls. 118-119 og 152.

Rekja má upptök annars hvers tilviks sem fellur undir þennan flokk til þess að menn höfðu farið ófögurum orðum um aðra einstaklinga. Þetta er ekki óskýlt þeirri hugsun er bjó að baki kvöldmáltíðarsakramentinu á þessum tíma og gegnsýrði samfélagið, þar sem mikið var lagt upp úr því að fólk væri sátt við náunga sinn. Heiður og æra voru verðmæti sem hið opinbera vald viðurkenndi og varði. Menn þurftu að hafa óflekkað mannorð til að geta átt í eðlilegum samskiptum við annað fólk og höfðu meðal annars þau úrræði að leita til prestastefnunnar ef þeir töldu orðstír sinn hafa beðið hnekki.¹ Í þeim anda var að ósk séra Björns Þórðarsonar árið 1717 lesin yfirlýsing vitna að því er Þorvaldur Þorsteinsson bað séra Björn „auðmjúklega í Guðs nafni fyrirgefningar á þeim ósæmilegu og óviðurkvæmilegu orðum sem hann hefði til hans talað.“ Björn hafði samþykkt þessa fyrirgefningarbón, en óskaði álits prestastefnu um það hvort hann „virðingar sinnar eður heiðurlegs nafns vegna þyrfti frekari aðgjörðir að hafa í þessu efni“ og töldu menn að mannorði hans væri nú borgið (bls. 232-233).

Af öðrum atriðum sem hér koma fram ber að nefna mál er líta að barneign utan hjúskapar, en þau eru fjórðungur þessara mála. Á það ber þó að líta að slík mál féllu almennt undir veraldlegan dómstól.² Kirkjan lét sér engu að síður málin varða og til dæmis voru bæði í ordinansíunni og í Norsku lögum ákvæði um ljósmæður.³ Oft þurfti að treysta á mat kennimanna um það hvort barn væri getið fyrir eða eftir að hjón gengu í hjúskap, enda hafði Brynjólfur Sveinsson tekið saman vitnisburð lærðra manna um meðgöngutíma kvenna sem vísa mátti í.⁴ Þáttur kirkjunnar laut einkum að því hvort viðkomandi karlmaður þyrfti að taka opinbera aflausn í kjölfar barnsfaðernislýsingar. Karlar sem vændir voru um að hafa sængað hjá konu utan hjónabands gátu neitun sinni til stuðnings kallað til eiðsvarna votta sem gáfu þeim vitnisburð um það hvort þeir væru líklegir til að eiga barnið. Tækist þeim það gengu menn að því sem vísu að konan hefði borið manninn ljúgvitni, enda var eiður ígildi sönnunar. Mörg þau tilvik sem koma fyrir prestastefnudóm í tíð Jóns Vídalíns eru af þessu tagi.⁵ Spjótin snerust til að mynda í höndum Margrétar Árnadóttur, sem hafði „vænst eigingiftum Eggert Sæmundssyni til legorðsverknaðar, þó án barngetnaðar með

1 Sølvi Sogner, „Conclusion: The Nordic Model.“ *People Meet the Law. Control and Conflict-handling in the Courts*. Lundi og Ósló 2000, bls. 272-273; Erling Sandmo, „Æren og ærekrenkelsen.“ *Normer og sosial kontroll i Norden ca. 1550-1850. Domstolene i samspill med lokalsamfunnet*. Ósló 1994, bls. 84-85.

2 *Dulsmál 1600-1900. Fjórtdán dómur og skrá*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2000, bls. 37-43.

3 *Íslenzkt fornbréfasafn X*, bls. 123 og *Norsku lög* 2:8.

4 *Guðs dýrð og sálnanna velferð*, bls. 151-155.

5 Marie Lindstedt Cronberg, *Synd och Skam. Ogifta mödrar på svensk landsbygd 1680-1880*. Lundi 1997, bls. 89-92.

sér framhjá hans ektakvinnu Þorkötlu Jónsdóttur.“ Margrét stóð reyndar við framburð sinn eftir að Eggert vann sjöttareid um að hann hefði aldrei fallið í slíka freistni. Hún lét sýslumann bóka eftir sér þessi orð: „Eggert Sæmundsson og ég við höfum haft holdlegt samræði til samans.“ Prestastefnan mat þessi orð hennar ónýt í kjölfar eiðsins og dæmdi Margréti til opinberrar aflausnar „fyrir hennar blygðurnarlausu lygi og uppljóstan á móti því áttunda Guðs boðorði.“ Færi hún ekki eftir því yrði hún áminnt harðlega og síðan framseld veraldlegu valdi til refsingar (bls. 53-54).

Eiginleg trúaratriði komu sjaldan til umræðu á prestastefnum. Þó gerðist það að óvígðir menn grófu lík án nálægðar prests. Þá eru áhyggjur fólks vegna hjálpræðisgildis sakramentanna trúarlegs eðlis, sem og vanvirðing þeirra. Einstaka sinnum má þó greina kenningarlegan ágreining. Séra Gissuri Bjarnasyni var stefnt fyrir prestastefnu meðal annars fyrir að leggja nafn Guðs við hégóma. Við yfirheyrslur yfir sóknarbörnum hans kom fram að hann hefði í predikun látið þessi orð falla: „Sonur Guðs dó ekki nema fyrir upprunasyndina.“ Kirkjugestum blöskraði en hvorki biskupi né öðrum kennimönnum á stefnunni urðu orð þessi tilefni frekari aðgerða (bls. 77-78). Skipting dóma er vörðuðu trúmál sést í töflu 6. Helsta skýringin á því hvers vegna flokkurinn er ekki stærri er án efa hversu einsleitt samfélagið var og ítök kirkjunnar mikil.¹

Tafla 6. Dómar um trú 1698-1720

	Fjöldi	%
Greftrun	6	40
Sakramenti	5	33
Annað	4	27
Samtals	15	100

Undir liðnum tilkynningar og fyrirspurnir (sjá töflu 1) er átt við formlega birtingu á skipunum og lögum sem bárust frá Kaupmannahöfn. Jafnan hófst prestastefna á slíkum upplestri og sum bréfin voru færð til bókar í heilu lagi. Vandalítið er að finna þessi bréf í fyrsta bindi *Lovsamling for Island* og útgefnum *Alþingisbókum*. Stöku sinnum voru bornar upp fyrirspurnir um ástandið í biskupsdæminu. Á prestastefnu 1709 spurði Oddur Sigurðsson til dæmis „hvernig tilstandið væri á þessu ári meðal geistlegheitanna.“ Kennidómurinn svaraði því til að Stórabóla hefði höggvið slík skörð í raðir landsmanna að illt væri í efni:

¹ Alistair McGrath, *The Genesis of Doctrine. A Study in the Foundations of Doctrinal Criticism*. Oxford 1990, bls. 6; Skúli S. Ólafsson, „Predikun á eylandinu.“ *Um predikunina. Erindi flutt á málþingi í Skálholti 1.-2. nóvember 2004*. Reykjavík 2004, bls. 20-21.

... verkafólk tæki nú víðast tvöföld laun við það sem á umliðnu ári verið hefði og fengist þó varla, svo að örvænt þykir að prestarnir á *beneficiis* kunni þau lengi að halda án skemmda og stórrar niðslu á jörðunum ... þá hefur tala skólapilta verið eins mikil í ár svo sem hún var áður en bólusóttin upptók og sýnist því líklegt að köllin muni innan skamms verða með prestum forsorguð (122).

Í þau 22 skipti sem prestastefna kom saman í biskupstíð Jóns Vídalíns var tekið á alls 159 málum sem kröfðust úrlausnar. Í flestum tilvikum fékkst niðurstaða, svo sem fram kemur í töflu 7.

Tafla 7. Lyktir mála 1698-1720

	Fjöldi	%
Dómur	53	33
Úrskurður	26	16
Sýkna	17	11
Sættir	7	4
Áminning	3	2
Frestun	32	20
Frávísun	21	13
Samtals	159	99

Hlutfallið bendir þrátt fyrir allt ekki til mikilla vandræða við dómstörfin. Í þriðjungu mála tókst dómstólum að fella dóm og séu talin þau mál þar sem kveðinn er upp úrskurður í álitamálum sem ekki flokkast undir beinan ágreining eykst hlutfallið í helming. Samanburður við dóma Brynjólfs Sveinssonar í töflu 8 varpar skýrara ljósi á þessa skiptingu.

Tafla 8. Lyktir mála 1639-1674

	Fjöldi	%
Dómur	65	27
Úrskurður	103	42
Sýkna	5	2
Sættir	8	3
Áminning	5	2
Frestun	41	17
Frávísun	15	6
Samtals	242	99

Úrskurðir voru mun algengari í tíð Brynjólfs borið saman við það sem var á dögum Jóns. Með úrskurðum er átt við vandamál eða viðfangsefni þar sem ekki er beinn ágreiningur á ferðinni. Í þeim flokki ber helst að nefna þegar fátækir prestar óskuðu stuðnings til að geta framfleytt sér og sínum. Sá mikli áhrifavaldur í lífi Brynjólfs biskups, Daði Halldórsson, mætti fyrir prestastefnu 1717, þá tæplega áttæður að aldri, og hafði „sökum óhreysti og elliburða frá sér gefið það kall Steinsholt er hann langvaranlega þénað hefur.“ Kennimenn töldu rétt að hann fengi hluta þeirrar ölmusu sem bestu kirkjustaðir gáfu árlega, „þar menn ei annað viti en að greindur séra Daði Halldórsson hafi góða forstöðu veitt sínu embætti þá sé hann þessarar ölmusu velverður“ (bls. 232).¹ Mikilvægast er þó í þessu sambandi, eins og þegar er getið, hversu algengt það var á fyrri hluta embættisferils Brynjólfs að almenn mál í stiftinu væru mörkuð til framtíðar, ólíkt því sem gerðist í tíð Jóns. Slík tilvik eru flokkuð hér sem úrskurðir.

Við dóma á prestastefnum studdust biskup og kennimenn við margvíslegar réttarheimildir. Í hjúskaparmálum var undantekningarlítið vísað í hjónabandsgreinar Friðriks annars. Norsku lög koma einnig víða fyrir, fyrst og fremst í málefnum presta, en önnur bók laganna fjallar sérstaklega um hið andlega vald.² Norsku lög koma einnig við sögu í tengslum við réttarspjöll, til að mynda þegar fjallað var um sektir fyrir fjarvistir frá dómnum. Ákvæði Jónsbókar frá 1281 eru nefnd á fáeinum stöðum, einkum við ákvörðun um sekt fyrir fjarvist frá dómi. Þegar menn greindi á um kirkjujarðir og hlunnindi var gripið til máldaga Skálholtsbiskupanna Vilkins Hinrikssonar (1394-1405) og Gísla Jónssonar (1558-1587). Einnig er iðulega vísað í konungsbréf og má þar nefna recess Kristjáns fjórða frá 1643 og bréf Friðriks þriðja um áminningar presta frá 1650. Norsku ordinansfunnar frá 1607 er getið í tengslum við það að prestur hafði ekki gætt að mögulegum hjúskapartálma er hann trúlofaði þar á Sel-tjarnarnesi árið 1713 (bls. 160-161). Stöku sinnum er stuðst við gamlar venjur og á fyrsta embættisári Jóns Vídalín er áttunda boðorðið nefnt tvívegis er konur urðu uppvísar að ljúgvitni. Fjórða boðorðið er nefnt einu sinni í tengslum við smánaryrði manns við yfirvaldið frá sama ári (bls. 54). Loks var stuðst við fordæmi frá prestastefnum Þórðar Þorlákssonar þegar úrskurðað var um hlunnindi einstakra kirkjujarða og engir máldagar lágu fyrir.³

Ekki tókst að fá niðurstöðu í þriðjung dómanna. Oft var málum frestað

1 Um Daða, sjá *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 301.

2 Athugagreinar Jóns vegna endurskoðunar á kirkjulögum eru prentaðar hjá Arne Möller, *Jón Vídalín og hans postil*, bls. 421-427; sbr. Pál Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Tímabilið 1701-1770*, bls. 29-30. Um Norsku lög á Íslandi, sjá Pál Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*. Reykjavík 1971, bls. 164-196.

3 Sbr. Már Jónsson, „Inngangur.“ *Guðs dýrd og sálnanna velferð*, bls. 27.

vegna þess að aðeins hluti málsaðila mætti eða enginn þeirra. Slíkt er skiljanlegt í ljósi örðugra aðstæðna. Dæmi eru um að menn kæmust upp með fjarvistir frá dómnum þótt engin forföll hefðu verið boðuð, eins og henti tvo presta austan af landi árið 1708:

... eftir því oss vitanlegt er, bæði af góðra manna bréfum og svo almennum róm, að stór harðindi hafa á umliðnu vori gengið í Múlasýslu, og þar að auki hafi sú almennilega bólusótt tekið til að hafa yfirhönd í þeim parti héraðsins sem áðurgreindir málspartar eru að vistum, þá dæmum vér þeim ekki sektir á hendur fyrir þessa útivist (112).

Vert er að spyrja hvað hafi stuðlað að því að jafn vel tókst til og raun ber vitni. Eftir stendur að kennimönnum tókst að komast að niðurstöðu í yfir 70% tilvika. Slíkt er vissulega síðri árangur en hjá Brynjólfi, sem statar af 77% árangri, en á það ber að líta að drjúgur hluti mála í tíð Brynjólfs sneri að almennum ályktunum þar sem ekki þurfti að stefna mönnum fyrir dóm. Ætla má að hlutfallið í tíð Jóns sé svipað og var á öðrum Norðurlöndum. Á héraðskirkjupingum í Svíþjóð á 18. öld varðaði til að mynda þriðjungur dóma dómsspjöll og þá einkum vegna fjarvista.¹

Helmingur dóma kvað á um greiðslu sektar. Oftast rann féð þá til fátækra prestsekkna í samræmi við ákvæði Norsku laga, eða þá að kveðið var á um að þær skyldu renna til nauðstaddrá.² Sektir voru einnig lagðar á flesta sem ekki mættu til dómsins og boðuðu ekki forföll. Þá eru fimmtán tilvik um að dómstóllinn samþykkti hjónaskilnað, eða röskur fjórðungur þeirra dóma sem felldir voru, en einungis átta dæmi eru um slíkt í prestastefnudómum Brynjólfs Sveinssonar.³ Nákvæmari flokkun sést í töflu 9.

Tafla 9. Dómar 1698-1720

	Fjöldi	%
Sekt	27	51
Skilnaður	15	28
Missir kall	1	2
Embættissmissir	4	8
Opinber aflausn	3	6
Heimugleg aflausn.....	1	2
Annað	2	4
Samtals	53	100

1 Björn Furuhausen, *Berusade bönder och bråkikga båtsmän*, bls. 55-56.

2 *Norsku lög* 2:11:11.

3 Skúli S. Ólafsson, „Prestastefnan í Skálholtsstifti ræðir heimilisofbeldi. Innsýn í afskipti kirkjunnar af lífi fólks í árdaga evangelískrar kirkju á Íslandi.“ *Kirkjuritið* 70 (2004), bls. 6-15.

Þegar haft er í huga að vandamál tengd altarissakramentinu voru algeng sætir það furðu hversu sjaldan menn voru dæmdir til að taka opinbera aflausn í tíð Jóns Vídalíns. Þetta var helsta agameðal kirkjunnar og gegndi veigamiklu hlutverki við að viðhalda kirkjuaga og festu í söfnuðunum. Í dansk-norska kirkjuritúalinu frá 1685 er því lýst hvernig slíkri athöfn skuli háttað og virðist megintilgangurinn vera að setta syndarann við Guð og söfnuðinn. Í kjölfar opinberrar játningar er hann tekinn aftur í sátt með þeim hætti að hann neytir altarissakramentis með öðrum í söfnuðinum.¹ Sá háttur sem hafður var á í tíð Brynjólfs og frægur varð er Ragnheiður dóttir hans þurfti að ganga í gegnum þá meðferð í Skálholtsdómkirkju árið 1661 virðist hafa verið aflagður á þessum tíma. Opinber aflausn sem slík var svo afnumin á árunum 1767-1772.²

Prestastefnudómarnir sem heild bera vott um ríkan vilja til að halda samfélaginu í föstum skorðum. Þegar þeirri festu var ógnað brugðust ráðamenn við af hörku. Frumkvæðið kom þó ekki eingöngu frá kirkjunni sjálfri heldur ekki síður frá sóknarbörnunum. Viðbrögð fólks við styggðaryrðum, embættisglöpum presta og misferli með sakramentið má skoða sem vitnisburð um gildismat fólks og viðhorf.³ Þetta gæti meðal annars skýrt þann árangur sem náðist þrátt fyrir þau vandkvæði sem mættu dómstólnum. Þau verðmæti og viðmið sem hann bæði varðveitti og miðlaði nutu almennrar viðurkenningar sem birtist í því að alþýða manna lagði mál sín fram fyrir dóminn og leit á hann sem vettvang til þess að leysa ágreining sinn. Á það hefur líka verið bent að glæpatíðni á Norðurlöndum lækkaði umtalsvert eftir siðbreytinguna og uppreisnir sem voru landlægar á síðmiðöldum heyrðu nánast sögunni til. Kemur þar öðru fremur til það breytta gildismat sem evangelísk kirkja stuðlaði að og það lárétta félagslega taumhald sem einkenndi samfélagið.⁴

Ákærendur í málum þessum voru oftast prófastar, enda hafði áður verið fjallað um hluta málanna á héraðsprestastefnum. Slík mál höfðu ígildi opinberra mála. Einkamál, þar sem einstaklingur var í hlutverki stefnanda, komu einnig fyrir í nokkrum mæli, svo sem sjá má í töflu 10.⁵

1 *Danmarks og Norgis Kirke-Ritual 1685-1985*. Haderslev 1985, bls. 56-59.

2 Guðmundur Kamban, „Daði Halldórsson og Ragnheiður Brynjólfsdóttir.“ *Skárnir* 103 (1929), bls. 55; *Dulsmál 1600-1900*, bls. 11.

3 Eva Österberg, „The Good Old Times. Contrasting Pictures of Swedish Peasant Society.“ *Mentalities and Other Realities. Essays in Medieval and Early Modern Scandinavian History*. Lundi 1991, bls. 87.

4 Hans Evind Næss, „Vold.“ *Normer og sosial kontroll i Norden*, bls. 78-80.

5 Áðgreining opinberra mála og einkamála kom í kjölfar Dönsku laga 1683; sjá Ditlev Tamm, Jens Christian V. Johansen, Hans Eyvind Næss og Kenneth Johansson, „The Law and the Judicial System.“ *People Meet the Law*, bls. 37.

Tafla 10. Ákærendur 1698-1720

	Fjöldi	%
Biskup	16	12
Prófastur	46	34
Prestur	16	12
Karl	21	16
Kona	19	14
Yfirvald	16	12
Samtals	134	100

Konur voru í fullum rétti að leggja mál fyrir prestastefnu, þótt ekki gerðu þær það oft. en sú þróun átti sér reyndar stað á Norðurlöndum eftir siðbreytingu að konur urðu virkari þátttakendur í dómsstörfum.¹ Gjarnan var það í hjúskaparmálum, en einnig kom fyrir að kona lagði fram kæru ef henni var ekki veitt sakramentið. Veraldleg yfirvöld báru þá málin fyrir dóm og lögðu úrlausnarefni fyrir hann sem ekki þóttu efni til að dæma í héraði.

Prestar og prófastar voru í meirihluta þeirra sem kærðir voru fyrir prestastefnu, svo sem birtist í töflu 11. Það samræmist því hversu embættisverk presta voru algengt tilefni dóma. Fólk leitaði iðulega réttar síns ef það var sett út af sakramentinu. Þá ákvörðun mátti kæra fyrir prestastefnu og ef niðurstaðan var sú að ekki hefði þótt ástæða til afsetningar og einstaklingurinn þyrfti ekki að taka opinbera aflausn gat presturinn lent í því að þola sektir og jafnvel missa embættið. Sýnir það öðru fremur með hvaða hætti prestastefnan nýttist sem vettvangur fyrir úrlausn ágreinings í því samfélagi sem henni var ætlað að þjóna.

Tafla 11. Ákærðir 1698-1720

	Fjöldi	%
Prestur	46	32
Prófastur	20	14
Karl	48	34
Kona	28	19
Biskup	1	1
Samtals	143	100

1 Sølvi Sogner, Marie Lindstedt Cronberg og Hilde Sandvik, „Women in Court.“ *People Meet the Law*, bls. 168-175.

Prestastefnudómar Jóns Vídalíns endurspegla þær meginhugmyndir sem voru við lýði á þessum tíma. Þegar hér var komið sögu var hálf önnur öld liðin frá siðbreytingunni og má segja að áhrif kenninga Lúthers og kirkju hans á þjóðina hafi verið í hámarki. *Húspostillan* sem Jón Vídalín gaf út árin 1718 og 1720 miðlaði þeirri hefð, en útgáfa húslestra og andlegra rita stóð um þær mundir í miklum blóma. Einnig voru *Fræði Lúthers minni* gefin út í stórum stíl og með þeim svonefnd *Hústafla* þar sem fjallað var um skyldur hvers og eins innan þess samfélags sem grundvallað var á fjórða boðorðinu.¹ Einstaklingur sem kom fram fyrir prestastefnudóm, hvaða stétt sem hann kann að hafa tilheyrt, skynjaði sig að öllum líkindum sem hluta af ákveðinni heild sem náði allt frá heimilinu til stjórnskipunar samfélagsins, og í raun enn ofar til þeirrar guðlegu skipunar sem veröldin grundvallaðist á. Hann leitaði til kirkjulegs dómstóls þegar hann taldi að tiltekinn þáttur þeirrar heildar hafði riðlast. Honum kann að hafa verið meinud þátttaka í kvöldmáltíðarsakramentinu. Mannorð hans hafði ef til vill verið svert. Embættismenn kirkjunnar höfðu jafnvel beitt hann ofríki. Makinn var honum ótrúur. Eitthvað af þessu gat knúð hann til að leita réttar síns frammi fyrir biskupi, fulltrúa veraldlegs valds og dómi prófasta og klerka.²

Handrit og frágangur texta

Prestastefnudómar Jóns Þorkelssonar Vídalíns eru í frumriti í skjalasafni biskups í Þjóðskjalasafni Íslands í Reykjavík sem *Bps. A-III, 3. Prestastefnubók Skálholts 1698-1734*. Seinni helmingur bókarinnar, frá blaðsíðu 235, tekur til biskupsára Jóns Árnasonar. Séra Jón Halldórsson í Hítardal annaðist prestastefnu sumarið 1721 sem skipaður *officialis* Skálholtsbiskupsdæmis að Jóni Vídalín látnum. Sú prestastefna fær að fljóta með (bls. 250-254) en dómar Jóns Árnasonar bíða betri tíma, ítarlegir og áhugaverðir um margt. Þar er framhald fáeinna mála sem hófust í tíð Jóns Vídalíns og má nefna að trúlofun Árna Oddssonar og Guðnýjar Björnsdóttur (bls. 251-253) var dæmd ógild.³ Þess er vert að geta að enn eru óútgefnir dómar Þórðar biskups Þorlákssonar árin 1675-1697 (ÞÍ. Bps. A-III, 2).

Í þessari bók birtast prestastefnudómar Jóns Vídalíns í heild og aðeins á einum stað er skotið inn stuttum texta til fyllingar. Þar er á ferðinni aukadómur

1 Hilding Pleijel, *Hustavlans värld. Kyrkligt folkliv i äldre tiders Sverige*. Stokkhólmi 1970, bls. 9n.

2 Sbr. Tim Knudsen, „Tilblivelsen af den universalistiske velfærdstat.“ *Den nordiske protestantisme og velfærdstaten*. Árósum 2000, bls. 20-65.

3 ÞÍ. Bps. A-III, 3. Prestastefnubók Skálholts 1698-1734, bls. 235-236.

að lokinni prestastefnu ársins 1714 í máli séra Runólfs Hinrikssonar, sem konungur fól Lárusi Gottrup lögmanni og Steini Jónssyni biskupi að Hólum að taka til dóms af því að Oddur Sigurðsson taldi Jón biskup vanhæfan til að fjalla um málið vegna fyrri afskipta (bls. 199-201). Skyldi engan undra að Jón biskup sá ekki ástæðu til að færa þann gjörning í prestastefnubók sína, jafnvel þótt málinu lyki með sátt. Hér er notað afrit úr fórum jarðabókarnefndar í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, nánar tiltekið AM 446 fol., bl. 272r-275r (fleiri bréf um sama mál eru framar í bögglinum). Aftur á móti er ekki prentuð áður útgefin álitserð presta á prestastefnu 1720 um giftingar félausra ómennskumannna.¹ Fyrir miðri prestastefnubók, á milli bls. 172 og 173, liggur staðfest eftirrit af samningi um viðtöku Steins Jónssonar á Hólastóli, gert á Þingvöllum 21. júlí 1713. Því er sleppt hér.

Í vísitasíubókum Jóns Vídalíns er ekkert að finna sem tengist prestastefnum hans, enda hélt hann ekki slík þing í héraði, ólíkt Brynjólfi Sveinssyni, heldur lét próföstum það umstang eftir. Í bréfabókum Jóns eru hins vegar ófá bréf sem tengjast málum sem komu fyrir prestastefnu og var ákveðið að velja nokkur mikilvæg sýnishorn til birtingar í viðauka (bls. 257-294). Hér fylgir skrá með vísun í blaðsíðutöl heimildarinnar, en blaðsíðutöl hér í útgáfunni eru innan sviga.

a. Bps. A-IV, 4. Bréfabók Skálholts 1699-1703:

Bréf til séra Gissurs Bjarnasonar 12. apríl 1699, bls. 23-24 (bls. 257-258).

Bréf til séra Odds Eyjólfssonar 16. maí og 13. júní 1699, bls. 37-39 og 42-44 (bls. 258-261).

Skipun til presta í Rangárvallasýslu 7. júlí 1699, bls. 51 (bls. 261).

Bréf til séra Þorleifs Árnasonar 23. október 1699, bls. 64-66 (bls. 261-263).

Brot úr úrskurði 1702 um dóm séra Páls Björnssonar, bls. 275-276 (bls. 263).

Fimm bréf um mál séra Stefáns Hallkelssonar árið 1702, bls. 279-282 (bls. 264-266).

Bréf til amtmanns 24. febrúar 1703, bls. 290-292 (bls. 266).

Bréf til séra Ólafs Péturssonar 4. apríl 1703, bls. 295-299 (bls. 258-270).

Svar við dómum séra Ólafs 31. maí 1703, bls. 370-372 (bls. 270-271).

b. Bps. A-IV, 6. Bréfabók Skálholts 1707-1720:

Skipun til séra Einars Bjarnasonar 7. október 1711, bl. 46r-47r (bls. 292).

Stefna séra Einars til séra Jóns Sigmundssonar 1712, bl. 54r-v (bls. 280); en fyllt í eyðu eftir AM 446 fol., bl. 323r.

1 *Alþingisbækur X*, bls. 570-571.

Bréf sent á prestastefnu á Snæfuglsstöðum 20. júní 1712, bl. 61r-62v (bls. 284).

Aðvörðun til Drangavottanna vorið 1716, bl. 124v-125r (bls. 293).

c. Bps. A-IV, 5. Bréfabók Skálholts 1712-1717:

Stefnur til prestastefnu 1713, bls. 154-158 (bls. 282-284).

Stefna til séra Halldórs Pálssonar 22. september 1712, bls. 188-189 (bls. 287).

Tvö bréf til séra Jóhanns Þórðarsonar í október 1712, bls. 192-194 og 197 (bls. 287-288).

Stefnur til þriggja prófesta árið 1713, bls. 255-256 (bls. 289).

Umboð til Þorleifs Arasonar 29. apríl 1714, bls. 299 (bls. 290).

Stefna til séra Magnúsar Magnússonar 29. apríl 1714, bls. 301 (bls. 290).

Forboð sent séra Jóni Sigmundssyni og sóknarmönnum hans árið 1714, bls. 318 (bls. 290-291).

Skipun til þriggja presta í Ísafjarðarsýslu 5. apríl 1715, bls. 360-361 (bls. 291).

Skipun um prestastefnu í Barðastrandarsýslu 5. ágúst 1715, bls. 389-390 (bls. 292).

Bréf til séra Einars Bjarnasonar 1. nóvember 1715, bls. 396-397 (bls. 292).

Ekki fannst bréf biskups 11. febrúar 1709 til séra Halldórs Pálssonar (bls. 116). Fleira hefði svo sem mátt tína til sem tengist prestastefnumálum, en ákveðið var að láta þetta gott heita. Þó er rétt að nefna bréf um Eggert Sæmundsson og séra Gissur Bjarnason, að ógleymdum séra Jóni Sigmundssyni.¹

Pegar er getið aukadóms sem afrit er af í AM 446 fol. Þar eru líka margvísleg gögn í máli séra Jóns Sigmundssonar vegna kæru hans til hæstaréttar árið 1718 (bl. 293r-416v), en Árni Magnússon lagði biskupi lið í þeim mála-
rekstri.² Hér birtast einungis gögn sem varða frávísun Rannveigar Sigurðar-
dóttur frá heilögu sakramenti, en ekki flókið ferli málsins í réttarkerfinu (bls. 283-285). Miðað er við afrit skrifað á Kirkjubæjarklaustri 4. mars 1711 og bætt við bréfi séra Einars Bjarnasonar til séra Jóns Sigmundssonar sem er í afriti ögn aftar (bl. 294r-297v). Í bögglinum er líka frumrit af bréfi séra Jóns til séra Einars og farið er eftir því (bl. 300r-v), en ekki eftir afritinu frá 1711 (sjá hér á bls. 292-293). Orðamunur er óverulegur, en utanáskrift og kveðjuorð veglegri

1 Þf. Bps. A-IV, 4. Bréfabók Skálholts 1699-1703, bls. 81-83 og 111-121. Einkabréf biskups voru ekki athuguð, en er að finna hér og hvar í handritum; sjá til dæmis *Arne Magnussons private brevveksling*. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1920, bls. 653-657; Svavar Sigmundsson, „300 ára afmæli meistara Jóns. Fjögur bréf frá Jóni Vídalín.“ *Mímir* 8 (1966), bls. 5-10.

2 *Arne Magnussons private brevveksling*, bls. 656.

í frumritinu. Sum þessara bréfa eru í prestastefnubókinni líka (bls. 166-167), en eru það stutt að ekki þótti vert að sleppa þeim í viðaukanum og rjúfa samhengi þeirra þar.

Úr öðrum böggli jarðabókarnefndarinnar, AM 445 fol., bl. 277v-281v, eru teknir einkar áhugaverðir vitnisburðir Árna Magnússonar, Páls Vídalíns og séra Vigfúsar Jóhannessonar um framferði séra Halldórs Pálssonar 17. september 1710, auk fyrirgefningarbónar hans (bls. 278-284; sbr. 144). Við upphaf vitnisburðanna er á spássíu skrifað *origin*: til merkis um að skrifað sé eftir frumritum. Rithöndin er kunnugleg úr safni Árna. Fyrirsögn vantar við vitnisburð séra Vigfúsar. Dönsk þýðing allra vitnisburðanna með lagfæringum Árna fylgir í lokin (bl. 283-287).¹ Í sama böggli eru bréf og dómar í máli séra Jóns Halldórssonar og Magnúsar Magnússonar haustið 1712 (bl. 241-268; bls. 287).

Engar skýringar fylgja textanum. Um presta sem koma að málum skal bent á *Íslenzkar æviskrár*. Sum málin birtast í öðrum gögnum frá tímabilinu, svo sem alþingisbókum, sem auðvelt er að leita í. Illmæli séra Einars Ólafssonar við Einar Guðmundsson (bls. 179-181) koma fyrir í útgefinni dómabók Ísafjardarsýslu, sem og hórdómsbrot Eysteins Jónssonar (bls. 237).² Dómabækur Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu eru því miður ekki varðveittar þar sem vænta mætti dóms um barneign Guðrúnar Jónsdóttur (bls. 224-225) og bátsmál séra Stefáns Hallkelssonar (bls. 91-96). Ýmis gögn úr héraði í máli séra Snorra Jónssonar árin 1711 og 1712 eru efst í sérstökum böggli með prestastefnumálum í biskupsskjalasafni.³ Annars var ekki gerð ítarleg leit að efni sem tengist prestastefnudómum Jóns, en þess má geta til viðbótar að mörg bréf og dómar um mál Jóns Ingimundarsonar árið 1714 (bls. 207-210) eru í bréfabók séra Jóns Halldórssonar í Hítardal.⁴ Allmörg bréf skrifaði biskup stiftamtanni á þessum árum, mest um málalþras við Odd og Gottrup, en líka um málefni séra Snorra Jónssonar og séra Jóns Sigmundssonar í bréfi 18. ágúst 1713. Tvö bréf skrifaði biskup Páli Beyer árið 1704 um morðið í Árbæ.⁵ Víða liggja þræðir...

1 *Arne Magnussons private brevveksling*, bls. 653-654.

2 *Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjardarsýslu 1711-1729*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2002, bls. 51-54, 127 og 241-342.

3 Þf. Bps. A-III, 7. Skjöl í prestastefnumálum klerka í Skálholtsbiskupsdæmi 1711-1752.

4 Þf. Skjalasafn prófesta. Mýrasýsla BC/1. Bréfabók 1683-1693 og 1701-1720, bls. 488-508, 528-551 og 572-573; en afrit prestastefnudómsins 13. júlí 1715 á bls. 546-551.

5 Þf. Skjalasafn stiftamtamanns III-51. Bréf Skálholtsbiskups til stiftamtamanns 1706-1720; Skjalasafn amtmanns II-25. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1704-1740: 24. október og 12. nóvember 1704.

Útgefinn texti í þessari bók er nálægt 100 þúsund orð. Skriftin í bókum herra Jóns er víðast skýr og vandalítið að ráða fram úr henni. Texti er sjaldan torræður. Hér eru smávægilegar ritvillur leiðréttar athugasemdalaust og jafnvel þótt meiru sé breytt. Athugasemdum neðanmáls er haldið í algjöru lágmarki og þess eins getið sem gæti skipt máli fyrir merkingu. Hornklofar [] eru settir utan um bókstafi sem ekki verða lesnir vegna skemmda á fáeinum stöðum í handriti, oftast vegna þess að spássíur hafa skemmst; sjá til dæmis hér á bls. 143-144 og 271. Líkleg lausn er sett innan klofans, ef henni er fyrir að fara, en [00] ef engin leið er að ráða í gloppuna eru jafnmörg núll höfð og bókstafir eða orðabil hafa verið þar sem textinn er ólæsilegur.

Víða vantar fyrirsagnir í upphafi prestastefna og þeim er þá bætt við á íslensku. Undirskriftir eru hér settar í dálka sem líkast því sem er í handritinu. Það er þó ekki alltaf hægt, til dæmis þegar þær eru í þremur dálkum eða dálkar eru misfjölmennir. Því ber að forðast túlkun á röð manna án athugunar á handriti. Afbrigði auðkenningar fyrir yfirlýsingu manna um undirskrift *með eigin hendi* og *eigin hönd* eru hér samræmd sem *meh* eða *eh*, en latínuafbrigðið *manu propria* er ávallt *mpp*.

Uppskriftin er orðrétt og stafsetning færð til nútímahorfs, en leitast við að halda sérkennum í máli skrifara.¹ Engin sértákn eru notuð. Nöfn íslenskra manna eru að jafnaði skrifuð að nútíðarhætti. Myndin *Rannveg* er þó látin halda sér og fáein afbrigði sérnafna, til dæmis *Voknaðfjörður*. Nöfn danskra manna, sem stundum lúta íslenskri beygingu, eru höfð eins og í handritinu en stafsetning samræmd. Margvíslegt ósamræmi annað fær að njóta sín, svo sem *biskupnum/biskupinum* og *dómnum/dóminum*, *stigti/stifti* og *iðrun/iðran*, sem og *ekki/eigi/ei*, *eðaleður* og *milli/millum*. Einnig er haldið beygingum á borð við *lýsing* og *kenning* í þolfalli og þágufalli eða *festingina* og *föðurs*. Beyging orðsins *dóttir* víkur á fáeinum stöðum frá því sem tíðkast í nútímamáli. Í handriti er þá skrifað *-dóttir* fyrir *-dóttur*. Þessu er leyft að standa, sem og orðmyndunum *vér* og *vær*. Eins er haldið í *öngvan* og *engan*, *hvör* og *hver*, en vitaskuld haft *hvor* þegar tveir einstaklingar eiga í hlut, sem með fáeinum undantekningum er greinilegt af samhenginu; enn fremur *annara* með einu *r-i* og *þessarra* með tveimur. Orðið *erlegur* fyrir *ærlegur*, sem einnig kemur fyrir, er látið standa, og endingarnar *-lig* og *-leg* sömuleiðis. Beygingarmyndum sagna sem einkenna 17. öld er haldið, til dæmis miðmynd *meðkennustum* og

¹ Sjá *Guðs dýrd og sálnanna velferð*, bls. 36; *Til merkis mitt nafn*, bls. 34-36; Jóhannes Bjarni Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson, *Samræmingarkver. Mál og stafsetning á heimilda-útgáfum*. Fjölrit, Reykjavík 2004, einkum bls. 23-36.

þykjunst. Af orðmyndum öðrum sem haldið er má nefna *orðsök*, *öðruvís*, *friðhulfi*, *samvitska* og *þrjótka*. So er samræmt sem *svo*.

Samræming á einu orði og tveimur er með þeim hætti að frekar eru höfð löng orð en keðjur orða, séu orðhlutar ekki fleiri en þrír, til dæmis *Skálholtsstifti* en *Hafnarkirkju sóknarmenn*. Á þessu eru þó undantekningar, til dæmis *Þykkvabæjaklausturssókn*. Reynt er að hafa sem flestar samsettar sagnir í einu orði, jafnvel þótt það kunni að verka framandlega á lesendur. Má nefna *tilsegja*, *tildæma*, *viðþurfa*, *eftirskrifuð*, *framleggja*, *frambera*, og svo framvegis. Lítil von er að algjört samræmi takist í þessu efni og verður að virða viljann fyrir verkið í von um að árangur sé viðunandi. Í einu orði er skrifað *uppá*, *úti* og svo framvegis, líkt og í handritunum.

Erlend orð, úr latínu og grísku eða dönsku, eru að jafnaði skrifuð með settletri í handriti. Þau eru skáletruð hér, óháð því hvort þau beygjast á íslenska eða erlenda vísu í handriti. Stundum er vandgreint á milli erlends orðs sem slíks og erlends orðs sem hafði öðlast sess í íslensku ritmáli og kann því að gæta ósamræmis í skáletrunum. Þegar fyrir koma orð sett saman úr tveimur hlutum, þar sem annar er íslenskur en hinn erlendur, er sá erlendi hafður skáletraður: *vice*-lögmaður og *synodals* dómur. Mánaðaheiti eru á latínu í handriti en höfð á íslensku hér. Danskir textar eru samræmdir að mestu, en íslensk nöfn höfð stafrétt fyrir forvitni sakir.

Orðið *Guð* er hér með stórum staf, en þannig er að jafnaði í bókum Jóns og á vel við í prestastefnudómum. Orðin *biskup*, *embætti*, *staður*, *sýslumenn*, *lög* og fleiri eru aftur á móti ýmist með stórum eða litlum staf í handriti, en eru hér með litlum. Að jafnaði er leyst úr skammstöfunum og haft *séra* þar sem táknað er *s*. eða *sr*. í handriti, en *magister* fyrir lærdómstítul Jóns, sem í handriti er ávallt auðkenndur með stóru *M*. Konungur er tilgreindur á fjölbreytilegan hátt og er það ekki samræmt: kóng eða kóns eða kóngleg *majestet*. Rómverskum tölum í handriti er breytt í arabískar en þegar tölur eru skrifaðar með orðum er því haldið. Reynt var að virða setningaskipan handrits, en víða varð ekki hjá því komist að hnika henni til í þágu rennslis og merkingar með því að stytta setningar eða lengja.

Greinarmerkjasetning í þessari útgáfu er nokkurn veginn með nútímahætti og reynt að hafa kommur sem fæstar. Greinaskilum er víða bætt við til að léttasturinn og tvípunktum á undan beinum tilvitnunum í mál manna. Prestastefnubókinni fylgir ekki efnisyfirlit og er það útbúið hér (bls. 5-22) með orðalagi sem líkist samtíðar hætti. Atriðisorðaskrá í stafrófsröð fyrir allt bindið fylgir því í lokin (bls. 431-443), en ekki ítarleg. Því var hér útbúið allnákvæmt registur í bókarlok (bls. 295-335) að fyrirmynd útgáfuraðar Þjóðskjalasafns á bókum Hólabiskupa. Á endasprettinum raskaðist próförk á fáeinum stöðum og

einhverjar vísanir í blaðsíðutöl munu vera rangar, en þá er skammt að leita einni blaðsíðu framar eða aftar. *Íslenzkar æviskrár* nýttust við sundurgreiningu á prestum, sem vonandi hefur ekki mistekist í þeim sárafáu tilvikum að alnafnar voru uppi á sömu árum.

Þakkir

Prestastefnudómum Jóns Vídalíns kynntist Már við athuganir á siðferðishögum Íslendinga á dögum Stóradóms. Haustið 2001 notaði hann nokkra tugi blaðsíðna úr bókinni sem skjalalestursverkefni í námskeiðinu *Íslandssaga 1550-1830* við sagnfræðiskor Háskóla Íslands, en fór í framhaldinu að huga að útgáfu og lauk við textann, sem svo lá í salti þar til hugmyndin fékk byr undir báða vængi í tilefni af afmæli Vídalínskirkju. María Jóhannsdóttir aðstoðaði við síðasta yfirlestur textans. Skúli vinnur að doktorsritgerð um prestastefnur á Íslandi á 17. og 18. öld. Hann lagði drög að inngangi og annaðist meginhluta hans, um sjálfa dómana. Már skrifaði um frágang texta, en æviágrip Jóns skrifuðum við saman. Kristnihátíðarsjóði, Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands og Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóði Þjóðkirkjunnar er þakkað fyrir styrki sem nýttust til verksins og Menningarsjóði enn frekar fyrir ómetanlegt fjárframlag til útgáfunnar. Sóknarnefnd Garðasóknar styrkir útgáfuna með veglegu afmælisframlagi og skrifar Matthías Pétursson, formaður sóknarnefndar, formála að þessari bók. Alda Lóa Leifsdóttir, Sverrir Sveinsson og Olgeir Skúli Sverrisson unnu óaðfinnanlega að sínum verkþáttum, en Sigurður Gylfi Magnússon og Jörundur Guðmundsson vöktu yfir framkvæmdinni; og er þeim þakkað fyrir það.

Heimildaskrá

Handrit:

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ.)

Biskupsskjalasafn

Bps. A-III, 2. Prestastefnubók Skálholts 1675-1697.

Bps. A-III, 3. Prestastefnubók Skálholts 1698-1734.

Bps. A-III, 7. Skjöl í prestastefnumálum klerka í Skálholtsbiskupsdæmi 1711-1752.

Bps. A-IV, 4. Bréfabók Skálholts 1699-1703.

Bps. A-IV, 5. Bréfabók Skálholts 1712-1717.

Bps. A-IV, 6. Bréfabók Skálholts 1707-1720.

Skjalasafn prófasta

Mýrasýsla BC/1. Bréfabók 1683-1693 og 1701-1720.

Skjalasafn stiftamtmanns

III-51. Bréf Skálholtsbiskups til stiftamtmanns 1706-1720.

Skjalasafn amtmanns

II-25. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1704-1740.

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

AM 445 fol. Gögn jarðabókarnefndarinnar VIII: dómsmál.

AM 446 fol. Gögn jarðabókarnefndarinnar IX: dómsmál.

Prentuð rit:

Alþingisbækur Íslands. Sautján bindi. Reykjavík 1912-1990.

Arne Magnussons private brevveksling. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1920.

Biblían. Það er heilög ritning. Reykjavík 1981.

Björk Ingimundardóttir, „Sett út af sakramentinu.“ *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi.* Reykjavík 2001, bls. 140-151.

Björn Björnsson, „Um hjúskaparmál að lútherskum sið.“ *Lúther og íslenskt þjóðlíf.* Reykjavík 1989, bls. 141-152.

Björn Karel Þórólfsson, „Inngangur.“ *Biskupsskjalasafn. Skrár Þjóðskjalasafns III.* Reykjavík 1956, bls. 7-76.

- „Vælugerðisdómur Brynjólfs biskups.“ *Nordæla. Afmælistkeðja til prófessors, dr. phil. & litt. jur. Sigurðar Nordals*. Reykjavík 1956, bls. 40-54.
- Cronberg, Marie Lindstedt, *Synd och Skam. Ogifta mödrar på svensk landsbygd 1680-1880*. Lundi 1997.
- Dahlerup, Troels, „Den kirkelige disciplin i Danmark 1536-ca.1610.“ *Reformationens konsolidering i de nordiska länderna 1540-1610*. Ósló 1990, bls. 390-408.
- Danmarks og Norgis Kirke-Ritual 1685-1985*. Haderslev 1985.
- Dulsmál 1600-1900. Fjórtán dómar og skrá*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2000.
- Eckerdal, Lars, *Skriftermál som nattvårdsberedelse. Allmänt skriftermál i svenska kyrkans gudstjänstliv från 1811 års till 1942 års kyrkohandbok*. Lundi 1970.
- Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð. Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð*. Reykjavík 1996.
- *Kirkjan játar. Saga og mótun kristinna trúarjátninga og yfirlit yfir helstu kirkjudeildir kristninnar. Játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar með skýringum*. Reykjavík 1991.
- Furuhagen, Björn, *Berusade bönder och bråkiga båtsmän. Social kontroll vid sockenstämmor och ting under 1700-talet*. Stokkhólmi 1996.
- Guðmundur Kamban, „Daði Halldórsson og Ragnheiður Brynjólfsdóttir.“ *Skírnir* 103 (1929), bls. 36-83.
- Guðs dýrð og sálhanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinsonar árin 1639-1674*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2005.
- Gunnar F. Guðmundsson, „Iðrun og yfirbót.“ *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur 2. júlí*. Reykjavík 2001, bls. 213-227.
- Gunnar Kristjánsson, „Vídalínspostilla og höfundur hennar.“ Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*. Útgefendur Gunnar Kristjánsson og Mördur Árnason. Reykjavík 1995, bls. xv-c.
- Gustafsson, Harald, *Mellan kung och allmoge – ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*. Stokkhólmi 1985.
- Hjalti Hugason, „Hverju breytti siðbreytingin? Tilraun til endurmats í tilefni páfakomu.“ *Kirkjuritið* 55 (1989), bls. 71-99.
- Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. Fimm bindi. Páll Eggert Ólason tók saman. Reykjavík 1948-1952.
- Íslenzkt fornbréfasafn*. Sextán bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857-1972.
- Járnsíða og kristinréttur Árna Þorlákssonar*. Útgefendur Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson. Reykjavík 2005.

- Johanssen, Hanne Marie, *Separasjon og skilsmisse i Norge 1536-1909*. Björgvin 1996.
- Jóhannes Bjarni Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson, *Samræmingarkver. Mál og stafsetning á heimildauðgáfum*. Fjölrit, Reykjavík 2004.
- Jón Halldórsson, *Biskupasögur*. Tvö bindi. Útgefendur Jón Porkelsson og Hannes Þorsteinsson. Reykjavík 1903-1915.
- Jón Jónsson Aðils, *Oddur Sigurðsson lögmaður (1682-1741). Æfi- og aldarlýsing*. Bessastöðum 1902.
- Jón Porkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*. Útgefendur Gunnar Kristjánsson og Mördur Árnason. Reykjavík 1995.
- Knudsen, Tim, „Tilblivelsen af den universalistiske velfærdstat.“ *Den nordiske protestantisme og velfærdstaten*. Árósum 2000, bls. 20-65.
- Kristján Valur Ingólfsson, „Látið sættast við Guð. Skriftir og aflausn í evangeliskri kirkju.“ *Orðið* 24 (1990), bls. 14-18.
- Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til refomationstid XVII*. Reykjavík 1972.
- Larson, Olle, *Biskopen visiterar. Den kyrkliga överhetens möte med lokalsamhället 1650-1760*. Malmöhaugum 1999.
- Lára Magnúsardóttir, „Agamedöl kirkjunnar fyrir siðaskipti: bannfæringar.“ *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit*. Reykjavík 1998, bls. 210-220.
- Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar. Kristni á Íslandi III*. Reykjavík 2000.
- Lovsamling for Island*. Tuttugu og eitt bindi. Kaupmannahöfn 1853-1889.
- Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870*. Reykjavík 1993.
- „Vinur vina sinna. Árni Magnússon leggur á ráðin og falsar bréf.“ *Bóka-hnútur brugðinn Ólöfu Benediktsdóttur fimmtugri*. Reykjavík 1997, bls. 57-60.
- *Árni Magnússon. Ævisaga*. Reykjavík 1998.
- „Inngangur.“ *Guðs dýrð og sálnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639-1674*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2005, bls. 23-40.
- McGrath, Alistair, *The Genesis of Doctrine. A Study in the Foundations of Doctrinal Criticism*. Oxford 1990.
- Møller, Arne, *Jón Vídalín og hans postil*. Kaupmannahöfn 1929.
- Norsku lög 1687: vefútgáfa á slóðinni* <http://www.hf.uio.no/PNH/chr5web/chr5home.html>
- Næss, Hans Evind, „Vold.“ *Normer og sosial kontroll i Norden ca. 1550-1850. Domstolene i samspill med lokalsamfunnet*. Ósló 1994, bls. 62-80.

- Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Tímabilið 1701-1770. Saga Íslendinga* VI. Reykjavík 1943.
- Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*. Reykjavík 1971.
- Pleijel, Hilding, *Hustavlands värld. Kyrkligt folkliv i äldre tiders Sverige*. Stokkhólmi 1970.
- Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar*. Útgefendur Bjarni Vilhjálmsson og Júníus Kristinsson. Reykjavík 1983.
- Rasmussen, Tarald, „Utkastet til en egen norsk kirkeordinans fra 1604.“ *Reformationens konsolidering i de nordiska länderna 1540-1610*. Ósló 1990, bls. 57-73.
- Sandmo, Erling, „Æren og ærekrenkelsen.“ *Normer og sosial kontroll i Norden ca. 1550-1850. Domstolene i samspill med lokalsamfunnet*. Ósló 1994, bls. 81-86.
- Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Ágrip af kristnum hjónabandsskilningi.“ *Skírnir* 172:2 (1998), bls. 307-338.
- Skúli S. Ólafsson, „Jón Vídalín og hans postil.“ *Luthersk påskpredikan i Norden. 2. Traditioner och regioner*. Kaupmannahöfn 2001, bls. 292-309.
- „Predikun á eylandinu.“ *Um predikunina. Erindi flutt á málþingi í Skálholti 1.-2. nóvember 2004*. Reykjavík 2004, bls. 17-26.
- „Prestastefnan í Skálhóltsstifti ræðir heimilisofbeldi. Innsýn í afskipti kirkjunnar af lífi fólks í árdaga evangelískrar kirkju á Íslandi.“ *Kirkjuritið* 70 (2004), bls. 6-15.
- Sogner, Sølvi, „Conclusion: The Nordic Model.“ *People Meet the Law. Control and Conflict-handling in the Courts*. Lundi og Ósló 2000, bls. 267-276.
- Sogner, Sølvi, Marie Lindstedt Cronberg og Hilde Sandvik, „Women in Court.“ *People Meet the Law. Control and Conflict-handling in the Courts*. Lundi og Ósló 2000, bls. 167-201.
- Svavar Sigmundsson, „300 ára afmæli meistara Jóns. Fjögur bréf frá Jóni Vídalín.“ *Mímir* 8 (1966), bls. 5-10.
- Tamm, Ditlev, Christian V. Johansen, Hans Eyvind Næss og Kenneth Johansson, „The Law and the Judicial System.“ *People Meet the Law. Control and Conflict-handling in the Courts*. Lundi og Ósló 2000, bls. 27-56.
- Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-1729*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2002.
- Österberg, Eva, „The Good Old Times. Contrasting Pictures of Swedish Peasant Society.“ *Mentalities and Other Realities. Essays in Medieval and Early Modern Scandinavian History*. Lundi 1991, bls. 61-88.

Prestastefnur Jóns biskups Vídalíns

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1698 þann 4. dag júlí að settri almennilegri stiftisins prestastefnu að Pingvelli voru þessir eruverðugir og heiðurlegir prófastar og prestar í dóm nefndir af biskupinum að Skálholti, *magister* Jóni Þorkelssyni, til að dæma um þaug málefni sem fyrir nærverandi *synodum* verða framborin, séra Árni Þorvarðsson prófastur í Árnesþingi, séra Oddur Jónsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Hannes Björnsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Þórður Oddsson, séra Gísli Álfsson, séra Snorri Jónsson, séra Daði Halldórsson, séra Frans Ibsson, séra Jón Erlingsson, séra Sæmundur Jónsson, séra Hannes Erlingsson, séra Halldór Torfason og séra Eiríkur Eyjólfsson.

I. Var upplesið hans kónglegrar *majestets* allranáðugasta bréf, útgefið *magister* Jóni Þorkelssyni fyrir Skálholtsbiskupsdæmi, *daterað anno 1697 die 16. nóvember*.

II. Var upplesin *citatia* prófastsins í Árnesþingi, séra Árna Þorvarðssonar, með hvörri hann eftir forlagi biskupsins hafði á þessu vori *citerað* prestinn séra Sigurð Eyjólfsson að Arnarbæli fyrir *synodum generalem* vegna þess misferlis sem uppáfallið var með hönum og hans ektakvinnu, Þórunni Bjarnadóttur yngri, með þeirra barngetnaði fyrr en heilögu hjónabandi heyrir, *dateruð* Görðum á Álfanesi 28. maí *anno 1698*. Meðkennir nú presturinn séra Sigurður að hann fyrrgreinda *citatiu* séð og yfirlesið hafi, hvar fyrir kennidóminum virðist hann löglega fyrirkallaður. Og að yfirskoðuðu málefni séra Sigurðar ályktar *synodus* að prestinum séra Sigurði byrji eftir kóngsins lögum, eftir *recess Christiani quarti lib. 1, art. 32, cap. 1*, að missa hans kall, en behalda ennþá hans prestsembætti, eftir því að sami *articuli* ákveður ei frammar, en þeir prestar sem í þann máta forsjá sig missi kallið.

III. Var upplesinn héraðsprestadómur úr Kjalarnesþingi undir útnefnd prófastsins, séra Odds Jónssonar, viðvíkjandi hjónaskilnaði þeirra persóna Þorbjarnar Einarssonar og Ingveldar Gunnarsdóttur sökum hans hórdómsbrots, hvörs vegna nefnd Ingvöldur hefur afsagt Þorbjörn aftur til hjónabands að taka, eftir því sem þess máls rannsókn og prestanna dómsálit inniheldur, hvört héraðsprófastsins dómsálit kennidómurinn á þessari *synodo* samþykkir og full-

komlegt ályktar í sérhvörn máta, eftir því sem þessu máli var þá komið er skilnaðardómurinn gekk í héraði.

Hér að auki auglýstist nú að fyrirtéð Ingvöldur Gunnarsdóttir hafi laungetið barn í heiminn fætt þann 22. febrúar nú næstliðinn, en skilnaðardómurinn gekk þann 22. september þar næst fyrir, *sub dato anno* 1697, hvörs síns laungetna barns föður Ingvöldur hefur lýst Jón Ísólffsson ógiftan. Uppá þetta nýja tilfelli Ingveldar hefur héraðsprófasturinn, séra Oddur Jónsson, boðað og tilsagt henni að koma fyrir þessa Skálholtsstiftis prestastefnu til viðurmælis og með þær afbatanir sem hún hafa kann sér til forsvars, eftir því sem *citation* sjálf sér líkast hermir og hér nú auglýsist að hún hefði fyrir Ingvaldi lesin verið þann 15. maí 1698, svo sem hér skilmerkilega og skriflega framkom. En afbötun Ingvöldar sökum hennar vottaðra veikinda og forfalla var einninn hér í sama stað framborin, einkanlega þar hún hafði ei burði til hingað að koma.

Nú að þessu málefni Ingvöldar og barneignarbroti yfirskoðuðu, sömuleiðis þeim fyrri fjærvistum Þorbjarnar frá sinni kvinnu meir en full tvö ár, eftir því sem prófastsdómurinn umgetur, þá er nú að nýju kennidómsins ályktun og dómsatkvæði, að hjónaband Þorbjarnar Einarssonar og Ingvöldar Gunnarsdóttur sé hér eftir og framvegis öldungis sundurlaust og aðskilið, sérdeilis fyrir þær gömlu fjærvistir Þorbjarnar og aðrar fleiri kringumstæður sem að þessu efni hníga, og að Þorbjörn kunni ei né megi Ingvaldi áfrýja né kæra fyrir hennar þetta uppfallið brot, sem menn kunna þó ei annars að meta en hórdómsbrot sé, til hvörs hann hafi henni orðsök gefið með sínum fjærvistum og vondri breytni. En hvað hennar sekt eður líkamlegu straffi má viðvíkja, stendur til góðra linkinda slíkra sem veraldlegt yfirvald vill henni auðsýna. En báðar þessar persónur haldi sig héðan í frá eftir inngefnu kónglegu lögmáli.

IV. Kom fyrir *synodum* skrifleg umkvörtun heiðurlegs kennimanns, séra Péturs Ámundasonar, hvörja hann gjört hafði fyrir sínum héraðsprófasti, eruverðugum séra Oddi Jónssyni, að hann fátæktar og efnaleysis vegna alúðlega leiti uppheldismeðala og styrks af *taxeruðum beneficiis* hér í Sunnlendinga-fjórðungi, eftir meðaumkunarsömu álitu veleruverðugs herra biskupsins og samankominna kennimanna. Er þess vegna svo *deputerað* og niðursett að hérnefndur fátækur kennimaður, séra Pétur Ámundason, í sitt tillag uppberi af Holti undir Eyjafjöllum 30 álnir, af Breiðabólstað 90 álnir, af Odda 50 álnir, af Gaulverjabæ 30 álnir, af Hruna 20 álnir, af Görðum á Álftanesi 30 álnir, af Reykholti 30 álnir, af Melum í Melasveit 20 álnir. Eru heiðurlegir kennimenn hér með ávarpaðir sem þessum útlátum gegna eiga, að þeir nefndu tillagi tregðulaust útsvari og það í dauðum aurum, þar sem þeim í þetta sinn er helftin eftirgefin af því sem með réttu af nefndum stöðum útsvarast ber. Er hér með áskilið að þetta tillag afhendist velnefndum prófastinum, séra Oddi Jónssyni,

svo að hann meðbýti því þeim þurfanda kennimanni eftir því sem hönum hagsamlegast virðist. Tilskilur kennidómurinn að sérhvör prófastur í sínu héraði haldi prestunum til að greiða áðurskrifaða fémuni í góðum og þarflegum dauðum aurum og það í hentugan tíma.

V. Kom fram fyrir *synodum* prestastefnudómur prófastsins séra Sigurðar Jónssonar, genginn að Mýrum við Dýrafjörð dag 7. júní *anno* 1698, með hvörjum hann hefur innsett fyrir *synodum generalem*, á meðal annars um hjónabandsskilnað Halldórs Sumarliðasonar og Sæunnar Þorsteinsdóttur sökum hans hórdómsbrots með opinberri barneign framhjá sinni nefndri ektakvinnu Sæunni. Og nú eftir því að nálægum kennidómi sýnist ei svo fullkomlega í héraðsdóminn innfært sérhvört sem hjónabands *articularnir* fyrirskipa, bæði um beggja persónanna viðurmæli fyrir dómi eður þeirra fyrirfall, sem og að sú persónan sem frá hjónabandinu vill leysast sé öldungis skuggalaus uppá sína erlega breytni, eður hvað annað sem slíkum hjónaskilnaðarmálum hlýðir til löglegrar rannsóknunar í frekasta máta á báðar síður, þess vegna er kennidómsins atkvæði hér uppá að eruverðugur héraðsprófasturinn, séra Sigurður Jónsson, taki hið fyrsta án undandráttar þetta mál að nýju undir tilheyrilegt fyrirfall, innvirðilega rannsókn og endilegan dóm, það framast hönum er með sínum héraðsprestum mögulegt, einkum tylftarnefnd, ef þar kunna færi á að verða. Annars hafi hann fullkominn myndugleika presta úr næsta prófastsdæmi að kalla eftir hentugleikum og sendi síðan dóminn til Skálholts, biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni til yfirskoðunar og þess fullkomins samþykkis sem hann vill ágjöra, því vel er athugandi, að persónunum löglega fyrirkölluðum, það sú sem áklagar sé saklaus eður og hafi öngva orðsök þeirri sökuðu gefið til misgjörningsins. Einnin að þaug séu frjáls frá holdlegu samræði eftir það sú sakaða persónan fannst brotleg orðin.

VI. Kom til greina um þann annan póst af eruverðugs héraðsprófastsins dómi úr Ísafjarðarsýslu viðvirkjandi því málefni um Margrétu Árnadóttur, sem eftir dómsins innihaldi hefur vænst eigingiftum Eggert Sæmundssyni til legorðsverknaðar, þó án barngetnaðar með sér framhjá hans ektakvinnu Þorkötlu Jónsdóttur, hvar á móti velnefndur Eggert Sæmundsson hefur (eftir því sem hér hefur nú af héraðsgjörningnum auglýst verið) sjöttareidd með fangavottum unnið fyrir áburðaruppljóstan fyrrnefndrar Margrétar Árnadóttur, en hún samt, eftir því sem bæði héraðsprófastsins álit og valdsmannsins Páls Torfasonar dómur útvísar, hafi ennþá staðið við sinn áburð uppá Eggert, einkanlega með þessum orðum í sýslumannsins dóm innfærðum: Eggert Sæmundsson og ég við höfum haft holdlegt samræði til samans. *Datum* þess dóms að Mýrum við Dýrafjörð þann 25. febrúar *anno* 1698.

Nú hvað helst áhrærir valdsmannsins dóm uppá undanfæri Eggerts og hans

skýrslu, þá má þar af hvorutveggju fullkomlega sjá og meta að áburðarlýsing Margrétar sé þar með öldungis ónýtt gjörð. Og þess vegna er fullkomið dómsatkvæði og ályktun kennidómsins á þessari *synodo*, með velbyrðugs herra amtmannsins samþykki, að fyrirtéð Margrét Árnadóttir skuli opinbera aflausn taka, einkanlega af sjálfum prófastinum, séra Sigurði Jónssyni, fyrir hennar blygðunarlausu lygi og uppljóstan á móti því áttunda Guðs boðorði, að því tillögðu sem eruverðugum héraðsprófastinum virðist frammar aflausnarforminu tilhlýða mega nefndri Margrétu til viðurkenningar. En vilji hún soddan aflausnarform eigi auðmjúklega þekkjust eður undirganga, þá er svo tileinkað að henni gjörist ennþá framvegis tilheyrilegar áminningar opinberlega. Og sé svo nefndrar Margrétar málefni af prófastinum skilvíslega til sagt með góðri röksemd kónglegrar *majestets* valdsmanni í Ísafjarðarsýslu uppá þær aðgjörðir sem honum ber að framkvæma eftir kónglegrar *majestets* Friderici *tertii missive* til lénsherrans, hans *excellences* salige herr Henriks Bielkes, *dateruðu* Kaupenhafn þann 3. maí *anno* 1650, hljóðandi um þá harðhnökkuðu sem ekki akta prestanna áminningar. En kunni þær aðgjörðir valdsmannsins lengur með forsómun undan að dragast en tilhlýðir, þá gefi héraðsprófasturinn yfirvaldinu það sem fyrst til vitundar, svo að þetta sérhvað ske og framkvæmast megi í allan forsvaranlegan máta.

VII. Sá þriðji *articuli* héraðsprófastsins, eruverðugs prófastsins séra Sigurðar Jónssonar, hljóðar um aflausn Guðmundar Guðmundssonar á Baulhúsum, sem hér á Öxarárþingi í fyrrasumar eftir alþingismanna dómi refstur var fyrir óviðurkvæmileg smánaryrði við yfirvaldið, einkanlega lögmanninn herra Sigurð Björnsson, uppá hvörn nefndan alþingisdóm og álagða refsing Guðmundur hefur enn nú ei neina lögmæta áfrýjun gjört, svo nefndur dómur í nokkurn máta þar fyrir veikist eður hans sök kunni að kallast *causa pendens*. Merkist nú af héraðsálitinu að Guðmundur hafi ei ennþá opinbera aflausn tekið fyrir áður-sagða misgjörð og ei heldur fyrir þann héraðsprestastefnudóm komið til andsvara, jafnvel þó hann þar um aðvaraður verið hafi, hvað heldur sýnist til þverúðar en auðmýktarhlýðni horfa.

Er nú hér uppá endileg ályktun og dómsatkvæði kennidómsins á þessari *synodo* að nefndur Guðmundur taki opinbera aflausn fyrir sínar ótilheyrilegar misgjörðir og smánaryrði, sérdeilis móti því fjórða og áttunda Guðs boðorðum, og þá aflausn veiti honum alvarlega og yfirdrepskaparlaust héraðsprófasturinn, séra Sigurður Jónsson, með slíku formi sem honum með sinni röksemd virðist þar tilhlýða, og eftir því sem fyrr er skrifað. En vilji nefndur Guðmundur þessari skikkun og kennivaldsins dómi ekki hlýðnast með auðmýkt og undirgefni, svo sem prófasturinn honum tilsegjandi verður, þá sé við hann í frammi hafðar löglegar áminningar eftir kirkjunnar reglu og nefndur Guðmundur síðan með

soddan þverúðar málsvexti (ef skeður) tilsagður kónglegrar *majestets* valds-
manni í Ísafjarðarsýslu til þeirra atgjörða sem tilheyra þeim er kirkjunnar
áminningar forakta og kónglegrar *majestets missive* Friderici *tertii* uppáhlýðir,
datum Kaupenhafn 3. maí 1650. En forsómist soddan aðgjörðir með ótilbæri-
legum undandrætti, þá ávísi héraðsprófasturinn yfirvaldinu það með fyrstu
hentugleikum, svo þar mætti því heldur leiðrétting áverða.

VIII. Var upplesinn héraðsprestadómur úr Þórneshöfði undir útnefnd próf-
astsins séra Ásmundar Eyjólfssonar, *dateraður* Hraunhöfn í Staðarsveit þann
16. júní 1698, hljóðandi um hjónabandskilnað Jóns Jónssonar og Guðrúnar
Jónsdóttur sökum hans barneignarbrots í hórdómi með Ingileifi Bjarnadóttur
framhjá hans ektakvinnu Guðrúnu Jónsdóttur, eftir því sem sami dómur útskýrir
og greinilega *tracteraður* finnst af nefndarprestunum, hvörs vegna sami dómur
er hér í *synodo generali* af herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni full-
komlega samþykktur í öllum sínum atriðisgreinum, svo að nefndar persónur,
Jón Jónsson og Guðrún Jónsdóttir, séu hvort við annað hér eftir löglega skilin
að þeirra hjónabandi, og Jóni hér með tilskikkað að halda sig eftir kónglegrar
majestets hjónabands *articulum*, nefnilega að ei sé til búfestu eður heimilis í
því héraði sem Guðrún sú sem hans ektakvinna var til vistar staðnæmist, svo
og að nefndum Jóni leyfist ekki án kónglegrar náðar að bjóðast eður gefast til
ektaskapar framvegis.

IX. Kom fyrir *synodum generalem* stefnumál af Gísla Eiríkssyni, nefndar-
manni í Múlaþingi, viðvíkjandi nokkurs konar misklíð millum hans sóknar-
prests, séra Halldórs Eiríkssonar að Eydölum, og nefnds Gísla uppá prests- og
kirkjuskyldna tiltölu, sem og aðrar skuldarstöður, eftir því sem af beggja hálfu
var hér framborið að nálægum Gísla Eiríkssyni. Nú þar þetta efni var til yfir-
skoðunar komið, þá úttalaðist það á þann hátt að eruverðugur prófasturinn, séra
Árni Þorvarðsson, eftir skriflegum tilmælum séra Halldórs Eiríkssonar, átókst
þessa misklíð til góðrar einingar að leiða við Gísla Eiríksson, hvörjir nú báðir
með ráði herra biskupsins og nálægra kennimanna öldungis niðurslógu allri
þeirri misklíð, ákærum og skuldaheimtum í sérhvörn máta á báðar síður, inn til
þessa tíma sem rísa hefði mátt til nokkurs hugmóðs eður ákæru millum séra
Halldórs Eiríkssonar og Gísla Eiríkssonar, að það skyldi fullkomlega dautt og
magtarlaust vera hér eftir, hvar uppá séra Árni Þorvarðsson í nafni séra Hall-
dórs Eiríkssonar og hans vegna hafði fullnaðarhandsöl við Gísla Eiríksson, að
svo óbrigðanlega með tilheyrilegri vinsemd haldast skuli sem fyrir segir.

X. Kom fyrir *synodum* innlegg eruverðugs prófastsins í Rangárvæpingi, séra
Odds Eyjólfssonar, hljóðandi:

1. Um Borgarkirkju undir Eyjafjöllum, sem öldungis ónýt sé og að falli
komin, hvört hún skuli *reparerast* annarstaðar ellegar hvörgi.

2. Hvað verða skuli af því gamla timbri kirkjunnar ef hún á ekki að *reparerast*.

3. Hvörnin fara skuli um þaug kúgildi sem kirkjunni eru eignuð, hálf fimmta að tölu, sem hönum viðkoma (en alls níu), þar á kirkjunnar eign ei forsorgist utan tvö.

4. Hvört *leverast* eigi *ornamenta* kirkjunnar.

5. Um fastaeign kirkjunnar, hvar lenda skuli.

Hvar til kennidómurinn með biskupinum svara, að þó að svo sé oss virðist séra Oddi nauðsyn á hér um að kvarta, þá eftir því að vér finnum ekki af kónglegu lögmáli að oss tilheyri að taka frá kirkjum eður prestum það þaug eftir kónglegri náð og gamallri *praxi ecclesiae* notið hafa, þá kunnum vér hér uppá öngva fullkomna úrlausn að gjöra, heldur meinum það tilheyra háyfirvöldunum, hvörjum umhugað er kirkjurnar og þeirra þénara að forsorga.

Framvegis hvað viðvíkur, eftir innleggi velnefnds prófastsins séra Odds Eyjólfssonar, Kálfholtssstaðar afhendingu að yfirskoðast mætti, hvör afhending hér var nú opinberlega í *synodo generali* upplesin, *dateruð* 10. júní þessa árs, þar inni stendur allra síðast að hvað sem kunni á að vanta eður vantalt að vera í sagðri afhendingu standi til leiðréttingar yfirvaldanna sem þar eiga yfir að segja. Nú með því að séra Bjarni Hallgrímsson er ei nálægur hér í þetta sinn, þá þykir kennidóminum hér *in synodo* sér hvörki fært né forsvarlegt endilega úrlausn á þessari misgreining að gjöra, heldur er það sérhvört aftur sett til héraðsprófastsins innvirðuglegrar yfirskoðunar og röksamlegra aðgjörða í héraði uppá staðarins afhending, gildleik eður uppbót, sem og hvað annað því efni viðvíkjandi og prófastinum sjálfum ber með góðra manna aðstoð í héraði fullkomlega og forsvaranlega úr að greiða með sanngirnilegum jöfnuði á báðar síður.

Samt er kennidómsins einlæg meining að svo auglýstu í þetta sinn, það *contract* millum séra Bjarna og séra Gunnars, *dateruð* Odda 20. júlí 1692, kunni ekki fyllilega að frelsa séra Bjarna Hallgrímsson þar frá að hann afhendi ei Kálfholtssstað með forsvaranlegri byggingu að húsum og hvörju öðru sem þeim *beneficiis* byrjar á sig komnum að vera, sem skylt og fyrirskilið er að haldast skuli við góða hefð og magt.

Að síðustu framsetur prófasturinn séra Oddur í sínu innleggi til ráðfæringar hvörsu höndla skuli nær nokkur sýnir á sér einhvörja óhæfilega hneykslunarbreytni í söfnuðinum, utan eður innan kirkju, sérdeilis nær heilög Guðs þjónustugjörð er framin. Hvar uppá kennidómurinn svo einlæglega svarar að héraðsprófasturinn óski og beiðist kóngsvaldsins alvarlegrar tilhlutunar og aðstoðar við kennidóminn, slík óhæfuverk sem óráðvandir menn kunna að gjöra, löglega upp að taka, rannsaka og kostgæfilega að straffa sem ber, svo kristileg kirkja og hennar þénarar kynni því heldur í friði að gjöra skyldu sinnar kallanar, hvar

að einninn hnígur uppá veraldlegs valds skyldu sá síðasti *articuli í ordinanti-
unni*: Hvað ef ei fást kann nauðungarlaust, þá tilskyldist héraðsprófasturinn að
kæra soddan vansa og forsómun fyrir æðra yfirvaldi, vilji hann annars
afsakaður vera.

Þetta allt fyrrskrifað í tíu *articulum* hefur svo framfarið sem hér umgetur
með ályktun og atkvæði kennidómsins, ásamt biskupsins *magisters* Jóns Þor-
kelssonar samþykki, hvörju til sannindamerkis og kraftar þetta undirskrifað er
með eigin höndum biskupsins og nálægra kennimanna, hvað þeir sameiginlega
óska að veðla og velbyrðugur herra amtmaðurinn Christian Müller vilji
einninn með sínu hér undirskrifuðu nafni samþykkja og staðfesta. *Actum*
Þingvelli þann 6. júlí *anno ut supra*.

In nomine Domini amen

Anno 1699 dag 4. júlí að settri almennilegri prestastefnu að Þingvelli voru
þessir eruverðugir og heiðurlegir kennimenn, prófastar og prestar Skálholts-
stiftis, séra Árni Þorvarðsson, séra Oddur Eyjólfsson, séra Ásmundur Eyjólfsson,
séra Ólafur Pétursson, séra Jón Halldórsson, séra Björn Stefánsson, séra Ólafur
Jónsson, séra Benedikt Pétursson, séra Jóhann Þórðarson, séra Frans Ibsson,
séra Eiríkur Þorsteinsson, séra Hannes Halldórsson, séra Jón Erlingsson, séra
Torfi Bjarnason og séra Ólafur Eiríksson, í dóm nefndir af biskupinum *magi-
ster* Jóni Þorkelssyni, til ályktunar og úrgreiðslu þeirra mála sem til hafa fallið
í Skálholtsstifti á umliðnu ári, síðan næst fyrirfaranda alþing.

I. Voru þessi kónglegar *majestets* allranáðugustu bréf upplesin *in synodo
generali*:

1. *Copie* af bréfi séra Eiríks Sölvasonar fyrir Þingmúla í Skriðdal, *datum*
Kaupenhafn 7. maí *anno* 1698.

2. Bréf séra Eiríks Þorsteinssonar fyrir Stað á Reykjanesi af *dato* Kaupen-
hafn 25. apríl *anno* 1699.

3. Séra Jóns Torfasonar fyrir Breiðabólstað í Fljótshlíð *de dato* Kaupenhafn
25. apríl *anno* 1699.

4. *Restitutionis* bréf séra Jóns Jónssonar til prestlegs embættis, *datum*
Kaupenhafn 29. apríl *anno* 1699.

5. *Restitutionis* bréf séra Lýðs Magnússonar til prestlegs embættis *de dato*
Kaupenhafn 22. apríl *anno* 1699.

II. Framkom Guðmundur Björnsson, hvörn Eggert Sæmundsson segir sig
í bréfi biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni tilskrifuðu umbeðið hafa að
upplesa eitt innlegg *in synodo generali*, hvörs meining er sem eftirfylgir:

1. Er hans alúðarbón að biskupinn sér einfaldlegs svars með dómi unna vilji, hvört Margrét Árnadóttir hafi mátt leysast í vansátt við sig og sína ektakvinnu Þorkötu Jónsdóttur.

2. Hvört lausnarform sem heiðurlegur prófasturinn, séra Sigurður Jónsson, fyrir henni framlesað hafði að Holti við Önuðarfjörð *anno* 1698 þann þriðja sunnudag eftir *trinitatis* sé svo sem því byrjaði að vera.

3. Hvört Eggert sinnar persónu vegna uppá sína æru og réttugheit sé ei óhindraður og átölulaus í þessu efni, þó ei framar í þessu verki *procideri* það andlegum viðvíkur.

Hér til er biskupsins og kennidómsins andsvar sem eftirfylgir:

Uppá hinn fyrsta póst, að nefnd Margrét hafi ekki mátt leysast í vansátt við Eggert og hans ektakvinnu Þorkötu Jónsdóttur að orðsakalaus, nema þaug hefðu henni ótilbærilega sátta og fyrirgefningar synjað nær hún hennar auðmjúklega og alvarlega leitað hefði, hvað henni fullkomlega og kristilega fyrir aflausnina tilheyrði að gjöra.

Uppá þann annan póst í innleggi Eggerts Sæmundssonar svarast að það aflausnarform er heiðurlegur prófasturinn, séra Sigurður Jónsson, fyrir henni framlas að Holti við Önuðarfjörð *anno* 1698 þann 13. sunnudag eftir *trinitatis*, sé ekki svo fullkomið sem því byrjaði að vera, sökum þess að ei framkemur skilmerkilega í hennar aflausnarformi að hún hafi nefnilega lygi uppá sig játað eftir eiði Eggerts. Því svo hljóðar kennidómsins ályktun á þessari *synodo* í fyrra *anno* 1698, að Margrét Árnadóttir skuli opinbera aflausn taka fyrir hennar blygðunarlausa lygi og uppljóstan á móti því áttunda Guðs boðorði, hvar við kennidómurinn enn nú blífur. Er velnefndur prófasturinn hér með alvarlega aðvaraður af biskupinum að hann framvegis skuli tilhalda prestunum í hans prófastsdæmi að þeir láti þá er opinberlega brotlegir verða í þvílíkum sökum kristilegra sátta leita af þeim, við hvörja þeir misgjört hafa, þar því má viðkoma og eigi bannar *casus necessitatis*.

Hvað viðvíkur því þriðja í Eggerts Sæmundssonar innleggi, hvört hann sinnar persónu vegna uppá sína æru og réttugheit sé ei óhindraður og átölulaus í þessu efni, þó ei framar í þessu verki *procideri* það andlegum viðvíkur, þá svarast að dæma yfir hans æru og réttugheitum fellur hans veraldlegu yfirvaldi til, en Eggert Sæmundssyni sé í sjálfræði þær aðgjörðir hér úti að hafa framvegis sem hann löglega kann að gjöra.

III. Þann 3. júlí upplás virðuglegur prófasturinn í Rangárþingi, séra Oddur Eyjólfsen, skriflega angefningu prestsins séra Magnúsar Jónssonar að Breiðabólstað, þann *casum* hann segir tilfallinn á sínu heimili í nálægð og áheyrn séra Jóns Torfasonar, hvör svo hljóðar sem eftirfylgir:

Virðuglegi *domine preposate*. Hér á heimili mínu í nálægð minni og míns heimilisfólks tilfelli á fjórða dag jóla *casus* nokkur í meðhöndlan heilagrar þjónustugjörðar *capellans* míns, séra Jóns Torfasonar, hvörjum *casu* svo er varið sem eftirfylgir:

Nefndur séra Jón var kallaður þennan dag heilaga aflausn og vors herra Jesú Kristi *sacramenti* að útdeila sóttveikri konuskepnu. En í þessari prestsins heilagri þjónustu undanfelli fyrir honum heilaga aflausn og synda fyrirgefning þessari þjáðu skepnu í Guðs stað að veita. Þar næst undanfelli fyrri partur heilagrar kvöldmáltíðar innsetningarorða, því nær presturinn skyldi brauð og vín helga mælti hann svo: Vor herra Jesús Kristur, á þeirri nátt sem hann forráðinn var tók hann kaleikinn, gjörði þakkir, og svo þennan innsetningarpart til enda. En þann fyrri um brauðsins brotning og herrans þakkargjörð þar yfir nefndi hann ekki. Útdeildi svo þessari þjáðu skepnu óhelgað brauð en helgað vín. Hvörnin framvegis hér um höndlað verður er til Guðs og yðar úrráða sett, því ég vogaði ekki þessu undir stól að stinga svo yður ei til vitundar gefið væri. Hvörki er mér gagn né girnd í prestsins falli. Bið yður nú og óska að mér úrlausn gefið, hvört ég skal honum framvegis brauð og vín í höndur fá til þvilíkrar heilagrar þjónustugjörðar, því ég vil gjarnan ámælislaus og vandalaus fyrir mína eigin persónu um þetta tilfelli vera. Skriflegan vitnisburð þeirra sem hér viðstaddir voru hefi ég enn nú ekki tekið, hvör þó vís er nær sem óskað er. Þetta mun nú allareidu svo vítt komið að ég voga ekki né get minnar samvitsku vegna hér um þagað, *etc.*

Datum Breiðabólstað dag 2. janúar *anno* 1699. (Undirskrifað nafn) Magnús Jónsson.

Eftir þessari angefningu, hvörja presturinn séra Gunnar Einarsson í umboði séra Magnúsar meðkennir að hann á næstumliðnum vetri prófastinum skriflega tilsent hafi, þá hefur velnefndur prófasturinn þennan *casum* skriflega *refererað* til biskupsins, *magisters* Jóns Þorkelssonar, og aðspurt hvört að séra Jóni skuli bannast í midlertíð að skipta sér af heilags *sacramentis* útdeilingu, eður hvört eigi megi eftirlátast að séra Jóni Torfasyni leyfist, svo lengi sem þetta efni verður eigi löglega upptekið og rannsakað, að predika Guðs orð fyrir söfnuðinum af predikunarstólnum, þó frá hinni annarri þjónustugjörðinni sér haldi. Þar uppá er skriflegt andsvar biskupsins, *daterað* Skálholti dag 17. janúar 1699, að hann þykist ei annað réttara sjá að menn séu afsakaðir bæði fyrir Guði og æðri yfirvöldum, en að prófasturinn hið fyrsta ríði út að Breiðabólstað einhvörn helgan dag og strax eftir embætti eftirgrennslist af sókninni hvört nokkuð almennilegt hneyksli kunni að hafa orðsakast af því er séra Magnús angefur, hvörju ef hún neitar þá megi séra Jóni betruast predikunarstóllinn, en játi hún þá skuli hann *suspenderast ab usu officii* svo lengi.

Eftir þessari biskupsins tilsögn og ráðleggingu hefur prófasturinn séra Oddur Eyjólfsson á næstumliðna kyndilmessu að Breiðabólstað eftirspurt af samankomnu sóknarfólki hvört rómur og rykti væri útkomið um sveitina og sókn þeirrar kirkju af framburði sóknarherrans séra Magnúsar Jónssonar um mishöndlun nokkra *capellansins* séra Jóns Torfasonar í heilögu altarisins *sacramento*, sem þar skyldi tilfallið hafa á næstliðnu ári, fjórða dag jóla, sem og hvört sú mishöndlun væri fyrir hneyksli virt og upptekin í greindum Breiðabólstaðarsöfnuði. Og þar til einfaldlega af hönum já sagt, og sú játun með almennilegu lófataki samþykkt, hvað þessir menn, Gísli Ólafsson, Guðmundur Jónsson, Þorleifur Jónsson, sem með eigin höndum hafa undirskrifað, votta satt að vera.

Og eftir því að velnefndur prófasturinn fornam að af því efni er séra Magnús angefið hafi hefði hneyksli orðsakast, þá hefur hann eftir tilsögn biskupsins *suspenderað* séra Jón *ab usu officii* inn til víðara. Virðist kennidóminum að prófasturinn hafi hér úti réttilega *prociderað*.

Framvegis að settri prestastefnu af prófastinum séra Oddi Eyjólfssyni að Breiðabólstað dag 23. maí til prófs og rannsaks í þessu máli, framlagði séra Magnús fyrst vitnisburð tveggja kvenpersóna, Vigdísar Magnúsdóttur og Sigríðar Jónsdóttur, hvörra vitnisburður er svohljóðandi sem eftirfylgir:

Í nafni heilagrar þrenningar. Það vottum vér undirskrifaðar persónur að við vorum viðstaddar í baðstofunni á Breiðabólstað í Fljótshlíð þann fjórða dag jóla nú umliðins árs *anno* 1698, nær heiðurlegur kennimann séra Jón Torfason var tilkallaður að veita heilaga aflausn og háverðugt altarisins *sacramentum* vors herra Jesú Kristi sóttveikri konuskepnu, Ragnhildi Jónsdóttur, í hvörri heilagri þjónustugjörð undanfellt fyrir hönum fyrri partur heilagrar kvöldmáltíðar innsetningarorða, því nær presturinn skyldi brauð og vín helga mælti hann svo: Vor herra Jesús Kristur, á þeirri nátt sem hann forráðinn varð, tók hann kaleikinn, gjörði þakkir. En þann fyrri partinn um brauðsins brotning og herrans þakkargjörð þar yfir nefndi hann ekki. Ekki heldur las hann svo ég, Vigdís Magnúsdóttir, kynni eftir að taka, orð heilagrar aflausnar sem prestarnir plaga venjulega að brúka þegar þeir leggja sínar höndur uppá höfuð þeirra sem þeir í skriftarstólnum afleysa.

Að þetta hafi svo tilfallið og framfarið í margra annra Breiðabólstaðar heimilismanna náveru, og líka nokkra annarstaðar frá, á fyrrnefndum stað, ári og degi, meðkennum vér með hreinni samvitsku og óneyddri, og viljum eftir því sem oss verður tilsagt þar frekari staðfestu ágjöra ef þurfa þykir, hvar uppá vér handsölum vorum eruverðugum sóknarpresti og húsbónda, séra Magnúsi Jónssyni, í náveru virðuglegs héraðsprófastsins, séra Odds Eyjólfssonar, að vor nöfn hér undirskrifist að Breiðabólstað í Fljótshlíð. Meðkenna undirskrifaðir,

Jón Ólafsson, Páll Árnason, Oddur Gíslason, sig nálæga viðstadda verið hafa þegar nefndar persónur, Vigdís Magnúsdóttir og Sigríður Jónsdóttir, handsöluðu séra Magnúsi Jónssyni ofanskrifaðan vitnisburð, lofandi við hann að standa. En Sigríður Jónsdóttir hafði það fortak, að það viðviki aflausnarorðunum kynni hún ekki neitt um að bera, hvört presturinn hafi þaug talað eður ekki.

Vitnisburðurinn útgefinn Breiðabólstað 3. febrúar *anno* 1699 (og undirskrifuð nöfn í viðurvist séra Jóns Torfasonar), Páll Árnason eh, Jón Ólafsson eldri meh, Oddur Gíslason meh.

Rétt samhljóðandi vitnisburð, svo sem Vigdís Magnúsdóttir og Sigríður Jónsdóttir borið hafa og hér er áður innfærður, að fráteknu fortaki Sigríðar um aflausnarorðin, bera einninn tveir ungir kvenmenn um oftnefnt *sacramentis* mál, nefnilega Þuríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Bjarnadóttir í nákomnum mægðum við hann.

Í sama máta vænist séra Gunnar vegna séra Magnúsar, að nálægur verið hafi við oftnefnda *sacramentis administration* séra Jóns Torfasonar, Kort Þorsteins-son og Guðmundur Jónsson, annar mægður en annar skyldur séra Magnúsi, sá mægði, nefnilega Guðmundur, er *sub jure et ferula præceptorum* í Skálholtsskóla.

2. Framkemur í héraðs *synodalis* ályktun að séra Gunnar Einarsson hafi vænst til vitnis í þessu máli í nafni séra Magnúsar, í móti séra Jóni Torfasyni, heiðurlegum ungum manni Jasoni Guðmundssyni West, hvör meðkennt hafi sig nálægan verið hafa þá þessi oftnefnd *sacramentis administration* skeði og tjáð hafi sig reiðubúinn sannleika í því máli að votta, þá hann þar tilskyldaður væri. Hvar uppá eftir langan *discurs* Jason gaf svolátandi vitnisburð frá sér, að hann hafi verið viðstaddur í baðstofunni á Breiðabólstað í Fljótshlíð þann 4. dag í jólum *anno* 1698 þegar kennimaðurinn séra Jón Torfason heilaga altarisins *sacramentis* þjónustu veita skyldi Ragnhildi Jónsdóttur, og að hann ei heyrði séra Jón tala þaug aflausnarorð sem venju- og reglulega tíðkast með handanna uppáleggingu. Eigi heldur hefði hann lesið svo Jason heyra mætti eður eftirtæki þann fyrra part heilagrar kvöldmáltíðar innsetningarorða, nema þessi orð: Vor herra Jesú Kristur á þeirri nótt sem hann forráðinn var, *etc.*

Að þessu héraðsprófi svo framlögðu, sem nú innfært er, voru upplesnar tvær *citatiur* velnefnds prófastsins, séra Odds Eyjólfssonar, sú eina til séra Magnúsar Jónssonar, önnur til séra Jóns Torfasonar, að þeir á þessum stað og degi mæta skyldu fyrir *synodo generali*. Er nú séra Jón Torfason hér fyrir réttinum nálægur, en séra Magnús ókominn. Valda því vitanleg forföll hans, veikindi og aldurdómur, hvar fyrir hann hingað sent hefur sinna vegna til andsvara sinn dótturmann, séra Gunnar Einarsson, í þessum sínum forföllum, hvörn biskupinn og nú samankomnir kennimenn meðtaka löggildan svaramann séra Magnúsar.

Voru nú opinberlega *in synodo* upplesnar þær *prætentiones* sem séra Jón Torfason hefur á móti áðurskrifuðum vottum, bæði þær sem inn eru færðar í prófastsins og héraðsprestanna álit að Breiðabólstað, sem sér líkast herma eftir prófastsins bók, sem og aðrar er hann hér fyrst framleggur, svo sem er tveggja vitnisburður uppá Vigdísi Magnúsdóttur, hljóðandi um óráðvændni, þó heimuglega tekin og í fráveru Vigdísar.

Item var upplesin meining og álit héraðsprestanna um sérhvörja *prætentionem* séra Jóns sem af hönum fyrir þá var framlögð.

Item voru upplesnir vitnisburðir Sigríðar Jónsdóttur teknir að Breiðabólstað annan og þriðja dag hvítasunnu næstliðinn og að Hvolskirkju *trinitatis* sunnudag af samankomnum kirkjusöfnuðinum, hvörjir allir samhljóða að hún hafi sér frómlega og ærlega hagað og hegðað til orða og verka, hvað hið sama staðfest hefur sóknarpresturinn að Hvolskirkju, séra Gísli Bárðarson.

Einnin tveggja manna vitnisburðir útgefnir að Torfastöðum í Fljótshlíð dag 9. júní næstliðins, hvar inni tiltekið er að þeim sé ei annað vitanlegra en Sigríður Jónsdóttir hafi þar meinhæg verið. Annar þessara manna tjáist að hafa verið húsbóndi nefndrar Sigríðar.

Sama ár á Kirkjulækjar héraðsþingi lét Eyjólfur Porkelsson í ljósi (sem og einnin verið hefur Sigríðar húsbóndi) svofelldan vitnisburð, að hann hafi ei verra séð til Sigríðar Jónsdóttur en sjálfs síns, en ekki vildi hann frekari vitnisburð Sigríði gefa sem hana stoða kynni.

Þessir tveir vitnisburðir, sem hér næst fyrir framan umgetur, virðist kennidóminum að hvorki kunni að fella og ekki heldur að styðja Sigríði, eftir því að þeir ei skilmerkilega ákveða hvört Sigríður í þeirra þjónustu erlega eður ekki hafi sér hagað og hegðað. Og að þessu öllu upplesnu og yfirvegudu, það framast vér kunnum og getum eftir laganna hljóðan og ófaðri samvitsku, þá sökum þess að hvorki eru eiðar aflagðir í héraði og ei heldur vottarnir hér persónulega nálægir, ei heldur svo innvirkuglega rannsakað um þeirra ærlegheit og annað sem vitnunum skal fylgja, svo sem það ber að lögum, þá dæmum vér fyrrnefndir prófastar og prestar með samþykki biskupsins með fullu dómsatkvæði að þetta mál skuli uppsetjast til þess tíma sem herra amtmaðurinn eður hans fullmektugur og herra biskupinn tilsetja á þeim stað í stiftinu sem þeim hentugur þykir, undir þá úrlausn og fullkomna dómsályktun sem þeir með tilnefndum próföstum og prestum þar á gjöra, þá málið er rétt undirbúið. Tilsegist hér með héraðsprófastinum, séra Oddi Eyjólfssyni, að hann skuli tilhalda Jason Guðmundssyni að meðkenna undir sinn svarinn eið hvört séra Jón hafi í hans viðurvist undanfellt og ekki í heyranda hljóði talað öll þaug orð í þeim fyrra parti heilags altarisins *sacramentis* innsetningarorða sem hann í sínum útgefnum vitnisburði ei segist heyrt hafa að séra Jón lesið hafi, og taki af hönum full-

kominn lagaeið í héraði þar uppá eftir sinni embættisskyldu. Ef séra Jón ekkert uppá Jason bevisar innan þess tíma sem prófasturinn eiðinn tekur, sem hönum kunni hrinda úr vitni, hvað séra Jón sé skyldugur til að gjöra ef hann kann. En virðuglegur og velvís herra lögmaðurinn Sigurður Björnsson er vinsamlega umbeðinn að befala sýslumanninum í Rangárþingi að *inqvirera* fullkomlega og löglega um þeirra tveggja kvenpersóna, Vigdísar Magnúsdóttur og Sigríðar Jónsdóttur, duktugheit, breytni og hegðan, bæði við sína húsbændur og aðra sem til þeirra vitað hafa og kunnugast er um þeirra lífernisháttu, svo að áður en þetta mál kemur undir endilega úrlausn herra amtmannsins eður hans fullmektugs og herra biskupsins, þá sé af sýslumanninum fullkomlega og löglega ályktað hvört þær séu valinkunnar persónur, svo þær megi vitni bera, og að þessi *inqvisitio* og eiðatekt mætti ske í héraðsprófastsins náveru.

IV. Aðspurði nú heiðurlegur kennimann, séra Árni Þorleifsson, hvörsu sér haga skyldi í því sem viðvíkur heilagri aflausn og kristilegum fríheitum þeirrar kvenpersónu, Þóru Þorleifsdóttur, sem tjáist á þessu vori að barneign opinber orðið hafa, en ektamaður hennar sé nú austur í Landeyjum, eftir því menn hyggja, og viðkannast hún frá hönum burtvikin fyrir nokkrum árum. Hann þar eftir með annari persónu í hórdóm fallinn, svo næsta óefnilega sýnist standa á báðar síður. Er aðkvæði *synodi* hér uppá að eruverðugur prófasturinn, séra Ólafur Pétursson, með opnum sedli skikki nefndri Þóru Þorleifsdóttur að hún án forsómunar þar fyrsta leiti sátta og forlíkunar hjá sínum ektamanni fyrir þetta sitt opinbera brot, hvörn sedil hún strax skyldast að framvísa virðuglegum prófastinum í Rangárþingi, séra Oddi Eyjólfssyni, hvörjum hér með *injungerast* lögsamlega *inqvisitonem* að hafa, hvörsu háttað sé hjónabandi þessara persóna, svo vitast megi hvors þeirra skuldin sé það *desertione* viðvíkur, og hegði sér hér úti eftir hjónabands *articulum*, svo vel í hjónabandsmálinu sjálfu sem því er aflausninni viðvíkur, eftir viðteknu lögmáli og málsins *circumstantiis*.

V. Kom fram fyrir *synodum* um nauðþurft þess fátæka kennimanns, séra Péturs Ámundasonar, og hans uppheldisleysi, um hvört hann sjálfur persónulega umkvörtun gjörði fyrir þessari *synodo*, og sökum þess vitanlegt er að hann eigi ómakslaun að greiða sínum meðþénara, séra Þórði Konráðssyni. Þá er nú svo tilskikkað af biskupinum og nálægum kennidóm að þessum þurfandi kennimanni til uppheldis og skuldalausna tilleggist af *taxeruðum beneficiis* hér í Sunnlendingafjórðungi á þessu yfirstandandi ári þetta eftirskrifað, af Holti undir Eyjafjöllum 60 álnir, af Breiðabólstað 1 hundrað 15 álnir, af Odda 75 álnir, af Gaulverjabæ 45 álnir, af Melum 30 álnir, af Hruna 45 álnir, af Görðum á Álftanesi 45 álnir, af Reykholti 45 álnir. Eru heiðurlegir kennimenn sem þessari ölmusu gegna eiga í þetta sinn aðvaraðir að sérhvör sínum héraðsprófasti þetta tillag í þarflegum landsaurum afhenda vildi, en þeir aftur frá sér til þess

þurfanda prests héraðsþrófasts, svo hann nefndri ölmusu hönum til þarfinda hagtæri eftir því sem hentugast sýnist. Hér að auki er próföstunum í þessum fjórðungi tiltrúað eftir að sjá hvört nokkrir *restansar* finnast kunna af því sem nefndum séra Pétri á fyrirfarandi ári *deputerað* var, og finnist nokkuð eftirstanda, að þeir vildu því til leiðréttingar koma, svo að fullu útsvarast mætti.

Þetta allt fyrirskrifað í fimm *articulum* hefur svo framfarið sem hér umgetur, með ályktun og atkvæði kennidómsins ásamt biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar samþykki, hvörju til sannindamerkis og kraftar þetta undirskrifað er með eigin höndum biskupsins og nálægtra kennimanna, hvað þeir sameiginlega óska að veleðla og velbyrðugur herra amtmaðurinn Christian Müller vilji einninn með sínu hér undirskrifuðu nafni samþykkja og staðfesta.

Actum Þingvelli þann 7. júlí anno ut supra.

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1699 þann 3. október að settri almennilegri prestastefnu á Breiðabólstað í Fljótshlíð voru þessir eruverðugir og heiðurlegir prófastar og prestar í dóm nefndir af veleðla og veleruverðugum biskupi Skálholtsstiftis, *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, séra Oddur Eyólfsson prófastur í Rangárþingi, séra Árni Þorvarðsson prófastur í Árnesþingi, séra Ólafur Jónsson dómkirkjuprestur að Skálholti, séra Daði Halldórsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Bjarni Hallgrímsson, séra Gísli Bárðarson, séra Þorvaldur Björnsson, séra Vigfús Gíslason, séra Arngrímur Pétursson, séra Gottskálf Þórðarson og séra Einar Magnússon, til að rannsaka og fullkomna dómsályktun á að gjöra um þau mál sem hér löglega fyrirkoma og hingað með réttu sett verða.

I. Framkom angefning heiðurlegs kennimanns, séra Magnúsar Jónssonar sóknarprests að Breiðabólstað, um hans *capellan* séra Jón Torfason, áhrærandi heilags altaris *sacramentis* meðhöndlan, hvör angefning orðrétt innfærð er í næst fyrirfarandi *synodal* að Þingvelli dag 7. júlí *anni hujus no. 3* og sér líkast hermir.

En sökum þess að þetta mál virtist kennidóminum að Þingvelli í það sinn ei svo undirbúið að þar kynni fullkomin dómsályktun á að gjörast, þá hefur herra biskupinn óskað af eðla og hávísu lögmanninum Sigurði Björnssyni að befala virðuglegum sýslumanni í Rangárþingi að *inquirera* fullkomlega og löglega um vottanna duktugheit, breytni og hegðan við sína húsbændur og aðra sem til þeirra vitað hafa og kunnugast er um þeirra lífernisháttu, hvar fyrir sýslumaðurinn hefur eftir tilsögn velnefnds herra lögmannsins tekið sér fyrir að rannsaka

þetta áðurgreint efni þann 18. dag ágúst nærverandi árs, að settu þriggja hreppa þingi á Lambey, hvört próf hér var nú fyrir réttinum opinberlega upplesið. Voru nú málspartarnir báðir, séra Magnús Jónsson og séra Jón Torfason, hér á þessum stað og tíma persónulega nálægir, hann til forsvars sinni angefningu, en hinn til að framleggja hvað helst sem honum kynni til stoðar og afbatana að verða í áðurnefndu málefni, og meðkenndu undir kennidómsins áheyrn að þeir sig þar ljúflega tilgæfi undir endilegan dóm.

Var nú fyrst séra Magnús Jónsson af biskupinum aðspurður hvört hann ennþá standa vildi við þá angefningu sem hann skriflega tilsent hefði prófastinum, séra Oddi Eyjólfssyni, um sinn *capellan* séra Jón Torfason, hvörrar *datum* er dag 2. janúar þessa árs, hvar til séra Magnús svaraði já, að hann ennþá þar við stæði. Framar var hann aðspurður hvörjum vitnum hann vændist sinni angefningu til styrkingar, hvar til hann svaraði að hann vændist öllum þeim sem viðstaddir voru þegar heilög þjónustugjörð á áðurnefndum stað og degi framför í baðstofunni á Breiðabólstað, sem hann tjáir verið hafa Jason Guðmundsson West, Vigdís Magnúsdóttur og Sigríði Jónsdóttur, óskyldar persónur; *item* Þuríði Þorsteinsdóttur og Ingibjörgu Bjarnadóttur, aðra þeirra sér skylda en aðra mægða, báðar þessar persónur nú nálægar. Einnin tjáist við hafi verið staddur Kort Þorsteinsson, dóttursonur séra Magnúsar, og Guðmundur Jónsson, systursonur hans kvinnu, báðir nú fjarlægir. *Item* Guðrún Sigmundsdóttir, kvinna séra Magnúsar, og Guðný hans dóttir.

Kom nú fyrst undir skoðun og álit kennidómsins vitnisburður Jasonar Guðmundssonar, þess innihalds að hann hafi viðstaddur verið í baðstofunni á Breiðabólstað þann 28. desember fyrirfarandi árs þegar kennimaðurinn séra Jón Torfason heilaga altarisins *sacramentis* þjónustu veita skyldi Ragnhildi Jónsdóttur. Í hvörju hans prestlegu embætti hann (séra Jón) ei lesið hafi, svo Jason heyrði, heyra mætti eður eftirtæki, þann fyrra part heilagrar kvöldmáltíðar innsetningarorða, nema þessi orð: Vor herra Jesús Kristur á þeirri nótt sem hann forráðinn varð.

Framar var séra Jón af herra biskupinum aðspurður hvört að nokkuð lög-mætt hefði fram að leggja móti Jason Guðmundssyni, hvar fyrir hann mætti í þessu máli hönum ekki mótvitni bera, og kom ekkert það fram sem kennidóminum löglegt vera virtist af hendi séra Jóns sem áðurnefndan Jason hindra kunni þennan sinn útgefinn vitnisburð með eiði að staðfesta.

Framvegis var séra Jón aðspurður hvört hann nokkuð hefði á móti þeim kvenpersónum Vigdís Magnúsdóttur og Sigríði Jónsdóttur, fyrir utan það sem inn væri fært í prestastefnudóminn að Breiðabólstað þann 24. maí nærverandi árs, og héraðspróf tekið af sýslumanninum *monsieur* Hákonni Hannessyni á

Lambey dag 18. ágúst næstliðinn, hvar til séra Jón svaraði að hann í þetta sinn ekkert lögmætt hér um frekara framleggja hefði.

Er þar fyrir í herrans nafni einlæg meining kennidómsins, að yfirveguðum *præntionibus* séra Jóns Torfasonar sem inn eru færðar í nefndan prestastefnu-dóm, og að yfirskoðuðu sérhvörju því sem til upplýsingar kann að verða í héraðsprófum sem áður er umgetið, að jafnvel þó þessar kvenpersónur séu ei álitnar fullkomlega valinkunnar að vera, þá samt sjáist af hvorugu þessu það neitt órélegt uppá þær bevísað að þær ei megi að minnsta kosti fyrir nauðsynjavitni gilda, hvör oss sýnist í þessu máli þó gilda eiga, þar oss virðist það vera eitt af þeim sökum um hvörja vitna skal sá er veit.

Því ályktar biskupinn, með tveimur próföstum hér nálægum og þeim prestum er sín nöfn hér undirskrifa, Jason Guðmundsson skyldugan að staðfesta sinn útgefinn vitnisburð með eiði fyrir héraðsprófastinum, séra Oddi Eyjólfssyni, nú á þessum yfirstandanda degi. *Item* tilsegir biskupinn velnefndum prófastinum eið að taka af þeim kvenpersónum, Sigríði Jónsdóttur og Vigdís Magnúsdóttur, ef þær sjálfviljuglega og óneyddar fyrir þessum dómi vitna vilja. Og eftir það að þessar persónur voru af biskupinum yfirheyrðar, bæði í vitsmunum og kristilegum trúarbrögðum sem og öðru því með þurfa þótti, aflagði fyrst Jason Guðmundsson tildæmdan eið með svolátandi eiðstaf:

Til þess legg ég Jason Guðmundsson hönd á helga bók og það segi ég Guði almáttugum, að ég ekki heyrði, heyra mátti né eftirtók séra Jón Torfason lesa þann fyrra part innsetningarorða heilagar kvöldmáltíðar, nema þessi orð: Vor herra Jesús Kristur á þeirri nótt sem hann forráðinn varð, þegar hann veita skyldi heilaga aflausn og háverðugt altarisins *sacramentum* veikri kvenpersónu, Ragnhildi Jónsdóttur, í baðstofunni á Breiðabólstað í Fljótshlíð þann fjórða dag jóla umliðins árs 1698. Og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem ég satt segi en gramur ef ég lýg.

Sömu leiðis aflagði Vigdís Magnúsdóttir soddan eið uppá sinn vitnisburð sem eftirfylgir:

Til þess legg ég Vigdís Magnúsdóttir hönd á helga bók og það segi ég Guði almáttugum að ég öldungis ekki heyrði séra Jón Torfason lesa þann fyrra part innsetningarorða heilagarar kvöldmáltíðar, nema þessi orð: Vor herra Jesús Kristur á þeirri nátt sem hann forráðinn varð, þegar hann veita skyldi heilaga aflausn og háverðugt altarisins *sacramentum* veikri kvenpersónu, Ragnhildi Jónsdóttur, í baðstofunni á Breiðabólstað í Fljótshlíð þann fjórða dag jóla umliðins árs 1698. Og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem ég satt segi en gramur ef ég lýg.

Og sökum þess að þessi eiðatekt er svo framkomin og Sigríður Jónsdóttir býður sér eið uppá sama vitnisburð og Vigdís borið hefur, og kvenpersónur

aðrar sem þar viðstaddar voru meðkenna að svo framfarið hafi sem áður vitnað var, þá ályktast af biskupinum og kennidóminum að sóknarpresturinn séra Magnús hafi sína angefningu bevísað.

Var nú fyrst héraðsprófasturinn ásamt hans nálægum héraðsprestum af biskupinum aðspurður hvílíkan vitnisburð hann og þeir gæfi séra Jóni Torfasyni um sinn lærdóm og lifnað. Hvar til prófasturinn ásamt þeim andsvöruðu að þeir ekkert annað til hans vissu en erlegt, kristilegt og skikkanlegt í lærdómi og lifnaði að undanteknu þessu tilfelli. *Item* var upplesinn vitnisburður sóknarinnar að Breiðabólstað, hvar inni hún gefur séra Jóni þann vitnisburð að hann hafi heiðarlega, guðrækilega og loflega sínu líferni hagað, svo sem sá vitnisburður sér líkast hermir, undirskrifaður og samþykktur þann 13. dag jóla þessa árs af allmörgum sóknarmönnum. Einnin upplesinn og staðfestur á Kirkjulækjar, Fíflholts og Hvals manntalsþingum.

Framvegis aðspurði biskupinn í áheyrn kennidómsins þá sem viðstaddir verið höfðu þegar áðurgreind heilög þjónustugjörð framför á fyrrnefndum stað og degi, hvört oftnefndur séra Jón hefði á þeim tíma af drykkjuskap hindraður verið, hvar til þeir svöruðu að hann ei drukkinn verið hefði, það þeir hefði kunnað að sjá eður fornema í nokkurn máta, og þann vitnisburð buðu þeir sig til að staðfesta með eiði, ef þörf krefði, hvað kennidóminum ónaðsynlegt virtist.

Þar fyrir er fullkomin meining biskupsins ásamt tilkallaðra prófesta og presta, að sökum þess að bæði héraðsprófasturinn og prestarnir, sem og kirkjusóknin sjálf, bera prestinum séra Jóni Torfasyni góðan og skikkanlegan vitnisburð, og þeir sem nálægir voru votta hann í það sinn af drykkjuskap óhindraðan, kemur og ei heldur fram að hann á þeim tíma hafi svo veikur verið að hann þess vegna ei hafi mátt þessa heilögu þjónustugjörð fremja, þá er fullkomin meining og ályktun biskupsins og kennidómsins að þetta tilfelli hafi einasta orðsakast af óaðgætni og djúpum þönkum, hvar fyrir biskupinn nú tilsegir séra Jóni Torfasyni aftur og á höndur felur alla brúkan kennimannlegs embættis og myndugleika, svo vel upp frá þessum degi í frammi að hafa sem til forna, frá því fyrst hann prestvígður var og allt til þess dags sem hann var eftir biskupsins befallingu *suspenderaður*.

En uppá það að aðrir Guðs kennimenn mætti sér eftirdæmi taka og þess betur ástunda að vanda meðhöndlan þeirra háleitu Guðs leyndardóma, þá ályktum vér séra Jón Torfason *capellan* að Breiðabólstað skyldugan að betala til fátækra prestaekna í þessu héraði fimm hundruð í gildum aurum og afhendi þaug sömu héraðsprófastinum séra Oddi Eyjólfsyni, hvör þeim sannsýnilega útskipti ekknanna á milli. Hér að auki skal séra Jón opinberlega í söfnuðinum afbiðja það hneyksli sem risið hefur af þessu tilfelli, í prófastsins viðurvist,

hvör hann í sama sinn opinberlega og alvarlega áminna skal, Guð fyrst og fremst fyrirgefningar að biðja á þessari yfirsjón, og hér eftir af allri alúð að ástunda að hann slíkt aldrei héðan af hendi. En bæði séra Jón, svo vel sem séra Magnús og hans heima fólk, skal hann uppá Guðs vegna með fullkominni alvöru áminna að haga sér hér eftir innbyrðis kristilega og skikkanlega, bæði í daglegri umgengni og embættisins forréttingum, ef þeir annars ei vilja sem út af brjóta þungum álögum mæta sem mest má eftir réttinum. En söfnuðinum tilsegi hann ásamt hneykslisins afbeiðni að meðtaka séra Jón, hér eftir sem áður, fyrir sinn réttan sálusorgara, og veiti honum alla þá virðingu sem honum ber og byrjar að veitast. Og sé allt þetta framkomið áður en séra Jón nokkuð útréttir í prestlegu embætti, hvað eð óskast af prófastinum að framkvæmast mætti á næstkomandi sunnudag.

II. Framlagði virðuglegur prófasturinn, séra Oddur Eyjólfsson, tvo presta-stefnuðóma gengna að Hvoli í Hvolhrepp þann 2. október næstliðinn á millum eftirskrifaðra persóna, Filippusar Jónssonar, sem játar sig fallið hafa í hórdóm með Ingveldi Guðmundsdóttur, og hans ektakvinnu Sesselju Þorkelsdóttur. *Item* Magnúsar Þórðarsonar, sem eftir sinni játningu í hórdóm fallinn er með Rannveigu Þórðardóttur, og millum hans kvinnu Margrétar Jónsdóttur. Hefur prófasturinn ásamt tilnefndum prestum ályktað að þessar persónur aðskiljast skuli til hjónabands samvasta eftirfylgjandi orðsaka vegna:

1. Að brotin eru játuð og meðkennd af þeim persónum er fyrir sök urðu.
2. Að þeir meðkenna opinberlega að sínar ektakvinnur hafi sér öngva orðsök gefið til þessarar syndar.
3. Að ekkert framkemur sem það votti að þær hafi síðan brotin skeði sér illa hegðað.
4. Að þær auglýsi að þær eigi hafi líkamlegt samræði haft með sínum ektamönnum síðan brotin skeðu, hvað þeir og einninn meðkenna.
5. Að þær öldungis þverneiti og afsegi hér eftir að *consentera* til hjónabands sambúðar við þessa sína ektamenn.

Og að þessu yfirveguðu samþykkir og staðfestir biskupinn með nálægum kennidómi áðurskrifaða tvo hjónabandsdóma í öllum sínum *punctum* og *articulis*, og dæmum með fullu dómsatkvæði að hvorutveggju áðurgreindar persónur skuli öldungis héðan í frá aðskildar vera til hjónabands sambúðar og halda sig héðan af svo sem ógiftar persónur eftir hjónabands *articulum* og öðru kónglegu lögmáli, hvar til héraðsprófasturinn hafi alvarlega og vandlætíngarsama tilsjón eftir skyldu síns embættis.

III. Var framlagður hjónabandsdómur úr Kjalarnesþingi genginn í milli Jóns Péturssonar og Margrétar Hallsdóttur, tilsendur biskupinum undir endilegt samþykki og staðfestingu hingað á þessa nú nærverandi *synodum* af prófast-

inum séra Ólafi Péturssyni, hvar uppá biskupsins ásamt nærverandi kennidóms fullkomin *resolutio* og dómsályktun er þessi, að eftir því oss virðist í nefndum hjónabandsdómi sé það allt fullkomlega rannsakað og ályktað til endilegs hjónabandsaðskilnaðar, sem eftir Guðs heilaga orði og kónglegrar *majestets* lögum rannsaka og álykta ber, þá staðfestist og samþykkist áðurgreindur hjónabandsdómur í öllum sínum orðum og atriðum, og dæmum vér hér með í herrans nafni hjónaband áðurskrifaðra persóna, Jóns Péturssonar og Margrétar Hallsdóttur, öldungis og fullkomlega sundurlaust og aðskilið, og að þær hér eftir haldi sig svo sem ógiftar persónur eftir kónglegrar *majestets* lögum. Tilsegist hér með héraðsprófastinum, séra Ólafi Péturssyni, að hafa hér um þá rækilega tilsjón sem hönum byrjar að hafa eftir sinni embættisskyldu.

Lofar biskupinn uppá allt ofanskrifað að óska veðla og velbyrðugs herra amtmannsins fullmektugs samþykkis með fyrstu hentugleikum, eftir því að hann tímans og hentugleikanna vegna ei kann sjálfur persónulega nálægur að vera.

Þetta allt áðurskrifað í þremur póstum, að álögðu fullkomnu dómsatkvæði, samþykkti með oss veðla og veleruverðugur herra biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín, hvör sitt nafn ásamt vorum hér undirskrifar.

Anno et loco ut supra, degi síðar en í upphafi greinir.

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1700 þann 1. júlí að settri almennilegri prestastefnu að Þingvelli voru eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í dóm nefndir af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni, séra Árni Þorvarðsson, séra Ólafur Pétursson, prófastar, séra Ólafur Jónsson, séra Steinn Jónsson, séra Ólafur Ásmundsson, séra Jón Eyjólfsson, séra Benedikt Pétursson, séra Jóhann Þórðarson, séra Eiríkur Þorsteinsson, séra Páll Högnason, séra Guðmundur Högnason, séra Torfi Halldórsson, séra Jón Erlingsson, séra Sæmundur Jónsson og séra Hannes Erlingsson, prestar, til úrgreiðslu þeirra mála sem í Skálholtsbiskupsdæmi til hafa fallið á næstumliðnu ári og andlegir lög eiga í að segja.

I. Voru upplesin hans kónglegrar *majestets* tvö *missive* til herra amtmannsins Christians Müller til Katterup og biskupanna í Skálholts- og Hólastifti, *magisters* Jóns Þorkelssonar og *magisters* Björns Þorleifssonar, hljóðandi um þann allra undirdánugasta hollustueið sem hans kónglega *majestet* befalar andlegum á Íslandi af að leggja.

2. Hans kónglegrar *majestets* bréf útgefið séra Ólafi Jónssyni fyrir Stað í Grunnavík.

3. Séra Jóni Eyjólfssyni fyrir einhvörju af prestaköllum sem eru í meðallagi á milli Gilsfjarðar og Þjórsár.

II. Kom fyrir *synodum* mál úr Skaftafellssýslu millum prestsins séra Vigfúsar Ísleifssonar og þeirrar kvenpersónu, Vilborgar Guðmundsdóttur, sem tjáist að barn hafi fætt og að því föður lýst Stefán Þórarinsson, hvör hennar lýsingu hefur samþykkt og saurlífisverknað með nefndri Vilborgu, svo vel sem barn-eignina meðkennt. En ei að síður misgrunar presturinn séra Vigfús áðurgreinda lýsingu Vilborgar, hvar um héraðsprófasturinn séra Þorleifur Árnason hefur dóm ganga látið í héraði að Skál undir Fjalli þann 6. september *anno* 1699, með hvörn prófastsins dóm nefndur séra Vigfús ei er ánægður, svo sem hann það til vitundar gefið hefur biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, hvar fyrir biskupinn hefur til þessarar nálægrar *synodum generalem citerað*:

1. Prófastinn séra Þorleif Árnason til að forsvara sinn dóm og sínar aðgjörðir í þessu máli á móti séra Vigfúsa ákæru.

2. Prestinn séra Vigfús til að andsvara þeim sakargiftum sem nefnd Vilborg hefur hönum gefið fyrir áðurgreindum prófastsins dómi og grein á gjöra öllu því sem hann þykist prófastinum hafa til að tala og viðvíkur nefndu máli. *Item* til að framleggja þær orðsakir hvar fyrir hann hefur Vilborgu uppihaldið frá heilögu altarisins *sacramenti*, ef hún bevísar getur að hann hafi henni uppihald gjört.

3. Vilborgu Guðmundsdóttur eður hennar löglegan svaramann til að bevísa og grein á gjöra öllu því er hún hefur í sínu innleggi inngengið fyrir áðurgreindan prófastsins dóm að Skál undir Fjalli, hvörjar áðugreindar *citatiur* voru af prófastinum svo vel sem prestinum meðkenndar hér fyrir réttinum, að þær séð og yfirlesið hefðu. En framkom af tveimur mönnum vottað að valdsmaðurinn Ólafur Einarsson hefði oftnefndri Vilborgu þá *citatiu* birt er henni viðkom að Dyrhólum í Mýrdal *anno* 1700 þann 19. júní. Virðast því áðurskrifaðar persónur rétt fyrir kallaðar. Voru nú og svo prófasturinn séra Þorleifur og presturinn séra Vigfús nálægir í eigin persónu til svara. En framkomu skrifleg forföll Vilborgar, hvar fyrir hingað ekki persónulega komið gæti, sem eru af kennidóm-inum löglega álitin. Hvar fyrir að henni var af sýslumanninum Ísleifi Einarssyni eftir befalingu herra lögmannsins Sigurðar Björnssonar til svaramanns settur lögréttumaðurinn Páll Bjarnason, sem hennar skjöl, gögn og vitni kynni fram að bera.

Var nú:

1. Páll Bjarnason tilkvaddur af kennidóminum að bevísa þann framburð Vilborgar að presturinn séra Vigfús Ísleifsson hefði sér fráhald orðsakað frá því

heilaga altarisins *sacramenti*, hvör hennar framburður eftir prestsins séra Vigfúsa hér framlögðum handskriftuðum sendibréfum til prófastsins og valdsmannsins í því héraði er af kennidóminum ánægjanlega bevísaður meðtekinn.

2. Var presturinn séra Vigfús aðspurður hvar fyrir hann hefði gefið Vilborgu orðsök til þessa fráhalds, hvar til hann svaraði að hin helsta væri vanrykti saurlifnaðar með öðrum framar en þeim hún hefði föður lýst að barni sínu, til hvörs saurlifnaðarryktis presturinn þó öngva bevísing eður gögn framfærði, nema nú hið fyrsta átta karlmenn, fimm úr Dyrhólakirkjusókn og þrjá úr Sólheimakirkjusókn, hvörjir hér fyrir réttinum meðkenndu að þeir heyrt hefðu áðurgreint vanrykti um Vilborgu, bæði fyrir og eftir hennar barnburð. Virðist kennidóminum að jafnvel þó að presturinn séra Vigfús hefði fullkomlega bevísað að laust rykti um þetta áðurskrifað hefði verið uppkomið, samt hefði hönum ei byrjað Vilborgu uppi að halda frá heilagri aflausn og altarisins *sacramento*. Hér að auki tilnefnir séra Vigfús þá orðsök að Vilborg hafi ei verið að kristilegri venju sátð við alla þá af hvörjum henni þó byrjaði sátta að leita. Er andsvar kennidómsins að þeim virðist að presturinn hafi Vilborgu uppihaldið ei alllítinn tíma eftir fengna kvittun af þeim er hún hafði misbrotið við og sé þar fyrir ekki að miklu leyti afsakaður. Hina þriðju orðsök tilfærir presturinn að Vilborg hafi aldrei í eigin persónu af sér aflausnar eður altarisins *sacramentis* leitað, en meðkennir þó að bæði hennar húsbóndi, valdsmaðurinn Ólafur Einarsson, svo vel sem hans bróðir Þorleifur Einarsson hafi þess af sér hennar vegna óskað. Virðist kennidóminum að þetta ei heldur sé full afsökun fyrir prestinn, þar hönum byrjaði eftir sínu embætti, þá hönum var til vitundar gefið að konan vildi aflausn, þá að veita henni viðtal og sjálfur að reyna hvörninn hún í þessu efni var á sig komin, sem og að áminna hana að aflausnina ei forsóma skyldi, ef hann ekkert víst vissi sem hana þar frá hindraði, hvað enn nú er ekkert framkomið.

3. Framber Vilborg uppá prestinn séra Vigfús í sínu innleggi fyrir héraðsprestadómi að Skál, að hún ei betur viti en að hún af hans völdum hlotið hafi að fara á mis við Guðs orða heyrn. Þykist kennidómurinn ei kunna að sjá af því sem framkemur hér um að presturinn þar í skuld hafi, þar ei tjáist að hún hafi oftár óskað inn í kirkjuna að ganga um embættistímann heldur en henni var það af prestinum leyft, eftir hans eigin meðkenningu, sem og ei heldur að hann hafi henni þess nokkurn tíma synjað.

4. Gefur Vilborg prestinum séra Vigfúsi sakir á sérhvörjum þeim orðum sem sér til ófrægðar eður hneykslis horfa megi, og í því sendibréfi standi sem séra Vigfús á næstliðnum vetri hafi sínum húsbónda, sýslumanninum Ólafi Einarssyni, tilskrifað. Virðist kennidóminum að eftirskrifuð orð séu þaug helstu sem Vilborg hefur uppá að *prætendera*:

1. Þessi, ég hefi fullan og allan misgrun þar á að hún það sama ljúgi sem hún um faðerni síns barns *etc.* auglýst hefur.

2. Vanrýkti saurlífsverka uppkomið næstliðið ár um þessa persónu, að öðrum með henni framar hnígandi en Stefáni Þórarinssyni, með öðru fleira í því bréfi sem virðist ei svo skikkanlega skrifað af einum kennimanni, jafnvel þó ei stórum saknæmt sýnast kunni.

5. Þar Vilborg er af herra biskupinum *citeruð* til að vera til andsvara uppá sérhvað sem hún í sínu innleggi í rétt sett hafði fyrir prestastefnudóminum að Skál, þá kemur ei neitt sérlegt fram, af hvorugs málpartsins hendi, sem saknæmt sé fyrir þessum dómi, fyrir utan það hvað áður er innfært, nema þessi orð, sem presturinn séra Vigfús *prætenderar* uppá í áðurnefndu innleggi Vilborgar, og svo hljóða: Því hann veit fyrir Guði og sinni samvitsku (ef hann vill hennar gæta, kalalaust) mig þar ekki flekkaða í vera sem hann mér tilfært hefur um faðerni míns barns *etc.* Hvör orð að oss virðast uppá prestsins síðu mjög harðlega og ótilbærilega töluð, og ei sýnist oss að Vilborg hafi þennan sinn framburð uppá prestinn bevísað og næsta örvænt að bevísa kunni. En sökum þess að andlegum ei tilheyrir að dæma sektir á Vilborgu hér fyrir, þar hún er ein veraldleg persóna, þar fyrir vísar kennidómurinn þessum pósti undir úrgreiðslu veraldlegs yfirvalds og óskar af herra lögmanninum Sigurði Björnssyni að hann hjálpi prestinum séra Vigfúsa til síns réttar, ef hann á þessum orðum nokkrar sakir eiga kann og henni þær gefur.

Að þessu svo yfirveguðu var upplesið innlegg prestsins séra Vigfúsa Ísleifssonar, tilsent biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni á næstumliðnu vori, *datum* Felli í Mýrdal þann 24. maí *anno* 1700, eftir hvörju biskupinn hefur prófastinn séra Þorleif Árnason fyrir þessa nærverandi *generalem synodum citerað*, og í sömu *citatiu* innfært meininguna af því sérlegasta sem í greindu innleggi stendur.

Var nú ennþá að nýju innlegg séra Vigfúsa áður umgetið hér fyrir dómi upplesið, af hvörju kennidóminum virtist sérdeilis þetta athugavert:

1. Að vantað hefði í þá *citatiu* sem prófasturinn gjört hafði séra Vigfúsa til prestastefnunnar að Skál, ársins *datum*, hvör þar fyrir metin er ólögleg að vera.

2. Að prófasturinn með hans meðdómendum dæmt hefði um prestinn séra Vigfús burtvikinn og fráverandi, hvar í prestinum virðist að vera gjört *præ-judice* fyrst *citatian* ei reynist lögleg að vera.

3. Það atkvæði sem nefndir dómendur gjöra um sáttargjörð séra Vigfúsa og Vilborgar, og befaling þeirra til prestsins séra Magnúsar og þá viðhöndlan er hann í frammi hafa skuli við þaug undir meðtekning heilags altarisins *sacramentis*, virðist kennidóminum eigi lögunum eður þeirra rétttri skikkun samhljóða.

4. Það prófasturinn hefur eina ósvarna skólapersónu í þennan sinn dóm nefnt sýnist ei heldur lögmætt vera.

Hér á móti *prætenderar* prófasturinn séra Þorleifur Árnason uppá séra Vigfús að hann hafi ei hlýtt sinni skriflegri skikkan, með hvörri hann hönum befalaði að meðtaka Vilborgu til aflausnar og heilags altarisins *sacramentis*, eða vissar orðsakir auglýsa, hvar fyrir hann það ei gjöra vildi, hvar í presturinn sýnist sig ei alllítið forséð hafa.

Nær þessu efni var nú svo komið talaðist svo til eftir sjálfviljugri begeringu og ósk allra þriggja málspartanna að þeir uppgáfu sína sök hvör öðrum og allt það tital sem út af þessu áðurskrifuðu máli orðsakast kynni, og lofuðu friðsamlegan kærleika sín á milli að hafa og halda án allrar kælu og angursemi. Hvar með og einnin presturinn séra Vigfús uppgaf og eftirlét Vilborgu Guðmundsdóttur þá sína *præntion* og ákæru um þaug orð sem í þennan dóm áður innfærð finnast.

Að síðustu undir þessa máls ályktan lofuðu málspartarnir, prófasturinn séra Þorleifur vegna sín og sinna meðdómenda sem hér ei nálægir voru, sömuleiðis presturinn séra Vigfús Ísleifsson, að gefa nokkuð til þeirra fátæku prestaekna sem nú eru í Skaftafellssýslu, eftir því sem biskupinn þeim tilsegjandi verður.

III. Aðspurði heiðurlegur kennimann, séra Torfi Halldórsson, hvar hann uppbera skuli betaling fyrir þaug tvö hús sem vanta á jörðunni Vindási í Kjós eftir afhendingu prófastsins sáluga séra Einars Einarssonar, hvör jörð af kónglegri *majestet* tillögð er Reynivallakalli, hvar uppá prestinum andsvarast að hann eigi sinn aðgang í þessu að erfingjum prófastsins sáluga séra Odds Jónssonar.

IV. Beiddist heiðurlegur kennimann, séra Eiríkur Þorsteinsson, úrlausnar *synodi* hvört hönum ei bæri að uppbera í sínar prestsskyldur hálfar leigur eftir þaug tólf kirkjukúgildi sem eftir máldögum fylgja eigi kirkjunni að Reykhólum, hvörjum og samhljóða er *contract* millum virðuglegs herra lögmannsins sáluga Magnúsar Jónssonar og prestsins séra Einars Torfasonar. Hér uppá er svar kennidómsins að prestinum beri hálfar leigur af áðurgreindum kúgildum nema hann þar gisting og greiða þiggi, hvað hönum standi í sjálfræði.

V. Var framborinn fyrir *synodum* venjulegur efnabrestur þess fátæka kennimanns, séra Péturs Ámundasonar, meðfylgjandi hans alúðarbón að sér af *taxeruðum beneficiis* þessa fjórðungs nokkuð tilleggjast mætti. Hvörs vegna hönum nú *deputerað* var af Holti undir Eyjafjöllum 45 álnir, af Breiðabólstað 95 álnir, af Odda 55 álnir, af Gaulverjabæ 35 álnir, af Hruna 35 álnir, af Görðum á Álftanesi 35 álnir, af Reykholti 35 álnir, af Melum 25 álnir, svo hans tillag verði alls að upphæð þrjú hundruð. Óskast af próföstum sérhvörjum í

sínu héraði þetta tillag hjá prestunum að innkrefja og síðan senda til meðtöku prófastinum í Kjalarnesþingi, séra Ólafi Péturssyni.

Þetta hér fyrir framan og ofan skrifað í sex póstum er ályktað og staðfest af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni og hér nálægum próföstum og prestum, og síðan sett til *consens* og samþykkis veleðla og velbyrðugs herra amtmannsins Christians Müller. Hvörju til staðfestu og sannindamerkis eru undirsett nöfn að Þingvelli við Öxará dag 5. júlí anno 1700.

Árni Þorvarðsson eh
Ólafur Jónsson meh
Benedikt Pétursson eh
Jóhann Þórðarson mpp
Páll Högnason meh
Torfi Halldórsson meh
Sæmundur Jónsson eh
Ólafur Ásmundsson

Jón Þorkelsson Vídalín
Ólafur Pétursson eh
Steinn Jónsson eh
Eiríkur Þorsteinsson meh
Jón Eyjólfsson meh
Guðmundur Högnason eh
Jón Erlingsson mpp
Hannes Erlingsson meh

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1701 þann 12. júlí að settri almennilegri prestastefnu að Þingvelli voru þessir eftirskrifaðir eruverðugir og heiðurlegir kennimenn í dóm nefndir af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín¹ til að gjöra um þau mál sem til hafa fallið í Skálholtsstifti síðan næstumliðna *generalem synodum* og andlegum ber lög í að segja, séra Árni Þorvarðsson, séra Ólafur Pétursson, séra Jón Halldórsson, prófastar, séra Ólafur Jónsson, séra Hannes Björnsson,² séra Frans Ibsson, séra Högni Ámundason, séra Daði Halldórsson, séra Jón Ólafsson, séra Gísli Álfsson, séra Gunnar Einarsson, séra Sigurður Eyjólfsson, séra Hannes Erlingsson og séra Auðun Benediktsson, prestar.

I. Voru upplesnar þessar eftirskrifaðar hans kónglegrar *majestets* allranáðugustu *confirmatiur* og kónigsbréf, biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín uppá hans bestillingarbréf fyrir Skálholtsbiskupsdæmi, séra Jóns Halldórssonar uppá hans veitingarbréf fyrir Hítardal, séra Sigurðar Eyjólfssonar kóngleg eftirlátsemi til að mega njóta einhvörs prestakalls, Gríms Einarssonar fyrir Staðarbakka í Miðfirði, Bjarna Árnasonar fyrir Seltjarnarnessóknum, Þórðar Péturssonar fyrir Kolfreyjustað.

1 *Vídalín*: í beinu framhaldi er aftur skrifað í dóm nefndir

2 *séra Hannes Björnsson*: bætt við á spássíu með sömu hendi

II. Kom fyrir mál úr Skaftafellssýslu á millum prófastsins séra Þorleifs Árnasonar, séra Jóns Sigmundssonar og Páls Bjarnasonar af einni hálfu, en séra Gissurs Bjarnasonar af annari, hvörja alla að biskupinn á næstumliðnu vori *citerað* hafði fyrir þessa nærverandi *synodum*. Var Bjarni Þorleifsson, sonur séra Þorleifs, hér til svara fyrir föður sinn og framlagði prófastsins skriflegt umboð með hans áþrykktu *signeti* og undirskrifuðu nafni, en hinir í eigin persónu, og gáfu sig viljuglega allir til að svara hér nú strax til allra þeirra sakargifta sem í *citatiurnar* eru innfærðar.

Var nú fyrst yfirskoðuð og rannsökuð *citatia* biskupsins til séra Gissurs Bjarnasonar og í henni sú fyrsta sakargift prófastsins séra Gissuri til handa, sem er þessi, að hann sveigi að prófastinum í því skrifi er hann kallar alþingis angefningu, umsátur og ásókn. Var nú sama angefning opinberlega upplestin og sýnist sakargiftin í sjálfri sér sönn að vera. Færir séra Gissur til bevísingar sinni sögu *visitatiu* prófastsins séra Þorleifs Árnasonar, sem hann gjört hafði *anno* 1700 þann 9. júní að Skarðskirkju í Meðallandi, í fráveru séra Gissurs, og þar eftirspurt um prestsins líf og lifnað, svo sem *visitation* sér líkast hermir. Nú þó kennidóminum virðist að sú *visitatia* sé í sumu ískeyggileg og öðruvísi en vera byrjaði, þá kunnum vær samt út af henni ekki að sjá að umsátur af prófastsins hendi við séra Gissur sé bevísað, og sé þar fyrir þetta orð saknæmt við prófastinn að nokkru leyti, sérdeilis þar yfirvald prestsins í hlut átti.

Önnur sakargift prófastsins er sú að séra Gissur skrifi: Messuvín var ekki á kirkjunni tvo fyrirfarandi sunnudaga. En framkemur bevislegt að næsta sunnudag fyrir hafi vín fyrir þrjá eða fjóra menn verið, og segist séra Gissur meint hafa að vín hefði ei svo mikið til verið að fólkið kynni almennilega til heilags altarisins *sacramentis* að meðtakast fyrir utan það sem nauðsynlega þurfti að ætla til sjúkra. Virðist kennidóminum að þessi póstur sé ekki miklu saknæmur.

Sú þriðja sökin er að séra Gissur leggi Guðs nafn við í sinni angefningu. Virðist kennidóminum að það sé ei að svo miklu leyti að saknæmt vera kunni.

Hin fjórða sök er sú að séra Gissur hafi reist úr sókninni, héraðinu og fjórðunginum landsins fyrir utan prófastsins vitund og leyfi. Sýnist oss að þetta sé ei á móti kónglegrar *majestets ordinantiu*. Þó er séra Gissur hér með af biskupinum alvarlega áminntur að hann hér eftir eigi reisi svo frá sínum söknum að hann skilji þær eftir ráðstöfunarlausar, verði hönum hér eftir til nokkurs safnaðar trúað, eftir hvörju hvör og einn kennimaður hefur sig að rétta.

Í fimmta máta setur séra Þorleifur í rétt, hvört séra Gissuri hafi leyfilegt verið að færa inn grein úr Guðs orði í það sitt óróleikans og uppsláttar skrif. Virðist oss að þótt nemi að sönnu eigi stórum sektum, en er þó presturinn áminntur að höndla í öllum stöðum vandlega og rækilega með Guðs heilaga orð.

Í sjötta lægi setur prófasturinn í rétt, hvört hönum séu ekki þessi orð til hneykslunar sem standa í skrifti séra Gissurs og svo hljóða: Er ég því auðmjúklega innflýjandi til yðar eruverðugheita og umbiðjandi að eftir yðar guðlegu embætti álíta vilduð þessar áðurtéðs prófasts aðgjörðir, hvört mér er ekki hér útfi gerð *despect* og foragt. Virðist kennidóminum að ei horfi prófastinum þetta til hneykslunar þar sérhvörjum einum stendur frítt fyrir að óska síns yfirvalds álits um þá hluti sem hann þykist vanhaldinn í vera.

Í sjöunda máta setur hann í rétt, hvört hann ekki sé rægður fyrir biskupinum, hvar um kennidómurinn vill gefa sína ályktan þegar prófasturinn hefur erklærað sig uppá sakargiftir séra Gissurs.

Í áttunda máta gefur prófasturinn séra Gissuri að sök hans upplestur yfir sér í Skarðskirkju, upplesinn á drottinsdegi strax eftir hans kristilega áminningu séra Gissuri og söfnuðinum gjörða. Hvör upplestur hér var nú opinberlega auglýstur og er af kennidóminum ósæmilegur og óskikkanlegur álitinn.

Í níunda lægi að séra Gissur hafi ekki hlýtt sínum áminningum. Voru hér nú upplesin þrjú áminningarbréf prófastsins til séra Gissurs. Tvö viðvíkjandi óeiningu við sína bræður, en hið þriðja misklíð á milli prestsins og annara Þykkvabæjarklausturs landseta um slátt á engi og heyburtfærslu af því plátsi sem þeir meina sinn leigumála vera. En sökum þess að enn nú er ei bevísað að séra Gissur sé orðsök í þeirri óeining milli hans og hans bræðra, svo og er ei bevísað eða úttalað hvört presturinn hafi gjört nokkra ranga aðtekt, þá látum vær bíða þar um að segja vora meining þar til að soddan bevísast.

Ellefta sakargift prófastsins til séra Gissurs er sú að hann hafi ekki *comparerað* eftir prófastsins tilsögn. Framleggur Bjarni til bevísingar þessum prófastsins áburði *citatiu* prófastsins til séra Gissurs, *dateraða* 6. október *anno* 1700, hvörja *citatiu* tveir vottar, Gunnar Höskuldsson og Jón Jónsson, bera að Þórður Þorleifsson hafi lesið fyrir séra Gissuri Bjarnasyni. En séra Gissur afsakar sig þó hann ekki *comparerað* hafi, þar hann ei fékk *copiu* af *citatiunni*. Framkemur þó að hönum hafi boðið verið hana út að skrifa ef vildi. *Item* framlagði Bjarni fjöggra manna vitnisburð séra Ketils Halldórssonar, Gunnars Höskuldssonar, Gunnlaugs Eiríkssonar og Jóns Jónssonar, sem bera að séra Þorleifur hafi tilsagt og skikkað séra Gissuri Bjarnasyni, söfnuðinum áheyrandi, að koma að morgni dags, sem var sá 7. október 1700, að Skarðskirkju í þeirri meiningu að niðursetja þá óeining og misklíð sem væri milli hans og hans bróðurs, Páls Bjarnasonar, hvörri prófastsins tilsögn séra Gissur meðkennir sig ekki hlýtt hafa, og virðist *synodo* það saknæmt við prófastinn.

Auk þessa kom undir rannsak angefning Páls Bjarnasonar fyrir prófastinn, séra Þorleif Árnason, hvar inni svo stendur: Ég formerki ógeð til mín vera af mínum bróður og kennimanni, séra Gissuri Bjarnasyni, svo ég treysti mér ekki

til heilagt *sacramenti* hjá hönum að ná, bæði vegna hans annarlegra kælulegra atvika við mig, sem og vegna sjálfs míns og minnar kærrar ektakvinnu breyskrar og sturlaðrar samvitsku. Framlagði nú Páll Bjarnason sinni angefningu til bevisingar þetta eftirskrifað:

1. Séra Gissurs kalaleg atvik við sig, nefnilega þessi að hann hafi misgrunað sig um tíundargjörð.

2. Að hann hafi skipað sér í burtu úr kirkjunni þann 13. sunnudag eftir *trinitatis anno* 1700, með öðru fleira þeirra samtali í það sinn, hvört tveir vottar vitnuðu nú hér fyrir dómi, en voru þó ekki í öllum póstum samhljóða. *Item* hafa vitnað um það samtal nokkrir sóknarmenn að Leiðvelli dag 10. janúar *anno* 1701.

Hér uppá er ályktun kennidómsins að séra Gissur hafi ei með tíundargjörðarinnar misgrunun gefið Páli svo mikla orðsök að hann ekki vel mætti af hönum heilagt altarisins *sacramentum* meðtaka. Í annan máta lýst og *synodo generali* að samtal séra Gissurs og Páls Bjarnasonar þann 13. sunnudag eftir *trinitatis anno* 1700 sé ei svo mikilsvert, jafnvel þó sannbevisað væri, að það þyrfti að veikja samvitsku Páls til að meðtaka heilagt altarisins *sacramentum* af sínum bróður, ennþá síður fyrst það ei framkemur með neinum svörnum eður lögmætum vitnum bevisað, að svo miklu leyti sem vér höfum forstand á eður kunnum að álykta. Var nú og Páll Bjarnason *examineradur* og yfirheyrður hvört hann hefði eða haft hefði nokkra þá samvitskuþvingun sem hann hindrað hefði frá því að meðtaka heilagt altarisins *sacramentum* af sínum rétta sóknarpresti, allt svo lengi hann ekki var frá embættinu dæmdur eða *suspenderadur*. Hvar uppá hann gaf engin þaug andsvör að vér kynnum að festa vora samvitsku við, að hann sökum samvitskuveiki hefði þar frá verið hindraður. Virðist oss því að Páll hafi eigi bevisað sína angefning fyrir prófastinum, en setjum til veraldlegs yfirvalds hvað það gilda skuli.

Ennþá framar var undir rannsak tekið allt það er sóknarmenn séra Gissurs hafa uppá hann vitnað eður framborið á Leiðvelli í Skaftártungu *anno, die ut supra*, hvar uppá presturinn er fyrir þessa nærverandi *synodum generalem citeradur* sínu embætti til forsvars. Nú að yfirvegudum þessum vitnatektum að Leiðvelli, sem oss virðast hvörki í allan máta lögmætar að vera, og vitnisburðir þar innfærðir eru ei heldur svarnir, ályktum vér fullkomlega að þau ei kunni að fella prestinn að svo prófuðu og fyrir oss komnu, sérdeilis sá póstur um þau orð er tveir vottar, Jón Eiríksson og Jón Höskuldsson, bera að presturinn séra Gissur hafi talað af predikunarstólnum og svo hljóða: Guðs sonur dó ekki nema fyrir upprunasyndina. Sýnist oss næsta óvarlega framborið og kunni prestinn í öngvan máta fella, sérdeilis þar þessir vottar eftir fengna *citatiu* prófastsins hafa eigi látið sig finna hér fyrir dómi til að yfirheyrast og *examinerast*, hvað vér

ályktum nauðsynlegast verið hafa í svo háu máli. En vér setjum til veraldlegs yfirvalds hvað gilda skuli þeirra forsömun hingað að koma ef hún er forfallalaus, sem og sá dristugi framburður uppá prestinn að nauðsynjalausu ef ekki sannbevísður verður. Er og enginn sá hér til staðar sem kunni að segja hvað langt sé síðan þessi orð skyldi töluð vera.

Framvegis kom fram sá póstur í Leiðvallarrannsókn um þann sveitarómaga Gróu Hallvarðsdóttur, hvör kunn hafi orðið að óráðvendni, hvörs vegna séra Gissur hafi hana fyrst útsett frá heilögum fríheitum, en nefndri Gróu þó ekki þá sakir gefnar af þeim sem sökina átt hefði, né heldur rannsakað hvört hungur hefði hana knúið til þeirrar óráðvendni. Síðan hefði nefnd Gróa af sótt og vesöld veikst, og séra Gissur hennar vitjað og í soddan veikindum afleyst og heilagt *sacramentum* henni veitt. Síðan, nær hún hresstist til sinnar heilsu, hafi séra Gissur hana fyrir sömu óráðvendni opinberlega afleyst í Skarðskirkjusöfnuði, hvar uppá hún hafi þá að nýju heilagt *sacramentum* meðtekið á sjálfan hvítasunnu hátíðisdag. Meðkenndi nú séra Gissur að þetta hefði svo framfarið sem fyrir segir í þessum pósti, hvað hann segist og viðurkennir sig af einfaldleika og misskilningi gjört hafa í þessu efni, þar þvílíkt hafi ei áður fyrir sig komið, úr soddan *casu* að ráða með sínu eindæmi. Hér uppá andsvarast að presturinn mátti vel opinberlega afleysa, þó ei væri sök gefin, ef brotið var opinbert játað og þar var hneykslun af orðin, en þessi tvöfalda aflausn virðist kennidóminum óregluleg.

Hér að auki kom undir rannsak angefning séra Jóns Sigmundssonar um séra Gissur Bjarnason, inngefin fyrir prófastinn séra Þorleif Árnason, en af honum fyrir biskupinn *magister* Jón Þorkelsson, hvör svo orðrétt hljóðar sem eftirfylgir:

Séra Gissur reisti að heiman aðfaranóttina sunnudagsins í núviknaföstu og var kominn þá dagur var að Sauðhúsnesi. Greip Meðallandssöfnuður í tómt er til kirkjunnar kom þann sunnudag. Frá Sauðhúsnesi reið hann nefndan sunnudag þá sól var farin og svo framan hjá klausturskirkjunni og vestur á Sand, en sem hann kom úr Skálholti hafði hann nóttina fyrir kyndilmessu gist á Ytri-Sólheimum. En kyndilmessumorgun, þá báðir prestarnir í Mýrdal voru að Sólheimakirkju komnir, reisti þá þaðan fyrir embætti. Fór hann frá sinni kirkju og framhá minni. Gef ég yður til vitundar hvörninn yður vanda ber eftir yðar embætti, og ekki soddan hneyksli af einum kennimanni gjört aðgjörðalaust líðast láta, sem þér betur vitið en ég að Guðs dýrðar vegna ber um soddan sé vandlætt.

Var nú séra Jón aðspurður hvörjar bevísingar hann hefði til þessa síns framburðar og lagði hann hér ekkert fram þar um utan meðkenning þingmanna tekna á Leiðvelli 1701 dag 13. júní, hvör hljóðar á þann hátt, að presturinn séra Gissur

hafi ekki á sinni sóknarkirkju verið sunnudaginn í níuviknaföstu nú næstliðins veturs. Var séra Gissur ei aðvaraður þegar þessi þingmanna meðkenning tekin var og virðist oss því að séra Jón hafi ei þennan póst af sinni angefningu fyrir vorum dómi löglega bevísað. En hvað viðvíkur heilagrar þjónustugjörðar forsómun á kyndilmessu næstumliðna, þá sýnist séra Gissur þar um afsakaður, þar framkemur að hann hafi meint að ná embætti að Reynir, en ei vitað að Reynirskirkju prestur mundi þann sama hátíðisdag verða á Sólheimum.

Aðspurði nú biskupinn séra Gissur hvört hann neita vildi þessari séra Jóns angefningu, hvar til hann svaraði að jafnvel þó hann meinti að séra Jóni byrjaði að bevísa sína angefning, þá vildi hann þó til hlýðnis við réttinn meðkenna það í þessu satt væri, hvað hann gjörði á þennan hátt, að hann hefði riðið frá sínu heimili um dagsetur á laugardagskvöldið og meint að ná embætti að Höfðabrekku. En sökum þess að hann hafi frétt að ei mundi á Höfðabrekku embætti flutt verða þann sama dag hafi hann reisunni áfram haldið. Er álit *synodi generalis* hér uppá að presturinn séra Gissur hafi heldur djarftækur verið sig heiman að taka til reisu undir fyrrnefndan drottinsdag. Einnin hafi hann í því ekki forsvaranlega breytt á sjálfan sunnudaginn svo reisunni að framhalda, að hvíldartíma eður Guðs heilagra orða lestur hafi ei á þeim degi framfarið sem annars byrjaði.

Þessu næst var yfirskoðuð og fhuguð *citatia* biskupsins til séra Þorleifs Árnasonar og í henni sá fyrsti póstur að prófasturinn hafi með sinni tilhlutan því samþykktur orðið að bróðir séra Gissurs, Páll Bjarnason, með sinni ektakvinnu, Hólmfríði Einarsdóttur, hafi tekið sig frá séra Gissurs prestlegri þjónustu, sérdeilis uppá heilaga aflausn og samneyti drottinlegrar kvöldmáltíðar, og þá helgidómsþjónustu þegið af séra Jóni Sigmundssyni, og það sama án leyfis séra Gissurs og hans samþykkis, fyrir utan vissar og sannprófaðar orðsakir sér auglýstar. Virtist kennidóminum þessi sakargift séra Gissurs sönn vera, hvörri til bevísingar hann framleggur handskriftaða *copie* af bréfi prófastsins til séra Jóns Sigmundssonar, hvör hér var fyrir réttinum opinberlega upplestin, og er ályktun kennidómsins að prófasturinn í þessu hafi gengið fram yfir síns embættis myndugleika, þar *superintendenti* alleina ber *casus conscientiae* að *decidera*.

Hin önnur ákæra séra Gissurs til prófastsins er sú, að hann í sinni nauðsynlegri frávist leitað hafi vitnisburðar hjá sínu sóknarfólki uppá sitt framferði við Skarðskirkju í Meðallandi. Hvar til séra Árni Þorleifsson svarar síns föðurs vegna að hann meini hönum leyfilegt verið hafa kirkjuna að *visitera*, hvört sem presturinn var heima eður ei, sem og eftir kristilegri skikkun að eftirspyrja um prestsins lærdóm og lifnað. Ályktar *synodus* að þetta sé ei saknæmt við séra Gissur, en þar prófasturinn setur í rétt hvört sér hafi ei leyfilegt verið að láta gegna Skarðskirkju sóknarmanna í nauðsynjum, þar þeir þess af hönum óskuðu

á þingi, þá er andsvar *synodi generalis* hér uppá að prófasturinn hafi næsta djarflega hlutast til að sóknarmenn séra Gissurs væri af einum framandi presti til heilags altarisins *sacramentis* meðteknir, þar öngvum byrjar að skipta sér af annars kalli, nema það sé með þess sama sóknarprests vilja eður *superintendentis* befalningu eftir laganna hljóðan.

Í þriðja máta kom undir rannsak, hvar fyrir prófasturinn hafi látið halda *inquisition* fyrir veraldlegu yfirvaldi á þingi um séra Gissurs embætti og lífernis framferði við hans sókn, á móti biskupsins bréfi prófastinum tilskrifuðu *de dato* Skálholti dag 31. október *anno* 1700, í hvörju kennidóminum virðist hann sig mjög misséð hafa, hvörja velnefnds prófastsins hér ávikna yfirsjón eðla og veleruverðugur herra biskupinn fyrir sína persónu af frívilja eftirgefur, að svo miklu leyti sem hann má síns embættis vegna.

Í fjórða máta var Bjarni Þorleifsson af biskupinum aðspurður, hvörja grein hann gjörði á þessum orðum er standa í hans bréfi til biskupsins og svo hljóða: Það sóknarvitnisburðinum viðvíkur í Meðallandi, hefi ég ei látið sérhvað svo *specificera*, með því mér blöskrar að færa undir réttargang stóryrði uppá prestinn, þar kónglegrar *majestets recess* svo hart á því tekur. Hvar til Bjarni svaraði að faðir sinn séra Þorleifur hafi óskað þings af sýslumanninum til vitnisburðatektar uppá stóryrði prestsins, en sýslumaðurinn hefði afsakað sig sökum naums tíma, þar alþing var svo nálægt, þess og annars vegna að um það leyti var venjulegur almúgans reisutími. Er því ályktun *synodi generalis* að uppá þetta, eftir því stóryrði uppá prestinn hér ei koma sannbevisuð, þá verði í þetta sinn ekkert þar um frekara talað, inn til þau sannprófuð verða.

Í þriðja máta voru rannsakaðar sakagiftir séra Gissurs uppá séra Jón Sigmundsson.

1. Að hann hafi til heilags altarisins *sacramentis* meðtekið sinn sóknarmann, Pál Bjarnason, ásamt hans ektakvinnu, Hólmfríði Einarsdóttur, án síns leyfis og samþykkis, fyrir utan vissar og sannprófaðar orðsakir sér auglýstar. Hvar til séra Jón Sigmundsson svarar að hann hafi það gjört eftir prófastsins tilhlutan og í hlýðni við hann. En kennidómsins meining er að séra Jóni hafi ei byrjað hér úti þessum pósti prófastinum að hlýða, og er hann alvarlega áminntur af biskupinum að hann hér eftir láti ei þvílíkt eftir sig finnast, nema hann þar fyrir vilji standa til rétta.

2. Að hann hafi hönum og hans ektakvinnu synjað heimuglegrar aflausnar og meðtöku drottinlegrar kvöldmáltíðar, en þó ekki framlagt þær lögmætar opinberar orðsakir sem hann eður hans ektakvinnu kynni að hindra frá svo háverðugum sáluhjálparmeðölum. Neitar séra Jón því að hann hafi synjað kvinnu séra Gissurs heimuglegrar aflausnar og meðtöku *sacramentis*, og ei getur séra Gissur það hér bevísað. En það meðkennir séra Jón að hann hafi

synjað sjálfum séra Gissuri heilagrar aflausnar nema hann áður sættist við sinn bróður Pál, og að þau orð hafi framfarið fyrir heilaga þjónustugjörð þá séra Gissur *sacramentis* óskaði. Hvar uppá kennidómsins andsvar er, að hvað séra Gissur ei getur bevísað kann ekki séra Jón að sakfella fyrir. En sökum þess að kennidóminum virðist að séra Jón hafi með öðru móti sátta leitað milli bræðranna en lögin ráð fyrir gjöra, þá ályktast að séra Jón hafi hér úti næsta hastarlega framfarið, einkum þar oss sýnist ei að fyrir hönum hafi bevísanlegt verið að séra Gissur hafi Páli virkilega á móti gjört.

Nú enn fremur það sem viðvíkur ákæru séra Gissurs til Páls Bjarnasonar í þann máta að hann hafi (svo sem í innleggi til herra biskupsins stendur) tekið sig ásamt sinni ektakvinnu, Hólfríði Einarsdóttur, frá séra Gissurs prestlegri þjónustu, sérdeilis uppá heimuglega aflausn og samneyti Drottins kvöldmáltíðar, og þá helgidómsins þjónustu þegið af séra Jóni Sigmundssyni, og það sama án séra Gissurs leyfis og samþykkis, fyrir utan vissar og sannprófaðar orðsakir sér auglýstar. Þar til svarar Páll að hann hafi það gjört sökum þess kala sem hann meinti sinn bróður á sér hafa og sinnar samvitskuveiki sem hann þar af haft hafi, sem og eftir prófastsins tilhlutan. Virðist kennidóminum að jafnvel þó séra Gissur hafi haft óvild á sínum bróður, að Páll hafi þar fyrir ei þurft eins annars prests að óska og að ekki hafi hann mátt gjöra eftir þeirri prófastsins tilhlutan sem hönum ei byrjaði að gjöra. Hvað samvitskuveikinni viðvíkur, þá er þar um áður talað sem sér líkast hermir.

Uppá þessara framanskrafaðra téðra manna málefni er fullkomin ályktun og dómsatkvæði *synodi generalis* að séra Gissur Bjarnason, fyrir hans óskikkanleg orð og óhlýðni við prófastinn, sem og óbevísaða sögn uppá séra Jón Sigmundsson, sem og helgibrot og óreglulega aflausn á Gróu Hallvarðsdóttur, skuli missa hans kall. Prófasturinn séra Þorleifur Árnason, fyrir djarflegar tilhlutanir, sem til forna er umgetið, skal gefa fjögur hundruð til fátækra prestaekkna í héraðinu og hafa það lukt innan tveggja ára, og sendi ekknanna *revers* hér uppá til biskupsins innan tiltekins tíma. Séra Jón Sigmundsson, fyrir hans óvarlegar og hastarlegar aðgjörðir, skal opinberlega áminnast hér í *synodo* og hvor þeirra biðji annan fyrirgefningar, séra Gissur og séra Jón. Hvað helst viðvíkur Páli Bjarnasyni í þessu máli og saknæmt kann að virðast, sem kennidóminum hlýðir ei til yfir að dæma, þá stendur það til veraldlegra manna úrlausnar og atkvæða yfir að dæma nær tilefni kemur.

III. Framlagði prófasturinn í Kjalarnesþingi, séra Ólafur Pétursson, það prestastefnuálit sem framfarið hafði að Innri-Njarðvík 28. júní nærverandi árs, í hvörju fyrst framkemur um kirkjuna að Njarðvík innri, hvört að henni skuli ei frekari tiltala af sóknargjöldunum en hvörri annari hálfkirkju tilhlýða, eður sóknargjöldin að óskertu til Kirkjuvogskirkju gjaldast, sem að gamalli venju

verið hefur. *Item* hvar presturinn sem þar embættisgjörð fremur skyldi sína forðargun uppbera, sem og einninn hvör vín og bakstur skyldi tilláta þegar á nefndri kirkju heilög þjónustugjörð framin er. Nú kemur fram í nefndu prestanna álitu að greind Njarðvírkirkja sé harla nauðsynleg vegna þeirrar stóru vegalengdar og hættusamlegs örðugleika sem úr þeim parti sóknarinnar sé til Kirkjuvogskirkju, sem allmörgum er um kunnugt. Hvörja nauðsyn oss virðist að veleðla og velbyrðugur herra amtmaðurinn, Christian Müller, hafi álituð, þar hann (eftir því sem hér framkemur) hefur í kallsbréfi heiðurlegs kennimanns séra Gísla Jónssonar af *dato* 31. maí 1694 svo tilskikkað að nefndur séra Gíslu skulu vera sóknarprestur til Hvalsness, Hafna og Njarðvíkur sókna *etc.* Og eðla herra lögmáðurinn Laurits Gottrup í velnefnds herra amtmannsins stað hafi tiltekið í sinni *collation* til heiðurlegs séra Árna Þorleifssonar de *dato* 1698 dag 11. mars að hann skulu nefndri kirkju þjóna í líkan máta sem hans formenn gjört hafi.

Auk þessa framkemur að prófasturinn sálugi, séra Brynjólfur Jónsson, hafi tillagt séra Oddi Árnasyni ljóstolla sem féllu í Njarðvíkursókn í ómakslaun um þann tíma er hann þar þjónaði, og sú prófasts tilhlutun af biskupi staðfest. Enn nú, auk þessa sem skrifað er, framkemur að veleðla herra biskupinn, *magister* Jón Þorkelsson, hafi eftirlátið að uppbyggja og helga kirkjugarð að nefndri kirkju, framliðnum til greftrunar nauðsynja vegna. Hefur velnefndur prófasturinn með sínum dómsprestum svo álituð að þeim fullkomlega virðist þessi kirkja hafi allareidu öðlast meiri tiltölu heldur en aðrar hálfkirkjur, sem til viti, að því leyti sem þjónustugjörðinni viðvíki.

Uppá þetta áðurskrifað er atkvæði *synodi*:

1. Að oftnefnd kirkja að Innri-Njarðvík sé öldungis nauðsynleg og hér með skikkað að hún upp frá þessu verði þriðjungakirkja eftir því sem presturinn kann við að koma, einkum þar framkemur að sóknarfólkið og bæirnir séu ei færri heldur fleiri til Njarðvíkur en Kirkjuvogs.

2.¹ Eru Njarðvírkirkju fyrir vins og baksturs, *item* lýsingar umkostnað, tilskikkaðir ljóstollar og tíundir sem gjaldast eiga frá hennar sóknarbæjum, Ytri-Njarðvík, Narfakoti og Stapakoti, einninn sjálfrar kirkjujarðarinnar Njarðvíkur innri. En hvað ljóstollarnir og tíundirnar kunna hærra upp að stíga en nefndum umkostnaði svarar, þá uppberi sóknarpresturinn það eftir héraðs-prófastsins *disposition*.

3. Það sóknarprestsins forðargun viðvíkur er svo tilskikkað að hann hafi sína sámllega forðargun hjá kirkjubóndanum þegar hann nauðsynlega meðþarf og hann síns embættis vegna þangað vitjar. En sóknarfólkið aðstoði kirkju-

1 2: vantar í handrit

bóndann, sérhvör eftir sinn formegan, svo sem héraðsprófasturinn ákveður og tilskikkandi verður.

4. Legkaup sem tilfalla í þráttnefndri Njarðvírkirkjusókn, og *deputeruð* verið hafa Kirkjuvogskirkju á meðan Njarðvírkirkja var ennþá hálfkirkja, tilleggist hér eftir Njarðvírkirkju, inn til og svo lengi að háyfirvöldin aðra skikkun á gjöra þessu eður öðru sem um þráttnefnda Njarðvírkirkju nú er ákveðið. Er þó þessi póstur sérdeilis innsettur til velnefnds herra amtmannsins *consens* og staðfestingar.

IV. Var framlagður sá héraðsdómur sem velnefndur prófasturinn, séra Ólafur Pétursson, hafði ganga látið 28. júní *anno* 1701 að Innri-Njarðvík um hórðómsmál Þóru Þorleifsdóttur með Arnþóri Tómassyni, í hvörjum vænst er velbyrðugs herra amtmannsins skikkun að héraðsprófasturinn þessa sök fyrir sig taki undir venjulegt og löglegt rannsak í héraðinu og þar úti dæmi eftir lögunum, að það síðan mætti fullkomlega takast fyrir á næstkomandi *synodo generali*. Þess vegna, eftir því að nefndur prestastefnudómur er byggður uppá hjónabands *articulana* og annað kónglegt lögmál, og það sýnist í þessum máls *process* sé það allt *observerað* sem undanganga ber löglegum hjónaskilnaði, þá er hann hér með af biskupinum og kennidóminum í öllum sínum *punctum* og atriðum staðfestur, og með fullu dómsatkvæði ályktað hjónaband Brands Höskuldssonar og Þóru Þorleifsdóttur sundurlaust og þau aldeilis aðskilin héðan af, tilsejandi þeim að halda sig hér eftir svo sem kónglegt lögmál fyrirskilur.

V. Dag 15. júlí kom fyrir kennidóminn innlegg Staðarkirkju sóknarmanna í Grunnavík, viðvíkjandi nokkurs konar lambseldi sem þeir umkvarta að sér sé til fódurs sett framar því sem venjulegt sé í öðrum kirkjusóknum þar á sveitum, hvört að kallað hefur verið kirkjulamb eður Maríulamb, frá hvörju aukafóðri merkja er nefndir sóknarmenn vilji fríast, sé það mögulegt. Er hér uppá einlægt andsvar *synodi* að kennidómurinn þykist ei myndugleika til hafa kirkjunnar máldaga að brjála, né heldur prestsins rentu að skerða frá því sem langvaranlega verið og viðgengist hefur. Hér kemur ei heldur neinn fyrir sem þessu efni beri að svara. Vitum ei heldur að prestarnir í Grunnavík hafi hér um aðvaraðir verið, svo þeirra svör mættu koma mót fyrrsögðu innleggi. Sjáum vér ei annað en þeim sé að svo stöddu rétt og forsvaranlegt, svo þessa prestsrentu sem sérhvörjar aðrar vitaskuldir að heimta og uppbera. Í Vilkinsmáldaga getur um (eftir vorum skilningi) tveggja lamba eldi þar tvíbýli er, þó virðist oss ei fleiri en tvö heimtandi í þessu nafni, jafnvel þó fjölbýlla væri á sumum jörðum.

VI. Sama dag var framborin nauðsyn þess raunmædda kennimanns, séra Ketils Halldórssonar, hvörri svo er varið að sonur hans séra Árni, þangað kalladur og sínum velnefndum föður til *capellans* vígður, hefur síðan með næst-

liðnum marsmánuði þunglega haldinn verið af rænubresti og vitfirðingu, og þess vegna vöktunarmaður verið inn til þessa. En það prestkall sem séra Ketill heldur vita menn fátækt vera og öngvan veginn fært til að tveir kennimenn þar forsorgist, einkanlega í svo stórum og þungum vandræðum, þó séra Ketill hafi sökum síns sonar og *capellans* þröngt setið sér til aðstoðarvonar í sínum elli-burðum. Er hér uppá endileg úrlausn og atkvæði herra biskupsins með nálægum kennidómi, að séra Katli Halldórssyni skuli til aðstoðar í þessum stórnaðsynjum leggjast og greiðast það ölmusutillag sem af *beneficiis* í Austfirðingafjórðungi ákveðið verið hefur þurfandi prestum til forsorgunar, nefnilega, af Hofi í Voknafirði 90 álnir, af Kirkjubæ í Tungu 80 álnir, af Valþjófsstað 70 álnir, af Vallanesi 100 álnir, af Eyðölum 1 hundrað, af Skorastað 30 álnir, af Hólma- stað 30 álnir, af Kolfreyjustað 40 álnir, af Stafafelli í Lóni 40 álnir. Hvör útlög herra biskupinn, *magister* Jón Þorkelsson, með kennidómsins samþykkilegu ráði, tileinkar og skikkar að séra Katli Halldórssyni greiðist tregðulaust af fyrrnefndra staða höldurum, svo mikið af sérhvörjum sem hér áður umgreinir, og að þessi frómi og guðhræddi kennimaður mætti þetta fá í hagfelldum og þarflegum aurum, hvar til að velnefndum kennimönnum er vinsamlega treyst. En sérdeilis er héraðsprófasturinn, eruverðugur séra Páll Ámundason, kærlega umbeðinn með sínum góðum tillögum og framkvæmd að stoða séra Ketil til þessara efna, og eftir því sem mögulegt kann vera svo fyrirgreiða að kostnaðurinn eyði sem síst nefndum útlögum sökum nauðsynja og fjarlægðar séra Ketils.

VII. *Item* var framborið um vanefni og þörf þess háaldræða kennimanns séra Ásgeirs Einarssonar, sem sér til uppheldis óskar nokkrar tillögu, sérdeilis af þeim *beneficiis* sem þurfandi uppgefnum prestum hafa ánefndar verið til ölmusuútláta af Vestfirðingafjórðungi. Þess vegna er af herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni með kennidómsins samþykkilegu ráði svo ákveðið og tileinkað að séra Ásgeiri greiðist í hans ölmusutillag af þessum stöðum, Selárdal 40 álnir, Holti í Önundarfirði 50 álnir, Vatnsfirði 60 álnir, af Stað í Steingrímsfirði 20 álnir, Stað í Grunnavík 20 álnir, af Setbergi 60 álnir, af Staðarstað 100 álnir, af Hítardal 80 álnir, af Stafholti 50 álnir. *Summa* þessa 4 hundruð. Er vinsamlega treyst og tilsagt nefndra staða höldurum þetta með góðum greiðslum og þægilegum útlátum þessum aldræða kennimanni séra Ásgeiri í té að láta, svo hönum megi tilhagnast eftir hans nauðsynjum.

VIII. Séra Pétri Ámundasyni er fyrir þetta ár tileinkað af Reykholti 30 álnir, af Melum 20 álnir, af Görðum á Álfanesi 30 álnir, Gaulverjabæ 30 álnir, Hruna 20 álnir, Odda 50 álnir, Breiðabólstað 70 álnir, Holti 40 álnir. *Summa* 2½ hundrað.

IX. Enn sama dag bar upp fyrir *synodo* virðuglegur valdsmann úr Kjalarnesþingi, *monsieur* Jón Eyjólfsson, uppskrifað orðbragð Sigurðar nokkurs Magnússonar, hvört hann hafði innfært í sína héraðsbók, svo sem það sér líkast hermir, bæði vottað, þingborið og svarið, hvör orð nefnds Sigurðar sýnast að horfa og töluð vera bæði prófastinum séra Ólafi Péturssyni og öðrum kennimönnum til óvirðingar. Er þess vegna kennidómsins ósk til veraldlegs valds að láta ei soddan blygðunarlaust tiltal óhegnt vera. En þar Sigurður hefur sín framleypnis reiðyrði aftur tekið og fyrirgefningar á þeim beðið, þá má til vægðar horfa eftir málavöxtum.

Þetta allt fyrirskrifað í níu *articulum* hefur svo framfarið sem hér umgetur með ályktun og atkvæði kennidómsins ásamt biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar samþykki, hvörju til sannindamerkis og krafta þetta undirskrifað er með eigin höndum biskupsins og nálægra kennimanna, hvað þeir sameiginlega óska að veleðla og velbyrðugur herra amtmáðurinn Christian Müller vilji einninn með sínu hér undirskrifuðu nafni samþykkja og staðfesta. *Actum* Þingvelli þann 16. júlí *anno ut supra*.

Christian Müller
 Árni Þorvarðsson eh
 Jón Halldórsson eh
 Ólafur Jónsson eh
 Jón Ólafsson eh
 Gísli Sigurðsson eh
 Guðmundur Benediktsson eh
 Gunnar Einarsson meh

Jón Þorkelsson Vídalín
 Ólafur Pétursson eh
 Séra Hannes Björnsson eh
 Sigurður Eyjólfsson mpp
 Gísli Álfsson eh
 Hannes Erlingsson eh
 Högni Ámundason meh

In nomine Domini – amen!

Anno 1702 þann 12. júlí að settri almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli voru þessir eftirskrifaðir kennimenn í dóm nefndir af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni, séra Árni Þorvarðsson prófastur í Árnesþingi, séra Páll Ámundason prófastur í Múlaþingi, séra Ólafur Pétursson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Jón Halldórsson prófastur í Borgarfjarðarsýslu, séra Ólafur Jónsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Daði Halldórsson, séra Högni Ámundason, séra Lýður Magnússon, séra Jón Gíslason, séra Jón Sigmundsson, séra Ketill Halldórsson, séra Magnús Oddsson, séra Þorvaldur Björnsson, prestar Skálholtsstiftis, til að rannsaka og dæma um málefni þaug sem þar verða löglega framlögð.

I. Var upplesin hans kónglegrar *majestets* allranáðugasta *forordning* um ánýjun þess almennilega bænadags sem innfellur á þann 4. föstudag eftir páska, *datum* Kaupenhafn anno 1702 *etc.*

II. Var upplesinn sex presta dómur útnefndur af prófastinum í Ísafjarðarsýslu, séra Sigurði Jónssyni, um ektaskaparefni Jóns Snorrasonar til Guðrúnar Guðmundsdóttur, hvörju svo er varið að nefndar persónur vilja sig til heilags ektaskapar samangefa, hvar uppá samþykkis hefur óskað verið af foreldrum Jóns Snorrasonar, Snorra Jónssyni og hans kvinnu, en framkemur í greindum héraðsdómi að þau hafi það ekki samþykkja viljað, og er andsvar föðursins uppá þessa málaleitun svofellt, eftir því sem í dóminum stendur, að hann hvörki játi því né neiti, og móðurinnar viðlíkt, hafa þó ekki framlagt neinar bevísanlegar orðsaker hvar fyrir að þaug þessum ráðahag síns sonar ei vilja samþykk verða. Eru þó þessar persónur í greindum dómi ályktaðar að vera jafnræði, hvar um sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, Páll Torfason, hefur og sagt sína meining að hann ekki annað vissi en svo væri. Uppá þennan póst er andsvar kennidómsins, að svo prófuðu og fyrir oss komnu, að menn sjá ekki kirkjulögunum á móti að þessar persónur megi til heilags ektaskapar samánvígjast, þar foreldrarnir hafa öngva bevísanlega orðsök framlagt til síns mótvilja.

Framar ráðfærir prófasturinn sig við *synodum generalem*, hvörjar aðgjörðir hann skuli hafa við Guðrúnu nokkra Jónsdóttur, hvörja hann segir orðna vera fyrir hórdómsrykti og að henni sé dæmdur séttareidur fyrir það sama, og hvörn in með hana höndla skuli ef hún ekki framkemur eiðnum. Hér uppá er andsvar herra biskupsins og kennidómsins, að sé svo Guðrún Jónsdóttir hafi nokkurt hneyksli af sér gefið með ótilheyrligri umgengni við Otta Ottason, svo það sé bevisað eður af henni játað, svo megi hún opinberlega afleysast fyrir það sem játað eður bevisað er, ef það því nemur, en öngvum byrjar uppi að haldast frá *sacramentinu* í efasökum. Ekki heldur samþykkjum vér að fyrir einsamalt eiðfall eður óbevisaðar og ójátaðar sakir skuli nokkur opinberlega afleysast, en þar soddan *casus* tilfalla þá áminni presturinn alvarlega þann sem sektaður er, bæði heimuglega og opinberlega, að játa sannleikann og setji hönum fyrir sjónir af Guðs orði það straff sem yfir þeim hangir er óverðugir og harðhnakkaðir meðtaka heilaga kvöldmáltíð Drottins, en játi þeir ekki að heldur þá meinum vér prestinn saklausan þó hann meðtaki soddan manneskjur til heimuglegrar aflausnar.

III. Var upplesið innlegg heiðurlegs kennimanns, séra Einars Gíslasonar að Helgafelli, hvörs fyrsti póstur hljóðar þar um, hvörsu mikið hönum réttvislega ber að hafa og heimta í prestlegra ómakslauna nafni hjá hvörjum búðasetumanni og lausamanni í Helgafells og Bjarnarhafna kirkjusóknum á ári hvörju. Hvar uppá kennidómsins andsvar er að preststúndir ber að taka svo sem

almennilega viðgengst í landinu, en um dagsverk vísa menn til áður útgenginna *synodalia anno 1678*, sem og fleiri annara, að þar eftir haldist svo lengi þaug eru ekki með lögum til baka rekin. En hvört nokkurt annað venjulegt prestsgjald er af eyjunum í Helgafellssveit er oss ókunnugt, kemur ei heldur hér fram. En þar sem presturinn ekki nær sínum réttugheitum þá tilsegi hann prófastinum, hvör eð alvarlega áminni þá mótviljugu, en vilji þeir ekki þá óski hann af sýslumanninum að hjálpa prestinum til réttarins, hvör ei kann sjálfur að standa í lagasóknum vegna síns uppheldis. En ef sýslumaðurinn það forsómar þá segist til biskupinum að hann óski amtmannsins aðstoðar þar úti.

2. Aðspyr presturinn hvort ógiftur maður sem bú heldur og þjónustufólk eigi stærri ljóstoll að gjalda en þriggja fiska. Hvar uppá andsvarast að vér sjáum engin lög eður skilvís rök til að hærri ljóstollur takist af nokkrum ógiftum manni, en hjú hans svo vel sem annara manna gjaldi kirkjuljóstoll ef þaug eiga svo mikið fé, hvað meining vor er að í minnsta lægi skuli vera 10 aurar.

Uppá þann þriðja póst áhrærandi tíundir, hvört hönum byrji þær ekki að taka eftir þeim jarðadýrleika sem stendur í *visitationum*, kunnun vér ei að svara í þetta sinn, þar oss vantar þar til prófastsins undirréttung hvörnir hagað sé og verið hafi frá gamallri tíð um tíundargjörð á þeim jörðum sem presturinn umtalar, hvörja prófastinum tilsegist hér með að samantaka hið allra fyrsta og skjállega uppteiknaða að senda til biskupsins.

IV. Kom fyrir *synodum generalem* mál úr Vestmannaeyjum á millum prestanna séra Odds Eyjólfssonar og séra Gissurs Péturssonar, sem og innbyggjara Vestmannaeyja, hvörju svo er varið að prestarnir áfrýja það þeir ekki uppberi fiskatíundir af trosfiski utan vertíðar, svo sem þar venjulegt verið hefur fyrir nokkrum árum. Voru hvorutveggju partarnir af biskupinum *citeraðir* fyrir þessa *generalem synodum* og fullmektugir Eyjamanna hér til staðar ásamt séra Gissuri Péturssyni er beggja prestanna svari heldur. Framvísar nú presturinn séra Gissur Pétursson fyrst máldaga Vilkins biskups og herra Gísla Jónssonar, hvörjir sameiginlega ákveða að til Kirkjubæjar í Vestmannaeyjum liggi til prestskaups fiskatíundir hálfar og svo annars veiðiskapar sem þar er tíundaður. Þar næst *generalis synodi* úrlausn, *datum anno 1680* þann 29. júní um sama efni svolátandi, að kennidómsins skilningur hér á sé í þann máta að prestunum í Vestmannaeyjum beri svo fullkomið hlutskipti á öllu trosfiski sem öðrum afla, hvört kennidómsins álit landfógetinn Jóhann Pétursson Klein hefur samþykkt og billegt haldið, *datum anno ut supra* þann 8. júlí. Hér að auki hefur herra amtmáðurinn Christian Müller greinda úrlausn *synodi* staðfest með sinni tilhlutan *anno 1690* þann 11. júlí og aftur á sama ári þann 16. ágúst með einu bréfi til sýslumannsins Odds sáluga Magnússonar.

Hvar á mót Eyjamenn bera fyrir sig gamlan vana sem þar verið hafi í

Eyjunum allt til þess af *synodo generali* var öðruvís *resolverað*, hvar uppá þeir hafa nokkurra gamallra manna vitnisburð tekið, *item* herra amtmannsins bréf, *datum* 5. janúar *anno* 1700, hvört þeir segja sig svo skilja að hans velburðugheit hafi þessar fiskatíundir af trosfiski aftekið og til baka skikkað, hvað þó kennidóminum virðist ekki að vera, þar hið síðasta atrið í greindu herra amtmannsins bréfi er þannin hljóðandi að sú gamla tíund sem til prestanna af arilds tíð þar á Eyjunum siðvanlega goldin og gjörð verið hafi skuli vara og blífa staðföst og ekki framar. En vér sjáum bæði af máldöggunum, sem og því skrifi sem kallað er Bessastaðasamþykkt *dateruðu* 1556, að í gamallri tíð hefur allur fiskur verið tíundaður í Vestmannaeyjum, sem og annar veiðiskapur. Því virðist oss að herra amtmaðurinn ekki afskaffi með sínu bréfi þessar tíundir, en vitnisburður Eyjamanna um þann gamla vana er bæði ósvarinn og af þeim sjálfum útgefinn sem eru partur í málinu.

Því ályktaðist að svo prófuðu og fyrir oss komnu af nálægum kennimönnum að prestunum án alls efa byrjaði upp að bera sína tíund af öllu fiskifangi því er fellur í Vestmannaeyjum vertíða á milli, en sökum þess að herra amtmaðurinn Christian Müller hefur til vitundar gefið að kónglegrar *majestets commissarius monsieur* Árni Magnússon muni hafa nokkrar *ordur* þetta efni á einhvörn hátt að *decidera* eður lagfæra, þá láta menn bíða fullkomnara dómsatkvæði hér á að leggja þar til hann þetta efni til yfirskoðunar tekur.

V. Aðspurði prófasturinn í Kjalarnesþingi, séra Ólafur Pétursson, hvörnir höndla skyldi með þaug 5 hundruð í brotaviðum, 16 nauta fjós og 1 selhús og hesthús sem séra Torfa Halldórssyni var afhent með Reynivallna *beneficio*. Andsvar kennidómsins hér uppá er að af þessum við og húsum skuli leggjast til nýbýlanna á Reynivöllum slíkt er þarf, en sé nokkuð þar yfir seljist kirkjunni til góða.

VI. Hafði velnefndur prófastur til tals um kirkjukúgildi í Hvammi í Kjós, hvör að eru 6 að tölu, en prófasturinn sálugi, séra Einar Illugason, hefur gjört það *accord daterað* 1679 við ábúanda jarðarinnar að hann lætur sér líka að uppbera 3 fjórðunga smjörs eftir sögð kúgildi. Aðspyr nú prófasturinn vegna séra Torfa Halldórssonar hvört hann skuli bundinn vera við þennan skilmála og ekki uppbera hálfar leigur eftir sögð kúgildi. Þar uppá er kennidómsins andsvar að sú *contract* sem gjörðist á millum velnefnds prófastsins og Illuga Nikulássonar kunni ekki að *obligera* séra Torfa, sérdeilis þar hún er upprétt alleina um þeirra daga. Þó óskar biskupinn að prófasturinn láti gaumgæfilega eftirgrennslast hvörnir ástatt er um jörðina og hvað mörg kúgildi hún kann að bera.

VII. Séra Pétri Ámundasyni er fyrir þetta ár tileinkað af Reykholti 30 álnir, af Melum 20 álnir, af Görðum á Álfanesi 30 álnir, Gaulverjabæ 30 álnir, Hruna

20 álnir, Odda 50 álnir, Breiðabólstað 70 álnir, Holti 40 álnir. *Summa* 2½ hundrað. *Item* að hann uppber ágóða Mosfellskirkjujarðar Mógilsár eftir þar um gjörðri *contract*.

VIII. *Item* var framborið um vanefni og þörf (nú að nýju) þess heiðurskennimanns séra Ketils Halldórssonar vegna hans sonar, séra Árna Ketilssonar, sem haldinn er af stórum rænumbresti og viðþarf aðstoðar í þessum sínum raunum. Er hér uppá úrlausn endileg og atkvæði biskupsins með nálægum kennidómi að hönum greiðist ölmusutillag af *beneficiis* í Austfirðingafjórðungi líka sem næst fyrirfarandi ár var ákveðið, af Hofi í Voknafirði 90 álnir, af Kirkjubæ í Tungu 80 álnir, af Valþjófsstað 20 álnir, af Vallanesi 100 álnir, af Eydölum 1 hundrað, af Skorastað 30 álnir, af Hólmastað 30 álnir, af Kolfreyjustað 40 álnir, af Stafafelli í Lóni 40 álnir. Og eftir því að þetta útlag af *beneficiis* er dæmt og uppálagt eftir skikkan og befallingum kóngsins befallningsmanns, sáluga Páls Stígssonar, og sýnist þar fyrir ekki alllítið afl hafa ef nokkur vill gæta að þeim kóngligum *ordum* sem hann hafði til að niðurskikka einu og öðru hér á Íslandi, þá leggur biskupinn við fullar sektir og dómrof sem mest má hann að lögum, ef nokkur af prestunum á hér að ofan töldum *beneficiis* finnst óhlýðugur þessari *synodi generalis* ályktan, en prófastarnir í hvörju héraði aðstoði þessa fátæku og uppgefnu kennimenn í allan mögulegan máta að ná þessu til-lægi.

Allt þetta framan og ofan skrifað í átta póstum samþykktu með oss í öllum sínum *punctum* og *articulis* veðla og velburðugur herra amtmáðurinn og veðla og veleruverðugur herra biskupinn, hvörju til fullkominnar staðfestu og sannindamerkis vér ásamt þeim skrifum vor nöfn hér að neðan með eigin höndum. *Actum* Þingvelli *anno ut supra* 14. júlí.

Christian Müller
Jón Halldórsson eh
Ólafur Jónsson eh
Jón Eyjólfsson prestur meh
Jón Sigmundsson mpp
Jón Gíslason meh
Eiríkur Eyjólfsson meh
Gunnar Pálsson meh

Jón Vídalín
Páll Ámundason mpp
Ólafur Pétursson eh
Jóhann Þórðarson mpp
Högni Ámundason eh
Hannes Halldórsson eh
Þorvaldur Björnsson eh
Magnús Oddsson meh
Lýður Magnússon meh

In nomine Domini amen!

Anno 1703 þann 10. júlí að settri almennilegri stiftisins prestastefnu að Þingvelli voru eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í dóm nefndir af herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, séra Þórður Jónsson, séra Páll Ámundason, séra Jóhann Þórðarson, séra Bjarni Hallgrímsson, prófastar, séra Jón Eyjólfsson, séra Ólafur Jónsson, séra Gísli Álfsson, séra Þorsteinn Oddsson, séra Jón Erlingsson, séra Gísli Sigurðsson, séra Sæmundur Jónsson, séra Sveinn Þorsteinsson og séra Gissur Bjarnason, til að dæma um þær sakir og málefni sem til hafa fallið í greindu stifti um næstu tólf mánuði og hingað stefnd eður lögd eru.

I. Kom hér fyrst fyrir prófasturinn séra Bjarni Hallgrímsson, sem á næstumliðnu vori *citerað* hafði fyrir þessa *generalem synodum* erfingja séra Magnúsar Jónssonar að Breiðabólstað, sem í næstliðnum fardögum afhentu hans vegna *inventarium* Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð og afsögðu, eftir því sem í afhendingunni stendur, að svara í það sinn kúgildum staðarins í hundraðsgildi að verðaurum, nema þeim framvísað væri útpykkilegt lögmál sem séra Magnús eður þá þar til skyldaði. Var hér nú nálægur Jón Magnússon, sonur séra Magnúsar, en Björn Magnússon og Jason Guðmundsson West dótturmágur hans voru hér ekki komnir. Bauð Jón Magnússon sig til fyrir sitt leyti að svara til þessa máls vegna föður síns og færði sér það einasta til afbötunar að hann vissi ekki föður sinn meðtekið hafa greind kúgildi í hundraðsvirði, eigi heldur vissi hann neitt kónglegt lögmál sem hann tilskyldaði þeim svo dýrum út að svara. En prófasturinn færir til síns máls Bessastaðasamþykkt svokallaða, *dateraða* 1673, hvar inni befalað er að kúgildi hvört skuli útsvarast í hundraðsvirði á öllum *beneficiis*.

Er nú vort atkvæði og fullkomin ályktan hér uppá, að jafnvel þó séra Magnús hafi ekki meðtekið greind kúgildi í hundraðsvirði (hvörju til bevísingar hann ekki framleggur fyrir vorn dóm afhendingu staðarins sem gjörð var þegar séra Magnús meðtók), þá kunni það hann ekki að afsaka, þar hönum hafi borið að standa uppá sinn rétt, nema hann sjálfur vildi þar til svara á sínum tíma, og þótt að vær vitum ei neina kónglega *forordningu* sem skipi að kúgildunum skuli svo dýrum útsvara, þá vitum vær ei annað betra að rétta oss eftir í þessu máli en greinda Bessastaðasamþykkt og þá *praxin* er vær vitum viðgengist hafa, hvað og ályktað var hér *in synodo generali anno* 1695. Dæmum því með fullu dómsatkvæði að séra Magnúsi byrji áðurgreindum kúgildum að útsvara í hundraðsvirði, en prófasturinn hafi sannsýnilega tempran í virðingu kúgildanna eftir lögum, héraðsins háttalagi og árferðinu.

II. Voru frambornar fyrir *generalem synodum* nauðsynjar þess veika og vanfæra kennimanns, séra Magnúsar Þorvarðssonar, hvör eð um nokkur ár hefur heilögu kennimannsembætti þénað í Skarðs og Búðardals kirkjusóknum, og bæði í lærdómi og lifnaði skikkanlegur fundist, en er nú sökum síns veikleika öldungis uppheldislaus, þar hann hefur sóknirnar frá sér gefið, óskar þar fyrir að hann mætti nokkurs njóta af þeirri ölmusu sem fátækum prestum er tillögð af stöðunum. Hvar uppá kennidómsins atkvæði er að hann sé einn sannur ölmusumaður og þessa litla uppheldis vel verðugur, skuli því tilleggjast af Selárdal við Arnarfjörð 40 álnir, af Holti í Önundarfirði 50 álnir, af Vatnsfirði 50 álnir, af Stað í Steingrímsfirði 20 álnir, af Stað í Grunnavík 20 álnir, af Setbergi 50 álnir, af Staðastað 60 álnir, af Hítardal 60 álnir, af Stafholti 50 álnir.

Um séra Péturs Ámundasonar tillag uppá sama máta standi svo sem *in synodo* var í fyrrasumar úthlutað. *Item* um þess veika kennimanns séra Árna Ketilssonar, sem langvaranlega hefur með æði og rænuleysi þvingaður verið. Tilsegist próföstinum, sérhvorjum það í sínu héraði að láta auglýsa þennan póst prestunum sem það viðkemur og taka á móti þeim peningum er útilátnir verða, og þá að senda með skilvísum mönnum til þeirra er meðtaka eiga. Og eftir því að formerkist að hjá sumum í Austfjörðum *resteri* nokkuð af þessu tillagi síðan í fyrra; þá vill biskupinn hafa hér með alvarlega aðvaraða þá sem því innihalda, að þeir gjöri skil þar á með fyrstu hentugleikum, nema svo sem fyrir aðra óhlýðni straffast vilji.

III. Kom fyrir þessa *generalem synodum* mál úr Grindavík áhrærandi prestinn séra Stefán Hallkelsson, hvörju svo er varið að af héraðsrannsaki prófastsins, séra Ólafs Péturssonar, hvört hann gjört hefur í greindu máli eftir biskupsins befalingu, bevísast að greindur séra Stefán hafi pantsett eitt áttæringsskip kaupmanninum í Grindavík, Rasmusi Nielssyni, *anno* 1701, en það sama skip afhent prófastinum í Kjalnesþingi, séra Ólafi Péturssyni, uppí *inventarium* Staðarkirkju í Grindavík 1702 og það sama markað undir greindrar kirkju mark. Þar að auki hefur séra Stefán, eftir því sem af héraðs *actis* bevísast, áður nefnt áttæringsskip 1702 þann 4. desember á Járngerðastaðapingi að nýju afhent *monsieur* Páli Beyer til alls ágóða um næstkomandi vertíð, og sé svo að hann eftir sinni begeringu kunni ekki sama áttæring að innleysa fyrir næstkomandi fardaga skuli hann vera Rasmusar Nielssonar átölulaus eigindómur upp þaðan.

Var nú séra Stefán fyrir áðurgreinda sök eftir tilhlutan biskupsins stefndur fyrir þessa *generalem synodum* af séra Torfa Halldórssyni og var hér nú persónulega nálægur. Aðspurði nú biskupinn greindan séra Stefán hvort hann hefði nokkuð lögmætt fram að leggja á móti áðurgreindu fyrirkalli og sagðist hann ekkert hafa. Ályktast hann því rétt fyrirkallaður.

Framkom nú fyrir réttinn ráðsmaðurinn Skálholtsstaðar, Arngrímur Bjarnason, tilsettur af biskupinum, og setti í rétt þetta sem eftirfylgir:

1. Set ég í rétt hvort það sé ráðvandur gjörningur að séra Stefán hefur það sama skip, sem hann áður pantsett hafði kaupmanninum *monsieur* Rasmus Nielssyni, tilboðið, afhent og heimilað prófastinum, séra Ólafi Péturssyni uppí *inventarium* kirkjunnar að Stað í Grindavík, og það sama markað undir kirkjunnar merki, – **S** – svo sem í afhendingunni útþrykkilega stendur, undir hvörja séra Stefán skrifað hefur sitt nafn, eftir því sem *copia* þar af hér nálæg útvisar. Bið ég að um þetta efni athugast megi Norsku lov *lib. 5, cap. 3, art. 26*. Séra Stefán hefur fært til nokkrar orðsakir, hvar fyrir hann hafi haft umskipti á þeim áttæring er hann hafði pantsett kaupmanninum í Grindavík, hvörjar skrifaðar standa í greindu héraðsrannsaki, meðal hvorra sú hin fyrsta er, að svo sem hann hefði alla við þar samastaðar úttekið, til áðurnefnds skips, þá þættist hann vita að hann (ég meina kaupmaðurinn) mundi fyrstur vilja eiga aðgang að því sama skipi, hvar til ég svo svara að ég sé ekki, þótt séra Stefán vissi að kaupmaðurinn vildi skipsins njóta, að hönum hafi þar fyrir leyfilegt verið að afhenda kirkjunni pantsett góts, miklu heldur átti hann að blífa við sína pantsetningu og ekki heimila kirkjunni það öðrum pantsett var. Önnur orðsök hér til segir hann verið hafi varanlegt fiskileysi *etc.* Þar til svara ég að harðindi og dýrtíð kunna ekki nokkrum að leyfa að gjöra ómynduga gjörninga, allra síst skartar það á einum Drottins kennimanni, sem sínar gjörðir og athafnir á í allan máta vel að vanda. Í þriðja máta færir hann hér til herra biskupsins meðaumkvan, svo sem hann að orði kemst, hvar til herra biskupinn nú nálægur mun sjálfur svara.

Í annan máta set ég í rétt hvort það sé dugandis manns gjörningur að séra Stefán hefur afhöggið kirkjunnar merki af greindu skipi og sett þar uppá aftur kaupmannsins mark, eftir því sem í héraðs *actis* prófastsins stendur. Væri þetta atrið framkomið á fríðum peningum mundi enginn efa um hvaða verk það væri, en ég sé ekki mikinn mismun á millum dauðra og lifandi hluta í þessu, svo mikið sem tilræðinu og ásetningi þess er gjörði viðkemur.

Í þriðja máta set ég í rétt fyrir yðrum dómi, hvort ei hafi séra Stefán gjört kirkjunni að Stað skaða þar með, að hann hefur áðurgreint skip afhent *monsieur* Páli Beyer til alls ágóða á næstkomandi vertíð, svo sem í hans skrifi stendur, þar þetta skip stendur fyrir kirkjunnar kúgildum sem að fornu verið hafa, af hvorra rentu hún skal bæði betala þeim presti er henni þénar; *item* halda þeim sjálfum við svo að alltið í fullu gildi séu. Séra Stefán færir þá afbötun til þessa síns gjörnings að hann hafi ei betur vitað en skipsins njóta mætti, þar hann hafi ekki uppborið leigur fyrir þaug kúgildi sem skipið fyrirstendur, hvar til svarast, að þótt svo væri sem hann framber, þá sé ég ekki að hönum hafi byrjað að

skammta sér sjálfum betaling, því enginn skal sig að gripdeildum gjöra. Dóms og laga er hvör verður fyrir sínu. En þótt séra Stefán segi að skipið hafi ekki verið kirkjunnar eign, þá virðist mér hann gjöri sig lítt myndugri þar með, þar hann hafði þó sjálfur það kirkjunni heimilað, svo sem afhendingin útvísar. Séra Stefán hefur aðspurð í héraðsrannsaki hvort að heimildarmark væri í sama gildi og eignarmark og veit ég öngvan mismun þar á milli, því þótt ég viti að nokkrir kalla að heimila til láns eður leigu, þá veit ég það ekki tíðkað að marka slíka gripi undir sitt mark.

Þetta hér fyrir framan og ofan skrifað óska ég að rannsakast mætti og meiningin þar af innfærast í *synodals* bókina. Ég forblíf alltíð yðar velbyrðigheita reiðubúinn þénari. *Actum* Þingvelli dag 12. júlí *anno* 1703.

Arngrímur Bjarnason.

Uppá þetta innlegg er andsvar séra Stefáns orðrétt sem eftirfylgir:

1. Var ég stórlega nauðstaddur í mínum háa og óbærilega skuldaþunga 1701 að pantsetja þetta skip kaupmanninum í Grindavík, svo ég því heldur mætti fá til láns nokkuð sem ég til minna hátt áliggjandi uppheldisnauðsynja af kaupstaðnum meðþurfti. Hugða ég mér þetta leyfilegt vera, þar skipið (svo sem annað kirkjunni tilheyrandi) var í minni ábyrgð og fyrirvari, hvörmin sem ég var fátækur og skuldamargur.

2. Vissa ég ekki í fyrravor (þegar ég frá Stað í Grindavík veik og átti að svara kirkjunnar *inventario*) annars en mér mundi líðanlegt að greiða þennan áttæring uppí kirkjunnar skuld, ei síst í góðu trausti við kaupmanninn velnefndan, *signor* Rasmus Nielsson, og þar ég vissi ekki að mín pantsetning til hans væri þá í allan máta skrifleg gjörð, heldur alleinasta með munnlegu umtali á Járngerðastaðþingi. Annars hefða ég gjarnan staðið við mína pantsetningu, hvörsu örðugt sem ég átti.

3. Var mín meining nú, í vetur, þegar ég fornam stefnu virðuglegs *signors* Páls Beyers og ég fullkomlega vita fékk hvað skrifað var um áðurnefnda pantsetningu, að mér mundi ráðlegra að taka djarft til skipsins og fullnægja svo *signor* Páli Beyer uppá kaupmannsins vegna um þessa pantsetningu, og það réðst ég í vegna sérdeilis góðrar vonar, sem ég hafði til háeruverðugs herra biskupsins meðaumkunar í þessum mínum fátæktaþrengingum. Þar með meinti ég mér mundi til vorkunnar virðast þó ég tæki djarflega til skipsins, þar ég var kirkjunni þjónandi og meinti mér mundi nokkur ágóði af þessu hennar *inventario* tilheyra. Einnin hugði ég að mér mundi með þessari minni hlýðni hægra verða að fá nokkuð til láns hjá eftirliggjaranum handa mér og minni nauðstaddri fjölskyldu, svo sem velnefndur kaupmaðurinn oftlega og margvíslega við mig auðsýnt hefur, vitandi að háeruverðugt yfirvald mundi aðgæta hvort ég fyrir nauðsyn eður að nauðsynjalausum gjörði í móti lögum.

4. Er mitt andsvar uppá það virðuglegur ráðsmaðurinn setur í rétt í fyrsta pósti (hvort minn gjörningur sé ráðvandur), að ég meinti mig ei svo hart afkomast sem Norskulög í velnefnds ráðsmannsins innleggi *citeruð* tiltaka, heldur mundi ég ei harðara afkomast heldur en íslensk lög gjöra ráð fyrir, kaupabálkur 14, landabrigði 9, kaupabálkur 22, af hvörjum lagagreinum ég kann ei sjá að mitt tiltæki á skipinu skuli standa uppá neina óráðvendni, og þar að auki hugði ég að njóta þess sem Norskulög umgeta, *lib. 1, cap. 5, art. 11*, kunni það mínu máli til forsvars að verða.

5. Að ég hafi umbreytt marki á skipinu er ei gjört með neinni leynd eður af óráðvendis ásetningi, heldur meinti ég að það yki ekki í neinu mitt tiltæki þó ég svolleiðis gjörði, þar dánismenn voru viðstaddir og ásjáandi, og ei vona ég að mitt háttvirðandi meðaumkunarsama yfirvald muni heimfæra þessa mína yfirsjón til jafnaðar við það sem skeður með leynd á fríðum peningum, hvorki að tilræði né ásetningi.

6. Uppá hinn þriðja póst er mitt undirgefinssamt andsvar, að ég kann ei mótsegja að það hafi mátt verða kirkjunni til skaða, hvar til ég vil gjarnan góðu svara eftir míns háverðuga yfirvalds tilsögn og velþóknan sem ég framast orka, hafi leigan mér í öngvan máta átt að tilheyra.

7. Sanna ég að vísu og kannast við það áður velnefndur dómkirkjuráðsmaður áminnist í sama pósti, að ei hafi ég sjálfur mátt skammta mér svo djarflega *etc.* Því eru það mín úrræði að ég bið auðmjúklega mitt háeðla veluruverðugt yfirvald forláts og fyrirgefningar á öllu því sem mér í þessu (eður hvörju öðru vera kann) á orðið hefur, og vil gjarnan framvegis, næst Guðs hjálp, taka mér betur vara fyrir að gjöra svo óvarlega, befallandi mig þessu næst með þessu mínu málefni¹ og öllum mínum margföldum nauðsynjum undir vors allsmegtuga Guðs náðar aðstoð og míns háeðla göfuga yfirvalds meðaumkunarsamt *patrocinium*, viljandi gjarnan vera þess háa herradóm auðmjúklegast undirgefinn alla tíma.

Stefán Hallkelsson

Þegar þetta innlegg var upplesið *in synodo generali* kom fyrir réttinn Gísli Ólafsson til að tala máli séra Stefáns, eftir séra Stefáns ósk og hans yfirvalds tilhlutan eftir því sem hann vændist, og talaði þessi eftirfylgjandi orð á greindum stað, þegar biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín aðspurði hann hvort kónglegt lögmál, sem hingað í land skikkað er, væri ekki það lögmál sem ætti eftir að dæmast hér í landi, hvar uppá hann svaraði á þann hátt, að hann vissi það ekki nema landsmenn og landsins höfðingjar hefði tekið á móti því. Fyrir þessi orð meinar biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín að Gísli Ólafsson

1 *málefni*: breytt í handriti úr *máli og efni*

megi ekki að svo stöddu tala máli séra Stefáns fyrir þessum rétti og ekki fyrir en hann hefur gjört grein á að hann hafi mátt svo tala.

Þegar þessi *synodus generalis* hafði staðið í þrjá daga og ekkert merkilegt fyrirkomid fyrir utan þessa sök, þá gjörði biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín boð herra amtmanninum Christian Müller með *rectore* Skálholtsskóla, Magnúsi Markússyni, að hann vildi koma til *synodum generalem* og dæma með sér og tilkölluðum kennimönnum í þessari sök, og þá liðin var nokkur stund beskikkaði hann hönum aftur með greindum *rectore* og dómkirkjunnar presti, séra Ólafi Jónssyni. Í þriðja sinn, þegar herra amtmaðurinn ennþá tafði að koma, beskikkaði biskupinn hönum með því bréfi sem hér fyrir neðan skrifað stendur:

Af yður, veðla og velbyrðugi herra amtmann Christian Müller, óska ég, Jón Þorkelsson Vídalín, *superintendens* Skálholtsstiftis, og jafnvel beiðist réttarins vegna, að þér séuð nálægir hér í dag *in synodo generali* í kirkjunni að Þingvelli til að gjöra ásamt mér og tilkölluðum próföstum og prestum Skálholtsstiftis endilegan dóm í sök séra Stefáns Hallkelssonar, hvör fyrir yður og mig er hingað stefnd. Til merkis mitt undirskrifað nafn, Þingvelli dag 13. júlí *anno* 1703.

Jón Vídalín

Uppá þetta bréf svaraði herra amtmaðurinn Christian Müller sem eftirfylgir, að vitni *rektoris* og dómkirkjunnar prests sem áður eru nefndir: Ég svara hér ekki uppá skriflega heldur munnlega. Ég er ekki skyldugur að *praesidera* í *synodo* utan í hjónabandssökum, utan ég vilji sjálfur og í þrengjandi nauðsyn. Ég held mig eftir kóngsins lögum. Þá aðspurðu þeir hvort ekki væri að vænta eftir hans umboðsmanni, hvar til hann svaraði: Ekki í dag.

Þetta skeði á þeim fjórða degi sem *synodus* var haldinn. Þykist nú biskupinn ei lengur kunna uppi að halda prestunum frá þeirra söknum, en meinar þó að full nauðsyn sé á að endilega sé dæmt í þessari sök. Þar fyrir, eftir hans tilsögn, gáfum vér oss til að segja vora ályktun og fullkomið dómsatkvæði, sem er á þennan hátt sem eftirfylgir, að jafnvel þótt sú grein í kaupabálki 14. *cap.* ekki neitt ákveði um myndugheit þess manns er selur tveimur eitt og tali alleinasta um fjársektina, en hinn 22. *capituli*, sem hljóðar um veð, virðist oss ekki neitt um þann tali er tveimur veðjar og Norskulög *lib.* 1, *cap.* 5, *articulo* 11 tali ekki um þau mál sem svo langt eru komin sem þetta, ei heldur þau sem snerta virðingu manna, þá eftir því vér sjáum hvör hans kónglegar *majestets* vilji er af Norskulov *lib.* 5, *cap.* 3, *articulo* 26, *item* sömu bókar *cap.* 7, *art.* 15, dæmdum vér með fullu dómsatkvæði að séra Stefán Hallkelsson skuli missa hans kall og embætti, og þar fyrir utan betala kirkjunni að Stað í Grindavík 21 ríxdal fyrir það skip sem hún hefur þarfnast í sitt *inventarium* hingað til síðan hann það

afhenti Páli Beyer, og Stefán Hallkelsson afklæðist sínum kennimannlegum búningi strax þá hann hefur heyrt þennan vorn dóm, og haldi sig hér eftir svo sem ein óvígð persóna nema hans kóngleg *majestet* hann aftur náði til embættisins. En hvað viðvíkur hans myndugleika og öðrum fjársektum, ef vera kunna, þá vísum vér því frá vorum dómi til veraldlegs yfirvalds.

IV. Var upplesið héraðsrannsak prófastsins í Kjalnesþingi, séra Ólafs Péturssonar, í einu hjónabandsmáli á millum Magnúsar Jónssonar og Dýrfinnu Magnúsdóttur, hvör eð játað hefur að hún hafi saurlifnaðarverk framið með Tómasi Helgasyni, hvör að þeim verknaði með Dýrfinnu hefur einnegin viðgöngu veitt. Hefur prófasturinn í greindu héraðsrannsaki dæmt áðurnefndar persónur skyldugar að vera nálægar hér í *generali synodo* að Þingvelli, annaðhvort persónulega ellegar þeirra svaramaður, og var engin af þeim hingað komin. Þar fyrir uppsetur herra amtmaðurinn Christian Müller og herra biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín þessa sök til næstkomandi *generalem synodum* og befala alvarlega að þessar persónur séu þá hér nálægar eða þeirra svaramaður.

Þessum fjórum póstum sem framanskrifaðir standa til staðfestu skrifum vér vor nöfn með eigin hendi. *Anno et loco ut supra die 14. júlí.*

Jón Þorkelsson Vídalín
Þórður Jónsson mpp
Ólafur Jónsson eh
Jón Eyjólfsson meh
Þorsteinn Oddsson mpp
Gísli Sigurðsson eh
Sveinn Þorsteinsson meh

Páll Ámundason
Jóhann Þórðarson mpp
Bjarni Hallgrímsson meh
Gísli Álfsson meh
Sæmundur Jónsson eh
Jón Erlingsson mpp
Ólafur Bjarnason eh

In nomine Domini amen!

Anno 1704 þann 14. júlí að settri almennilegri stiftisins prestastefnu að Þingvelli voru eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í dóm nefndir af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, séra Páll Ámundason prófastur í Múlaþingi, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnesþingi, séra Jón Halldórsson prófastur í Pverárþingi vestan Hvítár, séra Hannes Halldórsson prófastur í Pverárþingi sunnan Hvítár, séra Benedikt Pétursson, séra Þorkell Árnason, séra Gísli Álfsson, séra Snorri Jónsson, séra Jón Halldórsson yngri, séra Auðun Benediktsson, séra Arngrímur Pétursson, séra Hannes Erlingsson, séra Bjarni Þorleifsson, til að dæma um þær sakir sem andlegum ber lög í að segja og fyrir þessa *synodum generalem* löglega lögð verða.

I. Kom fyrst fyrir hjónabandsmál úr Kjalnesþingi, hvört amtmaðurinn Christian Müller og biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín taka nú, ásamt nálægum próföstum og prestum, undir endilegan dóm; hvörju svo er varið að Dýrfinna Magnúsdóttir, kona Magnúsar Jónssonar, hefur *anno* 1703 þann 24. maí að Göthúsum á Seltjarnarnesi framborið að vitni Magnúsar Sigurðssonar, Ólafs Jónssonar og Gissurs Hildibrandssonar, eftir því sem héraðsrannsak prófastsins séra Ólafs Péturssonar útvísar, *datum* Suðurreykjum 1703 þann 9. júlí, að hún hafi fallið í hórdómssynd með Tómasi Helgasyni, sem verið hafi vinnu- maður Þóru Þorsteinsdóttur á Setbergi, hvörju Dýrfinna Magnúsdóttir hafi ljúflega og fríviljuglega játað. Voru nú allar þessar persónur hér nálægar fyrir réttinum og upplás prófasturinn opinberlega þá *citatiu*, með hvörri hann hafi fyrirkallað þaug Magnús og Dýrfinnu, og játa þaug bæði sig hana heyrta hafa. Dæmum vér því þau réttilega fyrirkölluð. Tómas Helgason meðkennir og að prófasturinn hafi til sagt sér hingað að koma og auglýst sér þann póst af fyrra árs *synodali*, hvar inni hönum ásamt Magnúsi og Dýrfinnu er befalað af amtmanninum og biskupinum að mæta fyrir þessari *synodo generali*, ellegar þeirra svaramaður. Dæmum vér því Tómas skyldugan hér að svara öllu því er til upplýsingar heyrir í þessu egtaskaparmáli.

Héraðsrannsak prófastsins vænist einnegin vitnisburði Jóns Ólafssonar og Ásgauts Gissurssonar, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Anno 1703 dag 8. júlí að Göthúsum í Reykjavíkurbærnum aðspurði sýslumaðurinn Jón Eyjólffson Dýrfinnu Magnúsdóttur hvort hún vildi enn nú standa við ofanskrafaða játningu og lýsingu, að hún hafi í hórdómssynd brotleg orðið með Tómasi Helgasyni, hvar til hún óneydd í alla staði svaraði: Já, *etc.* Í greindu héraðsrannsaki prófastsins stendur einnegin að Tómas hafi framlagt á héraðsprestastefnunni vitnisburðarseðil Guðna Péturssonar og Sigurðar Magnússonar, *datum* 18. júní 1703, hvar inni þeir frambæra að Dýrfinna hafi meðkennt að hún hafi nauðug lýst uppá sig Tómasi Helgasyni fyrir séra Jóni Stefánssyni og Magnúsi Jónssyni; *item* að dómendur hafi aðspurt, hvort hún stæði enn nú við sama framburð, að hún hefði nauðug uppá sig lýst Tómasi Helgasyni, og hvör henni til þess nauðgað hefði, og hafi hún neitað því greinilega að það hafi nokkur maður gjört, heldur hafi sig þar til framdrifið sín eigin samvitska og þekking síns vonða framferðis.

Aðspurði biskupinn Dýrfinnu hvort hún hefði talað þau orð, að hún hefði nauðug lýst uppá sig Tómasi Helgasyni, hvar til hún svaraði: Hann Tumas sagði, þeir munu hafa nauðgað þér til þess; ekki veit ég af því, sagða ég, ekki gjörða ég það viljug; gjörðir þú það nauðug þá, sagði hann. Þá sagði biskupinn, hvörju svaraðir þú þá? Já, sagða ég, og svo strax eftir, skrifi þið það ekki piltar. Þá spurði biskupinn Dýrfinnu hvörjir þessir piltar hefðu verið sem hún talaði til?

Hvar uppá hún svaraði, það hefði verið Guðni Pétursson og Sigurður Magnússon, sem áðurgreindan vitnisburðarseðil hafa undirskrifað. Aðspurði biskupinn, hvar þeir hefði þennan vitnisburðarseðil útgefið og hvör þá hefði þar til kvatt; hvar uppá hún svaraði: Hann hefur sjálfur gjört það, vænti ég, hann Tumas Helgason, og: Það var á Hofstöðum á Álftanesi.

Framar aðspurði biskupinn, hvort hún hefði verið þar fyrir eður átt þar heima? Þar til svaraði Dýrfinna: Ég var komin þangað á sunnudaginn og var þar um nóttina, til þess á mánudaginn að Magnús kom og þessir hans vottar. Enn nú aðspurði biskupinn Dýrfinnu, hvort séra Jón og Magnús hefðu hótad henni með nokkru straffi eður höggum eður slögum, ef hún ekki meðkenndi? Hvar til hún svaraði: Nei, nei.

Framar aðspurði biskupinn Dýrfinnu, hvort hún hefði séð þá Magnús Sigurðsson, Ólaf Jónsson og Gissur Hildibrandsson þegar hún játaði hórdómsverknaði með Tómasi Helgasyni fyrir manni sínum Magnúsi Jónssyni? Hvar til hún svaraði: Já, og að hún hefði játað því í þeirra viðurvist.

Ennþá aðspurði biskupinn Dýrfinnu Magnúsdóttur, hvort hún stæði enn nú við þessa sína meðkenningu, að hún hefði hórdómsverknað framið með Tómasi Helgasyni? Hvar til hún svaraði: Já. Framar var hún aðspurð, hvar þeirra fyrsti saurlifnaðarverknaður hefði framfarið, Tómasar og hennar? Hvar til hún svaraði, að það hefði verið á Setbergi. Hún var aðspurð, hvort það hefði verið úti eður inni? Hún svaraði: Úti. Aftur, hvort það hefði verið heima í bænum eða í landeigninni? Hún svaraði: Í landeigninni við Setbergslæk. Hún var enn nú aðspurð, um hvörn ársins tíma það hefði skeð? Hún svaraði: Um fráfærutím-ann. Aftur var hún aðspurð, hvort þaug hefði gengið heiman frá bænum? Hvar til hún svaraði: Heiman að fórum við.

Síðan var Tómas Helgason inn fyrir réttinn kallaður og aðspurður, hvar Dýrfinna hefði verið þegar þau orð voru uppá hana skrifuð að hún hefði nauðug lýst hönum uppá sig? Hann svaraði: Á Hofstöðum. Aftur var hann aðspurður, hvort Dýrfinna hefði talað þessi orð, þegar Tómas spurði hana, gjörðir þú það nauðug? Já, og strax þar á eftir, skrifi þið það ekki piltar. Hvar til hann svaraði: Já, að hún hefði svo talað. Enn nú var hann aðspurður, hvort Dýrfinna hefði lýst því fyrir hönum, að séra Jón Stefánsson og Magnús Jónsson, maður hennar, hefði hótad henni nokkru hörðu þá hún fyrst játaði fyrir þeim þessum hórdómsverknaði? Hvar til hann svaraði, að hún hefði ekki af sér þar um aðspurð verið. *Item* spurði biskupinn hann að, hvort það allt saman satt væri sem hún nú fyrir skömmu frambar fyrir réttinum, viðvíkjandi vitnisburðarseðli Guðna Péturssonar og Sigurðar Magnússonar, svo mikið sem hann afvissi, hvað nú var fyrir hönum uppleið. Hvar til hann svaraði: Já, það er satt.

Framar var Tómas aðspurður, hvar þeirra fyrsti saurlifnaðarverknaður hefði

framfarið? Hann svaraði: Það var á Setbergi. Aftur, hvort hann hefði verið úti eða inni? Hann svaraði: Úti. Enn nú var hann spurður, hvort það hefði verið heima við bæinn eður í landeigninni? Hann svaraði: Ekki var það heima við bæinn. Ennþá, hvar helst það hefði verið í landeigninni? Hann svaraði: Við stekkin skammt frá læknum. Enn framar var hann aðspurður, um hvörn ársins tíma þetta hefði skeð? Hann svaraði: Svo sem um fráfærutíma. Hann var ennþá spurður, hvort þau hefði farið bæði heiman að til stekkjarsins? Hvar til hann svaraði: Já.

Hér eftir var Magnús Jónsson og Dýrfinna hans kvinna bæði til samans fyrirkölluð og Dýrfinna aðspurð, hvort að Magnús hefði gefið henni nokkra orsök til þessa meðkennda hórdómsverknaðar? Hvar til hún svaraði, að hún meinti já. Fyrst þess vegna, að hann hefði *anno* 1700 ekki hjá sér verið, frá því um vorið og inn til haustsins um Maríumessu seinni; segist hún hafa viljað með hönum fara um vorið og hafi það ekki fengið, hvörju Magnús neitar ekki, en segist hafa lofað henni aftur að koma; hvað hún segist ekki muna hvort hann segi satt eður ei, en Magnús segist ekki hafa getað tekið hana með sér því hann hafi með öngvu getað forsgað hana, en hafi sjálfur orðið að leita atvinnu sinnar. Um veturinn hér eftir, segir hún, og þau bæði, að þau hafi saman verið á Breiðabólstað á Álftanesi. *Anno* 1701 um vorið skildu þau aftur, og var hún þá 12 mánuði vinnukona í Ási á Álftanesi, en hann vinnumaður á Breiðabólstað í sömu sveit; segist hún hafa farið vistum til Áss, með leyfi Magnúsar, og meðkenna þau bæði að Magnús hafi eina nótt hjá henni verið allt það ár, en hún hafi eitt sinn komið til Breiðabólstaðar, hafi hann boðið henni inn í bæinn, en hún hafi ekki viljað. *Anno* 1702 fór hún vistum til Setbergs, en hann til Göthúsa á Seltjarnarnesi, og það ár meðkenna þau bæði að hann hafi verið 3 nætur á hennar heimili, en það sumar sem hún var á Setbergi 1702 segir Dýrfinna að þessi sinn hórdómsverknaður hafi skeð með Tómasi. *Anno* 1703 um vorið sótti Magnús Dýrfinnu til Setbergs og flutti hana til síns heimilis, sem var Göthús. Var hún þar hjá hönum frá krossmessu til næsta sunnudags eftir fardaga, svo sem þau bæði meðkenna; fór hún svo frá hönum eftir það vitni voru tekin uppá hennar meðkenning; þó játar hún að hvorki Magnús, ei heldur þeirra húsbóndi Jón Jónsson hafi skipað sér þaðan burt að fara, heldur hafi sýslumaðurinn Jón Eyjólfsson fyrirboðið sér þar að vera.

Enn framar voru þau aðspurð, Magnús og Dýrfinna, hvort þau ekki hefði samræði haft sín á milli síðan Dýrfinna meðkenndi þennan hórdómsverknað? Hvörju þau bæði neituðu. Framar aðspurði biskupinn Dýrfinnu, hvort að hún vissi að Magnús Jónsson maður hennar hafi ekki trú haldið við hana í þeirra hjónabandi síðan þau samankomu? Hvar til hún svaraði, að þó hún hefði nokkurn grun á að hann hefði ekki velskikkað sér, þá kynni hún það ekki að bevísa.

Enn nú var Magnús aðspurður, hvort hann vildi ekki afturtaka þessa sína konu, Dýrfinnu Magnúsdóttur, til ektaskapar samfélags, hvörju hann neitaði, heldur sagðist gefa henni hér á fullar sakir. Dýrfinna var og aðspurð, hvort að Tómas Helgason hefði nauðgað henni til þessa hórdómsverks? Hvar til hún svaraði: Nei.

Að þessu máli svo rannsökuðu, sem hér fyrir framan skrifað stendur, dæmir amtmaðurinn og biskupinn, ásamt kennidóminum, að sökum þess að Tómasi Helgasyni og Dýrfinnu Magnúsdóttur, sem sitt í hvort sinn voru fyrir réttinn innkölluð, samanber um allar kringumstæður þeirra hórdómsverknaðar sín á milli, að Magnús Jónsson hafi fullkomna hórdómssök á hendur konu sinni Dýrfinnu, og að hún sé að henni sönn orðin; einnegin sökum þess að hún getur ei neitt bevisanlegt framlagt, að hann hafi gefið sér sérlegt tilefni til þessa brots, með hörnahaldi, harðúð eður ofríki, ellegar nokkuð því sem oss undirskrifuðum virðist fullkomlegt tilefni vera til soddan falls, þar Magnús hefur á því ári 1702 verið í sömu sveit og sömu kirkjusókn sem Dýrfinna, en hún ekki yfirlagað, svo framkomi, þótt hann á öðrum bæ vistfastur væri. Þá dæmum vér með fullu dómsatkvæði, að egtaskapur þeirra Magnúsar Jónssonar og Dýrfinnu Magnúsdóttur skuli upp héðan öldungis aðskilinn vera, og þaug skulu héðan af halda sig svo sem ógiftar persónur, eftir hjónabands *articulum*.

II. Frambar prófasturinn séra Páll Ámundason vanefni séra Árna Ketils-sonar, sem er þunglega veikur með fásinnu, svo að vitanlegt er að hann hefur um nokkur ár vöktunarmaður verið. Hvar uppá svo andsvarast, að hann skuli uppbera eins mikið tillag af hvörjum stað í Austfirðingafjórðungi sem hann í næstu þrjú ár uppborið hefur.

Í öðru lagi frambar prófasturinn séra Ólafur Pétursson nauðsynjar þess fátæka kennimanns séra Péturs Ámundasonar, hvör eð óskar að sér mætti af stöðunum í Sunnlendingafjórðungi nokkuð til uppihalds tilleggjast, hvar uppá *synodus* svo ályktar að hann skuli það sama tillag uppbera sem hann hingað til haft hefur.

Enn framar óskaði séra Auðun Benediktsson, vegna séra Magnúsar Þorvarðssonar sem mjög svo heilsuveikur, vanfær og án uppheldis er, að honum mætti tilleggjast venjuleg ölmusa af *beneficiis* í Vestfirðingafjórðungi, svo sem í fyrrasumar, hvar uppá kennidómurinn svo svarar, að menn í fyrrasumar ekki vissu annað en hann væri öldungis félaus maður, en nú framkemur að hann muni nokkra fastaeign eiga; kunnum vér því hér um ekkert víst að *resolvera*. Því tilsegist náungum hans, að ef þeir vilja hans vegna nokkurs tillags njóta af stöðunum framvegis, þá skulu þeir senda bevisanlegt inn fyrir *synodum generalem* hvað mikla fastaeign eður fémuni hann tileigi. Og eftir því að vitanlegt er, að séra Magnús getur ekki gjört sjálfur skýrslu hér á, þá tilsegir biskupinn

héraðsprófastinum, séra Hannesi Halldórssyni, þar um forsvanlega að *inquir-
era* og vera fyrir hönd séra Magnúsar ef viðþarf.

Þessa hér fyrir framan og ofan skrifaða 2 pósta samþykkingum og staðfestum
vér allir hér undirskrifaðir með vorum eigin handskriftum. *Anno et loco ut
supra die 15. júlí.*

Christian Müller

Páll Ámundason

Jón Halldórsson eh

Benedikt Pétursson eh

Gísli Álfsson eh

Jón Halldórsson eh

Jón Gíslason meh

Bjarni Þorleifsson mpp

Jón Þorkelsson Vídalín

Jóhann Þórðarson mpp

Hannes Halldórsson eh

Þorkell Árnason eh

Snorri Jónsson eh

Arngrímur Pétursson eh

Auðun Benediktsson meh

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1705 15. dag júlí að Þingvelli voru þessir eftirskrifaðir prófastar og
prestar í Skálholti tilnefndir af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni
Vídalín, séra Þórður Jónsson prófastur í Snæfellsnessýslu, séra Ólafur Péturs-
son prófastur í Kjalnesþingi, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnesþingi, séra
Bjarni Hallgrímsson prófastur í Rangárþingi, séra Björn Stefánsson, séra Þor-
kell Árnason, séra Frans Ibsson, séra Eiríkur Oddsson, séra Jón Halldórsson
yngri, séra Hannes Erlingsson, séra Sæmundur Jónsson og séra Jón Gíslason,
til að dæma um þær sakir sem til hafa fallið í greindu stifti síðan seinasta
synodum generalem og hvað annað að útrétta sem andlegum viðkemur.

1. Var upplesin hans kónglegrar *majestets* allranáðugasta forordning, hvör
hljóðandi er orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Vi Friderich den fjerde af Guds naade konge til Danmark og Norge, de
Venders og Gothers, hertug udi Slesvig, Holsten, Stormarn og Ditmersken,
greve udi Oldenborg og Delmenhorst, gör alle vitterligt, at saasom at vi ugerne
haver fornummet, hvorledes at vores kære og tro indvaanere paa vores land
Island med et og andet paalæg, saavel af deres husbönder som af andre, hvilke
vores jordegods kunne have forpagtet, vorder bebyrdede, saa have vi af sær
kongelig naade, og for at haandhæve og beskærme bemeldte vores undersaatte
ved lov og ræt, allernaadigst for godt befunden herom efterfølgende *anordning*
til alle vedkommendes underretning og allerunderdanigst efterkommelse at
lade gøre:

1. Skal det her med alvorligen være alle husbönder, og de som noget af vores jordegods eller jorder kunne have i forpagtning, forbuden at paalægge deres bönder nogen nye besværinger, over det som af samme jorder haver gaaet af arrilds tid, under tre gange saa store böder til kongen som samme nye paalæg kunne anses at være værd.

2. Skal alle husbönder være forpligtede at give deres bönder et bygningsbrev, hvorudi skulle *specificeres* alle de *conditioner* hvorom de og bonden er forenede, og bonden ikke at være forpligtet at udgive eller gøre noget som ikke er indført i samme bygningsbrev.

3. Alle husbönder skulle give deres bönder en tydelig, skriftlig *qvitering* paa hvis de yde, hver gang de noget af deres paaboende jorders afgift *levere*. De som det forsømmer eller ikke ville gøre bör at miste det som kunne *restere* hos bonden.

4. Ingen husbond maa herefter understaa sig at tage leje af uddödt qvæg videre end hvad som loven tillader, saa at de *contracter* som herimod kunne bonden ved *persvasion* eller myndighed være aftvungen, hermed ganske og aldeles skal være ophævet, saa at husbönderne skulle selv være tilholdne at ersætte mangelen af lejekjör naar de bliver for gamle eller dö af nogen de tilfælde som loven befrier lejlendingen for at svare til.

5. Ingen bonde skal være pligtig at före hans smörleje hjem til hans husbonde længere vej end han kan reise udi tvende dage.

6. Ingen husbonde, være sig de som over vores jordegods have at sige, geistlige eller verdslige, maa udvise nogen bonde af jorderne som de dennem engang have lejet, saalænge de lovligen besidder jorden og giver og betaler der af det som af arrilds tid deraf gaaet haver og gaa bör med rette.

7. Sysselmændene skal annamme og oppebærge skatterne efter loven og ikke anderledes, saavel som og holde ret regnskab med bönderne paa skatte-tingene, og ingenlunde oppebærge for meget af dennem, uden at indskrive det, og före sig til efterkommendes aars indtægt. Befindes nogen sysselman her i mod at gøre og oppebærge skatter over det som loven tilholder, da bör han at straffes paa sin ære, hvorefter vores stiftbefalingsmand, amtmand, lovmænd, samt alle andre vedkommende sig allerunderdanigst haver at rette, og saadan anstalt lade gøre at denne vores allerunderdanigste forordning paa behørige stæder læst og *publiceret* vorder.

Givet paa vort slot Jægersborg den 15. maj *anno* 1705.

Under vor kongelig haand og signet, Friderich Rex LS.

II. Lét biskupinn upplesa einn póst af hans kónglegrar *majestets missive* til sín, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Saa som for os allerunderdanigst er bleven andraget, at det af gammel tid

haver været sædvane at de fattige præster i vort land Island, som vel og flittig haver forestaaet deres kald og embede, og nødes til for alderdoms og svagheds skyld deres kald at afstaa, men kunne dog ikke af samme kald som de haver betjent, formedelst deres fattigdom, forsörges, haver nydt noget af de bedste kald til deres ophold; saa have vi, efter herom allerunderdanigst gjorde ansögn- ing og forslag, allernaadigst for godt befundet, enhver af saadanne fattige præster i sin landstings fjerding udi det dig allernaadigst anbetroede stift noget til underholdning paa efterskrevne maade allernaadigst at tillægge, nemlig:

I Österfjeringen

1. Af Hofe i Vopnefiörd	90 alen, eller	3 rdr <i>in specie</i>
2. Af Valtiafstad	70 alen, eller	2 rdr 2 mk
3. Af Kirkebæ i Tunge	80 alen, eller	2 rdr 4 mk
4. Af Vallanese	100 alen, eller	3 rdr 2 mk
5. Af Eidelum	100 alen, eller	4 rdr
6. Af Skorested	30 alen, eller	1 rdr
7. Af Holmestæd	30 alen, eller	1 rdr
8. Af Kolfriustæd	40 alen, eller	1 rdr 2 mk
9. Af Stafefeie i Löne	40 alen, eller	1 rdr 2 mk

I Synderfjeringen

1. Af Holte under Eyefiöllum	80 alen, eller	2 rdr 4 mk
2. Af Breidebolstad	150 alen, eller	6 rdr
3. Af Odde	100 alen, eller	3 rdr 2 mk
4. Af Gaulveriabæ	60 alen, eller	2 rdr
5. Af Hrune	60 alen, eller	2 rdr
6. Af Gördum paa Alftanese	60 alen, eller	2 rdr
7. Af Reichholte	60 alen, eller	2 rdr
8. Af Mellum	40 alen, eller	1 rdr 2 mk

I Vesterfjeringen

1. Af Stafholte	60 alen, eller	2 rdr
2. Af Hytardal	100 alen, eller	4 rdr
3. Af Stadarstad	150 alen, eller	6 rdr
4. Af Setberg	80 alen, eller	2 rdr 4 mk
5. Af Stad i Steingrimsfiörd	40 alen, eller	1 rdr 2 mk
6. Af Stad i Grunnavik	40 alen eller,	1 rdr 2 mk
7. Af Vatnsfiörd	80 alen, eller	2 rdr 4 mk
8. Af Hollte i Önundafiörd	60 alen, eller	2 rdr
9. Af Selardal	60 alen, eller	2 rdr

Summa Skalhols stift

65 rdr 2 mk

Hvilket tillæg de fattige præster selv skal lade hente og præsterne ved forberørte *beneficier* velvilligen svare og udrede i gode og gavnlige landsøre. Thi haver du derom indtil videre fornöden anordning at göre, og i fald nogen af de formuende præster skulle sidde saadan din anordning overhörig, da skal herredsprovsten uden videre *process* optage saa meget af hans visse indkomst som han her er satt for og sligt den fattige præst, som det er *deputeret*, tilsende.

III. Kom hér fyrir mál úr Þverárþingi á millum prestsins séra Gunnars Páls-sonar og Þorvalds Lafrantssonar, áhrærandi nokkurn misverknað sem séra Gunnar skyldi hent hafa á móti greindum Þorvaldi, eftir því sem hann fram-borið hefur á héraðsprestastefnu að Svignaskarði þann 16. apríl *anno* 1705. Þessa sök hefur prófasturinn séra Jón Halldórsson sett hingað til alþingis með hans dómi gengnum að Hjarðarholti í Stafholtstungum 22. júní *anno* 1705, að því fyrirskyldu ef séra Gunnari fellst tildæmdur lýrittareiður minni, hvörn hann enn nú hefur ekki aflagt; og dæmt séra Gunnar og Þorvald eður hans tilsettan svaramann skyldugan hingað að koma til andsvara uppá fyrrgreint málefni. Var nú séra Gunnar hér nálægur og bauð sig til andsvara móti Þorvaldi, en Þorvaldur var hér ekki nálægur og enginn hans svaramaður, eigi heldur neinn sem bæri hans forföll fram, jafnvel þótt hér opinberlega væri þrisvar sinnum eftir hönum spurt þann 15. júlí. Því dæmum vér að Þorvaldur skuli hafa tapað þessari sök, þar til hann aftur löglega stefnir, eftir Norskulögum *lib.* 1, *cap.* 4, *art.* 34 og mannhelgis 23. *cap.*, hvar útpykkilega stendur að sakaráberi skal vera fyrir sök hvörri. En séra Gunnar setur ekki neitt í rétt um hans kostnað fyrir þessari sök, því dæmum vér hönum heldur öngvan.

Framan- og ofanskriðuðu til fullkominnar staðfestu skrifum vér vor nöfn hér að neðan með eigin höndum. *Anno et loco ut supra* þann 17. júlí.

Christian Müller
Jóhann Þórðarson mpp
Ólafur Pétursson eh
Björn Stefánsson meh
Jón Halldórsson eh
Hannes Erlingsson eh
Jón Gíslason meh

Jón Þorkelsson Vídalín
Þórður Jónsson mpp
Bjarni Hallgrímsson eh
Þorkell Árnason eh
Frans Ibsson mpp
Eiríkur Oddsson eh
Sæmundur Jónsson eh

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1706 13. júlí að settri almennilegri stiftisins prestastefnu að Þingvelli voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis tilnefndir af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín til að dæma um þær sakir sem

andlegum byrjar lög í að segja á þessum stað, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnessýslu, séra Einar Bjarnason prófastur í Skaftafellsþingi, séra Hannes Halldórsson prófastur í Pverárþingi, séra Ólafur Stefánsson, séra Þorkell Árnason, séra Björn Þórðarson, séra Jón Halldórsson, séra Páll Sveinsson, séra Eiríkur Oddsson, séra Jón Erlingsson, séra Guðmundur Jónsson, séra Þórður Konráðsson og séra Stefán Björnsson.

I. Var hér upplestið bréf séra Benedikts Jónssonar að Bjarnanesi, í hverju hann gjörir prófastinum í Skaftafellsþingi, séra Sigurði Högnasyni, vitanligt að hann hafi ekki verið, og sé ekki ennþá, ánægður með hans skrif og andsvör uppá sín innlegg fyrir prófastsins dómi að Sandfelli í Örafum 24. september *anno* 1705 móti ákæru séra Þórðar Guðmundssonar, og þar fyrir óskar af prófastinum að hann komi, hér uppá andsvari og til staðar sé á þann 12. dag júlímánaðar yfirstandandi árs 1706 að Þingvelli við Öxará, fyrir þeirra æðra yfirvaldi, nefnilega amtmanni og *superintendenti* þessa stiftis, og finnist þar nokkuð í prófastsins gjörningi við sig sem hann má lögliga átelja (að órofinni sáttargjörð hans og séra Þórðar, í alla staði, af hönum meintri), þá er prófasturinn fyrir það sama af séra Benedikt kærður undir áðurnefndra dóm og úrskurð.

Framvegis hefur séra Benedikt gefið prófastinum til vitundar, í sínu bréfi *dateruðu* Bjarnanesi *anno* 1706 27. apríl, hvað helst það sé sem hann ákærir í héraðs *actis* prófastsins að Sandfelli *anno* 1705 24. september, sem er þetta:

1. Að hann sjái þar inni öngvan endilegan dóm.
2. Ekki lögmetna orsök séra Þórðar, málinu svo lengi uppi að halda.
3. Ekki innfært andsvar uppá séra Benedikts beiðni áhrærandi bréf það sem hönum 24. október *anno* 1704 tilskrifaði.
4. Ekki hvað langt uppihald séra Benedikt hafi séra Þórði gjört.
5. Ekki innfærðir seðlar sínir sem hann þar framlagði.

En fyrir því að séra Benedikt hefur ekki í þessu bréfi stefnt *processinum* undir dóm amtmannsins og biskupsins, svo vér sjá kunnum; hins og annars vegna, að oss virðist forlíkun sú sem skeð er á millum séra Benedikts og séra Þórðar Guðmundssonar í því máli sem á millum þeirra var, áhrærandi það uppihald er séra Þórður kallar sér gjört vera í hans hjónabandsframkvæmd, taki það af að *processinum* þurfi að stefna, og að hún orsaki það að prófasturinn hefur ekki neinn endilegan dóm gjört í sökinni, þá tökum vér oss ekki fyrir hendur hér um að dæma.

II. Kom fyrir *synodum* stefna séra Benedikts Jónssonar að Bjarnanesi, með hverri hann stefnt hefur prófastinum í Skaftafellsþingi, séra Sigurði Högnasyni, *datum* 1706 27. apríl að Bjarnanesi, með hverri hann stefnir prófastinum undir amtmannsins og biskupsins dóm að framleggja undir mat það sama bréf *in originali* sem séra Benedikt segir hann tilskrifað hafi bróður sínum séra Guð-

mundi Högnasyni, af *dato* Einholti 1. október 1704, hvert bréf séra Benedikt segist lesið hafa og áhræra málaleitun þá er hann kallar af prófastinum skena, fyrir hönd séra Þórðar Guðmundssonar. Sú er önnur stefnusök séra Benedikts að prófasturinn hafi ekki viljað eftir hans beiðslu og bón, þann 24. september að Sandfelli *anno* 1705, vitna hvað sannast var og hönum kunnugt um málaleitun þá, er séra Benedikt kallar, af prófastinum skena fyrir hönd séra Þórðar við Höгна Guðmundsson. Var stefnan hér opinberlega upplestin og dæmdum vér fyrirallið löglegt að vera og prófastinn skyldugan að svara til þessara tveggja sakargifta.

Hvað þeirri fyrri stefnusökinni viðvíkur, þá sökum þess vér sjáum ekki að prófasturinn tilskyldist að framleggja það bréf sem hann öðrum tilskrifað hefur, þótt skrifað hefði, þá dæmum vér að hann sé ekki skyldugur hér það bréf fram að leggja sem stefna séra Benedikts umgetur. Svo mikið sem hinna síðari stefnusökinni viðvíkur, þá dæmum vér að séra Sigurður hafi ekki skyldugur verið að vitna á prestastefnunni að Sandfelli um málaleitun séra Þórðar Guðmundssonar, sem séra Benedikt kallar skena af prófastinum fyrir hönd séra Þórðar við Höгна Guðmundsson.

1. Þar hans vitni eður meðkenning þar um ekki áhrærði nema sjálfan prófastinn og ekkert kunni að hjálpa til upplýsingar í málinu, *Norskelov lib. 1, cap. 13, art. 7.*

2. Þar hann var ekki til vitnisburðar stefndur.

3. Þar enginn hans yfirdómari var nálægur sem hans vitni kunni af hönum að taka, og var í það sinn að Sandfelli með soddan móti ekki hans varnarþing eftir *Norskelov lib. 1, cap. 13, art. 2*, samanbornum við kaupabálks *13. cap.*

III. Var upplestið bréf prófastsins séra Sigurðar Högnasonar, í hverju hann óskar af séra Benedikt Jónssyni, og aðvarar, að hann komi og til staðar sé dag 12. júlí *anno* 1706 að Þingvelli við Öxará fyrir amtmanni og biskupi, og beiðist að séra Benedikt gjöri þar skýra grein með rigtugum bevísingum á því sem hann hefur skriflega frá sér gefið viðvíkjandi málaleitun þeirri sem sken skyldi vera af prófastinum fyrir hönd séra Þórðar Guðmundssonar við Höгна Guðmundsson til hans dóttur Guðrúnar. En kunni séra Benedikt ekki þau sín skrifuð orð rigtuglega bevísa, þá sé hann fyrir það sama af sér kærður undir áðurnefndra dóm og úrskurð, ásamt þeirra dómsmanna.

Uppá þetta prófastsins bréf framlagði séra Benedikt Jónsson eftirskrifaðan seðil:

Ég undirskrifaður meðkenni mig hingað til Þingvalla kominn vera fyrir aðvörun eruverðugs héraðsprófastsins séra Sigurðar Högnasonar, hver mér í hönd kom dag 14. apríl *anno* 1706 og ég skilið hefi fyrir fullkomið fyrirfall og stefnu. Því býð ég mig til þessarar hans sömu aðvörunar svo sem stefndur að

svara á þessum stað og degi. Set ég því í rétt og beiðist lagadóms á þessu eftirskrifuðu:

1. Hvert ég sé réttilega hingað kallaður.
2. Hvert lögskyldugur sé, mínar bevísingar (eftir hans aðvörunarbréfs innihaldi) hér fram að leggja.

Þetta bið ég innfærast í *processinn*. Óskandi yður veleðla herra og samankomnum eruverðugum kennilýð Guðs föðurs náðar, *amen*. Verandi yðar velu-verðugheita skyldugur þénari, Þingvelli anno 1706 15. júlí, Benedikt Jónsson eh.

Uppá hinn fyrra póst í þessu bréfi svarast, að vér dæmum fyrirkall prófastsins ekki svo stílað að vera að séra Benedikt sé skyldugur eftir því hér að svara:

1. Þess vegna að hann stefnir ekki undir amtmannsins og biskupsins dóm.
2. Hins og annars að í þessu sama bréfi er fororð nokkurt.

En uppá hinn síðara andsvarast, að fyrst fyrirkallið er ekki löglegt ályktað, þá tilskyldist ekki séra Benedikt í þetta sinn bevísingar uppá þessa sakargift hér fram að leggja.

Framvegis lagði prófasturinn séra Sigurður fram eftirfylgjandi bréf: Hafi nú séra Benedikt Jónsson mig óréttilega sótt,¹ sakgef ég hann einnin um allt það sem hann í þessu máli mig ranglega ýft hefur. Til merkis að Þingvelli dag 12. júlí anno 1706, Sigurður Högnason meh. Og auk þess beiddist hann kostnaðar síns er hann haft hefði í öllu þessu máli síðan séra Benedikt aðvaraði hann á þennan stað að koma.

Hvar uppá vér dæmum séra Benedikt skyldugan hér strax að sverja að hann hafi hugast prófastinn um rétt mál sækja eftir réttarbót Hákonar kónigs er svo byrjar: Enginn skal öðrum ranga sök gefa *etc.*, og þingfararbálks 6. *cap*. Aflagði nú séra Benedikt eftirfylgjandi eið:

Ég séra Benedikt Jónsson vissi ei betur fyrir Guði og minni samvitsku en að ég hefði rétt mál að kæra til prófastsins séra Sigurðar Högnasonar þegar ég aðvaraði hann að koma til Þingvallar við Öxará á þann 12. dag júlímánaðar, ei heldur þegar ég stefndi hönum undir dóm herra amtmannsins Christian Müllers og herra biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín þann 27. apríl 1706, og það hugða ég fyllilega að ég mætti áfrýja *process* séra Sigurðar, jafnvel þó ég hefði sæst við séra Þórð (hvar með séra Benedikt segist meint hafa séra Þórð Guðmundsson), og að sami *process* væri saknæmur við mig. Svo sannarliga hjálpi mér Guð með sínu heilögu *evangelio*.

Og eftir því að séra Benedikt hefur þann veg svarið, þá dæmum vér að hann sé ekki skyldugur prófastinum séra Sigurði Högnasyni sektum eður kostnaði

1 *sótt*: vantar í handrit

að svara eftir áðurgreindu lögmáli, sérdeilis þar hann hefur ekkert í sinni stefnu það uppá prófastinn borið sem oss virðist hönum sé til ófrægðar.

Öllu þessu framan- og ofanskriðu til staðfestu skrifum vér vor nöfn hér að neðan með eigin höndum ásamt herra amtmanninum og herra biskupinum. *Anno et loco ut supra* 16. júlí.

Christian Müller
Einar Bjarnason prestur mpp
Ólafur Stefánsson meh
Páll Sveinsson meh
Jón Erlingsson mpp
Þórður Konráðsson meh

Jón Þorkelsson Vídalín
Jóhann Þórðarson mpp
Hannes Halldórsson eh
Björn Þórðarson meh
Jón Halldórsson eh
Eiríkur Oddsson mpp
Guðmundur Jónsson mpp
Stefán Björnsson mpp

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1707 þann 15. júlí voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtiðstiftis í dóm nefndir af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín í *synodo generali* að Þingvelli, séra Jón Halldórsson prófastur í Þverárþingi vestan Hvítár, séra Bjarni Hallgrímsson prófastur í Rangárþingi, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnassýslu, séra Hannes Halldórsson prófastur í Þverárþingi austan Hvítár, séra Þorsteinn Oddsson, séra Þorkell Árnason, séra Frans Ibsson, séra Árni Gíslason dómkirkjunnar prestur, séra Jón Halldórsson, séra Páll Sveinsson, séra Árni Þorleifsson, séra Torfi Halldórsson og séra Helgi Eiríksson.

I. Var hér upplesið hans kónglegrar *majestets missive* til biskupsins, hljóðandi um *pension* af þeim bestu *beneficiis* til uppgefínna presta, *datum* Köbenhav 16. maj *anno* 1707.

II. Var upplesinn dómur prófastsins séra Páls Ámundasonar, genginn að Egilsstöðum á Völlum í Fljótsdalshéraði *anno* 1707 26. maí, á millum séra Eiríks Árnasonar svo sem saksóknara og séra Eiríks Sölvasonar svo sem verjanda, í hvers dóms ályktun prófasturinn hefur vísað sökinni undir úrskurð biskupsins og dæmt með hans tilnefndum prestum málspartana skylduga að mæta fyrir *synodo generali*. *Item* var hér upplesin angefning séra Eiríks Árnasonar fyrir amtmanninn og biskupinn, *datum* Skálholti *anno* 1706 7. júní, og vitnisburðabevísingar hans uppá sömu sína angefningu, *datum* Egilsstöðum *anno* 1707 27. maí. Svo og var upplesið innlegg séra Eiríks Sölvasonar, *datum* Egilsstöðum á Völlum *anno* 1707 26. maí, sem hann þar fyrir réttinn framlagt hefur á greindri prestastefnu.

Um þessa sök er *synodi generalis* ályktun, að eftir því að hverki er hér séra Eiríkur Árnason né séra Eiríkur Sölvason, ellegar neinn þeirra umboðsmaður, jafnvel þó þrisvar sinnum væri opinberlega þar eftirspurt, en sakarábera byrjar að vera fyrir sök hverri, eftir mannhelgi 23. *cap.*, þá kunni hér í enginn endilegur dómur að gjörast í þetta sinn. Því dæmum vér séra Eirík Árnason og séra Eirík Sölvason skylduga til að mæta fyrir næstkomandi *synodo generali* að Þingvelli *anno* 1708 sem haldin verður, séra Eirík Árnason til að forsvara áðurgreinda angefningu sína fyrir amtmanninum og biskupinum, en séra Eirík Sölvason til að forsvara sig á móti henni og að svara til síns innleggs er hann framlagt hefur fyrir prestastefnudóminum á Egilsstöðum 26. maí *anno* 1707. En báðir þeir, séra Eiríkur Árnason og séra Eiríkur Sölvason, skulu gefa mörk hver um sig til fátækra prestaekkna í Múlasýslu eftir þingfararbálki 9. *cap.* vegna þess að hverki þeir né þeirra umboðsmenn komu til þessarar *synodum generalis*, hvar til prestastefnudómurinn hefur þá þó skylduga ályktað, nema þeir löglega bevísi sín forföll fyrir áðurgreindum *synodi generalis* dómi.

Öllu þessu framan- og ofanskrifuðu til staðfestu skrifum vér vor nöfn hér að neðan með eigin höndum ásamt herra amtmanninum og herra biskupinum. *Anno et loco ut supra*, en degi síðar.

Eftir því herra amtmáðurinn hefur afsakað sig að koma svo snarlega til að undirskrifa þennan dóm, en biskupinn þykist ei kunna kennidóminum uppi að halda sökum þeirra nauðsynja og þeirra sökna; þá viljum vér þaug orð sem hér að ofan standa, ásamt herra amtmanninum, hafa *annulleruð*, en skrifum samt vor nöfn undir þennan vorn dóm hönum til staðfestu ásamt biskupinum.

Christian Müller
Jón Halldórsson eh
Bjarni Hallgrímsson meh
Þorkell Árnason eh
Árni Gíslason eh
Jón Halldórsson eh
Árni Þorleifsson mpp

Jón Þorkelsson Vídalín
Jóhann Þórðarson mpp
Hannes Halldórsson eh
Þorsteinn Oddsson mpp
Frans Ibsson mpp
Páll Sveinsson meh
Torfi Halldórsson
Helgi Eiríksson meh

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1708 þann 17. júlí að settri almennilegri stiftisins prestastefnu að Þingvelli voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í *synodum* nefndir af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, séra Jóhann Þórðar-

son prófastur í Árneshöfði, séra Hannes Halldórsson prófastur í Pverárhöfði, séra Loftur Jósefsson dómkirkjunnar prestur, séra Daði Halldórsson, séra Páll Sveinsson, séra Eiríkur Oddsson, séra Jón Halldórsson, séra Þorvaldur Oddsson, séra Jón Oddsson, séra Hafliði Bergsveinsson, séra Gissur Bjarnason, séra Jón Gíslason og séra Gísli Erlingsson.

I. Var opinberlega upplestið hans kónglegrar *majestets* allranáðugasta *missive* til hans höj-*excellences* Uldrich Christian Guldenlew, hljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Friderich 4tus. Vor synderlig gunst og bevaagenhed til forn. Saasom herr Ollafver Erichsen sognepræst til Hialestad menighed paa vort land Island, som af os allernaadigst er *confirmeret* at *succedere* sognepræsten til Bredeboelstad i Hunevatne syssel paa bemeldte Island, for os allerunderdanigst haver ladet andrage hvorledes præstegaarden i bemeldte Bredeboelstad sogn formedelst sognepræstens forsømmelse i adskillige maader skal forarges, tvært imod vores lov og *mandater*, som der i landet er givne, og derfor allerunderdanigst er begærendes at han bemeldte Bredeboelstad præstegaard strax maatte tiltræde, paa det han den betimelige kunne forbedre, hvorimod han erbyder sig til præsten at afstaa det som han med skikkelihood kunne leve af.

Og vi af den til os herom allerunderdanigst indkomne erklæring allernaadigst haver fornummen, at af forðum lensmand der paa landet, Brostrup Gedde, skal *anno* 1596 være gjort saadan anordning for biskoperne, at de enten selv eller ved deres fuldmægtiger ombudsmænd, som er herredsprovster, skulle lovligen to eller tre gange tilsige og paaminde de præster som deres præstegaarde lader fordærve, at de samme betids skulle hjælpe og forbedre, hvis ikke, da biskoperne dennem fra deres embeder at afsætte. Desligeste at forrige biskop over Skalhøfts stift, *magister* Theodorus Thorlacius (som efter vores elskelige kære herr faders salige og højlovlig ihukommelse allernaadigst givne befaling var beordret tillige med sine underhavende præster at indrette den islandske kirkelov, saa vel ske kunne, efter den Norske lov), hans tillige med samme præsters allerunddanigst betænkning om denne post saaledes skal være forfattet, at præsterne ei alene er skyldige at vedligeholde præstegaardenes bygning, med mere der af *dependerer*, ved god og forsvarlig hævd og magt, mens endog bygge og forbedre den det meste muligt er, og hvis præsterne derudi findes forsømmelige, efter at de derom 2 a 3 gange af provsterne lovligen bliver advart, skal da fra kaldet afsættes, med mindre at de for alting kunne stille nøjagtig *caution*.

Saa er vores allernaadigste vilje og befaling, at du den anordning gör at bemeldte nyindrettede kirkelov, som paa lensmandens anordning af *anno* 1596 er *funderet*, vorder *observeret* og efterlevet, hvor ved alting herefter saavel som

denne *passus* kunne have sin rigtighed. Dermed sker vor vilje, befalendes dig Gud.

Skrevet paa vort slot Köbenhavn den 11. maj *anno* 1708. Under vor kongelig haand og signet, Friderich Rex LS.

At dette er en rigtig *copie* af hans kongelige *majestæts* allernaadigst til mig ergangene befaling. *Testerer* Hafniæ den 16. maj 1708, Guldenlew LS.

II. Auglýsti hans höj-*excellences* fullmegtugur, herra vice-lögmaðurinn Oddur Sigurðsson, þann ellefta og sextánda póst af hönum náðugast meðdeildri *instruction*, hverjir svoleiðis orðrétt hljóða:

Num. 11.

Med *superintendenterne* haver han udi de geistlige sager og *jurisdiction* samt *capitul* retten paa mine vegne der udi landet sig efter lovens indhold og landets beskaffenhed at forholde.

Num. 16.

Belangende *supplicationer* som landets indvaanere til deres kongelige *majestæt* ville indgive, saa skal dermed forholdes saaledes, at enhver, enten det er geistlig eller verdslig, som nogen *supplique* ville indgive, skal lade dennem enhver ved deres sysselmænd (om de ei selv kommer til altinget) levere paa det aarlig holdende alting, til hannem og amtmandens fuldmægtig, hvorefter de da enhver *supplications* beskaffenhed *examinerer*, og saavidt geistligheden angaar, der om skal biskopens erklæring paategnes, og siden at give mig en *specification* paa hvor mange *suppliquer* som er indleveret og hvad enhvers indhold er, ved N. navn og *dato*, og for hver især at give en grundig erklæring paa förnævnte *specification*, og maa ingen *supplique*, fra hvem den og er, der i landet efterlades, meget mindre at *specificationen* udelades, mens alle tillige med 2de derover forfattede *specificationer*, en til amtmanden og en til mig, herhid oversendes, og i fald at indbemeldte ei skulle lade sig dette være efterretlig, mens efter deres sædvane fremturer i den forrige uorden, i det at de samme med köbmænderne hidover sender, hvor man da hverken haver nogen opslutning eller erklæring om dets indhold, saa maa de selv tilskrive dem den forseelse, om de skulle blive her uden nogen *expedition* efterliggende, eller og did tilbagesendt.

III. Var hér upplesinn dómur sá er í fyrrasumar gekk *in synodo* á millum séra Eiríks Árnasonar og séra Eiríks Sölvasonar, í hvörjum þeir báðir eru skyldugir ályktaðir að koma til þessarar *synodum* og í merkur straff hver um sig fyrir það þeir komu ekki hingað til að standa fyrir máli sínu, sem þeir voru þó dæmdir skyldugir til með prestastefnudómi gengnum að Egilsstöðum á Völlum *anno* 1707 26. maí. Komu hér engin lögleg eður svarin förföll fram sem áður greinda málsparta frá tildæmdri sekt kynni að fría og þeir hafa ekki dóminn

áfrýjað, svo oss sé vitanlegt. Því stendur *synodus* enn nú við hinn sama dóm, og dæmir þar að auki að þeir skuli áðurgreindri sekt útsvarað hafa hið síðasta í næstkomandi fardögum til fátækra prestaekkna í héraðinu, eftir prófastsins úthlutan, ef hún ekki allareidu goldin er, nema þeir vilji straffast framvegis svo sem þeir er ekki vilja dóma halda, sérdeilis þar þeirra eigin handskriftir votta að þeir hafi dóminn séð og genpartana meðtekið: Séra Eiríkur Sölvason *anno* 1707 þann 1. september, en séra Eiríkur Árnason á sama ári 24. september.

En hvað því viðvíkur að greindir málspartar hafa ekki nú í ár hingað til *synodum generalem* komið, eftir sama *synodi* dómi, þá jafnvel þótt þeir hafi engin svarin lögleg forföll sent, samt, eftir því oss vitanlegt er, bæði af góðra manna bréfum og svo almennum róm, að stór harðindi hafa á umliðnu vori gengið í Múlasýslu, og þar að auki hafi sú almennilega bólusótt tekið til að hafa yfirhönd í þeim parti héraðsins sem áðurgreindir málspartar eru að vistum, þá dæmum vér þeim ekki sektir á hendur fyrir þessa útivist, en ef séra Eiríkur Árnason vill framhalda ákæru sinni til séra Eiríks Sölvasonar eður séra Eiríkur Sölvason vill átelja angefning séra Eiríks Árnasonar fyrir amtmanninn og biskupinn, þá dæmir *synodus* hvorn þeirra um sig skyldugan að koma á þennan stað að næstkomanda lögþingi sem haldið verður *anno* 1709, og standa hver öðrum lög um það er þeir þykjast vanhaldnir vera, þessu máli viðvíkjandi.

IV. Var hér framlagður af hálfu Þórðar Hannessonar á Sauðafelli, sem er eigandi hálfis Snóksdals í Miðdölum, póstur úr dómi sýslumannsins í Strandasýslu og lögsagnara í Dalasýslu, Jóns Magnússonar, í hvörjum hann hefur sett undir úrgreiðslu biskupsins, *magisters* Jóns Porkelssonar Vídalín, hvort mál-dagar kirkjunnar að Snóksdal eigi svo að skiljast, að þaug 30 hundruð sem kirkjan á í heimalandi eigi að reiknast úr Gilsbakka með, ellegar, að hún eigi fyrir utan þaug hálfan Gilsbakka. Hafði nú biskupinn þetta efni til tals í viðurvist hans höj-*excellences* fullmeztugs in *synodo generali* og var athugað gamalt máldagabréf, sem dómnum fylgdi, og er skrifað neðan á að *copierað* sé eftir máldagabókinni á Bessastöðum, en engin nöfn eru þar undirskrifuð. Þetta bréf var nú samanborið við Vilkinsmáldaga í Skálholti og fannst samhljóða að vera. *Item* var *producerað* annað máldagablað gamalt, orðrétt einshljóðandi og það fyrra. Þriðja máldagablað var samanborið við herra Gísla Jónssonar máldaga og fannst við hann samhljóða að vera.

Að þessu athuguðu ályktar *synodus* að veraldlegu yfirvaldi sé forsvaranlegt, og ekki til *præjudice* máldögunum eður kirkjunni, þótt það gjöri réttvís helmingaskipti á millum eigendanna, sem nú eru, fyrst á bóndaeigninni, síðan á kirkjueigninni, þótt ei sé framar eftir stíl máldaganna séð.

1. Þar helming jarðarinnar á hver af tveimur eigendum sem þessi þræta er á milli.

2. Þar fyrir, að oss þykir Vilkinsmáldagi og hinn sem hönum samhljóðar um Gilsbakkæignina vera óljósir, og verði ekki vel skildir, svo mikið sem henni viðkemur, þar oss vantar undirréttung um gjöfina til kirkjunnar, en sýnist það ei kunna að standa í vegi að jafnaðarskipti séu gjör á millum sagðra eigenda.

3. Að ekkert greinir um Gilsbakkæign í herra Gísla Jónssonar máldaga, eftir hvörjum nú er mest haldið af þeim gömlu máldögum, og meinum vér því að herra Gísli hafi reiknað hann í helmingi heimalandsins, hvað og er vor meining að svo vera eigi.

V. Kom til tals, hvörju þeir prestar skyldu sekir vera sem *citeraðir* hafa verið af prófasti eftir skikkan biskupsins til þessarar *generalem synodum*, en hvorki eru komnir hér í eigin persónu, ekki heldur hafa sent sín lagaforföll, sem eru þessir: Séra Vigfús Gíslason á Krossi, séra Sveinn Þorsteinsson í Mörk, séra Arngrímur Pétursson á Heylæk, úr Rangárvallasýslu, eftir því sem greinir bréf prófastsins séra Bjarna Hallgrímssonar til biskupsins. Að sönnu hefur séra Arngrímur Pétursson skrifað biskupinum til, að hann kunni ekki að koma sökum veikleika, en engin vitni sendir hann þar til. Og sökum þess að hér kemur ekkert vottað um þessara presta forföll, þá dæmir *synodus* að sérhvör þeirra skuli gefa 12 aura til fátækra prestaekkna í héraðinu, eftir þingfararbálki 2. *cap.*, þar sem greinir um nefndarmenn, þá sem síðar koma til lögþingis en særi eru flutt, og sé þessi sekt lokin og héraðsprófastinum afhent til úthlutunar innan næstkomandi alþings, nema þeir séu forhugsaðir um að framleggja fyrir *synodum generalem* þeirra svarin forföll, undir dóm, hvort þau séu lögleg eður ekki.

VI. Óskaði hans höj-*excellences* fullmeztugur að kennidómurinn í *synodo* vildi gefa sér skýra undirréttung um, hvörninn landsins tilstandi, að svo miklu leyti sem geistlegheitunum viðkemur eður kennidómurinn viðkannaðist, háttað og beskaffað væri á þessu ári, síðan næstu fardaga, sérhvör eftir því sem hann frekast tilvissi í þeim héraðum er þeir búa. Hvar uppá *synodus* andsvarar, að fyrir utan almennilega skemmd á því geistlega gótsi sem orsakast af vötnum, skriðum, söndum og öðrum ágangi, þá sé áðurgreint geistlegt góts á þessu ári næsta mjög rýrnað og horfi framvegis til meiri spillingar og vandræða, þar sökum hinnar almennilegu landplágu sem um næstu 12 mánuði hefur gengið hér í landi og sumstaðar enn nú gengur og gjörir stóra auðn allstaðar, þá séu margar kirkna og aðrar jarðir aldeilis í eyði, en flestar byggðar með minni landskuld og færri kúgildum en að fornu verið hefur. Sumstaðar er helmingur afsleginn, sumar af þeim sem byggðar kallast, tekst engin leiga af. Kúgildin eru allmörg prestunum á hendur skiluð, sem þau geta þó ekki forsorgað, bæði vegna þess að prestagarðarnir bera sumstaðar ekki svo mikið, sem og þess vegna, allra helst, að ekki fæst verkafólk til að vinna upp jarðirnar, þar það besta og röskvasta er í burtu dáíð. Og hinn fríði peningur, sem stendur í ábyrgð

prestanna, verður ekki seldur fyrir dauða aura, þar flestir hafa meir en þeir forsorga kunna. Ei heldur verður staðanna fríður peningur til kaupmannanna seldur, jafnvel þótt hér sunnanlands væru sláturhafnir, sem þó er engin nema Eyrarbakki, að nokkru leyti, svo menn aldeilis ráðlausir eru hvað úr þessu ráða skal. Horfist þó til frekari vandræða hér eftir, þar á þessu ári er líklegt að peningurinn út af deyi, þeim að gagnlausu sem ábyrgðina hafa.

Hér að auki eru svo margir burtdauðir af prestum og lærðum mönnum,¹ jafnvel skólapiltum, að til sumra kalla fæst enginn prestur. Sumstaðar þéna gamlir og veikir menn sem hafa orðið að missa þeirra *capellana* og nokkrir, sem ekki áður höfðu, vildu nú gjarna hafa, þar erfiðismunir fyrir fólkinu í fyrrasumar hafa svo slitið heilsu þeirra að þeir finna hennar allmargir mikinn brest, og þótt nokkrar *studerandi* persónur lifi eftir þá vilja þeir ekki taka prestaköllin, því þeir treysta sér ekki til að halda staðina sökum mannfæðar. Skólunum fæst varla nokkur persóna hentug til að þéna, ef þeirra skyldi viðmissa sem nú hafa það starf á hendi. Sumir af foreldrunum geta og ekki börnin í skólann látið sökum þess að þeir ekki fá annað fólk sér til fyrirvinnu.

Þetta er það sérlegasta sem vér höfum að gefa til vitundar um geistlegheit-anna tilstand í þessu stifti og höfum heyrt að í Norðurstiftinu muni ekki ólíkt háttað vera.

VII. Voru upplesnar eftirskrifaðar fullmagtir hans höj-*excellences* Uldrich Christian Guldenlew til herra *vice*-lögmannsins Odds Sigurðssonar og herra amtmannsins justitsraad Christian Müllers til *signors* Paal Beyer.

VIII. Var upplesinn hinn sjöundi, áttundi og níundi póstur af *instruxi signors* Beyers, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Han skal og paa deres høje *excellences* stiftbefalingsmands vegne i min fraværelse tillige med bisperne have tilsyn med den geistlige *jurisdiction* der udi landet og i forefaldende sager efter lovens indhold sig forholde.

Num. 8.

Med deres kongelige *majestæts* kirker skal han tillige med *superintenderne* og præsterne udi ethvert stigt have saadan tilbørlig indseende, at med deres indkomst forsynlig omgaas, kirkerne forsvarlig vedligeholdes og at alting dermed tilgaar efter den anordning derom gjort er eller vorder. Særdeles skal han tilholde dennem som kirkernes og klosternes indkomster og oppebørseler er betroet eller fremdeles anbetroet vorder, at de for dets indtægt og udgifter aarlig rigtig regnskab gör og derfor nøjagtig *qvittering* tager.

1 lærðum mönnum: síðan er strikað yfir (*stúderandi persónum*)

Num. 9.

Hospitals og fattighuses forstandere skal han tillige med *superintendent-erne* og andre vedkommende efter *fundatsen* tilholde, deres bestillinger forsvarligen at forestaa og at de derfor i rette tid tilbørlig regnskab aflægger, saavel som at med fattige lemmers indtagelse og underholdning forholdes efter den *fundats* og skik som ved hvert stæd er gjort, indgaaet og bevilget.

Framan- og ofanskrifuðu til staðfestu og vitnis skrifum vær vor nöfn hér að neðan með eigin höndum. *Anno et loco ut supra* dag 19. júlí.

Efter naadigste fuldmagt paa
deres høj-excellences vegne
Otte Sivertsen
Páll Sveinsson meh
Eiríkur Oddsson eh
Porkell Oddsson eh
Hafliði Bergsveinsson
Gissur Bjarnason meh

Jón Þorkelsson Vídalín
Jóhann Þórðarson mpp
Hannes Halldórsson eh
Loftur Jósefsson
Daði Halldórsson
Jón Halldórsson eh
Jón Oddsson eh
Jón Gíslason eh
Gísli Erlingsson meh

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1709 dag 13. júlí að settri almennilegri *synodo* voru eftirskrifaðir prófastar og prestar í dóm nefndir, séra Þórður Jónsson prófastur í Snæfellsnes-sýslu, séra Bjarni Hallgrímsson prófastur í Rangárþingi, séra Torfi Halldórsson prófastur í Kjalarnesþingi og prófasturinn séra Jón Jónsson, séra Frans Ibsson, séra Eiríkur Oddsson, séra Árni Þorleifsson, séra Jón Jónsson, séra Þorkell Oddsson, séra Jón Halldórsson, séra Gísli Álfsson, séra Guðmundur Pálsson, séra Hafliði Bergsveinsson og séra Brynjólfur Þórðarson.

I. Framlagði prófasturinn í Rangárþingi, séra Bjarni Hallgrímsson, fyrir *synodum* það rannsak sem hann eftir biskupsins skikkun gjört hafði að Landakirkju á Vestmannaeyjum um þann vandræðamann Sigurð Gottskálksson, hver eð sinn sóknarprest séra Gissur Pétursson ávarpað hefur ósæmiligum orðum, eftir því sem sjá má af dómi sýslumannsins Ólafs Árnasonar, *datum anno* 1708 dag 18. júní, í hverjum honum eru og sektir dæmdar fyrir þau orð er hann til prestsins talað hefur, *datum* 1709 þann 29. apríl að Landakirkju. Sömuleiðis framlagði greindur prófastur vitnisburð sýslumannsins Ólafs Árnasonar og 6 annarra sóknarmanna, sem eftir hans tilsögn tekinn er af prestunum í Vestmannaeyjum um háttalag Sigurðar Gottskálkssonar og prestanna atburði við hann, *datum* 1709 dag 26. maí, að Landakirkju.

Aðspurði nú prófasturinn séra Bjarni Hallgrímsson hvert kennidóminum ei virtist að Sigurði Gottskálkssyni tilheyrði opinber aflausn, bæði fyrir sín illyrði við prestinn séra Gissur, svo og fyrir Guðs orðs forögtun og aðra þrjótsku í mót prestanna áminningum, hvar um *synodus* ályktar að greindum Sigurði sannarliga tilheyrði opinber aflausn hér fyrir eftir Norsku lögum *lib. 2, cap. 5, art. 24; cap. 9, art. 10*. Og skulu prestarnir með allri kostgæfni og alvöru leita allra bragða við Sigurð að hann gefi sig ljúflega og með sannarligri iðran undir kirkjunnar *disciplin*. En vilji hann þeim ekki hlýða í þessu þá skulu þeir segja til þess sýslumanninum, að hann kunni að gjöra eftir sinni embættisskyldu við Sigurð eftir kónglegrar *majestets* forordningu er hljóðar um þá sem ekki vilja hlýða áminningum presta, *datum anno* 1650. Hér jafnframt með skulu þó prestarnir iðuglega tala við Sigurð af Guðs orði og setja honum fyrir sjónir hver ólukka honum yfirhanga nema hann gangi til hlýðnis við Guð og hans kirkju. Skipist hann ekki við prestanna fortölur né veraldlega refsing, þá gefist það til vitundar biskupinum.

II. Var hér upplesinn héraðs *process* prófastsins í Barðastrandarsýslu, séra Halldórs Pálssonar, framfarinn að Brjámslæk 1709 þann 29. apríl, hljóðandi um greftrun nokkurra framliðinna manna, skena að Kollsvík í Rauðasandshrepp, í hverjum Jón nokkur Jónsson, Bjarni Jónsson og Halldór Jónsson hafa meðkennt að þeir þessarra manna framliðna líkami grafið hafi á áðurgreindum stað. En fyrir það:

1. Að við þennan *process* hafa ekki verið nema 4 prestar til að rannsaka málið með prófastinum.

2. Hefur prófasturinn ekki *citerað* til prestastefnunnar þá menn er vitna þurftu í málinu, jafnvel þótt biskupinn hafi honum það skikkað, svo sem sjá má af hans bréfi *dateruðu* Skálholti 1709 dag 11. febrúar, hvert hér var af hans *copiu* bók upplesið.

3. Eru ekki Jón Jónsson, Bjarni Jónsson og Halldór Jónsson, eigi heldur Þorleifur Arngrímsson, sem í héraðsrannsakinu umgetur að hafi verið *citeraður* til prestastefnunnar en ekki komið, hingað stefndir né dæmdir, jafnvel þótt biskupinn hafi það einnig befalað, sem sjá má af greindu bréfi.

4. Eru engir þessir vitnisburðir svarnir né á þingi teknir.

5. Er ekki vottað í *processinum* hvert ófærur til lands eður sjóar hafi hindrað að færa líkin á sóknarkirkjuna.

Þá dæmum vér prófastinn séra Halldór Pálsson skyldugan til að halda prestastefnu hér um aftur í héraði og umbæta það ábrestur í áður framförnum *process* sem hér að ofan nefndur er. En hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugur er umbeðinn að setja einnhvern til að *agera* sökina á móti áðurgreindum mönnum og taka eiðinn af vottunum.

Framvegis dæmum vér prestana séra Guðmund Vernharðsson og séra Eirík Þorsteinsson skylduga til að framleggja þær orsakir, löglega bevísaðar, sem þá hafa hindrað að koma til prestastefnunnar að Brjámslæk, sem áður er umgetið, og það fyrir þann prestasamfund sem séra Halldór heldur í þessu máli. Hér að auki dæmum vér prófastinn séra Halldór Pálsson skyldugan til að mæta hér fyrir *synodo generali* sem haldin verður *anno* 1710, annaðhvert í eigin persónu eður senda sinn lögligan umboðsmann til að forsvara áðurgreindan *process* genginn að Brjámslæk 1709 þann 29. apríl.

III. Var upplestin stefna sú er hans höj-*excellences* stiftbefalingsmannsins fullmegtugur, *vice*-lögmaðurinn Oddur Sigurðsson, og herra amtmannsins fullmegtugur, landfógetinn Páll Beyer, hafa stefnt með séra Runólfi Hendrikssyni og hans nú orðinni egtakvinnu, Guðríði Eyjólfsdóttur, fyrir þessa *synodum generalem*, hvar inni þeim er að sök gefið að séra Runólfur hafi trúlofast með nefndri Guðríði og að séra Runólfur skyldi áður hafa trúlofað sig með einni kvenpersónu að nafni Mette Hansdóttir. Framvegis segir fyrirkallið að stefnendunum sé til vitundar gefið að Guðríður Eyjólfsdóttir hafi munnlega og skriflega lofast einum manni, að nafni Páli Halldórssyni, að hún vildi gefa sig í egtaskap með honum, svo sem hennar bréf útvísi, og að þeir eftir slíku háttalagi hafi til að eftirfylgja hans kónglegrar *majestets* allranáðugustu lögum og skikkunum, og að *præcavera* slík vond dæmi, látið auglýsa skriflegt forboð til þeirra presta sem soddan óvenjulegt hjónaband í hyggju hefði að framkvæma, *datum* 27. september. Og strax þar eftir sé stefna komin og eitt annað forboð, *datum* 17. október 1708, á hverjum degi prófastamót (prestastefna) sé haldin að Kálfatjörn, hvar af báðum próföstum og þeim flestu prestum sé ályktað að hjónaband í millum greinds séra Runólfs og Guðríðar Eyjólfsdóttur ekki kunni að fullkomnast fyrr en þar um dæmt yrði af réttum dómurum. Ei að síður segjast stefnendurnir fornema að séra Runólfur Hendriksson hafi látið sig samanvígja við Guðríði Eyjólfsdóttur af einum presti í Skaftafellssýslu að nafni séra Benedikt Jónssyni.

Hér uppá er:

1. Stefnur séra Runólfur Hendriksson fyrir þessa *synodum generalem* á þann 16. dag júlí til að forsvara sínar aðgjörðir í þessu, svo sem stefnan þar um frekar ákveður.

2. Er hingað stefnd Guðríður Eyjólfsdóttir til að forsvara hennar bréf *dat-eruð* 9. mars, 23. apríl og 11. ágúst 1708 til Páls Halldórssonar, og að líða dóm uppá hvað sem finnast kann að vera ótilbærilega gjört af henni í móti Páli Halldórssyni eður og óskikkanliga tilgengið að vera með hennar og séra Runólfs fullkomnaðan egtaskap.

3. Er og stefndur hingað í sama bréfi séra Jón Ólafsson til að svara því er á móti honum í rétt sett verði viðvíkjandi hans tilláttssemi og begering að séra Gísli Jónsson mætti gjöra trúlofun með áðurgreindum persónum á móti prófastsins aðvörun.

4. Er hingað stefndur séra Benedikt Jónsson til að forsvara að hann hafi í móti tveimur forboðum og prestastefnunnar ályktun samanvígt til hjónabands séra Runólf Hendriksson og Guðríði Eyjólfsdóttur, með öðru fleira sem þar um er í stefnuna innfært.

Hún er auglýst séra Runólfi og Guðríði að Sandfelli þann 3. júní *anno* 1709, en séra Benedikt þann 1. júní.

Var landfógetinn Páll Beyer hér fyrir dómi til að *agera* þessa sök á móti séra Runólfi og hans kvinnu. En stefnum til séra Benedikts og séra Jóns Ólafssonar sagðist hann ei framfylgja vilja, eigi heldur til séra Gísla Jónssonar, sem einnig er stefndur í þessari sök, og ályktast þeir því að vera aldeilis frá þessu tiltali. Hér var og séra Runólfur Hendriksson til svara vegna sín og konu sinnar. Var hann aðspurður hvert hann hefði nokkuð að segja á móti fyrirkallinu, hvar uppá hann framlagði bréf undir sínu nafni, þess innihalds að hann óskar að dæmt sé að lögum hvert að hann og hans egtakvinna Guðríður Eyjólfsdóttir séu hingað á þennan stað og dag rétt stefnd eftir íslenskum lögum eður ekki, frá þeirra heimili, 8 þingmannaleiða lengd og langt utan fjórðungs. *Datum* bréfsins 16. júlí *anno* 1709.

Hér uppá er dómur *synodi generali*, að hvað staðnum viðvíkur þá sé hér varnarþing þeirra séra Runólfs og Guðríðar í þessari sök, eftir *ordinantiunnar* hljóðan, *cap. de canonic.*, sem og hjónabands *articulum* Friderici 2di. *Item* Norsku lögum *lib. 1, cap. 2, art. 14*. En hvað deginum viðvíkur eður stefnufrestinum þá færir landfógetinn til síns máls Norsku lög *lib. 1, cap. 4, art. 8*. En fyrir því að í landslagabók vorri, þingfararbálki 9, stendur svo, að sá skuli hafa tveggja mánaða stefnu sem býr utan fjórðungs en innan lands, en stefnufrestur séra Runólfs og Guðríðar reiknast að vera 6 vikur, þá dæmum vér að séra Runólfur og hans kvinna hafi ekki löglegan stefnufrest haft í þetta sinn. En sökum þess að stefnendurnir segjast hann og hans kvinnu fyrirkalla til að eftirfylgja hans kónglegrar *majestets* lögum og *mandater*, og sjá má af stefnunni að þeir meina að þau í nokkru brotin séu af áðurgreindum persónum, þá uppsetjum vér þessa sök til *synodum generalem* sem haldin verður 1710 og dæmum þau séra Runólf og Guðríði skyldug hingað að koma með allar sínar varnir og afbatanir er þau hafa kunna, og skulu þau þá fyrir *synodo* til alls þessa máls og í stefnuna innfærðra sakargifta svara, og hér endiligan dóm líða.

Auk þessa setti séra Runólfur í rétt fyrir dómi hvert honum byrjaði ekki að uppbera sannsýnilegan kostnað fyrir sína reisu til alþingis uppá þetta mál, hvar

um *synodus* lætur biðja að segja sína meining þar til endilígur dómur í sökinni gengur.

IV. Þann 17. júlí var hér upplesin stefna sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, Bjarna Péturssonar, með hverri hann eftir skikkun herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugs stefnir prófastinum í Barðastrandarsýslu, séra Halldóri Pálssyni, fyrir þessa almenniliga *synodum* til andsvara við sig um það er Jón nokkur Ólafsson þykist af honum vanhaldinn vera, nefniliga, að hann ekki hafi af prófastinum notið heimugligrar aflausnar né Kristi kvöldmáltíðar *sacramentis* útteilingar, og ofan á það hafi hann með stórorðu skrifi til yfirvaldanna sendu nær talað hans æru en góðu mannorði heldur en hann meinar honum leyfilegt verið hafa, svo sem honum virðist af áðurgetnu skrifi, *datum* Selárdal anno 1708 þann 19. dag desember etc. Stefnan er auglýst séra Halldóri að Brjámslæk 1709 þann 29. apríl.

Dæmum vér því fyrirkallað löglegt eftir þingfararbálki 9. *cap.* og sýslumanninn réttan svaramann Jóns Ólafssonar, það auðsært er að hann ekki getur sótt sök sína sjálfur vegna fáfræðis, kaupabálkur 10. *cap.* Item var Jón Ólafsson hér nálægur. Séra Halldór var ekki nálægur hér fyrir réttinum og enginn hans umboðsmaður, gaf sig og enginn til að svara hans máli, jafnvel þótt þrisvar sinnum væri eftirspurt og á hann kallað. Dæmum vér því séra Halldór sekan mörk við kóng eftir þingfararbálki *cap.* 9, sem betalist til fátækra prestaekna í héraðinu eftir kónglegar *majestets* allranáðugasta bréfi.

Framvegis var hér auglýst vitnatekt sú er lögréttumaðurinn Sigurður Sigurðsson eftir hans höj-*excellences* fullmegtugs befallingu gjört hafði að Fífu-stöðum í Kolmúladal anno 1709 þann 15. maí og stefnu sýslumannsins Bjarna Péturssonar, með hverri hann hafði stefna látið Sigurði Auðunarsyni og Pétri Sigurðssyni til að bera vitni fyrir dómi lögréttumannsins Sigurðar Sigurðssonar um þau orð sem í þeirra áheyrn og viðurvist framfarið hafi að Selárdal á næstliðnu ári 1708 milli prófastsins í Barðastrandarsýslu, séra Halldórs Pálssonar, og Jóns Ólafssonar viðvíkjandi angefningu Jóns uppá prófastinn. Þar hefur og prófasturinn séra Halldór Pálsson nálægur verið til vitnisburðar áheyrslu. Hafa nú þessir áðurgreindir menn, Sigurður og Pétur, vitnað með svörnum eiðum að þeir ekki heyrt hafi á fyrirfaranda ári 1708 Jón Ólafsson leita heilags altarisins *sacramentis* af prófastinum séra Halldóri Pálssyni, og ekki séra Halldór Pálsson bjóða Jóni Ólafssyni að veita honum heimugliga aflausn og heilagt altarisins *sacramentum* með því skilyrði að Jón vildi því lofa að hann ekki að fyrri bragði áteldi eður uppátalaði það mál sem áhrærði sig, Pétur Guðmundsson og Niels Jónsson, og þar um genginn dóm á Kvígindisfelli við Tálknafjörð 1707 dag 6. maí. Einnig eftir þeim dómi framfarnar eiðatökur Þórðar Jónssonar að Laugar-dal, fyrir utan það við heyrðum prófastinn séra Halldór Pálsson bjóða Jóni Ólafs-

syni að meðtaka hann til *sacramentis* með sama skilyrði og Bjarna Ólafsson bróður hans þann 10. júní 1708.

Framvegis var hér upplesið skrif séra Halldórs tilsent í vetur *vice*-lögmanninum og annað samhljóða biskupinum, *datum* beggja bréfanna 19. desember. Í þessu skrifi er:

1. Vitnisburður nokkurra manna að Laugardals kirkjusóknarmenn játi sig hverki séð né heyrt hafa Jón Ólafsson frambjóða sig séra Halldóri til heimugligrar aflausnar, *datum* 9. desember.

2. Meðkenning Selárdalskirkju safnaðar að enginn vissi séra Halldór í því sekan vera að hann hefði neitað Jóni heilags altarisins *sacramentis* og ei kynni nokkur það að bera að Jón hefði þess af hönum leitað, *datum* 16. desember.

3. Áminningarbréf séra Halldórs Pálssonar til þeirra bræðra, Jóns og Bjarna Ólafssona, að halda sér ei lengur frá Kristi kvöldmáltíðar meðtekningu, og fyrirbýður hann þeim að lifa í hatri og kælu við sinn náunga. Á því bréfi er ekkert *datum*.

4. Vitnisburður tveggja manna, Sigurðar Auðunarsonar og Péturs Sigurðssonar, *datum* 1708 10. júní, hvar þeir bera að Bjarni Ólafsson hafi komið til Selárdals og leitað fríheita sinna af séra Halldóri Pálssyni, hver hann meðkennir sig ei meðtekið hafa þann tíma er hann fyrir hönd bróður síns talað hafi um þann hest er hann missti, og að Bjarni vilji nú fyrir sína persónu slá þessu hestmáli undir fætur sér *etc.*

5. Bréf séra Halldórs, hvar hann krefst Jóns Ólafssonar til Selárdalskirkju á þann 16. dag desember 1708 til að heyra meðkenning safnaðarins á móti þeirri ákæru er Jón hefði fyrir biskupinn framborið, *datum* 9. desember. Þetta bréf bera tveir vottar að Jóni hafi verið auglýst.

6. Framar eru í þessu bréfi óvottaðir framburðir séra Halldórs uppá Jón Ólafsson. Bréfið til samans hefur hann með eigin hendi undirskrifað.

Annað kom hér ekki fram af séra Halldórs hendi og engin ákæra önnur í móti Jóni Ólafssyni. Nú þótt að séra Halldór sé ekki hér persónuliga nálægur, þá tökum vér oss fyrir hendur að dæma um hina fyrri stefnusök sýslumannsins Bjarna Péturssonar til séra Halldórs, vegna Jóns Ólafssonar, að svo miklu leyti sem vér það kunnum að gjöra í þetta sinn, eftir þingfararbálki 9. *cap.*, þar séra Halldór hefur engin sín lögleg forföll sent hingað. Og að yfirvegaðri vitnatektinni sem áður er umgetið, svo vel sem afbötunarskrifi séra Halldórs Pálssonar er hann hefur sent *vice*-lögmanninum og biskupinum, og hér að framan er nefnt og þar af meiningin innfærð, dæmum vér með fullu dómsatkvæði að svo prófuðu og fyrir oss komnu að séra Halldór hafi á móti sinni prestligri skyldu höndlað við Jón Ólafsson í þessari sök, þar ekkert kemur bevísað fram af hans hendi sem Jón megi hindra frá kristilegum fríheitum og engin lögleg

bevísing að hann hafi Jón þar til áminnt. En fyrir því að lögin segja ekki prestum sektir á hendur fyrir þess háttar yfirsjónir, þá sé séra Halldór fjársektalaus við kónginn, en betali til sýslumannsins Bjarna Péturssonar í hans umkostning 10 ríxdali, en Jóni Ólafssyni, fyrir hans ómak og kostnað tvisvar sinnum til alþingis, hundrað í hvert sinn, og fyrir reisuna til Narfeyrar í vetur 10 aura. Þetta eftir þingfararbálki 9. *cap.* En ef annað kann sannara að prófast en nú vitum vér og fyrir oss komið hefur, og séra Halldór frýr á sinn hlut í þessu (hvað hann skal gjört hafa innan jafnlengdar eður haldi þenna dóm ella), þá viljum vér eiga leiðrétting þessa vors dóms eftir þingfararbálki 6. *cap.* Svo og skal séra Halldór sína sök, ef nokkra hefur, á móti Jóni Ólafssyni sækja með lögligri stefnu og fyrirkalli á tilbæriligum stað eftir Norsku lögum *lib. 1, cap. 4, art. 1.*

Hvað hinni síðari stefnusökinni viðvíkur, sem áður er umgetið, þá þykir oss hún vera svo svo sköpuð og svo vigtug, sérdeilis í þeim pósti sem í stefnuna er innfærður og sér líkast hermir, að vér kunnum ekki að dæma þar um nema séra Halldór sé persónuliga nálægur til að forsvara sig og að útleggja þau orð er hann skrifað hefur. Dæmum vér hann því skyldugan í eigin persónu að mæta fyrir *generali synodo* næstkomandi með allar sínar afbatanir sem hann í þeirri sök hafa kann, eður sendi sín svarin lagaforföll.

V. Hafði prófasturinn í Snæfellsnessýslu, séra Þórður Jónsson, til tals vegna systra sinna Þórdísar og Helgu Jónsdætra, hvert ei séu legkaup réttgöldin til þeirra kirkna sem þær eiga að nokkru leyti fyrir að svara, nefnilega Skúmstaðakirkju í Landeyjum og Dyrhólakirkju í Mýrdal, eins og til annarra kirkna í landinu? Ályktar *synodus* að þau eigi án alls efa að gjaldast, svo vel til þessarra kirkna sem annarra eftir kristinrétti.

VI. Leiddi biskupinn í tal, hvert ei væri leyfilegt að leggja þeim prestum sem þjónað hafa í einum fjórðungi, en síðar fara að vistum í annan fjórðung, af þeim *beneficiis* sem eru í þeim fjórðungi sem þeir eru, þótt þeir þar ekki þjónað hafi, sérdeilis þegar svo margir uppgefnir prestar eru í einum fjórðungi að sú *contributio* sem kóngleg *majestet* hefur allranáðugast uppboðið ekki kann til að hrökkva af þeim *beneficiis* sem í sama fjórðungi eru? Hér til svarar *synodus*, að eftir því hans kónglegrar *majestets* missive ekki útpykkilega sker úr þessu þá virðist þeim það leyfilegt, inn til þess hans kónglegrar *majestets resolution* kann að nást hér uppá.

VII. Þann 18. júlí var upplesinn þriðji póstur af fyrra árs *synodali* viðvíkjandi því máli er saman áttu séra Eiríkur Sölvason og sálugi séra Eiríkur Árnason, hvert sér líkast hermir. *Item* var hér upplesin forlíkun á millum áður-skrifaðra málsparta er skeð hefur í viðurvist núverandi prófasts, séra Ólafs Stefánssonar, með beggja þeirra undirskrifuðum nöfnum, þess innihalds að þeir

fullilega sættast uppá sérhvað sem hver hefði öðrum til að tala. Virðist því *synodo* að þessu máli lokið sé.

VIII. Var upplesinn hinn 5. póstur af áðurgreindu *synodali*, hljóðandi um þá presta sem að eftir *citatiu* prófastsins séra Bjarna Hallgrímssonar ekki komu hingað til *generalem synodum* á næstumliðnu ári. Framlagði greindur prófastur *qvitantiu* ekknanna í Rangárþingi uppá útsvörun séra Arngríms Péturssonar og séra Vigfúsar Gíslasonar. En hvað séra Sveini Þorsteinssyni viðvíkur, þá meinar prófasturinn að hann hafi að vísu nokkru svarað, og lofar að ekkjurnar skuli engan skaða þar fyrir taka, þótt að *qvitantia* uppá það gjald sem hann átti út að svara sé ekki hér framanlögð, og að hún skuli sendast til Skálholts biskupinum í hönd innan næstkomandi veturnáttu, hverja prófastsins lofun *synodus* tekur svo fulla að séra Sveinn sé frír fyrir dómrofi.

IX. Aðspurði *vice-lögmaðurinn* hvernig tilstandið væri á þessu ári meðal geistligheitanna, hvar uppá nálægir gáfu það andsvar, að það væri öllu miður en í fyrrasumar hefði verið *in synodo refererað*, sérdeilis í þeim pósti að verkafólk tæki nú víðast tvöföld laun við það sem á umliðnu ári verið hefði og fengist þó varla, svo að örvænt þykir að prestarnir á *beneficiis* kunni þau lengi að halda án skemmda og stórrar niðslu á jörðunum. Hvað skólanum í Skálholti viðvíkur, þá hefur tala skólapiltanna verið eins mikil í ár svo sem hún var áður en bólusóttin uppkom og sýnist því líklegt að köllin muni innan skamms verða með prestum forsguð. Þó eru þessi köll í Skálholtsstifti enn nú prestslaus, Hvalsnessóknir í Gullbringusýslu, Garpsdalssókn í Bardastrandarsýslu, sem biskupinn segist enga von til vita að prestar muni til fást á þessu ári, og óskar að *vice-lögmaðurinn* sjái einhver ráð um sóknanna forsgun ef mögulegt vera kann. Kúgildi staðanna hafa prestarnir sumstaðar enn nú í ár heimtekið, en engin af þeim sem þeir í fyrra til sín tekið höfðu aftur í burtu komið, svo nálægir til viti. Hvað framar er, þá *referarar* kennidómurinn sig til þess andsvars sem hann gaf uppá *vice-lögmannsins* eftirspurn í fyrrasumar *in synodo*.

X. Hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins og herra amtmannsins fullmeztugra bréf er svohljóðandi sem eftirfylgir:

Kongelig *majestæt* til Danmark og Norge *etc. etc. etc.*, *general admiral*, *lieutenant*, kammerherre, stiftbefalingsmand over Island og *general postmester* udi Norge, hans höj-*excellences* höjbaarne herre Uldrich Christian Guldenlewes, herre til det grevskab Samsø *etc.*, saa og velædle og velbyrdige herr justitsraad og amtmand Christian Müllers *constituere*de fuldmægtiger, Otte Sivertsen og Paul Beyer, gøre hermed for alle vedkommende vitterlig, at eftersom vi er kommen udi erfaring hvorledes stor efterladenhed med ægteskabs-sagerne skal begaas af en del herredsprovster her i landet, saa at naar den ene person udi hendes ægteskab forser sig med horeri, da staar sagen hen uden

nogen videre eftertale, og ikke af den skyldiges sognepræst eller herredsprovster bliver *examineret*, enten at den uskyldige vil benaade den skyldige person eller en skilsmisdom paa saadan begaaen forseelse skal følge, hvor over stor ondskab og grove synder med en hordom efter anden mangel bliver foraarsaget. Da saa som sligt synes at være tvært imod deres kongelige *majestæts* kirke *ordinantsie* og allernaadigste befaling om ægteskabssagerne, desligeste Norske lov *lib. 3, cap. 18, art. 13*.

Thi paa deres kongelig *majestæts* vores allernaadigste arvekonge og herres vegne, og allernaadigste behag, efter havende fuldmagter til meer-allerhöjstbemeldte deres kongelig *majestæts* lov og *mandater* tilbørligen og allerunderdanigst at efterleve, saa og mange skadelige grove synder at *præcavere*, tilsige vi her med alvorligen alle herredsprovster og præster udi dette land at de efter denne tid, naar saadan horesager kan tilfalde, strax uden ringeste forhaling erfarer og *examinerer* om den uskyldige person vil fremdeles leve udi ægteskab med den skyldige. Og ifald det dermed ikke er görlig og den uskyldige person er en skilsmisdom begærende, da har sognepræsten saadan beskaffenhed til herredsprovsten at referere med det allerførste, hvilken siden med sine tilnævnte herredspræster efter landets *maneer* den hele sag *examinerer*. Mens hvis vidner i sagen skal tages i ed eller forhøres, det forretter sysselmanden eller herredsdommeren efter kongelig *majestæts* Norske lov *lib. 1, cap. 2, art. 34; cap. 13, art. 2*, og strax naar dette saaledes er sket, da har provsten hvor sagen er tilfalden for stiftbefalingsmanden eller anbetroet fuldmægtig, samt biskopen over samme stift, alt dette uden forsømmelse at andrage, paa det at saadan sager kan komme til nogen endelighed inden aar og dag efter at de er bleven aabenbare.

Denne vores advarsel, som gjordt er til kongelig *majestæts* tro tjeneste og efter allerhöjstbemeldte deres *majestæts* lov og *mandater*, til grove skadelige synder at *præcavere*, er vi begærende at udi *synoden*, saavel som og lovretten, maa blive oplæst og i rettens *protocoller* indført. For det övrige önsker vi at retten med al *respect* maa blive *administreret*.

Actum Öxeraa landsting den 15. juli anno 1709, Otte Sivertsen, Paul Beyer.

Framan- og ofanskrifuðu til staðfestu og vitnis skrifum vér vor nöfn hér að neðan með eigin höndum. Anno et loco ut supra þann 19. júlí.

Efter naadigste befaling og	Jón Porkelsson Vídalín
fuldmagt paa deres høj-excellences	Pórður Jónsson mpp
höjbaaren herr stiftbefalingens	Torfi Halldórsson eh
vegne og udi höjbemeldte	Frans Ibsson mpp

deres höj-*excellences absense*

Otte Sivertsen

Bjarni Hallgrímsson meh

Jón prestur Jónsson

Jón Halldórsson eh

Guðmundur Pálsson

Hafliði Bergsveinsson eh

Eiríkur Oddsson

Árni Þorleifsson meh

Jón Jónsson eh

Þorkell Oddsson eh

Gísli Álfsson eh

Brynjúlfur Þórðarson eh

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1710 þann 12. júlí voru eftirskrifaðir prófastar og prestar til dóms nefndir *in synodo generali*, séra Jón Halldórsson eldri prófastur í Þverárþingi vestan Hvítár, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnesþingi, séra Jón Árnason prófastur í Strandasýslu, séra Hannes Halldórsson prófastur í Þverárþingi austan Hvítár, séra Torfi Halldórsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Loftur Jósefsson dómkirkjunnar prestur, séra Steinn Jónsson, séra Benedikt Pétursson, séra Jón Halldórsson, séra Eiríkur Oddsson, séra Árni Þorleifsson, séra Arngrímur Pétursson, séra Jón Gíslason.

I. Var þann 12. júlí upplesinn *process* úr Strandasýslu, gjörður að Prestsbakka við Hrótafjörð þann 18. júní *anno* 1710 af prófastinum séra Jóni Árnasyni um málefni Þórðar Þorkelssonar og Ingibjargar Jónsdóttur, hverju svo er varið að Ingibjörg hefur klagð sinn egtamann Þórð að hann hafi hórast framhjá sér, hverjum áburði Ingibjargar Þórður hefur með svoddan móti viðgengið, ásamt hans barnsmóðir Valgerður Þormóðsdóttir, að þau hafi saurlífissynd framið sem með barneign opinber orðið hafi þann 28. janúar *anno* 1709. Hér um hefur prófasturinn með tilnefndum prestum sagt sína meiningu, að þeim sýnist að Þórður Þorkelsson eigi með dómi að skiljast við sína eiginkonu Ingibjörgu Jónsdóttur, hverja sína meiningu þeir sett hafa inn fyrir þessa *synodum generalem* og dæmt málspartana eður þeirra umboðsmenn skylduga þar að mæta undir endilegan dóm.

Var nú Þórður Þorkelsson hér persónulega fyrir réttinum. En vegna Ingibjargar var hér sonur hennar, lögréttumaðurinn Jón Arnórsson. Aðspurði nú biskupinn fyrst Jón Arnórsson, hvert hann vildi halda þessu máli fram og hvert hann gæfi Þórði það enn nú að sök sem móðir hans hefði áður gefið? Hvar til hann svaraði: Já. Og framvegis hvert móðir hans vildi ei þennan sinn egtamann aftur taka? Hvar til hann svaraði: Nei, hennar vegna. *Item* var Þórður Þorkelsson aðspurður, hvert hann hefði hórast framhjá konu sinni? Hvar til hann svar-

aði, að hann stæði við sína fyrri lýsingu. Ennþá var hann aðspurður, hvert hans egtakvinna hefði gefið honum nokkra orsök til þessarrar syndar? Hvar til hann svaraði, að hún hefði það aldeilis ekki gjört með sinni breytni eður hegðan við sig eður aðra, en karlæg hafi hún verið í 18 ár og í heil 14 ár ófær til líkamlegs samræðis, hvað hennar talsmaður Þórður Björnsson hefur eftir hennar undirréttingu játað satt að vera í héraði, svo sem sjá má af héraðs *processinum*. Meinar því Þórður að sér muni sjást nokkur linkind á veraldlegu straffi þessarrar orsakar vegna. En sökum þess að veikleiki er ei með þeim orsökum talinn í kirkjulögunum fyrir hverjar er hjón eigi að skilja, þá ályktum vér að þetta sé hórdómur. En hvað viðvíkur linkind á veraldlegu straffi sem lögin ákveða, þá vísar *synodus* því frá sér til veraldlegs valds.

Dæmum vér því hjónaband þeirra Þórðar Þorkelssonar og Ingibjargar Jónsdóttur aldeilis sundurlaust eftir hjónabands *articulum* Friderici 2di og skulu þau halda sig héðan af svo sem ógiftar persónur.

II. Á sama degi var upplesinn samningur á millum lögréttumannsins Bjarna Gíslasonar að Vetleifsholti og séra Þorkels Oddssonar sóknarprests til Gaulverjabæjar og Stokkseyrar kirkjusókna, í hverjum að þeir hafa lofað hver öðrum, í viðurvist biskupsins, *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín, og prófastsins í Árnesþingi, séra Jóhanns Þórðarsonar, að mæta fyrir *synodo generali* sem haldin yrði að Þingvöllum 1710, Bjarni Gíslason svo sem stefndur, en séra Þorkell svo sem sækjandi til að tala út fyrir dómi um það sem ber þeirra á millum viðvíkjandi prestrentu af hálfri Stokkseyri eður hálfum Stokkseyrar kirkjukúgildum. *Item* var hér upplesinn vitnisburður tveggja manna, Jóns Halldórssonar með eigin hendi, en Gísla Björnssonar með handsali, með hverjum þeir játa að Guðmundur West játi að hann vilji það staðfastlega halda sem biskupinum sýndist rétt og billegt á millum prestsins og sín viðvíkjandi afgreiðslu eða útgjaldi til prestsins að helmingi af Stokkseyrarkirkju eign, sem honum viðvíki, og að Guðmundur hafi þetta handsalað prófastinum í þeirra náværu. Dæmum vér nú, að Bjarni Gíslason sé skyldugur að svara séra Þorkeli og séra Þorkell honum um þetta mál á þessum stað og degi eftir áðurgreindu samkomulagi, Norske lov *libr. 1, cap. 2, art. 17*. En hvað viðvíkur Guðmundi West, eftir því hann ekki er hingað stefndur, þá dæmum vér í þetta sinn ekkert á millum séra Þorkels og hans í þessarri sök.

Kærir nú presturinn það til Bjarna að hann hafi ekki meðtekið í þau þrjú ár, sem hann hafi átt prestsskyldur að taka, meir en þrjá fjórðunga smjörs árlega eftir 3 kirkjukúgildi að þeim helmingi sem Bjarni hefur átt fyrir að svara, en meinar að kirkjukúgildin eigi alls að fylgja jörðinni 20 og færir sínu máli til styrkingar Vilkinsmáldaga, hver hér var nú strax upplesinn; í hverjum svo stendur: Maríukirkja á Stokkseyri á land í Meðalholti, 14 kýr, 16 og 20 ær.

Þessu er samhljóða *visitatio magisters* Brynjólfs 1641. Hér á mót framlagði Bjarni Gíslason óhandskrifað bréf í einni gamalli bók, í hverju svo stendur að *anno* 1580 hafi Markús Ólafsson afhent Bjarna Sigurðssyni 10 kúgildi, hálft af fyrrskrifuðum kúgildum kirkjueign. *Item* færir hann til síns máls að í máldagabók herra Gísla Jónssonar sé ei kirkjunni eignuð nema 5 kúgildi.

Nú eftir því að í máldagabók herra Vilkins stendur að kirkjan eigi 14 kýr og 36 ásaugar, en þar er ei getið um jörðina Sel, en í máldagabók herra Gísla Jónssonar segir að kirkjan eigi jörðina Sel 20 hundruð og 5 kúgildi, hver kúgildi og jörðina Bjarni Sigurðsson, afi Bjarna Gíslasonar, meðkennir sig meðtekið hafa fyrir peninga kirkjunnar að Stokkseyri, með sinni eigin handskrift *in visitatione anni* 1641, hverju til styrktar er og hans sonar Markúsar Bjarnasonar nafn og hönd undir sömu *visitatiu*. En Bjarni Gíslason viðgengur að þeir bræður Gísli og Markús Bjarnasynir hafi tillagt kirkjunni og prestinum eitt kúgildi. Þá virðist oss að kúgildi þau sem vantar uppá Vilkinsmáldaga séu leyst með jörðunni Seli og dæmum því að Bjarni Gíslason og hans eftirkomendur skuli svara séra Porkeli og hans eftirkomurum, prestinum að Gaulverjabæ, hálfum smjörleigum eftir þrjú kúgildi af sínum parti og 60 álnir í þarflegum landsaurum árlega, svo sem svarar hálfri landskuld af kirkjujörðunni Seli, hver hann segir að sé hundrað af allri jörðunni. Svo og skal Bjarni Gíslason gjalda séra Porkeli það hann ábrostið hefur í þau 3 ár sem hann hefur staðinn haldið. En vilji Guðmundur West ekki halda hið sama, þá tilsegist hér með prestinum séra Porkeli að gjöra hönum stefnu hér um innan 12 mánaða.

III. Var hér á sama degi upplesið héraðsrannsak prófastsins í Kjalarnesþingi, séra Torfa Halldórssonar, er hann gjört hefur með tilnefndum prestum að Hvaleyri við Hafnarfjörð, þann 14. nóvember 1709, í málefni millum Jóns Péturssonar og Helgu Jónsdóttur hans egtakvinnu; hverju svo er varið að Helga Jónsdóttir gefur Jóni Péturssyni fullar sakir til hjónabandsskilnaðar á þeim hórdómsverknaði sem hann drýgt hafi framhjá sér með Sigríði Ásbjarnardóttur, hverjum hórdómsverknaði Jón játað hefur með hans eigin handskrift sem hér var framlögð, *datum* 2. maí 1710. Má og sjá af héraðsrannsakinu að hann hefur ekki mótsagt framburði Helgu, þótt ekki sé hans meðkenning þar sér í lagi innfærð. Í þessu héraðsrannsaki hefur prófasturinn ályktað þau Jón Pétursson og Helgu Jónsdóttur skyldug að mæta fyrir þessarri *synodo generali*, hvað vér dæmum að vera ánægjanlegt fyrirkall, en hverugt þeirra er nú hér nálægt, heldur hafa þau sent bæði afbatanir sínar. Virðist oss að Helga sé að lögum forfölluð sökum hennar vitanlegra veikinda. En Jóns Péturssonar afbatanir tókum vær ei fyrir fullar, dæmum hann því sekan mörk við kóngdóminn í stefnufall og tókum oss þó samt fyrir að dæma í þessu máli, eftir þingfararþálki 9. cap.

Nú sökum þess að greindur Jón hefur játað þessum hórdómi á sig og ekkert framlagt inn til þessa dags þar um, að Helga Jónsdóttir hans egtakvinna hafi gefið honum nokkra orsök til þessarrar syndar; svo og hafa þau bæði Helga og Jón neitað að þau hafi holdlegt samræði haft sín á milli síðan Jón varð að hórdómi opinber, en Helga afsegir að taka hann aftur til hjónabandssamvista, þá dæmum vér með fullu dómsatkvæði að hjónaband Jóns Péturssonar og Helgu Jónsdóttur skuli aldeilis aðskilið og sundurlaust vera, og þau skuli haldast héðan af svo sem ógiftar persónur og skikka sér eftir hjónabands *articulunum*.

IV. Þann 14. júlí var upplesinn héraðsdómur prófastsins í Barðastrandar-sýslu, séra Halldórs Pálssonar, um greftrun nokkurra manna að Kollsvík í Rauðasandshrepp skena *anno* 1707, hverja framkvæmt hafa Jón Jónsson, Bjarni Jónsson, Halldór Jónsson, Þorleifur Arngrímsson, Jón Halldórsson, Steingrímur Björnsson og Jón Björnsson. Með greindum dómi hefur prófasturinn dæmt þessa menn hvern um sig skylduga til að gjalda þrjá aura kónginum fyrir hvern mann sem þeir grafið hafa að Kollsvík, en Saurbæjarkirkju tvöfalt legkaup, en óskar leiðréttingar síns dóms ef æðri yfirvöldum sýnist annað réttara eftir lögmálinu. Nú fyrir því að kristinréttur segir, að ef maður færir ekki lík það til kirkju er hann er skyldur til að lögum að færa, þá skuli hann útlægur of það þrem mörkum. En öllum mönnum er vitanlegt að á því ári hefur nokkur nauðsyn bannað að flytja líkin til kirkjunnar, en oss virðist þó af þeim vitnisburðum sem inn eru færðir í héraðsdóminn að þeir hafi ekki haft þá atburði hér til sem þeir vel máttu hafa. Þá sláum vér af tveim pörtum sektar þeirrar er kristinréttur býður og dæmum þessa menn skylduga að betala í sektanafni mörk til kóngdómsins fyrir sérhvern þeirra manna er hver þeirra grafið hefur, en Saurbæjarkirkju einfalt legkaup, eftir því vér sjáum engin lög til standa að kirkjan eigi að hafa meira en það henni ber fyrir dauðra manna greftran, þar kóngurinn tekur sína sekt. Skulu þessi legkaup heimtast af þeim sem grafið hafa, en þeir sæki sitt aftur hjá erfingjum hinna greftruðu, eftir kristinrétti *cap.* 3. En ei skulu þeir vera skyldugir að betala legkaup eftir þá sem ekki hafa átt fé eftir.

V. Á sama degi var hér upplesinn héraðsdómur sýslumannsins Bessa Guðmundssonar, genginn að Egilsstöðum 1709 13. maí, um mál Helgu Skeggjádóttur sem hórast hefur framhjá manni sínum Eiríki Péturssyni, hver hana hefur yfirgefið í hálf tveim árum, eftir því sem greindur dómur útvísar, og er að sjá af sama dómi að sýslumaðurinn með samankomnum þingmönnum þykist ei nokkurn tíma heyrt hafa að fyrrnefnd Helga hafi sínum manni Eiríki Péturssyni nokkrar orsakir til fjærvistanna gefið, áður hann við hana skildi; sömuleiðis að hún hafi haldið sér hneykslislaust í svo margt ár án hjúskaparbrots, hverju til

styrkingar framkoma útgefnir vitnisburðir hennar sóknarprests og kirkjusóknarmanna hinum samhljóða. Segist nú fyrrnefnd Helga vilja biðja sinn mann Eirík Pétursson fyrirgefningar á þessu broti og hönum samvist bjóða. Hefur svo sýslumaður vikið þessu máli til héraðsprófastsins séra Ólafs Stefánssonar, hver með sex tilnefndum prestum hefur þetta mál undir dóm tekið að Egilsstöðum á Völlum þann 29. október *anno* 1709, hvar báðar þessar persónur, Eiríkur Pétursson og Helga Skeggjadóttir, hafa nálægar verið og af dómendum yfirheyrðar, af hverjum er að sjá að Helga Skeggjadóttir hefur beðið mann sinn forláts á þessu broti og boðið sig til samvista við hann, en Eiríkur hefur neitað hana aftur að taka til hjónabandssambúðar og óskar skilnaðardóms. *Item* segir í dómi prófastsins að sýslumaðurinn fyrir hálfu 9. ári hafi áminnt Eirík að víkja aftur til konunnar.

Hefur nú prófasturinn séra Ólafur Stefánsson sett þetta málefni fyrir þessa *synodum generalem* og ályktar *synodus* hér um, að fyrst vottað framkemur að Eiríkur hafi sett konu sinni fjærvistir og látið hana eina í hálf tallefta ár, en af hans hendi eru engar orsakir framlagðar fyrir héraðsprestadóminn að Egilsstöðum. Að svo prófuðu og fyrir oss komnu, þá sé Eiríkur skyldugur til að taka sína konu aftur til hjónabandssambúðar eftir hjónabands *articulum* og þessarri grein er svo hljóðar: Í annan máta skal það og innvirðuglega rannsakað, ef annað hvert þeirra hefur gefið öðru nokkurt sérlegt tilefni til þvígíls brots, sem er með hórnaðaldi, harðúð eður ofríki, ellegar í nokkurn máta sem dómáranum kann að virðast fullkomlegt tilefni vera til svoddan falls, þá byrjar þeim ekki heldur svo auðveldlega að skiljast. En hans höj-*excellences* herra stiftbefulingsmannsins fullmegtugum *recommenderast* að tilhalda sýslumanni þeim, í hvers sýslu að Eiríkur staðnæmist, að þrýsta Eiríki til að halda samvist við konu sína, svo að hér af orsakist ekki meiri vandræði.

VI. Framkom á sama degi mál úr Skaftafellssýslu hingað sett með dómi sýslumannsins Ísleifs Einarssonar, gengnum að Holtum í Hornafirði *anno* 1710 þann 2. júní, áhrærandi barnsfaðernislýsingu Þuríðar Magnúsdóttur uppá Jón Sigvaldason. Verða bæði Jón og Þuríður samsaga um þeirra fyrsta saurlifnaðar samræðistíma í fjórðu viku þorra *anno* 1709, en sóknarpresturinn séra Benedikt Jónsson segir að hann hafi á sama ári þann 28. september skírt það barn sem fyrrnefnd Þuríður Magnúsdóttir í heiminn fæddi og greindan Jón síðar föður að því barni lýsti. *Item* að sér hafi virst, bæði að sinni eigin sjón, sem og ljósmæðranna játun, að það sama barn væri fullburða bæði að hári og öðrum líkamans merkjum þá hann það skírði. *Datum* þessarar skriflegrar prestsins meðkenningar er að Bjarnanesi þann 5. nóvember *anno* 1709. Vill svo reiknast hennar meðgöngutími hér um þrjátíu og tvær vikur. Hér uppá er ansvar *synodi*, að jafnvel þótt ekki kunni menn neitt víst að segja um svo heimuglegan nátt-

úrunnar hlut, þá samt eftir því að vær sjáum af lærðra manna bókum að sjö mánaða fóstur kunni lifandi í ljós koma, höldum vær að átta mánaða fóstur kunni og lifandi að fæðast, og kunnum því ekki afsaka Jón Sigvaldason frá þessu barnsfaðerni, hver dæmdur er skyldugur hingað að koma ásamt Þuríði Magnúsdóttur, en hverugt þeirra gaf sig hér til ansvara, jafnvel þótt þrisvar sinnum væri á þau kallað, og kunnum vær ekki annað svar að gefa uppá sýslumannsins Ísleifs Einarssonar dóm hingað settan.

VII. Var upplesinn á sama degi hjónabandsskilnaðardómur gjörður af prófastinum í Ísafjarðarsýslu, séra Sigurði Jónssyni, á millum Péturs Þorsteinsonar og Hallfríðar Björnsdóttur, *datum* að Eyri í Skutulsfirði þann 17. júlí *anno* 1709, með hverjum hann hefur þau að fullu aðskilið til hjónabands-samvista og stefnt báðum þeim á þennan stað. Nú jafnvel þótt að hverugt þeirra sé hér persónulega nálægt, þá samt eftir því að prófasturinn hefur í héraðs-dóminum allt það athugað og innfært sem til fullkomins hjónabandsskilnaðar athugast og innfærast á, þá dæmum vér með fullu dómsatkvæði að áðurgreindar persónur, Pétur Þorsteinsson og Hallfríður Björnsdóttir, skuli gjalda kóngi mörk í stefnufall hvert um sig og vera aldeilis aðskilin að hjónabandssamvistum héðan í frá og halda sig svo sem ógiftar persónur, og skikki sér eftir kirkju-lögunum.

VIII. Þann 15. júlí var upplesinn sá fjórði póstur af fyrra árs *synodali*, í hverjum að séra Halldór Pálsson prófastur í Barðarstrandarsýslu er dæmdur skyldugur í eigin persónu til að mæta fyrir þessa árs *synodo* til að útleggja þau orð er hann skrifað hefur í bréfi til *vice*-lögmannsins Odds Sigurðssonar, *num.* 1, *datum* 1708 19. desember, eður að senda forföll sín. Var hér nú fyrir réttinum sýslumaðurinn í Þverárþingi sunnan Hvítár, Sigurður Jónsson, vegna séra Halldórs og framlagði vitnisburði Fífustaðar *etc.* Kvígindisfells þingsóknar-manna, *datum* þann 13. og 12. maí *anno* 1710, í hverjum þeir meðkenna séra Halldór svo veikan að hann sé ei fær til langferða. Nú þótt að þessir vitnis-burðir séu ei svarnir, samt fyrir því að sýslumaðurinn Bjarni Pétursson, sem nálægur var á Fífustaða- og Kvígindisfellsþingum þegar þessi vitni tekin voru, segist ei annað vita en sannir séu, þá tókum vær þessa afbötun séra Halldórs fyrir fulla og látum því séra Halldór ódæmdan í þetta sinn, en dæmum hann skyldugan, að ef hann svo veikur er að ei kunni hann á þessum stað að mæta að ári komandi í venjulegan tíma, þá skuli hann samt senda sína skriflega afbötun og útleggingu yfir þau orð sem standa í hans skrifi til *vice*-lögmanns-ins, sem áður er umgetið, og sendi fullkominn svaramann, þar sýslumaðurinn Sigurður Jónsson segist ekkert umboð hafa til að útleggja þessi orð og kann þar fyrir ekki að svara til sakarinnar.

IX. Á sama degi var upplesinn hinn 3. póstur af næst fyrirfarandi árs *synodali*, í hverjum séra Runólfur Hendriksson og hans kvinna eru dæmd skyldug til að mæta fyrir þessa árs *synodo*, eftir því að stefnendurnir, sem eru hans höj-*excellences* fullmegtugur, *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson, og herra amtmannsins fullmegtugur, landfógetinn Páll Beyer, segjast þau fyrirkalla til að eftirfylgja hans kónglegrar *majestets* lögum og *mandater*. Komu hér nú ekki fram af hendi séra Runólfs nein vottuð forföll sem hann eður hans kvinnu hindrað hafi til að mæta fyrir þessarri *synodo*. En af hendi landfógetans Páls Beyers var hér nálægur sýslumaðurinn í Þverárþingi, Sigurður Jónsson, og sagðist ekki hafa annað umboð en að svara vegna landfógetans ef séra Runólfur væri hér nálægur eður hans umboðsmaður. Annað sagðist hann ekki hafa af landfógetans hendi. Dæmum hann því sekan um stefnufall, eina mörk kóngi, sem betalast skal til fátækra prestaekkna í því héraði. En fyrir því að herra *vice-lögmaðurinn* hefur ásamt landfógetanum stefnt séra Runólfi og hans kvinnu, þá meinum vér að hann ekki kunni að vera dómari í þessu máli, þar vér sjáum ekki af þeim skjölum sem fram fyrir oss eru lögð að stefnan sé byggð á neinum öðrum undirréttungum en þeim sem landfógetinn hefur gjört, sem er sjálfur stefnandi í málinu, og oss virðist að *vice-lögmaðurinn* hafi *legitimerað* hans forboð um egtaskap séra Runólfs og Guðríðar Eyjólfsdóttur. Setjum vér því þessa sök upp til næstkomandi *synodum generalem*, sem haldin verður 1711, þar til vér fáum að vita frá hærri stöðum hvernig hér um skal haldast í þessarri og viðlíkum sökum, og dæmum þau skyldug hér að mæta eður senda sinn löglegan umboðsmann til að forsvara sig fyrir því sem þeim er tiltalað um, en stefnendurnir skyldugir til að halda þessu máli fram, eftir því þeir hafa stefnt kóngsins vegna.

X. Þann 16. júlí var framlögð fyrir réttinum *citatia* til séra Guðmundar Jónssonar, gjörð af herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugum, hvar með séra Guðmundur er stefndur til að mæta á þessum degi og framleggja þau skjöl er hann hefði Helgafellskirkju vegna fyrir þeim reka er liggur fyrir Melslandi í Staðarsveit. Svo og var hér fyrir réttinum Þorgils Sigurðsson í umboði hans föðurs, Sigurðar Pálmasonar, sem átalði Hofstaðakirkju vegna þá aðtekt sem presturinn séra Guðmundur Jónsson hafði gjört á nokkrum hval sem upp hafði komið á Melsreka næstliðið ár 1709. Hefur þetta mál verið fyrst í héraði þann 30. apríl fyrirtekið að Staðarstað af prófastinum séra Þórði Jónssyni og hans tilnefndum 6 prestum, og síðan er þeirri sök vikið til stiftbefalingsmannsins fullmegtugs, hverja sök hann síðan með áðurgreindri stefnu til séra Guðmundar Jónssonar fyrir *synodum* innsett hefur. En Þorgils Sigurðsson hans föðurs vegna hér nálægur lofaði svo sem stefndur til sakarinnar í þetta sinn svara og þær ástæður framfæra er hann svo sem saksóknari hefði að auglýsa.

Aðspurði þessu næst séra Guðmundur hvert hann væri fyrir þennan rétt löglega kallaður eður hvert þetta mál ætti ei fyrst í héraði með fimmtarstefnu að *tracterast*? Hvar til *synodus* svarar, að eftir því þetta mál sé sérdeilis við-víkjandi *tracterun* skjala og myndugleika *documenta* þeirra og máldaga sem partarnir hafa fyrir Helgafells- og Hofstaðakirkjum, en snerti ei sjálf reka-mörkin, þess vegna sé þetta mál hingað rétt innstefnt og eigi hér um að dæmast, og kirknaskjalanna myndugleiki hér að metast.

Og að yfirveguðu áður áminnstu prófastsins og prestanna skrifi, sem og beggja málspartanna skjölum þar innfærðum og hér einnig framlögðum, er vort álit að herra Gísla Jónssonar máldagi sé það rigtugasta skjal kirknanna á milli og Hofstaðakirkja, eftir sögðum máldaga og öðrum samhljóðandi skilríkj-um, eigi allan reka milli Grensár og Guðlaugshamars, og Helgafellskirkju í greindum reka ekkert tilheyri. Hvers vegna að sá hvalur er uppbar á sögðu rekamarki 1709 var einungis eign Hofstaðakirkju og þess vegna betali prest-urinn séra Guðmundur Hofstaðakirkju *proprietario* andvirði fyrir svo mikið af sögðum hval er hann meðtók, og hafi það lukt að næstum fardögum. En sökum þess að séra Guðmundur framleggur hér nokkur skjöl, eftir hverjum sýnast mætti Helgafellskirkja ætti helming af sögðum reka millum Grensár og Guðlaugs-hamars, því afsökum vér hann fyrir öllum sektum eða þessa máls kostnaðar betalingi, heldur sé hér eftir sem hingað til greindur reki einasta Hofstaðakirkju eign og presturinn séra Guðmundur sé frí fyrir frekara tiltali um oft áminnsta hvalsaðtekt og meðferð.

XI. Þann 17. júlí ráðfærðu prófastarnir sig við biskupinn, hvernig prestarnir skyldu höndla við þeirra sóknarfólk ef skip kæmu ei frá Danmörk í ár fleiri en komin eru, svo að þeir ekki kynnu að fá vín til heilagrar þjónustugjörðar og þess háverðuga altarisins *sacramentis* útdeilingar, þar óvída í sóknum hefur enn nú vín fengist af þeim fáum skipum sem komin eru, en kirkjurnar séu ekki svo byrgar að þær séu ársfærar hér um? Hér uppá er biskupsins ansvar, að við þessarri nauðsyn verði ekki á annan veg gjört en svo, að þar sem nokkurt vín er til á kirkjunum, þá skulu prestarnir, svo vel sem kirkjuverjararnir, spara það til sjúkra og sturlaðra manna, þar sem þeir vera kunna, en prestarnir tali iðug-lega fyrir þeirra sóknarfólki, bæði í þeirra predikunum, svo vel sem hvervetna þar sem þörf gjörist, að jafnvel þótt hið heilaga altarisins *sacramentum* sé hin heilsusamlegasta Guðs gáfa syndugum mönnum til trúarstyrkingar, samt kunni þess þarfnað einskis manns syndakvittun að hindra þegar hann iðrast af hjarta sinna afbrota, trúir að þau verði sér fyrirgefin fyrir Kristi forþénustu og hefur alvarlega viðleitni og ásetning til að betra sinn lifnað og láta af syndunum, og að þeir nákvæmlega útpýði fyrir þeim hina andlegu nautn um hverja getur hjá Johannem í 6. *cap.* og að þeir bíði svo með bæn, trú og þolinmæði eftir því sem

hinn almáttugi Guð vill vera láta. En við þá sem opinber aflausn tilhlýðir, höndlist svo að áminna þá alvarlega um þá synd að hverri þeir eru vorðnir opinberir, og sýna þeim hennar stærð og áminna þá til alvarlegrar iðranar, en auglýsa þeim þar með af Guðs orði að ef þeir bera angur og trega fyrir drýgða synd og trúa fastlega að Guðs sonur hafi fyrir hana betalað, þá megi þeir vera fullvissir um hennar fyrirgefning hjá Guði, jafnvel þótt hún sé ekki þeim svo fljótt opinberlega tilsögð af prestinum, en gefi sig þó viljuglega undir kirkjunnar straff á sínum tíma. Þó þar sem meðöl eru nokkur til, þá hyggur biskupinn ráðlegt að þeim mönnum sem hafa ratað í nokkuð þvílíkt sé fyrr gegnt en öðrum heilbrigðum og óhindruðum.

XII. Eftir því að sannspurt er frá Danmark að þar sé ein háskaleg tíð með stríði og bardögum, þá kveður biskupinn prófastana til, að þeir tilsegi prestunum í þeirra prófastsdæmum að þeir biðji sér í lagi fyrir hans kónglegrar *majestets* stríðsmagt og lukkulegum framgangi í örlögunum; svo og að hinn almáttugi Guð vilji náðarsamlega varðveita hans kónglegrar *majestets* lönd og ríki frá skaða og ólukku.

XIII. Lét biskupinn upplesa tvær forordningar, Christiani 4ti háloflegar minningar, þá fyrri um barnalærdóminn í Íslandi, *datum* 1635, þá síðari um prestanna líf og lifnað, *datum* 1638, og óskaði alvarlega af próföstum að þeir vildu tilhalda prestunum í þeirra héruðum að eftirbreyta báðum þessum forordningum og framfylgja þeim að svo miklu leyti sem mögulegt er í þessu fátæka landi undir það straff sem í þeim er viðlagt.

XIV. Var hér á sama degi upplesið innlegg sýslumannsins Sigurðar Jónssonar, svohljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Veleðla og velæruverðugir herrar, samt eruverðugir prófastar og heiðurlegir kennimenn. Vegna þess vandræðamanns Sigurðar Þorvaldssonar orsakast ég af yður að beiðast undir dóm að taka hvert það barneignarbrot hans, sem nú á hann um að dæmast, skuli reiknast fyrir þriðja hórdómsbrot, þar hann eftir sitt annað hórdómsbrot hefur aldrei sæst né samanbúið við sína egtakvinnu, sem þó er enn á lífi. *Item* hvert ei sé skylt og nauðsynlegt að dæma um hans og hennar hjónaband, þótt nú skei engin *exsecution* á hans straffi fyrr en menn hafa leitað hönum náðar af kónglegri *majestet*. Þetta bið ég þénustulegast að upplesist, uppáskrifist og athugist.

Forblífandi altíð yðar herradóms þénustuviljugur þénari. *Datum* við Öxará dag 17. júlí *anno* 1710, Sigurður Jónsson.

Uppá þetta framanskrifað bréf sýslumannsins Sigurðar Jónssonar er andsvar *synodi generalis*, að vér kunnum ekki að afsaka Sigurð Þorvaldsson frá þriðja hórdómsbroti, þar hann er ekki með dómi aðskilinn við konu sína, eigi heldur hefur hann til hennar leitað svo að vottað fyrir oss framkomi eður spurt sig fyrr

hvert hún vildi við hann búa eður ei. Ekki heldur hefur hún hönum neina sök gefið um hans annað hórdómsbrot til viðskilnaðar svo vær afvitum, og meinum því að ei kunni annað að ályktast en hún hafi samþykkt að búa við hann í hjónabandinu. En hvað viðvíkur spurningu velnefnds sýslumannsins um það hvert ei sé skylt að dæma um skilnað þeirra Sigurðar Þorvaldssonar og konu hans, þótt nú verði engin *exsecution* gjör, þá kunnum vér hér um ekkert víst að segja þar vér vitum ekki vilja hennar, hvert hún vill skiljast eður ei, heldur ályktum vér að um þetta skuli haldast eftir hjónabands *articulunum* og að báðar persónurnar séu nálægar þá um þetta skal *tracterast*.

Framan- og ofanskrifuðu til staðfestu og vitnis skrifum vér vor nöfn hér að neðan með eigin höndum. *Anno et loco ut supra* þann 18. júlí.

De 10., 11., 12., 13. og 14. poster	Jón Þorkelsson Vídalín
underskrives paa hans høj-excellences	Jón Halldórsson eh
stiftbefalingsmandens vegne	Jóhann Þórðarson mpp
Otto Sivertsen	Jón Árnason
Torfi Halldórsson eh	Hannes Halldórsson eh
Benedikt Pétursson eh	Steinn Jónsson mpp
Eiríkur Oddsson	Jón Halldórsson eh
Árni Þorleifsson	Arngrímur Pétursson eh
Jón Gíslason	

XV. Sama ár og dag var upplesin afsökun fimm prófasta, séra Jóns Halldórssonar, séra Jóhanns Þórðarsonar, séra Jóns Árnasonar, séra Hannesar Halldórssonar og séra Torfa Halldórssonar, með hverri þeir hafa svarað herra stiftbefalingsmannsins fullmeztugum, *vice-lögmanninum* Oddi Sigurðssyni, og herra amtmannsins fullmeztugum, landfógetanum Páli Beyer, uppá þeirra bréf sem innfært er í næstfyrirfarandi árs *synodale num.* 10, og er hún orð fyrir orð svohljóðandi sem eftirfylgir:

Vér undirskrifaðir gjörum vitanlegt með þessu bréfi, að ei alls fyrir löngu hefur oss fyrir sjónir komið hans høj-excellences herra stiftbefalningsmannsins, sem og veleðla amtmannsins yfir Íslandi fullmeztugra, nefnilega eðla *vice-lögmannsins* herra Odds Sigurðssonar og landfógetans *monsieur* Páls Beyers skrif innfært í *synodals* bók Skálholtsstigtis hér á Þingvöllum á næstumliðnu ári *num.* 10, svohljóðandi, meðal annars: Eftersom vi er kommen udi erfaring hvorledes stor efterladenhed med ægteskabssagerne skal begaas af en del herr-edsprovster her i landet *etc.*

Nú með því oss hefur prófastsembætti af Guði og yfirvaldinu í nokkur ár, sumum lengur, sumum skemur, á hendur falið verið, og vér þykjunst þess parta hver um sig í hórdómssökum, þar þær hafa tilfallið, eftir kónglegrar *majestets*

lögum gjört hafa, en vitum ekki nema einhver illviljaður hafi þetta fyrir herra stiftbefalningsmannsins og amtmannsins fullmegtuga framborið, svo einn eður fleiri af oss séum í fyrr áhrærðan póst um embættisins óskila misgrunaðir, þar allir sýnast að eiga megi óskilið mál. Þess vegna beiðunst vér þénustusamlega að velnefndir háyfirvaldsins fullmegtugir, eðla *vice*-lögmaðurinn Oddur Sigurðsson og landfógetinn Páll Beyer, auglýsi hvert þeir hafi nokkurn af oss hér undirskrifuðum meint með téðum orðum í þeirra skrifti, því ef svoddan framkemur bjóðunst vér til oss að afsaka eður að standa til rétta, ef nokkur kann það uppá oss að bevísa, heldur en allir hér af óvirðing bíðum, einkum hjá voru háyfirvaldi, því virðast má svo oft sem greint skrif, innfært *in acta publica*, yfirséð verður, að prófastar hér í landi sýnt hafi stóra óhollustu og hirðuleysi í nefndum embættisútréttingum, þvert á móti þeirra trúskapareiði.

Munu nálægir veleðla og velvísir herrar, samt eruverðugir kennimenn, virða til vorkunnar þótt saklausir vilji ekki framar hér úti forþenktir verða. En veleðla og veleruverðugan *superintendem* þessa stigtis, *magister* Jón Þorkelsson Vídalín, biðjum vér í undirgefni að upplesin blaðsorð mættu í *synodals* bókinu innfærast. *Actum* Þingvelli dag 16. júlí *anno* 1710.

Jón Halldórsson eh
Jóhann Þórðarson mpp
Hannes Halldórsson eh

Jón Árnason
Torfi Halldórsson eh

Til merkis þessu eru undirskrifuð nöfn *in synodo generali ut supra*.

Jón Halldórsson
Arngrímur Pétursson
Jón Gíslason

Steinn Jónsson eh
Benedikt Pétursson eh
Eiríkur Oddsson
Árni Þorleifsson

Framanskrifað bréf hefi ég séð og yfirlesið, og með þeirri erindring sem ég ásamt með herra amtmannsins fullmegtugum á næstliðna alþingi uppá kónglegrar *majestets* mér allra náðugasta arfaherra og konungs vegna gjörði til að eftirlifa lögunum og kónglegum *mandatis*, þá meinti ég mig eður minn *collegam* ei forþéna að okkur skyldi mótsagt verða í okkar embættis forréttingum sem á landslögunum *funderaðar* voru. Annars veit ég ei að ofanskriafaðir *Domini præpositi* hafi gjört nokkra sérdeilis forsómun i ektaskaparmálunum, þeim hefur og aldrei af mér þar fyrir tiltalað verið, en sú af mér og mínum herra *collega* áminnsta forsómun er tilfallin í Snæfellsnes- og Ísafjarðarsýslum. *Datum* Þingvöllum þann 18. júlí 1710.

Þetta svar *vice-lögmansins* Odds Sigurðssonar var upplestið *in synodo generali anno 1711* þann 20. júlí.

Gísli Bjarnason

Jón Halldórsson

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1711 þann 13. dag júlí voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstigtis í dóm nefndir *in synodo generali* að Pingvöllum, séra Þórður Jónsson prófastur í Snæfellsnessýslu, séra Jón Halldórsson prófastur í Þverárþingi vestan Hvítár, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnesþingi, séra Bjarni Hallgrímsson prófastur í Rangárþingi, séra Hannes Halldórsson prófastur í Þverárþingi austan Hvítár, séra Torfi Halldórsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Daði Halldórsson, séra Frans Ibsson, séra Gunnar Einarsson, séra Björn Þórðarson, séra Jón Halldórsson yngri, séra Gísli Bjarnason dómkirkjunnar prestur, séra Árni Þorleifsson, séra Jón Jónsson, séra Torfi Hannesson, séra Gísli Erlingsson og séra Brynjólfur Þórðarson, til að dæma um þau mál sem hingað stefnd eður með dómi lögð eru.

I. Framlagði prófasturinn í Kjalarnesþingi séra Torfi Halldórsson *citatiu*, með hverri hann kallar prófastinn séra Ólaf Pétursson fyrir þessa *synodum generalem* til að forsvara þær aðgjörðir sem straxnefndur séra Ólafur framið hafði í prestlegu embætti á undanförunum vetri í Útskála, Hvalsness og Njarðvíkur kirknasóknum eftir afgang þess sáluga sóknarprests séra Gísla Jónssonar, að óvitandi prófastinum séra Torfa. Var séra Ólafur Pétursson hér nú nálægur og sagðist vilja gefa sig viljuglega til andsvara uppá þessa *citatiu* án lengra uppihalds og framlagði sína skriflega meðkenning um sérhvert sem hann hefði í kennimannlegu embætti útrétt í nefndum söknum á fyrr tilteknum tíma, nefnilega það hann hafi þann 19. desember að Njarðvík staðfest heilaga skírn á barni því er fyrir 20 nóttum hafði heima skírt verið. Degi síðar hafi hann sungið yfir framliðnum sóknarmanni að Útskálum. Daginn þar eftir hafi hann þénað sáluga séra Gísla Jónssyni til grafarinnar. Mánudaginn eftir hafi hann þjónustað háaldraða karlæga manneskju og haldið kvöldsöng að Njarðvírkirkju. Þann 8. janúar þessa árs (sem er rúmhelgur dagur) hafi hann embættað á Hvalsnesi og meðtekið til heilags altarisins *sacramentis* 30 menn. Næsta dag þar eftir (sem og svo var rúmhelgur) hafi hann messugjörð framið á Útskálakirkju, eftir prestsekkjunnar og sóknarfólksins bón og tilmælum, hafi og skírt barn og keypt með hjónum þar nálægt um kvöldið. *Item* skírt annað barn meir en 6 náttu gamalt. *Item* embættað á sunnudaginn eftir að Njarðvík og meðtekið til *sacramentis*

yfir 20 menn og samanvígt ein hjón, og auglýsist eftir framlögðum Njarðvíkurkirkju sóknarmanna vitnisburðum það á þeirri kirkju hafi ei embættað verið síðan 19. sunnudag eftir *trinitatis* næst fyrirfaranda árs. *Item* að hann hafi vísað Jóni nokkrum Stefánssyni frá heilögu altarisins *sacramenti*, því sér hafi ekki þótt vandalaust vera að veita hönum viðtöku.

Hér að auki óskar prófasturinn séra Ólafur að hann fái að vita hvað það sé sem hann af áðurgreindum atgjörðum sínum og embættiseyrindum forsvara þurfi? Svo og aðspyr hann hvert hann hafi gefið prófastinum (séra Torfa Halldórssyni) orsök til að *citera* sig til að forsvara það sem hann í prestlegu embætti framið hafi í nefndum kirkjusóknum? Ennþá framlagði greindur séra Ólafur skriflega vitnisburði Hvalsneskirkju sóknarmanna útgefna að Hvalsneskirkju og handskriftaða þann 21. og 22. júní þessa árs. Sömuleiðis Njarðvíkurkirkju sóknarmanna skriflegan vitnisburð útgefinn 28. júní, ásamt Útskálakirkju sóknarmanna handskriftaðan að Útskálakirkju næstliðinn 4. sunnudag eftir *trinitatis*, hverjir allir vitnisburðir samhljóða eru prófastsins séra Ólafs framburði um hans aðgjörðir í prestlegu embætti í greindum söknum á næstumliðnum vetri og segja að þær sýnist nauðsynlegar verið hafi vegna fyrrnefndra orsaka.

Að þessu öllu yfirveguðu, ásamt andsvari prófastsins séra Ólafs Péturssonar hér uppá, þá er atkvæði *synodi* uppá þetta málefni að prófastinum séra Ólafi Péturssyni hafi að sönnu leyfst að framkvæma prestlega þjónustu í Útskála, Hvalsness og Njarðvíkur kirkjusóknum, þá sem nauðsynlega viðþurfti, svo sem barnskírn, þjónustu sjúkra manna, predikun í kirkjunni á helgum dögum, og það án tilhlutunar prófastsins séra Torfa Halldórssonar, þar hann er sjálfur *præpositus emeritus*, og sýnist því að hafa mátt taka sér þann myndugleika til, sérdeilis í viðliggjandi nauðsyn. Þó er hann hér með af biskupinum áminntur að hann ekki flytji embættisgjörð á þeim dögum sem ekki eru þar til í lögum skikkaðir, né almennileg *praxis* tilheldur.

II. Þann 14. júlí var upplesin stefna *vice-lögmansins* Odds Sigurðssonar með hans undirskrifuðu nafni og áþrykktu signeti, *datum* Narfeyri þann 26. febrúar *anno* 1711, viðvíkjandi kirkjugarðsröskun og uppgrefti á nokkrum mannabeinum sem Pétur Bjarnason, búandi að Tjaldanesi, hefur látið gjöra í Staðarhólskirkjugarði og hans þénari Páll Árnason ásamt Gunnari Jónssyni hafa framkvæmt, með hverri stefnu *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson stefnir fyrrnefndum Pétri Bjarnasyni ásamt Páli Árnasyni og Gunnari Jónssyni fyrir *synodum generalem* á þennan stað og dag til að framleggja hér fyrir réttinum öll þau gögn, afbatanir og skilríki er þessu þeirra máli til bata og forsvars vera kynnu, og síðan viðbúast dóm að líða um þetta málefni og þær ávirðingar er fyrrnefndir menn hér úti móti lögum og kónglegum *mandatis* kunna finnast gjört að hafa.

Þessa sömu stefnu segist lögsagnarinn í Dalasýslu, Jón Eiríksson, eftir skriflegri tilsögn og befalingu *vice*-lögmannsins Odds Sigurðssonar, hafa uppleið fyrir kalldyrum að Tjaldanesi á heimili Péturs Bjarnasonar og Páls Árnasonar þann 16. dag næstliðins maímánaðar og aftur í annað sinn fyrir kalldyrum að Staðarhóli á heimili Gunnars Jónssonar þann sama 16. dag maímánaðar, og vænist að vitni hér um Þorsteini Pálssyni, Guðmundi Sigmundssyni, Jóni Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, Jóni Árnasyni, Brandi Skeggjasyni, sem með eigin höndum hafa þar um vitnað. Aftur að nýju segir hann að sama stefna hafi verið upplesin að Tjaldanesi af sér fyrir Pétri Bjarnasyni og Páli Árnasyni næstiðinn 29. maí og *copie* af stefnunni hafi Pétri Bjarnasyni þá afhent verið, hvað Bjarni Bjarnason og Þorsteinn Pálsson vitna með eigin handskriftum.

Voru hér nú fyrir réttinum lögsagnarinn Jón Eiríksson svo sem sækjandi og sýslumaðurinn Bjarni Pétursson svo sem verjandi, og óskar sýslumaðurinn að *synodus* vildi taka undir dóm hvert að fyrirkallið löglegt væri, þar stefnuvottarnir hafa ekki svarið í héraði og ekki eru þeir heldur hér nú nálægir. Þar á mót svaraði Jón Eiríksson að hann gæti ekki að því gjört. Var hann þá aðspurður hvort hann hefði kvatt vottana til að sverja í héraði eða að koma til alþingis, hvar til hann svarar að hann hafi ekki kvatt þá til þess, en ætlað að tveir af þeim, Bjarni Bjarnason og Þorsteinn Pálsson, mundu til alþingis koma.

Hér uppá er atkvæði *synodi* að þetta fyrirkall sé ekki löglega auglýst og kunni þar fyrir ekki þessi sök að takast undir dóm eftir Norsku laga *lib. 1, cap. 13, art. 24* og *29. Item lib. 1, cap. 4, art. 1*. Samt séu Pétur Bjarnason, Páll Árnason og Gunnar Jónsson skyldugir að mæta fyrir næstkomandi *synodo generali* sem haldin verður *anno 1712* eður að senda sinn umboðsmann til að svara til þessa máls.

III. Á sama degi framlagði prófasturinn séra Torfi Halldórsson citatiu, með hverri hann kallar prestinn séra Vigfús Jóhannsson fyrir þessa *generalem synodum* með það forsvar sem hann hafa kunni á móti sínu tilfelli. *Datum* stefnunnar er að Hvalsnesi þann 14. júní *anno 1711*. *Item* frambar hann það rannsak er hann eftir tilsögn biskupsins gjört hafði að Hvalsnesi þann 13. dag júní-mánaðar um útteilingu herrans kvöldmáltíðar skena í kirkjunni að Hvalsnesi sunnudaginn næstan fyrir uppstigningardag af séra Vigfúsi Jóhannssyni, í hverju greindur séra Vigfús ljúflega meðkennt hefur að hann hafi níu manneskjum útteilt vínið fyrr en brauðið, hvörja sína ávirðing hann segir sig hent hafa af óaðgætni og djúpum þönkum, hvað þeir menn sem nálægir voru við *inquisition* prófestsins segjast ei betur vita en satt sé. Fyrir þessa ávirðingu hefur presturinn séra Vigfús meðtekið opinbera aflausn þann 2. sunnudag eftir *trinitatis* næstumliðinn af prófastinum séra Torfa Halldórssyni í Hvalsneskirkju.

Í sama rannsaki bera sóknarmenn Hvalsneskirkju prestinum séra Vigfúsi

góðan vitnisburð, að hann í orðum og gjörðum við æðri og lægri menn sínu lífern svo hagað og hegðað hafi síðan hann þangað kom, svo sem réttskikk-
uðum Guðs orða kennimanni sómir með lastvarri umgengni og guðrækilegri
ástundan síns embættis án forsómunar í allan máta, það framast þeir bæði að
heyrn og sjón til viti. Sömuleiðis hafa þeir framborið er til vissu að séra Vigfús
hafi áður nefndan sunnudag aldeilis ódrukkinn verið, svo sem alltið endrarnær,
einnin af sjúkdómi eður tilfallandi veikindum í allan máta óhindraður. Viðlíkan
vitnisburð bera Útskála- og Njarðvírkirkna sóknarmenn séra Vigfúsi
Jóhannssyni uppá hegðan sína og lífernisháttu. Svo og var hér framlagður
vitnisburður prófestsins í Pverárþingi, séra Jóns Halldórssonar, sem í tvo vetur
þjónað hefur skólanum í Skálholti í *rectors* embætti, svolátandi sem eftir-
fylgir:

Eftir því heiðurlegur kennimann séra Vigfús Jóhannsson óskar af mér undir-
skrifuðum meðkenningar um sína hegðan og breytni á þeim tíma sem ég til
hans vitað hefi, þá auglýsi ég með þessum fáum bréfsorðum að velnefndur
kennimann, séra Vigfús Jóhannsson, hefur um allan þann tveggja vetra tíma
sem ég í Skálholts dómkirkjuskóla þjónustu með honum umgekkst hagað sér
og hegðað í allan máta, það framast mér vitanlegt er, skikkanlega, erlega og
frómlega til orða og atvika við sérhvern mann utan og innan skóla, með kost-
gæfni og ástundan í sínu tiltrúuðu heyraraembætti, frásneyddur drykkjuskap og
óskikkanlegu lífern, svo sem einni velskikkaðri og siðprúðri persónu vel situr
og sómir. Þakka ég honum hans góða og gallalaus umgengni mér auðsýnda
og óska honum af alhuga hylli Guðs og góðra manna vinfengi hvar sem fram-
kemur.

Ofan- og framanskrifað staðfesti ég með mínu undirsettu nafni og áþrykktu
signeti á Þingvelli við Öxará dag 14. júlí *anno* 1711, Jón Halldórsson eh LS.

Hér að auki framlagði séra Vigfús vitnisburð skólameistarans Þorleifs Ara-
sonar með hans eigin hendi og signeti, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Öllum mönnum sem þetta bréf sjá eður heyra óska ég undirskrifaður Guðs
náðar og friðar. Eftir því að heiðurlegur og vellærður kennimann, séra Vigfús
Jóhannsson, hefur af mér undirskrifuðum óskað að ég hönum skriflegt vitni beri
um hans lifnað og framferði þann tíma næstliðins vetrar sem hann mér samtíða
þénti heyraraembætti í dómkirkjunnar skóla að Skálholti, þá vitna ég fyrir einum
og sérhverjum sem þetta bréf sjá eður heyra, að velnefndur heiðurlegur
kennimann, séra Vigfús Jóhannsson, hagaði sér í lifnaði og framferði siðsamlega
vel og guðrækilega, það framast ég af veit. Sitt embætti stundaði hann með allri
kostgæfni, svo sem einum velskikkuðum skólaheyrara velsómir, og skildi svo
við áðurskrifaðan skóla með góðu mannorði og allra velunnan. En ég óska
hönum bestu lukku og blessunar í sínu uppáteknu heilaga prestsembætti.

Þessu ofanskriðu til staðfestu skrifa ég mitt nafn og þrykki mínu venjulegu signeti hér að neðan á Þingvöllum þann 13. júlí *anno* 1711, Þorleifur Arason *scholæ Schalholtinæ rector* LS.

Ennþá frammar færir séra Vigfús þessari sinni yfirsjón til afsökunar að kirkjan á Hvalsnesi sé svo hrörleg að hann hafi aldrei óhræddur framið þar heilaga þjónustugjörð síðan hann átti þar prestsembætti að gjöra. Um þennan hrörleika kirkjunnar vitnar nú nálægur héraðsprófasturinn séra Torfi Halldórsson að Hvalsneskirkja sé aldeilis ekki fær til embættis, svo að þegar hann flutti þar embætti þann annan sunnudag eftir *trinitatis* nú síðast segir hann að regnveður hafi verið, hafi hann þá hverki getað staðið fyrir altarinu, í predikunarstólnum eður skriftarstólnum, svo hann hafi orðið að láta binda skinn uppi yfir höfði sér á meðan hann stóð í predikunarstólnum. Séra Árni Þorleifsson, sóknarprestur að Arnarbæli, vitnar að hann hafi eftir tilhlutan biskupsins embættað í Hvalsneskirkju þann 3. sunnudag eftir *trinitatis* nú næstumliðinn, segir hann að kirkjan hafi þá verið svo á sig komin að hann hafi ekki getað þar inni verið fyrir utan ótta, því sér hafi sýnst hætt við vera að eitthvað af kirkjurjáfrinu mundi þá og þá detta. Séra Helgi Jónsson, sóknarprestur að Stað í Grindavík, vitnar að þegar hann skírði barn í áðurgreindri Hvalsneskirkju síðla í janúar næstumliðnum, þá hafi hann valla treyst sér til að komast innar að altarinu fyrir vatni.

Þann 14. júlí kom landfógetinn Páll Beyer inn fyrir *synodum* og upplas eftirfylgjandi bréf:

Kongelig *majestæts* vice-lavmand for norden og vesten paa Island, saa og deres høje *excellences* velbetroede fuldmægtige over landet, velædle Otte Sivertsen.

Saasom jeg næstleden februar maaned har udstædt, efter havende fuldmagter, et kaldsbref til *monsieur* Wigfus Johanssen, for det *vacante* Utskaale præstekald, hvorefter han blev *ordineret* til præstlig tjeneste af Skalhólts stiftes *superintendent*, velædle *magister* Jon Widalin; og siden den tid har bemeldte præst sr. Wigfus Johanssen sig forset med det hellige alterens *sacramentes* uddeling. Thi ville velædle herr *vice*-lavmand behage at tage udi *consideration* om ermeldte sr. Wigfus Johanssens kaldsbref af mig udstædt og hans indsætningsbrev af herr biskopen *magister* Widalin for bemeldte Utskaale *beneficium* ikke skulle *revoceres* og tilbagekaldes, indtil dens kongelige *majestæts* og høje øvrighedens videre allernaadigste *resolution*. Dette er jeg begærende udi *synodem generalem* maatte oplæses, paaskrives og *protocoleres*. Jeg forbliver i det øvrige velædle herr *vice*-lavmands samt velædle herr biskops med samtlige *clerici* deres tjenstvillige.

Ved Öxeraa landsting den 14. juli *anno* 1711, Paul Beyer.

Þá að gaumgæfilega yfirveguðu þessu málefni ályktar hans höj-*excellences*

háborna herra stiftbefulingsmannsins fullmegtugur, *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson, að þar þessi prestsins séra Vigfúsar Jóhannssonar ávirðing skeði á fyrsta ári hans kennimannlega embættis og framkom við níu persónur í einu, einnin með því að þeir af Njarðvíkur, Útskála og Hvalsness kirkjusóknum 11., 12. og 13. júní næstliðins prestinum gefnu vitnisburðir eru líkari einum sama eður *contract* heldur en rétt útgefnum *attestum*, svo og áður en hann Útskála-kall sem virkilegur sóknarprestur meðtekið hefði, því skuli það séra Vigfúsi Jóhannssyni meðdeilda kallsbréf uppá Útskála *beneficium* af landfógetanum í *vice-lögmannsins* fráveru aldeilis ónýtt og *annulerað* vera og nú án tregðunar í hans eður landfógetans hönd aftur afhendast, eftir sem þær í kallsbréfið inn-færðu *conditioner* auðsjáanlega eru brotnar og þessi ávirðing skeði móti Norsku laganna *lib. 2, cap. 11, art. 11*.

En biskupsins og kennidómsins atkvæði er að jafnvel þótt hrörleiki kirkjunnar, sem fyrir utan sögn prófastsins og prestanna hér um er alkunnigur, hafi kunnað að vera nokkur orsök til þessarar yfirsjónar prestsins, þá samt álykta þeir að séra Vigfús skuli eftir Norsku laganna *lib. 2, cap. 11, art. 11* bæta þessa sína ávirðingu með peningastraffi, þar hann er kunnur að góðri hegðan og skikkanlegu lífni. Aðspurði nú biskupinn kennidóminn hvörsu hátt peninga-straft að þeir vildu dæma séra Vigfúsi fyrir þessa ávirðingu? En þeir svöruðu þar til að eftir því í sama *articula* Norsku laganna stendur útþrykkilega að þetta peningastraft til fátækra prestaekna eigi að vera eftir kóngsins stiftbefulingsmanns og *superintendentis* atkvæði, þá meinar kennidómurinn að alleinasta tilheyrir stiftbefulingsmanninum og *superintendentinum* að ákvarða sjálfa upphæðina þessa peningastrafts. En biskupsins meining er þessi, að allur kennidómurinn eigi ásamt herra stiftbefulingsmannsins fullmegtugum og biskupinum að gjöra endilegan dóm hér í, og færir hann til styrkingar meiningu sinni það sem stendur í Norsku laganna *lib. 2, cap. 11, art. 11*, að sá prestur sem þvílíka yfirsjón hendi skuli stefnast fyrir stiftbefulingsmanninn og *superintendentinn*, en hann meinar að öllum mönnum sé vitanlegt að hvergi í kóngsins ríkjum dæmi stiftbefulingsmaðurinn og biskupinn einsamlir, heldur með þeim sem lögmálið skikkar að þeirra meðdómendur vera skuli. En fyrst að lögin segja að það skuli stefnast fyrir stiftbefulingsmanninn og *superintendentinn*, þá meinar hann að dómur eigi á eftir að fylgja, af því hann segist ekki vita að stefnt sé nema undir dóm, fyrir utan heimstefnur sem landslagabókin umgetur. Segir hann því sína meining um upphæð sektarinnar að eftir því séra Vigfús er fátækur maður þá kunni hún ekki hærra að stíga en til átta hundraða. En biskupsins og kennidómsins fullkomin ályktun er að presturinn séra Vigfús Jóhannsson megi framkvæma prestlega þjónustu í kallinu hér eftir og að hann hafi það ekki forbrotið með þessari ávirðingu.

IV. Var upplesinn dómur prófastsins í Rangárþingi, séra Bjarna Hallgríms-sonar, genginn að Árbæ í Holtum *anno* 1711 þann 10. júní, í hverjum hann hefur dæmt Gísla Ólafsson búanda að Syðra-Rauðalæk í Holtum undir tilhlutan valdsmannsins í Rangárþingi, Hákonar Hannessonar, fyrir hans þrjótsku og vanrækt á sínum sáluhjálparefnum, hvern sinn dóm prófasturinn sett hefur inn fyrir *synodum generalem*, og var hér nú svo ályktað þar um að þessi prófastsins dómur skyldi standa í sínum fullum myndugleika þar til er Gísli Ólafsson hann löglega áfrýjaði, hvað hann skal gjört hafa (ef hann vill) innan 12 mánaða. En herra stiftbefalingsmannsins fullmeztugur er af biskupinum og samankomnum kennidómi umbeðinn að tilhalda sýslumanninum að gjöra við Gísla Ólafsson eftir kóng Friderici *tertii* (háloflegar minningar) forordningu, sem prófasturinn hefur í dómsályktuninni *citerað*, ef hann ekki merkir að Gísli Ólafsson stefni prófastinum fyrir þennan dóm til *synodum generalem* næstkomandi í löglegan tíma.

V. Þann 16. júlí kom fyrir réttinn dómur prófastsins séra Jóhanns Þórðar-sonar genginn að Stokkseyri 17. júní næstliðins, hljóðandi um ákæru prestsins séra Porkels Oddssonar um 60 álna prestkaup er hann meinar sér tilheyri af kirkjuverjaranum hálfar jarðarinnar Stokkseyrar. Var hér nú nálægur prest-urinn séra Porkell Oddsson svo sem sækjandi málsins og Guðmundur Jasonson West svo sem verjandi. Framlagði Guðmundur eitt innlegg af *dato* 15. júlí, hvar með hann meinar að *demonstrera* það jörðin Sel hafi til kirkjunnar komið eða lögð verið í þeirri *catholisku* tíð, svo og að í þá daga muni óvíst verið hafa hvort prestar hafa notið hálfra leigna eftir kúgildi sem tilheyrdi *proprietary* jarða kirkjum, og jafnvel heldur hann um soddan óvíst allt frá *reformatione* til 1628. Svo og neitar Guðmundur að sóknarprestur til Stokkseyrarkirkju hafi í skyldunafni um næstliðin 100 ár uppborið nokkuð prestkaup af Stokkseyri fyrir utan hálfar leigur af 6 kirkjukúgildum, hvað hið sama Guðmundur og með öðru innleggi fyrir héraðsprestastefnuna og í ljósi látið hefur. Hér á mót framlagði presturinn séra Porkell og svo eitt innlegg af 7 póstum, hvar inni hann meinar sér til gagns færa að óvíst sé nema fleiri kúgildi en fimm fylgt hafi Stokks-eyrarkirkju eftir *reformatiuna*, þar Bjarni Sigurðsson hefur meðkennt *in visi-tatione* 1641 að hann meðtekið hefði fyrir Stokkseyrarkirkju fémuni sem vanta á Vilkinsmáldaga jörðina Sel, tuttugu hundruð. Þar næst uppástendur prestur-inn að sumir prestar hér í landi hafi af útkirkjum nokkur herligheit framar en hálfar kirkjukúgildaleigurnar, svo og meinar hann einn eða fleiri sinna for-manna haft hafi frí fæði og gisting á Stokkseyri, jafnvel þó presturinn hafi ei umgetið hvert það hafi skeð í skyldunafni eður ei, og óskar sér sé tími tilgefinn að leiða bevísingar fram um prestsins gisting á Stokkseyri.

Hefur þetta mál svo vítt sem viðvíkur hinum helmingi jarðarinnar Stokks-

eyrar, sem Bjarni Gíslason með á, komið fyrir *synodum* á næstliðna ári og þar um ályktað verið af biskupinum og prestunum, svo sem það *synodi* álit sér líkast hermir, hvert þó skeði eftir því að lítil eða engin gögn af Stokkseyrar kirkjuverjurum í það sinn fyrir réttinn framkomu. En nú auglýsast hér í *synodo* langt fleiri rök og bevísingar um það að prestarnir til Stokkseyrarkirkju hafi ei með skyldu náð hingað til prestkaupinu framar en hálfum leigum eftir kirkjukúgildin. Endilega væntir presturinn að fá bevísingar í héraði um það hans formenn skyldi hafa notið frí fæðis á Stokkseyri, og óskar því málinu sé uppihaldið þar til hann þær bevísingar fengið hefði.

Þessu næst var af biskupsins hálfu upplesið eftirfylgjandi bréf:

Eftir því prófasturinn séra Jóhann Þórðarson hefur ásamt tilnefndum prestum að Stokkseyri *anno* 1711 þann 17. dag júlímánaðar innsett fyrir *synodum generalem* þá sem nú yfirstendur það stefnumál sem er á millum prestsins séra Þorkels Oddssonar og Guðmundar Jasonsonar West, forsvarsmanns hálfrar jarðarinnar Stokkseyrar á Eyrarbakka, en ég hefi ásamt kennidóminum í síðustu *synodo* dæmt í hálfu málinu á millum séra Þorkels og Bjarna Gíslasonar, sem er eigandi hálfrar jarðarinnar, þá afsaka ég mig að sitja réttinn í þessu máli í þetta sinn. En ef sökin kann að verða greinilegar framborin heldur en hún var í fyrrasumar, svo að dómendum sýnist að öðruvísi eigi að ályktast en þá skeði, þá líkar mér það vel að dæmt verði eftir því sem framkemur og réttast er, *vide* þingfarabálk 6. *cap.* Óska ég að hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugur, herra *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson, láti þetta mitt bréf innfæra.

Til merkis er mitt nafn með eigin hendi skrifað hér að neðan, Þingvöllum þann 16. júlí *anno* 1711, Jón Þorkelsson Vídalín.

Að þessu máli þannin yfirheyrðu ályktar *synodus* að þar presturinn séra Þorkell Oddsson hefur sér frá réttinum skotið til vitnisburða sem hann nauðsynlega taka þyrfti áður en um málið endilega dæmt er, því vogar ei kennidómurinn prestinum þessu synja móti Norsku laga *lib. 2, cap. 13, art. 15*, heldur dæmum að séra Þorkell Oddsson útvegi sér þá löglega vitnisburði er hann fá kann hönum til styrktar í þessu máli fyrir næstkomandi *synodum generalem* sem haldin verður 1712, og séu þeir báðir séra Þorkell Oddsson og Guðmundur Jasonson West fyrir þeim *synodi* rétti hér til staðar og líði þá endilegan dóm um allt þetta málefni.

VI. Þann 17. júlí kom fyrir réttinn málefni á millum prófastsins í Barðastrandarsýslu, séra Halldórs Pálssonar, og Jóns Ólafssonar áhrærandi það óskikkanlega bréf sem prófasturinn hefur skrifað um Jón *anno* 1708 þann 19. desember, og það sama tilsent bæði herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugum og svo biskupinum. Hefur þetta mál verið tvisvar sinnum áður hér fyrir *synodo*,

sem er *anno* 1709 og *anno* 1710. Er séra Halldór í fyrra sinn dæmdur að mæta í eigin persónu *in synodo generali* næstkomandi til að forsvara þau orð er hann skrifað hefur, sérdeilis þau sem tiltekin eru í stefnu sýslumannsins Bjarna Péturssonar til séra Halldórs, hvör eð hönum auglýst var þann 29. apríl sama árs, hvör orð að eru svohljóðandi:

Augljósir óknyttir Jóns Ólafssonar eru æðra yfirvaldi á þessu blaði til vitundar gefnir, hverjir svo eru merkjandi: Logið að heilögum anda og háyfirvaldinu, sem er veleðla og veleruverður herra *magister* Jón Þorkelsson Vídalín, og það með ósönnum framburði líka sem annar Ananías.

En í fyrrasumar er hann tildæmdur að senda sína skriflega afbötun og útleggingu yfir áðurgreind orð, og svo fullkominn svaramann til þessarar *synodum* sem nú yfirstendur, ef hann fengi ei sjálfur komist vegna forfalla. Þessi síðari *synodi* dómur hefur séra Halldóri afhentur verið af lögréttumanninum Sigurði Sigurðssyni þann 24. dag október að Bíldudal, hvar um vitna Ari Þorkelsson forðum sýslumaður og Jón Jostsson með þeirra eigin höndum og signetum. Kom nú ei heldur séra Halldór í þetta sinn, heldur sendir hann hingað innlegg. Svo og gaf sýslumaðurinn Sigurður Jónsson sig til að nokkru leyti að svara fyrir hann, hvör eð og framlagði svarin forföll séra Halldórs að hann ekki væri svo fær eður heilsusterkur að hann gæti reist að þingmanna dagleiðum, en sýslumaðurinn Bjarni Pétursson, sem áður er Jóni Ólafssyni talsmaður settur, var hér fyrir hans hönd.

Nú þótt að séra Halldór kunni svo veikur að vera að hönum sé bágt í eigin persónu til alþingis að koma, samt þykir oss hönum engin vorkunn að útvega sér sjálfur einn fullkominn svaramann. Tökum vér því þetta mál undir vorn dóm.

1. Setur sýslumaður Bjarni Pétursson fyrst í rétt hvort séra Halldór sé ei skyldugur að bevísa nú hér fyrir þessum rétti að Jón Ólafsson hafi logið að heilögum anda.

2. Hvort Jón eigi ekki að hafa rétt sinn frá prófastinum fyrir þessi orð.

3. Hvort hönum beri ekki að hafa fyrir kostnað sinn er hann haft hefur fyrir þessu máli síðan hönum voru seinast ómakslaun dæmd.

En sýslumaður Sigurður Jónsson setur í rétt hvort séra Halldór skuli líða hér dóm í þessu máli til sakferla fyrr en hann fær Jón Ólafsson til svara í héraði uppá hans angefningu. Hvar um *synodus* svo ályktar að séra Halldór hafi haft nógan tíma að fyrirkalla Jón í héraði og koma vitnum að framburði sínum. Þykir oss og örvænt að hann muni það nokkurn tíma geta, svo mikið sem lyginni að heilögum anda viðvíkur, og ekki er að sjá af því sem enn nú er framkomið í þessu máli, hverki af rannsakinu að Fífustöðum, *datum* 1709 15. maí, né öðru, að augljósir óknyttir séu uppá Jón bevísadir, ei heldur þykir oss

prófasturinn [í sínu] innleggi svo útleggja eður afsaka þetta stóryrði að vér kunnum hann sa[klaus]an að halda, langt heldur virðist oss hann í því nokkuð óvarlega [með] Guðs orð og hans nafn fara, svo og sýnist oss þetta hans innlegg ekki ver[a hon]um til stórrar afsökunar, sérdeilis þar hann í því klárlega [segir] að hann vilji standa við þennan sinn framburð. Bréfið til *vice-lö[gmann]* sins og biskupsins, *datum* 1708 19. desember, er allt stórt [og eru] þó ekki lögleg vitni færð til þess sem þar í er sagt uppá Jón. [Inn]leggið er óvarlega skrifað og ekki svo sem einum prófasti sóm[ir]. Dæmum vér því með fullu dómsatkvæði að séra Halldór [sku]li bæta Jóni Ólafssyni tveimur hundruðum, svo og skal [hann] afleggja sitt prófastsembætti og skipta sér ei af héraðsi[ns] eyrindum upp frá því hann hefur þennan vorn dóm heyrt, svo [sem] sá maður er ekki sé alltför með sjálfum sér og óhentugur til [þessa] vandasama embættis.

VII. Sama dag var fyrir réttinum framlögð stefna bisk[up]sins til séra Halldórs Pálssonar, *datum* Otrardal þann 18. september 1710, hvar með biskupinn hefur stefnt séra Halldóri Pálssyni hingað fyrir þá *synodum* er nú haldin er til að forsvara þann drykkjuskap og óskikkanlegt framferði er séra Halldór gjörði í kirkjunni að Otrardal 17. sama mánaðar. Var nú þar fyrir þrisvar opinberlega eftirspurt fyrir réttinum hvort séra Halldór Pálsson væri hér nálægur eður nokkur hans vegna sem til þessarar sakar svaraði, og framkom enginn af séra Halldórs hálfu til málsins að svara. Framlagðir voru fyrir réttinn nokkrir vitnisburðir útgefnir af herra *assessor* Árna Magnússyni, lögmanninum Páli Jónssyni Vídalín, ásamt prestinum séra Vigfúsi Jóhannssyni, viðvíkjandi áðurgreindu séra Halldórs Pálssonar framferði. En með því ekkert svar kemur hér af séra Halldórs hendi utan eitt þingskrif af *dato* Fífustöðum dag 30. apríl 1711, hvar inni þingmenn bera, séra Halldór ekki kunni að þingmanna dagleiðum fullum til þingsins komast, þá lætur *synodus* hjálíða um málið í þetta sinn nokkuð fullkomið dæma,¹ en séra Halldór skal þó í stefnufall sekur vera mörk sem afhendist fátækri og karlægri prestsekkju í Barðastrandarsýslu, Guðríði Torfadóttur að Flatey, og eftir Norsku laganna *lib.* 1, *cap.* 4, *art.* 32 sé séra Halldór Pálsson skyldugur í eigin persónu eður löglegur umboðsmaður að vera til staðar og mæta fyrir *synodum* sem haldin verður hér á Þingvöllum næstkomandi ár 1712. [Sk]al þá til þessa máls svara, en biskupinn lofar að senda séra Hall[dóri] Pálssyni rigtugar *copiur* af þeim hér fyrir réttinn framlög[ðum] vi]tnisburðabréfum, svo að í næstu *synodo* vottanlega fram[kom]i að séra Halldór hafi haft löglegan og ánægilegan tíma um [mál] sín sýsla eftir meðtekna vitnisburðina.

1 þá lætur ... fullkomið dæma: bætt við fyrir ofan línu

VIII. Þann 18. júlí lagði prófasturinn séra Torfi Halldórsson [fr]am eitt bréf *daterað* Innri-Njarðvík *anno* 1711, af hverju sjá er [að] hann í viðurvist *capellansins* að Útskálum séra Vigfúsar Jóhanns[son]ar, Þorgeirs Jónssonar og Korts Jónssonar, lögréttumanna, hefur tilreynt að forlíka þau hjón Jón Stefánsson og Þóru Markúsdóttur, hvar til Þóra téði sig líklega, en Jón Stefánsson ekki, heldur bar konu sinni á brýn eitt og annað sem þó eru ei skilnaðarsakir, hvað hann þó hingað til hefur ekki bevísað. Framvegis hefur prófasturinn séra Torfi Halldórsson farið á leit við Jón Stefánsson að hann aflegði þann kala sem hann hefði til konu sinnar Þóru Markúsdóttur og veitti henni kristilega sambúð, hvar til hann tjáist svarað hafa: Það gjöri ég ekki svo lengi sem ég lifi. Hér um hafa vitnað að Útskálum þann 12. júní *anno* 1711, Guðmundur Ólafsson meh, Bergsveinn Sölmundsson meh, Jón Ólafsson eh, Jakob Halldórsson meh, Gísli Jónsson meh, Einar Ólafsson meh og Finnbogi Jónsson meh.

Ennþá hefur prófasturinn séra Torfi Halldórsson *citerað* Jón Stefánsson til Hvaleyrar við Hafnarfjörð til að frambæra þau gögn og bevísingar sem hann hafa kynni uppá sinn framburð, hvar Jón mætti ekki, og hefur prófasturinn svo þetta efni innsett til *synodi generalis* atkvæða. Hvar uppá nú varð svo andsvarað, að prófastinum byrjaði að áminna eður áminna láta Jón Stefánsson enn nú einu sinni, en ef hann skipast ekki þar við, þá að segja til þess veraldlegu valdi, nema hann framleiði skjállegar bevísingar sem afsaki hann að búa við konu sína.

IX. Var upplesinn sá 12. póstur af hans höj-*excellences* háborna herra stiftbefalingsmannsins náðugasta *missive* til síns fullmegtugs, *vice-lögmansins* Odds Sigurðssonar, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Og endeligen for det 12. paa *memorialen* af 23. september afvigte aar falder for denne gang intet videre at svare end at jeg forsaavidt er fornöjet med hvis *vice-lavmanden* paa mine vegne forrettet haver og forventer at han fremdeles intet efterlader til landets og kongelige *majestæts* høje *regaliers* og *interesses conservation*, saa alting paa mine vegne behørigen og med største flid og omhyggelighed vorder *observeret*. Saa og søger det meste muligt og saa vidt det kan staa til hannem at *conservere* en god forstand og samdrægtighed, saavel imellem betjenterne, geistlige og verdslige, som imellen andre, hvor ved landets og den gemene mands fordel formodentlig vil tiltage. *Datum missivesins* København den 30. maj 1710.

X. Eftirspurði hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugur um tilstandið í landinu á milli geistlegheitanna, hvar til að nálægur kennidómur í *synodo* andsvaraði að það væri nærri með sama máli svo sem það nú verið hefur í nokkur næstumliðin ár síðan *anno* 1707, svo að prestarnir ekki einasta hafa átt bágð við að byggja þær jarðir sem köllunum fylgja, heldur og

svo sumir af þeim nærri ekkert vinnufólk fengið, en það sem fást kann begerir sumt svo óbillegt laun að þeir sem köllunum þjóna valla eður ekki eru megnugir þess þjónustu að betala, hvar fyrir næsta hætt er við á sumum plássum að innstæða kirknanna muni aldeilis undanganga hjá fátækum prestum. Sum köll eru og prestlaus þessarar orsakar vegna, svo og er ekkert annað vissara en að sum muni níðast eftir hendinni og það fríða *inventarium* úrganga. Á meðal annars brests af tilfæringarleysinu kvartar kennidómurinn mjög svo um að þeir ei fái vín til kirknanna svo sem nægir.

Undir skrifa þann 20. júlí.

Otto Sivertsen
Bjarni Hallgrímsson eh
Hannes Halldórsson eh
Daði Halldórsson eh
Björn Þórðarson
Jón Halldórsson
Torfi Hannesson
Frans Ibsson mpp
Árni Þorleifsson

Jón Þorkelsson Vídalín
Þórður Jónsson
Jón Halldórsson eh
Jóhann Þórðarson mpp
Torfi Halldórsson
Gunnar Einarsson meh
Jón Jónsson mpp
Gísli Bjarnason
Gísli Erlingsson
Brynjúlfr Þórðarson

Þetta eftirskrifað bréf var upplesið *in synodo generali* þann 20. júlí sama árs orðrétt hljóðandi sem eftirfylgir:

Eftir því ég undirskrifaður hefi fornumið að eðla herra *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson hefur látið innfæra í *synodals* bókina að forsómun í egta-skaparmálum hafi tilfallið í Snæfellssýslu, þá sökum þess mér hefur verið á hendur falið prófastsembætti í Snæfellssýslu í nokkur næstumliðin ár, þá svo framt sem sem greindur *vice-lögmaður* hefur mig hér með meint, býð ég mig til að forsvara á löglegum stað og tíma fyrir mínu yfirvaldi þær aðgjörðir er ég hefi haft í hjónabandsmálum síðan ég inngekk greint prófastsembætti í Snæfellsnessýslu, ef nokkur hefur þar uppá löglega að klaga. Þetta óska ég og beiðist að orðrétt innfært sé í *synodals* bókina.

Datum Öxarár landsþingi þann 18. júlí *anno* 1711, Þórður Jónsson.

Að þetta bréf hafi upplesið verið vitnum vær undirskrifaðir.

Jón Halldórsson eh
Hannes Halldórsson eh
Jón Jónsson mpp

Bjarni Hallgrímsson eh
Gísli Bjarnason
Gísli Erlingsson

Þann 18. júlí sama árs var upplesin í *synodo generali* skrifleg ósk biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín, tilsend herra *vice-lögmanninum* Oddi Sigurðssyni þann 16. júlí að Þingvöllum *anno* 1711, svohljóðandi sem eftirfylgir orð fyrir orð:

Eðla velvísi herra *vice-lögmann* Oddur Sigurðsson! Eftir því hans *höj-excellence* vor hánáðugi stiftbefalingsmand hefur herra *vice-lögmanninum* náðugast befalað að setja einn dómara hans *höj-excellences* vegna til að dæma í þeirri sök sem herra *vice-lögmaðurinn* og herra landfógetinn Páll Beyer hafa til að tala séra Runólfi Hendrikssyni og hans egtakvinnu Guðríði Eyjólfsdóttur, þá óska ég þénustusamlega að herra *vice-lögmaðurinn* láti mig vita nú í kvöld hvern hann setur í hans *höj-excellences* stað til að dæma í áðurgreindri sök, sem ég óska að á morgun þann 17. júlí megi fyrirtakast, og hefi ég fyrir mitt leyti, svo mikið sem ég má míns embættis vegna gjöra, tilætlað áðurgreindan dag þann 17. júlí til að dæma í þessu máli. Óska ég því að herra *vice-lögmaðurinn* sé nálægur fyrir réttinum til að *agera* þessa sök á móti séra Runólfi, fyrst hann og herra landfógetinn gefa til vitundar í stefnunni til séra Runólfs að þeir stefni kóngsins vegna; eður ef herra *vice-lögmaðurinn* er af öðrum embættis-eyrindum hindraður, að hann þá vilji senda sinn umboðsmann. Ég forblíf herra *vice-lögmansins* þénustuviljugur þénari.

Þingvöllum þann 16. júlí *anno* 1711, Jón Þorkelsson Vídalín.

Vidi et legi ut supra, Otto Sivertsen.

Hans *höj-excellences* náðugasta befaling, sem hér að ofan er vænst, er svohljóðandi sem eftirfylgir:

Kongelig *majestæts* *vice-laugmand* ædle Odder Sivertsson! Hvad en præst udi Island, navnlig herr Runulfuer Henrichson, ved sin med sidste skibe til mig indskikkede *memorial* af 2. september afvigte aar andrager, angaaende et af *vice-laugmanden* og herr amtmandens fuldmægtig imod det af hannem forehavde ægteskab gjorde og efter hans mening ulovlige forbud, og da han der med dets uanset har fortfaret, skal han af dennem til *synodum generalem* være bleven stævnet for derfore dom at lide. Men som han fornemmer sine *præ-tensioner* imod *vice-laugmanden* desangaaende at formere, saa er han af mig begærende at jeg en anden døgtig mand udi hans sted ville *ordinere* som retten i samme sag kunde *præsidere*, med videre, som han af indlagte *copia* der af videre kan fornemme.

Da paa det han sig ikke over rettens fornægtelse skulle faa billig aarsag at besværgе, saa har jeg derfor beordret *vice-laugmand* ædle Joen Ejløfssøn hans sted imidlertid at betjene, hvilket ligeledes af indlagte *copia* af bemeldte mit svar er at fornemme. Men skulle omrørte *vice-laugmand*, som mig ikke er bekendt, enten udi sagen være *interesseret*, eller og formedelst slægt eller svo-

gerskabs skyld derudi efter loven ikke kunne dømme, da haver han udi hans sted atter en anden døgtig og bekvem mand paa mine vegne upartisk at *ordinere*, som hverken udi sagen er *interesseret* eller enten den enes eller andens avindsmand, og det saaledes som han vil vente mig for billig klage at forskaane, og *communiceres* hannem derfor ligesaa til sin desbedre efterretning *copia* af min til förnævnte *vice*-laugmand Joen Eiolfssön ergangne *ordre*. Ellers vil jeg imidlertid forvente den fjendtlige aarsags beskaffenhed, som ovenmeldte præstemand til saadan sin besværing kan have.

Jeg forbliver herr *vice*-laugmands velvillige Guldenlew, Köbenhavn den 30. maj 1710.

Var hér nú upplesin herra *vice*-lögmannsins Odds Sigurðssonar skrifleg fullmagt útgefin herra lögmanninum Laurits Christenssyni Gottrup, hver svo hljóðar sem eftirfylgir:

Eftersom kongelig *majestæts vice*-laugmand ædle Jón Eiolfssön sig har skriftlig *excuseret* at han efter hans høje *excellences* herr stiftbefalingsmandens *ordre* ei kan som *præses* betjene *ordinarie* retten udi *synoden* i sr. Runolfver Hendricksön vedkommende sag, formedelst at han velbemeldte herr *vice*-laugmanden i sagen til forne noget er *interesseret*. Thi efter højbemeldte deres høj-*excellences* naadigste befaling til mig, af *dato* 30. maj 1710, *ordinerer* og beskikker jeg, at kongelig *majestæts* laugmand for Norden og Vesten, ædle og velvise herr Laurits Christianssen Gottrup, beklæder deres høj-*excellences* sæde udi *synoden* og retten, der som *præses administrerer* alt saa længe som forbemeldte sr. Runolfver Hendrichsöns sag bliver *ageret* og derover endelig dom afsagt. I det øvrige vil jeg forvente at retten med alt tilbørlig *respect administreres*.

Actum Öxeraa den 16. juli *anno* 1711, Otto Sivertsön.

Aðspurði nú *vice*-lögmaðurinn biskupinn og kennidóminn hvert hann og þeir væri ekki ánægðir með lögmann Gottrup og hvert hann hefði ekki eftirfylgt hans høj-*excellences ordres* hér í, hvar uppá biskupinn og kennidómurinn svaraði að þeir væri ánægðir með velnefndan lögmann Gottrup svo sem yfirdómara í hans høj-*excellences* stað og einninn hann þar vel tilfallinn. Þar næst gaf hans høje *excellences* fullmegtugur *vice*-lögmaður Otto Sivertsen til vitundar, að jafnvel þótt hann hefði ekki aðvörun fengið, og ekki kæmi hann hingað svo sem *actor*, þá vildi hann þó af frívilja gjöra upplýsing í sökinni að svo miklu leyti hún kæmi hönum við, þó hann ekki fullkomlega í þetta sinn vildi svara þar til. Og svaraði hann munnlega fyrir réttinum eftirskrifuðum póstum sem hann óskaði að í *protocollinn* mætti innfærast.

Fyrsta forboð landfógetans af *dato* 27. september 1708, *approberað* af *vice*-lögmanninum Oddi Sigurðssyni þann 2. maí 1709, skeði til þess að ei óreglulega

framgengi um lýsingarnar, heldur að hjónabandið ei fullgjörðist fyrr en lýst væri þrjá sunnudaga hvern eftir annan, eftir Norsku lögunum og *ordinantiunni*.

2. Hefur prestastefna haldin verið þann 17. október, hvar inni prófasturinn séra Ólafur Pétursson með 5 prestum hefur dæmt á sömu prestastefnu að staðfesting hjónabandsins milli séra Runólfs Hendrikssonar og Guðríðar Eyjólfsdóttur kynni ei gjörast fyrr en þetta komi til herra biskupsins úrlausnar.

3. Þeir tveir prestar sem *voteruðu* á móti hinum voru í málinu *interessaðir* og höfðu framkvæmt trúlofun séra Runólfs áður.

4. *Vice-lögmaðurinn* vissi ekki, þá hann stefnuna útgaf, hvert biskupinn hefði nokkuð *resolverað* eður ekkert uppá áðursagt prófastsins og prestanna álit, meinti þó fyllilega það ei skeð vera.

5. Eftir þessum *fundamentis* útgaf *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson stefnuna til séra Runólfs Hendrikssonar og Guðríðar Eyjólfsdóttur, svo sem dómari í *synodo* hans höj-*excellences* vegna, til að kalla málið undir dóm, svo *synodus* gæti metið hvað löglegt héraðsprestastefnuálitið hefði verið, því ei kunni egtaskaparframkvæmdin að öröskuðu eður ei fullkomnu prófastsins sigelse vera í allan máta átölulaus.

6. Segist *vice-lögmaðurinn* ei koma hér fyrir réttinn svo sem sá er sækir eður forsvarar sökina, heldur eftir núverandi herra *præsidis* bón til að framsegja þær helstu upplýsingar hann vissi í málinu og *demonstrera* hvers vegna hann stefnuna útgefið hafi, sem er svo sem fullmegtugur uppá herra stiftbefalingsmannsins vegna.

7. Eftir því að *vice-lögmaðurinn* útgaf þessa stefnu uppá herra stiftbefalingsmannsins vegna, þá segist hann halda sig til hans höj-*excellences* náðugasta *missive* og *ordres*, að hann embættisforréttingarnar ei annarstaðar hafi að forsvara en fyrir hans höj-*excellence*.

8. Að svo komnu segist *vice-lögmaðurinn* ei skilja að *synodus* nú kunni um áður áminnst prófastsins álit (hvar uppá *vice-lögmaðurinn* sína stefnu byggði) að dæma fráverandi eður ófyrirkölluðum prófastinum séra Ólafi Péturssyni.

Þann 20. júlí sendi *vice-lögmaður* Oddur Sigurðsson eftirfylgjandi bréf með þénara sínum inn fyrir *synodum generalem*:

9. Aðspurði *vice-lögmaðurinn* hvert biskupinn og kennidómurinn væri ei ánægðir með að hann hefði tilsett herra lögmann Gottrup að sitja í hans höj-*excellences* stað í þessari sök og hvert þeir ei meinti hans vera einn ópartískan dómara í sökinni. Hvar til biskupinn og kennidómurinn segir: Já, og það þeir vel fornægðir séu með að velnefndur herra lögmaðurinn í réttinum *præsideri*.

10. Lætur *vice-lögmaðurinn* í ljósi að hann meini biskupinn *magister* Jón Vídalín sé í þessari sök *interesseraður*, þar hann svo lengi undandregið hefur að svara uppá prestastefnuálitið af *dato* 17. október 1708 og hefur það ennþá

ekki sér vitanlega gjört, með öðru fleira sem biskupinn hefur hér úti framkvæmt, hvers vegna *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson meinar að biskup Vídalín ei kunni í sökinni dæma, heldur óskar að þetta í *synodo* upplestist og innfærast strax eftir þá af hönum töluðu 8 pósta næstliðinn 18. *passato*.

Ég forblíf eðla herra *præsidis* og samtligrar *synodi* reiðubúinn þénari, Oddur Sigurðsson, við Öxará dag 20. júlí *anno* 1711.

Sama dag var upplestið bréf lögmansins Laurits Gottrup og biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Eðla velvísi herra landfóvet *seigneur* Paal Beyer! Við undirskrifaðir óskum hér með af herra landfóvetanum að hann vilji nálægur vera í *synodo generali* nú í dag til að *agera* á móti séra Runólfi Hendrikssyni þá sök sem hans *høj-excellences* herra stiftbefulingsmannsins fullmeztugur og herra landfóvetinn hafa stefnt hönum fyrir *anno* 1709. Þingvöllum þann 17. júlí *anno* 1711. Við forblífum herra landfóvetans þénustuviljugir vinir og þénarar, Laurits Christiansson Gottrup, Jón Þorkelsson Vídalín.

Hér uppá hefur landfóvetinn svarað:

Velædle herrer. Naar sr. Runolfuer Hendricksen personlig möder for *synodem generalem*, da skal jeg saavidt mig den sag angaar opvarte efter min underdanige pligt og skyldighed, við Öxeraa *ut supra*, Paal Beyer.

Þessu næst framkom fyrir réttinn Grímur Magnússon og framlagði skriflegt umboð séra Runólfs Hendrikssonar svohljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir, og upp var lesið þann 18. júlí hér fyrir réttinum:

Ég Runólfur Hendriksson, sóknarprestur til Sandfells- og Hofskirkna í Örafum, gjöri vitanlegt með þessu mínu bréfi að ég hefi gefið og hér með gef velvitrum heiðursmanni Grími Magnússyni mitt fullkomið umboð til að tala mínu máli fyrir *synodo generali* sem haldin verður að Þingvelli *anno* 1711 í sök þeirri, um hverja mér og kvennu minni Guðríði Eyjólfsdóttur stefnt hafa hans *høj-excellences* herra stiftbefulingsmannsins fullmeztugur, herra *vice-lögmaðurinn* eðla Oddur Sigurðsson, og herra amtmannsins umboðsmaður, landfóvetinn Páll Beyer, viðvíkjandi míns egtaskapar fullkomnan með áðurgreindri konu minni Guðríði Eyjólfsdóttur. Skal greindur heiðursmann hafa fullan myndugleika til að svara minna vegna í þessarri sök öllu því er svara byrjar að lögum, svo sem ég sjálfur nálægur væri. Þetta mitt umboð styrki ég með eigin handskrift minni og venjulegu signeti að Skálholti þann 20. febrúar *anno* 1711, Runólfur Hendriksson mpp LS.

Þar næst kom Grímur Magnússon inn fyrir réttinn með eitt bréf, eftir það að upplestið var innlegg *vice-lögmansins* Odds Sigurðssonar, í hverju herra *vice-lögmaðurinn* lætur í ljósi að hann meini að biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín sé í þessarri sök *interesseraður* og megi þar fyrir ekki í henni dæma,

og afhenti það herra lögmanninum Laurits Gottrup, óskandi að það upplesið yrði, en lögmaðurinn svaraði að hann léti hér eftir engin bréf upplesa þessari sök viðkomandi, hvar eftir biskupinum var þetta sama bréf afhent og svaraði hann þar uppá, að sitt leyfi hefði Grímur Magnússon til að láta það upplesa. Hvar uppá herra lögmaðurinn Gottrup uppá hans háa *excellences* vegna fyrirbauð að láta nokkur *document* þessari sök viðvíkjandi upplesa í þetta sinn hér fyrir réttinum.

Til vitnis okkar undirskriftuð nöfn, til hverra Grímur Magnússon þetta vitnaði, sama stað, ár og dag sem fyrr segir, Jón Halldórsson, Jóhann Þórðarson.

Biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín óskaði þann 20. júlí að eftirfylgjandi bréf af hans *copie* bók, *de dato* 1708 31. október, til landfóvet Beyers væri innfært:

Provsten sr. Olafur Petersen har tilsendt mig hans sidste *acta* paa Kalfue-tiörn, tillige med andre breve angaaende den *materie* som der blev handlet, hvor i jeg intet kan se som mig saa hastig tilkommer at *resolve*, helst eftersom her siges for vist, at sr. Runolfuer for 8 dage siden tillige med hans festemö skal være passeret Örebacke og nu vel allerede har fuldbyrdet hans ægteskab der öster, hvor han har hjemme. Derfor, omskönt jeg ville sende min skriftlig mening herom til præsten i Kjalnæsting, da kunne det hverken hjælpe til eller fra. Skal jeg og sige min *sentiment* herom, da ved jeg ikke at man kan opholde sr. Runolfer herefter, siden Mette Hansdaatter har sagt ham fri for al tiltale med videre som i forligelsebrevet er indført. Ei heller fornæmmes at Poul Halldorsen *prætenderer* paa den formente trolovelse med Gudrider Ejolfdsdaatter og intet andet forebruges som hans ægteskab kunne forhindre, det mig vitterligt er. Havde ellers ovenmeldte forligelse ikke mellem kommet, da er det vist at man havde kunnet opholde vielsen inden sagens uddrag. Mens saa som stævningen derved synes allerede at have *expireret*, da ser jeg ikke at sr. Runolfer kan være noget til hinder.

Að þessu svo framkomnu sögðu fyrst samankomnir prófastar og prestar sína skriflega meiningu, sem er svohljóðandi sem eftirfylgir:

Eftir því herra lögmaðurinn Laurits Christiansson Gottrup, sem vegna hans höj-*excellences* er hér yfirdómari settur í þessu máli séra Runólfs Hendrikssonar, hefur nú í dag opinberlega fyrirboðið að láta nokkur *document* þessari sök viðvíkjandi upplesa í þetta sinn hér fyrir réttinum, svo vér höfum ekki heyrt forsvar séra Runólfs Hendrikssonar og ei heldur kvinnu hans Guðríðar Eyjólfsdóttur á móti herra landfógetans *prætensionibus*, og ei heldur vitum vér hverjar *prætensiones* herra landfógetinn kynni í þetta sinn þeim uppáfæra, þá sjáum vér oss hverki fært né forsvaranlegt lengra í þessu máli fram að fara.

Til merkis *in synodo generali* dag 20. júlí 1711, Jón Halldórsson eh, Jóhann Þórðarson mpp, Bjarni Hallgrímsson meh, Hannes Halldórsson eh, Frans Ibs-son mpp, Jón Halldórsson, Árni Þorleifsson, Daði Halldórsson, Brynjólfur Þórðarson, Gunnar Einarsson, Björn Þórðarson, Jón Jónsson, Gísli Bjarnason, Torfi Hannesson, Gísli Erlingsson.

Þar eftir lagði biskupinn fram eftirfylgjandi bréf er svo hljóðar:

Í þessu máli svara ég Jón Þorkelsson Vídalín að svo miklu leyti sem mér viðkemur:

1. Sökum þess að skrif prófastsins séra Ólafs Péturssonar, samantekið að Kálfatjörn *anno* 1708 þann 17. október, kann ekki dómur að kallast og prestar þeir sem þar hafa sagt sína meiningu hafa ekkert annað brúkað til að byggja hana á heldur en forboð landfógetans.

2. Ef stefnendunum sem séra Runólfi og hans kvinnu segjast tiltala kóngsins vegna (svo sem mér skilst af stefnunni til séra Runólfs), þótti það nauðsynlegt að *vice-lögmaðurinn* Jón Eyjólfsson og prófasturinn séra Ólafur Pétursson skyldu vera hér nú nálægir til að forsvara sínar aðgjörðir, þá hygg ég að þeir, en ekki séra Runólfur, hefðu átt að gjöra þeim aðvörun til að forsvara aðgjörðir sínar, því ég hefi ekki hingað til fornumið að séra Runólfur átelji *vice-lögmenninn* Jón Eyjólfsson eður prófastinn séra Ólaf Pétursson að svo stöddu, heldur hafi hann alleina sett sinn fullmegtugan til að forsvara sig og kvinnu sína fyrir tiltali stefnendanna, og að beiðast undir eins réttar síns fyrir þessum dómi, hvað ég meina að honum standi frítt fyrir eftir lögunum, Norske lov *lib.* 1, *cap.* 2, *art.* 20. En af *vice-lögmenninum* Oddi Sigurðssyni mátti klárlega merkja þann 18. júlí næstumliðinn að hann hefði byggt stefnuna til séra Runólfs uppá dóm prófastsins (sem hann svo kallar).

Meina ég því að þessi sök eigi að dæmast hér nú í þetta sinn. Þar fyrir tilbýð ég mig hér í dag eftir kónglegu lögmáli að dæma ásamt lögmenninum Laurits Gottrup um mál séra Runólfs Hendrikssonar, og jafnvel þótt að *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson hafi meiningu sína í ljósi látið, að ég sé í þessarri sök *interesseraður* og kunni þar fyrir ekki í henni að dæma, þá vildi ég hafa nú í dag sagt mitt *votum* í höfuðsökinni, hefði ei lögmaðurinn Laurits Gottrup uppá hans höj-*excellences* vegna fyrirboðið að láta upplesa *documentin* í þetta sinn hér fyrir réttinum, sem henni tilheyrir. Framvegis óska ég að herra *vice-lögmaðurinn* Oddur bevísi það hann skrifað hefur í hans bréfi, sem hann nú í dag sendi fyrir *synodum* og hér að framan er innfært, að ég hafi því játað að ég meinti að lögmaðurinn Laurits Gottrup væri ópartískur dómari í sökinni, því ég veit mig það ekki sagt hafa, en við hitt kannast ég, að ég væri ánægður með hann svo sem yfirdómara í hans höj-*excellences* stað.

Jón Þorkelsson Vídalín

Að síðustu lét lögmaðurinn Laurits Gottrup uppá hans höj-excellences vegna sitt *votum* svoleiðis innfæra:

Eftersom herredsprovsten sr. Olafuer Petersen med 5 præster, som til forne haver dømt i sagen, hvilken dom hidindtil ikke haver kommet under overdommerens dom. Thi synes sagen denne gang ikke kan tages under endelig dom förend provsten bliver stævnt dertil at svare, efterdi herr *vice*-laugmands Otto Sivertsen og landfogdens Povel Beyers stævning derpaa er funderet, efter Norske lov *lib. 1, cap. 4, art 1* og 2, og som *vice*-laugmand Otto Sivertsen i hans indlægs 10. post demonstrerer, at bispén *magister* Jon Widalin i denne sag er *interesseret*, og formener at biskop Widalin ei kan dømme i sagen, derfor tør jeg ikke denne gang at tage sagen under min og bispens dom, eftersom dette synes at anrøre bispens embedsforretning. Men efter Norske lov *lib. 1, cap. 2, art. 11* opsætter jeg sagen indtil saa længe hans kongelige *majestæts* allernaadigste *resolution* eller andre *order* fra hans höj-excellences herr stiftbefalingsmand om denne sags beskaffenhed kunne indkomme *in synodo generali*.

Tingvellum den 20. juli *anno* 1711, Laurits Christiansson Gottrup mpp.

Að þetta hafi svo framfarið vottum vér með eigin handskriftum vorum þann 21. júlí *anno* 1711.

Laurits Christiansson Gottrup mpp	Jón Þorkelsson Vídalín
Jón Halldórsson eh	Jóhann Þórðarson mpp
Bjarni Hallgrímsson meh	Hannes Halldórsson eh
Daði Halldórsson meh	Frans Ibsson mpp
Gunnar Einarsson meh	Gísli Bjarnason
Björn Þórðarson meh	Jón Jónsson
Árni Þorleifsson	Gísli Erlingsson
Brynjúlfr Þórðarson	
Torfi Halldórsson	

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1712 þann 13. júlí voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálhóltsstiftis í dóm nefndir *in synodo generali*, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnessýslu, séra Bjarni Hallgrímsson prófastur í Rangárfingi, séra Einar Bjarnason prófastur í Skaftafellssýslu, séra Torfi Halldórsson prófastur í Kjalarnespingi, séra Jón Eyjólfsson, séra Jón Halldórsson, séra Gísli Bjarnason, séra Vigfús Jóhannsson, séra Þorkell Oddsson, séra Jón Jónsson, séra Hafliði Bergsveinsson, séra Vigfús Gíslason og séra Gestur Árnason.

I. Kom fyrir þann 13. júlí héraðs *process* úr Skaftafellssýslu genginn af prófastinum séra Einari Bjarnasyni þann 1. október fyrirfarandi árs að Pykkvabæjarklaustri um málefni séra Þórðar Gíslasonar og Þorbjargar Árnadóttur; *item* Ingjalds Steinssonar, hverju svo er varið að greind Þorbjörg hafði barn í heiminn fætt þann 25. dag júlí sama árs og að því föður lýst Ingjald Steinsson. Þar eftir hefur þessi maður Ingjaldur þann 10. dag ágúst sama árs komið fyrir sýslumanninn Ólaf Einarsson og sagt að hann ekki þættist faðir vera að því barni sem Þorbjörg hefði í heiminn fætt þann 25. júlí, játar þó að hann með henni legið hafi fyrst í annarri viku þorra þá umliðins vetrar. Þann 11. ágúst hefur Þorbjörg meðkennt fyrir greindum sýslumanni að hún ekki mótsegði þeim tíma sem Ingjaldur hefði framborið *etc.*, en segist þó ei geta í það sinn annan föður lýst en Ingjald Steinsson. Þann 13. dag ágúst hefur sýslumaður Ólafur Einarsson tekið meðkenning Guðrúnar Guðmundsdóttur, móður Ingjalds, þar uppá að barnið hafi fullburða verið. Framar aðspurði sýslumaðurinn Þorbjörgu Árnadóttur, hvert hún hefði ekki með öðrum manni haft líkamlegt samræði en Ingjaldi. Þá svaraði hún að hún það haft hefði með prestinum séra Þórði Gíslasyni og hann væri faðir að þessu sínu barni. Þetta er rétt *extraherað* af bréfum þeim sem Bjarni Nikulásson, talsmaður Þorbjargar, lagði í réttinn með undirskriftuðu nafni sýslumannsins Ólafs Einarssonar með hans þekktanlegri eigin hendi.

Pennan sinn framburð og barnsfaðernislýsingu hefur Þorbjörg að nýju staðfest fyrir réttinum að Pykkvabæjarklaustri þann 1. október er hún var þar um spurð af prófastinum, og ennþá frammar hefur prófasturinn aðspurt hana hvenær Ingjaldur Steinsson hefði fyrst framið með henni saurlifnaðarverk? Hvar til hún oftlega svaraði í viðurvist Ingjalds að sig minnti það hefði verið hálfri annarri viku eftir þrettánda, og svaraði Ingjaldur þar til að hann vissi ei annað sannara en hún segði. Þar eftir var séra Þórður aðspurður hvert hann væri faðir að þessu oftnefndu barni, hverju hann neitaði.

Hér að auki var framlagður seðill af hálfu Árna Sigurðssonar, föður Þorbjargar, af sýslumanninum Ólafi Einarssyni, svohljóðandi sem eftirfylgir: Ég Árni Sigurðsson ber þig séra Þórður Gíslason, að þú hefur legið mína dóttur Þorbjörgu Árnadóttur, og þessi minn áburður óska ég að auglýsist hér fyrir réttinum og innskrifist í máls *processinn*. Til merkis mitt nafn að Pykkvabæjarklaustri dag 1. október *anno* 1711, Árni Sigurðsson. Til þessa síns framburðar hafði Árni Sigurðsson engin önnur rök en það, að það væri svo í sínum huga.

Hér uppá er prófastsins og prestanna ályktun, að tilfærðum nokkrum rökum sem í *processinn* eru innfærð, að þeir hafi enga þá lagagrein sem þeir svo skilji að þá tilknýi séra Þórði eið að dæma fyrir áburð Þorbjargar og Árna, og setja því þetta fyrir æðra yfirvald.

Var nú séra Þórður persónulega hér fyrir réttinum, dæmdur skyldugur að mæta af prófastinum til að forsvara sig í þessu máli, *item* þau Árni og Þorbjörg *citeruð* af prófastinum. Var Árni nú aðspurður hvert hann stæði við greindan áburð og Þorbjörg við sína barnfaðernislýsingu, hvar til þau svöruðu já, að þau stæði við sinn framburð. *Item* var hér fyrir réttinum fyrir hönd Árna og Þorbjargar lögréttumaðurinn Bjarni Nikulásson og lagði ekkert annað fram til forsvars þeim en þau bréf sem áður er umgetið og *vidimeruð* eru af sýslumanninum Ólafi Einarssyni. *Item* vitnisburð Þykkvabæjarkirkju sóknarmanna, sem bera að Þorbjörg hafi ei af karlmannafari ryktuð verið fyrr en hún var komin til séra Þórðar Gíslasonar, og ekki vissu þeir annað en frómt í sannleika til Árna og Þorbjargar fyrir utan þetta mál sem hún nú í stæði.

Framlagði Bjarni í réttinn eftirfylgjandi seðil: Ég Þorbjörg Árnadóttir beiðist af þér séra Þórður Gíslason, að þú nú á þessum degi satt gjörir það ósannindavitni sem þú hefur eftir Valgerði Ólafsdóttur uppá mig borið, og inn er fært í máls *processinn*, en gjörir þú það ei satt og gott gef ég þér þar á sök sem framast lög leyfa, að vitni erlegra manna. Hverju til merkis er mitt undirskrifað nafn við Öxará þann 12. júlí *anno* 1712, Þorbjörg Árnadóttir. Viðstaddir vorum við undirskrifaðir þá Þorbjörg Árnadóttir lét þetta ofanskrifað með sínu nafni handskrifa á þann 12. júlí *anno* 1712, Erlendur Jónsson eh, Sigurður Jónsson eh, Þorgeir Þórðarson meh, Kolbeinn Kolbeinsson eh.

Þessum seðli með hans innihaldi vísar *synodus* frá sér heim í hérað, þar séra Þórði er ómögulegt að leiða votta sína hér í þetta sinn, en hefur aldrei þar um áður aðvaraður verið svo vær vitum. Og þann vitnisburð Þorláks Þorsteinssonar og Luciu Valdadóttur höfum vær að engu, þar hann er ósvarinn og ekki tekinn að Þorbjörgu viðvaraðri.

Aðspurð var Þorbjörg af hvers forlagi hún sótt hefði verið til heimilis séra Þórðar og svaraði hún: Að sýslumannsins Ólafs Einarssonar. En Árni Sigurðsson sagðist það gjört hafa eftir sýslumannsins til sögn og séra Þórður segir það skeð hafi að sér óaðspurðum. *Item* var Þorbjörg aðspurð hvert nokkur hefði eggjað hana á að lýsa séra Þórð föður að barninu og svaraði hún fyrst þar til, að það hefði gjört sýslumaðurinn Ólafur Einarsson, en þá hún eftir nokkra stund liðna var aftur að því sama spurð, svaraði hún að hann hefði eggjað sig á að segja sannleikann. Bjarni Nikulásson var aðspurður, hvert hann hefði nokkuð framar skriflegt eður munnlegt máli þeirra Þorbjargar og Árna til styrkingar og svaraði hann að hann það ekkert hefði.

Nú að þessu máli grandgæfilega yfirveguðu virðist oss að séra Þórði sé nauðsynlegt að verja sig með eiði fyrir áburði Árna og barnslýsingu Þorbjargar. Leggur því biskupinn hönum eineiði uppá, hvert hann sór svo sem hér eftir fylgir:

Ég Þórður Gíslason, sóknarprestur til Skarðskirkjusóknar í Meðallandi, segi það Guði að ég hefi aldrei hórdóms eður frillulífis synd framið með Þorbjörgu Árnadóttur, sem mig hefur lýst sinn barnsföður þess er hún í heiminn fæddi þann 25. júlí *anno* 1711, svo sannarlega hjálpi mér Guð með sínu heilaga *evangelio* sem ég nú satt segi en ekki frammar. Þórður Gíslason eh.

Að þessum eiði aflögðum dæmum vér með fullu dómsatkvæði, að presturinn séra Þórður Gíslason hafi ánægjanlega bevísað að framburðir Þorbjargar Árnadóttur og Árna Sigurðssonar uppá hann séu aldeilis ósannir, skuli þeir því hönum hér eftir ekki vera til neinnar ófrægðar eður hindrunar í nokkurn máta. En hvað myndugleika þeirra Árna og Þorbjargar viðvíkur, þá vísum vér því frá oss til veraldlegs valds, að það gjöri þar um eftir því sem lög tilstanda. Sömu-leiðis dæmum vér að Árni og Þorbjörg skuli gefa prestinum í málskostnað hálf annað hundrað og hafi það betalað að næstu fardögum, en verði það þá ei lokið, þá skulu þau betala í straff fyrir utan þennan dæmda kostnað tíu aura, eftir Norsku lögum *lib. 1, cap. 5, art. 15*. En hvað viðvíkur missir prestsrentunnar um þann tíma sem séra Þórður hefur verið *suspenderaður* og mátt betala þeim sem hafa þjónað í sóknunum, þá setur *synodus* það undir héraðsprófastsins *dispensation*.

Þann 14. júlí var Ingjaldur Steinsson hér fyrir réttinum og var aðspurður hvert hann stæði við sínar fyrri lýsingar, sem hér að framan er umgetið, hverju hann játaði. Virðist oss því af lengd barnburðartímans að Ingjaldur kunni að vera barnsfaðir Þorbjargar, hvert heldur menn athuga þá fyrri eður síðari lýsinguna.

II. Á sama degi var upplesinn héraðs *process* prófastsins séra Einars Bjarnasonar genginn að Skarðskirkju í Meðallandi þann 3. dag maí *anno* 1712 um málefni séra Þórðar Gíslasonar og Jódísar Jónsdóttur, hverju svo er háttað að greind Jódís hefur lýst prestinn séra Þórð Gíslason sannan holdlegan föður að sínu barni Guðmundi er hún segist hafa í heiminn fætt eftir fardaga *anno* 1711, svo sem hennar bréf prófastinum afhent útvísar. Í sama bréfi segist hún eitt sinn en ekki oftara hafa haft holdlegt samræði með Sigurði nokkrum Þórirssyni, hvað hún segir skeð hafi á millum krossmessu og fardaga, og segist það látið hafa eftir Sigurði til að fría prestinn þar með. Bréfið er *daterað* að Pykkvabæjarklaustri 2. október *anno* 1711 og hafa vitnað tveir menn, Höskuldur Hannesson og Jón Jónsson, að þessi sé lýsing Jódísar Jónsdóttur.

Uppá sama bréf er skrifuð svolátandi uppáskrift sem eftirfylgir: Þetta bréf afhenti Jódís Jónsdóttir eruverðugum prófastinum séra Einari Bjarnasyni eftir það að búið var að gjöra um þá fimm pósta sem í vorum *actis* sjást kunna, dag 2. október *anno* 1711 að Pykkvabæjarklaustri, og svaraði hún svo til að sýslumaðurinn Ólafur Einarsson hefði sig tiltalið að játa þessu sem í bréfinu skrifað

er. Þar með játaði Jódís að Bjarni Nikulásson hefði fyrir sig þetta bréf skrifað og lögréttumaðurinn Bjarni Nikulásson játaði einnig að hann það gjört hefði eftir sýslumannsins skikkun, og sagði Jódís ennþá að sýslumaðurinn hefði skipað sér að segja satt, og það væri satt sem hún frambæri og segði í þessu bréfi. Til merkis vor nöfn sama stað og dag, Benedikt Jónsson, Bjarni Þorleifsson mpp, Runólfur Henriksson mpp, Magnús Oddsson mpp, Högni Bjarnason eh.

Í þessu máli hefur sýslumaðurinn Ólafur Einarsson sett Kolbein nokkurn Kolbeinsson til að vera forsvarsmaður Jódísar í þessu máli, og hefur prófasturinn *citerað* bæði séra Þórð og Jódísi á áðurgreindan stað og dag. Bréf hefur Kolbeinn lagt fram fyrir réttinn á prestastefnunni, er hann játar með sinni eigin handskrift að hann meðtekið hafi af sýslumanninum Ólafi Einarssyni, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Það meðkenni ég Jódís Jónsdóttir, og gjöri með þessum orðum vitanlegt. Orsök þá í fyrstu hvers vegna ég lýsti prestinn Þórð Gíslason föður að mínu barni var sú, að Sigurður Þórirsson hafði lýst og gengið í gegn sinni fyrstu játun um faðerni barnsins, en hverjir þeir menn eru sem hann hefur því fyrirlýst og frásagt, hefur og ekki fengið það sem sér lofað verið hafi fyrir þá barnföðursjátun, þá mun ég síðar nefna og þeim vænast, þó það ekki gjöri fyrir þessum rétti, þar Sigurður Þórirsson er nú ekki hér nálægur. Önnur orsök var sú, að nær ég heyrdi í fyrrasumar að hingað í sveit komið væri samþykki míns föðurs Jóns Sigurðssonar að Sigurður Þórirsson mætti mig til egtaskapar taka, þar af varð ég hrædd, að mér mundi verða þrengt til hönum að játa (því ég vissi hvað við mig hafði framkomið áður, þá séra Þórður dró mig nauðuga út úr fjósinu á Hrauni með barnspunganum). Því flúði ég frá því hreysi sem ég var tilkomin og hingað á það heimili sem ég nú er, því ég vildi fyrir hvern mun forðast í hjónaband gefast með Sigurði. Nú þar Sigurður hafði þessu sjálfur í fyrstu uppkomið, þar fyrir kom í minn huga og þanka í Guðs nafni sannleikann að segja um faðerni míns barns, hvað ég og gjörði á næsthaldinni prestastefnu á Pykkvabæjarklaustri, og enn nú við þá sömu lýsing stend rétt sem hún hljóðar frá upphafi til enda, óneydd í alla staði af nokkrum manni, en verði mér af mínu yfirvaldi nokkur talsmaður eður forsvarsmaður settur, þá mun sá upptelja þá menn sem ég vil vænast uppá mótsögn Sigurðar Þórirssonar, að þeir sannleikann þar um beri á sínu lögvarnarþingi, þó hann gjöri það ekki í þetta sinn, þar Sigurður er ekki nálægur. Hér að auk mun ég biðja, sem og hér með bið, eftir að gangast við þá menn sem við voru á Pykkvabæjarklaustri þann 2. október næstliðinn, hvað þar framför bæði í orði og verki af séra Þórði Gíslasyni (svo framt sem hann gengur í gegn þessarri minni lýsingu). Að því gjörðu mun sjást hvert okkar líkari þykir til sanninda. Auk þessa gef ég góðum mönnum til vitundar að ég geng fullkomlega í gegn því sem séra Þórður hefur

mig borið í sinni *citatiu copiu*, að barn af mínu lífi fætt hafi þann 13. júní. Því má hann þar til bevísingar framleggja nú fyrir þessum rétti að satt sé.

Þetta bréf hefi ég undirskrifaður meðtekið, af hálfu sýslumannsins Ólafs Einarssonar, og það nú fram fyrir rétt lagt. Til merkis mitt nafn að Skarðskirkju anno 1712 dag 3. maí, Kolbeinn Kolbeinsson meh.

Bréfið sjálft fyrrskrifað kom í fyrstu fram óhandskrifað af nokkrum, en eftir tilmælum prófestsins var það af Kolbeini Kolbeinssyni handskrifað, sem það sjálft sér líkast hermir.

Hér eftirfylgir ansvar séra Þórðar uppá þetta bréf og í héraðs *actis* er að sjá, hvert sér líkast hermir, *item* vitnisburður uppá samtál lögréttumanns Páls Bjarnasonar og Sigurðar Þórissonar, sem eftirfylgir:

Anno 1711 þann 6. september, sem var sá 14. sunnudagur eftir heilagan þrenningardag, mörgum mönnum samankomnum á Fljótum í Meðallandi, vorum vér undirskrifaðir þar viðstaddir og áheyrandi að saman töluðu lögréttumaðurinn Páll Bjarnason og Sigurður Þórisson. Páll sagði til Sigurðar: Stendur þú samt við barnsfaðernis meðkenningu Jódísar Jónsdóttur? Sigurður svaraði þar til: Já, ég veit ekki annars en ég sé faðir að hennar barni. Þá spurði Páll Sigurð Þórisson: Hvernin fór hjá ykkur í Þykkvabæjarklausturskirkju um daginn? Sigurður Þórisson svaraði: Ég var svo hræddur, ég vissi ekki hverju ég svaraði, þá sýslumaðurinn læsti kirkjunni. Páll spurði: Hverjir voru þá í kirkjunni? Sigurður sagði: Þar var sýslumaðurinn Ólafur Einarsson, hún Steinvör, hann séra Jón, hann Gvendur Stefánsson. Í þessu samtali var Sigurður Þórisson aldeilis ódrukkinn og ekki vissu við hann vín smakkað hafa þann dag, og ekki vissu við hann nokkra muni þiggja þó hann fyrrskrifað talaði, og enga muni þiggjum vér til sannleikann að segja um allt fyrrskrifað, hverju til merkis eru undirskrifuð nöfn, Bjarni Sigmundsson meh, Sigurður Jónsson eh.

Að síðustu hefur prófasturinn og prestarnir ályktað að þetta málefni eigi heima, að svo miklu leyti sem enn nú var fyrir þá komið, í Norsku laga *lib.* 6, *cap.* 13, *art.* 6. En setja þó þessa sína ályktan inn fyrir *synodum generalem anno* 1712 og dæma séra Þórð Gíslason og Jódísi lögskyldug að mæta fyrir sama rétti og þola þar dóm. Því ályktar nú *synodus* að séra Þórður og Jódís sé rétt fyrirkölluð.

Var hér nú fyrir réttinum Kolbeinn Kolbeinsson og lagði inn fyrir réttinn eftirskrifað bréf með eigin hendi sinni undirskrifað, svolátandi sem eftirfylgir:

Ég undirskrifaður Kolbeinn Kolbeinsson gef herra biskupinum og samankomnum kennimönnum til vitundar, að ég afsaka mig og afsegi að standa fyrir þessum rétti Jódísar Jónsdóttur vegna, sem ég er svaramaður skikkaður, inn til og svo lengi hans höj-*excellences* þessa lands hánáðuga stiftbefalingsmanns fullmegtugur ekki þessum rétti þénar, hvern ég meina hér *prima* persónu

vera eiga, hvað sjást kann af hans *instruction dateraðri* 15. maí 1708. Til merkis við Öxará dag 13. júlí *anno* 1712, Kolbeinn Kolbeinsson eh.

Eftir þetta aðspurði biskupinn Kolbein, hvert hann væri ekki nú svaramaður Jódísar, hvar til hann svaraði að hann ekki annað vissi en svo væri. Síðan krafðist biskupinn af hönum að svara máli því sem Jódís Jónsdóttir hefði séra Þórði Gíslasyni til að tala nú í dag og á morgun, hvar til Kolbeinn svaraði að hann gæti það ekki þó hann vildi. Beiddi svo Kolbeinn leyfis að ganga í burtu, en biskupinn svaraði að hann hefði ekkert leyfi af sér þar til, gekk Kolbeinn svo út. Ekki er Jódís Jónsdóttir hér nálæg og engan annan vitum vær svaramann hennar en Kolbein, hver vér höldum að sé hennar réttur svaramaður, bæði þess vegna að hann játað hefur að hann ekki annað vissi, hins og annars að prófasturinn séra Einar Bjarnason sýndi oss stefnu Kolbeins Kolbeinssonar, er hann hafði stefnt hönum með fyrir áðurgreindan héraðs *process* fyrir þessa *synodum generalem*. Nú þótt að hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugur sé ekki til þings kominn, en biskupinn segir sig til reiðu að *praesidera* í þessu máli einsamall í hans fráveru í trausti við sitt háyfirvald, svo að hverki málunum né prestunum verði að nauðsynjalausu uppihaldið, þá tókum vér oss fyrir að gjöra endilegan dóm í þessarri sök ásamt biskupinum.

Kom hér nú fyrir réttinn lögréttumaðurinn Páll Bjarnason og annar sóknarmaður Skarðskirkju að nafni Sverrir Sverrisson, er meðkenndu sig heyrt hafa að Sigurður Þórisson hefði undir opinbera aflausn af prestinum séra Þórði Gíslasyni játað frillulífi með Jódísi Jónsdóttur. Enn var hér framlagt bréf Sigurðar Þórissonar svohljóðandi sem eftirfylgir:

Ég Sigurður Þórisson meðkenni mig fengið hafa bréf frá mínum prófasti, eruverðugum séra Einari Bjarnasyni, hvert mér hefur lesið verið, og ég merki í því að mín barnsmóðir Jódís Jónsdóttir austur í Meðallandi hafi annan föður lýst að okkar barni auk mín, með fleiru sem hann skrifar um það efni. Þó mér mætti vel líka að Jódís kæmi barnsfaðerninu uppá annan, samt vil ég ekki fyrir mitt leyti frá sannleikanum ganga, eftir því sem ég veit framast. Tjái ég nú fyrst mín forföll. Ég get með öngu móti á alþing farið gangandi og atvinnulaus, einninn annarra vistarmaður, en um barnið sem Jódís hefur mig föður að lýst veit ég ei annars en hún satt sagt hafi. Hefi ég gengið við faðerni þess hennar barns Guðmundar og enn nú geng ég við því sama, og ekki veit ég annað sannara þar um að segja, en þar hún lýsa skyldi alleinasta einu sinni okkar samfarir, þá stansar mig á svoddan framburði. Ég bið góða menn að vægja mér, þó ég feili mér að telja upp kærleikstíma minn og hennar. Ég ætla mínum sveitungum mundi alkunnugt í fyrravetur hvernig ástóðst fyrir mér og henni, því alvara mín var að við eigast skyldum, og því tókum við okkur saman í bollokskorn, líka fékk ég góðan mann konbónabréf að skrifa fyrir mig föður

hennar til suður á Nes, að hann vildi samþykkja okkar gifting. Samþykkið föður hennar kom, en hvað okkar skilnað orsakaði skilst mér hún geti sagt ef hún vildi tala, hvað ég verð svo búið að hafa, þó hennar geðsmunum hafi verið við mig brjálað þá ég ætlaði hjónabandið að fullgjöra með henni. Vissi ég ei fyrr til en hún og okkar barn voru burt úr mínu heimili. Svo hafa staðið fyrir mér gjörðir síðan þar um, og þetta er það sannasta sem ég kann að undirréttu í þessu mínu málefni. Handsala ég nú mitt nafn hér undir að skrifa þá góða menn sem hér viðstaddir eru, að allt fyrrenn skrifað sé minn óneyddur og sannur framburður, og bið að þetta bréf með skilum komist til heiðurlegs prófastsins séra Einars Bjarnasonar uppá alþing.

Til merkis undirskrifað nafn, Merkinesi í Höfnum og í Kjalarnesþingi dag 1. júlí 1712. Sigurður Þórisson handsalaði sitt nafn undir að skrifa.

Þar vorum undirskrifaðir viðstaddir að Sigurður Þórisson handsalaði að láta skrifa sitt nafn undir þetta fyrrenn skrifað bréf. Til merkis vor nöfn, sama ár og dag er fyrr segir, Arnór Húnason, Sigurður Húnason, Sigurður Gíslason meh, Eiríkur Pálsson meh, Þorvarður Pálsson meh. Lögréttumaðurinn Páll Bjarnason meðkenndi að hann hefði verið viðstaddur þá þetta bréf var gjört.

Nú fyrst að Jódís Jónsdóttir, eftir því sem hún meðkennir í hennar áður-greindu bréfi *dateruðu* Pykkvabæjarklaustri þann 2. október 1711, hefur lýst Sigurð Þórisson föður að því barni er hún síðan lýsti séra Þórð Gíslason, og Sigurður því viðgöngu veitt, sem sjá má af hér að framan innfærðum *documentis*, þá að svo prófuðu og fyrir oss komnu dæmum vér með fullu dómsatkvæði að lýsing Jódísar Jónsdóttur uppá prestinn séra Þórð Gíslason skuli í engu gildi vera og ekki kunna hann á hans prestlegum heiðri að skaða, en Jódís skal gefa prestinum í málskostnað hálft annað hundrað, og skal það hafa lokið að næstu fardögum, en betali tíu aura ella hér fyrir utan, en um myndugleika Jódísar setjum vær frá oss til veraldlegra.

III. Þann 14. júlí kom fyrir *synodum* prófasturinn séra Torfi Halldórsson með einn *process* genginn að Reykjavík á Seltjarnarnesi um þá trúlofun sem séra Páll Sveinsson gjört hafði millum Jóhanns Mátssonar og Gunnhildar Andrésdóttur að Brautarholti, nóttina millum þess 1. og 2. næstliðins febrúar. En af hálfu Gunnhildar framkomu engir vitnisburður uppá það að hún væri frí persóna og ekki öðrum lofuð, nema *cautio* sýslumannsins Niels Kier, hver þó tjáist að hafa verið samfleytt átta ár hér í landi, hvar fyrir sóknarpresturinn séra Gestur Árnason vildi ekki gjöra þessa trúlofun; en sökum frekju og kappsmuna bæði Jóhanns Mátssonar og kaupölsgestanna, sem voru Sigurður Björnsson forðum lögmaður, sýslumaðurinn Niels Kier, landþingskrifarinn Sigurður Sigurðsson og Jens Jörgensson, gaf séra Gestur leyfi til að þessar persónur mætti, að svo miklu leyti sem sér forsvanlegt væri og hann mætti með æru og góðu

mannorði tilgefa, trúlofast; hvað auðsært er af útgefnum seðli séra Gests, *datum* Brautarholti 1. febrúar 1712, samanbornum:

1. Við bréf Jóhanns Mátssonar biskupinum tilskrifað, *datum* Brautarholti 14. mars 1712.

2. Við bréf Jóhanns Mátssonar, *datum* Brautarholti 17. apríl 1712.

3. Bréf Sigurðar Björnssonar, *datum* Brautarholti 12. apríl 1712.

4. Bréf Niels Kier, *datum* Seltjarnarnesi 26. apríl 1712.

5. *Attest* þriggja lögréttumanna, Þorleifs Sigurðssonar, Henriks Brandssonar og Péturs Daðasonar, *datum* Vallá á Kjalarnesi 24. apríl 1712, hverjir þrír lögréttumenn voru hér nú persónulega fyrir réttinum og játuðu þennan sinn vitnisburð sannan að vera.

Var nú presturinn séra Gestur hér persónulega fyrir réttinum, eftir tilsögn prófastsins og gaf sig ljúflega til ansvara; en séra Páll Sveinsson, hverjum prófasturinn hafði einnig tilsagt að mæta, var hér ekki, og ei heldur framkemur það bevisað að hann hafi fengið héraðs *acta*. Tökum vér því fyrir oss alleina í þetta sinn trúlofunina og henni ásamt héraðs *processinum* yfirveguðum var séra Gestur af biskupinum alvarlega áminntur að hann ekki skyldi láta svoddan deigleika og hugleysi eftir sér oftár finna, en sökum þess hann er ungur maður og nýkominn í embættið, og oss virðist hann hafi nokkur nauður tildregið, þá lætur *synodus* hann í þetta sinn fara sektalausán, en bæði *caution* sýslumannsins Niels Kier og svo tilhlutun kaupölsgeistanna vísunum vér frá oss til veraldlegs valds, en séra Pál Sveinsson dæmum vér skyldugan að mæta hér í *synodo generali* sem haldin verður *anno* 1713 til að svara til þessarrar óreglulegu trúlofunar.

Hér var og fyrir réttinum séra Þórður Konráðsson vegna sín og séra Jóns Stefánssonar, hverjir báðir eru *citeraðir* fyrir þessa *synodum generalem* til að forsvara sitt *votum* í ofanskriðuðu máli, svolátandi sem eftirfylgir: Eftir útgefnum seðli séra Gests Árnasonar er það mín einlæg meining að séra Páli Sveinssyni eður hverjum öðrum kennimanni hafi leyfilegt verið að kaupa með *monsieur* Johann Mátssyni og Gunnhildi Andrédóttur, því eftir kónglegrar *majestets* Christiani 5ti *ritual* meina ég og held sýslumanninn *monsieur* Kier Gunnhildar Andrédóttur gildan forlofara.

Nú fyrir því að oss virðist þetta prestanna *votum* ólöglegt vera, eftir *ordinants cap.* 8 og hjónabands *articulum* um trúlofunina, *item* Norsku lögum *lib.* 2, *cap.* 8, *art.* 3, sem af prófastinum var áður framvísað í héraðs *actis*, *item* *ritualnum cap.* 8, því vér getum ekki séð að sýslumanninum Niels Kier hafi kunnað svo kunnugt að vera um háttalag Gunnhildar að nokkur prestur kynni að byggja síns embættis útréttingar þar uppá. Dæmum vér að séra Jón Stefánsson og séra Þórður Konráðsson, eftir því þeim mátti þetta af *ritualnum* auðsært

vera, skuli gefa til prestaekkna 6 aura hver, hvern vorn dóm vér byggjum á 27. cap. landsleigubálks.

IV. Á sama degi var upplesinn in *synodo generali* héraðs *process* prófastsins í Árnessýslu, séra Jóhanns Þórðarsonar, genginn að Snæfuglstöðum þann 21. júní, um mál á millum prestsins séra Snorra Jónssonar og hans sóknarmanns Þorsteins Jónssonar, í hverju máli prófasturinn með tilnefndum prestum segja sína meining, að presturinn séra Snorri Jónsson hafi ei forsvaranlega vísað þarskrifuðum persónum frá heilögu altaris *sacramento*, og ei þar til auglýst lögmatar orsakir.

Í öðru lagi millum Sesselju Bjarnadóttur og séra Snorra Jónssonar, er prófastsins og prestanna sameiginleg meining að séra Snorri Jónsson hafi á móti lögum óvirt Sesselju Bjarnadóttur með þar innfærðum upplestri, þar hann skeði á þingi, Sesselju óaðvaraðri og ófyrirkallaðri; og engar bevísingar þar uppá auglýstar eða neitt það sem prestsins sögu kynni að vera til styrkingar. En hvað hátt þessar ávirðingar prestsins skuli gilda setja þeir til úrlausnar herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugs og herra biskupsins Skálholtsstiftis, og dæma séra Snorra Jónsson skyldugan fyrir þeirra dómi að mæta í þessarri *synodo generali*.

Var hér nú fyrir réttinum séra Snorri Jónsson og innlagði eftirfylgjandi bréf:

Eftir því ég undirskrifaður allareidu formerkt hefi að eðla herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni þóknast undir dóm taka það mitt mál sem hingað úr héraði sett er undir dóm stiftbefalingsmannsins fullmegtugs, eðla herra *vice-lögmans* Odds Sigurðssonar, og velnefnds eðla herra biskupsins (jafnvel þótt velnefndur herra *vice-lögmaðurinn* sé ekki til staðar), þá *protestera* ég hér á mót sérdeilis þess vegna að hans höj-*excellences* fullmegtugur er nú ekki nálægur, fyrir hvern mitt mál er dæmt. Þetta mitt einfalt skrif gef ég herra biskupinum ásamt hans heiðarlegum meðdómendum til vitundar, hvað ég óska með gaumgæfni af þeim eftir lögum áltíst. *Datum* Öxarár alþingi þann 14. júlí 1712, Snorri Jónsson eh.

Hér voru og fyrir réttinum Þorsteinn Jónsson og bræður Sesselju, Sigurður og Jón Bjarnasynir, vegna systur sinnar Sesselju. Litlu síðar kom Axel Friðrik Jónsson inn fyrir réttinn með befalningu amtmannsins fullmegtugs, landfógetans Páls Beyer, til að vera talsmaður séra Snorra í þessarri sök, svolhjódandi sem eftirfylgir:

Efter hæderlige og vellærde mand herr Snorre Jonssen, sognepræst til Mosfeld udi Grimsnæs, hans begæring til ædle herr *vice-lavmand seigneur* Otte Sivertsen om en *procurator* udi hans sag, som nu skal være foretagen udi *synodem generalem*, da som velermeldte ædle Otte Sivertsen endnu ikke er kom-

men her til landstinget, derfor maa dog ikke ermeldte præstemands begæring nægtes. Thi paa deres kongelig *majestæts* min allernaadigste arvekonges og herres vegne, efter havende fuldmagt og *instruction*, tilsiges og her med alvorligen anbefales eder *monsieur* Axel Fridrick Jonsen at gaa udi rette for ermeldte hæderlige præstemand, og for hannem udi alle maade hans sag lovlig og forsvarligen *procedere*, som I selv agter at andsvare og bekendt være. Ved Öxeraa den 14. juli 1712, Paul Beyer.

En þann 15. júlí lagði hann í réttinn eitt innlegg, undirskrifað af séra Snorra með eigin hendi, þess innihalds sem eftirfylgir:

1. Að hann ekki viðkannist að Sesselju Bjarnadóttur hafi verið frávísað í þrjá sunnudaga næsta eftir það að Þorsteinn segi að sér og konu sinni hafi verið frávísað, og vill að Þorsteinn það bevísi.

2. Að hann einnig bevísi að kona sín hafi verið svo veik að hún hafi ei getað til altaris gengið þá hann bauðst til að taka hana.

3. Meinar hann að þessi orð í angefningunni, að Þorsteini þyki uggvænt að séra Snorri muni veita sér heilaga þjónustu nema réttur gangi á þeirra mál, horfi sér til óhróðurs.

Hinn 4., 5. og 6. póstar eru óvandað rugl og höldum vér það ekki vert inn í dóminn að færa eður réttinum þar með uppi að halda.

7. Að hann hafi ei verið skyldugur í senn að svara sínum ákærendum þremur fyrir héraðsprestastefnunni.

8. Að upplesturinn um Sesselju eigi heima í þjófabálki 5. *cap.* en ekki í mannhelgi 25.

Munnlega talaði Axel að presturinn hafi mátt lýsa þýfi á þingi og hann hafi gjört það til að undirstinga ekki kóngsins rétti.

Hér uppá er vor úrlausn:

1. Að af *visitatu* biskupsins *dateraðri* 15. febrúar 1712, hvar Axel fyrir var og viðstaddur, svo vel sem bréfi séra Snorra til biskupsins *dateruðu* 15. september 1711, sé auðsært að séra Snorri hafi uppihaldið þessum persónum á móti skyldu síns embættis, jafnvel þótt ei geti Þorsteinn nú bevísað að það hafi svo oft skeð við Sesselju, svo sem hann vænist í framburði sínum fyrir biskupinum.

2. Annar pósturinn virðist oss að engu saknæmur við séra Snorra.

3. Hvað þeim þriðja viðvíkur, þá list oss, að yfirvegaðri áðurgreindri *visitatu* og bréfi séra Snorra, að Þorsteinn hafi haft orsök til að þykja það uggvænt að séra Snorri mundi veita hönum heilaga þjónustu nema réttur gangi þeirra á milli.

7. Höldum vér fullkomlega að séra Snorri hafi verið skyldugur til að svara þessum sínum þremur ákærendum, einum eftir annan á sama þingi.

8. Hvað áhrærir hinn áttunda pósti, þá er svar vort þar uppá, að jafnvel þótt að verkið sjálfst eigi heima í Þjófabálki 5. *cap.* þá eigi þó upplesturinn á þessum hneykslissama seðli heima í 25. *cap.* mannhelgi, og að prófastinum hafi byrjað eftir skyldu síns embættis að rannsaka þetta mál og undir lög leiða eftir Norsku lögum *lib. 2. cap. 16, art. 5.*

Uppá hina munnlegu afbötun Axels svörum vér því, að ef séra Snorri meinti að hér viðlægi kóngsins sök, þá byrjaði hönum ekki að hafa dulið þetta svo lengi, og virðist oss því að þetta sé heldur gjört af meinsemi nokkurri við Sesselju heldur en af hollustu við kónginn.

Framvegis lagði Axel Jónsson í réttinum vitnisburð þriggja manna, *datum* Stóra-Mosfelli 1712 þann 12. júní, um tal séra Snorra við Jón Bjarnason yngra. Undirskrifaðir eru Jón Stullason, Axel F. Jónsson, Þorkell Þórðarson. En Axel Jónsson meðkennir að Jón Stullason sé bæði ólæs og óskrifandi, og engin eru vitni til að hann hafi leyft að skrifa sitt nafn undir þennan vitnisburð, og ekki er hann á þingi tekinn, né að viðstaddri Sesselju, svo hér framkomi. Því dæmum vér hann aldeilis ónýtan.

Annan vitnisburð fjöggra manna lagði Axel F. Jónsson í réttinn, Axels F. Jónssonar, Jóns Stullasonar, Jóns Jónssonar og Nikulásar Ásbjörnssonar, *datum* 12. júní *anno* 1711, að tvær persónur, Jón Snorrason og Guðrún Þorkelsdóttir meðkenni sig heyrta hafa Sesselju Bjarnadóttur játa sig lykilinn sótt hafa og nokkuð af Oddnýju meðtekið. Þessi vitnisburður kann ekki að gilda, því hann er ekki að lögum tekinn.

Þriðja vitnisburð lagði Axel F. Jónsson í réttinn, tekinn að Stóra-Mosfelli 1712 24. júní, að fjarlægri Sesselju, um lýsingu nokkurra manna að þeir heyrta hafi að Sesselja Bjarnadóttir ollað hafi þeim fémissir sem upplestur séra Snorra að Stóruborg umgetur, hver fémissa á að hafa skeð *anno* 1709 og 1710.

Axel Jónsson óskaði að dóminum yrði frestað þar til þessir vitnisburðir yrði að lögum teknir. Hér til svarar *synodus*, að jafnvel þótt þessi vitnisburður kynni að verða að lögum tekinn, þá kunni þetta rykti ekki að afsaka óskikkun prestsins í upplestrinum, er og svo langt síðan að þessi fémissir á að hafa skeð að síðasti vitnisburðurinn kann ekki að gilda hér eftir, jafnvel þótt síðar svarinn framkomi. Fleira lagði ekki Axel Jónsson fram í réttinn, prestsins máli til styrkingar.

Nú að þessu svo yfirveguðu dæmum vér með fullu dómsatkvæði, að séra Snorri Jónsson sóknarprestur til Mosfellskirkju skuli gefa hundrað til einhverrar fátækrar prestsekkju og Þorsteini bæði fyrir kostnað og mótgjörð eitt hundrað og Sesselju eitt hundrað. Skal hann hafa allt þetta lokið að næstu fardögum eður betali hverjum um sig tíu aukum meira en dæmt er, ef ekki er goldið, eftir Norsku laga *lib. 1, cap. 5, art 15.*

V. Þann 16. júlí lagði prófasturinn séra Jóhann Þórðarson í réttinn héraðs *process* genginn að Villingaholti í máli séra Jóns Gíslasonar, hver hér var nú persónulega nálægur fyrir réttinum *citeraður* af prófastinum að svara fyrir þessarri *synodo generali* til síns máls, hverju svo er varið að séra Jón festi konu sína Kristínu Ásmundsdóttur þann annan sunnudag í núvikenaföstu *anno* 1711, en fjórum mánuðum og einum degi þar eftir, sem var hinn 1. júní sama árs, fæddi hún honum barn í heiminn. Virðist oss þessi barnsburðartími ekki fullur að vera, jafnvel þótt yfirsetukonurnar hafi sagt sína meining að barnið mundi ei hafa fullburða verið. Ályktum vér því að séra Jón Gíslason, prestur til Vill-ingaholts og Hróarsholts kirkjusókna, skuli missa sitt kall og því ekki framar þéna, nema hann fái hans kónglegrar *majestets* náðarbréf til að behalda kallinu. Þetta er eftir Norsku lögum *lib. 2, cap. 11, art. 13*.

VI. Þann sama dag lagði séra Þorkell Oddsson í réttinn eftirfylgjandi bréf:

Ég undirskrifaður hefi á næstumliðna ári *in synodo generali protesterað* að ég mætti vitni taka heima í héraði um prests forsorgun á Stokkseyri á Eyrarbakka, hvað mér var eftirlátið af *synodo generali*. Nú fyrir því að ég sjálfur sé að vitni mín sem að tekin eru af sýslumanninum Vigfúsi Hannessyni kunna ekki að duga mér til þess að ég eigi fríkost að hafa af Stokkseyrar eigendum, þar þau ekki bera skýrlega hvert að mínir formenn hafi haft þar fríkost fyrir utan leignagjaldi, þá eftirgef ég hér með þá *prætention* sem ég hefi meint mig hingað til hafa, að svo miklu leyti sem ég má, bæði um kostinn og fleiri kúgildaleigur heldur en ég hefi haft í minni tíð, þar ég er nú hér um vísari orðinn en áður hefi ég verið af þeim rökum er ég séð hefi síðan ég byrjaði þessa þrætu, hverja ég meinti mig þó í fyrstunni með réttu byrja eiga. En hér með vil ég ekki *præjudicerað* hafa mínum eftirkomurum, prestunum til Gaulverjabæjar og Stokkseyrar kirkjusókna, en gjöri þetta alleina til að slá niður þeirri þrætu sem ég ekki ekki veit hvert mér eður þeim kunni að gagna.

Til merkis mitt nafn hér undirskrifað að Þingvelli þann 16. júlí *anno* 1712, Þorkell Oddsson.

Að hverju athuguðu, sem og innleggi því er Grímur Magnússon lagði í réttinn vegna Guðmundar West, þar margt hefur bæði í fyrrasumar hér í *synodo*, sem og nú í ár, framkomið er menn ekki afvissu og Bjarni Gíslason ekki í réttinn lagði *anno* 1710 er dæmt var í þessu hálfu máli á millum séra Þorkels og áðurgreinds Bjarna Gíslasonar, þá dæmum vér að þessarri þrætu skuli hér með lokið vera og að prestarnir í Bæ hafi ei framar að *prætendera* hér eftir en hálfar leigur eftir 6 kúgildi þau sem nú eru, og þessa vora ályktun byggjum vér á þingfararbálki 6. *cap.*, því oss þykir að málið hafi ei að fullu svo uppborið verið fyrr en nú, en engan kostnað dæmum vér Guðmundi West, þar svo margt er í hans innleggjum, bæði þeim í fyrra og nú, sem séra Þorkell kunni ekki af

að vita, og þykir oss líklegt að hann mundi aldrei þessa þrætu byrjað hafa hefði hann það vitað.

VII. Þann 18. júlí var upplesin stefna prófastsins séra Einars Bjarnasonar til prestsins séra Jóns Sigmundssonar, *datum* 1712 þann 18. maí, með hverri prófasturinn stefnt hefur greindum séra Jóni Sigmundssyni fyrir þennan rétt:

1. Fyrir það að hann hafi meðtekið Ólaf Ólafsson, forðum prest að Hólum undir Eyjafjöllum, til opinberrar aflausnar þann 2. ágúst 1711.

2. Fyrir uppihald Rannveigar Sigurðardóttur frá heilögu altarisins *sacramento anno* 1710 sökum kviðþykktar hennar hvatskeytlegs launhvarfs, er hann skrifi að upprekið sé og skeð hafi á sama ári, hvar af hann kalli að sér og fleirum hafi sú grunsemi orsakast að hún hafi óskaplega með sín efni farið.

Í þriðja máta fyrir það hann hafi til opinberlegrar aflausnar tekið Þorbjörgu Árnadóttur og Jódísi Jónsdóttur sem borið höfðu prestinn séra Þórð Gíslason hórdómsverknaði með sér.

Framlagði séra Jón Sigmundsson fyrir réttinn eitt innlegg, *datum* Öxará *anno* 1712 15. júlí, hvers sérlegasta innihald er að hann meinar sig ekki löglega stefndan fyrir þennan rétt og að hann eigi hér ekki í þetta sinn að svara, hvar á móti prófasturinn séra Einar framlagði eitt annað innlegg, *datum* Þingvelli 18. júlí 1712, í hverju hann svarar áðurgreindu innleggi séra Jóns, að hverjum báðum yfirveguðum vér dæmum séra Jón Sigmundsson skyldugan að svara til þessa máls.

1. Hvað hinni fyrstu sök viðvíkur um aflausn Ólafs Ólafssonar, þá athuguðum vér fyrst innlegg séra Jóns, er hann lagt hefur fyrir héraðs *processinn* genginn að Þykkvabæjarklaustri 1711 þann 1. október. *Item* það hann nú framlagði fyrir réttinn, *datum* Öxará dag 18. júlí *anno* 1712. Svo og prófastsins séra Einars, *datum* Þingvöllum 18. júlí, að hverju til samans yfirveguðu vér ályktum að presturinn séra Jón Sigmundsson hafi gjört á móti síns embættis skyldu í því að meðtaka Ólaf Ólafsson til opinberrar aflausnar, eftir Norsku lögum *lib. 2, cap. 11. art. 3; item cap. 9, art. 20.*

2. Hvað viðvíkur hinni annarri stefnusökinni, er hljóðar um uppihald Rannveigar Sigurðardóttur og orsök þá er presturinn séra Jón þykist hafa haft þar til, þá framlagði nú prófasturinn séra Einar:

1. *Original* bréf séra Jóns Sigmundssonar, útgefið Rannveigu Sigurðardóttur *daterað* 5. október 1710, *item copiu* af sínu bréfi til séra Jóns Sigmundssonar *dateruð* 7. janúar 1711, sem og svari séra Jóns Sigmundssonar þar uppá, hverjar *copiur vidimeraðar* eru af Þórði Þorleifssyni og Bjarna Eiríkssyni, með áþrykktum signetum. Uppá þessa stefnusök prófastsins framlagði séra Jón Sigmundsson eitt innlegg *daterað* Öxará dag 18. júlí 1712, í hverju ekkert er það oss sýnist sem hann afsaki frá stórrí óskikkun og vanbrúkun síns embættis

myndugleika í uppihaldi Rannveigar Sigurðardóttur frá heilögu altarisins *sacramento*, en allra helst þykir oss saknæmt það ósæmilega bréf er hann henni útgefið hefur og hljóðar um orsök uppihaldsins, hvert svo er látandi sem eftirfylgir:

Að þú Rannveg Sigurðsdóttir, mín heimilispersóna, vitir hvar fyrir ég voga ekki né samvitsku til hefi þig að meðtaka til heimuglegrar aflausnar og heilags *sacramentis*, að svo stöddu, þá er sú orsök þar til, að af þeirri kviðþykkt sem á þér sést hefur nokkra umliðna tíma þessa árs, svo og af nefndrar kviðþykktar hvatskeytlegu launhvarfi (er upprakið er að skeð hafi í sumar, en ekki langt eftir það þú hafðir meðtekið *sacramentið*) hefur orsakast, mér og fleirum, sú grunsemi að þú hafir óskaplega með þín efni farið. Þessu til merkis er mitt nafn á Þykkvabæjarklaustri dag 5. október *anno* 1710. Jón Sigmundsson prestur meh.

Prófasturinn séra Einar lagði fram fyrir oss *vidimeraða copiu* af bréfi sínu til sýslumannsins Ólafs Einarssonar og hans (sýslumannsins) ansvari þar uppá, hvert tveggja hljóðandi svo sem eftirfylgir:

Ég undirskrifaður óska með þessu bréfi af virðuglegum kónglegrar *majestatis* valdsmanni *seigneur* Ólafi Einarssyni rígtugrar útskriftar af öllum þeim *process* sem framför í héraði fyrir veraldlegu yfirvaldi í málefni Rannveigar Sigurðsdóttur í fyrravor *anno* 1711. Og þá sömu útskrift bið ég að meðtaka af velnefndum valdsmanninum, kónglegrar *majestets* velforstandugan klausturhaldarann *monsieur* Jón Jónsson. Óska ég að nefnda útskrift tímanlega fái áður en prestastefnan framfer í máli heiðurlegs séra Jóns Sigmundssonar. Gef ég velnefndum klausturhaldaranum *monsieur* Jóni Jónssyni mína fullmagt nefnda útskrift að meðtaka, ef tillátin er, og þetta að útrétta, svo sem mér það framast að lögum viðvíkur. Til merkis mitt undirskrifað nafn, Bakka á Síðu við Geirlandssá *anno* 1712 10. mars, Einar Bjarnason mpp.

Þetta ofanskrifað hefi ég undirskrifaður séð og yfirlesið, hvar til ég svo svara að sá *process* sem gekk í máli Rannveigar Sigurðsdóttur fyrir veraldlegum rétti, nær hans er óskað af mínu yfirvaldi eður þeim sem það viðvíkur, þá skal hann til verða, en ég óska nú með þessu af virðuglegum prófastinum, séra Einari Bjarnasyni, réttar útskriftar af þeim orðum er hann lét skrifa og undirskrifa á framburð og lýsing Jódísar Jónsdóttur á næstliðinni prestastefnu á Þykkvabæjarklaustri. Bið ég, og mína fullmagt með þessu tilgef klausturhaldaranum *monsieur* Jóni Jónssyni, þá útskrift að meðtaka, ef tillátin verður. Þessu til merkis er mitt undirskrifað nafn á Loftasölum við Dyrhóla þann 24. mars *anno* 1712, Ólafur Einarsson meh.

Að þessu þrennu svo yfirveguðu, bæði aflausn Ólafs Ólafssonar, uppihaldi Rannveigar Sigurðardóttur og allra helst áðurgreindu ósæmdarbréfi henni útgefðu, dæmum vér með fullu dómsatkvæði að séra Jón Sigmundsson prestur

til Þykkvabæjarklausturskirkju skuli hafa forbrotið sitt kall og gefi Rannveigu sem hann ósæmt hefur með títtnefndu bréfi eitt hundrað í rétt sinn, þar presturinn sjálfur meðkennir að hún hafi eið svarið fyrir þetta ókvæði, hvað vér tökum fyrir fullt, jafnvel þótt sýslumaðurinn Ólafur Einarsson hafi fornæmst að láta prófastinum í té sinn héraðs *process* um þetta efni genginn. Prófastinum séra Einari Bjarnasyni skal séra Jón Sigmundsson betala í hans umkostnað hálft annað hundrað, og það hálfa þess vegna að hann ekki vildi skrifa uppá stefnuna, svo að prófasturinn varð að kaupa votta til að birta hana, þar fleiri menn hafa að betala prófastinum fyrir sína reisu til þessa alþings. Hin þriðja stefnusök prófastsins við séra Jón skal vera aldeilis saklaus og ekki koma hönum til neins peningaskaða eður óvirðingar, þar oss virðist að prófasturinn hafi sjálfur gefið hönum nokkra orsök til að afleysa þessar konur Þorbjörgu og Jódísi með sínu bréfi *dateruðu* Austari-Ásum dag 14. október *anno* 1711, er hér var fyrir réttinum uppleysið, og vær sjáum það ekki svo mjög saknæmt í sjálfu sér þar *causa* var *pendens*.

VIII. Þann 18. júlí kom fyrir réttinn prófasturinn séra Einar Bjarnason með stefnu þá er hann gjört hafði prestunum í Skaftafellssýslu, séra Bjarna Þorleifssyni, séra Högna Bjarnasyni og séra Magnúsi Oddssyni, *datum* 12. maí þessa árs, fyrir þá sök að þeir hafi enga útbrykkilega ályktun gjöra viljað í máli séra Jóns Sigmundssonar, er hann hafði *citerað* þá til að dæma um á þann 28. dag apríl til Núpsstaðar í Fljótshverfi, svo hann þar fyrir hafi ekki kunnað embættisskyldu sinni fullnægju að gjöra. Uppá þessa stefnu hafa skrifað áðurgreindir prestar, að þeir hana séð og yfirlesið hafi, séra Magnús og Högni þann 12. maí, en séra Bjarni þann 14.

Var hér nú fyrir réttinum nálægur séra Bjarni Þorleifsson og framlagði þrjú innlegg öll *dateruð* þann 18. júlí 1712.

No. I, þess innihalds, að hann:

1. Óskar bevísingar á öllum þeim orðum er í prófastsins stefnu til sín skrifuð standi.
2. Að sig ei *citerað* hafi til Núpsstaðar í Fljótshverfi til að dæma um greint mál séra Jóns Sigmundssonar.
3. Óskar hann að bevísist að hann hafi enga útbrykkilega ályktan í sögðu máli gjöra viljað.
4. Að prófasturinn sökum þessa síns óvilja ekki hafi kunnað sínu embætti fullnægju að gjöra.

No. II. Að hann (séra Bjarni):

1. Hafi ei skilið að prófasturinn hafi nefnt sig í dóm á tilteknum stað og degi.

2. Segist hann ei minnst að prófasturinn hafi lagt fyrir sig neitt *special* málefni að dæma á Núpsstað á sögðum degi.

3. Að prófasturinn hafi ekki tilsagt sér að dæma.

No. III.

1. Að hann hafi ei kunnað að dæma um mál séra Jóns Sigmundssonar, þar hann kom ei sjálfur, og óskar framvegis að hann vita megi hvert prófasturinn hafi ei verið skyldugur til að segja sér sitt *votum etc.*

2. Leggur hann undir dóm hvert prófasturinn hafi mátt dylja sig um þær lagagreinir sem uppá málið hlýddu og klaga sig síðan *etc.*

Hér til svarar prófasturinn:

No. I: Að bevísingar uppá þau orð sem í *citatiuna* séu innfærð séu í því skrifu sem samantekið var á Núpsstað.

2. Þer sama skrif eftir sér að bæði séra Bjarni og hinir prestarnir hafi verið *citeraðir* af sér til Núpsstaðar til að dæma um málefni séra Jóns Sigmundssonar.

3. Meinar hann að ályktunin í skrifinu sýni óvilja séra Bjarna og annarra prestanna til að taka sökina undir dóm.

4. Hvert sá óvilji hafi ei verið orsök til þess að hann hafi ekki kunnað að dæma.

No. II svarar prófasturinn:

1. Að áðurgreint skrif auglýsi að séra Bjarni hafi verið í dóm nefndur, annars mundi hann ei hafa sett sig niður, ásamt öðrum, til að heyra innlegg séra Jóns og skrifa þá merkilegu ályktun sem seinast er í dómnum.

2. Hvert prófasturinn hafi lagt séra Bjarna nokkuð *special* málefni fyrir að dæma yfir, meinar hann (prófasturinn) að sjáist af oftnefndu skrifu að Núpsstað.

3. Svarar prófasturinn séra Einar að bæði séra Bjarni og hinir prestarnir hafi vel mátt vita að þeir áttu að dæma í þessu máli, af þeirri *citatiu* er þeir meðkenna sig hafa fengið.

No. III. Til hins þriðja innleggs séra Bjarna Þorleifssonar svarar prófasturinn að jafnvel þótt séra Jón Sigmundsson væri ekki í eigin persónu, þá hafi þar verið Jón Jónsson búandi að Núpsstað með innlegg séra Jóns Sigmundssonar, sem í héraðsskrifið er innfært, og hafi átt um málið að dæmast. En það sem séra Bjarni *citerar* af þingfararálki 4. *cap.*, *item* Norsku lögum *lib. 1, cap. 5, art. 30*, eigi hvergi hér heima, og vill það eiga undir herra biskupsins og kennidómsins áliti.

2. Hvað þeim öðrum pósti þessa innleggs viðvíkur, þá svarar prófasturinn að ekki hafi til þess komið að hann kynni að auglýsa þær lagagreinir sem uppá málið hlýddu, því prestarnir hafi það fortakið með því sem þeir hafa skrifað um

fyrirkallið, og sérdeilis með þessum orðum, að þeir sögðust engan yfirdómara hafa.

Hér að auki var upplesið innlegg prófastsins séra Einars Bjarnasonar svohljóðandi sem eftirfylgir:

Eðla velvísi herra *vice*-lögmann, veleðla og veleruverðugi herra biskup! Eruverðugir og heiðurlegir dómendur! Ég hefi eftir míns yfirvalds skikkan fyrir þessa *synodum generalem* stefnt heiðurlegum kennimönnum *etc.* um þá sök, að nær ég hafði þá *citerað* til Núpsstaðar í Fljótshverfi til að dæma um málefni séra Jóns Sigmundssonar á þann 28. dag apríl, hafi þeir enga útbrykkilega ályktun í sögðu máli gjöra viljað. Hvar fyrir ég kunni ekki mínu embætti eður míns yfirvalds skikkan fullnægju að gjöra. Nú uppá það að ég velti þeirri for-sömun af mér, ef nokkur sýnast kynni, og auglýsi undir eins, að tilnefndum prestum hafi í greindu efni nokkuð yfirsést, þá bið ég yður að ég heyrast mætti um þetta eftirfylgjandi:

1. Er það almennt kunnigt, og alminnileg *praxis* í þessu landi er og hefur verið á meðal geistlegra, að þegar nokkrum hefur verið titalað fyrir prófastinum einhverja sök, þá hefur prófastur *citerað* þann fyrir sinn dóm er fyrir sökinni orðið hefur, og allra helst þegar yfirvaldið hefur skikkað að ganga eftir þeim misferlum sem það ekki líða má síns embættis vegna, en enginn hefur uppkomið með þá lögvillu, svo ég viti, að einn dómsmaður sem þannig er *citeraður* til að dæma um mál nokkurt sé afsakaður að dæma án þess að fyrir-kallið sé gjört nýtt af þeim sem er *præses* í réttinum, heldur geta kóngsins Norsku lög *lib. 1, cap. 4, art. 4* um þær stefnur sem undir réttarins innsigli eru útgefnar. En fyrir því að hér í landi eru engin sér í lagi innsigli við nokkurn rétt, þá meina ég að *præsidis* hönd sé undir sama skilorði sem réttarins innsigli annarstaðar í ríkinu. Set ég því í rétt hvert þetta séu ei undanbrögð og vísvitandi hjáhliðrun frá að dæma í málinu.

2. Það sem að prestarnir *citera* af Norsku lögum *lib. 1, cap. 5, art. 6* virðist mér að ekki eigi hér heima, því ekki átti ég þessa sök sjálfur *privatim* við séra Jón Sigmundsson, heldur hefi ég hans yfirsjónir í hans embætti, ef nokkrar vera kunna, til vitundar gefið mínum herra biskupi, og eftir hans skikkan hefi ég bæði *citerað* séra Jón Sigmundsson og prestana, hvað ég hygg mig rétt hafa gjört eftir Norsku lögum *lib. 2, cap. 16, art. 5*. Set ég því í rétt, hvert ei séu þetta lagakrókar og flækjur til að spilla réttinum og að auka mér og öðrum ómak og umkostnað.

3. Vil ég aðsyrja heiðurlega kennimenn í hverju að mín *citatia*, með hverri að ég *citeraði* séra Jón Sigmundsson í haust á þann 1. dag október til Þykkva-bæjarklausturs, um það hann hefði afleyst Ólaf Ólafsson, hafi gildari verið en þessi. Voru þá þessir sömu kennimenn í dóm nefndir af mér, en enga heyrði ég

þá skjóta sér undan að *tractera* málið, þeirrar orsakar vegna að þeir ætti ekki að dæma yfir fyrirkallinu af því það væri af mér gjört, og eru þetta mikil sinnaskipti á svo stuttum tíma. Veit ég og ei hvar þeir munu hafa fundið þennan vísdom.

4. Merkt hefi ég af sumum að þeir ekki hafi hirt að dæma, því ég hafi ekki beiðst þess af þeim, hvar til ég svara að þeir einir eru þar um til frásagnar sem nú eru málspartar, en ég veit ekki að ég þyrfti að biðja þá um að dæma í þessarri sök, því þar til hafði ég *citerað* þá og ekki vissi ég annað en þeir væri þar til komnir, allt til er ég heyrða þetta röksamlega atkvæði þeirra, en þeir sjálfir meðkenna að þeir séu komnir að dæma. Pykist ég því vita að forsjálar menn muni ekki fara með þvílík barnamál.

Ég hefi ekki hér um framar að tala, heldur fel allan þennan málsvöxt í góða forsjón veleðla *praesidum* og þeirra meðdómenda, en ef virðast mætti að mér fátækum og uppheldislitlum manni hefði aukist nokkuð ómak og kostnaður ónauðsynlegur út af þessari prestanna athöfn, þá bið ég að það sanngjarnlega álitist svo að ég skaðlaus verði.

Þessu til merkis er mitt undirskrifað nafn, Þingvöllum dag 15. júlí 1712, Einar Bjarnason mpp.

Hér var og upplesið innlegg af hendi séra Högna Bjarnasonar, *daterað* Austari-Ásum í Skaftártungu þann 2. júlí 1712 með hans undirskrifuðu nafni og áþrykktu signeti, þess innihalds:

1. Að han einna og annarra báginda vegna treystist ei til að reisa á alþing.

2. Færir hann sér það til afbötunar að ei sótt geti alþing eftir *citatiu* prófastsins sökum veikleika í sínum kirkjusóknum.

Hann segir og í þessu innleggi að prófasturinn muni ei öldungis kenna það sínu framkvæmdarleysi að hann ei dæmt hafi á Núpsstað í máli séra Jóns Sigmundssonar, og að hann hafi leiðst til að skrifa undir með öðrum forsóttari prestum, því ekki betur vitað hafi en það rétt vera mundi sem þeir undirskrifuðu, biðjandi að sér vorkennist þetta sökum síns einfaldleika.

Einnig var hér framlagt af lögréttumanni í Skaftafellssýslu, Sigurði Jónssyni, og upplesið skrif séra Magnúsar Oddssonar *daterað* Heiði 30. júní *anno* 1712, þess innihalds að hann vegna veikrar heimilisstöðu og vanefna forfallist til alþingis að ferðast á þessu ári, og vænist þar að vitni þriggja lögréttumanna, Sigurðar Jónssonar, Bjarna Nikulásssonar og Erlends Jónssonar. En uppá stefnu prófastsins séra Einars Bjarnasonar svarar hann svo, að hann ei betur vitað hafi, né frekari skilning á landslögunum haft en í álit prestanna á Núpsstað í Fljótshverfi innfært er. Þess vegna hafi hann tilleiðst sér vitugri og gáfum gæddari kennimönnum samþykkuð verða. Þessa sína meðkenning segist hann vilja með eiði sanna ef tilsagt verður.

Upplesið var og áðurgreint skrif að Núpsstað með þessum undirskrifuðum nöfnum, Jakob Bjarnason, Benedikt Jónsson, Magnús Oddsson, Runólfur Henriksson, Bjarni Þorleifsson, Högni Bjarnason, Guðmundur Magnússon, en prófastsins nafn er ekki undir sama skrifti. Ályktunin er svohljóðandi sem hér segir: Andsvar vor samankominna kennimanna uppá ofanskrið innlegg séra Jóns er þetta: Að vér vitum ekki það lögmál að meta skulum fyrirfall vors yfirvalds í hér innfærðu máli, svo vér höfum ekki nokkurn yfirdómara, Norsku lög lib. 1, cap. 5, art. 6.

Að öllu þessu framanskriðu athuguðu dæmum vér með fullu dómsatkvæði, að þessir prestar, séra Bjarni Þorleifsson, séra Högni Bjarnason og séra Magnús Oddsson, skuli gefa hver um sig hálft þriðja hundrað til prestaekkna, en til prófastsins í hans umkostnað hálft annað hundrað, og hafi lokið þetta að næstkomandi fardögum, en sé það þá ei goldið skal hver þeirra betala til ekkanna tíu aurum meira, en tuttugu álnum til prófastsins.

IX. Þann 19. júlí var upplesinn hinn annar póstur af fyrra árs *synodali*, í hverjum Pétur Bjarnason að Tjaldanesi, Páll Árnason og Gunnar Jónsson eru skyldugir dæmdir að mæta fyrir þessarri *synodo generali* til að svara til þess uppgreftarmáls sem *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson hafði stefnt þeim um, en fyrirfalls auglýsingin dæmdist þá ólögleg og var því málið uppsett til næstu *synodum*. Var nú þrisvar sinnum eftirspurt *vice-lögmanninum* Oddi Sigurðssyni eður hans umboðsmanni og lét enginn sig í ljósi, ekki heldur kom hér neinn fram sá eð segja kynni að fyrra árs dómur hefði verið birtur þessum mönnum, ei heldur að þeim hefði verið stefnt að nýju. Því kunnum vér ekki þetta mál fyrir oss að taka, en dæmum þá þó skylduga til að mæta hér fyrir réttinum á venjulegum tíma *anno* 1713 til að svara til þessa máls eður senda sína löglega umboðsmenn.

X. Sama dag var upplesinn hinn 7. póstur af fyrra árs *synodali*, í hverjum séra Halldóri Pálssyni er lagður lögdagur fyrir að mæta í þessa árs *synodo generali* uppá þá stefnu sem herra biskupinn hafði hönum með stefnt. Kom þá hverki séra Halldór eður nokkur hans vegna til þessa máls að svara og var dæmdur að mæta í eigin persónu eður hans löglegur umboðsmaður fyrir þessa árs *synodo*, hvert dómsfyrirkall hönum hefur skilvíslega auglýst verið á tilbærilegum tíma, svo sem það hér nú bevísað framkemur. En af því hér er nú ekki nálægur svo menn viti hans höj-*excellences* fullmegtugur, *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson, eður nokkur hans vegna, því þykist biskupinn ei kunna þetta mál nú undir dóm að taka, þar hann er sjálfur stefnandinn. Dæmum vér þó með fullu dómsatkvæði séra Halldór Pálsson sekan mörk í stefnufall til fátækra prestaekkna innan þess héraðs, þar hann er ei hér nálægur eður neinn hans umboðsmaður, og skyldugan til að mæta hér fyrir réttinum á venjulegum

tíma *anno* 1713 til að svara til þessa máls eður senda sinn löglegan umboðsmann.

XI. Á sama degi var upplesin stefna Kolbeins Kolbeinssonar til prófastsins í Skaftafellssýslu, séra Einars Bjarnasonar, fyrir stiftbefulingsmannsins fullmeztugan, *vice-lögmenninn* Odd Sigurðsson, og biskupinn yfir Skálholtsstifti, *magister* Jón Þorkelsson Vídalín, til að forsvara þann dóm er prófasturinn lét ganga að Skarðskirkju þann 3. maí 1712 um málefni Jódísar Jónsdóttur. Stefnan er *dateruð* Leiðvelli þann 19. maí *anno* 1712. Var hér nú fyrir réttinum prófasturinn séra Einar Bjarnason og bauð sig skriflega til að svara Kolbeini til þessarrar stefnu þann 14. júlí, hverju tilboði Kolbeinn þá ei gegna vildi, því hann sagðist ekki vera viðbúinn því máli að gegna í það sinn.

Kom Kolbeinn nú fyrir réttinn og gaf sig til ansvara við prófastinn, leggjandi fram eitt bréf undir sínu nafni, hvert strax hér fyrir réttinum bevísaðist að nokkru leyti ósatt að vera, hvar við Kolbeinn sjálfur einnig kannaðist og bað prófastinn opinberlega fyrirgefningar á því; en prófasturinn tilgaf Kolbeini þessa ávirðingu og sagðist ei vilja hennar minnast. Kolbeinn var aðspurður hvert hann hefði ekkert framar að framleggja, á hverju hann hefði byggt stefnu sína til prófastsins, hvar til hann svaraði að hann hefði það ekki. Er því vor ályktun um stefnu Kolbeins Kolbeinssonar að hún sé ógild og prófasturinn ei skyldugur henni að gegna, þar ekki er í henni tiltekið hvað hann forsvara eigi af sínum dómi, og dæmum því Kolbein skyldugan að gefa prófastinum í umkostnað og ýfingu til þessa máls tvö hundruð, hver goldin skulu vera að næstu fardögum. En hafi Kolbeinn þá ei þetta goldið, þá skal hann betala prófastinum tíu aurum meira.

XII. Lét biskupinn upplesa þessar tvær eftirskrifaðar forordningar, svoljóðandi sem eftirfylgir:

Vi Christian den femte af Guds naade, konge til Danmark og Norge *etc.* Göre alle vitterligt at omendskönt vores allernaadigst udgangne kirke *ritual* udförlig nok melder, at de som ville give skudsmaal eller love for andre som sig ville lade trolove eller i ægteskab begive, skulle vel vide besked der om, med mindre de ville anses for lögnere om anderledes siden befindes, og vi dog ugerne maa fornemme hvorledes en og anden mislighed ved deslige skudsmaal og forlöfter som til præsterne göres skal begaaes, i det endel forlovere skal befindes altfor letsindige til at lade sig ved adskillige midler forlokke til at give skudsmaal og göre forlöfte for dennem som de undertiden lidet eller intet skal kende til, hvor udover præsterne som grunder deres trolovelser og vielser paa skudsmaal og forlöfter tit og ofte skal blive misholden og i største embedsfare sættes, i det en del af dennem som præsterne derpaa haver trolovet eller sammenviet siden skal befindes at have indladt sig udi ægteskab med andre end da

udi levende live værende personer, hvor af ei andet end Guds fortörnelse, ægteskabs foragt og stor forargelse maa paafølge.

Da til slig skadelig misbrug i tide at forekomme, og paa det enhver sig desbedre for straffen kan vide at tage vare, have vi allernaadigst for godt befunden, ikke aleneste her med at igentage, hvis bemeldte vores kirke *ritual* her udinden tilholder og befaler, nemlig at de som herefter befindes at give vrang skudsmaal eller uretteligen at gøre forløfte for dennem som sig ville lade trolove eller udi ægteskab indlade, skal anses for løgnere om det siden anderledes forholdes. Men endog herhos allernaadigst at paabyde og anordne, saasom vi og hermed paabyder og anordner, at deslige löse forlovere derforuden skal straffes paa deres boeslod, som til os skal være forfalden, og efter sagens beskaffenhed paa Bremerholm udi jern deres livstid. Hvorefter alle og enhver vedkommende sig allerunderdanigst haver at rette og for skade vogte.

Og byde vi hermed og befale vores grever og friherrer, samt stiftbefalingsmænd, bisper, amtmænd, *præsidenter*, borgemestere og raad, fogder og alle andre som denne vores forordning, under vores *cancelli* segl, tilskikket vorder, at de ikke aleneste lader den strax af alle prædikestole og paa behörige steder til alles efterretning læse og forkynde, men endog den anstalt gøre at den tvende gange om aaret, palmesöndag og fjerde söndag i advent, tillige med de udi vores lov anden bogs, fjerde *capitels*, trettende *articul* ommeldte anordninger igentages og efter prædiken af prædikestolene oplæses.

Givet paa vort slot Köbenhavn den 31. august *anno* 1695. Under vor kongelig haand og signet. Christian.

Vi Christian den femte af Guds naade konge til Danmark og Norge *etc.* Göre alle vitterligt, at eftersom vi komme udi erfaring, hvorledes en del præster, som fra deres kald for uskikkeligheds skyld er afsatte, skal fordriste sig til at begaa en og anden usömmelighed med vielser og *sacramenternes* hemmelige *administrationer* i husene, saavel udi köbstæderne som paa landet, i særdeleshed ved at vie de partier til sammen som ellers efter loven ei bör at tillades ægteskab, og at döbe de börn som hemmelig og i dölsmaal födes, hvor ved største uordning udi Guds kirke og menighed foraarsages, og vores lov og andre forordninger utilbörligen overtrædes.

Da haver vi allernaadigst for godt befunden, foruden den *anno* 1680 den 4. august derom allerede udgangne forordning, endnu videre saaledes at anordne og befale, saasom vi og hermed anordner og befaler, at hvilke afsatte præster bevises herefter sig til præsternes *functioner* i sognerne med vielser eller *sacramenternes administration* ulovligen at indsnige, det være sig paa landet eller i köbstæderne, her eller andre steder, skal derfor til næste provstemöde

tiltales og dömnes fra præstelig *habit* og kjörtel, og agtes for bedragere og löse folk, over hvilke den verdslige övrighed, som over andre mishandlere, siden sin ret beholder; og paa det den gemene almue til slige afsatte præster at bruge ei skal forledes, da maa herefter ingen præster som fra deres kald kan være dömt tillades at forrette nogen geistlig tjeneste i kirkerne paa landet, eller i köbstæderne, med mindre biskopen der i stiftet i sær henseende til tjenesternes uomgængelige forretnings fornödenhed, saasom enten i sygdoms- eller krigstide eragter det godt og raadeligt, og skal enhver præst som saadane afsatte præster uden sin biskops *approbation* og samtykke bruger for hver gang han der med betræffes böde til Vorfrelser kirke paa Christianshavn ti rixdaler; hvorefter alle og enhver vedkommende sig allerunderdanigst haver at rette og for skade at tage vare.

Og byde vi hermed og befale vores grever og friherrer, stiftbefalingsmænd, biskoper, amtmænd, *præsidenter*, borgemestere og raad, fogder og alle andre som denne vores forordning under vort *cancelli* segl tilskikket vorder, at de den paa behørige steder til alles efterretning strax lader læse og forkynde, og siden derover alvorligen holder.

Givet paa vort slot Köbenhavn den 23. maj *anno* 1696. Under vor kongelige haand og signet. Christian.

Framan- og ofanskrifuðu til styrkingar skrifum vér vor nöfn hér að neðan med eigin höndum að Þingvöllum þann 20. júlí *anno* 1712.

Jón Þorkelsson Vídalín
Jóhann Þórðarson mpp
Torfi Halldórsson
Gísli Bjarnason
Jón Halldórsson
Vigfús Jóhannsson
Vigfús Gíslason

Bjarni Hallgrímsson meh
Einar Bjarnason prestur mpp
Jón Eyjólfsson prestur meh
Jón Jónsson
Þorkell Oddsson
Hafliði Bergsveinsson
Gestur Árnason

Þann 20. júlí kom herra landfógetinn inn fyrir *synodum* og framlagði eftirfylgjandi bréf:

Veleruverðugum biskupinum í Skálholtsstifti ásamt heiðurlegum kennimönnum sem kunna að vera *in synodo* að Þingvöllum, ef haldin verður þetta ár, tilsendist mín þénustusamleg heilsan! Ávísast þeim hér með að *monsieur* Pétur Bjarnason, búandi að Tjaldanesi, ásamt þeir tveir menn, Páll Árnason og Gunnar Jónsson, hafa með sinni allraundirdánugustu *supplique* til hans kónglegrar *majestets*, vors allranáðugasta arfaherra og konungs, sótt um og begert að þeir mætti, eftir þar innfærðu tilboði, fríast fyrir frekari þrætu og *process* hér

í landi yfir því beinauppgreftarmáli er téðir menn eru viðriðnir og til tals kom *in synodo* að Þingvöllum næstliðið ár 1711. Þar fyrir vil ég yður mína meining hér með auglýsa, sem er að ég meina um þetta mál kunni ei endilegur dómur hér í landi gjörast, jafnvel þó málspartarnir löglega væri fyrirkallaðir (hvað ennþá mun óreynt), fyrr en menn fá að vita hans kónglegrar *majestets* allra-náðugustu *resolution* um þetta efni, eftir því það með *supplique* til hans *majestets* allraundirdánugast er innsett. En ég forblíf yðar veleruverðugheita og heiðarlegheita þénustusamlegur tiener.

Narfeyri dag 14. júlí *anno* 1712, Otto Sivertsen.

Til vitnis, Torfi Halldórsson, Vigfús Jóhannsson.

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1713 þann 13. júlí voru eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í dóm nefndir *in synodo generali*, séra Þórður Jónsson prófastur í Snæfellsnessýslu, séra Jón Halldórsson prófastur í Pverárþingi vestan Hvítár, séra Hannes Halldórsson prófastur í Pverárþingi sunnan Hvítár, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnesþingi, séra Torfi Halldórsson prófastur í Gullbringusýslu, séra Jón Jónsson forðum prófastur í Barðastrandarsýslu, séra Frans Ibsson, séra Þorsteinn Oddsson, séra Jón Jónsson, séra Magnús Oddsson, séra Bárður Jónsson, séra Gísli Erlingsson, séra Árni Þorleifsson, séra Vigfús Jóhannsson.

1. Framlagði prófasturinn séra Hannes Halldórsson sinn héraðsdóm genginn að Lundi í Syðra-Reykjadal um málefni Bjarna Ásgeirssonar, búanda að Gröf í Lundarkirkjusókn, og Ingibjargar Sturlaugsdóttur, *datum* 8. nóvember 1712, hverjar persónur trúlofast hafa til egtaskapar þann 7. febrúar sama árs. En að framförnum þremur lýsingum hefur Bjarni Ásgeirsson ei viljað konuna festa né til hjónabands taka, jafnvel þó þar til af prestinum áminntur verið hafi bæði heimugliga og opinberliga, hverjar áminningar vottaðar og handskrifaðar framkomu fyrir réttinn í héraði, og í hinna síðustu áminningunni hefur presturinn sett Bjarna fyrir vissan tíma til að framkvæma sitt hjónaband frá þeim 16. og til þess 19. sunnudags eftir *trinitatis*.

Var Bjarni aðspurður af prófastinum á prestastefnunni hvert hann vildi standa við sína hjónabandstrúlofun við þessa Ingibjörgu, hvar til hann svaraði: Ekki vil ég það gjöra, ég get það ekki. Síðan var Bjarni aðspurður að orðsökum til þessa skilnaðar, hvar til hann svaraði, að hann þær ekki hefði að þessu sinni. Ingibjörg játaði fyrir réttinum að hún stæði við sína hjónabandstrúlofun við Bjarna. Um þetta mál hefur prófasturinn ásamt prestunum sagt sína meining,

að þar Bjarni Ásgeirsson framleggur engar þær lögmætar orsakir til skilnaðarins, sem hjónabands *articularnir* umgeta, þá sé hann skyldugur til konuna að egta, nema hann vilji mæta því straffi sem forordning sáluga kóns Friderici *tertii* háloflegrar minningar útgefin 1650 ákveður, en setja þó þessa sína mein-ing inn fyrir *synodum generalem*.

Voru þau nú hér fyrir réttinum í eigin persónu, Bjarni Ásgeirsson og Ingibjörg Sturlaugsdóttir, og var Bjarni enn nú að nýju aðspurður hvort að hann vildi ekki fullkomna þetta sitt hjónaband við Ingibjörgu, hverju hann neitaði. Aftur var hann aðspurður hvar fyrir hann ekki vilji egta hana og framlagði hann engar lögmætar orsakir sem trúlofuninni raska kynni. Þessu næst var Ingibjörg aðspurð hvert hún vildi taka Bjarna Ásgeirsson til egta, hvar til hún svaraði að hún það vildi, ef hann vildi egta sig með góðu geði og ef dómendunum sýndist sér óhætt að taka þann mann til egta og gefa sig á hans vald, sem það hefði afsagt og ei væri líklegt að það gjöra mundi nema nauðugur.

Hér uppá er úrlausn *synodi*, að jafnvel þótt prófastsins dómur sé á lögum byggður, samt þykir oss ei óhætt að þetta hjónaband skuli fullkomnast, þar Bjarni er öldungis óviljugur og þverneitar að egta konuna, en þorum þó ekkert að álykta á móti lögum, og því setur *synodus* þetta efni svo á sig komið inn til hans kónglegrar *majestets* úrlausnar. En ef hans kóngleg *majestet* allranáðugast vægir konunni í þessu, þá dæmum vér þó samt Bjarna skyldugan til að gefa fyrrnefndri Ingibjörgu Sturlaugsdóttur billega *satisfaction* fyrir þessi trúlofunar brígðmæli og kostnað, sem að sé hálft þriðja hundrað eður 10 ríxdala virði í gildum og þarfligum landaurum, og hafi það sem vitafé tregðulaust afgreitt henni eður hennar erfingjum innan mánaðar að heyrðri hans kónglegrar *majestets* allranáðugustu *resolution* hér uppá, svo framt sem hans *majestet* allranáðugast þóknast að að skilja þessa þeirra hjónabandstrúlofun.

II. Frambar prófasturinn í Kjalarnesþingi, séra Torfi Halldórsson, presta-stefnu *process* genginn að Hvaleyrri við Hafnarfjörð dag 26. apríl næstliðins um hórdómsmál, hverju svo er varið að Jón Brynjólfsson hefur borið sína egta-kvinnu Ingibjörgu Sæmundsdóttur hórdómsverknaði, en hún játað og með-gengið sig í sama brot fallið hafa með Stefáni Guðmundssyni, hvern hún lýst hefur svo sannan föður að sínu barni sem hún væri þess móðir, hvað nefndur Stefán hefur einninn játað og meðkennt. Á hvörju hórdómsbroti fyrrnefndur Jón Brynjólfsson hefur greindri Ingibjörgu sinni egtakvinnu fullar sakir gefið og af prófastinum óskað skilnaðar á þeirra hjónabandi. Þar að auki hefur Jón á fyrr-nefndri héraðsprestastefnu fullkomlega neitað að taka sína egtakvinnu Ingibjörgu aftur í sátt við sig og egtaskap; svo og hefur hann því þverneitað að hann holdlegt samræði framið hafi með þráttnefndri sinni egtakvinnu Ingibjörgu síðan hún að þessarri barneign varð opinber. Ingibjörg Sæmundsdóttir

meðkennir að egtamaður sinn Jón Brynjólfsson hafi sér til þessa hórdóms-verknaðar enga orsök eður tilefni gefið.

Hér uppá er atkvæði prófastsins og hans héraðspresta, að Ingibjörg Sæmundsdóttir hafi með þessu sínu hórdómsbroti gefið fullkomna orsök og tilefni sínum egtamanni Jóni Brynjólfssyni til hjónabandsskilnaðar og innsetja þeir þetta málefni fyrir þessa *synodum generalem* og tilsegja Jóni Brynjólfsyni, Ingibjörgu Sæmundsdóttur og Stefáni Guðmundssyni eður þeirra lögligum svaramönnum hér að mæta og framleggja sérhvað sem hvert þeirra fyrir sig hafa kynni sínu máli til frekari upplýsingar.

Var nú fyrrnefndur Jón Brynjólfsson fyrir þessum *synodi* rétti persónulega nálægur og neitaði enn að nýju þráttnefnda sína egtakvinnu Ingibjörgu Sæmundsdóttur til hjónabandssamvista aftur að taka. Ingibjörg Sæmundsdóttir var hér ei nálæg, en lögréttumaðurinn Kort Jónsson, svo sem hennar svara- maður, framlagði hennar skriflega og vottaða lýsing þá, að hennar egtamaður Jón Brynjólfsson hafi ei holdlegt samræði við hana haft síðan hennar fyrrnefnt hórdómsbrot með barnsfæðingu opinberaðist. Framar þessu var fyrir þessum rétti upplesin skrifleg eftirspurn sóknarprestsins séra Vigfúsa Jóhannssonar um þessa barnfaðernislýsingu Ingibjargar, sem skeð hefur í votta viðurvist *anno* 1712 dag 2. desember, af hvörju augljóslega má sjá að þráttnefnd Ingibjörg hefur viljað í fyrstu eigna þetta sitt barn sínum egtamanni Jóni Brynjólfssyni. Og sem hann hefur ei veitt því viðgöngu, þá framkemur hér skriflega og vottað að lögsagnarinn Runólfur Sveinsson hafi þann 13. desember sama árs frekari eftirspurn hér um gjört, og þá hafi þráttnefnd Ingibjörg Sæmundsdóttir og Stefán Guðmundsson fyrst játað og meðgengið þetta hórdómsbrot. Sömuleiðis var sóknarpresturinn séra Vigfús Jóhannsson hér aðspurður hvernin samlyndi þessara hjóna háttað verið hafi í þeirra hjónabandi og svaraði hann að hann fornumið hafi ei það borið hefði á þeirra ósamlyndi, allt þar til þetta hórdómsrykti uppkom, hverju fyrrnefndur lögréttumaðurinn Kort Jónsson, hér persónulega nálægur, samsinnir.

Og af þessu þykir *synodo* auðséð að fyrrnefnd Ingibjörg muni ei hórdóms-verki þessu hafa uppá sig logið til hjónabandsaðskilnaðar, né Stefáni Guðmundssyni til skaða, þar hann hefur þessu hórdómsbroti óneyddur viðgöngu veitt. Og að svo prófuðu og fyrir oss komnu dæmir *synodus* með fullu dómsatkvæði að hjónaband þeirra Jóns Brynjólfssonar og Ingibjargar Sæmundsdóttur skuli slitið vera og þau halda sig svo sem ógíftar persónur sín á milli héðan af og eftir hjónabands *articulunum*.

III. Þann 14. júlí framkom fyrir *synodum generalem* hjónabandsmál úr Rang-árþingi, hvört prófasturinn séra Bjarni Hallgrímsson hefur með sínum héraðs- prestum undir próf og rannsak tekið að Voðmúlástöðum í Eystri-Landeyjum

þann 26. september *anno* 1712, hvörju máli svo er háttað að Árni Ólafsson, egtamaður Sigríðar Jónsdóttur, hefur með barneign að hórdómsbroti opinber orðið með Steinunni Jónsdóttur, til hvörs hórdóms straxnefndur Árni meðkennir að hans egtakvinna Sigríður Jónsdóttir hafi sér ekkert sérlegt tilefni gefið. En straxgreind Sigríður hefur á héraðsprestastefnunni, persónuliga nálæg, afsagt sinn egtamann Árna Ólafsson til hjónabandssamvista aftur að taka og óskað fullkomins skilnaðardóms á þeirra hjónabandi. Um þetta mál hefur prófasturinn með sínum héraðsprestum gjört þá ályktun að þeir segjast ei finna né formerkja neitt það sem þeir meina að hindri hjónabandsskilnað oftnefndra persóna, Árna Ólafssonar og Sigríðar Jónsdóttur, og setja þetta hjónabandsmál undir úrskurð hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmeztugs og *superintendentis* þessa stiftis.

Hafa báðar þessar persónur, Árni Ólafsson og Sigríður Jónsdóttir, af prófastinum séra Bjarna Hallgrímssyni stefndar verið fyrir þessa *synodum generalem* og undir hennar dómsatkvæði, svo sem þeirra vottaðar meðkenningar hér fyrir réttinum uppletnar ánægjanliga bevísa. En hvorki Árni Ólafsson né hans hans kvinna Sigríður voru fyrir þessum rétti nálæg, en sendu þó hingað skrifleg og vottuð forföll sinna vanefna og veikleika. Nefniliga var hér fyrir réttinum upplesið eitt bréf *daterað* Skálholti dag 9. júlí 1713 með undirsettu nafni Árna Ólafssonar í tveggja votta viðurvist, í hverju bréfi Árni Ólafsson segist vilja halda þann dóm sem yfirdómendur þessa *synodi generalis* réttar ásamt kennidóminum gangi í þessu sínu máli, svo sem hann hefði persónuliga nálægur verið. Svo og einnin framlagði séra Þorsteinn Oddsson hér fyrir réttinn eitt bréf með undirsettu nafni Sigríðar Jónsdóttur, *datum* Hlíð við Eyjafjöll þann 9. júní *anno* 1713, hvar inni Sigríður segist standa við sína auglýsingu og framburð sem innfærður var í fyrrnefndan héraðsprestastefnudóm á Voðmúlastöðum, og afsegir að svo miklu leyti sem lög henni leyfa alla hjónabandssambúð við greindan Árna Ólafsson hér eftir.

Að þessu málefni yfirveguðu sjáum vér ekkert sem að hindra kunni hjónabandsskilnað þeirra Árna Ólafssonar og Sigríðar Jónsdóttur. Því dæmum vér þau með fullu dómsatkvæði löglega aðskilin að egtaskaparsamvistum og að þau skuli halda sig svo sem ógiftar persónur upp frá þessu og skuli skikka sér eftir hjónabands *articulunum*.

IV. Var upplesið *in synodo generali* það þingsvitni sem sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, Markús Bergsson, hefur samantekið á Hesteyri við Jökulfjörðu þann 30. mars *anno* 1712 viðvíkjandi því málefni sem Einar Guðmundsson hefur bréflaga yfirklað fyrir nefndum sýslumanni, að hann þykist hafa liðið stóryrði af sínum sóknarpresti séra Einari Ólafssyni, og til að vitna um þessi sömu orð hefur sýslumaðurinn stefnt til sama þings Jósef Jónssyni að Sléttu,

Tómasi Einarssyni á Miðvík og Bjarna Jónssyni á Sæbóli, hverjir þrír menn hafa að þangað áður *citeruðum* og þar þá nálægum fyrrnefndum séra Einari Ólafssyni vitnað með svörnum eiði þau stóru orð sem straxnefndur séra Einar Ólafsson hafði á fyrirfarandi ári 1711 talað við Einar Guðmundsson að Staðarkirkju þann 5. sunnudag eftir páska.

Í þessu þingvitni stendur að séra Einar Ólafsson sagðist ánægður með fyrrnefnda *citatiu* sýslumannsins og vilji í það sinn áheyrandi vera meðan fyrrnefndir menn gefa sinn vitnisburð út hönum viðvíkjandi. Sama þingvitni getur og um að upplesnir verið hafi vitnisburðir hljóðandi um erliga kynning þessarra þriggja manna, svo það kemur ekkert fram sem þessa menn hindri uppá þeirra gott mannorð eður neina óskilsemi eður fáfræði, svo sem það þingvitni framar útvísar.

Síðan hefur héraðsprófasturinn séra Hjalti Þorsteinsson með þremur sínum héraðsprestum, séra Sigurði Sigurðssyni, séra Gísla Hannessyni og séra Teiti Pálssyni, tekið þetta mál undir próf og rannsak að Stað í Aðalvík þann 15. og 16. júní *anno* 1712 og þangað *citerað* báða þessa málsparta, séra Einar Ólafsson og Einar Guðmundsson, með öll sín gögn, varnir og bevísingar sem sérhver þeirra hefði sínu máli til gagns og styrkingar, og eftir þeim *citatium* hafa séra Einar Ólafsson og Einar Guðmundsson þar nálægir verið og hver fyrir sig játað sig ánægða vera með þetta prófastsins fyrirkall, jafnvel þó dómur hefði kunnað á þetta mál að ganga. En prófasturinn hefur til þessarar prestastefnu á áðurgreindan stað og dag *citerað* alla héraðsprestana, en komu ekki nema þessir þrír, en forföll sín hafa sent séra Halldór Jónsson og séra Jón Torfason, en hinir ekki.

Acta sem prófasturinn gjört hefur með áðurgreindum þremur prestum hefur hann sett til biskupsins úrlausnar og biskupinn eftir sinni eigin meðkenningu skikkað prófastinum að *citera* séra Einar Ólafsson til *synodum generalem* sem haldin yrði að Þingvöllum við Öxará *anno* 1713, og þá sömu *citatiu* framlagði hér nú *in originali* dómkirkjunnar skólaheyrari Þorgils Sigurðsson eftir skriflegri fullmagt hönum útgefinni af prófastinum séra Hjalta, *datum* Skálholti 13. maí 1713. Inntak prófastsins *citatiu* til séra Einars Ólafssonar er að séra Einar á þessum stað fyrir stiftbefalingsmannsins fullmegtugum og herra biskupinum yfir Skálholtsstifti, samt tilnefndum kennidómi, forsvari þau ósæmilegu orð er vottar borið hafa á Hesteyrarþingi þann 30. mars *anno* 1712 að séra Einar talað hafi við Einar Guðmundsson á þeim 5. sunnudegi eftir páska *anno* 1711. Í sömu *citatiu* tilsegir prófasturinn séra Einari fyrir þennan *synodi* rétt komnum að vera, ei síðar en þann 15. dag júlí, og bíða hér svo lengi þar til endilegur dómur gengur á þetta mál á millum prestsins séra Einars Ólafssonar og Einars Guð-

mundssonar. Stefnan er *dateruð* 18. mars *anno* 1713 með undirskrifuðu nafni prófestsins séra Hjalta Þorsteinssonar og hans áþrykktu signeti.

Uppá prófestsins *citatiu* er svo skrifað: Þessa framanskriafaða *citatiu* héraðs-prófestsins séra Hjalta Þorsteinssonar hefi ég undirskrifaður séð og yfirlesið og henni samhljóðandi *copiu* meðtekið. Til merkis mitt nafn að Stað í Aðalvík dag 7. apríl *anno* 1713, Einar Ólafsson.

Mætti hér hverigur þeirra séra Einar Ólafsson né Einar Guðmundsson fyrir réttinum, ei heldur neinn þeirra svaramaður, jafnvel þótt þrisvar sinnum væri á þá hrópað. Því dæmum vér Einar skuli hafa tapað sínu klögumáli til séra Einars Ólafssonar þar til hann aftur stefnir eður stefna lætur.

V. Pann 15. júlí var upplesin *citatia* biskupsins til prófestsins í Múlaþingi séra Ólafs Stefánssonar, *item* til tólf af hans héraðsprestum, með hverri biskupinn hefur kallað þá fyrir þennan rétt til að forsvara þann dóm er þeir gengið höfðu um trúlofun Árna Magnússonar og Ólufar Sigurðardóttur, hvar til biskupinn í *citatiunni* nefnt hefur þetta:

1. Að þeir hafi tekið sér fyrir að dæma fullkominn skilnaðardóm á millum Árna og Ólufar.

2. Að þeir ekki hafi innfært hver sá veikleiki væri sem þeir meina að vera skuli fullkomin skilnaðarsök eður neinar bevísingar upp á hann *etc.*

Var nú dómurinn hér opinberliga upplesinn, en prófasturinn mætti hér ei í eigin persónu, heldur sendi hann hingað innlegg sitt, hvers helsta inntak það er, að hann hafi ei séð né vitað þau lög þegar dómurinn gekk sem bannaði þannin að dæma. *Item* hafi fyrir sína tíð soddan hjónabandsaðskilnaðardómar tíðkast í Múlasýslu, hvar til hann nefnir nokkrar persónur og sendir *original* dómana, hverja og séra Eiríkur Sölvason hér nú framlagði. Hvað hinu síðara viðvíkur, svarar prófasturinn að rök og bevísingar hafi menn vitað um veiki Árna að sönn væri þegar dómurinn gekk, hvar fyrir menn hafi þá ei girnst að taka þar um eiðfest vitni, en nú aflíðinn 10. júní að Egilsstöðum hafi það verið gjört, hverja vitnatekt prófasturinn og sendir, og var hún hér opinberliga upplesin. *Item* framlagði séra Eiríkur Sölvason eitt innlegg undir sínu, séra Brynjólfs Halldórssonar, séra Jóns Guttormssonar, séra Páls Högnasonar, séra Eiríks Jónssonar, séra Eiríks Bjarnasonar og séra Eiríks Þorvarðssonar nafni. Þess helsta inntak er:

1. Að þeir hafi verið kallaðir af sínu næsta yfirvaldi og þar að auki færa þeir sér til málsbóta eina grein af egtaskapar *articulum* Friderici 2di háloflegar minningar, svolátandi: Biðjandi og bjóðandi vorum lénsmanni sem nú er, ellegar þar í sama stað komandi verður, svo og biskupum, próföstum, prestum, lögmönnum og öðrum andlegum og veraldligum, hvort heldur það skeður í *consessoriis* eður annarstaðar fyrir rétti þar menn heyra og dæma hjúskap-

arbandsmál, að þér réttið yður hér eftir *etc.* Og framvegis svara þeir í þessum pósti viðlíkt og prófasturinn.

2. Í hinum öðrum póstinum er það sérligasta sem þessu efni viðkemur að Árni Magnússon sé kviðslitinn eftir skilningi þeirra af prestunum sem hann rannsökuðu, og ekki hafi þeir heyrt Ólufu Sigurðardóttur á þeim degi misgruna eður efa þennan kvilla Árna Magnússonar.

3. Svara prestarnir að það muni ei vera *absolutè necessarium* að máls-partarnir séu persónuliga við nær dómurinn er saminn, einkum ef allir dóms-mennirnir hafa þá áður heyrt, þó vænast þeir í þessum pósti að persónurnar hafi nálægar verið, jafnvel þótt það ekki sé svo skýrlega af dómnum að sjá.

Í hinum fjórða pósti tala prestarnir helst um hina sjöundu grein hjónabands *articulanna* og um það hvað að sé hættur sjúkdómur og hvert að þessi veikleiki eigi þar ei heima.

5. Segjast prestarnir ei sjá eftir hverjum lögum að þeir séu kallaðir til þessarar reisu.

Að þessu málefni yfirveguðu er ályktun *synodi generalis* hér um, að prófastinum og prestunum hafi mjög svo yfirsést í þessu, að þeir tóku sér fyrir að dæma endilegan dóm í þessu trúlofunarmáli, þar *ordinantian* segir útbrykkilega að egtaskaparsökum skuli stiftbefalingsmennirnir og *superintendentes* stefna fyrir sig og dæma þar um; hver laganna grein að hverki prófastinum né prestunum hefur kunnað óljós að vera, en fyrir því að bevísanliga framkemur að sá vani hafi lengi verið í Múlasýslu að þar hafi gengnir verið af prófasti og tilnefndum prestum hjónabandsskilnaðardómar, jafnvel þótt slíkt hafi ekki nýlega tilfallið, þá lætur *synodus* bæði prófastinn og prestana í þetta sinn fjársekta lausa vera, en þennan vana, sem aldeilis er lögum á móti, vill hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugur og biskupinn aldeilis hafa afskaffaðan í Múlasýslu, svo vel sem annarstaðar í þessu stifti, hvar eftir þeir alvarlega tilsegja prófastinum að halda sig.

Hér var og upplesin *citatia* biskupsins til þeirra Árna Magnússonar og Ólufar Sigurðardóttur, og hefur Árni meðkennt hana með eigin hendi sinni, en tveir vottar hafa skrifliga borið að hún hafi verið sér áheyrandi birt Ólufu Sigurðardóttur. Árni Magnússon er hér ei nálægur og enginn af hans hendi, svo menn viti. Ei hefur hann heldur neitt skriflega hingað innsent fyrir réttinn, fyrir utan vitnisburði nokkra manna um forföll hans að koma til alþings, og eitt blað, í hverju að hann játar sig kviðslitinn verið hafa áður en hann trúlofaðist Ólufu Sigurðardóttur, og þann veikleika sinn segist hann kunngjört hafa séra Bjarna Einarssyni, og hinumegin á blaðinu meðkennir Árni að fyrr en skilnaðardómurinn gekk að Egilsstöðum á Völlum hafi hann sýnt sig séra Eiríki

Sölvasyni, og eftir það prófastinum séra Ólafi Stefánssyni og séra Brynjólfi Halldórssyni. Þetta síðara hefur skrifað séra Eiríkur Sölvason.

Hér var og upplesið skrif Ólufar Sigurðardóttur til biskupsins, í hverju hún fyrst afsakar sig til alþingis að koma, hvar uppá hún hefur og sent vitnisburði nokkurra manna, er hér voru upplesnir, og í öðru lagi skrifar hún hvernin tilgengið er um trúlofun þeirra Árna Magnússonar. Ei sjáum vér af því skrifi að hún nú gefi Árna neina skilnaðarsök, miklu heldur má merkja af þessum orðum er standa í skrifinu og svo hljóða: Hvar um dómurinn sér líkast hermir, af hvörjum og einnin sjást má hvað gilda kann mín þar innfærð sakargift við Árna; að Óluf muni ei vera, nú sem stendur, óviljug til að ganga að eiga hann.

En hvernig sem því er varið, þá höfum vér hugleitt þetta mál og svo þau bréf og *document* sem fram fyrir oss hafa lögð verið því viðvíkjandi, og kunn-um vér ekkert að sjá af þeim það er þessari trúlofun kunni að raska, og ei er þessi sjúkdómur með þeim talinn í lögunum sem hana aðskilja kunni, því hvað því viðkemur sem prestarnir í þeirra innleggi um hættan sjúkdóm tala, þá er það ei laganna meining um þennan eður þessháttar sjúkdóm, hvað auðráðið er af hinni norsku *ordinantiu*, hvör að kallar smitsom það sem sú íslenska kallar hættan og merkir næman á vora tungu, *contagiosum non periculosum*, og því dæmum vér með fullu dómsatkvæði að þessi prófastsins og hans héraðspresta dómur skuli aldeilis dauður og magtarlaus vera, og þau Árni Magnússon og Óluf Sigurðardóttir skyldug til að fullkomna sitt hjónaband að heyrðum þessum dómi, og hafi það gjört innan næstkomandi allraheilagramessu, nema þau vilji straffast eftir lögum. En hafi Óluf einhverjar aðrar lögligar orsakir, fyrir hverjar trúlofunin má aðskiljast, og hún þess óskar, þá er henni í sjálfsvaldi að stefna Árna undir héraðsrannsak, hvert innsett verði fyrir *synodum generalem*.

VI. Þann 17. júlí kom sýslumaðurinn í Kjósarsýslu, Niels Jensson Kier, fyrir réttinn og framlagði héraðs *process* genginn að Reynivöllum í Kjós þann 7. júní 1713 um Guðmund Sigurðsson, búandi á Þorláksstöðum í Kjós, hver eð tjáist að hafa riðið undan heilagri þjónustugjörð næstumliðinn jóladag að Reynivöllum, og meðkennir Guðmundur, hér nú persónulega nálægur, að svo hafi hann gjört, en færir sér til afsökunar að hann hafi komið að Reynivöllum um náttmessutíma og mætt hrakningi á veginum í ánni, hafi svo votur verið og beðið þó fram yfir náttmessutímann, en ei hafi verið embættað á kirkjunni um nóttina, þar sóknarpresturinn, sem er prófasturinn, sem er séra Torfi Halldórsson, segist ei hafa á kirkjuna komist vegna myrkurs og óveðurs. Um þetta hefur Guðmundur af prófastinum áminntur verið við kirkju þriðja dag jóla, hverri áminningu prófastur segir hann hafi vel tekið og beðið söfnuðinn fyrirgefningar. Nú hefur sýslumaðurinn Kier innsett undir endiligan dóm *synodi generalis*, sem nú yfirstendur, hvört Guðmundur Sigurðsson skuli fyrir áðurgreinda

burtreið frá Reynivallakirkju á jóladaginn sekur eða saklaus vera. Og ályktar *synodus* að Guðmundur skuli hér fyrir engum féútlátum mæla og að hann hafi fullnægt *ecclesiae*, bæði með áminningu prófastsins og svo fyrirgefningarbóninni, en kostnað viljum vér hönum ei dæma.

VII. Þann 15. júlí var upplesin hér í *synodo* stefna séra Guðmundar Magnússonar til prófastsins í Skaftafellssþingi, séra Einars Bjarnasonar, með hverri séra Guðmundur stefnir prófastinum séra Einari Bjarnasyni hingað að Þingvöllum við Öxará á þann 10. dag júlí þessa árs 1713 til að forsvara fyrir þessum rétti það að velnefndur prófasturinn hafi sér þvingan og umkostnað orsakað, fyrst með sinni *citatiu* til séra Guðmundar til Pykkvabæjarklausturs um haustið 1711, sem almenniliga sé frá séra Guðmundar heimili kölluð vegalengd hálf sjöunda þingmanna dagleið, og ei teljist að vera í miðju héraðinu. Þar næst með annari sinni *citatiu* til Núpsstaðar á þann 28. apríl *anno* 1712 uppá það mál sem tilfallið hafi verið fyrir en prófasturinn hefði *citerað* séra Guðmund til Pykkvabæjarklausturs. Þessa stefnu meðkennir prófasturinn séra Einar Bjarnason með sinni eigin handskrift sig séð og yfirlesið hafa, ásamt genpart þar út af meðtekið að Bakka á Síðu við Geirlandsá þann 26. apríl *anno* 1713.

Voru hér nú fyrir réttinum velnefndur séra Guðmundur Magnússon og Skálholts dómkirkjuskóla heyrari Þorgils Sigurðsson fyrir hönd prófastsins séra Einars Bjarnasonar. Og af því séra Guðmundur hafði stefnt fyrir þennan rétt prófastinum séra Einari uppá þann 10. dag júlí, en þessi *synodus* byrjaðist ei fyrir en þann 12. dag júlí, og þar að auki kom séra Guðmundur hér inn fyrir réttinn með þessa stefnu ei fyrir en á þeim 15. degi júlí, þá neitaði velnefndur Þorgils Sigurðsson að hann vildi svara vegna prófastsins séra Einars Bjarnasonar til þessarar stefnu, nema hann dæmdist þar til lögskyldugur.

Þann 17. júlí var þetta ansvar *synodi* hér uppá, að fyrrnefnd stefna séra Guðmundar til prófastsins séra Einars kynni nú ekki fyrir þessum rétti gild að meðtakast, og skyldi því séra Guðmundur Magnússon hafa tapað þessu máli í þetta sinn, þar til hann stefndi því aftur lögliga.

VIII. Hafði hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmeztugur og biskupinn til tals við kennidóminn, nær þeim ráðligast sýndist að *synodus generalis* hér að Þingvöllum hér eftir árlega byrjast skyldi, og var kennidómsins sameiginlegt svar að þeim hentugast þætti að sá 10. júlí væri þar til tekinn eður næstur rúmhelgur dagur þar eftir ef hann ber uppá helgan dag, hvað *praesides* báðir samþykktu, og hafa allir sig þar eftir að rétta sem það viðkemur.

IX. Þann 17. júlí framlagði Jón Eiríksson, fyrrum lögsagnari í Dalasýslu, þann níunda póst af næst fyrirfarandi árs *synodali*, hver eð hljóðar um beina-uppgraftarmál sem Pétur Bjarnason að Tjaldanesi, Páll Árnason og Gunnar Jónsson eru viðriðnir. Undir þennan póst er svo skrifað: Rétt eftir *synodals*

bókinni, Jón Þorkelsson Vídalín. Hér uppá eru skrifuð þessi orð: Einshljóðandi bréf, sem þetta ofanskrifað er, las ég Jón Eiríksson *monsieur* Pétri Bjarnasyni og Páli Árnasyni áheyrandi að Tjaldanesi þann 3. apríl 1713. En ég Þórður Jónsson var við á meðan *monsieur* Jón Eiríksson las bréfið áðurnefndum mönnum, Pétri og Páli. Var það bréf með herra biskupsins Vídalíns eigin undirskrift og það sama meðtók *monsieur* Pétur Bjarnason úr hendi minni, Jóns Eiríkssonar, að ásjáandi mér Þórði Jónssyni, en *copiu* af því sama bréfi meðtók Páll Árnason. Var hún með okkar undirskriftum, en þetta framanskrifað bréf las ég Jón Eiríksson Gunnari Jónssyni að Staðarhóli þann sama þriðja dag apríl, en ég Þórður Jónsson heyrði þar uppá, og svo meðtók Gunnar þann sama dag *copiu* af þessu bréfi af okkur undirskrifaða.

Til vitnis okkar nöfn undirskrifuð að Víðidalstungu þann 10. apríl anno 1713. Hér undir hafa skrifað Jón Eiríksson mpp, Þórður Jónsson meh.

Voru nú hér fyrir réttinum nálægir straxnefndir menn, Jón Eiríksson fyrrum lögsagnari og Þórður Jónsson, og meðkenndu sínar eigin handskriftir undir þessu bréfi, en hvörki Pétur Bjarnason, Páll Árnason né Gunnar Jónsson komu hér augljóslega fram og ei heldur nokkur af þeirra hendi, jafnvel þó hér fyrir réttinum væri þrisvar sinnum uppá þá hrópað. Um myndugleika þessa fyrirkalls er prófastanna og prestanna meining að þeir vita ei þá aðferð hér í landi viðgengið hafa svo löggild hafi verið meðtekin um fyrirkalla og dóma lestur fyrir verjanda málsins, að sá sem stefnuna les og alleinasta einn maður þar til áheyrandi skuli duga fyrir tvö löggild vitni, þar stefnandi jafnan tilkallað hefur tvo erlega menn sem vitna skyldu um stefnunnar lestur. Og þessa sína meining byggja þeir á þingfararbálks 4. *cap.*, landsleigubálks 17. *cap.*, og sérdeilis á Norsku laga *lib.* 1, *cap.* 4, *art.* 2, hvar útbrykkilega stendur að stefna skuli við tvo votta.

Þessu *voto* kennidómsins er hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugur aldeilis samþykkur. En biskupsins *votum* er þannig, að sá póstur af fyrra árs *synodali* sem hér að ofan umgetur sé löglega auglýstur Pétri Bjarnasyni, Páli Árnasyni og Gunnari Jónssyni eftir þeirri *praxi* sem að hann meinar allstaðar viðtekna að vera í hans kónglegrar *majestets* löndum og ríkjum nema hér, og heldur að það eigi löggilt að vera í þessu landi sem annarstaðar er lögmætt haldið, og meinar því að þessir menn eigi hér í þetta sinn dóm að þola. En sökum þess að herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugs og prófastanna og prestanna *vota* eru samhljóða, þá verður málið eigi fyrirtekið í þetta sinn.

X. Þann 15. júlí, eftir að biskupinn svo sem saksóknari var úr hans dómarsæti uppstaðinn, var fyrir réttinum upplesin stefna sú sem herra biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín hafði meðstefna látið prestinum að Selárdal, séra Halldóri Pálssyni, þann 18. september 1710. Sömuleiðis var upplesinn

póstur af synodals bókinni *anno* 1712 þessu máli viðvíkjandi, sem tjáist að hafa verið auglýstur séra Halldóri Pálssyni 18. október sama árs, svo sem uppáskriftin á sama *document* útvísar. Einnin var upplesið þingskrif lögsagnarans Sigurðar Sigurðssonar, skeð á Fífustöðum 12. júní 1713. Móti þessu var framlagt af séra Halldórs Pálssonar hendi eitt upplestursbréf, sem hann á Fífustöðum upplesið hafði 12. júní næstliðinn, hvörs og í *processinum* getið er, hvar inni hann vænist að hann um þetta mál allraundirdánugast *supplicerað* hafi til hans kónglegrar *majestets* og þar inni allraundirdánugast begert að þessi hans sök mætti fyrir annan rétt innkoma, hvör hans *supplicatia* framsend hefur verið með Grundarfjarðarskipi næstliðið ár 1712.

Herra stiftbefulingsmannsins fullmegtugur, hér nálægur, meðkennir sig tilvita að séra Halldór Pálsson *supplicerað* hafi fyrir kónglega *majestet* á næstliðna ári, og hafi sú *supplicatia* með erkleringu framfarið. Og með því ennþá ei er til vonar að nokkur kónglegrar *majestets* allranáðugast *resolution* hingað í landið komin sé uppá greinda *supplicatiu*, þar fyrir vogum vær ekki í þetta sinn málið undir dóm að taka, þar oss ennþá óljóst er nema hans *majestet* allranáðugast þóknist þetta mál undir annan rétt skikka. Dæmum því með fullu dómsatkvæði að þetta mál skuli uppsetjast til næstkomandi árs 1714 og ef engin kónglegrar *majestets* allranáðugast *resolution* þangað til innkemur, skal séra Halldór Pálsson skyldugur vera eður hans fullkominn svaramaður að mæta fyrir *synodo generali* þann 12. júlí og hér á Þingvöllum þá endiliga dóm þola um þetta málefni. En herra biskupinn, svo sem saksóknari, í tíma þessa vora ályktun séra Halldóri birta láta, svo það vottanliga framkomi fyrir þeirri *synodo* sem næstkomandi ár haldin verður.

Að þetta framan- og ofanskrið í tíu póstum hafi svo framfarið fyrir *synodo generali* vottum vær undirskrifaðir með vorum eigin höndum hér undir að Þingvöllum dag 20. júlí *anno* 1713.

Otto Sivertsen

Jón Halldórsson eh

Torfi Halldórsson

Frans Ibsson mpp

Þorsteinn Oddsson mpp

Vigfús Jóhannsson

Magnús Oddsson

Bárður Jónsson

Jón Þorkelsson Vídalín

Þórður Jónsson eh

Jóhann Þórðarson mpp

Hannes Halldórsson eh

Jón Jónsson eh

Árni Þorleifsson

Gísli Erlingsson mpp

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1714 þann 12. júlí voru eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í dóm nefndir í *synodo generali*, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnessýslu, séra Bjarni Hallgrímsson prófastur í Rangárþingi, séra Daði Halldórsson, séra Frans Ibsson, séra Eiríkur Oddsson, séra Þorsteinn Ketilsson dómkirkjunnar prestur, séra Jón Halldórsson yngri, séra Þorkell Oddsson, séra Hafliði Bergsveinsson, séra Einar Oddsson, séra Arngrímur Pétursson og séra Jón Oddsson, til að dæma um þær sakir sem hér eiga að lögum að *tracterast*. Hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugur var ennþá ekki til þingsins kominn, samt tekur biskupinn sakirnar fyrir, eftir því kennidóminum má ei lengur upphald gjörast.

Þann 11. voru upplesnar tvær stefnur séra Vigfúsar Jóhannssonar sóknarprests að Útskálum. Með einni hefur hann stefnt prófastinum séra Torfa Halldórssyni, en með annarri prófastinum séra Ólafi Péturssyni á þann 11. dag, sem var miðvikudagur. En fyrir því að þá voru ei allir nálægir sem hér eru til dóms nefndir, þá voru greindar stefnur aftur upplesnar þann 12. júlí.

I. Var hér upplesin ályktun prófastsins séra Torfa Halldórssonar um *capellans* kaup prestsins séra Vigfúsar það ár 1711, *dateruð* Útskálum þann 15. mars. *Item* bréf Gróu Þorsteinsdóttur til séra Vigfúsar Jóhannssonar, hvar um hún biður hann Útskálastað og öllu því hönum fylgir ábyrgðarlaust umsjón veita fyrir sanngjarnlegan betaling þangað til staðurinn sé af henni úttekinn. Bréfið er *daterað* að Útskálum þann 14. júní *anno* 1712. Hér var og upplesin gjörð prófastsins millum Gróu Þorsteinsdóttur og prestsins séra Vigfúsar Jóhannssonar um alla þá reikninga og misklíð sem þeirra á millum verið hefur, *dateruð* Útskálum *anno* 1713 þann 28. september.

Stefna séra Vigfúsar til prófastsins séra Torfa Halldórssonar er þannig hljóðandi sem eftirfylgir:

Ég Vigfús Jóhannsson stefni yður séra Torfi Halldórsson, prófastur í Kjalar-nesþingi, til Þingvallna fyrir *synodum generalem* dag 11. júlí þessa árs 1714 eður hvern annan dag þar eftir sem yfirdómarnir þetta mál undir réttinn taka, til að forsvara þá gjörð sem framför millum ekkjunnar Gróu Þorsteinsdóttur og mín af yður og tilkölluðum mönnum að Útskálum dag 28. september *anno* 1713. Nefnilega:

1. Að ég hefi ei aðvaraður verið þessarri gjörð nálægur að vera og kunni ég því ei að svara til þeirra reikninga sem mér óvitandi af ekkjunnar hálfu framlagðir voru.

2. Að ég sé ei *definerað* hvað mikið ég skuli uppbera í mitt fæði frá far-
dögum 1712 og til þess staðurinn var mér afhentur, um hvern tíma ég mikinn
part mig sjálfur forsorgaði, ei heldur sé ég tiltekið hvað mikið sérhvað skuli
vert vera sem mér er til kaups og forsorgunar reiknað, utan síðar í einu lagi, að
það allt með eins hundraðs tillagi sýnist afdráttarlaust vera fyrir prestsins for-
sorgun og kaup af Útskálastað.

3. Að mér er tilreiknað fyrir forsorgun og kaup 20 dagsláttamanna verk.
Heimastaðarins not og gagnsmunir. Kýrlán árið um kring. Eitt 5 manna far árið
um kring til alls ágóða. Einn skipáróðramaður. Fiskur til soðninga af hennar
hlutum. 5 eldsgagna og annars smábúsgagns leiga. Kertatólk kirkjunni og mér
ánægjanlegt til ljósa. Eitt lýsiskvartel. Borðbúnaður léður og alreidd sæng.
Þetta hafi þér óbevisað fyrir gilt tekið (að mér skilst) og byggt þar uppá yðar
gjörð, en mig ei til ansvara ávarpað, þó ég í það sinn á sama heimili væri, en
það mun þó nokkurn part ósatt reynast og sé ég ei hvernig það kunni mér
óaðspurðum til reikningskapar að færast.

4. Að þér hafið engan betaling gjört mér fyrir það sem ekkjan Gróa Þor-
steinsdóttir hefur þó lofað betaling fyrir.

5. Að þér hafið til þessarrar gjörðar tekið 4 menn sem ei kunnu fróðir að
vera í slíkum eignum án minnar undirréttingar og tveir af þeim sem vottar höfðu
verið að *contractinni* (er svo kallast). *Item* annar þeirra Gróu nákominn að
mægðum og henni hliðhollur í ráðum og útréttingum, svo og að þér forsvarið
sérhvað annað sem í hérnefnda gjörð innfært er.

6. Að þér hafið ekkert *reflecterað* uppá bréf Gróu Þorsteinsdóttur, *daterað*
14. júní *anno* 1712, sem kallað er *contract*.

7. Vil ég undir réttinn bera hvert mér hafið fullgilt *capellans* kaup *deput-
erað* fyrir Útskálasókn og hvert svo mikið af prestsskyldum sem mér með réttu
tilheyrði í Hvalsness og Njarðvíkur kirknasóknum um þann tíma sem ég í
capellans nafni þjónað hefi.

Verið til reiðu á nefndum stað og tíma með yðar löglegt forsvar og afbatanir
móti þessu sérhverju og bíðið þar svo lengi þar til þessu máli er lokið. Hér af
eru tveir einshljóðandi genpartar og megí þér öðrum behalda, en uppá annan
bið ég skrifað að yfirlesið hafið og einshljóðandi meðtekið, og mér síðan aftur
afhendið.

Framan- og ofanskriðu til staðfestu skrifa ég mitt nafn hér undir og
hjáþykki venjulegt signet. Að Útskálum þann 19. maí *anno* 1714, Vigfús
Jóhannsson LS.

Vidi et legi Vindási dag 25. maí 1714. Genpart hefi ég og meðtekið í sama
sinni, Torfi Halldórsson.

Var nú prófasturinn aðspurður hvert hann hefði nokkuð á móti fyrirkallinu

að *prætendera*, hvar til hann svarar að hann sé ánægður með fyrirkallið. En ei segist hann til stefnunnar svara vilja fyrir en *vice*-lögmaðurinn Oddur Sigurðsson er hér nálægur. Aðspurði nú herra biskupinn kennidóminn hvert þeir vildu sitja dóm með sér í þessu máli og öðrum sem hér eiga að lögum að *tracterast*, jafnvel þótt að ei sé herra *vice*-lögmaðurinn Oddur Sigurðsson nálægur, hvar til þeir svöruðu að þó herra *vice*-lögmaðurinn kunni í einhverju að vera forfallaður þá kunni þeir ekki að halda sér uppi frá sínum söknum og húsi þar til hann kemur, eftir því menn ei vita hversu bráðliga það verða muni. Þar fyrir *resolveri* þeir í herrans nafni að ganga dóma með herra biskupinum í þeim málum sem hér fyrirfalla, þar til *vice*-lögmaðurinn kemur. Dæmir því herra biskupinn með áðurgreindum kennidómi að prófasturinn séra Torfi sé skyldugur að svara til stefnu séra Vigfúsa Jóhannssonar.

Prófasturinn séra Ólafur Pétursson setti í rétt hvert að hér væri ekkjunnar Gróu Þorsteinsdóttur varnarþing í þessari sök eður ei, og í öðru lagi hvert hann sé skyldugur að svara hér til stefnu séra Vigfúsa Jóhannssonar. Í því fyrra dæmir *synodus* að varnarþing Gróu Þorsteinsdóttur sé hér fyrir þessum rétti í þessu máli nú í þetta sinn, eftir því sökin kemur henni við eftir Norske lov *lib. 1, cap. 4, art. 2*. En í því síðara ályktast að prófasturinn séra Ólafur sé skyldugur að svara hér til stefnu séra Vigfúsa Jóhannssonar, eftir því að hann í viðurvist 6 af hér í gærdag þann 11. nálægum kennimönnum sagðist taka við genmæli í þessari sök, eftir Norske lov *lib. 1, cap. 10, art. 2*.

Pennan sama dag eftir middag sendi herra biskupinn til prófastsins séra Torfa bróður hans séra Jón Halldórsson yngra og 2 aðra presta, séra Arngrím Pétursson og séra Þorstein Ketilsson, og lét aðspyrja hann hvert hann ætlaði hér að mæta og svara til sakarinnar, en þeir fluttu aftur hans svar á þenna hátt: Að hann stæði við sitt fyrra svar og vildi ekki hér svara fyrir en rétturinn væri allur. Þar fyrir dæmum vér prófastinn séra Torfa, svo sem þann mann er lögliga stefndur ekki mætir, sekan mörk til fátækra prestaekkna, eftir þingfararbálki 9. *cap.*, þar oss er vitanligt að prófasturinn hefur engin lögmæt forföll, og tökum oss svo fyrir að dæma í sökinni eftir áðurgreindum *capitula*.

Hvað viðvíkur hinum fyrsta pósti stefnunnar, þá ályktar *synodus* að prófasturinn séra Torfi Halldórsson hafi rangliga tilgjört prestinum séra Vigfúsi Jóhannssyni í því hann hafi ei aðvarað séra Vigfús að vera nálægan gjörðinni, en hér kemur ekki fram af hendi prófastsins að það hafi skeð.

Hvað viðvíkur hinum öðrum stefnupóstinum, þá ályktast að prófastsins gjörð þar í sé ei svo fullkomin eður skýr sem viðþurfti og vera á eftir Norsku lögum *lib. 1, cap. 5, art. 14*.

Hvað hina þriðju stefnusökina áhrærir, þá sjáum vér ekki af gjörð prófastsins að fram fyrir hann hafi bevísanligt komið það sem þar í er vænst að séra

Vigfús uppborið hafi í sína forsorgun, þar presturinn *pretenderar* uppá þetta eftirskrifað:

1. 20 dagsláttamanna verk, það segir hann að þeir hafi gjört fyrir sína bón, án nokkurs betalings og tilhlutunar af ekkjunnar hálfu, það hönum vitanlegt verið hefði.

2. Kýrlán árið um kring, að ábyrgðar- og leigulausu. Sú kýr segir presturinn verið hafi geldmjólk og svo lasburða að ei hafi getað fylgt öðrum peningi, og ei komist til hærri mjólkur það ár en til þriggja marka að jöfnum mjöltum.

3. Eitt fimmmannafar til alls ágóða árið um kring. Þar segir presturinn nei í móti í sínu innleggi, því það hafi verið sótt til ekkjunnar um veturinn eftir kyndilmessu, en aftur skilað strax eftir vertíðarlok, og því hafi ei fylgt nema ein ár og austurtrog.

4. Einn skipáróðursmaður. En presturinn séra Vigfús segir sig ei vita hann af ekkjunni þegið hafa um vertíðartímann.

5. Fiskur til soðninga þegar hann vildi. Presturinn segist einungis af hennar fiski fargað hafa 42 ýsum og 4 þorskum.

6. Getur prófastsins gjörð um prestinum séra Vigfúsa léð 5 eldsgögn og annað smábúsgagn. Þar til svarar presturinn að eldsgögnin hafi án sinnar bóнар og þarfar á Útskálum eftirskilin verið, og ekki hafi presturinn af þeim brúkað nema einn þriggja fjórðunga pott og annan minni.

7. Stendur svo í gjörðinni að kertatólk hafi ekkjan prestinum til ljósa ánægjanlega tillagt. Þar til svarar presturinn að það hafi ei verið kirkjunni afgang sér til brúkunar, því það hafi gengið henni til nauðsynlegrar lýsingar.

8. Segir í gjörð prófastsins að ekkjan hafi prestinum tillagt eitt lýsiskvartel, en presturinn segist það ei meðtekið hafa nema 10 merkur, og þó með því móti að það hafi orsakast þar af að hann hafi látið í hennar nauðsynjum verka tvo hennar vorhluti og betalað verkunina, skilað henni hlutunum þurrum, en lýsið úr þeim segist hann hafa meðtekið.

Enga lögliga bevísing færir séra Vigfús til þessa í þetta sinn, en sökum þess að prófasturinn hefur ekki heldur fært, svo sjá megi af gjörðinni, neinar bevísingar til sinnar ályktunar, þá ályktast að hún sé og í þessum pósti ófullkomin og kunni ei að standast.

Um hinn 4. póst stefnunnar verður talað í því sem dæmt verður um hinn sjötta.

Um hinn 5. póst ályktar *synodus* að prófasturinn hafi gjört á móti lögum í því að taka til þessarrar gjörðar bændur og ei presta, svo sem lögin skipa. *Ordinantian* þar hún talar um þetta, *pag. G vi*, og Norsku lög *lib. 2, cap. 13, art. 1, 7, 8*.

Um hinn 6. póst stefnu séra Vigfúsar dæmum vér að sökum þess að bréf

ekkjunnar Gróu Þorsteinsdóttur er ei á móti lögum, svo vér sjá kunnum, þá byrjaði prófastinum að taka það í *consideration*, því þetta bréf átti að standa í sínum fullum myndugleika eftir Norsku lögum *lib. 5, cap. 1, art. 1, 2*.

Hvað viðvíkur hinum 7. pósti, þá, jafnvel þó biskupinum og kennidóminum virðist að séra Vigfúsi hafi lítið *deputerað* verið í hans *capellans* kaup um náð-arárstímann, þar ekkjan hefur uppborið tvo parta af Njarðvíkur- og Hvals-nessóknum, þá samt fyrst séra Vigfús hefur ei mótsagt þeirri prófastsins gjörð í þessum pósti 1711 og hann lætur sér það nú líka, þá ályktast að þessi póstur af gjörðinni 1713 skuli standa í sínum fullum myndugleika.

Um allt þetta stefnumál er nú fullkominn dómur og ályktun biskupsins og kennidómsins, að eftir því oss virðist að prófasturinn séra Torfi Halldórsson hafi gefið prestinum séra Vigfúsa Jóhannssyni fulla orsök til að klaga þetta mál, og að hann í fyrra 1713 í úttekt Útskálastaðar hefur ályktað að séra Vigfús skyldi mæta hér fyrir *synodo generali* í þeirri sök sem af hönum átti að *deciderast* í héraði, þá skuli hann (prófasturinn) gjalda séra Vigfúsi í sinn kostnað alls þrjú hundruð uppá landsvísu, og hafi það betalað í næstkomandi fardögum 1715, og sé það þá eigi lokið þá gjaldi hann einu hundraði meira eftir Norsku lögum *lib. 1, cap. 5, art. 15*. Svo og dæmum vér að sú gjörð er prófasturinn séra Torfi Halldórsson hefur með tilnefndum fjórum bændum gjört á millum séra Vigfúsar og Gróu Þorsteinsdóttur að Útskálum *anno 1713 28. september* skuli að svo prófuðu og fyrir oss komnu dauð og magtarlaus vera, að undanteknum þeim fyrsta pósti, sem er sá 7. í stefnunni og talar um laun prests-ins um náðarárstíma ekkjunnar.

Þann 13. var upplesið bréf prófastsins séra Ólafs Péturssonar, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Eftir því mér undirskrifuðum skilst ég dæmdur sé að mæta fyrir þessarri *synodo* til að svara fyrir prestsekkjuna Gróu Þorsteinsdóttur, þá með því stefnandinn hefur stefnt mér fyrir yfirdómara *in plurali* en ekki *in singulari numero*, þá vil ég mig hér með í undirgefni afsaka og afsegja til stefnunnar að svara fyrir en hans höj-*excellences* stiftbefulingsmannsins fullmeztugur með herra *superintendenti* nálægur verður. Að Þingvöllum þann 12. júlí *anno 1714*. Veleðla göfugra og veleruverðugra yfirvalda auðmjúkur þénari, Ólafur Pétursson eh.

En nú er *vice-lögmaðurinn* Oddur Sigurðsson kominn til alþings, hverjum biskupinn sendi boð í morgun með dómkirkjunnar presti, séra Þorsteini Ketils-syni, að hann vildi koma til *synodum generalem*, og flutti presturinn aftur það boð að *vice-lögmaðurinn* mundi ei koma hér í dag. Þess vegna ályktum vér enn nú að prófasturinn séra Ólafur Pétursson sé skyldugur að svara hér í dag til sakarinnar. Hefur nú biskupinn gjört honum tvisvar boð og er hann enn nú ekki

kominn. Þess vegna var þrisvar sinnum á hann hrópað og mætti hann ennþá ekki heldur. Þar fyrir tókum vér fyrir oss að yfirvega stefnu séra Vigfúsa til áðurgreinds prófests, séra Ólafs Péturssonar, sem er hljóðandi sem eftirfylgir:

Heiðurlegi kennimann séra Ólafur Pétursson, fyrrum prófastur í Kjalarnes-þingi. Eftir því þér hafið verið fyrir hönd ekkjunnar Gróu Þorsteinsdóttur við þá gjörð sem framför millum hennar og mín af héraðsprófastinum í Kjalarnes-þingi séra Torfa Halldórssyni og tilkölluðum mönnum að Útskálum dag 28. september *anno* 1713, og í fleiru henni viðvíkjandi, því stefni ég Vigfús Jóhannsson yður séra Ólafur Pétursson svo sem ekkjunnar svaramanni til Þingvallna fyrir *synodum generalem* dag 11. júlí þessa árs 1714 eður hvern annan dag þar eftir sem yfirdómarnir þetta mál undir réttinn taka.

1. Að svara til þess sem í hérnefndri gjörð er framborið og innfært, einnig að forsvara sérhverjar yðar aðgjörðir sem haft hafið vegna Gróu Þorsteinsdóttur í móti mér, reikningum og skuldaheimtum viðvíkjandi okkar á milli.

2. Að þér séuð til andsvara hvert mér beri ei billegur betalingur fyrir það ég hefi gjört vegna velnefndrar Gróu Þorsteinsdóttur, eftir sjálfrar hennar skriflegri bön og loforði *dateruðu* 14. júní 1712, sem kallað er *contract*. Eður ef hlutaðeigendur vilja ei við þá *contract* blífa, hvert mér beri þá ei að hafa alla innkomst Útskála-, Hvalsnes- og Njarðvíkursókna og not staðarins óhnotin frá því ekkjunnar náðarár endaði, en henni beri alleinasta fullvirði fyrir ábyrgð staðarins og þess sem hönum fylgir þar til mér var staðurinn afhentur.

3. Stefni ég yður til að framleggja fyrir nefndan rétt skýran og skjallegan reikning allra þeirra prestsskyldna sem Gróa Þorsteinsdóttir hefur uppborið í Hvalsness og Njarðvíkur kirknasóknum það ár 1712 og í öllum þremur Útskála-, Hvalsnes- og Njarðvíkursóknum *anno* 1713 undir rétta skilagrein okkar á milli, svo glögglega sjást megi hvert okkar uppborið hefur meira eður minna en réttur tilstendur, og kunni svo sanngjarnlega niður að setjast eftir tiltölu.

Verið nálægir á nefndum stað og degi með allt það lögmætt sem yður og ekkjunni kann að vera til bata og forsvars í þessu sérhverju, og bíðið þar til þessu máli er lokið. Hér af eru tveir einshljóðandi genpartar og megi þér öðrum behalda, en uppá annan bið ég skrifið að yfirlesið hafið og einshljóðandi meðtekið, og mér síðan aftur afhendið.

Framan- og ofanskriðu til staðfestu skrifa ég mitt nafn hér undir og hjáþrykki venjulegt signet að Görðum á Álftanesi þann 23. maí *anno* 1714, Vigfús Jóhannsson LS.

En þó ég hafi séð og lesið þessa stefnu, þá bið ég og býðst til að það sem stefnandi þykist hafa að tala mér til mætti okkar á milli án lagasókna svo einingarsamlega úttalast að okkar háverðuga yfirvaldi væri ekki ómak þar með orðsakað. Viljandi enn nú sem fyrr bróðurlega tilhlýða og sanngjarnlega leið-

rétta það sem áfátt fyndist og í mínu valdi væri að viðauka hans laun af velnefndrar prestsekkjunnar hendi. En með því stefnandinn telur sig undan því að þessu sinni, þá vil ég við stefnuna kannast, svo sem hún hefði mér lesin verið. *Anno, die et loco ut supra*, Ólafur Pétursson eh.

Genpart af þessarri stefnu meðtók ég á sama stað og degi, Ólafur Pétursson.

Hvað viðvíkur hinum fyrsta pósti, þá var séra Vigfús aðspurður, hvað það væri sem hann *prætenderaði* sig vanhaldinn um að vera af prófastinum séra Ólafi Péturssyni í reikningum og skuldaheimtum vegna Gróu Þorsteinsdóttur. Hvar uppá hann framlagði *copiu* af einu bréfi, *vidimeraða* af tveimur mönnum, Guðmundi Jónssyni og Runólfi Sveinssyni, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Eftir því ég undirskrifaður hefi ei fengið úttalað millum kennimannsins séra Vigfúsa Jóhannssonar og mín vegna eruverðugar Gróu Þorsteinsdóttur það sem hans næstliðna árs launum var aðlútandi og mér vegna velnefndrar Gróu bar til að svara undir nú framfarna afhendingu, og því erindi er af eruverðugum héraðsprófastinum séra Torfa Halldórssyni greinilega vísað fyrir næstkomandi *generalem synodum*, þá bið ég og viðvara ærukært og elskuverðugt sóknarfólk í Útskála-, Hvalsnes- og Njarðvíkursóknum að það ei gjaldi fyrrvelnefndum séra Vigfúsa Jóhannssyni neitt af þeim gjöldum sem kirkju og kennimanni ber að gjaldast í fyrrnefndum sóknum fyrir umliðið ár til næstliðinna fardaga inn til næstkomanda alþingis, utan hærra yfirvalds befaling þar til komi. Og auglýsi þessu jafnframt að ég ei réttara veit heldur en fyrrnefnd gjöld tilheyri fyrrvelnefndri prestsekkjunni Gróu Þorsteinsdóttur. Undir þetta skrifa ég mitt nafn í fyrrvelnefnds héraðsprófastsins náveru og óska hans eruverðugheit vildi sína meiningu og leiðréttingu hér uppáteikna. Stundandi gjarnan til að finnst erlegra Guðs barna einfaldur vin og þénari, Ólafur Pétursson, að Görðum þann 19. júní *anno* 1713.

Ofanskrið hefi ég yfirlesið og virði eruverðugum prófastinum til vorkunnar þó framhalda vilji háyfirvaldanna fullmegtugra befalingu ekkjunni til nauðsynlegra nota. Til merkis, Torfi Halldórsson.

Strax eftir það að þetta bréf var upplesið kom prófasturinn séra Ólafur Pétursson inn fyrir réttinn og var það sama bréf að hönum áheyrandi upplesið, og spurði biskupinn hann að af hverjum myndugleika hann hefði aðvarað sóknarfólkið í Útskála-, Njarðvíkur- og Hvalsnessóknum að gjalda ekki séra Vigfúsa Jóhannssyni neitt af þeim gjöldum sem kirkju og kennimanni ber að gjaldast í áðurgreindum sóknum? Hvar til greindur séra Ólafur svaraði þeirrar meiningar að þegar hann væri réttilega fyrirkallaður vildi hann til þess svara. Aðspurði svo síðan hvert hann mætti ei burtu ganga frá þessum rétti? Og svaraði biskupinn hönum að hann hefði ekkert leyfi af sér þar til, gekk hann

svo í burtu og út úr kirkjunni. Fyrir þetta stefnufall skal hann betala til fátækra prestaekkna eina mörk.

Hér uppá er ályktun *synodi*, að sökum þess prófasturinn séra Ólafur Pétursson framlagði hér nú engan myndugleika til að gjöra þetta aðvörunarbréf, þá hafi það ekki mátt að neinu gilda og skal hann (prófasturinn séra Ólafur Pétursson) fyrir þessa sína hlutsemi gjalda til fátækra prestaekkna eitt hundrað uppá landsvísu ei síðar en í næstkomandi fardögum.¹

Í þeim öðrum pósti dæmist svoleiðis, að sökum þess séra Vigfús ekki vill standa uppá bréf ekkjunnar Gróu Þorsteinsdóttur, *daterað* 14. júní 1712, sem kallað er *contract*, og séra Ólafur ekki hefur hingað til gefið til vitundar hvert hann vildi því bréfi framhalda eður ei, en séra Vigfús setur í rétt hvert hönum beri þá ei að hafa alla innkomst Útskála-, Hvalsnes- og Njarðvíkursókna og not staðarins óhnotin frá því ekkjunnar náðarár endaði, en henni beri alleinasta fullvirði fyrir ábyrgð staðarins og þess sem hönum fylgir, þar til hönum var staðurinn afhentur, þá skuli ekkert uppá þetta bréf *reflecterast* hér eftir og það skuli vera svo sem ógjört, en séra Vigfús hafi mátt gefa sig til staðarins, eftir bón ekkjunnar Gróu, og hönum tilheyri öll innkomst Útskála-, Hvalsnes- og Njarðvíkursókna síðan *anno* 1712 í fardögum.

En fyrir ábyrgð staðarins og kirkjunnar að Útskálum skal ekkjan Gróa Þorsteinsdóttir uppbera allan ágóða af hjáleigum staðarins og þar meðfylgjandi kúgildum frá 1712 og til þess staðurinn var afhentur. Ei skal hún heldur neitt betala séra Vigfúsi undir hennar skip sem þar hafa kunnað að ganga um áðurgreint ár. Alla ljóstolla um áðurgreint ár skal hún uppbera, þar séra Vigfús meðkennir að hún hafi lýst kirkjunni, en kirkjutíundir skulu heyra hönum til. Hafi séra Vigfús nokkuð meira uppborið heldur en hönum var *deputerað* í hans *capellans* kaup inn til 1712, þá skal hann það afturgjalda, en hún skal standa hönum reikningskap af öllum prestsskyldum og kirkjutíundum sem hún hefur uppborið, að undanteknum ljóstollum, sem áður er sagt, og svo legkaupum. Þau skal hún uppbera betalingslaust.

Og eftir því að séra Vigfús hefur fullkomið *collations* bréf af herra landfógetanum Páli Beyer uppá Útskálastað, en *anno* 1711 er dæmt af biskupinum og öllum kennidóminum sem þá var nálægur í *synodo* að séra Vigfús skyldi behalda Útskálakalli framvegis, en enginn hefur þeim dómi stefnt allt hingað til, svo að hann á eftir Norsku lögum *lib. 1, cap. 5, art. 30* að standa í sínum fullum myndugleika, þá virðist kennidóminum að séra Vigfús hafi með frjálssu að sér tekið Útskálastað og hans *inventarium*, eftir afhendingu prófastsins séra Torfa

1 *ei síðar en í næstkomandi fardögum*: bætt við fyrir ofan línu

Halldórssonar, nema hans kóngleg *majestet* annað bjóði, og eigi því hér eftir átölulaust að behalda allt svo lengi að hann það ekki á móti lögunum forbrýtur.

Hvað viðvíkur hinum þriðja pósti í stefnu séra Vigfúsar Jóhannssonar til prófastsins séra Ólafs Péturssonar, þá eftir því að séra Ólafur hefur engan reikning hér framlagt, þá dæmum vér að þau presturinn séra Vigfús Jóhannsson og ekkjan Gróa Þorsteinsdóttir skuli annaðhvert gjöra sjálf reikningskap sín á millum eður tilnefna ópartíska menn af hvers hendi til að *liquidera* þenna reikningskap á millum þeirra, eftir því sem dæmt og ákveðið er hér að ofan, og hafi það gjört innan jafnlengdar. Allir smáreikningar viðvíkjandi því sem séra Vigfús meinar sig að hafa uppkostað vegna ekkjunnar frá 1712 og það sem séra Ólafur hefur hennar vegna reiknað hönum til skuldar í gjörð prófastsins séra Torfa skulu fallast í faðma og hverugt öðru þar fyrir neitt skyldugt vera.

Þann 14. voru í staðinn séra Eiríks Oddssonar og séra Einars Oddssonar nefndir prófasturinn séra Einar Bjarnason og séra Jón Jónsson sóknarprestur að Breiðabólstað á Skógarströnd, hverjir vitanlegra forfalla vegna ekki hafa kunnað fyrir að mæta, jafnvel þótt *citeraðir* væru.

Í sama sinn kom séra Vigfús Jóhannsson fyrir réttinn og óskaði dóms á hvert að hönum ekki bæri af prófastinum séra Ólafi Péturssyni nokkur *satisfaction* fyrir þá þörfun er hann liðið hefði vegna prófastsins aðvörunar til sóknarfólksins, sem áður er umgetið, og lagði nú hér fram eitt bréf hljóðandi sem eftirfylgir: Það meðkennustum við undirskrifaðir, að eftir þeim reikningi sem séra Vigfús Jóhannsson fyrir oss í gærdag framlagði, þá mun hann bresta uppá þær kirkjur og kennimannsskyldur sem hönum eru nú tildæmdar yfir 13 hundruð fiska. Til merkis vor nöfn hér undirskrifuð að Þingvelli þann 14. júlí *anno* 1714, Þorsteinn Ketilsson, Hafliði Bergsveinsson. Hér um dæmir *synodus* að séra Ólafur skuli betala séra Vigfúsi fyrir þessa þörfun 2 ríxdali og hafi það lokið í næstkomandi fardögum, en betali 3 ella.

II. Sama dag var upplesinn dóms *process* prófastsins í Rangárþingi, séra Bjarna Hallgrímssonar, framfarinn að Teigi í Fljótshlíð á millum Guðrúnar Sæmundardóttur og hennar egtamanns Stefánar Gissurssonar. Af greindum *process* er að sjá, að Guðrún hefur gefið bónda sínum það að sök að hann hafi barn átt framhjá sér, við hverju Stefán gengið hefur. Þessar persónur hefur prófasturinn dæmt skyldugar að mæta hér fyrir *synodo generali* og síðan *citerað* bæði þau hingað, en hverugt þeirra er hér nú nálægt. Þó hafa þau sent hingað afbatanir nokkrar, hverjar uppá Stefáns síðu virðast að vera gildar, þar hann hefur sent sín forföll bevisuð, en uppá síðu Guðrúnar komu hér ekki þau forföll fram sem að oss lögmæt þykja. Að þessu og svo *processinum* yfirveguðu ályktast, að eftir því að ei sést af *processinum* að þau Guðrún og Stefán hafi verið svo greinilega rannsökuð bæði um sambúð síðan brot Stefánar tilfáll, ei

heldur er þar að sjá nær það tilfallið hafi, að þetta mál skuli aftur að nýju undir rannsak takast af velnefndum prófastinum séra Bjarna Hallgrímssyni í héraði og síðan aftur innsetjast fyrir *synodum generalem* sem haldin verður 1715, og að þau skuli af prófastinum til sömu *synodum* stefnd vera.

III. Var fyrir réttinn framlagður og upplesinn dóms *process* prófastsins í Þverárþingi sunnan Hvítár, séra Hannesar Halldórssonar, genginn að Leirá í Leirársveit þann 20. júní 1714, um hórdómssök Þórði Guðmundssyni á hendur borna af sinni eiginkonu Geirlaugu Illugadóttur. Voru þau nú bæði hér fyrir réttinum persónulega nálæg og var Þórður aðspurður hvert hann játaði því sama hórdómsbroti á sig sem áðurnefndur héraðs *process* umgetur? Hvar til hann svaraði: Já. Í öðru lagi var Þórður aðspurður hvert kona hans Geirlaug Illugadóttir hefði gefið honum nokkra orsök til þessa hórdómsbrots? Hvar til hann svaraði: Nei. Þar eftir var Geirlaug aðspurð fyrir réttinum hvert hún vildi ei þenna sinn egtamann Þórð Guðmundsson til hjónabandssamvista aftur taka, hverju hún þverneitaði. Eftir þetta voru bæði þau Þórður og Geirlaug aðspurð hér fyrir réttinum hvert þau hefði nokkurt holdlegt samræði haft til barngetnaðar sín á millum síðan þetta hórdómsbrot Þórðar auglýstist og neituðu þau því bæði. Þar fyrir dæmum vér með fullu dómsatkvæði að þessar persónur, Þórður Guðmundsson og Geirlaug Illugadóttir, skuli héðan í frá aldeilis aðskilin vera og þeirra egtaskapur sundurlaus, og haldi þau sig héðan af svo sem ógiftar persónur eftir hjónabands *articulunum*.

IV. Var upplesin angefning Jóns Grímssonar frá Blönduholti í Kjós fyrir biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, *dateruð* 6. apríl 1714, hljóðandi um forsömun á hans barns skírn. *Item citatia* biskupsins til prófastsins séra Torfa Halldórssonar, *dateruð* 7. maí 1714, hverja prófasturinn meðkennir sig séð og lesið hafa, og genpart meðtekið þann 9. maí að Vindási. Hér var og upplesið bréf Jóns Grímssonar með hans eigin hendi undirskrifað, í hverju hann gengur á móti sinni áðurgreindri angefningu og segist þar til af öðrum hafa lokkaður verið. Var nú prófasturinn nálægur hér fyrir réttinum, en Jón Grímsson ekki, jafnvel þótt þrisvar væri á hann kallað. Því ályktast að Jón hafi tapað sinni sök í þetta sinn, en hans angefning skal ekki koma prófastinum séra Torfa Halldórssyni til neinnar óvirðingar, svo lengi Jón ekki aftur stefnir.

V. Þann 16. var upplesið umboð biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín, *daterað* 18. mars 1714, útgefið Teiti Arasyni, svohljóðandi orðrétt sem eftirfylgir:

Ég Jón Þorkelsson Vídalín, *superintendens* Skálholtsstiftis, gjöri vitanlegt með þessu mínu bréfi, að jafnvel þótt ég í engan máta sé skyldugur til að hlýða dómi *vice-lögmansins* Odds Sigurðssonar, er hann gekk í *synodo generali* þann 15. júlí 1713 um mál séra Halldórs Pálssonar að Selárdal, í því hann segir

ég hafi í tíma þá ályktun séra Halldóri birta láta, ef það á svo að skiljast að hann vilji skylda mig hér til með sínum dómi, því ég veit ei betur en greindur *vice-lögmán* sé skyldugur til að birta sinn eigin dóm *in causa publicâ*, þá samt til þess að rétturinn megi hafa sinn framgang og að ég geymi skyldu míns embættis í því að styrkja til að lestir og vanskikkun verði ströffuð, þá hefi ég gefið og hér með gef mitt fullkomið umboð *monsieur* Teiti Arasyni til að birta greindum séra Halldóri áðurgreinda *vice-lögmanns* Odds Sigurðssonar ályktun, hvert mitt umboð ég staðfesti með minni eigin handskrift og signeti hér að neðan í Skálholti þann 18. mars *anno* 1714, Jón Vídalín LS.

Síðan var upplesinn hinn 10. póstur af fyrra árs *synodale* 1713, þann 15. júlí, hvern póst Teitur Arason eftir útgefnu umboði hefur auglýst að Selárdal þann 3. maí, svo sem hér eftirskrifað *attest* útvísar:

Hér að framan- og ofanskriafaða dóms *copiu* las *monsieur* Teitur Arason í kalldyrum að Selárdal þann 3. maí *anno* 1714 hátt, skýrt og skiljanlega, og bauð síðan Birni Halldórssyni *copiur* af þar upplesnum *documentum* föður síns (séra Halldórs) vegna að meðtaka, hvar til hann svaraði: Ég á ekki að meðtaka þær. En áður *monsieur* Teitur þennan upplestur byrjaði hrópaði hann þrisvar á séra Halldór Pálsson og bað hann þar á hlýða. Voru þá aftur lokaðar allar þær dyr er lágu að hans setu- og sængurstofu. Þessu til staðfestu setjum við okkar nöfn og signet hér að neðan. Sigurður Jónsson með eigin hönd LS, Ólafur Pétursson hreppstjóri á Barðaströnd LS.

Og *copiu* af áðurgreindum *synodals* pósti hefur Teitur afhent séra Halldóri 1714 þann 9. júní, svo sem tveggja manna vitnisburður útvísar, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Anno 1714 þann 9. júní að Arnarstapa við Tálknafjörð afhenti Teitur Arason séra Halldóri Pálssyni *copiu* af þeim dómi sem dæmdur var í *synodo generali* 1713 þann 15. júlí, hans máli viðvíkjandi, hver dóms *copia* var öldungis samhljóða þessarri framan- og ofanskriafri *copiu* með veleðla herra biskupsins uppáskrift, undirskrifuðu nafni og hjáþrykktu signeti. Til vitnis okkar undirskrifuð nöfn. Sigurður Jónsson með eigin hönd, Hálfðan Nikulássson.

Ennþá var upplesin ósk og beiðni biskupsins til *vice-lögmanns* Odds Sigurðssonar til að *praesidera* hér í dag í réttinum, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Eðla velvísi herra *vice-lögmán* Oddur Sigurðsson. Vitanlegt sé hönum að ég hefi látið birta séra Halldóri Pálssyni að Selárdal þann dóm er herra *vice-lögmaðurinn* gekk *in synodo generali* ásamt kennidóminum í fyrrasumar 1713, í því máli er ég míns embættis vegna hafði til greinds séra Halldórs Pálssonar að kæra. Þar fyrir óska ég og beiðist af yður herra *vice-lögmán* Oddur Sigurðsson, að þér nú í dag séuð nálægir til að *praesidera* í þessu máli hér að

Pingvöllum *in synodo generali*. Forblíf alltið hans þénustuviljugur vinur og tjener, Jón Vídalín, Pingvöllum þann 16. júlí *anno* 1714.

Uppá þetta hefur *vice-lögmaðurinn* ekki skriflega svarað, nema þessu: *Vidi et legi*. En prófasturinn séra Jóhann Þórðarson, sem fór með þetta bréf til *vice-lögmansins* nú í dag, og tveir prestar, séra Þorsteinn Ketilsson og séra Hafliði Bergsveinsson, er hönum fylgdu, vitna að *vice-lögmaður* hafi munnlega svarað þeirrar meiningar sem eftirfylgir: Ég tvíla það muni verða tekið fyrir í *synodo* í þetta sinn, því ég hefi fengið bréf frá amtmanninum, að *supplicatia* séra Halldórs hafi fengið framgang og *favorable* erklæring.

Nú eftir því að biskupinn er *actor* í þessarri sök, en vær vitum enga von til að *vice-lögmaðurinn* muni hingað í dag koma, en biskupinn segir að hann viti ekki hingað fleiri mála von, þá afsakar kennidómurinn sig að bíða hér lengur. Verður því þetta mál hér ekki undir dóm tekið í þetta sinn.

Framanskrifaða dóma og allt annað hvað framfarið er í þessarri *synodo generali* staðfestum vér og samþykkjum með vorum eigin handskriftum hér að neðan að Pingvöllum dag 17. júlí 1714.

Jón Þorkelsson Vídalín
Bjarni Hallgrímsson meh
Daði Halldórsson
Þorsteinn Ketilsson
Jón Halldórsson
Hafliði Bergsveinsson
Jón prestur Jónsson mpp

Jóhann Þórðarson mpp
Einar Bjarnason prestur mpp
Frans Ibsson mpp
Þorkell Oddsson
Arngrímur Pétursson
Jón Oddsson

Anno 1714 dag 18. júlí á Öxarár alþingi var tilsettur *commissions* réttur af herra lögmanninum Laurits Christianssyni Gottrup uppá hans höj-*excellences* vegna og herra biskupinum herra Steini Jónssyni eftir kónglegum *expresse ordres* í stað herra biskupsins magisters Jóns Þorkelssonar Vídalín, áhrærandi þá sök sem risið hefur af egtaskaparmálum prestsins séra Runólfs Hendrikssonar og er innfallin í millum herra landfógetans *seigneur* Beyers og velnefnds heiðurlegs kennimanns. Kvöddu herra *præsides* undirskrifaða 12 stiftisins prófa-
sta og presta í þetta verk með sér til endilegs dóms og úrskurðar.

1. Voru í fyrstu upplestar tvær kónglegrar *majestets* allranáðugustu befa-
lingar, sú eina til háborins herra stiftbefalingsmannsins herra Uldrich Christian
Guldenlew og sú önnur til veðla herra biskupsins yfir Hólastifti herra Steins
Jónssonar, báðar undir sama degi og *dato* útgefnar, og eru þær innfærðar
orðrétt sem eftirfylgir:

Friderich den fjerde af Guds naade, konge til Danmark og Norge, de Vend-

ers og Gothers, hertug udi Slesvig og Holstein, Stormarn og Ditmersken, greve udi Oldenburg og Delmenhorst. Vor synderlig gunst og bevaagenhed til forn. Saasom herr Runolf Hendrichsen sognepræst til Sandfeld udi Skaftefelds syssel paa vort land Island for os allerunderdanigst klageligen haver ladet andrage, at Powel Beyer landfoget paa egne og Oddur Sigurdssons, *vice-lavmand* for Norden og Vesten der i landet hans vegne, skal have ladet gøre forbud imod bemeldte herr Runolf Hendriksens forehavde ægteskabs fuldbyrdelse med hans da trolovede festemö, nuværende hustru Gudrid Eiolfdsdaatter, hos hendes sognepræst og de næste præster formedelst at han til forn skal have forlovet sig med en anden kvindespersion ved navn Mette Hansdaatter, som han allerunderdanigst foregiver aldrig skal kunne godtgøres, men at samme kvindespersion skal være bleven besøvet i landfogedens tjeneste af en hans arbejdskarle, og at benævnte herr Runolf Hendrichsson skal derefter være bleven stævnet saavel til præstemöde, hvor ingen endelig dom gik, som og til *synodem generalem*, hvor lavmanden for Norden og Vesten, Laurits Christenssen Gottrup, som i det sted som vores stiftbefalingsmand derover landet *præsidere* retten, skal ei alene have forbuden vedkommende *documenter* i sagen den gang for retten at lade oplæse, men endog fordi at bemeldte Oddur Sigurdsson udi sit skriftlig indlæg for retten skal formene at biskopen over Skalholt stift, os elskelig *magister* Jon Widalin, i forskrevne sag er *interesseret*, opsat sagen indtil dens beskaffenhed os allerunderdanigst til vores videre allernaadigste *resolution* kunne vorde foredragen, saa give vi dig hermed allernaadigst til kende at vi allernaadigst haver befaleet biskopen over Holestift, os elskelig herr Steen Joensen, at rette sin leilighed efter, udi forskrevne sag at sidde retten i forberörte *magister* Joen Widalins sted. Derefter du dig allerunderdanigst kan vide at rette. Befalendes dig Gud. Skrevet paa vort slot Köbenhavn den 16. juli *anno* 1712.

Efter hans kongelige *majestets* allernaadigste befaling udi höjstbemeldte hans *majestets* fraværelse under det kongelige segl og det herværende *conseils* underskrift. O. Krabbe, C. Sehested, W. Helt.

Ret efter originalen, testerer Guldenlew LS.

Friderich den fjerde af Guds naade, konge til Danmark og Norge, de Venders og Gothers, hertug udi Slesvig og Holstein, Stormarn og Ditmersken, greve udi Oldenburg og Delmenhorst. Vor bevaagenhed til forn. Saasom herr Runolf Hendrichsen, sognepræst til Sandfeld udi Skaftefelds syssel paa vort land Island for os allerunderdanigst klageligen haver ladet andrage at Poul Beyer landfoget paa egne og Oddur Sigurdsens *vice-lavmand* for Norden og Vesten der i landet hans vegne, skal have ladet gøre forbud imod bemeldte herr Runolf Hendriksens forehavde ægteskabs fuldbyrdelse med hans da trolovede festemö, nu værende hustru Gudrid Eiolfdsdaatter, hos hendes sognepræst og de

næste præster, formedelst at han til forne skal have forlovet sig med en anden kvindespersion ved navn Mette Hansdaatter som han allerunderdanigst foregiver aldrig skal kunne godtgøres, men at samme kvindespersion skal være bleven besøvet i landfogedens tjeneste af en hans arbejdskarle, og at benævnte herr Runolf Hendrichssen skal derefter være bleven stævnet saavel til præstemøde, hvor ingen endelig dom gik, som og til *synodum generalem*, hvor lavmanden for Norden og Vesten, Laurits Christensen Gottrup, som i vores stiftbefalingsmands sted *præsiderede retten*, skal ei alene have forbuden vedkommende *documenter* i sagen den gang for retten at lade oplæse, men endog fordi at bemeldte Oddur Sigurdsson udi sit skriftlig indlæg for retten skal formene at biskopen over Skalholt stift, os elskelig *magister* Joen Widalin, i forskrevne sag er *interesseret*, opsat sagen indtil dens beskaffenhed os allerunderdanigst til vores videre allernaadigste resolution kunne vorde foredragen. Saa er hermed vores allernaadigste vilje og befaling at du efter din leilighed efter udi foreskrevne sag at sidde retten i forberørte biskops *magister* Jons Widalins sted. Dermed ske vor vilje. Befalendes dig Gud. Skrevet paa vort slot Köbenhavn den 16. juli anno 1712.

Efter hans kongelige *majestets* allernaadigste befaling udi højstbemeldte hans *majestets* fraværelse, under det kongelige segl og det herværende *conseils* underskrift. O. Krabbe, C. Sehested, W. Helt.

2. Var upplestið og auglýst hans höje *excellences* náðugasta *missive* til herra lögmannsins Laurits Gottrup áhrærandi þessa sök sem eftirfylgir:

Kongelig *majestet*s lögmand ædle Laurits Gottrup.

Hvad hans kongelig *majestet* ved allernaadigste befaling til mig af 26. *hujus* igennem det høj kongelige *geheime conseil* angaaende herr Runolfer Hendrichsen sag allernaadigst har behaget at *resolvere communiceres* hannem ved indlagte *vidimeret copia* til sin allerunderdanigste efterretning og som begge bisperne ligelydende er tilstillet. Saa ville han saavidt vedbørligt gøre samme videre bekendt. Guds trygge beskærmelse befalet af hans beredvillige, Köbenhavn den 22. juli 1712, Guldenlew.

3. Innkom fyrir réttinn skólameistarinn í Skálholti *monsieur* Þorleifur Arason með eitt bréf frá herra biskupinum *magister* Vídalín, hvar inni velnefndur herra biskupinn spyr eftir þeim myndugleika eftir hverjum hann sé inn fyrir þenna rétt *citeraður*, og óskar sér sé andsvar gefið uppá sína *proposition*. Þetta var upplestið opinberlega og svara herra *præsides* svoleiðis þar uppá, nefnilega herra lögmaðurinn Gottrup þeirrar meiningar að hann ekki svo snöggst svari þar til fyrr en veðla herra biskupinn *magister* Vídalín fyrir réttinum í eigin persónu *compareri*. Síðan vilji hann sitt andsvar láta í *protocollinn* innfæra. En veðla herra biskupinn herra Stein Jónsson svarar skriflega með svofelldu

móti, að því vilji hann þénustusamlega gegna á sínum stað og tíma. *Datum* bréfsins er 18. júlí 1714.

4. Annað bréf framlagði herra biskupinn *magister* Vídalín í eigin persónu, hvar inni hann krefst og beiðist að sér sé með rökum *demonstrerað* að hann sé í máli séra Runólfs Hendrikssonar *interesseraður*. Datum þessa skrifts 18. júlí *anno* 1714.

5. Hér næst voru þær *citatiur* upplesnar sem veleðla herra *præsides* höfðu gjört til biskupsins *magisters* Jóns Vídalín, lögmannsins herra Odds Sigurðssonar, landfógetans *seigneur* Beyers, prestsins séra Runólfs Hendrikssonar og fyrrumverandi prófastsins séra Ólafs Péturssonar, sem allir voru nálægir hér á lögþinginu.

6. Þegar hér var komið málinu gáfu málspartarnir sig viljuglega til forlíkunar í sökinni fyrir tilmæli herra *præsidentum* og samankominna eruverðugra kennimanna. Skál þessi sök vera aldeilis dauð og magtarlaus og með öllu útslegin málspartanna í millum í allan uppþenkilegan máta með allra þeirra *respecti* og góðri virðingu, og öll sú óeining sem innfallið kann hafa í meira eður minna máta hér af skal framvegis vera ein aftöluð sök, og að öngvu verði á allar síður, en hér eftir sé haldinn hreinn og góður vinskapur.

Þessu til styrkingar að svoieðis framfarið hafi fyrir réttinum in *synodo generali* testera undirskrifaðir að Þingvöllum dag 20. júlí *anno* 1714.

Otto Sivertsen	Paul Beyer
Ólafur Pétursson	Runólfur Henriksson mpp
Laurits Christensen Gottrup mpp	Steinn Jónsson
Einar Bjarnason mpp	Bjarni Hallgrímsson meh
Jón Halldórsson	Þorsteinn Ketilsson
Worm Bjarnason	Frans Ibsson mpp
Þorkell Oddsson	Jón Björnsson
Vígfús Jóhannsson	Arngrímur Pétursson
Jón Oddsson	Haflíði Bergsveinsson

Að þetta sé rétt eftir *originalnum testera* undirskrifaðir við Öxará dag 21. júlí *anno* 1714. Laurits Christensen Gottrup mpp, Steinn Jónsson.

Þetta er rétt útskrift eftir *synodals actinum*. Til vitnis við Öxará dag 22. júlí *anno* 1714. Steinn Jónsson, Sæmundur Magnússon.

Framanskrifað á hálfu þriðja blaði in *folio* er rétt útskrifað eftir *copiu* þeirri sem veleðla biskupinn herra Steinn Jónsson hefur í hendur fengið herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín og hann sjálfur (biskupinn herra Steinn) með eigin hendi undirskrifað. Það vottum við er samanlásam að Skálholti þann 8. ágúst 1714. Þorsteinn Ketilsson, Ólafur Gíslason.

Eðla velvísi herra lögmann Laurits Gottrup, veleðla veleruverðugi herra biskup herra Steinn Jónsson.

Eftir því að ég er hingað á þenna stað og dag af yður *citeraður* til þess að svara hér fyrir réttinum til minna aðgjörða í máli séra Runólfs Hendrikssonar, svo sem yðar *citatia* sér líkast hermir, þá vilda ég af yður vita eftir hverjum myndugleika þér hafið mig hingað *citerað*, eður hvert hans kóngleg *majestet* hefur boðið yður að dæma nokkuð um mínar embættisútréttingar. Hér uppá óska ég skriflegs andsvars af yður áður en ég tek við genmæli í þessari sök.

Forblífandi alltið yðar þénustuviljugur vin og þénari. *Datum* Þingvöllum dag 18. júlí *anno* 1714, Jón Vídalín.

Þetta var opinberlega in *synodo generali* upplesið dag 18. júlí 1714 og svarar herra biskupinn herra Steinn Jónsson til veleðla herra biskupsins spursmáls í upplesnu bréfi, að hann vilji þénustusamlega til þeirra svara á sínum stað og tíma. *Testera* Þorsteinn Ketilsson, Jón Halldórsson.

Veleðla herra biskup, eruverðugir og heiðurlegir dómendur in *synodo generali*.

Ég afsaka mig að svara hér í dag í máli séra Runólfs Hendrikssonar fyrir dómi herra lögmannsins Laurits Gottrup eftirfylgjandi orsaka vegna:

1. Að ég ekki sjá kann af hans höye *excellences* náðuga *missive dateruð* Kaupenhavn 22. júlí 1712 að greindur herra lögmaðurinn sé *authoriserður* til að *præsidera* í réttinum í þetta sinn.

2. Þess vegna, að ég hefi í fyrrasumar inngengið til herra lögmannsins Odds Sigurðssonar afsökun mína til að leggja mín mál undir dóm greinds herra lögmannsins, og það þeirra orsaka vegna að hann ekki hafði þá betalað svo ég vissi þær sektir er hann var ídæmdur fyrir nokkrum árum af herra justitsraad og amtmand Christian Müller og síðan í öðrum sökum af *commissariis* herra *assessor* Árna Magnússyni og herra lögmanninum Vídalín. Hvað ég og sé að fleiri menn gjört hafa, nefnilega Þórður Þórðarson, þáverandi Skálholtsstaðar ráðsmaður. Svo og herra lögmaðurinn Páll Jónsson Vídalín með sinni stefnu *dateraðri* Víðidalstungu þann 24. janúar *anno* 1714, hvar af hér er rigtug *copia* nálæg ef herra biskupinum og dómendunum þóknast að láta hana lesa. Veit ég ei að lögmaður Laurits Gottrup sé enn nú fyrir þeirri ákæru og rettesettelse fríkenndur.

3. *Protestera* ég á móti lögmanninum Gottrup þess vegna, að hann í sínu síðasta *voto* er hann frá sér gefið hefur að Þingvöllum 20. júlí 1711 hefur skrifað að lögmaðurinn Oddur Sigurðsson *demonstreri* að ég sé í þessari sök *interesseraður*.

Þessarra orsaka vegna afsaka ég mig að svara fyrir dómi herra lögmannsins

Gottrups í þetta sinn. En fyrir því að herra biskupinn hefur þannig útlagt sína *citatiu* að ég sé ei *citeraður* til að þola hér nokkurn dóm um mínar embættis-útréttingar, þá vil ég nálægur vera ef viðþarf til upplýsingar í málinu, þó að því fyrirskyldu að herra biskupinn með kennidóminum segi áður sína útpykkilega meining, hvert ég sé *interesseraður* í þessari sök eður ei, og hvar fyrir ég sé það, ef ég á það að vera, eftir því að mér virðist að kónglegrar *majestets* allra-náðugasta *missive* til herra biskupsins sé í þessum pósti byggt uppá áðurgreint lögmannsins *votum*.

Hans veleðalheita og veleruverðugheita samt þeirra eruverðugheita og háborinheita skyldugur þénari, Þingvöllum dag 18. júlí *anno* 1714, Jón Vídalín.

Framanskrifað bréf var upplestið in *synodo generali* að Þingvöllum *anno* 1714 dag 19. júlí. Til vitnis Þorsteinn Ketilsson, Jón Halldórsson.

Veleðla veleruverðugur herra biskup herra Steinn Jónsson.

Fyrir því að ég er af honum og herra lögmanninum Laurits Gottrup *citeraður* fyrir þenna rétt til að svara til minna aðgjörða í máli séra Runólfs Hendriks-sonar, þá krefst ég og beiðist af yður, veleðla herra biskup, að þér ásamt kenni-dóminum gefið mér yðar úrlausn, hvert það sé nokkur hlutur frá því fyrsta til þess síðasta í máli séra Runólfs Hendrikssonar sem ég þurfi eður hafi þurft til að svara, eður að minnstum kosti gefið mér yðar *attest* um hvert þér sjá kunnid af þeim bréfum og *documentum* sem hér hafa verið lögð í réttinn, hvert ég sé *interesseraður* í áðurgreindri sök. Hér um ávarpa ég yður og kennidóminn, en eigi herra lögmanninn Gottrup, því ég hefi á móti honum *protesterað*, að ég ei vilji fyrir hans dómi hér svara, en hvað ég munnlega þar um talaði í gærdag, það hefi ég nú skriflega samantekið og óska að það sama bréf hér fyrir réttinum upplestið og uppáskrifað verði. Svo og óska ég og beiðist af herra lögmanninum Gottrup að hann hér fyrir þessum rétti að mér nálægum *demonstreri*, ef hann getur, að ég sé eður hafi nokkurn tíma verið í þessari sök *interesseraður*.

Yðar veleruverðugheita þjénustuviljugur þénari, Þingvöllum dag 19. júlí *anno* 1714, Jón Vídalín.

Upplesið in *synodo generali anno* 1714 dag 19. júlí. Til vitnis Þorsteinn Ketilsson, Jón Halldórsson.

Framanskrifuð þrjú *document* á þessari opnu eru rétt *copieruð* eftir sínum *originalum*. Til vitnis að Skálholti þann 8. ágúst 1714. Þorsteinn Ketilsson LS, Ólafur Gíslason LS

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1715 þann 11. júlí að Þingvöllum voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í dóm nefndir í *synodo generali* af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, séra Þórður Jónsson prófastur í Snæfellsnessýslu, séra Jón Halldórsson prófastur í Pverárþingi vestan Hvítár, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnesþingi, séra Hannes Halldórsson prófastur í Pverárþingi sunnan Hvítár, séra Einar Bjarnason prófastur í Skaftafellssýslu, séra Benedikt Pétursson *sacerdos emeritus et cum honore dimissus*, séra Þorsteinn Ketilsson Skálholtsdómkirkjuprestur, séra Jón Halldórsson yngri, séra Gísli Álfsson, séra Hafliði Bergsveinsson, séra Jón Jónsson, séra Gísli Ellingsson og séra Sveinn Þorsteinsson.

I. Sama dag var upplesin stefna séra Vigfúsar Jóhannssonar sóknarprests að Útskálum til prófastsins séra Ólafs Péturssonar *dateruð* 22. maí 1715, hljóðandi um nokkra fémuni sem séra Vigfúsi voru dæmdir af prófastinum í næst fyrirfarandi *synodo generali anno* 1714. En þegar þessi þeirra sök hafði verið fyrir réttinum þann 11. júlí forlíktust þeir prófasturinn séra Ólafur Pétursson og presturinn séra Vigfús Jóhannsson, svo að séra Vigfús sleppir öldungis því tiltali sem hann áður hafði til velnefnds prófastsins, og var sú forlíkun af herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugum og biskupinum samþykkt, bæði sækjanda og verjanda að óvirðingarlausu.

II. Þann 12. júlí var opinberlega fyrir réttinum upplesin stefna sú sem prófasturinn í Snæfellsnessýslu, séra Þórður Jónsson, hafði á þenna dag hingað stefnt með prestinum séra Gissuri Bjarnasyni fyrir herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugan, lögmenninn Odd Sigurðsson, og biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín, hværrar stefnu inntak er svohljóðandi:

Kæri ég það til yðar að þér hafið ekki viljað halda þá forlíkun sem Eiríkur Ólafsson í yðar fullmagt gjörði við mig á alþingi með yfirvaldanna vitund og ráði þann 20. júlí *anno* 1713 í því stefnumáli sem þér höfðuð mér þá uppáfært, jafnvel þótt þér væruð þar til kvaddur af veleðla herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín við Búðir dag 16. september 1713. Set ég í rétt hvert þér hafið ei gjört í móti greindri forlíkun og hverju þér skuluð þar fyrir svarandi verða, sem og hvert þér séuð ei skyldugir þar fyrir utan enn að framkvæma það yður er þar um af yfirvaldinu skikkað að gjöra. Verið þér til reiðu á áðurgreindan stað og dag að framleggja yðar forsvar móti þessarri minni stefnu og sérdeilislega að standa lög um það, fyrir hverjar orsakir þér hafið ekki viljað

fullnægja þeirri sáttargjörð á tilsettum tíma sem Eiríkur Ólafsson inngekk fyrir yðar hönd á alþingi með mér 1713 *etc.*

Stefnan er *dateruð* 3. september 1714 að Staðarstað með prófastsins séra Þórðar Jónssonar eigin hendi undirsettri og hjáþrykktu venjulegu signeti. Og að þessi sama stefna hafi upplesin verið séra Gissuri Bjarnasyni viðstöddum og áheyrandi þann 3. september 1714 að Staðarstað votta með sínum eigin handskriftum Brynjólfur Jónsson og Jón Þorleifsson. Einnin að séra Gissur Bjarnason hafi meðtekið handskriftaða *copiu* af framanskriafaðri stefnu votta með sínum eigin höndum Eiríkur Steindórsson og Jón Pálsson að Búðum þann 1. nóvember 1714.

2. Var nú hér fyrir þessum rétti nálægur prófasturinn séra Þórður Jónsson, en ekki séra Gissur Bjarnason, hvar fyrir biskupinn sendi til hans prestinn séra Haflíða Bergsveinsson til að birta séra Gissuri eitt bréf frá biskupinum *magister* Vídalín, þess innihalds að séra Gissur skyldi mæta fyrir *synodi* réttinum samstundis til að svara uppá áðurnefnda prófastsins stefnu, að hverju vottar eru Bjarni Björnsson og Jón Þorleifsson, svo sem þeirra skrifleg meðkenning með eigin höndum undirskrifuð útvísar, *dateruð* Þingvöllum þann 12. júlí 1715.

3. Var upplesinn seðill prófastsins séra Þórðar Jónssonar af sama *dato*, þess innihalds að prófasturinn beiðist af séra Gissuri Bjarnasyni að *comparera* nú samstundis *in synodo generale* til að svara uppá fyrrgreinda stefnu, en að prófasturinn hafi þenna seðil lesið og birt séra Gissuri Bjarnasyni og af honum genpart samstundis afhent prestinum votta með eigin höndum séra Haflíða Bergsveinsson og séra Gísli Ellingsson.

4. Var upplesin skrifleg ósk prófastsins séra Þórðar Jónssonar til herra lögmannsins Odds Sigurðssonar, að hann svo sem hans höj-*excellences* fullmegtugur vildi tilhalda séra Gissuri að mæta fyrir þessum *synodi* rétti, svo og að sjálfur hann (lögmaðurinn) svo sem dómari annaðhvert í eigin persónu eður fyrir sinn fullmegtugan sitji *synodi* réttinn í þessu máli, *dateruð* 12. júlí 1715 að Þingvöllum. Þar uppá hefur lögmaðurinn Oddur svoieidið svarað: Þá séra Gissur er dæmdur til af réttinum það hann sé löglega stefndur mun hann eður einhver hans vegna mæta, en í dag er herra biskupinum vitanlegt að báðir við ásamt eruverðugum séra Þórði Jónssyni eigum nú fyrir 24ra réttinum að *comparera*, *datum ut supra*, Otto Sivertsen.

Og þó að eftir þetta væri þrisvar sinnum opinberlega hrópað uppá séra Gissur, þá mætti hann ekki að heldur fyrir þessum rétti eður nokkur af hans hálfu. Síðan voru fyrir réttinn innkölluð stefnuvitni prófastsins séra Þórðar, Brynjólfur Jónsson og Jón Þorleifsson. Meðkenndu stefnunnar uppáskrift og aflögðu svolátandi eið sem eftirfylgir: Sá vitnisburður sem ég Brynjólfur Jónsson, ég

Jón Porleifsson, borið hefi *anno* 1714 þann 3. september að Staðarstað um stefnulestur prófastsins í Snæfellsnessýslu, séra Þórðar Jónssonar, yfir prestinum séra Gissuri Bjarnasyni, og neðan á stefnuna skrifaður er, er sannur. Svo sannarlega hjálpi mér Guð og hans heilaga *evangelium* (sagði hver um sig).

Þetta fyrirkall prófastsins séra Þórðar Jónssonar til prestsins séra Gissurs Bjarnasonar dæmir kennidómurinn að vera gilt og séra Gissur hér fyrir þessum rétti skyldugan til þessarrar stefnu að svara eftir Norsku lögum *lib. 1, cap. 2, art. 19*.

5. Var upplesin sú forlíkun sem framfarið hafði milli prófastsins séra Þórðar Jónssonar og lögsagnarans Eiríks Ólafssonar vegna séra Gissurs Bjarnasonar, og af þeim báðum, prófastinum séra Þórði og lögsagnaranum Eiríki, undirskrifuð að Þingvöllum þann 20. júlí 1713 í viðurvist herra lögmannsins Odds Sigurðssonar og biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín, svo sem beggja þeirra handskriftir auglýsa. Helsta inntak þessarrar forlíkunar er, að prófasturinn séra Þórður uppgaf fyrir tillögur lögmannsins Odds Sigurðssonar og biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín þann kostnað sem prófasturinn meinar sig eiga hjá séra Gissuri og allt annað taltal er hann til séra Gissurs hafa kynni viðvíkjandi þeirri ónauðsynlegu stefnu sem séra Gissur hafði meðstefnt prófastinum hingað fyrir *synodum anno* 1713. Þar á mót (svo sem sjálf orð forlíkunarinnar hljóða) skal séra Gissur í beggja okkar (lögmanns og biskups) viðurvist biðja prófastinn fyrirgefningar á þessari ýfingu fyrir næstkomandi Michaelismessu, og lofar framvegis aldrei þvílíkt oftar að gjöra, heldur eftir skyldu sinni að vera honum hlýðinn og undirgefinn í öllu því hann honum réttilega tilsegjandi verður síns embættis vegna, og auðsýni honum allan þann heiður og virðingu sem einum prófasti byrjar að auðsýna, og er þessari óþarfa þrætu hér með niðurslegið.

6. Þann 12. júlí 1715 við Öxará forlíkuðust þeir að nýju prófasturinn séra Þórður Jónsson og presturinn séra Gissur Bjarnason, og er sú forlíkun orðrétt hljóðandi sem eftirfylgir:

Anno 1715 þann 12. júlí við Öxará samantöluðu eruverðugur prófasturinn séra Þórður Jónsson og séra Gissur Bjarnason fyrir herra stiftbefulingsmannsins fullmegtugs, samt veleðla herra biskupsins ásamt eruverðugra nálæggra manna tillögur, og sérdeilis eftir stórrí *intercession* eruverðugs prófastsins séra Einaris Bjarnasonar. Forlíkuðust þeir heilum sáttum, velnefndur prófasturinn Þórður Jónsson og séra Gissur Bjarnason, svoléiðis að séra Gissur Bjarnason gekk til prófastsins og bað hann forláts á því sérhverju sem hann hefði hann (prófastinn) með styggt, og er hér með ánægt þeirri *contract* sem millum prófastsins séra Þórðar Jónssonar og Eiríks Ólafssonar séra Gissurs vegna *anno* 1713 hér á alþingi gjörð var og undirskrifuð. Og sérdeilis lofaði presturinn séra Gissur

hér eftir svo sem hans skylda tilhélldi að lifa í hlýðni við prófastinn og hann ekki framar í nokkurn máta ýfa.

Og er þar með sú á millum prófastsins séra Þórðar Jónssonar og séra Gissurs Bjarnasonar hingað til verandi óeining og þræta aldeilis upphafin og enduð, og til merkis eru vor undirskrifuð nöfn, *datum ut supra*, Þórður Jónsson, Gissur Bjarnason.

Viðstaddur var ég, Einar Bjarnason prestur mpp, Jón Halldórsson eh, Jón Eyjólfsson mpp, Hannes Halldórsson eh.

Ofanskrifaðri *contract* erum við undirskrifaðir samþykkir, Otto Sivertssen, Jón Vídalín.

III. Þann 13. júlí kom fyrir réttinn dómur prófastsins í Þverárþingi fyrir sunnan Hvítá, séra Hannesar Halldórssonar, áhrærandi trúlofunarskilnað Bjarna Ásgeirssonar og Ingibjargar Sturlaugsdóttur, hver dómur genginn er að Bæ í Bæjarsveit þann 13. júní næstumliðins. Hafa þessar persónur Bjarni og Ingibjörg áður trúlofuð verið til heilags hjónabands, en síðan er straxnefnd Ingibjörg Sturlaugsdóttir opinber orðin að friðlulífis barneignarbroti með Jóni Illugasyni, hvar fyrir áðurtéður Bjarni Ásgeirsson afsegir þessa Ingibjörgu til egta að taka. Hér um er velnefnds prófastsins séra Hannesar og hans héraðs-presta sameiginleg meining að Bjarni megi laus vera við þetta hjónabands-trúlofunarmál eftir hjónabands *articulum* Friderici 2di. Og hefur prófasturinn með prestunum dæmt þetta mál fyrir þenna *synodi* rétt og Bjarna Ásgeirsson og Ingibjörgu Sturlaugsdóttur skyldug hér að mæta eður þeirra svaramenn.

Tjáist nú að bæði fyrirtéður Bjarni Ásgeirsson, sem og Ingibjörg Sturlaugsdóttir, séu forfölluð hér í eigin persónu að mæta, en hafa þó bæði hingað sent sín skrifleg forföll og mættu hér nú þeirra svaramenn, nefnilega sýslumaður Sigurður Jónsson fyrir hönd Ingibjargar en Bergsveinn Grímsson af hálfu Bjarna Ásgeirssonar, hver Bjarni enn sem fyrir afsegir þráttnefnda Ingibjörgu til egta að taka. Frekara sögðust fyrirnefndir svaramenn ekki hafa hér fram að leggja. Hér uppá er fullkominn *synodi generalis* dómur að oftnefnds Bjarna Ásgeirssonar og Ingibjargar Sturlaugsdóttur hjónabandstrúlofun sé öldungis sundurlaus og aðskilin eftir hjónabands *articulum* Friderici *secundi* háloflegtrar minningar hingað í land útgefnum 1587.

IV. Þann 13. júlí framlagði fyrir réttinn prófasturinn í Þverárþingi fyrir vestan Hvítá, séra Jón Halldórsson, héraðs *process* genginn að Langárfossi dag 18. júní næstumliðinn um málefni Jóns Ingimundarsonar, hvern Þorgerður Erlendsdóttir hefur lýst föður þess barns sem hún í heiminn fæddi *anno* 1713, hverri hennar lýsingu nefndur Jón hefur aldeilis mótgöngu veitt og neitað öllu saurlifnaðarverki með henni, hvers vegna sýslumaðurinn í Mýrasýslu, Jón Sig-

urðsson, hefur dæmt að Lækjarbug 21. apríl 1714 að Jón Ingimundarson frí sig með lýrittareiði minna að hann sé ei holdlegur faðir að þessu barni Þorgerðar og aldrei hafi hann saurlifnaðarverk með henni framið. Annar dómur gekk um þetta af nefndum sýslumanni á sama stað og ári, dag 6. júní, af hverjum augljóst er að bæði nefndarvætti Jóns Ingimundarsonar hafa frágengið að sanna með honum eiðinn, en sóru þann eið honum ósæran eftir sinni hyggju. Fyrir sama síðari sýslumannsdómi tilbýður Þorgerður sig að sanna þessa sína barnsfaðernislýsingu með eiði, hvað sýslumaður setur fyrir lögmann og lögréttuna, hvert henni tilheyri ekki þann eið af að leggja, og hvert herra en eineiði vera eigi, hvar uppá lögmenn og lögréttan hafa ekkert svar gefið, en eftirlátið Jóni Ingimundarsyni eineiði, hvert hann þar aflagði svolátandi:

Til þess legg ég Jón Ingimundarson hönd á helga bók og það segi ég Guði almáttugum, að ég er ekki faðir að því barni sem Þorgerður Ellindsdóttir mér kenndi og í heiminn fæddi um haustið 1713, og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem ég satt segi, en gramur ef ég lýg.

Framar er augljóst af *processi* prófastsins að Jón Ingimundarson hefur skriflega krafist heimuglegrar aflausnar og altarisins *sacramentis* af sínum sóknarpresti, séra Þórði Þórðarsyni, og þar jafnframt býður honum þá að sjá eður heyra þann alþingisbókarpóst sem greinir um hans eiðsafleggingu fyrir framburð Þorgerðar Erlendsdóttur, einninn beiðist löglegra orsaka af prestinum ef tilhafi. *Datum* þessa kröfubréfs 1. nóvember 1714 með undirskrifuðu nafni, Jón Ingimundarson.

Meðkennir hann og svo fyrir prófastsins rétti sig þessa kröfu með eigin hendi undirskrifað og upplesið hafa fyrir heilaga embættisgjörð í Álfaneskirkju á allraheilagramessu, að áheyrandi kirkjusóknarfólkinu. Svo og stendur í *processinum* að upplesturinn hafi skeð þá presturinn var búinn að skrifta fólkinu, en reiðubúinn til að byrja sjálfa þjónustugjörðina, og í þar innfærðu innleggi Jóns lýsir hann sig oftlega óskað hafa af prestinum heimuglegrar aflausnar, og færir sér til málsbóta að hann hafi með sínum aflögðum eiði fullnægt áburði Þorgerðar og þykist því í málinu uppihaldið verið hafa. Hefur hans sóknarprestur séra Þórður í sínu innleggi fyrir prófastinn umkvartað, að Jón Ingimundarson hafi með þessum kröfulestri *interpellerað* sig í embættinu, og beiðist réttar síns á sérhverju því sem óskikkanlega væri innfært í kröfu Jóns prestinum viðvíkjandi. Hér uppá hefur prófasturinn með fimm prestum sagt sína meining:

1. Að oftnefndur Jón Ingimundarson hafi ekki fullnægt sínu sjálfviljugu eiðstilboði og hann sé ekki svo skuggalaust við þetta mál skilinn að hann sé til heimuglegrar aflausnar meðtakandi án æðra yfirvalds úrlausnar.

2. Að krafa Jóns Ingimundarsonar upplesin á allraheilagramessu í kirkjunni fyrir heilaga embættisgjörð til hans sóknarprests séra Þórðar Þórðarsonar sé

öldungis óskikkanleg, ótilheyrlæg á þeim heilaga stað og tíma og mótstæðileg kónglegrar *majestets* kirkju *ritual cap.* 4, *art.* 1.

3. Að þessi kröfuupplestur Jóns til prestsins með sínum kringumstæðum hafi ei komið af hjartans eftirlangan Jóns til heilagrar aflausnar og Kristi kvöldmáltíðar *sacramentis* (sem hann vænist í sínu innleggi), heldur að hann sé framar prestinum til ýfingar, hugmódsefnis, og jafnvel saknæmur við prestinn.

En hvað há sök og réttur hér við liggi setur prófasturinn ásamt prestunum til síns æðra yfirvalds úrlausnar, og meina að uppihald í málinu af prestinum séra Þórði, sem Jón umkvartar, hafi staðið helst af Jóni sjálfum allt fram til allraheilagramessu, þá hann kröfuna upplás, áður hann sýndi prestinum alþingisbókarpóstinn um eiðsaflegginguna. En setja þó allt þetta mál og rannsak inn fyrir þessa *synodum generalem* stiftisins og meina sameiginlega að þessa máls partar, séra Þórður Þórðarson, Jón Ingimundarson og Þorgerður Ellindsdóttir, eður þeirra svaramenn séu lögskyldugir hingað að koma og hér lög og dóm að þola.

Eru nú af þessum málspörtum hér nálægir presturinn séra Þórður. En Þorgerður hefur sent hingað sín skrifleg og vottuð forföll af Hítardals kirkjusóknarmönnum, í hverri sókn hún hefur umliðið ár til heimilis verið, að hún vegna örbirgðar og fátæktar komist ei til þessa alþingis, en játa þó að hún sé fróm og meinlaus í umgengni og hafi oftlega sótt sína sóknarkirkju með bljúgu og sorglegu yfirbragði. Einnin hefur hún hingað sent innlegg *daterað* Hítardal dag 7. júlí næstliðinn, með sínu undirskrifuðu nafni í viðurvist tveggja votta, í hverju hún kvartar um:

1. Að Jón Ingimundarson hafi fyrrnefndan eið aflagt að henni fjarlægri og óaðvaraðri. Ei hafi Jón í lögréttnu auglýst sína kynningu, hversu trúanlegur maður hann væri, og ei þar verið rannsakaður um þetta mál, svo sjáist af alþingisbókarpóstinum.

2. Játar hún sig enn nú standa fyllilega við sína sömu barnsfaðernis- og saurlifnaðarlýsingu uppá margnefndan Jón Ingimundarson og ei geti hún sannara sagt, hvaða straff sem uppá sig sé lagt, en það, hann sé svo sannur holdlegur faðir að þessu barni hennar Guðríði sem hún sé þess holdleg móðir, og hefði Jón þann saurlifnaðarverknað oftast með sér drýgt en þessa barns getnaður skeði, en Jón hafi hverki svarið fyrir saurlifnaðarverkið með sér og ei tiltaki hann neinn vissan tíma fyrir né eftir barngetnaðinn. Ei geti hann og heldur borið fyrir sig neinar fjærvistir þeirra á milli um barngetnaðartímann. Og þykist stórum óforréttuð vera með þessari eiðsafleggingu Jón Ingimundarsonar. Því innflýi hún til dómenda í þessum *synodi* rétti og biður í Guðs nafni svo til að sjá að réttinda fái að njóta.

Þann 15. júlí kom Jón Ingimundarson fyrir réttinn og var aðspurður hvert

hann hefði framið saurlifnaðarverk nokkurn tíma með Þorgerði Erlendsdóttur, hvar til hann svaraði: Nei, og sagðist vilja verja sig með eiði þar fyrir. Síðan óskaði hann að sér mætti setjast *procurator*, hvar til biskupinn svaraði að það heyrði ekki sínu embætti til, en hann skyldi óska þess af herra stiftbæfalingsmannsins fullmegtugum, hvör síðan kom í réttinn, og þegar til þess var talað að Jón hefði óskað svaramanns, þá sagði lögmaðurinn Oddur þeirrar meinings, að hann kynni að fá hann, en það yrði að bíða til morguns, því hans *procurator* yrði að sjá hans skjöl í gegnum.

En allt hingað til þann 16. júlí eftir miðjan aftan var hér enginn talsmaður kominn af hendi Jóns Ingimundarsonar. Þó kom hann sjálfur fyrir réttinn og óskaði að ei væri endilega dæmt í sökinni fyrr en hann fyndi landfógetann, en sagðist ekki sjálfur hafa frekara að tala eður fram að leggja í þessarri sök heldur en hingað til komið væri. Um náttmálabil voru send boð eftir Jóni Ingimundarsyni og kom hann þá ekki. Var þá samstundis þrisvar sinnum á hann kallað og svaraði hverki hann né nokkur hans vegna. Þess vegna er biskupsins og kennidómsins fullkominn dómur, að þráttnefndur Jón Ingimundarson skuli eigi meðtakast til heimuglegrar aflausnar fyrr en hann hefði aflagt skýlausan eið fyrir allt saurlifnaðarverk með Þorgerði Ellendsdóttur, og að sá eiður skyldi framkvæmdur verða innan mánaðar eftir það Jón hefur heyrt þenna dóm, hvar um biskupinn og *synodus* óskar að herra stiftbæfalingsmannsins fullmegtugur, lögmaðurinn Oddur Sigurðsson, tilhlutist að þetta fullgjörist, svo greindum Jóni ei verði lengur uppihaldið frá heilagri aflausn og altarisins *sacramentis* meðtöku. En afleggi Jón ekki þenna eið innan tiltekins mánaðartíma, þá skuli fyrrnefnd Þorgerður Erlendsdóttir meðtakast til opinberrar aflausnar fyrir þetta sitt friðlulífisbrot. Hvað áhrærir fyrrnefndan kröfuupplestur áðurnefnds Jóns Ingimundarsonar í Álftaneskirkju fyrir heilaga embættisgjörð, þá skal hann vera sekur til kónigsins um 3 ríxdali eður 15 aura í landaurum, hverja hann skal goldið hafa til valdsmannsins í Þverárþingi vestan Hvítá síðast í næstkomandi fardögum. En ef þessi sekt er þá enn ei goldin, þá skal Jón vera sekur um 4 ríxdali eður eitt hundrað í landaurum, Norsku lög *lib. 1, cap. 5, art. 15*.

Prestinn séra Þórð Þórðarson skal hann hér fyrir réttinum opinberlega fyrirgefningar biðja fyrir ýfing og áreitni sem Jón prestinum gjörði með þessum óskikkanlega kröfulestri og gjalda honum 1 hundrað í landaurum fyrir allan þann nauðsynlega kostnað sem séra Þórður hefur haft fyrir þessu máli, og sé goldið að næstkomandi fardögum eður gjaldi fjórðungi meira.

V. Þann 15. júlí var fyrst¹ upplesin *in synodo citatia* herra biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar til séra Jóns Sigmundssonar, *dateruð* Skálholti 12. apríl

1 *fyrst*: í handriti er númerið *I.* sett fyrir ofan línu

anno 1715, með herra biskupsins nafni undirsettu og hjáþrykktu signeti, hverja *citatiu* séra Jón Sigmundsson hefur undirskrifað að hann hafi lesið og genpart af henni meðtekið að Þykkvabæjarklaustri, dag 24. apríl næstumliðinn. Inntak straxnefndrar *citatiu* er að biskupinn segist fyrir nokkrum tímum hafa skriflega fyrirboðið séra Jóni Sigmundssyni alla prestlega þjónustu í Þykkvabæjarklausturs kirkjusókn, bæði utan og innan kirkju, hvert sitt bréf biskupinn segist sjá séra Jóni auglýst verið hafa þann 18. nóvember 1714. En séra Jón hafi skriflega prófastinum (séra Einari Bjarnasyni) svarað, það hann áformi kallinu að þéna samt, sem hann hafi hingað til gjört, meðan ekkert svar komi frá kónglegri *majestet* uppá hans mál. En nú (segir biskupinn í *citatiunni*) er meir en hálft þriðja ár síðan séra Jón *appelleraði* undan þeim *synodi* dómi, með hverjum séra Jón 1712 dæmdur var frá sínu kalli, og engin stefna er enn nú tekin í hans máli svo biskupinn afviti. Þá *citerar* biskupinn séra Jón Sigmundsson fyrir þessa *synodum generalem* til að standa lög og þola dóm fyrir þá ofdirfið að séra Jón dæmdur frá kallinu og *suspenderaður ab usu officii* skrifi að hann ætli að þéna þeirri sókn sem hann var frádæmdur, og hafi þó enga kónglega *resolution* eður stefnu fengið, svo og fyrir það að séra Jón hafi þetta framkvæmt með verki, sem hann skriflega lofað hafi að framkvæma, eftir því sem biskupinn segir sér sé til vitundar gefið.

2. Var upplesið það skriflegt forboð herra biskupsins sem í fyrirskrifaðri *citatiu* umgetur til séra Jóns Sigmundssonar, *daterað* Skálholti 30. október 1714, með herra biskupsins undirskrifuðu nafni og hjáþrykktu signeti, hvar uppá séra Jón skrifaði með eigin hendi að hann hafi það forboð séð og yfirlesið þann 18. nóvember næstliðins. Helsta inntak þess forboðs er, að eftir því biskupinn segist ekki hafa fornumið að séra Jón hafi gengið hinn rétta veg til að koma áðurgreindum sínum dómi undir lög, þá fyrirbýður biskupinn séra Jóni alla prestslega þénustu í Þykkvabæjarkirkjusókn eftir það þetta biskupsins bréf er honum auglýst, að séra Jón aldeilis haldi sig þar frá nema *in casu necessitatis*. Í sama máta fyrirbýður biskupinn honum að taka nokkrar prestsskyldur sem áfalla þar eftir, svo og gjöri prófastinum séra Einari skýran reikningskap af prestsskyldum þeim sem hann af greindri sókn uppborið hefur síðan greindur *synodi* dómur var honum auglýstur.

3. Var upplesin *copia* handskriftuð af prófastinum séra Einari Bjarnasyni með hjáþrykktu signeti af bréflægri ósk velnefnds prófasts séra Einars, *dateruð* Austari-Ásum í Skaftártungu dag 17. nóvember 1714, í hverju bréfi prófasturinn óskar að séra Jón honum *directè* andsvari hvert hann ætli áðurgreindu forboði biskupsins að hlýða og sig frá kallinu að gefa eður embætta samt mót biskups og *synodi generalis* dómi gengnum í máli séra Jóns anno 1712. Hvar uppá séra Jón hefur svoddan andsvar gefið: Samt áforma ég kallinu að þéna

sem ég hefi gjört hingað til meðan ekkert svar kemur frá kónglegri *majestet*. Til merkis mitt nafn 18. nóvember 1714, Jón Sigmundsson prestur meh.

4. Var og svo upplesin ein handskriftuð *copia* sem auglýsir að velnefndur prófasturinn séra Einar Bjarnason hafi næstliðinn 1. janúar tilboðið sig eftir forlagi herra biskupsins kennimannlega þjónustugjörð að fremja í Pykkvabæjarklausturskirkju, svo sem sú handskrifuð *copia* sér líkast hermir.

5. Þar uppá var ein handskriftuð *copie* af skriflegu andsvari séra Jóns Sigmundssonar upplesin, *dateruð* á Pykkvabæjarklaustri þann 1. janúar 1715, hljóðandi sem eftirfylgir:

Það gef ég sérhverjum til vitundar að persónu og embætti veleðla herra biskups vors vil ég með undirgefni gjarnan virða, hans og réttvísu embættisboðum skylduglega hlýða, nær framkoma, en hans forboðum mér ekki alls fyrir löngu auglýstum sé ég mér ekki fært né forsvaranlegt eftir að gjöra. Ekki heldur vil ég tilboð virðuglegs prófastsins, nú samstundis af honum opinberað, þekkjast um hans kennimannlega þjónustugjörð í þessari Pykkvabæjarklausturskirkju og sókn, að svo stöddu, heldur áforma ég og vil svo til sjá með Guðs hjálp, bæði nú og svo framvegis, léni hann mér líf og heilsu, að þessarrar kirkju söfnuður þarfnist ekki þeirrar helgipjónustu innan kirkju né utan sem ég kalla mig honum skyldugan eftir háyfirvaldanna skikkan, og það allt svo lengi sem sá dómur er herra biskupinn meðkennir sig með kennidóminum um mig dæmt hafa *anno* 1712, en mig frá og undan *appellerað*, er ekki af kónglegri *majestet confirmeraður*. En gjöri nokkur mér hindrun á minni embættisframkvæmd í þessari kirkju og sókn, þá verður þeim tilsagt sem mér hafa kallið og prestþénustuna tilsagt: Fyrirbýð ég sérhverjum kennimanni hér í kirkju nokkra helgipjónustu hafa mér nauðigum, að vitni allra þeirra er orð mín heyra.

Þessu til merkis er mitt nafn að Pykkvabæjarklaustri dag 1 janúar *anno* 1715, Jón Sigmundsson eh.

Þessa *copiu* hafa *vidimerad* og samanlesið við *originalinn* að Bakka á Síðu við Geirlandsá þann 1. febrúar 1715, Páll Þorsteinsson, Oddur Sverrisson, og vitna hana orðrétt samhljóða vera sínum *original*.

6. Var upplesin skrifleg meðkenning séra Jóns Sigmundssonar, *dateruð* Pykkvabæjarklaustri dag 7. ágúst 1712, hvar með hann játar sig meðtekið hafa af prófastinum séra Einari Bjarnasyni sluttning þá sem varð *in synodo generali* á hans málefni, með herra biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín undirskrifuðu nafni, dag 16. júlí. Kom fyrir réttinn landfógetinn Páll Beyer og auglýsti munnlega að hann vildi tala máli séra Jóns Sigmundssonar. En þegar biskupinn sagði opinberlega í réttinum sína meiningu um mál áðurgreinds séra Jóns, þá sagðist landfógetinn *protestera* á móti þessu biskupsins *voto*.

Síðan voru upplesin eftirskrifuð *vota*:

1. Herra stiftbefulingsmannsins fullmeftugs Odds Sigurðssonar, hljóðandi sem eftirfylgir:

Eftir því séra Jón Sigmundsson, núverandi sóknarprestur til Pykkvabæjar-klausturs, er fyrir *synodum* stefndur af herra biskupinum Vídalín, þá með því herra biskupinn er orðinn málspartur við séra Jón Sigmundsson síðan hann biskupinn um séra Jón dæmdi, þar fyrir og sérdeilis með því að séra Jón hefur til hans kónglegrar *majestets supplicerað* um þetta mál, svo sem hans *supplique* í *cancelliet anno* 1713 allra undirdánugast inngefin útvísar, því sýnist mér þetta mál ei kunni að svo komnu í þeim geistlega rétti fyrir að takast og fyrirbýð uppá hans höje *excellences* vegna að nokkur skjöl í því máli framar upplesist inn til þess menn fá að vita hans kónglegrar *majestets* allranáðugasta *resolution* uppá séra Jóns Sigmundssonar allraundirdánugast inngefna *supplique*. *Datum* við Öxará 15. júlí 1715, Otto Sivertsen.

2. Herra biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín, hvert *votum* hér næst eftir orðrétt fylgir:

Í sök séra Jóns Sigmundssonar, sem að er *citeraður* til þessarrar *synodum generalem*, er sú mín meining að jafnvel þótt hann *appelleraði* frá þeim dómi sem um hans mál gekk *anno* 1712 fyrir þessum rétti, en síðan hefur hann ekki yfir greindum dómi stefnu tekið, svo ég afviti, og framið þó prestlega þenustu í þeim sömu söknum sem hann á greindu ári 1712 var dæmdur frá, að séra Jón eigi dóm að þola fyrir þessum rétti sem nú yfirstendur eftir Norsku lögum *lib.* 1, *cap.* 2, *art.* 19. Og eftir því að bæði herra stiftbefulingsmannsins fullmeftugur og landfógetinn vændust hér fyrir réttinum að séra Jón hefði *supplicerað* til hans kónglegrar *majestets*, jafnvel þótt þeir af mér aðspurðir vildu ekki *declarera* hveirrar meiningar sú *supplique* verið hefði, en skilja má af *voto* lögmansins Odds Sigurðssonar að áðurgreind *supplication* hafi send verið 1713, svo vel sem af hans *höj-excellences* herra stiftbefulingsmannsins náðuga *missive* til greinds lögmans *daterað* 2. júlí 1714, og ekkert svar er ennþá komið þar uppá, þá meina ég að séra Jón Sigmundsson (þar hann enga kónglega stefning eður *resolution* nú í sumar fengið hefur) eigi að missa sitt prestlegt embætti. Þessa mína meining byggji ég á Norsku lögum *lib.* 1, *cap.* 6, *art.* 12, og á hans kónglegrar *majestets* Christiani 5ta (háloflegrar minningar) allranáðugustu forordningu, útgefinni Kaupenhafn þann 23. maí *anno* 1696.

3. Var upplesin prófastanna og prestanna *vota* orðrétt hljóðandi sem þau eru hér innfærð:

Eftir þeim skjölum og *documentis* sem í gærðag upplesin voru hér fyrir þessum *synodi* rétti í máli séra Jóns Sigmundssonar, þá er sú vor undirskrifaðra meining að herra biskupsins fyrirkall til séra Jóns sé löglegt og hann lögskyldugur fyrir þessum rétti til stefnunnar að svara eftir Norsku lögum *lib.* 1, *cap.* 2,

art 19. Og þar séra Jón mætti hér ei fyrir réttinum í gærdag og enginn af hans hendi, en herra landfógetinn gekk hér í dag þann 16. júlí í rétt hans vegna, þá meinum vér séra Jón Sigmundsson frían vera frá stefnufalli. En þar eð nú í dag þeir eðla herrar fullmegtugu vændust hér fyrir réttinum að oftnefndur séra Jón Sigmundsson hefði allra undirdánugast *supplicerað* til hans kónglegrar *majestets* uppá sitt mál sem hér *in synodo* var um dæmt *anno* 1712, þá meinum vér að í þetta sinn hjálíða megi að fullkomlegur dómur í hans máli gangi, heldur svo að kónglegrar *majestets* lagaréttur ei alltof lengi uppihaldist, þá sé séra Jón lögskyldugur í eigin persónu eður hans löglegur svaramaður að mæta fyrir næstkomandi *synodo generali* hér að Þingvöllum *anno* 1716, og þá til þessa máls að svara og endilegan dóm að líða, svo framt sem engin kónglegrar *majestets* allranáðugasta *resolution* þá framkemur uppá þetta hans mál.

Framanskrifaða dóma og allt hvað framfarið hefur í þessarri *synodo generali* staðfestum vér og samþykkjum með vorum eigin handskriftum hér að neðan. *Anno et loco ut supra* þann 18. júlí.

Otto Sivertsen
Þórður Jónsson
Jóhann Þórðarson
Hannes Halldórsson eh
Þorsteinn Ketilsson
Jón Halldórsson
Jón Jónsson eh

Jón Vídalín
Jón Halldórsson eh
Einar Bjarnason prestur mpp
Benedikt Pétursson prestur eh
Gísli Álfsson eh
Sveinn Þorsteinsson meh
Haflíði Bergsveinsson

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1716 þann 11. júlí að Þingvöllum voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í dóm nefndir í *synodo generali* af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnesþingi, séra Bjarni Hallgrímsson prófastur í Rangárþingi, séra Jón Eyjólfsson í staðinn séra Jóns Halldórssonar prófasts í Þverárþingi vestan Hvítár, séra Torfi Halldórsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Þorsteinn Ketilsson Skálholtsdómkirkjuprestur, séra Frans Ibsson, séra Þorsteinn Oddsson, séra Jón Halldórsson yngri, séra Þorkell Oddsson, séra Torfi Hannesson, séra Árni Þorleifsson, séra Gísli Erlingsson, séra Bárður Jónsson og séra Bjarni Helgason.

Var upplesið¹ hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugs,

¹ *upplesið*: í handriti *upplesinn*

lögmannsins Odds Sigurðssonar, umboð útgefið valdsmanninum í Vöðlusýslu *seigneur* Laurits Skefving, hljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Kongelig *majestæts* til Danmark og Norge *etc. etc. etc.*, *general admiral*, kammerherre, stiftbefalingsmand over Island og *general* postmester udi Norge, den højbaarne herres, herr Uldrich Christian Guldenlew, herre til det grevskab Samsø, friherre til Marcellisborg, ridder *etc.* hans höje *excellences constituere*d fuldmægtig udi Island, Otto Sivertsen, gör hermed vitterlig, at eftersom jeg, efter kongelig *majestæts* allernaadigste befalinger, samt her indkomne højesterets stævninger, er foraarsaget til mig her fra landet i aar at begive, hvilket jeg aldeles ikke tør eller maa forsømme. Thi har jeg udi saadan min fraværelse *nominere*d og beskikket kongelige *majestæts* sysselmand udi Öefjörds syssel, *seigneur* Laurits Hansen Skefving, til at betjene højbemeldte dens høj-*excellences* fuldmagt og opvarte alle forefaldende forretninger stiftbefalingsmandens *function* vedkommende og det saa fuldkommelig som jeg udi egen person var til stede, hvorudi han i alle maader har at forholde sig efter den af deres høj-*excellence* anno 1708 mig naadigst meddelte fuldmagt og *instruction*, som for det aar udi altingsbogen findes indført, hvorfor en og hver her udi landet advares, at de udi min fraværelse holder dem efterretlig, hvis som *seigneur* Laurits Hanssen Skefving paa hans høj-*excellences* vegne udi stiftbefalingsmandens *function* kan at *expedere* eller befale. Foreskrevne min udstedte fuldmagt og *ordre* jeg med egen haand og signet bekræfter.

Datum Arnestappe den 18. august anno 1715, Otto Sivertsen LS.

2. Var upplesin biskupsins begering til hans høj-*excellences* fullmeztugs umboðsmanns, sýslumannsins Laurits Skefving, og greinds sýslumanns ansvar þar uppá, *dateruð* 10. júlí 1716.

Virðuglegi og velagtaði kónglegrar *majestæts* valdsmann, *seigneur* Laurits Skefving! Eftir því ég merki af næstliðins árs alþingisbók að þér séuð tilskikkaðir að beklæða hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins sæti í *synodo generali* sem nú í ár haldin verður, en ég hefi fyrir sama rétt stefnt lögmanninum Oddi Sigurðssyni til að heyra á þá vitnisburði er ég hefi fyrirbúið að taka á móti þeim vitnum er hann leiddi á móti mér, þó fjarlægum, anno 1715 að Dröngum þann 12. febrúar og tvo næstu daga þar eftir. Svo og hefi ég stefnt hingað vitnum hans, Eiríki Ólafssyni, Jóni Einarssyni, Steindóri Helgasyni, Halldóri Hallssyni og Katrínu Abrahamsdóttur, þá óska ég hér með þénustusamlega að þér þann 11. júlí næstkomandi vilduð láta þessa vitnatekt framfara og taka eið af vottum mínum, hverja ég mun þann sama dag fyrir réttinum *præsentera*, vonandi að þér munið gjöra hér í hvað rétt er og lögin tilhalda. Forblífandi yðar erugöfigheita þénustuviljugur vin og tiener.

Jón Vídalín, Þingvöllum þann 10. júlí anno 1716.

Tjenstlig gensvar. Efterdi herr laugmand Odder Sigurdssen er nu ikke personlig her til stede, men forfaldet med sine sager til højesteret, da kan jeg ikke at se nogen *proces* over hans person, enten med vidners overhørelse eller i andre maader, kan tilstedes förend han selv er til vedermaals eller hans fuldmægtig. Men i morgen den 11. juli, naar hans velærverdighed lader mig vide at *synoden* er sat vil jeg efter skyldighed lade mig der indfinde.

Ved Öxeraa den 10. juli *anno* 1716, Lars Skefving.

3. Var upplesin stefna biskupsins til lögmannsins Odds Sigurðssonar, *dateruð* Þingvöllum 19. júlí 1715, hljóðandi sem eftirfylgir og hans höj-*excellences* fullmeztugs umboðsmanns svar uppá hana einshljóðandi sem hér segir:

Ég Jón Þorkelsson Vídalín, *superintendens* Skálholtsstiftis, stefni yður herra lögmann norðan og vestan á Íslandi, Oddur Sigurðsson, fyrir þá *synodum generalem* sem haldin verður að Þingvöllum 1716 og fyrir þann dómara sem þar verður þá af hans kónglegri *majestet* eður hans höj-*excellence* herra stiftbefalingsmanninum tilsettur, og á þann dag er sá sami dómari tilsetur. Gef ég yður til vitundar hér með að ég hefi ásett fyrir þessum sama *synodi* dómi andvitni að leiða á móti þeim vitnum er þér færðuð á móti mér *anno* 1715 þann 12. febrúar og næstu tvo daga þar eftir.

Þessari minni stefnu til merkis og staðfestu skrifa ég mitt nafn hér að neðan á Þingvöllum dag 19. júlí *anno* 1715, Jón Vídalín LS.

Þessa stefnu las skólameistarin *monsieur* Þorleifur Arason í tjaldi lögmannsins Odds Sigurðssonar hönum áheyrandi. Héldum við Þorkell Þorsteinsson og Páll Markússon á samhljóða genparti þar af. Þegar skólameistarin hafði stefnuna lesið bauð hann lögmanninum Oddi genpartinn, hverju þá lögmaðurinn engu svarandi, svo við minnustum. Lagði skólameistarin þann genpart á borðið. Þetta skeði þann 19. júlí *anno* 1715, við Öxará, Þorkell Þorsteinsson, Páll Markússon.

Anno 1716 þann 11. júlí in *generali synodo* var upplesin ofanskriðuð stefna. Mætti hér *rector* Þorleifur Arason, *item* stefnuvitnin Þorkell Þorsteinsson og Páll Markússon. Stefnuvitnin Þorkell og Páll buðu sig strax til með eiði að staðfesta stefnulesturinn, en þar enginn *præsideraði* í þessum rétti fyrir yfirdómara þá eru þeir í þetta sinn óforþenktir. En herra biskup Vídalín hefur í allan máta sína sök forbeholdet þar til hans höj-*excellences* fullmeztugur Oddur Sigurðsson aftur til landsins kemur eða hans löglegur umboðsmaður.

4. Var upplesið biskupsins bréf til sýslumannsins Laurits Skefving, *daterað* 10. júlí 1716 og sýslumannsins ansvar þar uppá, hljóðandi sem fylgir:

Virðuglegi velvísi valdsmann *seigneur* Laurits Skefving! Af hans síðasta ansvari sé ég að þér beþenkið þessi orð er standa í stefnu minni til lögmannsins Odds Sigurðssonar: Og fyrir þann dómara, sem þar verður þá af hans kónglegri

majestet eður hans höj-*excellence* herra stiftbefulingsmanninum tilsettur. Hér til svara ég að það sem hans höj-*excellence* hefur gjört fyrir sinn fullmegtugan, það meina ég að hann hafi gjört fyrir sína eigin háu persónu, og ef þér eigið stiftamtmanns *affaires* að forrétta í öllum sökum, þá vil ég biðja yður að gefa mér *raison* til, hvar fyrir þessu eina skuli frátekin vera, og beiðist ég enn nú að þér í dag takið þessa mína votta Þorkel Þorsteinsson og Pál Markússon í eið, svo sem *præses* í *synodo* hans höj-*excellences* vegna.

Forblífande alltið hans þénustuviljugur vin og þénari. Þingvöllum þann 10. júlí *anno* 1716, Jón Vídalín.

Tjenstlig gensvar. Jeg ved mig ikke at være pligtig uden sær *ordre* at dømme i de sager som herr laugmand Odder Sivertssen anrører, besynderlig udi denne sag, der jeg af ham er tilskikket udi hans fraværelse denne forretning at forestaa, ikke desmindre staar hans velærverdighed frit for, om saa behager, at lade *publicere* udi *synoden* hvis sagen angaar til at gøre den samme ved retten anhangig. Og vil jeg da paa samme forretning tegne hvis mig kan tilkomme.

Ved Öxeraa, den 11. juli 1716, Laurits Skefving mpp.

5. Á sama degi var upplestin önnur biskupsins begering til sýslumannsins Skefving, hljóðandi sem eftirfylgir, og sýslumannsins svar þar uppá:

Virðuglegi velvísi valdsmann *seigneur* Laurits Skefving. Eftir því að nú eru komnir vottar þeir er ég hefi til stefnu minnar, með hverri ég stefndi lögmanninum Oddi Sigurðssyni á næstliðnu alþingi 1715, þá óska ég þénustusamlega að þér nú í dag sitjið réttinn hans höj-*excellences* herra stiftbefulingsmannsins vegna til að taka þessa mína votta Þorkel Þorsteinsson og Pál Markússon í eið.

Þingvöllum þann 11. júlí *anno* 1716, forblífandi alltið hans þénustuviljugur vin og þénari, Jón Vídalín.

Tjenstlig gensvar. Naar som nogen af hans kongelige *majestæts* eller deres höj-*excellence* bliver beordret til at *præsidere* udi denne sag, da monne den samme *observere* at tage eden af stævnevidnerne og saa *procedere* i denne sag som kongelig lov tilholde.

Ved Öxeraa den 11. juli *anno* 1716, Lars Skefving.

Óskaði biskupinn af nálægum próföstum og prestum að þeir vildu segja sitt *votum*, hvert að ekki ættu hér að takast hans andvitni á móti lögmannsins vitnum er hann hefur leiða látið að Dröngum þann 12. febrúar 1715, hvert þeir frá sér gáfu svohljóðandi sem eftirfylgir:

Eftir þeim *allegeruðu* lögmálsins greinum sem biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín hefur innfært í sína begering, sem nú í dag var í þessum *synodi* rétti upplestin opinberlega, þá kunnum vér ei annað að sjá en að vel-

nefndum herra biskupinum sé leyfilegt að framleiða sín vitni á móti lögmanninum Oddi Sigurðssyni (þótt fjarlægur sé) nú í dag 11. júlí, og að þau megi hér takast, að öllu löglega undangengnu í þessu máli. Og er þetta vort undirskrifaðra sameiginlegt *votum*.

Actum Þingvöllum þann 11. júlí *anno* 1716, Bjarni Hallgrímsson, Þorsteinn Ketilsson, Jón Eyjólfsson eldri, séra Frans Ibsson, Þorsteinn Oddsson, Þorkell Oddsson, Torfi Hannesson, Jón Halldórsson, Árni Þorleifsson, Gísli Erlingsson, Bárður Jónsson, Bjarni Helgason.

Þann 13. júlí var upplesið bréf biskupsins til prófastanna og prestanna *in synodo generali*, hljóðandi sem eftirfylgir, og þeirra ansvar þar uppá:

Eruverðugir og heiðurlegir dómendur *in synodo generali*. Ég hefi séð yðar *votum* er þér útgáfuð þann 11. júlí næstumliðinn í þessum rétti um það stefnumál er ég hefi til lögmannsins Odds Sigurðssonar. Í því standa þessi orð: Að öllu löglega undangengnu í þessu máli. Nú er mér spurn til yðar hvert þér annað meint hafið með þessum orðum en það að ég ekki hafði *præsenterað* mína stefnuvotta fyrir réttinum þegar þér útgáfuð þetta yðar *votum*.

Þingvöllum þann 13. júlí *anno* 1716. Yðar eruverðugheita og heiðarlegheita alltið þénustuviljugur, Jón Vídalín.

Uppá ofanskriðað spursmál herra biskupsins er þetta vort þénustusamlegt ansvar. Að það sem oss þótti þá tilvanta að löglega væri undangengið í því máli var það að herra biskupsins stefnuvitni, *monsieur* Þorkell Þorsteinsson og Páll Markússon, voru hér þá ei til staðar til að standa við sína uppáskrift á stefnuna og staðfesta hana fyrir löglegum dómara (sem vér höldum sýslumanninn *seigneur* Skefving, eftir hönum útgefinni og hér upplesinni fullmagt). En með því þeir (vottarnir) strax eftir *votum* afsagt, að nálægum sýslumanninum Skefving, komu hér fram fyrir réttinn og buðu sig strax til að sverja sinn vitnisburð (jafnvel þótt ei yrði það framgengt vegna þess að hans höj-*excellences* fullmegtugs umboðsmaður *seigneur* Laurits Skefving vildi ekki *præsidera* í þessu máli í þetta sinn að fjarlægum lögmanninum Oddi), þá er þó þeim síðustu orðum í voru *voto* fullnægt.

Til staðfestu þessu eru vor undirskrifaðra nöfn og eigin hendur, stað, ár og dag *ut supra*, Bjarni Hallgrímsson, Þorsteinn Ketilsson, Jón Eyjólfsson eldri, Frans Ibsson, Þorsteinn Oddsson, Þorkell Oddsson, Jón Halldórsson, Árni Þorleifsson, Gísli Erlingsson, Torfi Hannesson, Bárður Jónsson, Bjarni Helgason.

II. Þann 13. júlí var upplesin *citatia* biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín til séra Jóns Sigmundssonar, hver eð *anno* 1712 er dæmdur hér í *synodo generali* frá Þykkvabæjarklausturskirkju kalli. *Citatiuna* hefur séra Jón Sigmundsson sjálfur meðkennt að sér lesin verið hafi af prófastinum séra Einari Bjarnasyni 11. janúar 1716. *Citation* hljóðar sem eftirfylgir:

Fyrir því að í næsthaldinni *synodo generali* að Þingvöllum kom ekki saman dómurunum, sem var lögmaðurinn Oddur Sigurðsson vegna hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins, og séra Jón Þorkelsson Vídalín, *superintendens* Skálholtsstiftis, ekki heldur okkar meðdómendum við annan hvern okkar í yðar sök, séra Jón Sigmundsson, fyrir hverja þér voruð af mér *citeraður* til áðurgreindrar *synodum*, hverja *citatiu* þér og lesið hafið 24. apríl 1715, þá *citera* ég Jón Þorkelsson Vídalín, *superintendens* Skálholtsstiftis, yður séra Jón Sigmundsson, forðum sóknarprestur til Þykkvabæjarklausturskirkju, til næstkomandi *synodum generalem*, sem að Þingvöllum haldin verður á þann 13. dag júlímánaðar 1716 eður hvern annan þar eftir sem *synodus* ályktar að yðar mál skuli fyrirtakast, til að standa lög og þola dóm fyrir þá ofdirfið að þér dæmdir frá kallinu og *suspenderaðir ab usu officii* skrifið að þér ætlið að þéna þeirri sókn sem þér eruð dæmdir frá og hafið þó enga kónglega *restitution* eður stefnu fengið. *Item* fyrir það að þér þetta hafið framkvæmt með verki sem þér skriflega lofað hafið að framkvæma, eftir því sem mér er til vitundar gefið.

Sömu leiðis *citera* ég yður Sveinn Jónsson, yður Sigurður Jónsson, yður Þorsteinn Jónsson og yður Jón Runólfsson fyrir áðurgreindan rétt og á sama stað og dag sem fyrr greinir, til að forsvara þau orð er þér fært hafið inn í yðar skrif, samantekið að mér skilst *anno* 1714 dag 6. desember, hvert sér líkast hermir. En orðin eru þessi:

Að vér skulum halda, þekkja og meðtaka séra Jón Sigmundsson fyrir okkar rétta sóknarprest og sálusorgara, hönum heyra af predikunarstólnum og af hönum meðtaka drottinlega kvöldmáltíð (og í einu orði) alla þá kennimannlega þjónustugjörð utan kirkju sem innan, allt svo lengi presturinn viðheldur og að því framkomnu sem oss auglýst er.

Citera ég yður til að standa lög og þola dóm fyrir áðurgreind orð, fyrir sagðan rétt og á sama stað, ár og dag sem hér að ofan umgetur.

Til merkis er mín hönd og signet hér að neðan, Skálholti dag 2. nóvember *anno* 1715, Jón Vídalín LS.

Svo og var upplesin begering biskupsins til sýslumannsins Skefvings að setja einhvern til að *agera* á móti séra Jóni Sigmundssyni og sýslumannsins svar þar uppá, hljóðandi sem eftirfylgir:

Virðuglegi velvísí valdsman *seigneur* Laurits Skefving. Séra Jón Sigmundsson, sem hefur verið klausturprestur að Þykkvabæ, er stefndur fyrir *synodum generalem* sem nú er haldin. Því óska ég af yður að þér setjið einhvern til að *agera* á móti hönum eftir þeim *documentum* sem ég mun þeim sama *actori* í hendur fá er þér setja viljið. Sökin bið ég að takist fyrir á morgun þann 13. júlí.

Pingvöllum þann 12. júlí *anno* 1716. Forblífandi alltið hans þénustuviljugur vin og tjener, Jón Vídalín.

Tjenstlig gensvar. Naar jeg faar at vide sagens beskaffenhed, af hvem og hvorfor præsten er for denne ret hidstævnet, vil jeg give mit tydeligt svar. Ved Öxeraa den 12. juli 1716, Lars Skefving mpp.

Sama dag kom sýslumaðurinn Skefving í réttinn og voru að hönum áheyrandi upplesnir þeir dómar og *acta* sem gjörst hafa í máli séra Jóns Sigmundssonar hér í *synodo*, og að þeim heyrðum gaf hann frá sér svolátandi *votum* sem að eftirfylgir:

Þann 13. júlí 1716 *in generali synodo* mætti ég Laurits Skefving uppá hans höj-*excellences* vegna. Formerkti ég þá af hans veleruverðugheitum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín að sú fyrsta sök sem í dag skyldi fyrirtakast væri viðvíkjandi heiðurlegum kennimanni séra Jóni Sigmundssyni. Vændist sýslumaðurinn Skefving að hann í dag hefði séð í höndum landfógetans Páls Beyers skrif frá séra Jóni Sigmundssyni með nokkrum *documentum*. Strax var sent til landfógetans að hann vildi *præsentera* sig í *synodo*, en hann kom ekki svo fljótt. Á meðan óskaði sýslumaðurinn Skefving að herra biskupinn léti upplesa undanfarinn *process*, hvað og gjört var. Að þessu athuguðu og yfirlesnu, þá er sýslumannsins Skefvings betenkning að séra Jón Sigmundsson hafi sig forséð og beri hönum þar fyrir að svara til Klausturhóla *hospitals* eitt hundrað uppá landsvísu, og standi í sínu embætti svo sem einum kristilegum kennimanni sómir og ber. Hann skal og vera heyrugur og hlýðugur sínum yfirvöldum, allra helst hans veleruverðugheitum herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, og engum nokkurt hneyksli af sér gjöra. Að þessu höldnu af séra Jóni Sigmundssyni vísa ég hönum ekki frá prestlegu embætti að þessu sinni.

Til vitnis mitt nafn. *Anno, die et loco ut supra*, Laurits Skefving.

Þegar hann hafði þetta *votum* frá sér gefið kom landfógetinn Páll Beyer fyrir réttinn vegna séra Jóns Sigmundssonar og *produceraði* eftirfylgjandi innlegg:

Synodo generali nú að Pingvöllum samankallaðri óska ég alhuga að hún elski réttvísina á jörðunni og hugsi til Guðs í himninum. Eftir því ég er nú á þessum degi fyrir hana *citeraður* af veleruverðugum veleðla herra biskupinum, *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, svo sem sú *citatia* útvísar (og mig vonar birt muni verða í þeim geistlega rétti) og ég eftirtek að herra biskupinn tilfinni þá orsök *citatiunnar* að dómurunum, herra lögmanninum *seigneur* Oddi Sigurðssyni og hönum velnefndum herra biskupinum, hafi ekki samankomið, herra Oddi hans höj-*excellences* herra stiftbefulingsmannsins vegna en biskupinum vegna síns embættis (að mér skilst), ekki heldur þeirra meðdómendum við annan hvern þeirra í minni sök, mér tilfærðri í *citatiunni*, af hönum gjörðri *anno* 1715, með sömu orðum og þessi fyrir utan dag og *datum*. Þá svara ég

einfaldlega svo hér til að ég veit mig ekki löglega fyrir þennan rétt kallaðan eftirfylgjandi orsaka vegna:

1. Skil ég ekki að óeining þeirra sem réttinn sitja skapi nokkrum síðar meir löglegt fyrirkall fyrir sama rétt og sömu dómsmenn. Vor gamla Jónsbók útvisar skýrlega hvernig fara skal ef lögþingismenn skilur á.

2. Er ég kallaður frá mínu lögvarnarþingi, 79 ára gamall, soddan reisu að átakast sem ég tiltreystist ekki sökum vanmáttar og vanefna, þar þó málið mér tilfært sýnist helst þar af rísa eftir *citatiunni* að ég hafi ekki hlýtt dómi, forboðum og forlagi herra biskupsins. Forsvar þar fyrir að leggja veit ég ekki lögmálið mig heldur tilskylda á alþingi en heima í héraði, í hverju ég býð það fram að leggja nær yfirvaldið útheimtir.

3. Minn tilsettur dómari í þessu máli (fyrir hvern ég skuli koma eftir ávísun kónglegra laga) veit ég enn nú ekki í *synodo* verða heldur en í fyrrasumar, en þó af *citatiunni* sé að merkja að herra biskupinn kalli bæði herra lögmanninn Odd og sig dómarana, þá get ég það þó ekki skilið að standast megi í minni sök. Virðuglegur velnefndur herra lögmaðurinn hefur með herra landfógetanum Páli Beyer í sínu skikkunarbréfi, *dateruðu* Leirá *anno* 1712 3. september, befalað mér herra biskupsins *magisters* Vídalíns dómi í engu eftir að lifa, heldur samt kallinu þéna og þess innkomst angurlaust uppbera inn til víðara *etc.*, hvert bréf herra biskupinum mun ei ókunnugt (eftir því borist hefur að hönum þar af hafi genpartur sendur verið). Hvernig gat þá herra Oddur verið dómari yfir þeirri sinni sjálfs skikkan? Velnefndur herra biskupinn, hvernig er hann dómari yfir skikkun herra Odds, nema hann hafi þar til kónglega fullmagt? Hann *citerar* mig fyrir þá ofdirfð, að ég dæmdur frá kallinu og *suspenderaður ab usu officii etc.* Um dóminn hafa þeir fullmegtugu herrar sagt sitt álit í sínu skikkunarbréfi áðurnefndu, sem að minnsta kosti áttu hann að samþykkja eftir lögmálsins hljóðan, en ekki *improbera*, svo framt sem hann gilda skyldi. En þar sanngjörnum mun sýnast að herra biskupinn muni minn málspartur eða saksóknari, hvernig getur hann þá verið minn yfirdómari í sök þeirri sem hann mig fyrirsækir eftir kónglegu lögmáli? Hann skrifar sá góði herra ég hafi *suspenderaður ab usu officii* skrifað tiltekin orð. Þau skrifaði ég þann 18. nóvember *anni* 1714. Að ég hafi þá verið *suspenderaður* kannast ég ekki við, því þó ég væri *suspenderaður* 1712 þá náði sú *suspensio* ekki lengra en frekari *dispensatio* háyfirvaldanna tilkæmi, og kom hún sama árs þann 29. nóvember. Eftir *suspensione* var ég fyrir utan kennimannlega þjónustugjörð heila átta sunnudaga, frá því árla morguns þann 7. ágúst *anni* 1712 og til þess 29. september sama árs. Þó kallar biskupinn mig *suspenderaðan ab usu officii* þann 18. nóvember 1714 og voru þá liðin tvö ár frá því *suspensio* hafði enda. Þetta get ég ekki skilið. Nú spyr ég, hvernig er ég rétt fyrirkallaður þangað sem

enginn er löglegur yfirdómari sem undir megi taka það mál sem mér er tilfært? Má vera til verði svarað, það megi herra biskupinn gjöra síns embættis vegna, bæði mig fyrirkalla og líka yfir mér dæma. Þá spyr ég enn aftur, hvernig getur hann í þessu máli svo mína sök (er hann mig fyrir *citerar*) undirtekið, að hann ekki undir eins undirtaki skikkun þeirra fullmegtigu herra, eftir hverri ég hefi mig haldið og held enn nú? Sá spyr sem ekki veit.

4. Heyrist mér sök mér gefin á annars sæmdum mót vorum lögum, hefði ég íhlaupið frádæmt kall og það að mér tekið fram yfir hendur þess sem veitingarráðin yfir því hefur, þá tilhlýddi, og var fullgóður sá herra mér þar fyrir tiltal veita, og kom það ekki við herra biskupinum, en *suspenderaður* að fremja kennimannlegt embætti, þar mun herra biskupinum tilhlýða eftir að sjá, en um *suspensionem* er nóg talað.

5. Er mér tiltal veitt fyrir tímann, áður en vita fæst hvað kóngleg *majestet* til þessa máls leggur, fyrir hvernar hæstarétt því er skotið og *supplique* þar uppá allra undirdánugast útsend, svo sem þeir fullmegtugu herrar hafa vænst fyrir réttinum í fyrra og vitnan verður sýnd að þangað sé komin, en þó minn herra biskupinn forlengi að bíða þeirrar *resolutionis* meina ég samt engum landsmanna leyfist nokkurn skammtaðan tíma *majestetinu* setja, allra síst í þessari tíð. Vor náðugasti herra kóngur ræður yfir oss, en vér ekki yfir hönum, sem betur fer. Hver má segja til kónsins: Hvað gjörir þú.

6. Að standa lög og þola dóm (til hvers ég er *citeraður*) mótmæli ég ekki, ég meina af þeim sem um málið með réttu á að dæma, því lögmálið tilskyldar það, en hvað mikið uppá þann dóm skal halda sem af þeim gjörist er ekki á um að dæma mun líka í lögnum einhverstaðar finnast. Víst sýnist viðurlitamikil sökin mér tilfærð í *citatiunni*, en varðar mest til allra orða að undirstaðan sé réttileg fundin. Ég meðkenni mig skrifað hafa svo: Ég áforma samt kallinu að þéna, þar til svar kemur frá kónglegri *majestet* etc. Þetta hefi ég með verki framkvæmt allt hingað til eftir skriflegri skikkan og befallingu æðsta yfirvalds hér í landi, er mér hefur uppá kónglegrar *majestet* vegna í herra stiftbefsingmannsins nafni skikkað slíkt að gjöra. Þessa skikkun veit ég engan hér í landi mega undir sinn dóm taka án kónglegrar fullmagtar. Hvernig er ég þá löglega *citeraður* fyrir *synodum* eður nokkurn þann þar inni sem ekki kann þá fullmágt að framvísa, þar sú háyfirvalds skikkun er mitt forsvar og afbötun?

7. Víst hefur veleruverðugur velnefndur herra biskupinn mér forboð gjört *anno* 1715 nokkra prestlega þjónustugjörð fremja í kallinu, nema *in casu necessitatis*, en ekki hefur hann skikkun þeirra fullmegtugu herra sýnt aflaga vera og ekki kennt mér nokkur ráð mig að forsvara ef ég mót henni gjörði og hans forboðum aðhlýddi. Því hefi ég ekki séð mér annað færolegra né hollara en þeirra skikkun eftirgjöra, allt svo lengi hún væri til baka gengin af þeim sem á

hana mætti ganga. Þess vegna, fyrir allt framanskrifað ávíkið, afsegi ég til tilfærðra saka svara, nema fyrirkallið sé löglegt dæmt af löglegum yfirdómara og dómsmönnum, en sjálfs síns fyrirkalli skilst mér veleruverðugur herra biskupinn eigi ekki yfir að dæma, né nokkur sá hann tilnefnir. Ekki heldur veit ég hönum sé sjálfðæmi sett né eftirlátið okkar í milli í þessu máli, í hverju ég þykist þeim góða herra ekkert misboðið hafa enn sem komið er, og ekki hef þann ásetning, heldur vil ég þess biðja hönum að allt hvað hann gjörir mætti ske Guði til dýrðar.

Óska ég með auðmýkt að þetta allt fyrnskrifað mitt einfalt svar ávíkið innskrifist í *synodalis* bókina, sé svo mitt ámalgað mál verði fyrir réttinn tekið, en sá, hver þetta minna vegna framfærir hefur mína auðmjúka bón og fullmágt þar til. Hverju og öllu framanskriфуðu er til merkis mitt nafn með hjáþrykktu venjulegu signeti á Þykkvabæjarklaustri dag 13. júní *anno* 1716, Jón Sigmundsson LS.

Að þessu gjörðu kom landfógetinn *seigneur* Paul Beyer og lét auglýsa fjögur *document* sem hér upplestin voru og uppskrifuð, sömuleiðis eitt sendibréf til herra landfógetans með stærsta þakklæti, af hverjum skjölum sýslumanninum Skefving sýnist engin upplýsing víðari fást utan margmælgí, en ekki til framkvæmdar í þessu máli framar en komið er. Þessu til merkis, *datum ut supra*, Lars Skefving.

Þann 14. júlí var upplesið bréf biskupsins til landfógetans Beyers, hljóðandi svo sem eftirfylgir, og landfógetans svar þar uppá:

Eðla velvísi herra landfoget. Samankominn kennidómur í *synodo* vill vita, áður en þeir gefa sitt *votum* í máli séra Jóns Sigmundssonar, hvert sá dómur sem gekk *anno* 1712 í hans máli sé *suspenderaður* og það *suspensions* bréf vilja þeir sjá *in originali*. *Item* vilja þeir fá með rökum bevísað að séra Jón Sigmundsson hafi *supplicerað* til hans kónglegrar *majestets* um nokkra kónglega *dispensation* í sínu máli eður nokkra *resolution* þar uppá. Þingvöllum þann 14. júlí *anno* 1716. Forblífandi eðla herra landfogets tjenstberedvillige ven, Jón Þorkelsson Vídalín.

Til venlig gensvar. Den her indbegærte *suspension* er ikke udi mine hænder, men hos ædle herr lavmand *seigneur* Otto Sivertsen, men jeg tilstaar at præsten herr Jon Sigmundssen allerunderdanigst har *suppliceret*. Ved Öxeraa den 14. juli *anno* 1716. Jeg forbliver deres velærværdigheds tjenstberedvillige tjener, Paul Beyer.

Uppá það sem kennidóminum þykir athugavert í innleggi séra Jóns Sigmundssonar, þá er þetta þeirra svar:

1. Óeining dómendanna, sem séra Jón kallar, þarf ei að skapa í þessu máli löglegt fyrirkall. Lögin skapa það sjálf, Norske lov *lib.* 1, *cap.* 2, *art.* 19. Og

ekki ætti séra Jón að brúka vorkunnsemi kennidómsins sem í fyrrasumar sat réttinn í *synodo* til að skjóta sér undan þessarri.

2. Að séra Jón sé ei kallaður frá sínu varnarþingi sýnir lögmálið Norske lov *lib. 1, cap. 2, art. 19*.

3. Er oss ekkert það lögmætt auglýst sem stiftbefalingsmannsins fullmeztugan eður biskupinn hindri að vera dómari í máli séra Jóns.

4. Pósturinn sýnist oss enga upplýsing gjöra í þessu máli, þar vér ei annars vitum en séra Jón væri skyldugur biskupsins dóm að halda, sem gekk 1712.

5. Ekki er séra Jóni tiltalað fyrir tíma. Hann hefur haft nógan tíma síðan 1712 til að sækja einhverja kónglega náð yfir sínu máli. En fyrst hans *majestet* hefur engu svarað uppá þá *supplique* sem hann segist gjört hafa, svo vitum, því sýnist oss enn sem fyrr að séra Jón eigi hér dóm að þola.

6. Er uppásvarað í þeim 3. pósti, þar oss er ei fyrir sjónir komin skikkun hans höj-*excellences* fullmeztugs sem séra Jón vænist.

7. Er vort ansvar áður komið í þeim 6. pósti næst áður og svo þeim 3.

Að þessum bréfum og *documentum* athuguðum er fullkomin dómsályktun biskupsins og kennidómsins í *synodo*:

1. Að eftir því séra Jón Sigmundsson er dæmdur frá kallinu í þessum rétti *anno* 1712, en hefur þó ekki þeim dómi hlýtt, þá eigi hann fyrir þessum rétti að svara eftir biskupsins *citatiu*. Þessa vora meining byggjum vér á Norske lov *lib. 1, cap. 2, art. 19*.

2. Að sökum þess að hér var ekki fyrir réttinn bevíslega *producerað* með hverju móti séra Jón Sigmundsson hafi til hans kónglegrar *majestets supplicerað*, hvert um stefnu yfir *synodi* dómi, ellegar um náð og fyrirgefningu á sinni yfirsjón, og engin konungleg *resolutio* er enn nú komin uppá þá *supplique* sem hann vænist, en hann hefur ei að síður bæði *synodi* dóm og biskupsins embættistilhlutanir í sínu máli að engu haft, þá dæmum vér með fullu dómsatkvæði að séra Jón Sigmundsson hafi forbrotið sitt embætti og skuli afklæðast sínum prestlegum búningi og reiknast svo sem ein veraldleg persóna hér eftir. Norske lov *lib. 1, cap. 6, art. 12*; Christiani 5ti forordning *datum* Kaupmannahöfn 23. maí 1696.

III. Þann 14. júlí framlagði prófasturinn séra Jóhann Þórðarson eina *citatiu* til þeirrar kvenpersónu Guðrúnar Jónsdóttur, hljóðandi sem eftirfylgir:

Eftir því ég formerki að þú Guðrún Jónsdóttir hefur enn ekki feðrað það barn sem þú fæddir á því ári 1715, hvers föður þú lýstir Þorstein Guðmundsson, en hann hefur eið fyrir svarið, og þú stendur samt við þína lýsingu á móti hans eiði, því boða ég þig til Þingvallna fyrir almennilega prestasamkomu sem þar haldin verður á þessu ári 1716 til að gjöra grein á þessarri þinni lýsingu, svo þar kunni að úttalast um þín kristileg fríheit. Vertu komin á nefndan stað

dag 14. júlí næstkomandi, sem er þriðjudagur næstur eftir 5. sunnudag eftir heilaga þrenningarhátíð, og bíð þar svo lengi sem þér er tilsagt af andlegar stéttar yfirvaldi.

Þessu til staðfestu skrifa ég mitt nafn hér undir og hjáþykki venjulegt signet að Laugardælum dag 3. júní *anno* 1716, Jóhann Þórðarson LS.

Sama dag og hér greinir las prófasturinn séra Jóhann Þórðarson þetta hér ofanskrifað Guðrúnu Jónsdóttur áheyrandi og afhenti henni annað einshljóðandi. Til merkis undirskrifuð nöfn, Snorri Guðmundsson, Þórður Ólafsson.

Hér var og upplesin *citatia* biskupsins til héraðsdómarans í Árnessýslu, Gríms Magnússonar, með hverri hann er boðaður fyrir þessa *synodum generalem* til að framleggja fyrir réttinn þann dóm er hann gengið hefur í áður nefndu barneignarmáli, ásamt eiðstektinni er þar af fylgir þessu efni til upplýsingar. Hér var og upplesinn héraðs *process* Gríms Magnússonar, genginn að Stóru-Sandvík 1715 14. maí, í hverjum hann ásamt sínum meðdómendum hefur dæmt að Þorsteinn Guðmundsson frí sig frá barnsfaðernislýsingu nefndrar Guðrúnar Jónsdóttur með lýrittareiði hinum minni. Í greindum *process* hefur Guðrún lýst að Þorsteins og sinn fyrsti samfundur til saurlífnaðarverks hafi verið í fyrravetur (stendur í *processinum*) og þar næst í vikunni eftir vertíð í fyrravor og síðan öðru hverju umliðið sumar og fram yfir jól á næstliðnum vetri (segir *processinn*), en Þorsteinn neitar öllum lýsingum uppá sig um þeirra saurlífnaðarsamfundi fyrir utan eitt sinn að hann hafi saurlífnaðarsynd með henni framið á næstliðnum vetri.

En fyrir því að Þorsteinn Guðmundsson hefur ei í aflögðum eiði svarið fyrir alla lýsingu Guðrúnar Jónsdóttur, heldur alleina fyrir það hann væri ei faðir að barni hennar, sem hún hönum kenndi og í heiminn fæddi á næstliðnum vetri, þá er *resolutio* biskupsins og kennidómsins að Þorsteinn Guðmundsson skuli sverja skýlausan eið fyrir allan áburð Guðrúnar Jónsdóttur, að því undanteknu sem hann áður meðkennt hefur, hvar til menn óska að herra stiftbefalingsmannsins fullmeztugur hönum halda láti. En héraðsdómarinn Grímur Magnússon gjöri frekara rannsak með fyrstu hentugleikum, áður en eiðurinn er tekinn í héraði, þessarri sök til upplýsingar. Og að þessu framkomnu *refereri* héraðsprófasturinn til biskupsins um fríheit Guðrúnar Jónsdóttur.

IV. Þann 15. júlí var upplesin stefna sú er skólameistarinn Þorleifur Arason *produceradi* fyrir réttinn, hljóðandi svo sem eftirfylgir:

Með því eruverðugur prófasturinn séra Eiríkur Þorsteinsson, samt af hönum tilnefndir heiðurlegir kennimenn, hafa þann næstliðna 1. dag október *anni* 1715 að Brjámslæk á Barðaströnd ályktað að þær sakir er ég með stefnufyrirkalli hefi þann 3. og 11. maí *anno* 1715 fært yður eruverðugi kennimann séra Halldór Pálsson á hendur, áhrærandi verknað við mig og áburð mér af yður á

hendur færðan, skyldu koma undir endilegan dóm veleðla herra biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín og *synodi generalis* á næstkomandi alþingi 1716, þar fyrir stefni ég Teitur Arason sýslumann í hálfri Barðastrandarsýslu yður séra Halldór Pálsson, sóknarprestur til Selárdals og Laugardals kirkjusókna, til Þingvalla við Öxará þann 15. dag júlímánaðar þessa árs 1716, undir dóm veleðla herra biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín og þeirra heiðurlegra kennimanna sem í næsthaldinni *synodo generali* tilnefndir verða, að meta hverjum eður hvað miklum sektum þér skuluð undirorpnir vera fyrir þau klagnæm atvik sem ég í áðurgreindum tveimur mínum stefnum hefi yður á hendur fært, hverjar við presta *actinn* á Brjámslæk næstliðinn 1. október innfærðar finnast. Sömuleiðis legg ég undir velnefnds herra biskupsins og *synodi* álit hvert þér skulið ei skyldugir til vera að betala mér þann kostnað og ómak sem ég eftir bevísanlegum reikningi kann framleggja að ég haft hafi uppá þessa alla málssókn móti yður. Einnig hindrun mér og mínum þénurum orsakaða með yðar fjarlægð og óhentuglegu ansvarsleysi fyrir réttinum síðan ég þessar mínar ákærur tilneyddist við yður byrja.

Hafið á greindum stað og degi til reiðu varnir móti mínum áðurgreindum sakargiftum og verið forþenktir til fyrir þær dóm að líða. Þessarri minni stefnu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og hjáþrykkt signet að Haga á Barðaströnd dag 27. apríl *anno* 1716, Teitur Arason LS.

Uppá stefnuna hafa þessir menn, Hálfðan Nikulásason og Ólafur Bjarnason, skrifað þetta eftirfylgjandi:

Þessa ofanskrafaða stefnu las Þórður Tómasson fyrir kalldyrnum að Selárdal þann 30. dag aprílmánaðar þessa árs 1716, hátt og skiljanlega, en áður Þórður byrjaði að lesa spurði hann að hvert presturinn séra Halldór á sínu heimili Selárdal væri, hverju heimafolk þar játaði, en með því að hann fékk ei prestinn finna né við hann tala, þá hrópaði hann þrisvar á séra Halldór Pálsson og bað hann og beiddist að hann nálægur væri meðan hann þessa stefnu yfir hönum læsi. Þar eftir las hann stefnuna og að henni endaðri bauð hann þjónustufólki séra Halldórs samhljóða genpart oftnefnds séra Halldórs vegna meðtaka, hverju það neitaði. Síðan batt hann sagðan genpart uppí kalldyrnar. Þessu til staðfestu eru undirskrifuð nöfn, Hálfðan Nikulásason, Ólafur Bjarnason.

Þessir báðir aflögðu nú strax fyrir biskupinum sinn eið að stefnan hefði lesin verið, eftir því sem þeirra *attest* umgetur. Dæmum vér því séra Halldór Pálsson rétt fyrirkallaðan og að hann eigi hér til þessa stefnumáls að svara, hverju með oss samþykkur er hans höj-*excellences* fullmegtugs umboðsmaður sýslumaðurinn Skefving.

Item voru hér upplesnir tveir héraðs *processar* prófastsins séra Eiríks Þorsteinssonar, hinn fyrri *dateraður* Brjámslæk á Barðaströnd þann 17. júní 1715,

en hinn síðari 28. september 1715 að Brjámslæk. Hér voru og upplesnir vitnisburðir Hálfðanar Nikulásssonar og Sigurðar Jónssonar, hverja þeir svarið hafa fyrir prófastinum séra Eiríki Þorsteinssyni að settri prestastefnu að Brjámslæk. Í þessum vitnisburðum virðist oss þetta eftirskrifað saknæmt:

1. Að séra Halldór Pálsson hafi hrundið sýslumanninum Teiti þar sem hann stóð á götunni, ofan fyrir á stórgrýti, hvert vottarnir segja að hafi verið hættulegt fall. Þessi er meiningin í beggja þeirra vitnisburði, jafnvel þótt ei séu orðin hin sömu, og að greindur sýslumaður hafi kvartað um sársauka þegar hann uppstóð.

2. Að presturinn séra Halldór Pálsson reiddi sitt keyri til höggs, sem vildi hann slá sýslumanninn, þegar hann (sýslumaðurinn) ætlaði að stefna hönum.

Sýslumaðurinn Teitur var hér ekki sjálfur, heldur mætti hans vegna bróðir hans skólameistarinn Þorleifur Arason, hvern vér tókum gildan fyrir hans umboðsmann. Séra Halldór var hér ekki í eigin persónu, heldur mætti með innleggi, hvert hans höj-*excellences* fullmegtugs umboðsmaður, sýslumaðurinn Laurits Skefving, lagði í réttinn. Í því innleggi sjáum vér ekkert sem séra Halldóri kunni til forsvars að vera á móti ákærum sýslumannsins Teits. Greindur sýslumaður Teitur Arason vísar í stefnu sinni til tveggja áður undanfarinna stefna,¹ með hverjum hann stefnt hefur fyrir héraðsprestastefnur. Sú fyrri er *dateruð* þann 3. maí 1715, eftir hverri stefnu að prófasturinn séra Eiríkur Þorsteinsson hefur áðurgreind vitni tekið.

Og fyrir því að oss virðist að þau ljótu og ósæmilegu tilræði sem þessir vitnisburðir eigna prestinum séu sannbevísuð, þar ekkert framkemur og ekkert er að sjá í innleggi séra Halldórs sem vottunum hrinda megí, þá dæmum vér að séra Halldór Pálsson skuli gefa til fátækra prestaekkna 30 lóð silfurs eður 15 ríxdali. Hverja vora meining vér byggjum á Norske lov *lib.* 6, *cap.* 9, *art.* 20, samanbornum við *art.* 18. En þótt að sektin sé minni en þar stendur, þá ræður biskupinn og kennidómurinn til þess í allra undirdanigasta trausti til hans kónglegrar *majestets* sökum landsins fátæktar, sem ekki þolir svo háar sektir svo sem önnur lönd í kóngsins ríkjum. En sýslumanni Teiti Arasyni skal séra Halldór Pálsson gjalda í rétt sinn, eftir því að hann var staddur í stefnuför þegar séra Halldór réðst á hann, 9 merkur, hverja vora meining vér styrkjum við þingfararbálks 5. *cap.*, þar lögbók segir: En ef menn verða særðir á Öxarárþingi eður fá einhvern vansa eður óhlut af mannavöldum og vilja, þá eykst að helmingi réttur þeirra; þar oss virðist þetta ærið líkt vera. Og í kostnað skal hann gjalda sýslumanninum Teiti Arasyni átta hundruð fyrir alla sókn á þessu máli,

1 *stefna*: vantar í handrit

bæði í héraði og á alþingi. Og allt þetta fé skal séra Halldór goldið hafa í næstu fardögum eður gjaldi þriðjungi meira, eftir Norske lov *lib. 1, cap. 5, art. 15 et 24*.

Fyrir þau óskikkanlegu orð sem standa í áðurnefndu innleggi séra Halldórs (*dateruðu* Selárdal 30. júní 1716) og svo hljóða: Júdas sat við Kristi borð og var *proditor*. Símon Magus hlaut skírn og báðir fengu sinn dóm. Hálfðan Nikulásson er undir sömu grein í orðaburðinum. Þessi orð virðast oss sveigð að Sigurði svo vel sem Hálfðani, en hér er enginn vegna Sigurðar að tala uppá þetta, en skólameistarinn beiðist út réttar Hálfðanar Nikulássonar. Því dæmum vér, að séra Halldór skuli betala Hálfðani eitt hundrað, en til fátækra presta-ekkna 10 aura, og hafi þetta lokið í fardögum 1717, ella betali þriðjungi meira eftir Norske lov *lib. 1, cap. 5, art. 15 et 24*.

Innihald þeirrar annarrar stefnu sýslumannsins *dateraðrar* 11. maí, við-víkjandi stefnu séra Halldórs Pálssonar til sýslumannsins Teits Arasonar til Fífustaða í Kolmúladal á þann 3. maí 1715, verður í þetta sinn ekki undir dóm tekið, jafnvel þótt prófasturinn hafi innsett það fyrir biskupinn og *synodum generalem*, því oss þykir nauðsynlegt að sýslumaðurinn Teitur sé hér í eigin persónu þegar þetta mál er *tracterað*. Þar fyrir dæmum vér báða þá sýslumanninn Teit Arason og séra Halldór Pálsson skylduga að mæta hér fyrir *synodo generali* næstkomandi ár 1717, og sýslumaðurinn Teitur í eigin persónu að forfallalaus, og hér dóm að þola að svo miklu leyti sem andlegum rétti byrjar yfir að dæma.

Þeir menn, Sveinn Jónsson, Sigurður Jónsson, Þorsteinn Jónsson og Jón Runólfsson, sem *citeraðir* eru ásamt Jóni Sigmundssyni, eftir hverjum þó beðið hefur verið til þess í dag, sem er sá 17. júlí, eru ekki hingað komnir til þingsins svo menn afviti. Því er þeirra sök uppsett til árs og skulu þeir þá skyldugir hér að mæta að heyrðri þessarri ályktun nema kóngleg *resolutio* einhver komi þangað til uppá þeirra mál.

Þann 17. sendi biskupinn sinn *famulum* Ólaf Gíslason til sýslumannsins Laurits Skefving og óskaði að hann vildi vera nálægur á meðan *acta synodalia* væru upplesin, og flutti hann það svar aftur að sýslumaðurinn kæmi ekki heim í kvöld né sendi neinn, en óskaði að *synodo* yrði ekki uppsagt fyrr en á morgun. Nú fyrir því að prófastarnir og prestarnir afsaka sig að bíða lengur eður tefja frá sínum sóknum og heimili, þá þykist biskupinn ekki kunna að upphalda þeim lengur, heldur gefur þeim orðlof frá þessum rétti í þetta sinn; en hafi sýslumaðurinn Skefving nokkuð löglegt að *remarqvera* í þessum *actis synodalibus*, þá stendur hönum frítt fyrir það að gjöra hér bak við.

Til merkis og staðfestu eru undirskrifuð nöfn. *Anno et loco ut supra*, þann 17. júlí.

Jón Vídalín
Bjarni Hallgrímsson meh
Jón Eyjólfsson eldri meh
Frans Ibsson mpp
Árni Þorleifsson
Gísli Erlingsson
Bárður Jónsson
Bjarni Helgason

Torfi Halldórsson
Þorsteinn Ketilsson eh
Þorsteinn Oddsson mpp
Jón Halldórsson
Þorkell Oddsson
Torfi Hannesson

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1717 þann 12. júlí að settri *synodo generali* að Þingvöllum var upplesið bréf herra stiftbefalingsmannsins fullmeztugs, lögmansins Odds Sigurðssonar, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Með því ég undirskrifaður hefi nú svo stórrí annríki með lögréttunni að beþéna og þar að uppvarta mér af kónglegri *majestet* allranáðugast anbetruáða dómara *function*, og þeirra orðsaka vegna kann ég sjálfur ekki í eigin persónu á þessu alþingi *synodi* réttinn sitja, þar fyrir er ég þénustusamlega óskandi að veledla veleruverðugi herra biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín vilji á þessu ári þann geistlega rétt og stiftisins *synodum* hér á Þingvöllum sem *præses administrera* og eftir kónglegrar *majestets* lögum, *ordinantiunni* og öðrum konunglegum forordningum, dóma afsegja eftir þeim geistlegu sökum, svo sem viðber og hæfir, er fyrir stiftisins *synodum* innkoma kunna og þar dæmast eiga. Hvað ég síðan svo vítt mér viðkoma kann uppá háborna herra stiftbefalingsmannsins vegna eftir lögunum og svo vítt með réttu ske ber vil samþykkja.

Til merkis mitt nafn með eigin hendi við Öxará dag 10. júlí anno 1717, Oddur Sigurðsson.

Þar fyrir nefndi biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín þessa eftirskrifaða í dóm að dæma um þau mál sem fyrir þessa *synodum* koma, prófastinn í Þverárþingi sunnan Hvítár, séra Hannes Halldórsson, prestinn séra Benedikt Pétursson, séra Björn Jónsson, séra Frans Ibsson, séra Björn Þórðarson, séra Gísli Álfsson, séra Ólaf Gíslason dómkirkjunnar prest, séra Jón Halldórsson, séra Einar Oddsson, séra Halldór Brynjólfsson, séra Ólaf Jónsson, séra Markús Eiríksson, séra Eyjólf Björnsson og séra Halldór Einarsson.

I. Var upplesinn héraðsdómur prófastsins í Árnesþingi, genginn með sex prestum að Skálholti 25. júní 1717, millum þeirra hjóna Hólmfasts Jónssonar og Hildar Sigmundardóttur. Hefur Hildur gefið manni sínum Hólmfasti það að sök að hann hafi framhjá sér barn getið við Herborgu Eyjólfsdóttur, hvað hann

og meðkennt hefur fyrir prófastsins dómi. Var nú Hólmfastur hér persónulega nálægur og aðspurður hvört að kvinna hans Hildur hefði gefið hönum nokkra orsök til þessa hórdóms og kvað hann nei við því, og ekkert frambar hann það sem gjöri hana seka við hann. Hildur hefur afsagt fyrir héraðsdómi að taka mann sinn Hólmfast aftur til egtaskaparsamvista, en ekki er hún hér í eigin persónu, heldur hefur umbeðið sinn sóknarprest séra Ólaf Gíslason, eftir hans eigin sögn, að svara því er hún viðþyrfti sinna vegna. En presturinn auglýsti hér fyrir réttinum að hún stæði við hina sömu meiningu sína að taka ei Hólmfast aftur til egtaskaparsambúðar. Hvar fyrir samankominn kennidómur að yfirveguðum héraðs *processinum* og því sem undan er gengið dæmir með fullu dómsatkvæði að hjónaband þeirra Hólmfasts Jónssonar og Hildar Sigmundardóttur skuli aldeilis sundurlaust, og þau skuli hédan af halda sig svo sem ógiftar persónur eftir hjónabands *articulunum*.

II. Á sama degi kom fyrir réttinn mál þeirra fjöggra bænda í Álftaveri, Sigurðar Jónssonar, Þorsteins Jónssonar, Sveins Jónssonar og Jóns Runólfssonar, hverju svo er háttað að þegar Jón Sigmundsson, fyrrum klausturprestur til Þykkvabæjarklausturskirkju, var dæmdur frá kallinu hér í *synodo generali* 1712 og biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín fyrirbauð þeim bréflega að þiggja nokkra prestlega þjónustu af Jóni Sigmundssyni eftir sama dómi, hafa þessir bændur skrifað svolátandi orð:

Að vér skulum halda, þekkja og meðtaka séra Jón Sigmundsson fyrir okkar rétta sóknarprest og sálusorgara, honum heyra af predikunarstólnum og af honum meðtaka drottinlega kvöldmáltíð (og í einu orði) alla þá kennimannlega þjónustugjörð utan kirkju sem innan, allt svo lengi presturinn viðheldur, og að því framkomnu sem oss auglýst er.

Fyrir þessi orð *citeraði* biskupinn þá þann 25. nóvember 1715 til að mæta fyrir *synodo generali* í fyrra 1716. En vegna þess að þeir ekki mættu var þeirra mál uppsett til þessarar *synodum* og dæmdi kennidómurinn þá skylduga hér að mæta. Þessi dómur hefur þeim auglýstur verið og hafa þeir *copiur* af hönum fengið, svo sem þeirra eigin handskrift uppá *synodi* dóminn vottar, *dateruð* 7. nóvember 1716, og þess eina manns 11. sama mánaðar og árs. Þann 13. júlí óskaði biskupinn og kennidómurinn bréflega af herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugum, lögmanninginum Oddi Sigurðssyni, að hann vildi setja einhvern til að *agera* sökina í þessu máli, en hann andsvaraði skriflega svo sem eftirfylgir:

Veleðla veleruverðugi herra biskup *magister* Jón Þorkelsson Vídalín. Yðar veleruverðugheitum ásamt heiðurlegum kennimönnum í þessari stiftisins *synodo* samankomnum ávísast hér með það sýslumaðurinn Bjarni Nikulásson er settur talsmaður fyrir þá fjóra bændur úr Álftaveri, Svein Jónsson, Sigurð Jónsson, Þorstein Jónsson og Jón Runólfsson. En herra biskupinn kann nú

sjálfur tilsetja einhvern þann sem málið á móti *monsieur* Bjarna Nikulássyni *ageri* og það í gegn bændunum uppátali, hvörri herra biskupsins *constitution* ég vil vera samþykkur.

Forblífandi veðla herra biskupsins reiðubúinn þenari, Oddur Sigurðsson, við Öxará dag 12. júlí *anno* 1717.

Eftir þessu bréfi tilsetti biskupinn lögréttumanninn Þórð Þórðarson *actorem* í þessari sök og mættu þeir báðir, hann og sýslumaðurinn Bjarni Nikulásson vegna bændanna hér fyrir réttinum. Var sýslumaðurinn aðspurður hvört hann hefði nokkuð að *prætendera* á móti fyrirfallinu, hvar til hann svaraði að hann kynni ekkert lögmætt á móti því að finna, en framlagði eitt innlegg, hvers inn-tak er að Jón Sigmundsson hafi *appellerað* frá *synodi* dómi 1712, þar eftir hafi hann fengið skikkun þeirra fullmeztugu að halda við sitt kenningalega em-bætti inn til kónglegrar *majestets resolutio* kæmi. En þar Jón Sigmundsson hafi í allra auðmjúkasta trausti uppá kóngsins náð treyst og haldið sér við yfirvald-anna skikkun segir greindur sýslumaðurinn sér skiljist að fyrirskrifaðir Þykkva-bæjarklausturs kirkjusóknarmenn hafi þessi orð skrifað aldeilis af einfaldleika og fákunnáttu meir en illum ásetningi, og síst af foragti við herra biskupinn, hvar um sýslumaðurinn biður í undirgefni þessum fáfróðu mönnum vægðar, þar hann segist vita að þeir hafi ekki forstand á embættispersónu sinna háyfirvalda, og þar eð Jón Sigmundsson hafi enn á ný innskotid þessu máli til kónglegrar *majestets allranáðugustu resolutionis*, þá vilji þessir menn þess andsvars bíða og biðji af alúð að þeirra einfalt skrif ekki misvirðist. *Datum* innleggsins við Öxará 13. júlí 1717 með undirskrifuðu nafni, Bjarni Nikulásson.

Óskaði nú biskupinn að sýslumaðurinn Bjarni bevísaði hér fyrir réttinum að Jón Sigmundsson hafi *supplicerað* um konunglega stefnu yfir *synodi* dómin-um 1712 í hans máli, hvað hér ekki skjallegt framkom, en *monsieur* Þórður Þórðarson, *actor* í þessu máli, setti í rétt hvört þetta bændanna skrif mætti ei heimfæra til Norske lovs *lib. 2, cap. 5, art. 2*, hver sekt kennidóminum virðist að ei kunni að standast í þessu landi.

Þar fyrir að athuguðu öllu áður greindu dæmir *synodus* að þeir menn Sigurð-ur Jónsson, Sveinn Jónsson, Þorsteinn Jónsson og Jón Runólfsson skuli svara hver um sig svo sem fyrir dómrof fjórum mörkum til kóngs eftir þingfarabálki 8. *cap.* fyrir þau ósæmilegu og dirfskufullu orð er þeir skrifað hafa og hér að framan eru innfærð.

III. Á sama degi var upplesinn héraðs *process* prófastsins í Árnesþingi, séra Jóhanns Þórðarsonar, viðvíkjandi séra Snorra Jónssyni genginn að Skálholti dag 25. júní. En þann 14. kom greindur séra Snorri inn fyrir *synodi* réttinn og beiddi auðmjúklega Guð og menn fyrirgefningar á því sér hefði kunnað yfir að sjást og lagði í vald biskupsins og kennidómsins að leggja sér uppá það sem

billegt þætti. Og fyrir því ályktar *synodus* billegt að séra Snorri gefi til fátækra prestaekkna 3 hundruð í gagnlegum aurum og hafi það lokið innan næstkomandi Michaelismessu, og sé svo frí fyrir frekara tiltali og þessa sök alteilis viðskilinn að þessu höldnu.

IV. Hafði biskupinn til tals við kennidóminn um þann háaldraða mann séra Daða Halldórsson, hvör nú hefur sökum óhreysti og elliburða frá sér gefið það kall Steinsholt er hann langvaranlega þénað hefur, hvort þeim ei virðist að hann sé verðugur þeirrar ölmusu sem kóngleg *majestet* hefur *deputerað* af stöðunum í þessum fjórðungi, hvar til þeir sameiginlega svöruðu að þar menn ei annað viti en að greindur séra Daði Halldórsson hafi góða forstöðu veitt sínu embætti þá sé hann þessarar ölmusu velverður.

V. Þeir tveir prestar úr Rangárvallasýslu sem hingað eru *citeraðir* af prófastinum séra Bjarna Hallgrímssyni, séra Jón Oddsson og séra Sveinn Þorsteinsson, en eru þó ekki hingað komnir, skulu gefa fimm aura til fátækra prestaekkna hver um sig og hafi það betalað innan næstkomandi Michaelismessu til prófastsins séra Bjarna Hallgrímssonar, en hann afhendi það einhverri fátækri prestsekkju sem mest er nauðstödd í því héraði.

VI. Á fyrrgreindum degi var upplesið eitt bréf eftir ósk séra Björns Þórðarsonar sóknarprests að Melum, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Anno 1717 þann 31. janúar að Melum við Borgarfjörð að framdri Guðs þjónustugjörð í safnaðarins nálægð bað Þorvaldur Þorsteinsson heiðurlegan kennimann séra Björn Þórðarson auðmjúklega í Guðs nafni fyrirgefningar á þeim ósæmilegu og óviðurkvæmilegu orðum sem hann hefði til hans talað og velnefndum kennimanni séra Birni hefði mátt til hneykslis eður óvirðingar nokkrar horfa, játandi sig þaug í óvitsku og bræði talað hafa, en af öngvu viti, tilhæfi né rökum, gefandi hönum þann vitnisburð það hann ei vissi velnefnds séra Björns Þórðarsonar annað en erlegt, gott og skikkanlegt til orða og athafna allra, bæði í lærdómi og lifnaði, sem einum heiðurlegum og lastvörum kennimanni velsómir, hvörri auðmjúkri fyrirgefningarbón Þorvalds Þorsteinssonar presturinn velnefndur séra Björn Þórðarson vel og guðrækilega gegndi, fyrir orð og tilmæli nálæggra göfugra manna, nefnilega prófastsins séra Hannesar Halldórssonar, sýslumannsins *monsieur* Sigurðar Jónssonar og prestsins séra Jóns Jónssonar, gefandi áðurnefndan Þorvald kvittan af frekara tiltali af sér, svo framt Þorvaldur hann ekki hér eftir í meiru eður minna ýfir eður áreitir.

Að þetta ofan- og framanskrifað svo framfarið hafi í safnaðarins viðurvist sama stað, ár og dag sem fyrr segir vitnum vér undirskrifaðir með vorum eigin handskriftum og skírnarnöfnum. Nálægur var Hannes Halldórsson, Sigurður Jónsson, Þórður Eyjólfsson, Kapratíus Eyjólfsson, Jón Eyjólfsson yngri, Árni Ólafsson, Ormur Jónsson, Jón Jónsson, Hjalti Sigurðsson, Hannes Sigurðsson,

Eyjólfur Helgason, Halldór Þorvaldsson, Torfi Þorsteinsson, Tumi Markússon, Þorsteinn Þormóðsson, Þorvaldur Halldórsson.

Óskaði nú presturinn séra Björn að kennidómurinn vildi segja sína meiningu hvert hann virðingar sinnar eður heiðurlegs nafns vegna þyrfti frekari aðgjörðir að hafa í þessu efni en þetta bréf útvísar. Hvar til kennidómurinn svarar að þeir ekki sjá að séra Björn kunni að hafa nokkra óvirðingu hér af, þar þessi maður Þorvaldur Þorsteinsson hafi afturtekið þau orð er hann hefur kunn- að að óvirða prestinn með.

Að þetta framan- og ofanskrið í sex póstum hafi svo framfarið fyrir *synodo generali* vottum vér undirskrifaðir með vorum eigin höndum hér undir að Þingvöllum dag 15. júlí *anno* 1717.

Oddur Sigurðsson
Benedikt Pétursson prestur eh
Björn Jónsson Thorlacius mpp
Ólafur Gíslason
Jón Halldórsson
Einar Oddsson
Eyjólfur Björnsson

Jón Vídalín
Hannes Halldórsson eh
Frans Ibsson mpp
Björn Þórðarson meh
Gísli Álfsson eh
Halldór Brynjólfsson
Ólafur Jónsson
Markús Eiríksson
Halldór Einarsson

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1718 12. júlí að settri almennilegri *synodo* Skálholtsstiftis að Þingvöllum voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar stiftisins í dóm nefndir af veleðla herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín, séra Þórður Jónsson prófastur í Snæfellsnessýslu,¹ séra Jón Halldórsson prófastur í Þverárþingi, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Bjarnason prófastur í Skaftafellssýslu, séra Torfi Halldórsson prófastur í Kjalnesþingi, séra Ólafur Gíslason dómkirkjunnar prestur, séra Jón Halldórsson, séra Jón Jónsson sóknarprestur að Stafholti, séra Jón Jónsson sóknarprestur að Görðum, séra Þorkell Oddsson, séra Guðmundur Pálsson, séra Gestur Árnason, séra Stefán Þorsteinsson, séra Ólafur Jónsson, séra Benedikt Jakobsson.

Að þessu gjörðu sendi herra biskupinn til herra stiftbefalingsmannsins full- megtugs dómkirkjunnar prest Ólaf Gíslason og þénara sinn Gísli Jónsson, og sagði biskupinn prestinum séra Ólafi oss áheyrandi að kveðja lögmann Odd

1 séra Þórður Jónsson prófastur í Snæfellsnessýslu: strikað er yfir þessi orð í sama bleklit

Sigurðsson til að hann á þessum degi, þann 12. júlí, vildi nálægur vera í *synodo generali* herra stiftbefalingsmannsins vegna til að gegna þeim málum er þar dæmast ættu, en þeir fluttu aftur það svar að ei hefðu þeir náð tali við lögmanninn, því hann hefði sofið. Þetta var um hádegisbil. Síðan þegar komið var nær miðjum aftni kom Sumarliði Klementsson inn fyrir réttinn og framvísaði frá lögmanninum Oddi eftirskrifað bréf:

Veleðla herra biskup. Eftir því ég formerki að þér, að mér óvitandi og óaðspurðum, hafið sett *synodum* í dag, þá læt ég yður hér með vita að á morgun, lofi Guð, býðst ég við í eigin persónu uppá hans höj-*excellences* vegna í *synodo* að *præsidera*. Því óska ég að svo lengi uppihaldist með nokkra dóma í *synodo* hér á Þingvöllum að gjöra. Við Öxará dag 12. júlí *anno* 1718. Forblífandi herra biskupsins þénustuviljugur, Oddur Sigurðsson.

Uppá hvert biskupinn svaraði með bréfi og bað að Sumarliði bæri það aftur til lögmannsins, hvar til Sumarliði svaraði: Þér hafið þar til miklu betri þénara en ég er, gekk síðan út úr kirkjunni og meðtók ekki bréfið, en var þó nálægur meðan bréfið var stílað í heyranda hljóði. Strax þar eftir sendi biskupinn til lögmannsins Odds dómkirkjunnar prest séra Ólaf Gíslason og tvo presta, séra Stefán Þorsteinsson og séra Benedikt Jakobsson, með eftirskrifað bréf:

Eðla velvísi lögmann Oddur Sigurðsson. Ég óska þénustusamlega réttarins vegna að þér nú samstundis komið hér í *synodi* réttinn til að dæma uppá hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins vegna eður sýnið réttinum að þér þar frá séuð löglega hindraðir. Til merkis Þingvöllum þann 12. júlí *anno* 1718. Hans þénustuviljugur vin og þénari, Jón Vídalín.

Uppá þetta svaraði lögmaðurinn sem eftirfylgir: Þegar herra biskupinn sýnir mér þann myndugleika að hann megí setja *synodi* réttinn fyrir utan herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugs *consens* skal ég *comparera* á þeim tíma. *Datum ut supra*, Oddur Sigurðsson.

Nú fyrir því að *synodus* hefur ávallt sett verið af biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín í þau 20 ár sem hann hefur yfir stiftinu verið fyrir utan befalingsmannanna tilhlutan, svo að enginn hefur aðfundið, og fyrir hans tíð vita nokkrir af oss að það hefur verið með sama hætti, þá áræðum vér í Drottins nafni með biskupsins ráði að taka þær sakir undir dóm sem hér eiga löglega að *tracterast*, sérdeilis þar herra lögmaðurinn Oddur Sigurðsson ásamt biskupinum hefur *anno* 1713 ályktað hér í þessum rétti að *synodus* skyldi byrjast þann 10. júlí árlega eður næsta dag virkan eftir, en nú er í dag sá 12. júlí.

I. Var fyrir réttinn framlagður héraðs *process* prófastsins séra Torfa Halldórssonar gjörður að Hvaleyri 1718 þann 18. maí, í hverjum sjá er að prófasturinn hefur *citerað* séra Halldór Brynjólfsson til að forsvara opinbera aflausn sem hann veitt hafði Ingibjörgu Sæmundsdóttur fyrir barneign í friðlulífi *anno*

1716. Ingibjörg þessi hefur barn í heiminn fætt þann 21. desember og lýst föður að barninu Þórð nokkurn Eiríksson, en presturinn séra Halldór Brynjólfsson hefur afleyst hana opinberlega *anno* 1717 þann 21. mars, sem innféll á pálmansunnudag, áður en hann vissi hvert Þórður (hver þá var fjarlægur) játaði nokkru holdlegu samræði með Ingibjörgu, og áður en hann ráðfærði sig hér um við biskupinn eður prófastinn.

Þar næst var upplesin *vidimeruð copia* af bréfi Þórðar Eiríkssonar, svohljóðandi sem eftirfylgir:

Meðkenni ég undirskrifaður að eruverðugur prófasturinn séra Einar Bjarnason, minn sóknarprestur, las fyrir mér bréfspóst úr skrifti heiðurligs kennimanns séra Halldórs Brynjólfssonar, *dateruðu* 7. janúar *anno* 1717, þeirrar meiningar að Ingibjörg Sæmundsdóttir vinnukona á Kirkjubóli lýsti mig (að mér skilst) með sér fallið hafa í friðlulifnaðarsynd, hvar til ég svoleiðis svara að ég afsegi mig með henni (Ingibjörgu Sæmundsdóttur) fallið hafa í saurlífissynd nokkurn tíma fyrr né síðar, hvar um til staðfestu ég undirskrifa hér mitt nafn í göfugra manna nærveru að Kirkjubæjarklaustri dag 4. júlí *anno* 1717, Þórður Eiríksson meh.

Viðstaddir og áheyrandi vorum við undirskrifaðir þá Þórður Eiríksson handskrifaði ofanskrifað með sinni eigin hendi og frá sér gaf neitunarsvar uppá saurlifnaðarverkslýsingu Ingibjargar Sæmundsdóttur honum viðvíkjandi. Til merkis okkar nafn *dato ut supra*, Þórður Þorleifsson mpp, Jón Þorsteinsson.

Hér framanskrifað viðvíkjandi um neitun Þórðar Eiríkssonar barnfaðernislýsingu Ingibjargar Sæmundsdóttur votta undirskrifaðir rétt samanlesið við Óxará þann 19. júlí *anno* 1717, Bjarni Nikulásason, Kort Jónsson, Brandur Bjarnhéðinsson.¹

Item var upplesið bréf prófastsins í Skaftafellssýslu, séra Einars Bjarnasonar, svohljóðandi sem hér eftirskrifað stendur:

Þórður Eiríksson er þénari virðuglegs klausturhaldarans *monsieur* Jóns Þorsteinssonar hér á Kirkjubæjarklaustri og var í fyrravetur sjómaður á Kirkjubóli, þar sem mér skilst þetta kvendi hafi þá til heimilis verið. Hefi ég nefndan Þórð *examinerað* um þetta, einnin hefur hans göfugur húsbóndi og svo hann rannsakað og fortölur veitt að satt segja skyldi í þessu legorðsmáli, þar eð við borð lægi að til eiðs koma kynni í soddan sökum og ei tilvinnandi sinni sáluhjálpi í voða að stofna. Kunnum við ekkert ávinna að í nokkurn máta viðkannast vildi sig með henni til saurlifnaðar flekkað hafa, hvar uppá hann útgaf neitunarseðil hér innlagðan í virðuglegra manna viðurvist, er á seðilinn einnin skrifuðu, sem

1 Brandur Bjarnhéðinsson: skrifað B. Bhéðinsson og vart koma aðrir til greina

áskriftin sér líkast hermir, svo ég þykist ei kunna fyrir mitt leyti hér um frekara rannsak að gjöra, að svo stöddu.

Bréfið er *daterað* Bakka á Síðu dag 6. júlí anno 1717. Undirskrifað nafn Einar Bjarnason mpp.

Nú fyrir því að kennidóminum virðist að þessi aflausn sé alltof hvatskeytlega gjör, þá dæmum vér að séra Halldór Brynjúlfsson skuli fyrir þessa yfirsjón gefa til fátækra prestaekkna 2 ríxdali eður 10 aura í þarflegum landaurum og hafi það lokið innan næstkomandi allraheilagramessu, en betali hálfu svo mikið ef þá verður ekki lukt, og hann hefur áður fengið biskupsins eður prófastsins skikkun hverri ekkju það gjaldast skal.

II. Var upplesin stefna Vigfúsar Jóhannssonar til séra Halldórs Brynjólfs-sonar og séra Halldórs aftur til Vigfúsar. En fyrir því að þessir málspartar nú fyrir göfígra manna tilhlutan eru¹ forlíktir sín í millum, þá verður sökin ekki framar fyrirtekin, alleina voru þeir báðir áminntir af herra biskupinum og kennidóminum að halda góða eindrægni hér eftir og að hverugur gefi öðrum nokkra orsök til óeiningar eður til hneykslis öðrum úti frá.

III. Pann 15. júlí var opinberlega upplesinn *process* prófastsins í Ísafjarðarsýslu, séra Hjalta Þorsteinssonar, og hans héraðspresta, genginn að Eyri við Skutulsfjörð dag 18. maí næstliðins áhrærandi hórdómsbrot Sigmundar Þórðarsonar framhjá hans ektakvinnu Agnesi Sigurðardóttur með Guðrúnu Bjarnadóttur með barneign opinberað og viljuglega meðgengið. Hefur fyrrnefnd Agnes neitað sinn egtamann Sigmund aftur til hjónabandsamvista að taka og óskað af prófastinum þær aðgjörðir í þessu máli að hafa sem til þeirra egtaskaparskilnaðar tilheyrðu, hvar fyrir báðar þessar persónur Sigmundur og Agnes hafa á héraðsprestastefnunni persónulega nálægar verið eftir prófastsins *citatiu* og þar yfirheyrdar, svo þetta mál sýnist vel og ánægjanlega þar rannsakað eftir hjónabands *articulunum*. Hefur svo velnefndur prófasturinn með sínum héraðsprestum sína meining í ljósi látið, að þeir sjái ekkert í þessu máli er hindra kunni hjónabandsaðskilnað þráttnefndra persóna, Sigmundar Þórðarsonar og Agnesar Sigurðardóttur, og hafa svo sett það undir þessa *synodi generalis* dóm, og að bæði Sigmundur og Agnes skyldug séu að mæta fyrir þessum rétti í eigin persónu eður þeirra löglegur svaramaður.

Oftgreindur Sigmundur sendi hingað sín skrifleg forföll til að mæta í eigin persónu fyrir þessum *synodi generalis* rétti, tekin að Suðureyrar manntalsþingi dag 30. maí næstliðins, og segist þar að auki vera ánægður með það sem gjörst hefði á fyrrnefndri héraðsprestastefnu um sitt mál, og að hann ekkert hafi hér

1 *eru*: vantar í handrit

á alþingi sér til málsbóta framar að leggja, heldur að ánægður sé með hvað hér væri gjört um sinn skilnað við egtakonu sína Agnesi Sigurðardóttur. En hverki er fyrir þessum rétti hér nálæg Agnes Sigurðardóttir, sem saksóknari er þessa máls, né hennar svaramaður, og eigi kemur hér fram nokkuð skriflegt af hennar hálfu hér um, og alleinasta fyrir þá orsök tekur *synodus generalis* þetta hjóna- aðskilnaðarmál ekki undir endilegan dóm í þetta sinn, heldur er hennar fullkomið dómsatkvæði að svo framt sem þráttnefnd Agnes vilji fá endilegan skilnaðardóm við fyrrgreindan Sigmund Þórðarson, þá skuli hún í eigin persónu mæta fyrir næstkomandi *synodo generali* hér að Þingvelli anno 1719, ei síðar en þann 11. júlí, með öll sín gögn og skilríki í þessu máli, eður hennar lögligur svaramaður. En prófasturinn séra Hjalti óski af sýslumanninum að haldi henni til að fullnægja þessum *synodi* dómi.

IV. Á sama degi var hér fyrir réttinum opinberlega upplesið próf og rannsak prófastsins í Ísafjarðarsýslu og hans héraðspresta á fyrrnefndri héraðsprestastefnu að Eyri við Skutulsfjörð þann 18. maí þessa árs um eitt annað hjónabandsmál í millum Bjarna Arasonar og hans egtakvinnu Signýjar Indriðadóttur, hvert svo er á sig komið, eftir því sem auðsjáanlegt er af héraðsprestastefnu *processinum*, að þessi Bjarni hafi borið konu sína Signýju hórdomsverknaði með Eysteini Jónssyni, og að hann (Bjarni) hafi staðið þau að þeim hórdomsverknaði, hvern Signý og Eysteinn hafi viljuglega meðgengið og á sig játað í söfnuðinum undir þeirra opinbera aflausn, hvers vegna þessi Bjarni Arason hefur af prófastinum óskað síns og sinnar kvinnu hjónabandsaðskilnaðar. Nú þó að prófasturinn og héraðsprestarnir auglýsi það þeir sjái ekkert sem þeir meini að hindra kunni hjónabandsaðskilnað Bjarna Arasonar og Signýjar Indriðadóttur, hvers vegna þeir hafa innsett þetta mál undir dóm og úrskurð þessa *synodi generalis*, samt tekur rétturinn þetta hjónabandsmál ekki undir endilegan dóm hér í þetta sinn fyrir þessar orsakir:

1. Það sést ekki af þessum *process* að Signý Indriðadóttir né Eysteinn Jónsson hafi verið stefnd eður *citeruð* til að mæta fyrir réttinum á prestastefnunni að Eyri við Skutulsfjörð þann 18. maí þessa árs, heldur yfirlýsir prófasturinn að hann hafi einasta í áheyrn sýslumannsins Markúsar Bergssonar og prestsins séra Þorleifs Þorlákssonar aðspurt og yfirheyrt þessar persónur um þennan hórdomsverknað á öðrum stað og degi en prestastefnan var haldin.

2. Ekki framkemur að Bjarni Arason hafi þau Signýju og Eystein staðið að þessum hórdomsverknaði í votta viðurvist.

3. Sést ekki af *processinum* að þessi hórdomsverknaður hafi með barneign eður nokkrum vottuðum hórdomsverknaðar rökum eður líkindum augljós vordið, þar í hjónabands *articulunum* stendur þó útprykkilega að sú persónan sem áklagar í þessu máli skuli lögliga stefna þeim sem fyrir sökinni verður fyrir

lögin og bevísa sinn framburð skjállega, og að það sé ekki nóg þó að sú persónan sem áklöguð er meðkenni það sjálf, því að menn reyna það oftlega að margir ljúga uppá sjálfa sig svo að þau kunni skilja sig hvert við annað, ellegar að koma þeim í skaða sem hann eður hún segjast brotleg hafa með orðið, eður fyrir annan tilgang *etc.*, og því skuli dómarnir innvirðuglega rannsaka soddan mál. En í þessu efni virðist *synodo generali* ekki lögmálinu fullnægja gjörð af prófastinum og hans héraðsprestum.

4. Er hverki Bjarni Arason né hans löglegur svaramaður hér nálægur fyrir þessum *synodi generalis* rétti og ei heldur nokkuð skriflegt af hans hendi í þessu máli hér auglýst.

Þar fyrir ályktar *synodus generalis* með fullu dómsatkvæði að prófasturinn séra Hjalti Þorsteinsson skuli taka þetta hjónabandsmál undir frekara og grandgæfilegra rannsak í héraði á prestastefnu og framar athuga hvert að nokkur tilgangur kunni að vera Bjarna Arasonar og Signýjar Indriðadóttur til áburðar Bjarna eður meðkenningar Signýjar til að vilja skilja egtaskapinn, svo sem hafi þar verið ill sambúð eður nokkur *circumstantia* þar aðlútandi, óskikkanlegt líferni á báðar eður aðra síðuna, hvað prófasturinn í héraði kann gjör að rannsaka með tilnefndum prestum heldur en fjarlægir. Svo skal og Bjarni Arason og Signý Indriðadóttir og Eysteinn Jónsson mæta hér fyrir *synodi* réttinum *anno* 1719 ef þau eru fær þar til, en senda sín lögleg forföll ella og að vísu senda sína löglega svaramenn.

Þessu framan- og ofanskrifuðu til merkis og staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn. *Anno et loco ut supra* dag 16. júlí

Jón Vídalín
Jón Halldórsson eh
Jóhann Þórðarson mpp
Þorkell Oddsson
Guðmundur Pálsson
Gestur Árnason
Ólafur Jónsson

Einar Bjarnason prestur mpp
Torfi Halldórsson
Ólafur Gíslason
Jón Halldórsson
Jón Jónsson
Stefán Þorsteinsson

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1719 þann 11. júlí að settri almennilegri prestastefnu Skálholtsstiftis að Þingvöllum voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar nefnds stiftis nefndir í dóma af veðla og velbyrðigum amtmanninum yfir Íslandi, Niels Fuhrmann, samt veðla og háæruverðigum herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni

Vídalín, séra Jóhann Þórðarson, séra Einar Bjarnason, séra Torfi Halldórsson, séra Daði Halldórsson, séra Frans Ibsson, séra Þorsteinn Oddsson, séra Ólafur Gíslason, séra Jón Halldórsson yngri, séra Filippus Gunnarsson, séra Halldór Einarsson, séra Jón Jónsson og séra Þorleifur Arason.

I.¹ Var í fyrstu upplesinn dómur sá er hér í fyrRASUMAR 1718 afsagður var þann 15. júlí um hórdómsbrot og hjónaskilnaðar undirbúningsmál úr Ísafjarðar-sýslu milli Sigmundar Þórðarsonar og Agnesar Sigurðardóttur, hver fyrir næst-haldinni *synodo* ekki mættu hér í eigin persónu. Var þar fyrir málið uppsett til þessarar stiftisins prestastefnu og Agnesi skikkað hér í eigin persónu að mæta eður hennar lögligum svaramanni. Var þessu næst eftir málspörtunum spurt og framkom Ólafur Jónsson fyrir réttinn, segjandi sig vera af Agnesi umbeðinn hennar svör og forföll fram að færa. Framlagði hann því í fyrstu eitt bréf undir nafni Agnesar, *daterað* Hálsi þann 17. júní *anno* 1719, í hvörju hún fyrst afsakar sig og umlíðingar biður að ei hafi getað fyrir síðstaldinni *synodo* mætt, kveðst og ei heldur fyrir þessari í eigin persónu mætt geta. Tjáir sig vera ánægða með héraðsprófastsins aðgjörðir í þessu máli, en ei hafa í því frekara fram að vísa en hún í héraði framlagt hafi, hvar við hún blífi og óskar þetta mál verði hér í sumar undir dóm tekið. En biður nefndan Ólaf þetta bréf fyrir réttinn að framfæra og var það hér upplesið og uppáskrifað.

2. Framlagði Ólafur vitnisburðarbréf um forföll hennar fyrir reisu til þessa alþingis, það bréf er *daterað* að Sæbóli við Ingjaldssand 18. júní 1719 með sjö manna undirskriftum. Það var og fyrir réttinum upplesið og uppáskrifað.

Var því næst Ólafur þessi fyrrnefndur eftirspurður hvort þessu framar hefði nokkuð þessu máli viðvíkjandi Agnesar vegna fram að færa, hverju hann neitaði. Síðan var mál þetta undir *tractat* tekið, en með því allra dómenda mein-ingar voru þá ei aldeilis samkvæmar var þetta mál uppsett til næstkomandi dags 12. júlí og skyldu þá dómendur framkoma með sín skriflig *vota* hver fyrir sig á vissum lögum *funderuð*.

Þann 12. júlí var í réttinum upplesinn af kónglegar *majestets instruxi* allra-náðugast útgefnu veleðla herra amtmanninum yfir Íslandi, Niels Fuhrmann, af *dato* 30. maí 1718, sá þriðji póstur svohljóðandi sem fylgir:

Han skal og have tilbørlig opsyn med *justitien* at den tilbørligen administreres og at med *formaliteten* og *processernes* drift følges den Norske lovs indhold, saa ingen, være sig geistlig eller verdslig, rige eller fattige, sig med aarsage derudover kunne have at besvæрге, til hvilken ende hannem skal være tilladt, og hvor han nogen mislighed enten befinder eller formoder, være

1 I: vantar í handrit

anbefalet i egen person, retten, være sig geistlig eller verdslig, at besøge og der fornemme om retten paa ethvert sted saa lovlig og tilbørlig administreres som det sig bør, saa og saavidt muligt er en gang om aaret efterse alle *protocoller etc.*

Sömuleiðis sá fimmti póstur svohljóðandi sem fylgir:

Han skal og paa vores stiftbefalingsmands vegne og udi hans fraværelse tillige med bisperne have tilsyn med den geistlige *jurisdiction* der udi landet og udi forefaldende sager, efter Norske lovs indhold, saavidt muligt sig forholde.

Að þessu framkomnu var af herra amtmanninum, próföstim og prestunum svolátandi dómur afsagður í þessu máli:

Að eftir því Sigmundur Þórðarson eftir Norsku laga reglu *pag. 547* ei finnst fyrir þenna rétt að vera innstefndur og eftir þeim hér fyrir réttinn framkomnu *documentum* engar aðrar hórdómsbevísingar framkomnar eru en þess ákærða eigin meðkenning, sem eftir Norsku laga 3. bókar, 18. *cap.*, 15. *art.*, *pag. 547 in puncto adulterii expresse* er *exciperað*, og ei eftir laganna reglu nægir að sú klagada persóna það sjálf meðkenni, kann Agnes Sigurðardóttir eftir því ekki með dómi frá sínum egtamanni, nefndum Sigmundi Þórðarsyni, án fullkomnari bevísingar aðskiljast. En vilji hún frá honum skilin verða að lögum á hún honum þar fyrir lögliga að stefna undir dóm og sökina skjælliga að bevísa, eftir Norsku lögum *lib. 3, cap. 18, art. 15*.

II. Sama dag kom séra Þorleifur Arason inn fyrir réttinn og framlagði eitt bréf *daterað* Breiðabólstað í Fljótshlíð 25. febrúar 1719, þess innihalds að þeir séra Þorleifur Arason, Björn Jónsson og Ólafur Jónsson lögleggja sig hér fyrir réttinum að svara í eigin persónum eður fyrir þeirra talsmenn til þess sem hans velbyrðigheit og háeruverðugheit hafa *remitterað* inn fyrir þessa *synodum generalem* viðvákjandi Breiðabólstaðar *inventarii* afhending. En nú sést ekki af þeirri *resolutione* herra amtmannsins og herra biskupsins, sem hér var upplestin *dateruð* Skálholti 21. nóvember 1718, að þeir hafi skikkað þær sakir sem séra Þorleifur þykist vanhaldinn um *immediate* inn fyrir *synodum*. Því er *synodi* ályktun að séra Þorleifur Arason innstefni fyrst þessari sök fyrir prófastinn í héraði og fái þar fullkominn dóm, ef ekki, þá gangi hann eftir lögum framvegis. Þetta byggjum vær á Norsku laga *lib. 1, cap. 6, art. 16*.

Þann 13. kom fyrir réttinn eðla herra *vice-lögmaðurinn* Niels Kier og lét upplesa eitt bréf, í hverju herra amtmáðurinn setur hann til að *præsidera* í réttinum í sinn stað, bréfið *daterað* dag 13. júlí 1719 við Öxará. Var því næst eftirspurt hvört fleiri sakir væru sem fyrir þessum rétti ætti *agerast* eður nokkrir væru hér sem löglig mál hefði hér að kæra, hingað stefnd eða dæmd.

Kom því fyrir réttinn lögsagnarinn í Dalasýslu, Jón Arnórsson, og frambar fyrir réttinn einn héraðsprestastefnu *act* er gjörðist á Staðarhóli *anno 1719* þann

14. apríl og 2 daga næstu þar eftir af prófastinum séra Magnúsi Magnússyni og af honum tilnefndum sex prestum, hljóðandi um stefnumál milli Þorsteins Pálssonar og séra Árna Jónssonar, af velnefndum héraðsprófastinum og hans meðdómendum settur fyrir þessa *synodum generalem*. Mættu hér fyrir réttinum eftir þeim dómi báðir þessa máls partar, Þorsteinn Pálsson sækjandi og séra Árni Jónsson verjandi. Síðan var allur héraðsprestastefnunnar *actus* upplesinn og fyrir réttinum uppáskrifaður.

Hefur Þorsteinn Pálsson í fyrstu stefnt séra Árna til Staðarhóls á þann 14. dag apríl næstliðinn til að heyra uppá vitni Bjarna Ólafssonar og Jóns Eiríkssonar um framferði prestsins í bænhusinu í Fagradal þann 27. mars *anno* 1718 fyrir embættisgjörðina. Um það sama hafa þeir báðir fyrir versligum rétti vitni borið og með því vitnið (sérdeilis Jóns Eiríkssonar) er ei meðtekið fyrir skýlaust er því undir lögréttunnar frekari rannsak til Öxarár alþingis vísað. Sömu leiðis hefur prófasturinn og hans prestar dæmt votta þessa hingað fyrir þessa *synodum* til að útleggja sína vitnisburði, og voru þeir báðir hér til þessa komnir.

Var því fyrst Jón Eiríksson af herra biskupinum innkallaður fyrir réttinn og með þessum spurningum *examineraður*: Þorir þú að sverja að Þorsteinn Pálsson hafi munnliga óskað *sacramentis* af séra Árna Jónssyni? Jón svaraði að hann hefði það svarið að Þorsteinn hafi munnliga beðið hann að taka við sér til *sacramentis*. Framar spurði biskupinn hann: Hefur þú ei með þessum orðum, þjófsti og ófriði, meint sama hlut? Jón svaraði: Já. Bjarna Ólafsson fyrir réttinn innkallaðan spurði herra biskupinn á þennan hátt: Heyrðuð þér Þorstein Pálsson óska af séra Árna munnliga *sacramentis* áður hann seðilinn upplas? Þar til svaraði Bjarni: Já. Þar næst spurði herra biskupinn: Heyrðuð þér prestinn séra Árna Jónsson neita honum *sacramentinu*? Bjarni svaraði: Já, hann afsagði honum það.

Í annan máta hefur Þorsteinn stefnt prestinum séra Árna til Staðarhóls á fyrirtéðan 14. apríl fyrir prófastinn og presta hans, í hverri stefnu að eru ákærur og íréttsetningar mjög *confuse* niðurraðað. Sú sérlegasta ákæra Þorsteins til prestsins er sú, að hann hafi þann 27. mars 1718 vísað sér frá heilögu altarisins *sacramenti* með víðara sem hann þar útaf spinnur og héraðs *actinn* og stefnan umgeta, hvörja sína stefnusök Þorsteinn hefur viljað bevísa með einum seðli sem séra Árni hafi skrifað og Þorsteini þar með til vitundar gefið orsakir þær hvar fyrir hann hafi hann ekki til *sacramentis* meðtekið á fyrirtéðum tíma. Jón Eiríksson og Bjarni Ólafsson hafa það og í héraði borið að Þorsteinn hafi *sacramentisins* óskað munnliga áður en hann las upp fyrsta seðilinn. Þó hafa þeir ei greint getað með hvörjum orðum Þorsteinn hafi þess óskað eður presturinn honum þess synjað. Var og meir en ár liðið frá því þetta skyldi hafa í

fyrstu framfarið til þess vitni þessi leidd voru. Önnur vitni eður bevísingar hefur Þorsteinn fyrir héraðsdóminum neitað sig hér til hafa.

Skrifliga hefur Þorsteinn á fyrirtéðum sunnudegi 27. mars fyrir embættisgjörðina af prestinum *sacramentisins* og í sama bréfi beiðst og krafist orðsaka bevísanligna hvar fyrir hann sér frá því héldi. Þessa ósk og kröfu sýnist hann og gjört hafa vegna síns heimilisfólks. Framkemur þó ekki að það hafi hann þar um beiðt né presturinn því frávísað, og hafa héraðsdómendur álitit það bréf ósæmiligt. En aðtekt prests á því í óleyfi Þorsteins hefur þeim þótt næst ganga fornæmi. Eftir upplestur síns seðils og aðtekt prestsins á honum tjáist Þorsteinn hafa strax úr kirkjunni gengið og þar ei síðan komið né *sacramentisins* óskað frammar fyrir messuna, hvað presturinn og telur sér til afbötunar. En til orsaka (meðal annars) hvar fyrir hann hafi ei tekið við Þorsteini að því sinni það honum ábótavant þykir um kostgæfni hans að sækja sóknarkirkju sína, hefur þó ei neina merkiliga forsömun uppá hann bevísað og ei fært rök til að hann hafi hann heimugliga þar um áminnt utan með seðli þeim sem hann með Þorsteini sendi, svarandi uppá hans fyrirtéða ósk og kröfu.

Þann 15. júlí komu málspartarnir fyrir réttinn og voru þeir aðspurðir hvört þeir hefðu nokkuð áðurskrifuðu frekara fram að leggja eður tala. Framfærði séra Árni eitt innlegg strax upplestið, var og uppáskrifað, en *daterað* þann 13. dag júlí að Þingvöllum.

Í því biður hann fyrst vorkunnar vegna veikra burða og að hann megi svara *per* innlegg.

2. Að hér yfirvegin verði þau af honum inn fyrir héraðsprestanna dóm lögðu innlegg og *mentionerar* sérdeilis sitt afsökunarbréf um áminningar við Þorstein, úr hvörju merkja er honum þyki prófasturinn lítið gjört hafa. Leggur einnig hér til orsakir hvar fyrir hann hafi ei kunnað Þorstein heimugliga að áminna síðan og getur um einn seðil sem Þorsteinn hafi á altarið lagt um predikunina. Sá seðill kom þó ei hér fram.

Að síðustu óskar hann nefnt verði það sáttartilboð er Þorsteinn honum gjörði áður hann stefndi, hvað nú virðist dómendum eitt mál *a parte* og eigi ei við þessa sök.

Að öllu þessu athuguðu er *synodi generalis* ályktun að séra Árni Jónsson skuli fyrir neitun *sacramentisins* sem hann hefur Þorsteini gjört og svo aðtekt seðilsins betala til fátækra prestaekkna eitt hundrað uppá landsvísu í þarfligum aukum og hafi það betalað ei síðar en í næstkomandi fardögum til þeirrar prestaekku sem héraðsprófasturinn honum tilsegir. En ef hann ekki betalar innan ákveðins tíma gjaldi hann þriðjungi meira. Séra Árni Jónsson betali Þorsteini Pálssyni hálf tann hundrað verðaura í sinn kostnað fyrir máli þessu sem lukt sé ei seinna en í fardögum næstkomandi.

Þann 15. júlí framlagði presturinn séra Árni Jónsson héraðs *process* undir nafni Jóns Arnórssonar héraðsdómara í Dölum, hvörs upphaf svo hljóðar:

Anno 1719 þann 14. apríl að Staðarhóli í Saurbæ settu héraðsþingi voru fyrir réttinn vitni þau er presturinn vildi leiða um seðil þann er Þorsteinn skuli lagt hafa á altarið á Staðarhóli um embættið á pálmasunnudag 1718. Þessir menn segjast nú vera þeir hinir sömu sem í upphafi *processins* nefndir eru, bæði séra Árni Jónsson prestur að Hvítadal og Þorsteinn Pálsson búandi að Fagradal innra, sem voru báðir persónulega nálægir hér fyrir réttinum. Var nú séra Árni aðspurður hvað hann hefði að klega Þorstein Pálsson um? Hann svaraði: Ég hefi klegað og klega enn nú að hann lagði seðilinn á altarið á pálmasunnudag 1718. Hvörju Þorsteinn Pálsson játaði að satt væri. Inntak þessa seðils er þetta sérdeilis:

1. Segir Þorsteinn að presturinn framvísi orsök hvar fyrir hann (presturinn séra Árni) hafi ei meðtekið Þorstein né hans heimilisfólk til heimuglegrar aflausnar og heilags altarisins *sacramentis*. En um yðar umgengni og háttalag, hvort það var hér á heimili, þegar ég ætlaði til altaris geti þér ekki (segir Þorsteinn) og enn framar: Vitið það er og skal ógleymt á sínum tíma.

2. Vænist Þorsteinn að presturinn segi að hann hafi ei haft í höndum brauð og vín fyrir sig og sitt fólk. Þar til svarar Þorsteinn að hann hafi látið bera út í kirkjuna messuvínið, og brauðið hafi hjá sér verið. En það hafi ei verið umfram prestlega tilhlutan að biðja sig um það og að messuvínið hafi óeytt til sín komið eftir embættið. Hins vil ég tilgeta, segir Þorsteinn, hafi yður verið nokkuð kalt í geði við mig á sunnudaginn, þegar ég *sacramentis* leitaði, sem menjar nokkrar tilsýnduð, að þér hafið hugsun á haft að skeyta skapi yðar á mér og mínu heimilisfólki, að veita hvorki mér né því *sacramentið*. Hafi nú svo verið, þá spyr ég yður séra Árni Jónsson, eruð þér meðteknir eður kallaðir af Guði og mönnum til kennimannsembættis til þess að þér skylduð innihalda heilagri aflausn og herrans Jesú Kristi kvöldmáltíðar *sacramenti*, þeim til straffs og hegningar sem yður væri nokkuð óþokkað við, eður er þetta trúverðug ráðsmennska yfir Guðs leyndardómum, ef svo væri.

3. Áminning prestsins um Guðs orða heyrn og kirkjusóknina segist Þorsteinn vel meðtaka af hönum, en biður prestinn þetta í agt að taka, að gjöra ei sóknarfólk sitt kynlegt (1) með því að vera ei á kirkjunni þegar það kemur, hvað þó muni ljóst að skeður; (2) að sýna hvorki sér né öðrum héðan kalt geð eða öfugheit orsakalaust, þá það komi; (3) að presturinn láti sig ekki finna í brennivíns drykkjuskap né ölæði um messutímann, hvorki í stólnum né fyrir utan hann, hvar af kynni að innfalla aðskiljanlegt fáfengilegt meðan hann eigi að þjóna Guði almáttugum; (4) að hann láti ekki í sinni ræðu framkoma á

stólnum hégómatal eður gefi neinum meining að hönum sé kalt í geði við einhvern þann sem sitji undir hans ræðu.

4. Segist Þorsteinn svo eftirtekið hafa að sumt af sínu heimilisfólki hafi leitað *sacramentis* af prestinum. Hafi hann meðtekið sumt en sumt ekki. Ei segir hann að það sé venja eður sér vitanleg lagaorda til að *procurator* skuli vera á milli prests og tilheyrenda þegar þeir vilji fá sín kristileg fríheit.

5. Segist Þorsteinn ei muni sýna prestinum ófrið, ef hann gjöri ekki sjálfur tilraun til þess, en aðvarar hann svo sem þann er vinur á að vera að koma ei á heimili sitt með neinum ófriði, hvorki orða né verka eður neinna illinda, hvörki öldrukkinn né ódrukkinn, ef hann vilji sig ekki sjálfan fyrir hitta,¹ eður það ferskasta á að minnast, svo sem hann hafi tjáð sig þar síðast, hvað Þorsteinn segist vilja láta koma fyrir yfirvöldin, og að presturinn þurfi ekki framar að mæða sig í heimuglegu skrifti til sín.

Datum þessa bréfs Fagradal innra dag 28. apríl 1718 og undirskrifað Þorsteinn Pálsson.

Framlagði Þorsteinn Pálsson eitt bréf *daterað* við Öxará 11. júlí 1719, þess innihalds að séra Árni Jónsson hafi stefnt sér til að forsvara þann seðil sem hann á altarið lagði, sem og í hvörri meiningu hann hafi það gjört, hvað hann segist og hafa ætlað að gjöra heima í héraði. En fyrir því að þessu máli sé hingað stefnt biður hann að hastarlegur dómur sé ekki yfir sig felldur, þar hann kvartar um að hann af dómendum í héraði hafi ei svo fullkomlega lögrann-sakaður verið sem hann annars vildi, en svo að engu sé af sér forskotið sem mótpartur sinn mætti eiga rétt á býður hann sig til svara að vera á sínu varnarþingi, nær mótpartur sinn hann þar um löglega aðvarar, svo að málið að lög-um hingað sett mætti um síðir til lykta leiðast.

Málspartarnir voru aðspurðir hvort þeir hefðu meira fram að leggja þessu máli viðvíkjandi, hvar til Þorsteinn svaraði að hann ekkert framar hefði hér að framvísa, en séra Árni óskaði að þetta mál yrði hér undir dóm tekið.

Í þessari sök er *synodi generalis* ályktun að Þorsteinn Pálsson skuli gefa til Hallbjarnareyrar *hospitals* þrjú hundruð uppá landsvísu og hafi það lukt ei síðar en í næstu fardögum, en sé þá ei goldið gjaldi þriðjungu meira í gagnlegum landaurum. Í kostnað skal hann gjalda séra Árna hálf tanna hundrað. Þessa *mult* til *hospitalsins* skal Þorsteinn gjalda alleina fyrir það að hann lagði áður-greindan seðil á altarið.

Sama dag var fyrir réttinn framlagður héraðs *process* genginn að Staðarhóli þann 17. apríl 1719, hljóðandi um forlíkunartilboð Þorsteins Pálssonar til séra Árna Jónssonar. Það bréf er *daterað* Fagradal innra 9. janúar 1719, hvört hér

1 ef hann vilji sig ekki sjálfan fyrir hitta: bætt við fyrir ofan línu

var fyrir réttinum upplesið og uppáskrifað. Hafa nú dómendur í héraði álitíð að presturinn geti ekki að slíkri sátt gengið, nema hann hefði viljað játa á sig misgjörðum þeim sem gjöri hans embætti ærið hætt, og því sé prestinum bréfið til ýfingar og áreitingar gjört. Þar fyrir dæma þeir Þorstein sekan um fullrétti við prestinn, slíkt sem *synodus generalis* segir, og partana hér skylduga að mæta til andsvara fyrir þessum rétti. En vegna þess að oss sýnist þetta ekki vera *res judicii*, þá tökum vér það ekki undir vorn dóm.

Þessu framan- og ofanskrifuðu til merkis og staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn. *Anno et loco ut supra* þann 17. júlí.

Paa velædle og velbyrdig
herr amtmand Niels Fuhrmanns
vegne underskrives af
Niels Kier mpp
Einar Bjarnason prestur mpp
Daði Halldórsson
Frans Ibsson mpp
Þorsteinn Oddsson mpp
Filippus Gunnarsson
Jón Jónsson

Að undanteknum *num.* 1 er ég
samþykkur öllu framan- og
ofanskrifuðu
Jón Vídalín
Jóhann Þórðarson mpp
Torfi Halldórsson
Þorleifur Arason
Ólafur Gíslason
Jón Halldórsson
Halldór Einarsson

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1720 þann 12. júlí að settri almennilegri stiftisins prestastefnu að Þingvöllum voru þessir eftirskrifaðir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í dóm nefndir, séra Jón Halldórsson prófastur í Þverárþingi vestan Hvítá, séra Jóhann Þórðarson prófastur í Árnesþingi, séra Hannes Halldórsson prófastur í Þverárþingi sunnan Hvítá, séra Árni Þorleifsson, séra Þorkell Oddsson, séra Eyjólfur Björnsson, séra Gísli Erlingsson, séra Þórhalli Magnússon, séra Sigurður Sigurðsson, séra Andrés Gíslason, séra Jón Gissursson og séra Jón Halldórsson.

I. Var fyrir réttinn framlagt hans *excellences* herra stiftbefulingsmannsins yfir Íslandi herra Peter Rabens bréf sem hann hefur herra biskupinum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín tilskrifað, þess innihalds:

1. Að hans háeruverðugheiti vildi láta alla geistlega á þinginu vita, svo og próföstum í hans tiltrúaða stifti tilskrifa, svo að aðrar andlegar stéttar persónur vita megi að hans kóngleg *majestet* hafi allranáðugast *resolverað*, að ef nokkur geistleg persóna, hvort heldur hún er *in ministerio* ellegar *affecterar ministerium*, forsér sig með legorðsmálum eður öðrum hneykslanlegum stór-

syndum og löstum, þá skuli hann hér eftir ekki njóta uppreisnar, heldur án manngreinarálits vera *rejiceraður* og dæmdur frá því heilaga embætti, ef hann þénar þar inni, og *admitterast* ekki þar til ef hann í þvílíkan máta forsér sig meðan hann er *studiosus*.

2. Að eftir því hans *excellence* segir sér sé umkunnugt orðið að ein og önnur vanskikkun hér í landi orsakist af fjölda umhleypingsmanna sem ekki vilji þéna hjá góðu fólki, heldur vegna þess að nær talað sé til þeirra og áminntir af þeirra húsbændum hlaupi þeir strax frá einni sýslu í aðra og lifi síðan í leti og iðjuleysi, já enn framar falli í þjófnað og aðra vanskikkun, þá til þess að þvílíkt mætti *remederast*, þá sé ráðlegt að hans háeruverðugheit láti lýsa af predikunarstólunum í hans stifti að enginn megi hér eftir ganga úr sinni þénustu eður gefa sig úr einni sýslu eður sókn í aðra, nema hann hafi frá sínum sóknarpresti vitnisburð að hann sé burtvikinn með vitund og vilja síns húsbónda og hafi skikkanlega lifað í þeirri sókn sem hann var. En komi nokkur frá einni sókn til annarar án soddan vitnisburðar, þá skuli presturinn í þeirri sókn eftirgrennslast hvort hann áðurgreint *attest* hafi, en ef ekki, þá tilhaldi hönum í réttan tíma að fá síns fyrra sóknarprests vitnisburð um hans lifnað og orsök hvar fyrir hann þaðan burtveik. Vilji hann það ekki gjöra í tiltekinn tíma eftir prestsins aðvörun þá skuli hann útstanda kirkjunnar *disciplin*, en presturinn gefi slíkt yfirvöldunum til vitundar. Og svo að engum sem skikkanlegur hefur verið í sinni þénustu og óstraffanlegur í lífi og lifnaði verði neitað síns vitnisburðar þegar hann vill flytjast frá einum stað til annars til að fá betri kjör, þá skal prestunum alvarlega tilhaldast að þeir í öngvan máta veigri sér við að gefa hönum sannferðugan vitnisburð nær hans af þeim óskað verður, svo framt sem þeir ekki vilji láta halda sig óréttisýna, og þar fyrir utan tilbærilega straffast ef þeir í nokkurn máta óbillega þar með höndla.

Þetta bréf er *daterað* Fregatten Söeridderen dag 10. júlí 1720.

II. Pann 13. júlí kom fyrir réttinn Eggert Sæmundsson með skriflegt umboð Agnesar Sigurðardóttur, hvar inni hún segir sig meðtekið hafa *synodi generalis* dóm genginn hér að Þingvöllum í fyrra 1719, hvör dómur sér tilhaldi frekari bevísingar að framleggja uppá hórdómsbrot síns egtamanns Sigmundar Þórðarsonar með Guðrúnu Bjarnadóttur heldur en hans eigin meðkenningu að hann með Guðrúnu hórdóm framið hafi, svo framt hún (Agnes) vilji við greindan sinn egtamann að lögum skilin verða. Sendir hún því eina stefnu, með hvörri hún stefnt hefur Sigmundi Þórðarsyni fyrir þenna rétt ásamt Guðrúnu Bjarnadóttur, einnin eið hennar uppá hórdómsbrotið, hvört allt hér var upplesið og uppáskrifað. *Datum* þessa bréfs Núpi við Dýrafjörð 27. júní *anno* 1720 og undirskrifuð Agnes Sigurðardóttir með handsali, og þar að auki tveir vottar að handsölunum, Guðmundur Sumarliðason og Bárður Nikulásson.

Þar næst framkom Kolbeinn Snæbjörnsson með eitt bréf Sigmundar Þórðarsonar, hvar inni hann segir að Agnes Sigurðardóttir hafi stefnt sér fyrir *synodi generalis* dóm um hjónabandsskilnað þeirra í milli, en segist ekkert hafa það að framvísa sem þann hjónaskilnað hindra kunni, heldur ánægður vera með það sem þar um dæmt verði. Bréfið *daterað* 27. júní *anno* 1720 og undirskrifað, Sigmundur Þórðarson meh.

Stefna Agnesar Sigurðardóttur er þess innihalds að hún stefnir Sigmundi Þórðarsyni til Öxarár alþings 1720 undir endilegan dóm herra amtmannsins og biskupsins yfir Skálholtsstifti, ásamt kennidómsins þar um, hvort hún (Agnes) skuli ei vera laus og liðug frá egtaskap og hjónabandi við Sigmund fyrir það hórdómsbrot er Guðrún Bjarnadóttir hefur uppá hann með eiði sannað. Í sama máta stefnir hún Guðrúnu Bjarnadóttur svo sem viðkomandi til staðar að vera á tilteknum stað og degi. Stefnan *dateruð* Mýrum 11. júní 1720, undirskrifuð Agnes Sigurðardóttir, en vottar að handsölum undirskriftarinnar eru Jón Jónsson og Konráður Oddsson, báðir með eigin höndum. Uppá þessa stefnu hefur Sigmundur Þórðarson skrifað að hana séð og lesið hafi þann 14. júní 1720. Einnin hefur Guðrún Bjarnadóttir undir sínu nafni látið uppá stefnuna skrifa að hún hafi hana séð og heyrð þann 22. júní 1720.

Einnin var upplesinn eiður Guðrúnar sem tekinn var af sýslumanni Markúsi Bergssyni að Mosvöllum í Önundarfirði *anno* 1720 þann 6. apríl, svolátandi: Það auglýsi og játa ég Guðrún Bjarnadóttir að Sigmundur Þórðarson, sem ég lýsti föður að því barni er ég í heiminn fæddi *anno* 1717, hefur með mér hórdómsverknað framið eftir það hann kom í egtaskap með Agnesu Sigurðardóttur, þann sama vetur og ég tók við nefndu barni. Svo sannarlega hjálpi mér Guð og hans heilaga *evangelium*.

Stefnufyrirkall Agnesar Sigurðardóttur til Sigmundar Þórðarsonar og Guðrúnar Bjarnadóttur ályktar *synodus generalis* gilt að vera og að þeirra svaramenn, Eggert Sæmundsson og Kolbeinn Snæbjörnsson, séu skyldugir hér að mæta og til málsins að svara hvor fyrir sig eftir þeim þar um útgefnu umboði.

Pegar svo langt var komið í þessu máli voru áðurgreindir fullmegtugir þrisvar sinnum upphröpaðir og beið rétturinn eftir þeim nærri í tvo tíma þangað til gagngert var eftir þeim sent, og er þeir innkomu fyrir réttinn voru þeir aðspurðir hvort þeir hefðu nokkuð hvör fyrir sig móti öðrum að *protestera* eður hvort þeir hefðu fleira í þessu máli fram að leggja, hvar til þeir svöruðu: Nei. En fyrir það upphald sem þeir réttinum gjört hafa skulu þeir betala til fátækra í þessum hrepp 10 álnir uppá landsvísu hver um sig, og skulu það betalað hafa innan þriggja daga og afhenda í þessum rétti.

En hvað sjálfri sökinni viðvíkur þá er *synodi generalis* endilegur dómur að hjónaband þeirra Sigmundar Þórðarsonar og Agnesar Sigurðardóttur skuli vera

aldeilis aðskilið og sundurlaust eftir Norsku laga *lib. 3, cap. 18, art. 15*, og haldi sig hér eftir svo sem ógiftar persónur eftir lögnum.

III. Var framlagður héraðsprestastefnu *actus* prófastsins í Snæfellsnessýslu, séra Þórðar Jónssonar, genginn að Helgafelli í Helgafellssveit þann 5. júní *anno* 1720, hverjum svo er varið að trúlofun til heilags hjónabands hefur framfarið millum Jón Þorgeirssonar og Ólufar Jónsdóttur. Nú hefur hann síðan barn átt við annari kvenpersónu að nafni Matthildur Gísladóttir, sem tjáist að vera þrímenningur að skyldugleika við Ólufu Jónsdóttur hönum áður trúlofaða, hvað og hindrað hefur heilagt hjónaband þeirra á millum. Hafa nú tveir erlegir menn, Ólafur Sighvatsson og Illugi Bárðarson, vitnað um greindan skyldugleika og ættina svoleiðis talið, að öðrumegin sé Ingibjörg Auðunardóttir, Gísli hennar son og Matthildur hans dóttir; en á hina síðuna Steinunn Auðunardóttir, Guðrún hennar dóttir og Óluf hennar dóttir. Hafa greindir menn lofað að gjöra hér á frekari sannindi ef þörf krefur. En Óluf Jónsdóttir hefur játað þenna svo talinn skyldugleika sannan að vera, það framast hún afviti, og enn framar auglýst að sinn fullkominn vilji sé að skiljast með dómi við Jón Þorgeirsson, og hann (Jón) játað sig þar með í allan máta ánægðan vera. Þetta svo á sig komið hefur prófasturinn með tilnefndum prestum innsett fyrir þessa *synodum generalem*. Jón Þorgeirsson hefur lofað hér að mæta í eigin persónu og hér dóm að þola, en Óluf Jónsdóttir sökum sinnar heilsuveiki að fá einhvörn erlegan mann fyrir sína hönd hér fyrir réttinum að *comparera*.

Þann 15. júlí, þegar gengið var í réttinn, voru þessar persónur þrisvar sinnum upphróaðar og gáfu hverugt sig í ljós og enginn þeirra vegna til þessa máls að svara. Þar fyrir dæmir *synodus* með fullu dómsatkvæði að jafnvel þó oss virðist prófastsins dómur réttur að vera, að svo prófuðu og fyrir oss komnu, þá eigi hér í þetta sinn enginn endilegur dómur í sjálfri sökinni að ganga, þar hverki eru nálægir hlutaðeigendur né þeirra svaramenn, ei heldur nein forföll af hverugs þeirra hendi. En fyrir því að þetta sýnist að horfa til vandræða nokkurra ef því er lengur uppihaldið, þá dæmum vér þau skyldug til að mæta hér fyrir þessum rétti *anno* 1721 eður þeirra löglega svaramenn.

IV. Kom fyrir réttinn prestastefnu *actus* prófastsins séra Bjarna Hallgrímssonar genginn að Stóruvöllum á Landi þann 20. júní 1720, hljóðandi um vínbrest kirkjunnar þar sama staðar. Hefur prófasturinn þangað *citerað* Þórdísi Markúsdóttur á Stokkseyri, Jason Guðmundsson West, Margrétu Guðmundsdóttur og Markús Guðmundsson, svo sem þá eð kirkjuna áttu að forsorga. Þar hafa mætt í eigin persónu Þórdís og Markús, en Jason og Margrét fyrir sinn svaramann, hvörjir allir hlutaðeigendur með fyrirkallið ánægðir voru. Einnin hafa þangað kallaðir verið Stóruvallna kirkjusóknarmenn, hvörjir velflestrir með lófataki vitnað og framborið hafa að þeir hafi ekki vínið fengið til *sacra-*

mentis brúkunar, sumir frá fardögum 1719 en sumir frá hvítasunnu sama árs, allt til þess 20. júní 1720, fyrir utan 3 menn sem alleina hafa þess þarfnast síðan næstliðið haust. Allir þessir hafa þar á sök gefið svo mikla sem lög framast leyfa. Tíundir kirkjunnar, sem gjaldast áttu um vorið 1719, hefur Þórdís Markúsdóttir innkalla látið, en Páll Hákonarson svaramaður Jasonar hefur sett í rétt hvort hún hafi ei þar með bundið sig við kirkjuna að forsorga.

Í þessu er prófastsins og tilnefndra presta meining að þeir ei finni það sem fríi erfingja sáluga Guðmundar West frá að hafa forsómað skyldu sína í því að forsorga kirkjuna með víni þar til hún var af þeim löglega afhent, en þykjast ei finna skýr lög sem *defineri* hverjum sektum þeir skuli þar fyrir svara, setja því þetta inn fyrir æðra yfirvald hvað miklu þeir skuli hér fyrir sekir vera.

Enginn af málspörtunum er hingað dæmdur né stefndur og í sökinni enginn fullkominn dómur genginn í héraði, hvör oss þó virðist ekki stærri að vera en svo að prófasturinn með tilnefndum prestum mátti vel yfirtaka. En nú hefur hinn fyrri prófastur, séra Bjarni Hallgrímsson, sagt sig frá embættinu og í hans stað aftur kosinn og *confirmeraður* staðarhaldarinn að Breiðabólstað, séra Þorleifur Arason, hvör og hefur áðurgreindan dóm setið. Því dæmum vér með fullu dómsatkvæði að eftir því að þetta er ein sök sem ekki má eftirgefast *propter consequentiam et malum exemplum*, þá skal prófasturinn í Rangárþingi, greindur séra Þorleifur Arason, uppá ný taka þessa sök undir dóm að öllum hlutað-eigendum áður fyrirkölluðum, og ganga þar í endilegan dóm, en sá af pörtunum sem vanhaldinn þykist stefni ef hann vill.

Fór allt áðurskrifað fram í vorri viðurvist er vor nöfn hér undirskrifum.
Anno et loco ut supra þann 15. júlí.

Paa velædle og velbyrdige
herr amtmand Niels Fuhrmanns
vegne underskrives af
Niels Kier mpp
Torfi Halldórsson
Jón Halldórsson
Eyjólfur Björnsson
Gísli Erlingsson
Andrés Gíslason

Jón Vídalín
Jón Halldórsson eldri
Jóhann Þórðarson mpp
Hannes Halldórsson
Árni Þorleifsson
Þorkell Oddsson
Sigurður Sigurðsson
Þórhalli Magnússon
Að undanteknum hinum síðasta
pósti undirskrifa ég
Jón Gissursson yngri

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1721 þann 14. júlí að Pingvöllum settri almennilegri stiftisins presta-stefnu af veleruverðugum *officiale* Skálholtsstiftis séra Jóni Halldórssyni var í fyrstu upplesin veleðla og velbyrðugs herra amtmannsins yfir Íslandi Niels Fuhrmanns skikkun til velnefnds *officiale*, svohljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Velærverdige meget hæderlige og vellærde herr provst herr Jon Halldorssen. I anledning af en, om en *officiale* at beskikke, af forrige biskopens over Skalhøltstift afgangne salige *magister* Jon Thorchildsen Widalins efterladte enke, velædle fru Sigrider Jonsdatter, til mig af 16. *hujus* indgivne *memorial*, er herr provsten med alles fælles samtykke som den blandt alle mig her udi landet bekendte præste den værdigste og bekvemmeste dertil kommen udi forslag, og altsaa i henseende saavel dertil som ellers til den uomgængelige fornødenhed stiftets ærinde at *expedere*. Beskikkes hermed paa hans kongelige *majestets* vegne deres velærverdighed som *officialis* udi Skalhøltstift indtil en biskop af højstbemeldte hans kongelig *majestet* allernaadigst igen kan vorde forordnet, stiftets forretninger og *functioner* imidlertid at beoagte og forestaa, saa og med domkirkens skole ligeledes imidlertid at have tilbørlig tilsyn og *inspection*, imod derfor alt tilstrækkelig betaling at nyde som vedbør.

Skalhølt den 17. september 1720, Niels Fuhrmann LS.

Þar næst var upplesið eitt bréf í hvörju veleruverðugur *officialis* leitar ráða til veleðla og velbyrðugs herra amtmannsins hvörninn hann vilji setja og tilskikka *synodi* réttinn, eftir því hönum muni kunnugt vera þar um hvort hingað muni að vænta nokkurs biskups eður nokkurs annars sem kóngleg *majestet* skikkar eður tilsetur að með hans velbyrðigheitum uppá herra stiftbefalingsmannsins vegna *præsidera* muni í *synodi* réttinum. Uppá þetta væntir hann og samankominn kennidómur herra amtmannsins þægilegs andsvars og úrlausnar. *Datum* bréfsins Pingvelli dag 12. júlí 1721 með undirskrifuðu nafni, Jón Halldórsson.

Hér uppá hefur herra amtmaðurinn svarað svo sem eftirfylgir:

Saasom mig ei er vitterlig nogen biskop udi afgangne salig *magister* Widalins sted til Skalhøltstift af hans kongelig *majestet* ennu allernaadigst at være forordnet, altsaa ville herr provsten som stiftets *officialis* behage den anstalt at forføje til den geistlige rets holdelse som i lige tilfælde aarlig ved rettens begyndelse hidindtil sædvanligt været haver.

Öxeraa landsting den 12. juli 1721, Niels Fuhrmann.

Að þessu gjörðu nefndi veleruverðugur *officialis* til að dæma og rannsaka þau mál sem fyrir þenna rétt innkölluð eru eftirskrifaða stiftisins prófasta og presta, séra Jóhann Þórðarson prófast í Árnesþingi, séra Hannes Halldórsson prófast í Borgarfjarðarsýslu, séra Torfa Halldórsson prófast í Kjálarnesþingi, séra Frans Ibsson, séra Jón Jónsson, séra Jón Halldórsson, séra Halldór Brynjólfsson, séra Illuga Jónsson, séra Sigurð Árnason, séra Einar Oddsson, séra Ólaf Gíslason, séra Ólaf Jónsson og séra Markús Eiríksson.

I. Kom fyrir réttinn sýslumaðurinn í Strandasýslu, *monsieur* Ormur Daðason, og framlagði vegna prófastsins í Barðastrandarsýslu, séra Eiríks Þorsteinssonar, eina stefnu, hvörja veleruverðugur *officialis* þessa stiftis hefur eftir begering áðurnefnds prófastsins í Barðastrandarsýslu útgefið, hvar inni hann stefnir Árna Oddssyni og Guðnýju Björnsdóttur eður þeirra löglegum svaramönnum fyrir þessa *synodum generalem* til innbyrðis andsvara hvört við annað uppá þeirra trúlofunarmál, með öll þeirra gögn og bevísingar, svo og eitt og sérhvað sem sérhvorju þeirra fyrir sig í þessu málefni kann að vera til gagns og forsvars; svo og til að þola hér endilegan dóm í þessu máli. Stefna þessi *dateruð* 7. apríl 1721 með undirskrifuðu nafni, Jón Halldórsson LS.

Þessi stefna hefur Árna Oddssyni sjálfum lesin verið og þar af hefur hann *copiu* meðtekið *anno* 1721 þann 16. maí, svo sem hans eigin handskrift útvísar á sömu stefnu. En Guðnýju Björnsdóttur þann 17. maí 1721 og *copiu* meðtekið, eftir *attesti monsieur* Ara Þorkelssonar, Ögmundar Guðbrandssonar og Bjarna Jónssonar.

Item var framlagður prestastefnu *actus* héraðsprófastsins í Barðastrandarsýslu, séra Eiríks Þorsteinssonar, genginn að Brjámslæk í sömu sýslu þann 12. maí 1719 í hjónabandstrúlofunarmáli Árna Oddssonar og Guðnýjar Björnsdóttur, hvörju svo er varið að eftir hjónabandstrúlofun þeirra á milli er hönum sjúkdómur uppáfallinn, hvörs vegna þau vilja hvort um sig frá sínum egtaskaparheitum er hvort öðru veitt hafa laus vera. Voru þau bæði Árni og Guðný þar nálæg í eigin persónu fyrir réttinum í héraði og af prófastinum opinberlega aðspurð:

1. Árni Oddsson, hvört hann vildi laus vera af þeim egtaskaparheitum er hann veitt hefur Guðnýju Björnsdóttur, hvar til hann svaraði: Já.

2. Hefur prófasturinn aðspurð Guðnýju Björnsdóttur með sömu orðum hvört hún vildi laus vera frá þeim egtaskaparheitum er hún veitt hefur Árna Oddssyni, hvar uppá hún hafði framlagt eitt bréf, í hvörju hún óskar og biður fyrir herrans sakir að sér sé ekki þrengt til þess við Árna Oddsson fullkomið hjónaband að staðfesta, því samvitska sín og vilji sé þar á móti, en orsök hvar fyrir hún þessa óskar sé einasta Árna Oddssonar uppáfallinn sjúkdómur eftir trúlofunina, en ekki önnur. Þetta bréf er *daterað* Hreggstöðum dag 11. maí 1719.

Hefur prófasturinn með tilnefndum prestum rannsakað veikleika og sjúkdóm Árna Oddssonar og gaumgæfilega skoðað hans líkama. Segja þeir því að andlitið sé gulbleikt og ígult það hvíta í augunum; hakan og kjálkarnir með hörðum bólum og sama holdslit, úlfliðir, albogar og hnéin séu með sama slags bólum, þó miklu stærri, að ásýndum víða líka sem sigg, hafi ein reynd verið á úlfliðnum og hafi það sem þar útkom verið líkast samblönduðu blóði og vatni. Kviðurinn fyrir ofan naflann allt að bringspölunum mjög harður og þrúttinn, handleggirnir, lærin og fæturnir holdlitlir, gulagtugir að lit, sem allt annað hans hold, og fæturnir með bláum blettum. Þenna sinn sjúkdóm segist hann fengið hafa skömmum tíma eftir trúlofunina, sem framfarið hafi 14. sunnudag eftir *trinitatis* 1715, en algjörlega í rekkju lagst hálfum mánuði fyrir þess árs næstu jól, við hvörja hann samfleytt haldið hafi þann vetur út og fram á vor, og svo öðru hvörju það sumar eftir. Hafi þá stingandi sviðaverkur legið í kviði hans og brjósti, hvörjum þyngsli fylgt hafi svo stór og máttleysi í öllum limunum að sig naumasta hafi hrært getað. Á næsta vetri þar eftir, hefur Árni sagt, að bólur þær sem áður sé umgetið hafi útþotið á ýmsum stöðum síns líkama, stærri og fleiri en sést hafi þá hann var á prestastefnunni skoðaður, af hvörjum margar hafi síðan niðurfallið, og að þetta hafi við sig haldist með líku móti inn til þá, þó á stundum nokkuð þyngra, nokkuð léttara álegið hafi, segir í þessum *actu*, og að þetta hið sama styrki 13 Saurbæjarkirkju á Rauðasandi sóknarmanna vitnisburðir, útgefnir 23. apríl 1719.

Einninn var upplesinn vitnisburður göfugarar höfðingsjómfrúr Helgu Eggertsdóttur uppá eftirspurn prófastsins séra Eiríks Þorsteinssonar, hvar inni hún auglýsir sig oftlega og ástundunarsamlega viðleitast hafa að leita Árna Oddssyni lækninga við hans sjúkleika, en það hafi ekki hjálpað. Bréfið *daterað* Saurbæ á Rauðasandi 16. maí *anno* 1719 með undirskriftuðu nafni, Helga Eggertsdóttir eldri.

Item hefur Árni meðkennt fyrir eftirspurn prófastsins séra Eiríks Þorsteinssonar að viðleitast hefði meðöl og lækningar sér að útvega, sem sér hefði þó ekki bata aukið. Vitni að þessari hans meðkenningu eru prestarnir séra Þorvarður Magnússon og séra Sigurður Sigurðsson.¹

Mætti nú sýslumaðurinn *monsieur* Ormur Daðason vegna Árna Oddssonar, en vegna Guðnýjar Björnsdóttur mætti enginn, jafnvel þótt þrisvar væri uppá hana hrópað, og engin lögleg forföll af hennar hendi framvísuð, hvar fyrir hún er dæmd skyldug að gjalda í kostnaðarnafni sínum mótparti Árna Oddssyni hundrað í gildum landaurum innan 6 vikna að heyrðum þessum dómi, sem

1 *prestarnir séra Þorvarður Magnússon og séra Sigurður Sigurðsson: breytt úr presturinn séra Þorvarður Magnússon og lögréttumaðurinn Sigurður Sigurðsson*

sýslumaðurinn eftir lögunum skal *exeqvera* þegar hann þenna dóm í hendur fengið hefur. Hér að auki skulu báðar þessar persónur, Árni Oddsson og Guðný Björnsdóttir, skyldugar, annaðhvört í eigin persónu eður fyrir sína svaramenn, að mæta hér fyrir *synodi generalis* rétti næstkomandi ár 1722 og þola hér endilegan dóm í þessu trúlofunarmáli, undir tilbærilegar sektir, eftir lögunum, ef þau þessu ekki eftirlifa.

II. Þann 15. júlí kom prófasturinn í Snæfellsnessýslu, séra Snorri Jónsson, og var hann einninn innnefndur í þennan rétt með öðrum. Því næst var upplesinn 3. póstur af næst fyrirfarandi árs *synodale*, hljóðandi um barneign Jóns Þorgeirssonar eftir það hann var trúlofaður með Ólufu Jónsdóttur, en barnið átti hann við Matthildi Gísladóttur, sem telst að vera þrímenningur að skyldugleika við greinda Ólufu Jónsdóttur, hönum áður trúlofaða, hvað og hindrað hefur heilagt hjónaband þeirra á milli. Hefur þessi Óluf auglýst að sinn fullkominn vilji sé að skiljast með dómi við Jón Þorgeirsson, og svo framvegis, sem sá póstur útvísar. En vegna þess að nefndar persónur, Jón Þorgeirsson og Óluf Jónsdóttir, voru þá ei fyrir *synodi generalis* rétti nálægar né nokkur þeirra vegna, þá eru þau skyldug dæmd að mæta nú í ár fyrir þessum rétti, annaðhvört í eigin persónu eður fyrir þeirra svaramenn. Dómurinn er þeim báðum auglýstur í votta viðurvist.

Framlagði nú prófasturinn í Snæfellsnessýslu, séra Snorri Jónsson, eitt opið bréf frá Jóni Þorgeirssyni, hvar inni hann afsakar sig að mæta fyrir þessum rétti, bæði vegna sjálfs síns fáfræðis, svo og annarra báginga, að ei kunni menn til að fá sem haldi lagasvörum hans vegna í þessu máli. En óskar þó auðmjúklega af þessum rétti að hann mætti með fullkomnu dómsatkvæði við Ólufu Jónsdóttur skilinn vera, sé það ei lögum á móti, og framar segist hann ekki hafa í þessu máli fram að leggja. *Datum* bréfsins Helgafelli 4. júlí 1721 með undirskriftuðu nafni, Jón Þorgeirsson. En lögmaður Oddur Sigurðsson, svo sem sýslumaður í Snæfellsnessýslu, sendi inn fyrir réttinn eitt bréf, í hvörju hann segir að Óluf Jónsdóttir óski að þessi réttur vilji gjöra aðskilnað á þeirri trúlofun sem fyrir nokkrum árum skeð sé millum Jóns Þorgeirssonar og hennar. Þetta bréf er *daterað* við Öxará 15. júlí 1721 með lögmannsins Odds Sigurðssonar undirskriftuðu nafni.

Hér uppá er endilegur *synodi generalis* dómur, að þessi hjónabandstrúlofun á millum Jóns Þorgeirssonar og Ólufar Jónsdóttur skal öldungis sundurlaus og aðskilin eftir Friderici 2di hjónabands *articulum*.

III. Var fyrir þessum rétti opinberlega upplesin eftirskriftuð kónglegrar *majestets* allranáðugust bréf:

Hið fyrsta útgefið veleðla hústrúnni í Skálholti, Sigríði Jónsdóttur, sáluga herra biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalín (blessaðrar minningar)

eftirlifandi ekkju, að hún megi njóta um sína lífstíð nokkurs tillags af dómkirkjunnar jörðum, henni til uppeldis, nefnilega Skipholt, Ásar, Skaftholt, Kallaðarnes, Hjálmholt og Þorkötlustaðir. Bréfið útgefið Kaupenhafn 14. apríl 1721.

Annað til séra Jóns Jónssonar fyrrum prófasts í Barðastrandarsýslu fyrir Staðastað, *daterað* Kaupenhafn 7. apríl 1721.

Hið þriðja Pétri Einarssyni fyrir Miklaholti, *daterað* Friderichsborg 20. maí 1721.

Þetta framanskrifað framfór í vor undirskrifaðra viðurvist og með ráði og nærveru velbyrðugs herra amtmannsins Niels Fuhrmanns. Til merkis vor undirskrifuð nöfn.

Jóhann Þórðarson
Snorri Jónsson
Frans Ibsson mpp
Halldór Brynjólfsson
Ólafur Gíslason
Ólafur Jónsson
Markús Eiríksson

Jón Halldórsson
Hannes Halldórsson
Torfi Halldórsson
Jón Jónsson
Jón Halldórsson
Einar Oddsson
Illugi Jónsson
Sigurður Árnason

Viðauki

*Úr bréfabókum Jóns biskups Vídalíns
og fáein skjöl önnur*

Skjölin sem fylgja eru höfð í tímaröð. Greinargerð fyrir valinu er í inngangi á bls. ?? Þar er getið heimilda fyrir hverju þeirra og annað útskýrt sem máli skiptir.

Áminningarbréf til séra Gissurs Bjarnasonar
um hans lífernis betrun *datum* Skálholti dag 12. apríl 1699

Heiðurlegi kennimann séra Gissur Bjarnason, heilsan í Guði!

Vitanlegt sé yður að mér er til eyrna komið hvörsu það þér með ótilbæri-
legum orðum og atvikum skulið yður miður hegða en yðar heilögu embætti ber
og velsómir, hvað ef satt er þá áminni ég yður alvarlega hér með að þér soddan
hneykslanlega umgengni framvegis afleggið. Þér eruð sá sem undan yðar söfn-
uði eigið að ganga með kristilegu og guðrækilegu eftirdæmi, bæði í orðum og
verkum. Því er það einn skammarlegur blettur á yðar embætti ef þér skuluð
brúka munn og tungu til að draga yðar tiltrúaða sauði á vondan veg, hvörja þér
þó eftir Guðs boði eigið að uppfræða í öllum kristilegum dyggðum. Er þetta sú
hollusta er þér Guði lofuðuð á þeim degi er þér gjörðust hans þénari? Pyki mér
þér alllítið muna til hins fimmta og sjötta *articula* í þeim trúnaðareíði er þér
hafið Guði og kónginum svarið, ef það er satt sem mér er um yður til vitundar
gefið. Skammarlegar orðræður og fíflslegt hjál fyrirbýður Guðs andi öllum
mönnum og er þó ei ólíklegt að hann allrahelst hafi þar með meint kennimenn-
ina af hvörra munni alþýðunni byrjar að læra réttindin. Því er ei líklegt að hann
vilji láta taka sinn sáttmála í þann munn af hvörjum útvelldum skammarlegt orða
tiltæki og ótilheyrilegur munnsöfnuður, því Kristur og Belial eiga ekkert hlut-
skipti saman. Sé það og satt að yðar héraðsprófastur hafi yður hér um nokkrum
sinnum áminnt forgefins, þá sýnist mér bæði yðar guðhræðsla og hlýðni við
yfirvaldið vera mjög köld.

Og sökum þess ég hefi þetta um yður ekki að veifun heldur með skilvísun
rökum fornumið, þá áminni ég yður í Guðs nafni míns embættis vegna að þér

eigi látið um yður heyra framvegis soddan athæfi. Og þó nokkur kynni yður óforþént til að gjöra, þá byrjar yður að láta ei yfirstíga yður hið vonða, heldur yfirvinna það vonða með góðu. En geti þér ei því viðkomið, þá er betra ráð að þér tilsegið yðar kristilegu yfirvaldi, undir hvörs forsvari þér eruð, ef nokkurn órétt líðið, heldur en að hefna yðar sjálfir með vondum orðum, hvör meir skemma yðar embætti og persónu heldur en þá sem fyrir illyrðum verða.

Virðið vel velmeinta áminningu og lærið héðan af betur að lifa, ef ei viljið fyrir tímanlegu og eilífu straffi verða þar sem ei aflátið. Hérmeð yður Guði befallandi, Jón Þorkelsson Vídalín.

Bréf prófastinum séra Oddi Eyjólfssyni tilskrifað
um prestastefnu á Breiðabólstað í Fljótshlíð,
datum Skálholti dag 16. maí anno 1699

Eruverðugi, heiðurlegi og mjögvellærði *Domine præposite*. Mikilsvirti elskulegi vin og bróðir, kærleiks heilsan!

Næst lukkusömustu óskum og alúðar þakklæti alls ágætis og velvildar, hvörrar jafnan vil með skyldugrar þénustu framboði minnugur vera, ávísast yðar heiðursemi að ég fyrir skömmu meðtók yðar elskulegt tilskrif með séra Katli Halldórssyni, hvar inni þér gefið mér til vitundar að þér hafið ásett þann 23. maí prestastefnu að halda á Breiðabólstað í Fljótshlíð og óskið þangað minnar nálægðar. Hvar uppá yður einfaldlega svarast, að sökum þess sá tími er allnærri fardögum og rétt um þá daga er ég nauðsynlega verð heima að vera, þá kann ég ei án míns skaða og forsómunar þangað austur að ferðast, efandi í öngvan máta um að þér eftir yðar forstandi munið í þessu efni forsvaranlega *procedera*. En öngvan veg sé ég til að þetta mál, sem er svo langt komið, kunni að beleggjast án víðara umtals, þar soddan sökum byrjar að innstefnast svo vel fyrir herra amtmanninn og mig, hvörjum ég vil í öngvan máta hans myndugheit betaka. Að sönnu hefðu vottar uppá þetta mál átt að afleggja þeirra vitnisburð fyrir veraldlegum rétti, en þó kann enginn að banna þeim að vitna fyrir geistlegum rétti ef þeir sjálfir vilja. Danske lov *cap.* 13, *art.* 2 og 3.

Þér munuð öngva ályktun eður forlíkun gjöra í þetta sinn, og ei heldur ég þótt nálægur væri. Alleinasta munu þér láta vottana afleggja sinn vitnisburð, þá *examinera* sem gaumgæfilegast og meta *obiectiones* séra Jóns sem hann á móti þeim hefur, því þótt menn meini að vottarnir skuli metast af veraldlegum, þá samt (jafnvel þótt ég gjarnan sæi að því ómaki yrði ýtt uppá veraldlega með billegu móti) sé ég ekki hvörninn menn kunna að afsaka sig að meta sjálfir þá votta sem fyrir geistlegum rétti vitnað hafa, þar oss einninn byrjar að hafa vit á

landslögunum og *per consequens* að sjá hvað hvörn hindrar frá vitnisburði, nema verjandi vilji stefna einhvörjum af vottunum, þá ætti það að gjöra fyrir veraldlega og fæðist þá nýr *prosess* út úr höfuðsökinni. En hvört þér látið vottana afleggja sinn eið eður ei munu þér tempra eftir því sem þér sjáið vottanna duktugheit til. Því hvað skal láta þá vanbrúka Guðs nafn ef þeir síðan eftir á verða ei álitnir nýtir. En ef þér í þetta sinn ei metið fullkomlega þeirra duktugheit eður takið af þeim eið, svo annaðhvört sé vafalaust og ómótsegjanlegt þingvitni, eður og svo öldungis þar frá, þá sé ég ei annað en þeir duganlegustu af vottunum verða að *citerast* til alþingis og þar *examinerast*, hvört sem heldur þykir fyrir lögréttunni eður andlegum rétti. Sumir munu vilja segja að skyldugleiki eður mægðir við séra Magnús muni ei hrinda neinum úr vitni þar hann sé ekki sakaráberi heldur angefari í þeirri sök sem hann ei mátti yfir þegja síns embættis vegna. Veit ég og að hin rómversku lög *distingvera* hér *inter actorem et delatorem in eum distingvunt qvi ex odio et illum qvi ex officii necessitate defert*. En hér um víðara að tala bíður síns tíma.

Þessi vitnatekt er að sönnu næsta vanskilleg, þar að eftir vorum lögum eru heimiliskviðarvitni hin sterkustu vitni, en eftir því danska lögmáli 1. bókar *cap.* 13, *art.* 16 mega ei heimilismenn vitni bera nema í stærstu sökum. Kannski og séra Jón vilji njóta réttarþótar Hákonar kónigs sem segir að karlmenn skuli vitna með karlmönnum en konur með konum, þó ég vel viti að sumir muni skilja það um nefndarvitni eður þvíumlíkt, sem sverja skulu einhvörjum til fríunar.

Guð lagfæri þetta vandamál á hinn besta veg og stjórni yður og öllum oss með náð síns heilaga anda, að vér í þessu efni sem öllu öðru gjörum og ástundum að gjöra sem hans heilaga nafni verði til æru og vegsemdar, kristilegri kirkju til uppbyggingar, hlutaðeigendum til aðvörunar og öllum til vareygðar. Það bænheyri Guð í Jesú nafni. Hvörjum ég yður með öllu kærkomnu trúlega befala til æðstu verndar og varatektar með minni vinsemdar kveðjusendingu til yðar, *etc.*

Bréf til prófastsins séra Odds Eyjólfssonar
um vitnatekt í Breiðabólstaðar *casu*
datum Skálholti dag 13. júní 1699

Yðar síðasta elskulegt tilskrif *de dato* 30. maí meðtók ég hér að Skálholti þann 12. júní, sem og meðfylgjandi prestastefnu *acta* á Breiðabólstað, hvar um frekara að tala um verða að bíða samfunda, hvar fyrir ég alleinasta í þetta sinn svara yður með fæstu orðum uppá yðar tilskrif og ráðfæringar þar inni:

1. Hvört öllum þessum vitnum skuli stefnast til alþingis, svarast stuttlega að þeim skyldu og mægðu sé ég valla þörf á að stefna til alþingis, þar ég hygg fæstir menn muni þeirrar meiningar vera og er ei heldur sjálfur, nema ég annað

réttara síðar sjái að þaug muni verða séra Magnúsi lögvitni, þar jafnvel þó hann sé ekki *directe* kallaður sakaráberi þá samt ríður hönum eins mikið á að forsvara sína angefningu í svo háu máli svo sem að hann ætti fyrir sjálfan sig þessa sök að sækja. En hvað Vigdís áhrærir þá hefi ég formerkt á séra Jóni Torfasyni að hann muni viðleitast að hrinda henni úr vitnisburði nú á næstkomandi mánudag á Kirkjulæk ef þar þingað verður. Og ef hönum það tekst, hvað skal hún þá til þings ríða? En gangi það ekki an, þá mun hún með öðrum til alþingis *citerast* verða, nema sýslumaðurinn eftir yðar begeringu taki þar eið af henni uppá sinn vitnisburð. Hið sama er meint um Sigríði, að hún má afleggja sinn eið fyrir sýslumanninum. Annars *citerist* til alþingis, því enginn skal kallast fyrir annarlegan rétt að vitna nema hann hafi ei viljað vitna fyrir sínu varnarþingi. Hafi Jason lagaforföll þá kann enginn að neyða hann til alþingis og ei kann neinum bannast að vitna heima í hérað og munu þér þá af hönum eiðinn taka.

2. Ei sé ég ráðlegt að þaug skyldu og mægðu vitni afleggi þeirra eið fyrr en ályktað er hvört þeirra vitnisburður megi nokkuð duga (jafnvel þó sværu), þar vel vitið að ónaðsynlegir eiðar eru fyrirboðnir.

3. Uppá þann þriðja póst í yðar bréfi hefi ég allareidu svarað í hinum fyrsta í mínu, nefnilega um Sigríði.

Þetta skrifa ég *venerande Domine praeposite* eftir yðar begeringu til að segja meining mína *privatim*, en ei til þess að þér eður neinn skuluð taka mitt *sentiment* fyrir nokkurt lögmál eður befallingu (hvað ei kann af mér að heimtast), svo það ei síðar raskast kunni, sérdeilis ef eitthvört í málinu framkemur sem nú veit ég ei af.

4. En uppá hinn síðasta póst í yðar bréfi svarast yður alvarlega og einfaldlega að nálægustu kennimenn skyldast fullkomlega til eftir minni og yðar befallingu að þéna Breiðabólstaðarsókn fyrir fullan betaling (hvörn þeim byrjar úti að láta sem á málinu fellur) fram yfir næstkomandi alþingi, hvar fyrir þér ei þurfið neinn af þeim að *citera* til alþingis, því í soddan *casibus* veit ég ekkert annað réttara en nú hefi ég sagt, hvað ég vil akta að forsvara, svo vel sem *suspensionem* séra Jóns, hvað langt sem koma kynni. Þér munuð og *citera* báða partana eður þeirra löglega umboðsmenn til alþingis, sem og þrjú þessi vitni ef ei verða eiðar teknir í héraði, sem þó væri ómaksminnst.

Yður mun kannski þykja að þetta mitt bréf komi nógu seint, hvar ég hefi ekki skuld í, þar yðar bréf var mér ei afhent fyrr en í gærðag eftir miðdegi af séra Jóni Torfasyni. Það sýnist ei óráðlegt að ákveða þann 5. eður 6. júlí í *citatiunni* og er ennþá nægilegur tíma ef *citatian* væri þeim birt að þinginu á Kirkjulæk. Hefur séra Jón lofað mér að þetta mitt bréf skuli yður fyrir þann tíma í hönd komið vera að forfallalaus, en beri af því þá takið þann dag til er yður löglegur sýnist. Ég

mun héðan ei heiman ríða fyrr en á þingmaríumessu eftir embætti. Væri þá gott að þér væruð hér komnir, svo samferða verða mættum út á þingið og *conferera* hér um. Haldið til góða, *etc. etc. etc.*

Postscripto

Venerande Domine. Ég má ei *dissimulera* fyrir yður að mér þykir helst athugandi í yðar *process* að þið hafið sett einn prestmann að vera *procurator*. Skaðaði ei þó séra Magnús tæki veraldlega persónu að tala sínu máli á alþingi þar hitt kann ei vel að sóma. Svo og mun athugavert þykja að þessar kvenpersónur hafa vitnað eftir seðlum sem aðrir hafa skrifað, hvað einnegin er á móti lögunum. Þetta tvennt mun ég biðja yður að taka til umþenkingar ef þess kann nokkur að geta. *Iterum vale.*

Skikkunarseðill til prestanna í Rangárvallasýslu
um embættisgjörð á Breiðabólstað um *suspensionis* tíma
séra Jóns Torfasonar *datum* Þingvelli dag 7. júlí 1699

Ég Jón Þorkelsson Vídalín *superintendens* Skálholtsstiftis skikka yður og befala, heiðurlegir og vellærðir kennimenn, séra Bjarni Hallgrímsson, séra Gottskálk Þórðarson, séra Gísli Bárðarson, séra Vigfús Gíslason, séra Arngrímur Pétursson, séra Einar Magnússon og séra Þorsteinn Oddsson, að þér gegnið öllum þeim nauðsynjum sem prestlegu embætti viðvíkja í Breiðabólstaðar kirkjusókn í Fljótshlíð eftir þeirri skikkan og niðurraðan sem virðuglegur prófasturinn í Rangárþingi séra Oddur Eyjólfsson þar á gjörir, eftir vegalengd og ykkar eigin sókna ásigkomulagi, allt þangað til að fullkomin dómsályktun er framfarin á millum sóknarherrans séra Magnúsar Jónssonar og *capellansins* séra Jóns Torfasonar, hvört yðar ómak skal af þeim er svara á sanngjarnlega bet alast.

Til merkis mitt undirskrifað nafn, Jón Þorkelsson Vídalín.

Bréf prófastinum séra Þorleifi Árnasyni tilskrifað
um prestastefnudóm genginn að Skál á Síðu,
datum Skálholti dag 23. október 1699

Eruverðugi, heiðurlegi og mjögvellærði *Domine praeposite*. Elskulegi vin og bróðir í Kristo, þénustusamleg heilsan!

Yðar elskulegt tilskrif ásamt tólf ríxdali meðtók ég með syni yðar Páli Þorleifssyni, hvar fyrir vinsamlega þakka sem sérhvörja aðra velvild, og vil aftur yður til þökkunar vera í því kann og veit yður geðfellt.

Ég hefi yfirlesið þann prestastefnudóm sem þér hafið gengið með tilnefndum prestum að Skál á fyrirfaranda hausti. Og sökum þess að þér umbiðjið að

ég segi mína meining um þann *process*, þá vil ég það gjöra með þessum seðli, þó með því fororði að þér ei misvirðið þótt ég einlæglega framsegi það sem mér þar í þykir athugavert:

1. Mun virðast að séra Vigfús hafi rétt að mæla þar hann aðfinnur að árið hafi ei verið tilgreint í *citatiunni*, því ekki veitir af þó allt sé löglegt þar menn eiga við þá að gjöra sem líklegt er að sækja muni allar útfluktir. Sé nú séra Vigfús ei rétt fyrirkallaður þá mun það virðast að sá dómur sem um hann hefur dæmdur verið sé ei lögum svo samhljóða sem byrjar, þar sækjandi og verjandi skal vera fyrir máli hvörju, *qvi autem actus est contra legem pro nullo actu habetur*.

2. Þá veit ég eigi hvörninn þér kunnið með dómi að álykta séra Vigfús og Vilborgu skyldug til að sættast áður en hann *sacramentast* svo sem þér að kveðið, þar þetta var aldrei í rétt fyrir yður sett og ei er enn nú útkljáð hvört þeirra á móti öðru misbrotið hafi. Má og öngvum frá *sacramentinu* upphalda þótt hann kærumál hafi öðrum á hendur. Það hefði að sönnu verið góð tilhlutan ef þér eður einhver góður kennimaður í yðar stað hefði kunnað að draga þaug til forlíkunar án dóms, en fyrst það sýnist ei vilja svo greiðlega takast, þá munu það virðast nýmæli að dæma menn til að sættast. Verið vissir uppá að séra Vigfús mun ei vilja útleggja sín bréfsorð að þaug séu af hatri skrifuð heldur af kennimannlegu vandlæti, munu og kannski það álit fá ef hann getur sannað sögu sína. En beri út af því þá kemur fyrst til að tala um af hvörjum anda þau eru skrifuð. Hræddur er ég um að hann *prætenderi* uppá þennan póst í yðrum dómi. Því mun hönum eigi vera hart að ýta. En þó gjöri þér þar um hvað yður þykir haglegast.

Ráð mitt er að þér óskið af sýslumanninum Ísleifi Einarssyni (eftir því ég heyri sýslunni sé óskipt milli þeirra bræðra) að Dyrhólum í vor eður nær hann þar til hentugleika hefur, og taki þá vitnisburði sem séra Vigfús kann að vænast að sinni sögu eður önnur þaug gögn sem hann meinar sér til málsbóta verða. Hvörjir ef fullkomnir verða (ég meina uppá það að hún hafi logið til barnsfaðernis, hvað ég efa um að ske kunni), þá er auðgjört um málið. En verði það ei nema rykti, þá mun sýslumaðurinn dæma henni að ættfæra barn sitt með eiði. Að hvörjum unnum hún sýnist vera frá þeirri grunsemi. Mun ég þá *citera* prestinn séra Vigfús til alþingis og einnin konuna ef þurfa þykir. Ei sé ég hún þurfi nema eineiði að hafa nema fullkominn og vafalausn lagaáburð fái. Þetta af mér í einfaldri meiningu skrifað bið ég yður ekki að forþenja.

Um tíundareikninginn verður að standa þar til munnlega viðtölun, því oss hér þykir í hönum nokkuð vanskilið vegna ókunnugleika, hvað leiðréttast mun að samfundum sem ég óska að ske mætti í sumar ef Guð lofar.

Um hálfa ljóstolla frá Rauðabergi kann ég ei aðra skikkun að gjöra, því hér

í Skálholti liggja vitnisburðir að svo hafi til forna verið sem nú er, og kann sú skikkun ei að gjörast nema með dómi, ef gjörast má.

Þetta fáort bið ég yður til góða að halda, að hvörs endingu *etc.* Jón Þor-
kelsson Vídalín.

Resolutio herra biskupsins uppá héraðs *process*
prófastsins séra Páls Björnssonar, á haustmánuðum 1702¹

Yðar elskulegu tilskrifti fylgdi einn héraðs *process* yðar genginn að Brjámslæk á Bardaströnd 1702 10. júlí, um hvörn mín einlæg meining er svo sem eftir-
fylgir:

1. Það viðvíkur þeim hjónum frá Sauðeyjum, þá er það af yður vel lagfært, svo ei sýnist frekari aðgjörðar þurfa, ef þau í hlýðni standa.

2. Um Pál Eiríksson og Sigríði Halldórsdóttur er það að segja að þau munu verða til alþingis að *citerast* af amtmanni eður mér undir endilegan skilnaðar-
dóm eftir *ordinantiunni*. Þó mun ég verða þar um fyrst við amtmann að *con-*
ferera áður en ég þaug *citera*.

3. Um Guðmund Þorsteinsson og hans málefni hefi ég ekkert annað ráð (fyrst hann mætti ei fyrir héraðsprófastinum og menn kunna ei hendi á hönum að festa) en að segja til þess amtmanni að hann hafi þær aðgjörðir sem hans emb-
ætti tilhlýða þar um; því bágð er andlegum að færa skálka og landhlaupara nauðuga fyrir réttinn.

4. Þann *casum* úr sókn séra Eiríks Þorsteinssonar hafið þér að sönnu *resol-*
verað eftir lögunum. Þó sýnist mér að gott væri að einhvörjar veraldlegar
aðgjörðir kæmi í milli, áður en *ultimus actus excommunicationis* framfer, *cautè*
enim vibrandum est fulmen illud. Kannski Guð gefi lagfæringu fyrr en til þess
koma þurfi.

5. Um Bjarna Bjarnason úr Tálknafirði hefi ég tilskrifað sýslumanninum
að hann vilji láta refsa hönum fyrir sína þverúð eftir Friderici *terti* forordningu
og ætti það með réttu ske á hvörju ári þar til hann betrar sig, og ef nokkrum
glæp heyrir til *excommunicatio major* þá á hún heima í slíkum óhæfutilfellum,
því sjálfsagt er að sá sem opinberlega lifir sem heiðingi og öngvar áminningar
la[ngfram]anlega vill agta hann á ekki að vera *in communicatio ecclesiae*. For-
sómi sýslumaður að refsa Bjarna, þá bið ég að ég mætti fá það að vita, svo
amtmaður megi tilhlutast *defectum justitiæ*. Svo og á hann að straffast fyrir þá
óhlýðni að ei kom á prestasamfundinn eftir yðar *citatiu*.

1 á haustmánuðum 1702: í bókinni stendur *datum ut supra* með vísun í dagsetningu bréfsins á undan, en blöð vantar fyrir framan og er næsta varðveitta bréf á undan dagsett 1. september 1702 en hið næsta á eftir 24. desember

6. Mál þeirra hjóna Guðmundar Halldórssonar og Guðrúnar Guðnadóttur ætti með réttu betur að rannsast með fyrstu hentugleikum, þar mér sýnist valt að vita hvort þeirra sökina hefur. Öngvanveginn var Guðmundur kallaður frá sínu varnarþingi, því þar er hans varnarþing í andlegum efnum sem prófastur setur prestastefnu, en ef hann klagar konu sína fyrir fjærvistir þá á hann að stefna henni með réttu, og er sýslumaður skyldugur að hjálpa henni til að ná vitnum sínum uppá það sem hún þykist hafa til afbötunar móti manns síns ákæru, hvör löglega tekin eiga fram að koma á prestastefnunni, annars agtast hennar framburður ekkert. Svo og er Guðmundi enginn óréttur skeður þó ekki sé að svo komnu dæmt um hans sök, þar hann kom ei sjálfur eftir *citatiunni* til að standa fyrir sínu máli, en *pro tempore* sýnist mér hér um réttast að gjöra að presturinn áminni konuna alvarlega það hún taki aftur saman við bónda sinn, jafnvel þó hún kunni að vera af honum óforréttuð. *Item*¹

Bréf herra biskupsins til séra Stefáns Hallkelssonar
að hann haldi sig frá kennimannlegri þjónustu *ad interim*,
datum Skálholti dag 24. desember 1702

Eftir því að mér er til vitundar gefið af nokkrum yðar sóknarmönnum að þér hafið þann áttæring sem þér á umliðnu vori afhentuð séra Ólafi Péturssyni prófasti í Kjalnesþingi uppí *inventarium* kirkjunnar að Stað í Grindavík, henni til eignar, nú ekki alls fyrir löngu að nýju afhent Páli Beyer til alls ágóða á tilkomandi vertíð og fullkomlegra eignarráða, þar á ofan í erlegra manna viðurvist afhöggvið kirkjunnar mark sem þér á næstumliðnu vori lögðuð á þetta sama skip með eigin hendi og mark kaupmannsins uppálagt: R.N.S. Þá sökum þess að mér virðast þessar yðar aðgjörðir vera langt öðruvísi en yðar embætti sómir, tilsegi ég yður og befala eftir myndugleika míns embættis að þér haldið yður frá allri kennimannlegri þjónustu, bæði innan kirkju og utan, þar til endilegur dómur er genginn á þetta yðar málefni, nema stór nauðsyn viðliggi. Ofan-skrifað *etc.*

Eodem loco et die var tilskrifað séra Sigurði Eyjólfssyni
að hann fremji prestlega þjónustu í Staðarkirkjusókn í Grindavík
Eftir því að ég hefi vissra orðsaka vegna *suspenderað* séra Stefán Hallkelsson sóknarprest í Grindavík frá kennimannlegs embættis útréttingum og allri þjónustu, allt þar til endilegur dómur genginn er á þær sakir um hverjar hann

1 Næsta blað vantar.

ákærður er, þá tilsegi ég yður míns embættis vegna að þér á meðan fremjið alla prestlega þjónustu, bæði innan kirkju og utan, í Staðarkirkjusókn í Grindavík. Fyrir hvört yðar erfiði og ómak ég skal yður úthluta billegan betaling það fyrsta þetta mál er aldeilis til lykta gengið.

Bréf herra biskupsins til prófastsins séra Ólafs Péturssonar
að hann haldi löglega *inquisition*
um málefni séra Stefáns *datum ut supra*

Nú nýlega kom mér til handa skrif sóknarmanna úr Grindavík, hvar inni þeir angefa um séra Stefán Hallkelsson að hann hafi til eignarráða afhent *monsieur* Páli Beyer þann áttæring er greindur séra Stefán yður afhenti í *inventarium* kirkjunnar að Stað í Grindavík á næstumliðnu vori, svo sem það bréf hér innlagt sér líkast hermir. Og sökum þess þetta er nú svo vaxið sem þér sjáið, þá tilsegi ég yður míns embættis vegna að þér samankallið prestana í Kjalnesþingi, svo marga sem viðþurfið, á þann stað og dag sem yður hentugastur þar til þykir; og *citerið* þangað séra Stefán, *item* þessa menn sem undir bréfið skrifað hafa. Takið síðan löglegt rannsak í málinu og undirbúið það svo sem vera byrjar, að síðan megi undir endilegan dóm presturinn innstefnast fyrir *synodum generalem* næstkomandi. Þér munuð og verða að hafa það skrif, ef nokkurt er, sem saman hefur tekið verið hér um, seinast, á Járngerðarstaðaþingi, hvar um ég tilskrifa herra amtmanninum að sýslumaðurinn það í té láti til frekari fyrirgreiðslu í sökinni. Ég veit þá ei annað, *etc.*

Forboð herra biskupsins til Staðarkirkju sóknarmanna
að þeir greiði séra Stefáni prestsskyldur venjulegar
eður þiggi hans þjónustu *ad interim*.

Datum Skálholti 24. desember

Ég Jón Þorkelsson Vídalín *superintendens* Skálholtsstiftis heilsa yður sóknarmenn Staðarkirkjusóknar í Grindavík með þessu mínu opnu bréfi!

Eftir því nokkrir af yður hafa mér til vitundar gefið að yðar sóknarprestur séra Stefán Hallkelsson hafi misséð sig í nokkri höndlan ekki alls fyrir löngu á móti kennimannlegs embættis góðu skikki, og ég þykist vita hann muni vera ekki í allítillri skuldu við kirkjuna að Stað í Grindavík, þá fyrirbýð ég yður einum og sérhverjum, hvör helst sem vera kann, að þér gjaldið eður greiðið hér eftir séra Stefáni Hallkelssyni nokkuð af venjulegum prestsskyldum, hvörju nafni sem heita kann, allt þar til að dómur er genginn á hans mál og ég eftir míns embættis skyldu tilhlutast á sínum tíma hvörninn með hans prestlega rentu

höndlast skuli. Hér að auki fyrirbýð ég yður að þér takið nokkra prestlega þjónustu af séra Stefáni allt til áðurgreinds tíma, en á meðan skuluð þér þekkja séra Sigurð Eyjólfsson fyrir yðar sálusorgara, hvör af mér þar til skikkaður er, að hann yður forsorgi með prestlegri þjónustu þar til mál séra Stefáns verður á einhvern veg úttalað. Hér með yður Guði befalandi.

Loco et die eodem tilskrifað herra amtmanninum

Christian Müller sem fylgir

Veleðla og velbyrðigi herra amtmann Christian Müller.

Nýlega er fyrir mig komið klögumál sóknarmanna úr Grindavík yfir sínum sóknarpresti séra Stefáni Hallkelssyni; hvör að afhent skal hafa, til fullkominnar eignarráða, *monsieur* Páli Beyer þann sama áttæring er hann í vor heimilaði prófastinum séra Ólafi Péturssyni uppí *inventarium* kirkjunnar að Stað í Grindavík; hvar um nokkur gjörningur skal hafa framfarið að Járngerðarstöðum í Grindavík ekki alls fyrir löngu. Og sökum þess að þetta sýnist ekki lítil yfirsjón af prestsins hendi, þá hefi ég hann *suspenderað* frá kennimannlegu embætti, *ad interim*, og þar að auki befalað prófastinum í Kjalnesþingi, séra Ólafi Péturssyni, hér um að halda löglega *inquisition*. En uppá það hún megi þess greiðara afgangi óska ég að herra amtmaðurinn vilji tilsegja sýslumanninum Jóni Eyjólfssyni að meðdeila prófastinum rigtuga *copiu* af því skrifi er hér um hefur samið verið, ef nokkurt er, hvörs hann kann ekki með réttu að neita¹

Bréf herra biskupsins til herra amtmanns Christians Müller

um héraðs *acta* prófastsins í Barðastrandarsýslu,

datum Skálholti dag 24. febrúar 1703

Veleðla og velbyrðugi herra amtmann!

Á umliðnum vetri kom mér til handa héraðsprestastefnu *acta* prófastsins í Barðastrandarsýslu, séra Páls Björnssonar, hvar hann meðal annara hefur undir rannsak tekið hjónabandsmál tilfallið á milli Halls Eiríkssonar og hans ektakvinnu Sigríðar Halldórsdóttur; hvör eð skal hórast hafa framhjá sínum egtamanni með Jóni nokkrum Pálssyni, hvörs meðkenning prófasturinn segir að skriflega hafi auglýst verið á nefndum prestasamfundi; hvört efni svo sem það er á sig komið og mér til vitundar gefið ég læt herra amtmann hér með vita,

1 Næsta blað vantar.

að hann þar úti gjöra kunni hvað helst sem hönum þykir hans embætti tilheyrja.

Framar stendur í greindum *actis* að prófasturinn hafi á greindan prestasamfund *citerað* Bjarna Bjarnason verandi að Botni í Tálknafirði, hvör eðvottast (eftir því sem í héraðs *actis* stendur) að í heil þrjú ár hafi aldrei sótt sína sóknarkirkju, jafnvel þó presturinn séra Guðmundur Vernharðsson hafi hann þrisvar sinnum þar um áminnt, hvar um hann framlagði þrjá vitnisburði með tveggja manna nöfnum undir hvörjum þeirra. Svo og hefur framkomið á prestastefnunni að þessi maður væri heilbrigður að burðum og hefði jafnvel á sunnudögum staðið að almennilegu verki. Nú sökum þess greindur Bjarni Bjarnason hefur ei að svo miklu leyti sem ég kann að sjá á greinda prestastefnu komið, ei heldur prestsins áminningum hlýtt inn til þessa dags, það mér vitanlegt er, þá gef ég herra amtmanninum þetta til vitundar, að hann hér í *assistera* vilji *ope brachii secularis*.

Hinn þriðji póstur í héraðsáliti prófastsins hljóðar um Guðmund nokkurn Þorsteinsson, hvör eð *anno* 1695 skal hafa trúlofast með kvenpersónu nokkri að nafni Kristínu Andrésdóttur, en síðan er hann orðinn opinber að frillulífisbroti með Steinríði nokkri Þórðardóttur sem telst við greinda Kristínu systkinabarn að skyldsemi. Þetta er skeð fyrir mína tíð og hefi ég það ei fengið að vita fyrir en á umliðnu ári. Skrifaði ég til prófastinum að taka sökina undir héraðspróf, eftir því sem venjulegt hefur verið um hjónabandsmál hér í landi hingað til. En hann afsakar sig að ei geti Guðmund Þorsteinsson fyrir sinn dóm kallað, því hann sé hvörgi að staðaldri heldur flakki um landið, sem aðrir umhleypingar. Samt er þetta ein órða, að þar soddan *casus* er tilfallinn skuli ei trúlofunin með dómi *rescinderast*. Er og *disputabile* hvort þeirri saklausu persónunni leyfist að giftast fyrir en *sponsalia* eru *rescinderuð*. En sökum þess sækjandi og verjandi skal vera fyrir máli hvörju, þá er prófastinum bagi hér í rannsak að gjöra fyrst hann getur hann ei fyrirkallað. Er og þeirri saklausu persónunni bágð að stefna hönum þar hún er kvenmaður en hann hvörgi í vísum stað að finna. Sýnist því að herra amtmaður verði hér í eitthvað til að hlutast.

Enn nú hefi ég framvegis að minnst á við herra amtmanninn eignarmenn Höfðabrekku í Mýdal, hvörjir á næstumliðnu Öxarárþingi inngáfu sína umkvörtun fyrir herra amtmanninn að þeir kynni ekki að annast Höfðabrekku kirkjukúgildi eður eftir þaug prestinum hálfar leigur að gjalda, þar jörðin fengist naumlega eður ekki byggð. Þessari eignarmanna umkvörtun vísaði herra amtmaðurinn inn fyrir *synodum generalem*, en sökum þess að mín meining var að soddan efni kynni ekki af mér eður *synodo generali* að *deciderast*, þá hefi ég því aftur með minni uppáskrift til herra amtmannsins vísað og veit ég ekki enn nú að mennirnir hafi þar um nokkurt svar fengið, en sökum þess að hætt er

við að presturinn missi sína rentu og kúgildi kirkjunnar úrgangi, sérdeilis ef mennirnir eru ekki fullveðja, þá hygg ég að herra amtmaðurinn þurfi *pro officio* hér til að hlutast á einhvörn hátt. Ég efast ekki um að mannanna umkvörtun skrifleg muni vera í herra amtmannsins hendi *etc.*

Bréf biskupsins til prófastsins séra Ólafs Péturssonar
um Sighvat Halldórsson og mál séra Stefáns Hallkelssonar,
datum Skálholti dag 4. apríl 1703

Yðar tilskrif kom mér til handa fyrir skömmu, hvar inni þér minnst á yfirsjón Sighvats Halldórssonar, hver yður ei sýnist svo megi sleppa að ekki sé nokkuð í sektanafni viðlagt, og þykir það ei minna vera kunna en svo sem fyrir helgi-brot. En mín meining er sú, að þar Sighvatur er fátækur maður, svo sem mér er undirréttað, að þá sé ekki stórt hneyksli að því þótt hann sleppi sektalítill, sérdeilis þar hans yfirsjón er allareiðu *elueruð* með *reprehensione publica*. Nokkur mismunur þyki mér á helgidagsbroti og þessu, þar helgibrot eru viljaverk (nema einhver sé svo heimskur hann viti ei hver dagurinn yfir hann kemur), en þetta er skeð af bara einfeldni og ekki ásettu ráði. Þar að auki þykja mér helgi-brotssektir vera næsta miklar eftir því sem *praxis* hefur gengið hingað til: 3 merkur er ekki lítið fé fyrir einn fátækan mann eður öreiga. Eigi eru það meir en 3 mörk dönsk í þeim Norsku og Dönsku lögum, og er það undarlegt vær skulum borga stærri sektir en þeir kóngsins undirsátar sem þar til hafa betri ráð. Vilji þér láta Sighvat gefa 15 álna virði eður þar um til fátækra er að sönnu ekki ótilhlýðilegt. Sýnist mér þó *indifferens* hvert gjört er eður ei, og kunni þér sjálfir hönum þetta uppá að leggja, ef hann vill það viljugur undirgangast. En segi hann nei, sýnist mér að vær kunnum ei að leggja sektir uppá nema með dómi.

Í annan máta afsaki þér yður fyrir að halda prestasamfund um málefni séra Stefáns Hallkelssonar og það fyrir eftirfylgjandi orðsakir:

1. Að þér hafið allareiðu strax fyrir jólin meðtekið útskriftir af héraðspings *actis* á Járngerðarstöðum þann 2. og 4. desember, svo og af séra Stefáns pant-setningu *dateraðri* 13. ágúst 1701 (af hvörri þér segist ei vitað hafa fyrr en hún hafi komið yður undir augun). *Item* útskrift af hans skrifti *dateruðu* næstliðna 4. desember, hvar inni hann segist hafa afhent *signor* Paul Beyer þann 8æring sem hann hefði pantsett *signor* Rasmusi Nielsen 1701 þann 13. ágúst, en gjörir ráð fyrir að innleysa hann aftur innan fardaga og *obligerar* sig fororðslaut að full-nægja Staðarkirkju í næstkomandi fardögum fyrir hennar *inventarium*. Þetta sýnist mér, *Domine praeposite*, að sé *causa*, *ut non causa*, því þeirrar orðsakar vegna að þér hefðuð þessi bréf og *document* meðtekið, þá átti yður þess fyrr og meir vera umhugað um að taka sökina undir rannsak í héraði, þar öll mál byrjar

fyrst í héraði að dæma áður en fyrir *synodum* kemur, hversu ljós eður skýr sem þau vera þykja. Mun og séra Stefán ei þykjast réttstefndur að fyrsta bragði fyrir *synodum generalem* og hefur hann til þess svo mikið sem hér sagt er.

2. Færi þér það til að þér hafið svo eftirtekið prestinum sé allareidu vísað frá kennimannlegs embættis útréttingum að svo stöddu, eftir angefningu hans sóknarbarna sem yður sýnist ég hafi svo gilda meðtekið að ei verði meira að gjört þangað til fyrir *generalem synodum* kemur. Hvar uppá yður svarast, hvort ég hefi rétt í því gjört eður ei að *suspendera* séra Stefán, með mínu opnu bréfi, kemur yður ekkert við að tala um. Ég vil og öngvan reikningskap gjöra fyrir yður þar um; gjöri þér yðar embætti án undanskota og látið biða að *raisonnera* í mínum útréttingum. En það læt ég yður vita, hér með, að *suspensio* séra Stefáns, sem skeði eftir skriflegri angefningu hans sóknarbarna, *imponerar* yður ekki síst *necessitatem* til að undirbúa sökina með yðar héraðsprestum.

3. Skrifu þér að yður sýnist kirkjunnar fé eður *inventario* sé ósótt meðan séra Sigurður ei umkvartar og það er í hans ábyrgð. En þó séra Stefán hafi verið eða megi verða djarftækur við hann um þetta skip (eða annað kirkjunnar fé sem hann hefur meint sig mega nokkurs uppheldis afvænta), þá meini þér enginn af Grindvíkingum eigi þar sök á, eða þurfi stórlega þar á að hneykslast, meðan velnefndur séra Sigurður þar um þegir og meðan hann næst mér færir það ei til neinna saka eður ákæru, sérdeilis þar séra Stefán hafi *obligerað* sig að fullnægja kirkjunni og fengið allareidu loforð (að þér segist heyra) fyrir peningastyrk til að enda það. Ég skil ekki þessa yðar afsökun. Hvað kemur það við yfirsjón séra Stefáns hvort *inventario* kirkjunnar er óhætt hjá séra Sigurði eður ei? Trúið mér, ekki mun séra Sigurður vilja betala þetta skip, og þó svo væri þá er söm gjörð séra Stefáns. Séra Sigurður hefur ekkert vald til að segja að séra Stefáni hafi þetta skip heimilt verið og láta afmarka eður afhenda undan kirkjunnar marki, því það var ekki hans eign, heldur kirkjunnar; hvernar sök þér eigið að sækja nær yður tilsagt verður. Hefur nú séra Sigurður gefið mér þetta efni til vitundar skriflega á umliðnum vetri, en ég hefi befalað yður hér um löglegt héraðspróf að taka, að þetta mál rétt undirbúið mætti innstefnast fyrir *synodum generalem*.

Það hefði ég viljað, *Domine praeposite*, að þér munduð ekki láta það formerkja í bréfum yðar að sóknarbörn megi ekki eiga sök eður þurfa að hneykslast á óskikkanlegu framferði sinna sálusorgara. Segið mér, máttu ekki Grindvíkingar klega það sem þeim virtist óviðurkvæmilegt vera presti sínum, jafnvel þótt séra Sigurður þegði, sem hér á ekkert með, annað en svo sem einn vöktunarmaður kirkjunnar *inventarii*. Fjærri er því að þessi sök komi ráðsmanninum nokkuð við, því jörðin og kirkjan eru *duo distincta*, svo sem þér vel vitið, ef að því gæta viljið. Þér meinið ég skuli vera þar ánægður með að séra Stefán hafi

obligerað sig að fullnægja Staðarkirkju og að þér hafið heyrt hann skuli hafa fengið loforð fyrir peningum þar til, en ég læt yður vita að ég þykist ekki hafa orðsök til að trúá séra Stefáns *obligation* eður þeirra loforði, og þótt hann væri fullveðja maður þá er samt uppi bæði kirkjunnar sök og tiltal hans sóknarmanna, hvörju við öngvanveginn megum undir stól stinga.

Og sökum þess ég hefi svarað yðar afsökunum og kann [þær ekki] löglegar að taka, þá tilsegi ég yður enn að nýju [og laga]lega befala, hans kónglegrar *majestets* og míns embættis skyldu vegna, að þér strax það fyrsta viðkoma megið samankallið prestana í Kjalnesþingi á þann stað og dag sem yður hentugastur þykir; og gjörið löglegan undirbúning í máli séra Stefáns Hallkelssonar áhrærandi það áttæringsskip sem hann á næstumliðnu vori afhenti yður og kirkjunni að Stað í sitt *inventarium*, en nú síðan (svo sem formerki) hefur að nýju afhent *monsieur* Páli Beyer. Skuluð þér til þessarar prestastefnu *citera* séra Stefán Hallkelsson, *item* hans angefendur í Grindavík, hvörra nöfn skrifuð eru undir það bréf er ég sendi yður í vetur, og *procederið* síðan hér í löglega og forsvaranlega án forsómunar eður tröðkunar í nokkurn máta, nema þér viljið annars undirgefnir vera þeim álögum sem kónglegt lögmál ákveður. Þér munuð kannski líta til Norske lov *lib. 2, cap. 12, art. 22* hér um ef yður sýnist.

Þér vitið *Domine præposite* að það er ekki mitt sinni að vilja yður eður nokkurn ærlegan mann skemma, en það verð ég og að segja, þar hjá, að ég hefi öngvan svo kæran sem mína embættisparta. Því ræð ég yður svo sem góður vinur að þér látið mig það ei oftast eður öðrum þurfa að befala. Látið mig fá með hentugleikum svar hvörninn þér við þessu snúist og þar í *procederið* og verið að endingu *etc.*

Andsvar uppá nokkra pósta af héraðs *actis*
prófastsins séra Ólafs Péturssonar sem framfóru
að Njarðvík *anno* 1703 dag 31. maí

Hvað viðvíkur þriðjungi veiðarinnar í Laxfossi þá á sýslumaður þar um að dæma, því það er veraldleg sök. Ég gjöri þar í öngvan dóm.

Uppá hinn annan póst svarast að sökum þess kirkjan að Reynivöllum í Kjós virðist eiga ánægjanlega *portion* til sinnar uppbyggingar, þá skyldist ei sóknarmenn uppá sinn eigin kostnað að gjöra hennar torfverk framar en þeir góðviljuglega gjöra vilja.

Uppá hinn þriðja póst hefi ég velnefndum prófastinum bréflega svarað.

Hvað þeim fjórða pósti viðvíkur þá sendi ég hér með máldaga Mosfellskirkju.

Í þeim fimmta pósti er próf[asturinn 000000000000000000000000] nægileg er þar fyrir af mér [000000000000000000000000.]

6. Hvað áhrærir óskikkanlegan [hjónabands skilnað sem pró]fasturinn umgetur í hans *actis*, þá væri að sá [00000000] á að slíkt yrði með alvarlegri skikkun afskaffað, en fyrir því að hvorki ég né nokkur annar hér í landi hefur vald til að gjöra nýjar forordningar þar ekki hafa áður verið, þá er hans *majestets* atkvæða alleina að leita hér um. Menn kunna og ekki *ullo jure* að banna hjónunum að skilja *qvoad tempus* til að leita atvinnu sinnar, þegar það skeður *utriusque partis consensu*, því það gengur svo yfir allt ríkið, svo mikið sem mér er vitanlegt. Sérdeilis er það athugavert á þeim persónum sem ekki kunna sökum fátæktar að halda bú saman en fá þó sína forsorgun annarstaðar. Að sönnu er það vitanlegt að af þessu orðsakast margar ódyggðir, en ég sé ekki að kennivaldið kunni þar frekara að að gjöra, en:

1. Rannsaka gaumgæfilega hvörja presturinn gefur í hjónaband; hygg ég að *pro temporum conditione* einum presti líðist mikið í því að hindra hjónaband þeirra persóna sem eru lítt uppfræddir í þeirra kristilegri trú, lítt siðaðir í þeirra kristilegri umgengni, latir, hirðulausir og öngvanveginn líklegir til að veita *mutuum adjutorium* sem í mínum þanka er ekki ringasti *finis conjugii*, ellegar réttara að segja *conditio absolutè necessaria, qvantum ad bonum civile attinet*, og ef hér væri vel tilséð í fyrstunni mundi ekki svo margir hlaupa [00000000000000000000]inum.

2. Þar sem prestur[inn 0000000000000000 nok]kurt hneyksli eður orðsök til [hneykslis] á þeim sem þannin skiljast að, þá kann hann [ekki] annað að gjöra en áminna þar um að þær persónur sem hneykslanlega samanlifa skiljist hvort frá öðru, en vilji þær ekki segist til yfirvaldinu.

3. Klagi nokkur að hann sé yfirgefinn af sinni egtapersónu og að hann vilji ná sambúð aftur við hana, segist til sýslumanni að halda þeim þar til sem skuldina hefur. Framar kann ekki presturinn hér við að gjöra og öngva skuld hefur hann *in defectu brachii secularis*.

Þetta er mitt ráð hér um þar til hans *majestet* lætur vissa skikkun hér á gjöra.

Í þeim sjöunda pósti er ég prófastinum samþykkur að því tillögðu að kennimennirnir í hans héraði ekki taki þá til heilags altarisins *sacramentis* sem ei hafa seðil frá þeim presti er þeim það síðast veitti, en ég vil skrifa til prestunum þar um í önnur héröð að sérhvör þeirra gefi til vitundar í þeim bréfum sem þeir gefa soddan fólki um þeirra ásigkomulag.

Datum Skálholti dag 26. nóvember.

Vitnisburður *assessor* Árna Magnússonar

Öllum þeim sem þetta mitt bréf lesa eður heyra lesið gjöri ég undirskrifaður hér með vitanligt að veðla og veleruverðugur herra biskupinn *magister* Jón Þorkelsson Vídalín hefur af mér óskað, að ég með skriflegum vitnisburði vildi

í ljósi láta hvað ég í næstliðnum *septembri* 1710 í Otrardalskirkju séð hefði, áhrærandi hegðan og framferði prófastsins séra Halldórs Pálssonar, þegar lík systur hans Þóru Pálsdóttur, kvennu Árna Guðmundssonar í Bíldudal, þar í sagðri kirkju jarðsetjast átti og jarðsett var. Þá með því lögin skipa hverjum manni viðurvist sína að bera og mér ekki réttara þykir að láta mér til þessa stefna þurfa, svo er þetta eftirskrifað minn sanninda vitnisburður um fyrrsagt efni:

Að þegar lík *processionin* byrjaðist vorum herra lögmaðurinn Páll Jónsson Vídalín og ég við tjöld okkar þar (í Otrardal) niðri við sjóinn. Þegar okkur nú þótti tími til kominn gengum við (lögmaðurinn og ég) til samans heim til kirkjunnar og inn í hana. Var þá svo áliðið þjónustugjörðina að presturinn séra Daði Steindórsson var kominn upp í predikunarstólinn og tekinn til sinnar ræðu, gengum við svo allt innar í kórinn og tókum okkur þar pláts kvenna-megin í kórnum, ég innst, þar næst lögmaðurinn og utar frá okkur var *locatorinn*, nú prestur, Vigfús Jóhannsson. Þegar við inn í kórinn komum sátu þar karlmannamegin herra biskupinn *magister* Jón og næst fyrir utan hann prófasturinn séra Halldór sem fyrr en við höfðum til kirkjunnar gengið. En á kór-gólfinu stóð líkkistan sem grafast átti fram í kirkjunni. Þegar nú presturinn séra Daði hafði predikað góða stund tók séra Halldór upp úr vasa sínum bók og gleraugu, stóð upp og gekk úr sæti sínu fram á kór-gólfið, ráfandi þar um nokkrum sinnum fram og innar þeim megin líkkistunnar sem hann setið hafði. Biskupinn benti hönum að láta af þessu. Minnir mig að hann þá settist niður í sitt fyrra sæti og stæði strax upp aftur. Tók hann svo fyrrtæða bók í hönd og setti sig niður á altarisgráðurnar við endann á líkkistunni, setti uppá sig gleraugun og leit í bókina sem snöggvast, lagði svo hana og gleraugin niður á þann enda kistunnar sem að hönum og altarinu sneri, andvarpaði og bar sig illa með háu kveini. Biskupinn benti hönum, viljandi hann frá þessum látum hindra, sem auðséð var, en hann (séra Halldór) hélt sömu fram og skömmu síðar stóð hann upp af altarisgráðunum, gekk að predikunarstólnum og tók í klæði eða á klæðum séra Daða, sem ennþá stóð í predikunarstólnum og predikaði. Hvert hann (séra Halldór) með það sama nokkuð talaði eða eigi minnst ég ekki glögg. En séra Daði endaði strax þar eftir sína ræðu og byrjaði síðan psálminn *Nú bið ég Guð þú náðir mig*. Var af þeim psálmi sungið hálftr fyrsta versíð eða þar um. Og þá þar var komið byrjaði séra Halldór (sem stóð á kór-gólfinu) psálminn *Nú biðjum vér heilagan anda*. Varð hér úr mikið hljóðavíxl, þar sitt sungu hverir fram eftir versinu. Þó mátti að síðustu söngur séra Halldórs meira og féll niður söngur þess fyrra psálmsins. Hér eftir var líkkistan upptekin í kórnum og borin fram í kirkjuna, niðurlögð í gröfina og moldu ausin, og á meðan sungu menn psálminn *Nú látum oss líkamann grafa*, nokkuð fram eftir

hönum. Eftir kistunni gekk séra Halldór fram úr kórnum og tók sér pláts einhverstaðar kvennamegin, sá ég ekki hvar það var, því lögmaðurinn og *locatorinn* stóðu fyrir utan mig. En harmalæti séra Halldórs og háa kveinan heyrða ég innar í kórinn. Síðan gekk séra Halldór inn aftur í kórinn, tók svo sem með hálfreiðisvip í handlegg séra Daða (sem stóð fyrir innan kórduyrnar og sem mig minnir hafði nýbyrjað versið *Sofi hún nú hér í friði*) og sagði: Vertu ekki að helvítis drabbinu því arna. Talaði séra Halldór þetta svo hátt að vel mátti heyrast fram í kirkjuna. Við þetta þagnaði séra Daði, en séra Halldór gekk þá í kórduyrnar og hóf upp ræðu sem vera skyldi svo sem ný líkpredikun. Biskupinn benti þá séra Halldóri að nýju, auðsýnilega til þess að hann skyldi þagna. En séra Halldór gaf sig ekki að því, heldur alleina leit við biskupinum og svaraði svo sem í styttingi, í þá meining að það kæmi ekki biskupinum við, hélt svo áfram með þessa ræðu, ef svo skal kalla (því mér virtist lítið predikunarform þar á vera). Áður en séra Halldór þessa ræðu endað hafði gekk ég út og burt frá kirkjunni, hvar fyrir ég ekki veit hvernig þetta allt lyktaðist. Þetta er það sér­ligasta sem við fyrrsagðrar Þóru Pálsdóttur greftran (að mínu viti) framfór af hálfu séra Halldórs, sem í það sama sinn var næsta mjög drukkinn, svo mikið sem ég dæma kunni af allri hans hegðan og líkamslima skikkun.

Þessum mínum vitnisburði til staðfestu set ég með eigin hendi mitt nafn og signet hér undir í Skálholti þann 11. dag júlí *anno* Kristi 1711. Árni Magnússon LS.

Vitnisburður lögmannsins Páls Jónssonar Vídalín

Með því biskupinn yfir Skálhóltsstifti, veledla *magister* Jón Porkelsson Vídalín hefur af mér undirskriftuðum óskað að vitna slíkt sem ég man og veit um hegðun prófastsins séra Halldórs Pálssonar í kirkjunni í Otrardal í næstliðnum *septembri*, þegar vera skyldi líkför Þóru Pálsdóttur systur hans og hún átti að jarðast í nefndri Otrardalskirkju, þá vitna ég þetta, að ég kom með veledla *assessor* Árna Magnússyni heim til kirkjunnar og gengum við inn í kirkjuna allt inn í kórinn. Þá sat í kórnum biskupinn *magister* Jón sunnan fram og hjá hönum prófasturinn séra Halldór Pálsson, en líkkistan stóð á kórgólfinu og átti að grafast í miðri kirkjunni. Sóknarpresturinn séra Daði Steindórsson var uppstiginn í predikunarstólinn og var að predika líkpredikun, hélt hann sínu verki fram nokkra stund (kannski hálfan klukkutíma). Þá stóð upp prófasturinn séra Halldór Pálsson og tók höndum yfir um klæði séra Daða (sem þá stóð í predikunarstólnum), en hvað séra Halldór sagði í það sinn heyrða ég ei. Svo setti séra Halldór sig í bekkinn aftur hjá biskupinum og eftir það hann (séra Halldór) hafði setið mjög litla stund tók hann upp hjá sér bók, gekk úr sæti sínu og ráfaði nokkrum sinnum um kórgólfið, setti sig svo við fæturnar á líkkistunni,

lauk upp bók og setti á sig gleraugu, andvarpaði og bar sig harmlega, lagði svo bókina á líkkistuna og gleraugun í bókina opna, en hélt á sömu andvörpunum. Þegar nú séra Halldór byrjaði þetta benti biskupinn hönum að vera kyrrum (svo sem mér skildist) og að sitja hjá sér (biskupinum) í sínu sæti (prófastsins). En þær biskupsins hæglátu bendingar voru forgefins, því séra Halldór gjörði sem áður er sagt. Þegar nú séra Halldór hafði látið þessum látum um stund stóð hann upp og greip yfir um klæði prestsins séra Daða, sem ennþá stóð í predikunarstólnum, og sagði (að mér heyrðist): Hættu. Strax þar eftir endaði séra Daði sína líkpredikun og sté niður af stólnum, og með það sama byrjaði hann psálminn *Nú bið ég Guð þú náðir mig, etc.* Þegar nú komið var hér um mitt fram í fyrsta versið á þessum psálmi, þá byrjaði séra Halldór, standandi á kórgólfinu, psálminn *Nú biðjum vér heilagan anda*, og mátti þá meira söngur séra Halldórs, svo að þess fyrra psálms söngur féll niður, en sungin urðu nærri því tvö versin af fyrrsögðum psálmi *Nú biðjum vér heilagan anda*. Meðan þetta yfirstóð var hafin líkkistan og sett í gröfina. Byrjaði þá séra Daði psálminn *Nú látum oss líkamann grafa*, og var hann sunginn (minnir mig) allt að þeim tveimur síðustu versum. Þess á milli jusu menn líkið moldu; en séra Halldór gekk fram úr kórnum og setti sig í innsta stólinn kvennamegin með harmalátum. Þá man ég ekki glöggst hvert séra Daði byrjaði versið *Sofi hún nú hér í friði*, en það man ég víst, sá og heyrði, að um þetta bil kom séra Halldór inn í kórinn aftur og tók þá höndum á séra Daða og sagði svo hátt að líkast er allir þeir sem í kórnum voru hafi það heyrt: Vertu ekki að helvítis drabbinu því arna. Þagnaði þá séra Daði, en séra Halldór standandi fram við kórduynar hóf upp sína raust og hélt þar eina *oration*. Biskupinn benti séra Halldóri (svo sem mér skildist) að þegja, en séra Halldór svaraði bendingunni: Það snertir mig, það snertir þig ekki. Hélt svo séra Halldór áfram ræðu sinni sem hann hafði byrjað og mér skildist að ekki væri efninu samkvæm. Var og sýnilegt að séra Halldór væri næsta mjög af drykkjuskap hindraður og því stóð ég upp þegar ég sá mér færi og gekk út af kirkjunni.

Þessum mínum vitnisburði til staðfestu set ég mitt nafn og signet hér undir að Hvammi í Hvammssveit þann 6. nóvember *anno* 1710. Páll Jónsson Vídalín mpp LS.

Vitnisburður séra Vigfúsar Jóhannssonar

Eftir því veleðla herra biskupinn yfir Skálholtsstifti *magister* Jón Þorkelsson Vídalín óskar af mér undirskriftuðum að ég vitni beri það frekast ég til man og veit um skikkun prófastsins í Barðastrandarsýslu séra Halldórs Pálssonar, er framfór í kirkjunni að Otrardal þann 17. september *anno* 1710 þegar systir hans sáluga Þóra Pálsdóttir var jörðuð að nefndri kirkju. Þá vitna ég hér um á þennan

hátt, að þegar ég gekk inn í kórinn þá sá ég séra Halldór sitja þar hjá herra biskupnum *magister* Jóni Þorkelssyni Vídalín karlmannamegin; líkið kistulagt stóð mitt á kórgólfinu, en gröfin var gjörð í framkirkjunni. Þá var og séra Daði Steindórsson (þar sóknarprestur) kominn upp í predikunarstól að framflytja líkpredikun. Skömmu þar eftir stóð séra Halldór upp, gekk að predikunarstólnum og þar næst fram og til baka um kórinn, en setti sig niður þess í milli, því herra biskupinn benti hönum til að láta af þessu, þótt það endilega ynni ekkert, því hann stóð jafnsnart upp aftur, síðan tók hann sér bók í hönd og setti upp gleraugu, settist að fótum líksins, lagði ýmist bókina og gleraugun ofan á líkkestuna með þungum andvörpunum og ekki eður hann tók hana aftur. Eftir þetta veik hann að predikunarstólnum, tók í klæði séra Daða, þar hann (séra Daði) framflutti áðursagða ræðu. En hvað séra Halldór þá talaði heyrði ég ekki. Þá endaði séra Daði strax sína ræðu og byrjaði *Nú bið ég Guð þú náðir mig, etc.* (að mig minnir). En á meðan þetta og nokkuð af fleirum psálmum var sungið var líkið sett niður í gröfina og ausið moldu. Um það bil gekk séra Halldór fram úr kórnum og settist kvennamegin í þann innsta stól, hvar eður hann bar þungan ekki; gekk síðan inn aftur í kórinn, tók á séra Daða og sagði: Vertu ekki að helvítis drabbinu því arna. Þaðan veik hann að kórðyrum til að gjöra ræðu, en biskupinn benti hönum að þegja, hverju hann sinnti ekki, heldur svaraði þannin: Það snertir mig, það snertir þig ekki, og hélt áfram ræðunni. Mátti og sjá að séra Halldór var næsta ölvaður er þetta framfór. Þegar hann hafði hartnær lokið sinni ræðu gekk ég í burt.

Framan- og ofanskrifuðu til sannindamerkis skrifa ég mitt nafn hér undir og áþrykki venjulegu signeti að Skálholti þann 28. janúar *anno* 1711. Vigfús Jóhannsson LS.

Síðari vitnisburður *assessor* Árna Magnússonar

Það votta og meðkenni ég undirskrifaður að í næstliðnum *septembri* 1710 var ég með öðrum staddur í veleðla og veleruverðugs herra biskupsins *magisters* Jóns Þorkelssonar Vídalíns tjaldi, sem þá stóð nærri Otrardal þar niðri við sjóinn. Var þetta deginum síðar en lík Þóru sálugu Pálsdóttur, kvinnu Árna Guðmundssonar í Bíldudal, hafði jarðsett verið. Kom prófasturinn séra Halldór Pálsson í Selárdal þangað í tjaldið til biskupsins og tók biskupinn til með alvarligum orðum en engum stóryrðum að leiða hönum (séra Halldóri) fyrir sjónir þær ávirðingar er biskupinum þóttu hinn fyrra daginn vorðnar vera í hegðan og athöfnum nefnds séra Halldórs í Otrardalskirkju þá fyrrskrifaðrar hans systur lík þar jarðsett var. Reiddist séra Halldór við þessa biskupsins áminning og gekk snúðugt út úr tjaldinu frá biskupinum, tók svo til, þar utan

fyrir, með miklum hávaða og óþægðar og óvirðingar orðum við biskupinn, bregðandi honum um það að hann hefði í krigspénustu verið. *Item* um eitthvað dómi nokkrum viðvíkjandi. Ætla ég séra Halldór í það sama sinn (eins og hinn fyrri daginn) drukkinn væri.

Þessum mínum vitnisburði til sannindamerkis set ég með eigin hendi mitt nafn og signet hér undir í Skálholti þann 11. dag júlí *anno* 1711. Árni Magnússon LS.

Framanskrifaðan vitnisburð *assessor* Árna Magnússonar játum við undirskrifaðir sannan vera, til merkis, Gísli Bjarnason dómkirkjunnar prestur, Þórður Þórðarson ráðsmaður Skálholtsstaðar.

Fyrirgefningarbón séra Halldórs Pálssonar

Veleðla, veleruverðugi og hálærði herra *superintendent magister* Jón Þorkelsson Vídalín, minn háttvirðandi elskulegi yfirvaldsmann.

Nú samstundis heyrða ég yðar *citatiu* til næstkomandi *synodum generalem* að Þingvöllum. Lagaskylda mun mér tilbera að hlýðnast henni, en óhreysti mín og heilsubrestur óttast ég að mig muni frá því hindra. Því kemur mér til hugar að það er illt draums bót að vakna sem fyrst, og vil ég nú strax í Guðs nafni ráða til að gjöra yfirbót þeirrar ávirðingar sem yðar stefna gefur mér að sök, og bið í fyrstu Guð almáttugan, þar næst yðar veleruverðugheit og í þriðju grein alla þá göfuga og góða menn hærri stéttar og lægri sem í gærðag þann 17. september voru viðstaddir hér að Otrardal þegar mín sáluga systir Þóra Pálsdóttir var jörðuð fyrirgefningar í öllu því sem mér í það sinn í Guðs, yðar og þeirra augsýn yfirsést hefur með orð eður verk í meiru eður minna, og vildi gjarnan mig hefði öngva yfirsjón hent nokkru Guðs barni til hneykslunar, og til bevisingar þar á og auðmjúkrar yfirbótar býð ég til hlýðni og virðingar við Guð og yðar veleruverðugheit yður sæmd og sjálfðæmi að gefa til fátækra sem þér ákveðið eftir minna efna hætti og yðar góðgirni. Vil ég Guði auðmjúklega þakka og svo yðar veleruverðugheitum þénustusamlega að mér verði þessi mín auðmjúk bón eftirlátin.

Hvörri til staðfestu að ég undirskrifa þetta bréf með minni eigin hendi í besta trausti til Guðs og yðar veleruverðugheita, að Otrardal þann 18. dag september *anno* 1710. Yðar auðmjúkur þénari, Halldór Pálsson meh.

Útskrift af útgefnum seðil séra Jóns Sigmundssonar

Að þú Rannveg Sigurðsdóttir, mín heimilispersóna, vitir hvar fyrir ég voga ekki né samvitsku til hefi þig að meðtaka til heimuglegrar aflausnar og heilags *sacramentis*, að svo stöddu, þá er sú orðsök þar til að af þeirri kviðþykkt sem á þér sést hefur nokkra umliðna tíma þessa árs, svo og af nefndrar kviðþykktar hvatskeytlegu launhvarfi (er upprakið er að skeð hafi í sumar, nú ekki langt eftir það þú hafðir meðtekið *sacramentið*), hefur orðsakast mér og fleirum sú grunsemi að þú hafir óskaplega með þín efni farið. Þessu til merkis er mitt nafn á Pykkvabæjarklaustri dag 5. október *anno* 1710, Jón Sigmundsson prestur meh.

Útskrift af bréfi Sigurðar Daðasonar (föður Rannvegar) til prófastsins séra Einarssonar

Ég undirskrifaður Sigurður Daðason flý nú til yðar, erugöfugi prófastur séra Einar minn Bjarnason, og bið yður mér föðurleg ráð leggja um þetta efni, eftir því sem yður kann forsvaranlegt sýnast og Guð yður í brjóst blæs. Ég var kominn uppá leiðina á yðar fund, en þar ég frétti að þér ei heima væruð varð ég aftur að snúa, því ég átti mjög veikt heimili heima því kona mín liggur sjúk og ekki veit ég hvört ég kann á yðar fund komast, þó vildi, sökum báginga margvíslegra. En ég voga ekki yður að biðja suður að koma á okkar fund, svo heyra mættuð hvörninn þetta af sér stæði, því ég veit að þér eruð langþreyttir af ferðalagi, og aðrar hindranir kunna einnig uppáfalla. En yfir allt bið ég að ég mætti njóta góðra tillagna yðar í þessu efni sem seðill séra Jóns umhljóðar. Þetta er mín auðmjúk bön og beiðni til yðar. Til merkis mitt nafn, Ásum 1710 dag 27. október, Sigurður Daðason.

Skrif prófastsins hér uppá

Gjöri ég undirskrifaður kunnugt að ég lesið hefi útskrift þeirra orða sem Jón Sigmundsson prestur er undirskrifaður, í hvörjum mér skiljast orðsakir framsettar hvar fyrir hann Rannvegu Sigurðsdóttur vogi ekki né samvitsku til hafi að meðtaka til heimuglegrar aflausnar og heilags *sacramentis*, *etc.* En ekki sé ég prestinn skrifa, í þessari angefning, hvörju Rannveg nefnd hönum svarar, hvort meðkenning nokkra eður neitun *etc.*, svo mér er málið öldungis óljóst, fyrir utan tilvísaða *copiu*, hvörri ég með þessum orðum svo einfaldlega svara, að ég aungvaneginn vil ráðleggja nokkrum stórkostlegum vansa óbillega að skýla (ef fyrir hendi væri). En þar sem málefni eru í efa nokkrum, og af veraldlegu yfirvaldi óprófuð, svo hvörki er lostug játnun verjandans né með lögum sökin bevísuð, vonar mig prestinum sýnast muni, sem mér, varlega sé útsetj-

andi sá sem heilags *sacramentis* leitar í Guðs ótta, ef þá reynast kynni síðar sá misþenkti saklaus eður óbilleg mæða orðsökuð. Ásum dag 2. nóvember *anno* 1710, Einar Bjarnason prestur mpp.

Copie af mínu bréfi til séra Jóns Sigmundssonar
þá hann útgaf Rannvegu Sigurðardóttur sinn fyrsta seðil
de dato 5. október *anno* 1710

Elskulegum lesara alúðar óskir.

Nú samstundis afhenti mér seðil Sigurð Daðason, skrifaðan af heiðurlegum séra Jóni Sigmundssyni, um útsetning frá heimuglegri aflausn og heilögu *sacramento* Rannvegar Sigurðardóttur með innsettum orsökum þar til, er mér skynjast á stóru standi, ef sannprófast. Nefndur Sigurður Daðason tilmælist að þessi Rannveig Sigurðardóttir mætti sínum fríheitum ná. Tek ég eftir að velnefndur kennimaðurinn muni útgefið hafa viðlíkan seðil þessum virðuglegum valdsmanninum, svo prestsins ástæða er augljós orðin af þessu, en málefnið þó óprófað að mér skilst og hverki komin meðkenning persónunnar né heldur sannprófan sakarinnar. Því vonar mig mínum heiðurlegum meðbróður muni sýnast, sem mér, persónur vandlega útsetjandi frá sínum kristilegum fríheitum í óprófaðri sök, svo framt hún í Guðs ótta sinna fríheita leitar, því mér sýnist tíðkun heilagrar kvöldmáltíðarinnar ekki fría frá veraldlegra málefna löglegru *execution*. Því ekki er mín meining að vilja hylja nokkuð óskaplegt óbillega né óguðlega. Kynni líka sá misþenkti síðar saklaus að reynast er gætilega með soddan efni farandi. Guð gefi sönnu máli sigur og varðveiti sín börn frá öllu illu. Ætíð sælir í Drottni heiðurlegi lesari, en þessu öllu fyrrskrifuðu til merkis er undirskrifað nafn á Ásum austari í Skaftártungu dag 2. nóvember 1711, Einar Bjarnason prestur mpp.

Copie framanskrifuð á þessu bréfi ég meina á hinni blaðsíðunni er rétt samhljóða sínum *original*, hvað undirskrifaðir *testera*. Bakka á Síðu dag 17. október *anno* 1718, Ketill Jónsson eh, Halldór Pálsson mpp.

Útskrift af bréfi sýslumanninum tilskrifuðu
af prófastinum kom strax eftir fyrrskrifað, svolátandi

Virðuglegi, velvísi og ypparlega kónglegrar *majestets* valdsmanntíðingur í Skaftafellsþingi *seigneur* Ólafur Einarsson. Er mitt bréfsefni yðar heiðursemi að ávísa það Sigurður Daðason, innbyggjari í Álftaveri, lagði fram fyrir mig svolátandi seðil að Ásum austari í Skaftártungu 20. sunnudag eftir *trinitatis*, sem var 2. dag nóvember: Að þú Rannveig Sigurðsdóttir, etc.

Formerki ég á Sigurði að þessi kvenmaður hafi sinna fríheita vitjað og

frávísað verið, að tillagðri fyrrskrifaðri orðsök. Þetta prestsins skrif gef ég yðar heiðursemi til vitundar, með þessu bréfi, því skyldi nokkurt stórmæli meinast af prestinum, þó einasta í grun og óprófað skilst mér viðvíki veraldlegu yfirvaldi, rannsak þar um og eftirgangan, réttarbót Hákonar konungs. En að andlegir upptaki óviss ryktismál eður rannsak byrji veraldlegra mála og þeim í *process* komi, skilst mér þá afsaki kónglegrar *majestets* lögmál:

1. Christiani 4ti *reformatio* sem ljóst umgetur að hvörju leyti prestarnir höndli með vanryktisskraf.

2. *Ordinantian* sem upptelur sakir hvörra vegna vísa megí frá heilögu *sacramento*.

3. Christiani 5ti Norsku lög *libro 2, cap. 5, art. 20* tala hvað orðstilltur presturinn vera skuli yfir meðkenndri synd í skriftamálum.

Ég hirði ei fleiri lagatílsánir hér innfæra, því soddan er yðar heiðursemi ei ókunnugt, að mig vonar. Þó misþenkstur sé til heilags *sacramentis* meðtekinn fríast hann ei þar með frá löglegri ákæru, til hvörrar byrjunar helga dóma hefur ei sýnst að brúka réttarbót Eiríks konungs. Að þessu hníga fleiri lagagreinir, *etc.* Þetta bið ég vel virðið og verið að endingu *etc.*, dag 7. nóvember *anno* 1710, Einar Bjarnason prestur mpp.

Að þessu gjörðu kom Sigurður Daðason á fund prófastsins, með hvörjum prófasturinn skrifaði svolátandi bréf sem eftirfylgir Heiðurlegum kennimanni og elskulegum bróður í Kristo séra Jóni Sigmundssyni, alúðar heilsan í Drottni.

Ég þykist fornema af Sigurði Daðasyni að hans dóttur Rannveig fái ei af yður sín andleg fríheit, heimuglega heilaga aflausn og háverðugt *sacramentum* kvöldmáltíðarinnar, svo mér reiknast fjórðungur árs kominn eða meir síðan hún forgefins þess til yðar vitjaði. Hvar um, ef svo ennþá með ykkur í sömu stendur, ég aðvara yður að þér gjörði ei órétt þeim kvenmanni í soddan fyrirtekt henni öldungis frá heilögu *sacramento* að halda með einræði. Þó þér seðil útgefið hafið skiljast mér atriðisorð í honum enn nú óprófuð til vissulegs sannleika. Að sönnu segir *ordinantian*: Enginn manndrápari skuli fá aflausn fyrri en hann verði forlíkaður við eftirmálsmanninn. En ég hefi ekki heyrt í þessu efni nokkurt manndráp sannprófað uppá Rannvegu þessa. Ekki heldur veit ég, með svo hvatskeytlegum hætti sem hér er skeð (fyrir utan löglegan *process*), að prestsins embætti til nái opinber ryktismáls sakaráberi að vera. Þér kunnið um soddan að lesa Christiani 4ti *reformationem part. 1, art. 29*, hvar eð upphaflega svo greinir: Með því prestarnir með sínum tilskikkuðum meðhjálpurum skulu tíðka góða og kristilega umhugsun, liðlega og skikkanlega

í efasömum sökum *etc.* Þar megi þér eftirtaka hvað yður tilheyrir um ryktisins eftirgöngu og meðhöndlan, því í þeim *articulo* er ekki tilætlað (að mér skilst) sjálfur kennimaðurinn sé ryktisins úthrópari. Það er annað hvað veraldlegu yfirvaldi kann þar um viðvíkja, því hér með er ekki mín meining að vilja yfirhylma nokkuð óskaplegt, ef annars vegar væri. Mig vonar þér munið séð hafa í vetur minn seðil og meining uppá sama meint efni (þó Rannveg ei enn meðtekin sé). Eftirsjáið lögunum kirkjunnar, fyrir hvörjar sakir frávísa megi, hvað mér þó skilst vera *ad tempus*, sem er þar til sá útsetti sig leiðréttir. Þar sem lögin skipa oss ekki frá heilagri nautn háverðugs *sacramentis* að vísa megum vær ekki í ráðast af eigin þóttu soddan gjöra. Oss ber að hugleiða, vér erum sendiboðar í Kristi stað. En herrann sagði: Komið til mín allir *etc.* *Item:* Ég fordæmi þig ekki, *etc.* Varðveiti oss Drottinn Guð á réttum lífsins vegi, svo vér í öllum vorum em-bættisútréttingum finnstum vorum Guði trúir og gjörum ekkert eftir vild eður kappi, heldur sérhvað í Guðs ótta, *etc.* Bakka dag 7. janúar *anno* 1711, Einar Bjarnason prestur mpp.

Dávellærðum Drottins kennimanni, séra Einari Bjarnasyni,
veleruverðugum héraðsprófastinum
og mínum háttvirðandi yfirmanni, elskulegum *fautori*
alúðlega tilskrifað, að Bakka við Geirland

Erudite Domine præposite. Elskulegi yfirmann séra Einar minn Bjarnason, þénustusamleg alúðarheilsan.

Seðill hefur mér með yðar undirskrifuðu nafni borist, *dateraður* Austari-Ásum 2. nóvember 1710, og nú sendibréf af Sigurði Daðasyni afhent, *daterað* 7. janúar *anni hujus*, hvortveggja sama innihalds nærri (að mér skilst). Formerki ég að yður fellur ekki það ég hefi Rannvegu Sigurðsdóttur frávísað heimugligri aflausn og heilags *sacramentis* meðtöku, eftir míns seðils hljóðan, er ég henni þar um útgefið hefi. Við þann seðil stend ég enn nú sem komið er, meðan mín samviska ekki öðruvís skipast. Yður þykir atriðisorð þess seðils enn nú óprófuð til vissuligs sannleika. Það er fyrir yður, sem málið að heyrn er fyrirkomið, en það er ekki svo fyrir mér, sem með öðrum hér er sjónarvottur þess sem skrifað hefi. Satt segi ég yður, hefði þetta að skotspónum fyrir mig komið, og væri ég svo í þessu máli óþekktur sem þér, skyldi ég aldrei við því litið hafa, en ég veit sjálfur hvað með öðrum séð hefi. Hefði ég einsaman séð, mætti ég vel þagað hafa, en nú fyrst fleiri hafa séð og vitað með mér, þá vogaði ég ekki undir að eiga.

Ég býðst við að það skrifað hefi í seðli Rannvegar lögliga sannað verði nær á er hert og jafnvel af henni sjálfri meðkennt, og það tilbýð ég mig að bevísa.

Sannbevísuð líkindi sýnd er ekki ryktismál fyrir þeim sem þau séð hafa, og því sagði Cicero að gildari væri einn sjónarvottur en 10 heyrnarvitni. Opinber líkindi gefin til illrar grunsemi eiga ekki að sæmast og því sagði vor herra: Vei þeim manni fyrir hvörn hneykslanin kemur, Matth. 18. Þar var ég viðstaddur í *synodo generali* þessa vors biskups, sem nú er, að ályktað var að þó persónur kæmi ekki fram eiði í hórdómsmáli og yrði á þeim eiðfall skyldu þær ekki opinbera aflausn taka fyrir eiðfallið, heldur hefði þau af sér gefið bevísleg líkindi til soddan verks skyldu þau þar fyrir taka opinbera aflausn. Því skal ekki líka svo í öðrum málum? Nú þó ég hefði tekið Rannvegu til heimuglegrar aflausnar og heilags *sacramentis* og síðan eftirgengið gefnum líkindum (mér vitanlegum), svo sem til stendur að verða muni, og ef á stóru mætti ríða fyrir henni, húðláti eða máske meir, mundi ég þá kunna vítalaus að sleppa? Ég meina nei, þar ég er þeim meðvitandi sem líkindin eiga með eiði að sanna, því ég hefi bæði séð og umgengist svo sem þeir. Henni er og ekki heldur sjálfri nær rekið að formerkja, þó fyrir utan sé. Það er ekki nóg þó maður heimsæki Kristum með *sacramentis* tíðkun, sé þar enginn ávöxtur sýndur, sem þér vitið betur en ég. En það vitna ég til Guðs, að ég gjöri þetta hvorki fyrir kapp og vild, heldur af því ég hvorki voga það né samvisku til hefi sagðra orðsaka vegna. En að hún megi af öðrum takast skal ég ekki meina né átélja þó gjört sé, hvar um ég þó ekki bið. Víst má ske menn hafi haft þann ásetning að stíga yfir þetta mál í sumar, en með því að ryktisins úthrópari varð sá er menn þenkja málið viðriðinn, því tókst það ekki. Vogað mundi ég hafa, hefði hann kunnað munninum að halda og jafnvel kvensviftin sjálf, en það vildi ekki svo hljóða (þó mér skiljist af yðar bréfi að ég sé ryktisúthróparinn), ég ræð ekki yðar orðum. Ég fell þess hærra sem ég brýt stærra, máske Guð vilji ekki málið niðri liggja. Þar er komið sem komið er, ekki vil ég deilur við yður eiga, heldur gott eitt, og von til þess að fyrir mér sé ekki neitt ólagfært, það standast má. Guðs góðri náð er ég yður trúlega befalandi með bestu óskum og þakklæti að tillagðri minni þakklætisheilsan til Katrínar minnar og yðar elstu dætra. *Dominus vobiscum*. Yðar heiðursemi ævinlegur þénari og vinur. Pykkvabæjarklaustri 10. janúar anno 1711, Jón Sigmundsson prestur meh.

Allt fyrrskrifað á þessu arki orðrétt útskrifað vera; fyrst nefnilega seðils *copia* og síðast sendibréfs *copie*. Er hvorutveggja skrifað eftir þekkjanlegri hendi (*in originali*) séra Jón Sigmundssonar; svo og útskriftir hinna annara bréfanna eftir sínum forskriftum. Meðkennum við undirskrifaðir í sannleika að vera, sem saúm og samanlásum að Kirkjubæjarklaustri dag 4. mars anno 1711. Til merkis okkar undirskrifaðra nöfn og hjáþrykkt signet í sama stað á ári og degi sem fyrr segir.

Þórður Þorleifsson mpp LS

Bjarni Eiríksson meh LS

Skikkun biskupsins til prófastsins
séra Einars Bjarnasonar að halda prestastefnu
um mál séra Jóns Sigmundssonar,
datum Skálholti dag 7. október *anno* 1711

Eruverðugur, heiðurlegi og mjög vel lærði *Domine praeposite* séra Einar Bjarnason!

Eftir því þér hafið auglýst mér að Pykkvabæjarklausturs kirkjuprestur séra Jón Sigmundsson hafi neitað konu nokkurri að nafni Rannveigu Sigurðardóttir heimuglegrar aflausnar og heilags altarisins *sacramentis* fyrir grunsemi þá er hann haft hefur um hana að hún hafi óskaplega með sín efni farið, svo sem hans bréf *daterað* Pykkvabæjarklaustri þann 5. október *anno* 1710 útvísar ásamt öðru fleira sem stendur í sama bréfi. En engum presti leyfist að halda nokkrum manni frá sínum kristilegum fríheitum í efasökum eður leggja fastan trúnað á vanrýkti það sem upplóstið er um sín sóknarbörn¹ og ekki á föstum fótum stendur. Þá tilsegi ég yður míns embættis vegna að þér haldið presta-stefnu í héraðinu það fyrsta þér megið viðkoma og *citerið* séra Jón Sigmundsson þangað undir yðar dóm fyrir það að hann hafi uppihaldið greindri Rannveigu Sigurðardóttur frá heilögu altarisins *sacramento* þá hann þó ekkert vissi sem hana hindra kynni frá hennar kristilegum fríheitum, svo mér sé enn nú opinbert orðið. Sömuleiðis tilsegist yður hér með að *citera* séra Jón Sigmundsson undir eins fyrir sama yðar dóm til að forsvara sérhvað sem í áðurgreindu bréfi, svo vel sem í hans bréfi til yðar *dateruðu* Pykkvabæjarklaustri dag 10. janúar 1711, kann að sýnast af hönum öðruvísi skrifað að vera en réttssinnuðum Guðs orðs þénara sómir eður líðast má af þeim sem af Guði og kónginum eru settir til að varða um slíka hluti. Hér með yðar eruverðugheitum Guði befallandi og forblíf alltið yðar þénustuviljugur vin og tjener, Jón Þorkelsson Vídalín.

Stefna prófastsins séra Einars Bjarnasonar
til séra Jóns Sigmundssonar

Ég Einar Bjarnason prófastur í Skaftafellssýslu stefni yður séra Jón Sigmundsson sóknarprestur til Pykkvabæjarklausturs til næstkomandi *synodum general-em* sem haldin verður að Þingvöllum á þann 18. dag júlímánaðar þessa árs 1712 undir þann dóm sem hans höj-*excellences* herra stiftbefalingsmannsins fullmegtugur og herra biskupinn yfir Skálholtsstifti ásamt tilnefndum kenni-

1 *sín sóknarbörn*: breytt úr *sinn sannkristinn náunga*

dómi ganga láta á þau málefni er ég hafa þykist að kæra til yðar míns embættis vegna.

Er sú hin fyrsta sök að þér hafið til opinberrar aflausnar tekið Ólaf Ólafsson forðum prest að Hólum undir Eyjafjöllum að Þykkvabæjarklausturskirkju þann 2. ágúst *anni* 1711, þar hann var þó ekki yðar rétta sóknarborn og ekki með skilum kominn svo ég viti undir yðar *curam sacerdotalem*, og sökum þess að ekki var endilegur dómur afsagður á þeirri prestastefnu er ég eftir míns yfirvalds skikkun hélt um þetta mál að Þykkvabæjarklaustri *anno* 1711 þann fyrsta október, þá stefni ég yður nú sem sagt er undir endilegan dóm á áðurgreindan stað og dag.

Í annan máta stefni ég yður fyrir sama rétt til að forsvara hvar fyrir að þér hafi uppihaldið Rannveigu Sigurðardóttur, sem þér segið að hafi verið yðar heimilispersóna, frá heilögu altarisins *sacramento anno* 1710 sökum kviðþykktar hennar hvatskeytlegs launhvarfs, er þér skrifið að upprakið sé og skeð hafi á sama ári, hvar af þér kallið að yður og fleirum hafi sú grunsemi orðsakast að hún hafi óskaplega með sín efni farið. Og fyrir því að ég sökum afsagnar tilnefndra presta gat engan dóm hér úti gjört síðast að Núpsstað þann 28. apríl, er ég hafði bæði yður og þá þangað kallað, eftir skikkun míns yfirvalds, til að framkvæma það sem mínu embætti tilheyrði, þá stefni ég yður hér með til að framleiða fyrir *synodum generalem* öll þau vitni er þér hafa kunnið og allar þær afbatanir sem yðar máli kunna til betrunar að vera, og ég vildi þá eftir skyldu míns embættis gegnt hafa.

Í þriðja máta stefni ég yður fyrir áðurgreindan rétt og á sama stað og dag, fyrir þá sök að þér hafið til opinberrar aflausnar tekið Þorbjörgu Árnadóttur fyrir hórdóms meðkenningu með séra Þórði Gíslasyni áður en nokkur endilegur dómur var genginn þeirra á millum. Og í sama máta stefni ég yður séra Jón Sigmundsson, með sama móti sem áður er sagt, fyrir þá sök að þér hafið opinberlega afleyst Jódísi Jónsdóttur fyrir hórdóms meðkenningu með séra Þórði Gíslasyni áður en með fullkomnum dómi var úrskurðað hver sannindi hún hefði til framburðar síns.

Þessari minni stefnu til merkis skrifa ég mitt nafn hér að neðan með eigin hendi og set venjulegt innsigli þar hjá. *Anno* 1712 þann 18. maí, Einar Bjarnason prestur mpp.

Þessa ofanskrifaða stefnu las prófasturinn séra Einar Bjarnason, séra Jóni Sigmundssyni viðstöddum og áheyrandi, að Þykkvabæjarklaustri. Hvörju til merkis að eru okkar nöfn, á sama ári og degi sem fyrr segir. Jón Jónsson meh, Ólafur Ólafsson meh.

Bréf sent á Snæfuglsstaða prestastefnu
datum Skálholti 20. júní 1712

Eruverðugi, heiðurlegi og mjögvellærði *Domine praeposite*, heiðurlegir og vel-lærðir *Domini pastores*.

Eftir angefningu Þorsteins Jónssonar, sem hefur kvartað um fyrir mér að presturinn séra Snorri Jónsson hafi uppihaldið sér og vinnukonu sinni Sesselju Bjarnadóttur frá heilögu altarisins *sacramento* orsakalaust, að hann meinar, hefi ég tilhlutast við yður, *Domine praeposite*, að þér tækjuð þetta mál undir rannsak með yðar tilnefndum héraðsprestum á þessum degi uppá það að ef prestsins sök kynni nokkur að vera þá mætti hann þar fyrir til rétta setjast, en væri hann saklaus þá kynni hann hér með að frelsa virðingu sína, en þeir straffast er rangt hefðu á hann borið. En svo að ég í ljósi láti þær bevísingar um uppihaldið sem ég til veit og annað sem málinu kynni að vera til upplýsingar, þá er það þetta sem eftirfylgir:

1. Er það vitnisburður Þorsteins Björnssonar, Nikulásar Ásbjarnarsonar, Árna Sigurðssonar og Nikulásar Jónssonar innfærður í mína *visitatiu datum* 15. febrúar næstumliðinn.

2. Prestsins eigin meðkenning að Þorsteinn hafi leitað til sín *sacramentisins* þann 14. sunnudag eftir *trinitatis* og meðkenning sóknarinnar að hverki hafi Þorsteinn né Sesselja þann sama sunnudag til altaris meðtekin verið.

3. Er til vitnis hér um meðkenning sóknarmanna og sjálfs prestsins að Þorsteinn hafi leitað *sacramentis* þann 15. sunnudag eftir *trinitatis*.

4. Er bréf séra Snorra biskupinum tilskrifað þann 15. september, af hverju sjá er að séra Snorri hafi Þorsteini frávísað í tvo næst fyrirfarandi sunnudaga.

Ekki eru enn nú fyrir mig komnar neinar skjállegar bevísingar að presturinn hafi frávísað Sesselju. Hitt er víst að ekki hefur hann greinda Sesselju til *sacramentis* meðtekið síðan hún ásamt Þorsteini leitaði þess fyrst í fyrrasumar, hverki fyrir né eftir meðtekna mína skikkan. Presturinn mun segja að hún hafi þess ekki leitað, en ég meinti það tilheyrði hans embætti að áminna bæði Þorstein og hana þar um og að leiðrétta þau með hógværd ef þeim var nokkuð ábótavant í þeirra sáluhjálparefnum, eður ef hönum þótti þau vera soddan persónur að þau mættu ekki til heimuglegrar aflausnar takast, þá ætti hann að halda þeim undir opinbera aflausn en ekki að vísa þeim frá *sacramentinu* eður líða þeim að halda sig þar frá allt oflengi. Petta óska ég míns embættis vegna að prófasturinn og dómendur taki í *consideration*.

5. Merkta ég ekki þá *visiteraði* að aðrir hefðu verið beðnir að bíða af sóknarfólkinu heldur en þetta fólk frá Apavatni þá þau þess leituðu í fyrsta sinni,

hvað mér þykir nokkuð *suspect* og mætti presturinn aðsyrjast, hvar fyrir hann hefði þetta fólk heldur tiltekið en hvert annað.

Þetta mitt bréf óska ég að upplesið verði fyrir réttinum að Snæfuglsstöðum og uppáskrifað að lesið verið hafi og befala yður svo Guði allsherjar sá eð virðist að stjórnar yður með náð síns anda.

Citatia biskupsins til prófastsins séra Ólafs Stefánssonar
til *synodum generalem* 1713.

Datum Skálholti dag 6. ágúst anno 1712

Ég Jón Þorkelsson Vídalín *superintendens* Skálholtsstiftis *citera* yður *Domine præposite* séra Ólafur Stefánsson til næstkomandi *synodum generalem* sem haldin verður að Þingvöllum anno 1713 til að forsvara þann dóm er þér gengið hafið að Egilsstöðum á Völlum þann 29. júlí anno 1711 um trúlofun Árna Magnússonar og Ólufar Sigurðardóttur. En það helsta sem þér eigið hér í að forsvara er þetta eftirfylgjandi:

1. Að þér hafið tekið yður fyrir að dæma fullkominn skilnaðardóm á millum þeirra, Árna Magnússonar og Ólufar Sigurðardóttur, hvað yður að lögum ekki tilkom svo ég viti.

2. Að þér ekki hafið innfært rök og bevísingar í yðvarn dóm til þess að veiki áðurgreinds Árna Magnússonar hafi magnast eftir trúlofanina, hvar af sýnast mætti að dómurinn sé ekki á föstum fótum byggður.

Verið þér komnir fyrir áðursagðan rétt ei síðar en þann 12. dag júlí með allar yðar varnir og afbatanir, og bíðið svo lengi á þinginu þar til endilegur dómur er genginn á þetta mál, *etc.*

Citatia til prestanna í Múlasýslu er gengu fyrrskrifaðan dóm.

Datum ut supra

Ég Jón Þorkelsson Vídalín *superintendens* Skálholtsstiftis *citera* yður séra Eiríkur Sölvason, séra Bjarni Einarsson, séra Páll Högnason, séra Brynjólfur Halldórsson, séra Sigfús Vigfússon, séra Jón Guttormsson, séra Eiríkur Bjarnason, séra Torfi Bergsson, séra Pétur Þorvarðsson, séra Eiríkur Þorvarðsson, séra Eiríkur Jónsson fyrir næstkomandi *synodum generalem* sem haldin verður að Þingvöllum anno 1713 til að forsvara þann dóm er þér gengið hafið ásamt yðar prófasti séra Ólafi Stefánssyni um trúlofun Árna Magnússonar og Ólufar Sigurðardóttur að Egilsstöðum á Völlum þann 29. júlí anno 1711. En það sem mér virðist að þér helst eigið að forsvara í áðurgreindum yðar dómi er þetta eftirskrifað:

1. Að þér hafið tekið yður fyrir að dæma fullkominn skilnaðardóm á millum áðurgreinds Árna Magnússonar og Ólufar Sigurðardóttur, hvað ég meina að yður hafi ekki að lögum leyfst.

2. Að þér ekki hafið innfært í yðar dóm hvör sá veikleiki væri sem þér meinið að vera skuli fullkomin skilnaðarorðsök eður neinar bevísingar uppá hann. Ei heldur sést af greindum yðar dómi að þessar persónur, Árni Magnússon og Óluf Sigurðardóttir, hafi nálæg verið eður nokkur þeirra umboðsmaður þegar þessi dómur var saminn; nema það að Óluf gefi Árna það að sök að hönum aukist hafi þungur sjúkdómur eftir trúlofunina.

Verið þér komnir eður yðar löglegir umboðsmenn fyrir áðurgreindan rétt ei síðar en þann 12. júlí með allar yðar varnir og afbatanir sem hafa kunnið, og bíðið svo lengi þar til endilegur dómur gengur á þetta mál, *etc.*

Citatie biskupsins til Árna Magnússonar og Ólufar Sigurðardóttur *datum ut supra*

Eftir því ég Jón Þorkelsson Vídalín *superintendens* Skálholtsstiftis hefi stefnt þeim dómi sem prófasturinn í Múlasýslu, séra Ólafur Stefánsson, ásamt tilnefndum prestum hefur gengið að Egilsstöðum á Völlum þann 29. júlí *anno* 1711 um trúlofun ykkar, Árni Magnússon og Óluf Sigurðardóttir, fyrir næstkomandi *synodum generalem* sem haldin verður að Þingvöllum *anno* 1713, þá stefni ég einnig hér með áðurgreindum persónum til að mæta fyrir sama rétti, svo að endilegur dómur ganga megi á ykkar trúlofun. Verið þið komin fyrir áðursagðan rétt að Þingvöllum ekki síðar en þann 12. júlí eður ykkar löglegir umboðsmenn og bíðið svo lengi þar til endilegur dómur gengur á ykkar trúlofunarmál, *etc.*

Citatie biskupsins til prestanna í Skaftafellssýslu til *synodum generalem* 1713 *datum ut supra*

Ég Jón Þorkelsson Vídalín *superintendens* Skálholtsstiftis *citera* yður séra Jakob Bjarnason, séra Benedikt Jónsson, séra Guðmundur Magnússon og séra Runólfur Hendriksson, prestar í Skaftafellssýslu, fyrir næstkomandi *synodum generalem* sem haldin verður að Þingvöllum *anno* 1713 til að forsvara það aðgjörðaleysi þegar prófasturinn séra Einar Bjarnason hafði *citerað* yður til Núpsstaðar í Fljótshverfi á þann 28. dag apríl næstumliðinn, til að dæma um málefni séra Jóns Sigmundssonar, og þér voruð þar samankomnir eftir velnefnds prófestsins *citatiu*, þá gjörðuð þér þó enga útpykkilega ályktun í málinu, heldur skutuð yður undan að dæma þar í, án allra löglegra orðsaka, svo

mér vitanlegt sé. Verið komnir á áðurgreindan stað ei síðar en þann 12. júlí með allar yðar varnir og afbatanir er þér hafa kunnið í greindu máli yður til forsvars eður yðar löglegir umboðsmenn.

Stefna biskupsins til séra Halldórs Pálssonar

datum 22. september 1712

Eftir því að þér séra Halldór Pálsson sóknarprestur til Selárdals og Laugardals kirkjusókna hafið ekki mætt fyrir réttinn í *synodo generali*, hverki *anno* 1711 eftir stefnu minni *dateraðri* 18. september 1710, með hverri ég yður stefnt hafði míns embættis vegna fyrir yðar óskikkanlegt framferði í kirkjunni að Otrardal þann 17. september sama árs, ei heldur *anno* 1712, jafnvel þótt yður væri lagður lögdagur fyrir *anno* 1711, svo að þér í hverugt sinn hafið til viður-mælis verið svo ég gæti leitt þar votta mína á móti yður eftir laganna leyfi, þá stefni ég yður nú áðurgreindur séra Halldór Pálsson fyrir næstkomandi *synodum generalem* sem haldin verður að Þingvöllum á þann 13. dag júlímánaðar *anno* 1713 til að heyra uppá þau vitni er ég ætla þar að leiða á móti yður um áðurgreinda vanskikkun yðar í kirkjunni að Otrardal þann 17. september 1710. Verið þér komnir á greindan stað og dag eður yðar löglegur umboðsmaður með allt það er þér hafa kunnið á móti vottum mínum, sem eru þessir, kónglegrar *majestets archiv secreterer* herra *assessor* Árni Magnússon, herra lögmaðurinn Páll Jónsson Vídalín og presturinn séra Vigfús Jóhannsson, og með allar þær varnir er þér hafa kunnið á móti þessari vitnatekt.

Til merkis er mín eigin handskrift og venjulegt signet hér að neðan, Jón Þorkelsson Vídalín.

Skikkun biskupsins til séra Jóhanns Þórðarsonar

að hann haldi prestastefnu um mál séra Jóns Halldórssonar

og Magnúsar Magnússonar, *datum* Skálholti 14. október 1712

Eruverðugi, heiðurlegi og mjög vel lærði *Domine præposite* séra Jóhann Þórðarson.

Sökum þess að Magnús Magnússon búandi á Úlfhljótsvatni hefur fyrir mér angefið að hann vanhaldinn þættist af sínum sóknarpresti séra Jóni Halldórssyni að Þingvöllum, svo sem *copie* af hans angefningu hér innlögð útvisar. Framar hafa tveir vottar, Ólafur Þórðarson og Ingimundur Jónsson, borið að séra Jón hafi spurt Magnús Magnússon yngra að, þann 20. sunnudag eftir *trinitatis*, mér skilst 1711: Hvört hann hefði ekki tekið frá sér tíu álna dal? En Magnús hafi svarað: Nei, ekki. Þá hafi presturinn sagt: Þú hefur stolið frá mér tíu álna dal.

Hér að auki hafa sömu vottar vitnað á Bakkárholtspingi þann 13. júní 1712 um orðbragð áðurgreinds séra Jóns Halldórssonar við konu nefnds Magnúsar er framkomið hafi í sama sinn. En orðin eru þannin látandi sem þeir sameiginlega borið hafa: Þegi þú, ég á ekkert tal við þig. Þú hefur verið hönum samvitandi.

Hverja vitnisburði áðurgreindir menn með eiði staðfest hafa að Bakkárholti þann 10. ágúst *anno* 1712 fyrir herra lögmanninum Páli Jónssyni Vídalín. Þá uppá það að ekki sé máli Magnúsar forskotið, hver eð allt þetta hefur kært fyrir mér og óskað að ég sig til réttarins styrkja vilji, en presturinn séra Jón fái orðsök til að forsvara sig fyrir því líkum framburði, þá tilsegi ég yður míns embættis vegna að þér haldið prestastefnu á Ólafsvöllum á Skeiðum á þann dag er yður hentugastur þykir og *citerið* þangað áðurgreindan séra Jón Halldórsson til að forsvara sig fyrir áburði Magnúsar Magnússonar, en Magnús til að bevísa sinn framburð, undir fullkomið héraðsálit og rannsak eftir skyldu yðar embættis.

Sömuleiðis tilsegi ég yður að *citera* á greindan stað og þann dag er þér til nefnið svo marga af nálægustu og skynsömustu prestum sem þér viðþurfið.

Og fyrir því að séra Jón Halldórsson hefur framborið í minni síðustu *visitationi* að Úlfjótuvatni 1712 þann 29. maí að nokkrum sinnum vantað hafi vín og bakstur til þjónustugjörðarinnar, hvað Magnús hefur átt til að láta, þá tilsegist yður einninn hér með að *citera* Magnús Magnússon til sama staðar og á sama dag til að forsvara sig fyrir þessum framburði prestsins, en prestinn til að bevísa hann.

Og haldið svo dóm um allt þetta að svo miklu leyti sem yðar embætti viðvíkur.

Framan- og ofanskrifuðu til styrkingar er mín eigin handskrift og venjulegt signet hér að neðan.

Bréf biskupsins til prófastsins séra Jóhanns Þórðarsonar,
datum Skálholti 19. október 1712

Ég meðtók í bréfi yðar *citatiur* til séra Jóns Halldórssonar og Magnúsar Magnússonar, hverjum ég mun láta koma á framfæri eftir bón yðar í þetta sinn. En hvað barnsmóður Guðmundar Sæmundssonar viðvíkur, þá sé ég af pósti þeim héraðsbókarinnar er séra Vigfús afhenti mér að sýslumaður hefur innfært óbevísaðan þvætting Guðmundar í *protocollinn*; *Arcades ambo*; mundi þessi sögn Guðmundar eður innfærsla sýslumannsins heimila þessari konu vistina ef hún mátti ekki annars vera? En hitt vil ég segja að mér þykir sumt hafa óreglulegar framfarið í þessu máli, jafnvel af þeim sem ei skyldi, heldur en þó kona þessi enti út vistina, en engan veginn á hún lengur að líðast í nágrenni við Guðmund.

Hér eru og fleiri soddan tilfelli í héraðinu sem þér eigið um að vanda og sýslumanni til að segja, sem er:

1. Að barnsmóðir Jóns Sveinssonar í Bryðjuholti er til heimilis í Skip-holti.
 2. Barnsmóðir Jóns í Galtafelli er heimilisföst í Bryðjuholti.
 3. Mættuð þér nefna við sýslumanninn Markús Jónsson hlaupinn frá konu sinni austan úr Austfjörðum og hefur leitast við að gifta sig hér í sýslunni, eftir því sem mér er *refererað*, og þó með skilum nokkrum.
- Annað tilfellur ekki í þetta sinn, *etc.*

Citatia til prófastsins séra Þórðar Jónssonar

Eruverðugi, heiðurlegi og hálærði *Domine praeposite* séra Þórður Jónsson. Eftir því að vonlegt er að nokkur vandamál muni fyrir *synodum generalem* í sumar koma, þá tilsegi ég yður míns embættis vegna að þér ekki alleinasta komið sjálfur til alþingis, heldur og *citerið* tvo af yðar héraðsprestum, hvar til ég nefni séra Jón Björnsson að Setbergi og séra Jón Jónsson að Breiðabólstað, og tilsegið þeim að vera komnir til Þingvalla í Þingvallasveit ei síðar en þann 12. júlí. Til merkis að Skálholti dag 5. júní *anno* 1713.

Bréf til prófastsins séra Hannesar Halldórssonar

